1. Álagður tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsviðauka, varð á árinu 1951 um 50 millj. kr. Í ár er álagningarupphæðin 8—9 millj. kr. hærri, og er þá eftir að taka til greina lækkanir við úrskurði skattanefnda og ríkisskattanefndar. Eftir atvikum þykir óhætt að áætla þessa skatta fyrir næsta ár 7 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum eða sem næst jafnháa og þeir munu reynast í ár.

2. Eftir reynslu síðasta árs þykir óhætt að áætla stríðsgróðaskatt 1 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

3. Vörumagnstollur er í núgildandi fjárlögum áætlaður 22.5 millj. kr., og þykir ekki fært að áætla hann hærri á næsta ári.

4. Verðtollur reyndist á síðastliðnu ári rúmlega 118 millj. kr. Þar eð búast má við minni innflutningi á næsta ári, þykir rétt að hækka ekki áætlunina frá því sem nú er.

5. Innflutningsgjald af benzíni varð á síðastliðnu ári 9.1 millj. kr., og verður því að lækka áætlunina frá því sem er í núgildandi fjárlögum. Gjaldið er hér áætlað 9.2 millj. kr.

6. Gjald af innlendum tollvörum reyndist rúmlega 7 millj. kr. á síðastliðnu ári, og virðist verða lægra nú í ár. Er áætlunin því lækkuð í 7.2 millj. kr.

7. Fasteignaskattur er áætlaður jafnhár og í núgildandi fjárlögum.

8. Lestagjald af skipum reyndist á s. l. ári rúmlega 317 þús. kr., og er áætlunin því hækkuð í 300 þús. kr.

9. Bifreiðaskattur er skv. reynslu síðasta árs áætlaður 300 þús. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

10. Aukatekjur ríkissjóðs reyndust 3.1 millj. kr. á síðastliðnu ári, og virðast verða lítið eitt hærri í ár. Áætlunin er því hækkuð í 3.3 millj. kr.

11. Stimpilgjald reyndist á s. l. ári 8.2 millj. kr., og virðist ekki verða lægra í ár. Áætlunin er því hækkuð í 8.2 millj. kr.

12. Vitagjald reyndist 953 þús. kr. á s. l. ári, og verður að líkindum nokkru hærra í ár. Áætlunin er því hækkuð í 1 millj. kr.

13.—15. Þessir liðir eru teknir óbreyttir frá þessa árs fjárlögum, og er þar stuðst við reynslu síðasta árs.

16. Óhætt þykir að áætla útflutningsleyfagjöld 200 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

17. Söluskattur er í núgildandi fjárlögum áætlaður 77 millj. kr. Sú áætlun virðist ætla að standast og er því áætluð sama upphæð á næsta ári.

18. Leyfisgjöld eru áætluð jafnhátt og í þessa árs fjárlögum.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Reksturshalli póstsins er áætlaður 633 þús. kr. og er það svipað og í fjárlögum þessa árs, en 500 þús. kr. lækkun frá tillögum póst- og símamálastjóra. Telur ráðuneytið nauðsynlegt að póstþjónustan standi að verulegu leyti undir sér sjálf.

2. *Landssíminn.* Ráðuneytið telur nauðsynlegt, að greiðsluhalli Landssímans á árinu 1953 aukist ekki frá áætluðum greiðsluhalla stofnunarinnar í fjárlögum þessa árs. Póst- og símamálastjóri gerir í sinni áætlun ráð fyrir 2 679 þús. kr. greiðsluhalla, en með því að lækka ýmsa reksturs- og fjárfestingarliði áætlunarinnar hefur ráðuneytið fært greiðsluhallann niður í 1 619 þús. kr.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Innheimtufyrirkomulagi hefur verið breytt til tryggingar því, að misfellur geti ekki átt sér stað. Í sambandi við þá breytingu hefur reynzt nauðsynlegt að hækka grunnlaun hjá einum starfsmanni. Framleiðsla áfengislyfja hefur aukizt verulega og vinna við mengun áfengis til lyfjabúða. Framleiðsla hefur einnig farið sívaxandi á öðrum lyfjum. Vegna þessa reyndist óhjákvæmilegt að bæta einum lyfjafræðingi og einni iðnkonu við starfslið Lyfjaverzlunar ríkisins, og vinnst það fyllilega upp í auknum tekjum. Samtals hækka grunnlaun um 57 þús. kr. Kostnaður við áfengisútsölur hækkar um 154 þús. kr., aðallega vegna verðlagsuppbóta á laun og hækkunar á ljósi og hita. Annar kostnaður hækkar um 136 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 53 millj. kr., og er það óbreytt frá fjárlögum þessa árs. Reynslan það sem af er þessu ári bendir til þess, að sú áætlun muni standast naumlega.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Grunnlaun hækka um 5 769 kr. vegna aldurshækkana og mannaskipta. Annar kostnaður hækkar um 129 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 30 millj. kr., og er það 1.5 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

5. *Ríkisútvarpið.* Í áætlun útvarpsstjóra var gert ráð fyrir 1.2 millj. kr. rekstrarhalla á næsta ári. Til þess að rétta við hag stofnunarinnar gerir menntamálaráðuneytið ráð fyrir því, að afnotagjöldin verði um næstu áramót hækkuð úr 125 kr. í 200 kr. Hækka þá tekjurnar um rúmlega 2.6 millj. kr., miðað við 35 500 útvarpsnotendur. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að 1 millj. kr. af rekstrarafgangi renni í framkvæmdasjóð útvarpsins.

Grunnlaun hækka um rúmlega 80 þús. kr. Af því eru rúmlega 22 þús. kr. laun símaverkfræðings, sem talið var óhjákvæmilegt að ráða að tæknideild útvarpsins, og 18 000 kr. fyrir keypta aðstoð frá Landssímanum við gæzlu á nýju endurvarpsstöðinni í Hornafirði, sem á að taka til starfa á næstunni. Þá hefur menntamálaráðuneytið samþykkt að hækka laun útvarpsráðs og ráðunauts dagskrárskrifstofu um samtals 11 700 kr. á ári. Aðrar launahækkanir stafa af mannaskiptum og aldursuppbótum.

Aðrir gjaldaliðir hækka flestir nokkuð, en þó einkum liður e. Til útvarpsstöðva, enda er nú gert ráð fyrir rekstri tveggja nýrra endurvarpsstöðva, á Akureyri og í Hornafirði.

Útvarpsstjóri áætlaði rúmlega 40 þús. kr. halla af rekstri viðgerðarstofunnar, en menntamálaráðuneytið lagði til, að selt efni og vinna yrði hækkað þannig, að stofnunin bæri sig. Í trausti þess, að með svipuðum ráðstöfunum megi einnig komast hjá áætluðu 20 þús. kr. tapi á viðgerðarstofunni á Akureyri, hefur ráðuneytið áætlað rúmlega 20 þús. kr. hagnað af stofnuninni í heild.

Áætlaður hagnaður af viðtækjaverzlun rennur til greiðslu á skuldum þjóðleikhússins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Fylgt hefur verið tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 300 þús. kr. eða 25 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum.

7. og 8. *Áburðarsala* og *Grænmetisverzlun ríkisins.* Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum af þessum fyrirtækjum svo sem verið hefur. Fylgt hefur verið tillögum forstjórans.

9. *Landssmiðjan.* Gert er ráð fyrir lítið eitt meiri rekstrarhagnaði en í gildandi fjárlögum, og er það svipað og var í tillögum forstjórans. Tillaga forstjórans um fjölgun starfsfólks á skrifstofu hefur ekki verið tekin til greina, og annar kostnaður er lækkaður nokkuð frá tillögum hans. Tekjuáætlun er breytt til samræmis við þetta.

10. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tekin hefur verið nær óbreytt áætlun síldarútvegsnefndar um rekstur tunnuverksmiðjanna á næsta ári. Tekjur og gjöld eru áætluð jöfn svo sem verið hefur.

11. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tekin er að mestu leyti áætlun forstjórans. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi.

12, *Ríkisbúið á Bessastöðum.* Tekin er að mestu leyti áætlun bústjórans. Gert er ráð fyrir 15 þús. kr. rekstrarhagnaði, og er það nokkru hærra en í núgildandi fjárlögum.

B. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Með hliðsjón af reynslu ársins 1951 eru tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. áætlaðar 2 085 000 kr.

Um 5. gr.

Með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára eru óvissar tekjur áætlaðar 500 000 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1. Innlend lán	kr. 4 449 636.00		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 108 150.00		
		kr.	3 341 486.00
2. Lán í dönskum krónum		—	280 377.00
3. Lán í £ (£ 56 023-0-0)	kr. 2 560 250.00		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 560 250.00		
4. Lán í $ ($ 109 750.00)	— 1 791 120.00		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 754 400.00		
		—	36 720.00
5. Lán hjá Alþjóðabanka (£ 54 481-0-0)	kr. 2 489 782.00		
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 489 782.00		
		Kr.	3 658 583.00

Vextir og afborganir af föstum lánum 1953 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
260.00	2 600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
6 082.00	8 483.00	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
400.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
19 869.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
388.00	3 467.00	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
942.00	5 232.00	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
36 810.00	70 450.00	Innanríkislán 1940.
252 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
99 750.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
74 832.00	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
50 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1947.
1 221.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi kvenfélagsins Hringurinn, Kópavogi.
6 000.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni o. fl.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán, A-flokkur.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán, B-flokkur.
352 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins (l. 90/1945).
150 000.00	1 000 000.00	Vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
33 000.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld síldarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands vegna síldarflutninga veturinn 1947—48.
3 276.00	800.00	Lán vegna embættisbústaðar sakadómara, Rvík.
26 880.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðsvatna og Blöndu, er slátruðu fé sínu haustið 1949.
12 650.00	10 000.00	Lán vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi (ræktunarland fyrir þorpið).
8 046.00	8 046.00	Skuld við börn Geirmundar á Hóli, N.-Múlasýslu (úttektarverð húsa á Eiðaskólajörðinni Hóli í Hjaltastaðaþinghá).
438 912.00	1 630 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands „til þess að greiða yfirdráttarskuldir í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum“.
1 500.00	10 000.00	Lán vegna kaupa á landshafnarjörðinni Rifi á Snæfellsnesi.
189 000.00	1 600 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skuldaskipta frá 1949.
90 000.00	1 500 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna lána og framlags í sambandi við óþurrkana 1950 (Fóðurlánasjóður).
35 640.00	162 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
20 250.00	37 500.00	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands (yfirtekin lán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar).

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
54 600.00	115 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
85 790.00	571 945.00	Lán hjá Fiskveiðasjóði vegna smíði Svíþjóðarbáta.
40 800.00	395 000.00	Lán til byggingar Þjóðminjasafnshúss.
17 208.00	170 000.00	Lán hjá Styrktar- og lánasjóði vegna Svíþjóðarbáta.
221 550.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1950.
139 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1951.
120 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1952.
300 000.00	500 000.00	Lán vegna skuldaskilasjóðs 1950 (hjá Landsb.).
34 780.00	347 800.00	Lán hjá Búnaðarfélagi Íslands vegna kaupa á Sámsstöðum í Fljótshlíð.
17 760.00	74 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Pólgötu 2, Ísafirði (bæjarfógetaskrst.).
8 440.00	100 000.00	Lán hjá Grími Gíslasyni, Rvík, vegna kaupa á Drápuhlíð 4, Rvík (íbúð rektors Menntaskólans, Reykjavík).
4 449 636.00		
÷ 1 108 150.00		
3 341 486.00	13 396 507.00	

Til frádráttar þessari vaxtaupphæð koma (á móti skuld við Landsbankann kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta), 1) vextir af stofnlánabréfum vegna togara, kr. 294 775.00; 2) vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara, kr. 192 900.00, og 3) vextir af 8.7 millj. stofnlánadeildarbréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta, kr. 171 275.00, samtals kr. 658 950.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar, kr. 199 200.00, og endurgreiddir vextir vegna láns Skuldaskilasjóðs 1950, kr. 250 000.00 (ríkissjóður greiðir 6% vexti til Landsbankans, en lánar út með 5% vöxtum).

Frádráttur samtals, kr. 1 108 150.00.

II. Erlend lán:

1. Lán í Danmörku:

Vextir: (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1,b.) Kr.	
2 213.00	5 287.00	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., 1909 til Vífilsstaðahælis.
17 118.00	112 882.00	Statsanstalten for Livsforsikring., Kbh., 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
34 361.00	95 053.00	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia, 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
34 361.00	95 053.00	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927.
30 600.00	170 000.00	Köbenhavns Handelsbank 1950, vegna smíði varðskipa.
118 653.00	478 275.00	danskar krónur, eða
280 377.00	1 130 163.00	íslenzkar krónur.

Vextir: (7. gr. 2.)	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.b.)	
		2. Lán í Bretlandi:
£ 55 690-0-0	£ 50 300-0-0	Togaralán 1949 (£ 1 250 000-0-0).
÷ – 55 690-0-0	÷ – 50 300-0-0	Sömu upphæðir til frádráttar (innb. af togurunum).
		3. Lán í U. S. A.:
$ 57 500.00		Lán hjá Export Import bank, Washington, 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. (1. afb. 1956) ($ 2 300 000.00).
÷ – 57 500.00		Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
– 50 000.00		Lán 1949—1950 vegna Laxár- og Sogsvirkjana ($ 2 000 000.00).
÷ – 50 000.00		Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum (1. afb. 1956).
– 2 250.00	$ 5 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiráðshúsi í Washington ($ 50 000.00).
		4. Lán hjá Alþjóðabanka:
£ 38 281-0-0		Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000-0-0 (L. £ 151 800, S. £ 723 200.00).
÷ – 38 281-0-0		Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
– 16 200-0-0		Landbúnaðarlán 1951.
÷ – 16 200-0-0		Sama upphæð til frádráttar, innb. af Búnaðarbanka Íslands (1. afb. 1956) (£ 360 000-0-0).

Um 8. gr.

I. Með bráðabirgðalögum nr. 40/1952 voru grunnlaun forseta ákveðin 85 000 kr. á ári. Eru launin áætluð hér í samræmi við það.

II. Skrifstofukostnaður hækkar um 13 000 kr. með tilliti til raunverulegs kostnaðar á síðasta ári.

III. Bifreiðakostnaður hækkar um 13 000 kr. vegna hækkandi verðlagsuppbóta á laun bifreiðastjóra, svo og vegna aukins kostnaðar við bílareksturinn.

IV. Forsetasetrið að Bessastöðum lækkar um 15 000 kr. með tilliti til þess, að miklu fé hefur verið varið þar til viðhalds og endurbóta á þessu og síðasta ári.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður 3.7 millj. kr. eða 200 þús. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

Um 10. gr.

I. 2. a. *Atvinnumálaráðuneytið.* Einn fulltrúi hefur verið færður milli flokka og hækka grunnlaun við það um 2070 kr.

b. *Dómsmálaráðuneytið.* Einn starfsmaður er færður milli flokka, var bókari, en er nú fulltrúi II. fl.

c. *Félagsmálaráðuneytið.* Í stað I. fl. fulltrúa, sem vann hálfan daginn með hámarkslaunum, kemur nú II. fl. fulltrúi, er vinnur allan daginn með byrjunarlaunum. Bókari er færður milli launaflokka, og nýr sendisveinn er með hærri laun en fyrirrennari hans. Grunnlaun hækka samtals um 26 þús. kr.

d. *Fjármálaráðuneytið.* Grunnlaun hækka aðeins vegna aldurshækkunar hjá einum starfsmanni.

Endurskoðunardeild. Starfsmannafjöldi er óbreyttur, en nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði, svo og aldurshækkanir. Grunnlaun hækka vegna þessa um tæpar 9 000 kr.

e. *Forsætis- og menntamálaráðuneytið.* Einn fulltrúi verður fjarverandi fyrri hluta ársins og lækka grunnlaun sem því nemur. Þá hafa laun tveggja síma-

stúlkna stjórnarráðsins verið færð á liðinn „Aðrir starfsmenn“. Grunnlaun á þessum lið lækka því alls um 51 þús. kr.

g. *Utanríkisráðuneytið.* Gert er ráð fyrir byrjunarlaunum til fulltrúa, er ráðinn verður í stað annars, sem lætur af störfum. Þá er gert ráð fyrir 4 riturum í stað 5 í núgildandi fjárlögum. Grunnlaun lækka því samtals um rúmlega 29 þús. kr.

h. *Viðskiptamálaráðuneytið.* Þar er nú á launaskrá ritari hjá ráðunaut ríkisstjórnarinnar í efnahags- og viðskiptamálum. Ritarinn hefur fram að þessu starfað í fjárhagsráði, og er því ekki um raunverulega fjölgun starfsfólks að ræða. Vegna þessarar breytingar og aldurshækkana hækka grunnlaun á þessum lið um rúmlega 19 þús. kr.

i. *Aðrir starfsmenn.* Á þessum lið eru taldar 2 símastúlkur stjórnarráðsins, sem áður hafa verið taldar með forsætis- og menntamálaráðuneytinu. Grunnlaun hækka þess vegna um 36 þús. kr.

j. *Annar kostnaður ráðuneytanna* er hækkaður um 25 þús. kr.

3. *Ríkisféhirzla og ríkisbókhald.* Grunnlaun hækka um 14 334 kr. vegna þess að 2 ritarar og bókari eru færðir milli launaflokka. Aftur á móti er felld niður 15% upbót á talningafé ríkisféhirðis, og verður þá hækkun á liðnum í heild 13 494 krónur. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

4. *Ýmis kostnaður.* Kostnaður við útgáfu ríkisreiknings og Stjórnartíðinda hækkar um 35 þús. kr., enda hefur áætlunin reynzt of lág áður. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað eru áætlaðar 90 þús. kr. í stað 60 þús. í núgildandi fjárlögum.

II. *Hagstofan.* Nýr fulltrúi hefur verið ráðinn með hámarkslaunum, þar sem í núgildandi fjárlögum var gert ráð fyrir byrjunarlaunum. Þá hafa nokkrir starfsmenn fengið aldurshækkanir á laun sín, og hækka því grunnlaun samtals um rúmlega 14 þús. kr. Aukaaðstoð hækkar um 5 þús. kr. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna hækkar um 17 þús. kr., húsaleiga, ljós og hiti um 5 500 kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

III. 1.—9. *Utanríkismál.* Fylgt hefur verið tillögum utanríkisráðuneytisins um framlög til utanríkismála, að öðru leyti en því, að laun og skrifstofukostnaður fiskiráðunauts við sendiráðið í London eru felld niður. Ráðunautur þessi var upphaflega ráðinn skv. tillögum Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og kostaður af því. Nú hefur F. Í. B. farið þess á leit, að ríkið greiddi laun hans og kostnað. Þetta hefur ráðuneytinu ekki þótt fært að taka upp og telur rétt að Alþingi fjalli um það sérstaklega. Tekinn er upp nýr liður, Skrifstofa fulltrúa Íslands hjá NATO, samtals 364 600 kr. Á móti því kemur nokkur lækkun á launum hjá sendiráðinu í London, þar eð fulltrúinn var þar á launaskrá áður. Alls hækkar kostnaður við sendiráðin um 629 400 kr.

11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisrn. reyndist árið 1951 334 þús. kr., og er því þessi liður lækkaður úr 650 þús. kr. í 500 þús. kr.

12. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisrn. reyndist árið 1951 449 þús. kr., og er liðurinn því lækkaður úr 600 þús. kr. í 500 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Grunnlaun hækka um rúmlega 2 þús. kr. vegna þess að ritari á skrifstofunni hefur verið færður í hærri launaflokk. Útgáfa hæstaréttardóma hækkar úr 65 þús. í 120 þús. Dómaútgáfan var orðin mörgum árum á eftir áætlun, en hefur verið unnin upp á síðasta og yfirstandandi ári. Þannig hafa komið út á þessu ári allir dómar ársins 1951 og fyrri hluti dóma 1952. Er dómaútgáfan þar með komin í eðlilegt horf. Útgáfa dómaregistra er hins vegar enn á eftir tímanum. Á þessu ári koma út registur áranna 1948 og 1949, en á næsta ári má gera ráð fyrir registrum áranna 1950, 1951 og 1952. Vegna hinnar óeðlilega miklu útgáfu í fyrra og í ár, svo og vegna hækkaðs verðlags, hafa fjárveitingarnar þessi ár reynzt ónógar. Nú er áætlað, að útgáfa á dómum og registri eins árs kosti rúml.

100 þús. kr., en tillagan miðast við það, að hægt sé að vinna upp að nokkru leyti það, sem vantar á registraútgáfuna. Annar kostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið, og nú bætast við hækkanir á ljósi og hita um s. l. áramót. Liðurinn er því hækkaður um 20 þús.

2. *Borgardómaraembættið.* Eftir eindregnum tilmælum dómsmrn. hefur verið bætt þar við einum ritara. Grunnlaun hækka um tæp 17 þús. kr. vegna þessa og aldurshækkana. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 8 800 kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

3. *Borgarfógetaembættið.* Starfslið hið sama og áður og grunnlaun því nær óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr.

4. *Sakadómaraembættið.* Starfsmannafjöldi er óbreyttur og grunnlaun því nær óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 2 160 kr. Annar kostnaður hækkar um 4 400 kr.

5. *Lögreglustjóraembættið.* Starfslið óbreytt og grunnlaun því nær óbreytt. Aukavinna er hækkuð um 4 000 kr. Aukavinnan er mest vegna útlendingaeftirlits, og er talið hagkvæmara að þau störf séu unnin í aukavinnu en að fjölga föstum starfsmönnum. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður er nær óbreytt. Ætlunin er að mæta óhjákvæmilegum hækkunum á þessum lið með því að draga úr viðhaldi hússins, og er það gert með tilliti til þess, að í ráði er að ný lögreglustöð verði byggð í Reykjavík á næstu árum. Liðurinn „Til kaupa á nýjum bifreiðum“ fellur niður, en annar kostnaður hækkar um 19 300 kr.

6. *Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.* Grunnlaun sýslumanna og bæjarfógeta eru raunverulega óbreytt, en eru þó hér talin rúml. 28 þús. kr. lægri en í núgildandi fjárlögum. Ástæðan til þess er sú, að laun nýs fulltrúa við sýslumannsembættið í Skagafjarðarsýslu, sem síðasta Alþingi samþykkti, voru af misgáningi færð á þennan lið. Grunnlaun starfsfólks hækka um rúml. 113 þús. kr. Eru þá með talin laun fulltrúa í Skagafjarðarsýslu, sem að framan getur. Bætt er við fulltrúa í 4 mánuði í Norður-Múlasýslu, og ráðinn hefur verið að nýju innheimtumaður á Akureyri, þar sem fækkað var í fyrra. Tveir skrifstofumenn, á Akranesi og Akureyri, hafa verið færðir milli launaflokka, og aðrir tveir, sem greitt hefur verið áður af skrifstofufé, eru nú teknir inn á launaskrá. Er annar þeirra í Keflavík, en hinn í Vestmannaeyjum. Loks eru svo aldurshækkanir og leiðréttingar á launaskrá, og nemur það tvennt 18 þús. kr. Annar kostnaður varð 1951 638 þús., og er hér settur 640 þús. kr. eða 40 þús. kr. lægri en í núgildandi fjárlögum, enda eru nú laun tveggja starfsmanna færð af þessum lið á fasta starfsmenn. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnuninni er hækkuð um 50 þús. kr., og er sú hækkun hlutfallslega svipuð og hækkun á skrifstofukostnaðinum í heild.

7. *Hreppstjóralaun.* Grunnlaun áætluð óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

8. *Lögreglukostnaður.* Ríkislögreglumönnum á Keflavíkurflugvelli er fjölgað um 5, og utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar eru nú taldir 5 menn í stað 4 áður. Ekki er þar þó um fjölgun að ræða, en af vangá hefur einn þessara manna fallið niður af áætlun undanfarin ár. Hér er því gert ráð fyrir 52 mönnum í stað 46 í núgildandi fjárlögum. Grunnlaun hækka því um rúml. 152 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um rúml. 73 þús. kr. og tryggingar um 14 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 50 þús. kr. og er þó 180 þús. kr. lægri en lögreglustjóri fór fram á. Kostnaður við æfingaskála hækkar um 7 þús. kr. og áhöld o. fl. um 10 þús. kr.

Kostnaður við varðstofuna í Keflavík hækkar um 67 600 kr.

Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði er lækkaður um 20 þús. kr., en í stað þess teknir upp tveir nýir liðir, sumarlöggæzla á Þórshöfn, 10 þús. kr., og löggæzla í Sandgerði á vetrarvertíð, 10 þús. kr.

Ýmis annar löggæzlukostnaður hækkar um 20 þús. kr.

Loks er hluti ríkissjóðs af löggæzlukostnaði í Reykjavík hækkaður um 193 000 kr. skv. áætlun frá Reykjavíkurbæ, enda reyndist þessi kostnaður árið 1951 rúml. 1 millj. kr.

9. *Landhelgisgæzlan.* Kostnaður við landhelgisgæzluna er áætlaður 1 118 000 kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1952 var gert ráð fyrir 9 259 000 kr. kostnaði á yfirstandandi ári, og var þá miðað við, að eftirtalin skip önnuðust gæzluna: Ægir, Þór, Óðinn, Sæbjörg og María Júlía allt árið, þó yrði María Júlía við fiskirannsóknir nokkurn hluta sumars. Vitaskipið Hermóður yrði leigt í 3½ mánuð á vetrarvertíð, og 40 tonna mótorbátur í 4 mánuði að sumrinu við gæzlu í Faxaflóa. Þá var og gert ráð fyrir 55 þús. kr. kostnaði við fluggæzlu. Þingið hækkaði áætlunina síðan um 441 þús., sem mun hafa verið ætlað til leigu á fleiri bátum til gæzlunnar.

Nú er farið eftir tillögum forstöðumanns landhelgisgæzlunnar og dómsmálaráðuneytisins um gæzluna, en um hana segir svo í bréfi forstöðumannsins: „Í áætluninni er gert ráð fyrir, að varðskipin Þór, Ægir, María Júlía, Óðinn og Sæbjörg verði gerð út allt árið eins og nú. Enn fremur er gert ráð fyrir, að vitaskipið Hermóður stundi landhelgisgæzlu eingöngu 4 fyrstu mánuði ársins eins og að undanförnu, og hina mánuðina jafnhliða þjónustu sinni í þágu vitanna. Á sama hátt er gert ráð fyrir, að sjómælingabáturinn Týr starfi ca. 1 mánuð að haustinu beint sem varðskip, en annars jafnhliða mælingastarfsemi sinni. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir neinum leigubátum.“ Til fluggæzlu eru nú ætlaðar 400 þús. kr. í stað 55 þús. kr. í núgildandi fjárlögum. Til 24 ára flokkunar á Ægi eru ætlaðar 200 þús. kr., og 300 þús. kr. til endurnýjunar á stýrishúsi Óðins og til kaupa á radartækjum í hann.

Forstjóranum eru ætluð laun skv. IV. fl. launalaga, en ¼ hluti þeirra greiðist af sjómælingunum. Skrifstofukostnaður hækkar um 43 þús. kr. Fjármálaráðuneytið hefur ekki fallizt á tillögu forstöðumannsins um fjárveitingar til ferðakostnaðar, biðlauna og námskeiðs fyrir yfirmenn, samtals 120 þús. kr.

10. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Breytingar ekki aðrar en vísitöluhækkanir á launum.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. og tekjur um 5 000 kr.

d. ½ kostnaður við *fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Rvík* hækkar um 4 000 krónur.

e. Kostnaður við önnur fangahús hækkar um 40 þús. kr.

12. Kostnaður við *saka- og lögreglumál* hækkar um 80 þús. kr. skv. reynslu undanfarinna ára.

15. Laun *sjó- og verzlunardómsmanna* hækka um 10 þús. kr., enda hefur fjárveitingin reynzt of lág undanfarið.

16. Kostnaður við störf *setu- og varadómara* hækkar um 50 þús. kr.

17. *Félagsdómur.* Í gildandi fjárlögum eru veittar 23 þús. kr. til útgáfu III. bindis félagsdóma, og lækkar nú liðurinn sem því nemur.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Grunnlaun því sem næst óbreytt. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum, ferðakostnaður og annar kostnaður, reyndist samtals á árinu 1951 78 þús. kr., og eru þessir liðir því nú teknir í frumvarpið óbreyttir frá núgildandi fjárlögum með samtals 129 þús. kr., enda þótt forstöðumaðurinn færi fram á 37 þús. kr. hækkun. Tekjur hækka um 15 þús. kr.

2. *Eftirlit með verksmiðjum og vélum.* Gert er ráð fyrir tveim nýjum starfsmönnum, þar sem ekki er hægt að dómi forstöðumanns og ráðherra þess, sem stofnunin heyrir undir, að framkvæma hin nýju lög um öryggiseftirlit nema með þessari fjölgun. Laun eru þeim ætluð hin sömu og núverandi aðstoðarmanni. Samgöngumálarn. hefur farið fram á, að laun forstöðumanns og annarra starfsmanna verði hækkuð vegna nýju laganna, en ráðuneytið hefur ekki viljað fallast á

það, enda ekki talið slíkt heimilt að lögum. Grunnlaun hækka alls um tæplega 55 þús. kr.

Aðrir kostnaðarliðir hækka einnig verulega vegna framkvæmdar hinna nýju laga. Talið er nauðsynlegt að fjölga skoðunarmönnum, sem ekki eru á föstum launum, og hækka því laun þeirra um 10 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 32 þús. kr., annar kostnaður hækkar um 23 þús. kr., og tekinn er upp nýr liður, til húsgagna- og áhaldakaupa, 25 þús. kr. Loks er talið nauðsynlegt að leggja stofnuninni til bifreið, og eru til þess ætlaðar 65 þús. kr.

Til þess að standa undir þessum auknu útgjöldum, hefur verið samin ný gjaldskrá fyrir eftirlitið. Þar eð eftirlitið nær nú til fleiri starfsgreina en áður, er nokkur óvissa um, hve miklar tekjurnar verða, en forstöðumaðurinn telur varlegt að áætla þær jafnar gjöldum, þegar bifreiðakaupin eru skilin frá.

3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr., og tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum, svo sem verið hefur.

4. *Löggildingarstofan.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. Ekki er þó nema að litlu leyti um útgjaldaaukningu að ræða, en áætlunin er hækkuð vegna þess, að á ársreikningi stofnunarinnar er jafnan færður til gjalda ýmis kostnaður, sem endurgreiðist af viðskiptamönnum og hefur ekki verið tekinn í áætlun áður. Þykir réttara að áætlunin sé að þessu leyti í samræmi við ársreikning, enda hefur ósamræmið leitt til þess, að tekjur hafa undanfarið verið áætlaðar með hliðsjón af tekjum liðins árs að endurgreiðslunum meðtöldum. Hefur hallinn því reynzt meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Tekjur eru nú áætlaðar óbreyttar, og eykst þá hallinn um tæplega 50 þús. kr.

5. *Skipulag bæja og sjávarþorpa.* Tala starfsmanna er óbreytt, en grunnlaun hækka lítils háttar vegna aldurshækkana. Í núgildandi fjárlögum eru veittar 36 þús. kr. til kaupa á mælitækjum og fellur sá liður niður nú. Annar kostnaður hækkar úr 50 í 70 þús. kr. vegna reynslu undanfarinna ára.

6. *Matvælaeftirlitið.* 17% aukauppbót á laun annars starfsmannsins er felld niður, og lækka grunnlaun því um 1 591 kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr., og tekjur áætlaðar jafnar gjöldum, svo sem verið hefur.

7. *Kostnaður við mat á afurðum.*

a. Fiskmat. Grunnlaun óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 000 kr.

b. Síldarmat. Grunnlaun óbreytt. Liðurinn tímakaup matsmanna hækkar um 1 000 kr. og annar kostnaður um 2 000 kr.

c. Ullarmat. 17% uppbót á laun ullarmatsformanns er felld niður, og lækka grunnlaun því um 816 kr.

12. *Húsaleigueftirlit.* Kostnaðurinn miðast við ½ ár, þar sem húsaleigulögin eiga að falla úr gildi 14. maí 1953. Í núgildandi fjárlögum er fjárveitingin einnig miðuð við ½ ár, enda áttu lögin að falla úr gildi 14. maí 1952, en voru framlengd eftir samþykkt fjárlaganna.

13. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 7 000 kr.

Um. 11. gr. C.

I. a. *Tollstjóraskrifstofan í Reykjavík.* Starfsmannafjöldi óbreyttur. Ráðuneytið hefur ekki getað fallizt á þá tillögu tollstjóra að ráða skrifstofustjóra og innheimtumann til viðbótar. Tveir fastráðnir lögtaksfulltrúar starfa við embættið og þar að auki tveir lausráðnir. Gert er ráð fyrir, að fulltrúar þessir þurfi einnig að starfa við embættið á næsta ári, en þar sem hér er ekki um fasta starfsmenn að ræða, telur ráðuneytið ekki rétt að taka þá á launaskrá, en hefur fært laun þeirra sérstaklega undir liðnum lausavinna. Vegna hækkandi verðlags hækkar húsaleiga, ljós og hiti um 40 þús. kr. Varðandi húsaleiguna er þó um töluverða óvissu að ræða, þar eð gera má ráð fyrir, að skrifstofurnar verði að rýma húsnæði sitt. Annar kostnaður er áætlaður 35 þús. kr. lægri en í þessa árs fjárlögum.

b. 1. *Tollgæzla í Reykjavík.* Laun hækka sem svarar launum eins tollgæzlumanns, sem fluttur hefur verið frá Keflavík til Reykjavíkur, auk nokkurra aldurshækkana. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 20 þús. kr., en annar kostnaður um 15 þús. kr., og er sá liður þó áætlaður 65 þús. kr. lægri en í tillögum tollstjóra.

b. 2. *Tollgæzla utan Reykjavíkur.* Grunnlaun lækka um 7 766 kr., sem er mismunur á aldurshækkkunum og launum vertíðartollþjóns á Hornafirði, sem nú er færður á liðinn annar kostnaður. Sá liður er hækkaður um 25 þús. kr. vegna hækkaðs verðlags á einkennisfatnaði o. fl. Er þó ráðgert að fækka sumargæzlumönnum á Siglufirði frá því sem verið hefur.

II. a. *Ríkisskattanefnd.* Nefndarmenn hafa á þessu ári fengið laun sín hækkuð um 2 500 kr. hver, en verðlagsuppbót er ekki greidd á launin. Ritari starfar nú allan daginn, en áður aðeins ½ daginn. Þótti ekki fært annað en verða við eindreginni ósk nefndarinnar um það, vegna aukinna starfa. Þá hefur einn starfsmaður fengið aldurshækkun, og hækka grunnlaun því um tæp 16 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Föstum starfsmönnum fjölgar um þrjá, sem verið hafa lausamenn á skrifstofunni. Þykir hagkvæmara að ráða þá þannig, enda fækkar þá lausamönnum að sama skapi. Nokkrir starfsmenn hafa fengið aldurshækkanir, og hækka því grunnlaun um tæplega 80 þús. kr. Lausavinna hækkar um 200 þús. kr., og stafar það að nokkru af hækkaðri vísitölu, en hefur auk þess verið of lágt áætlað áður. Er nú miðað við, að skattstofan hafi sem næst sama mannafla samtals og á árinu 1951. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 70 þús. kr. Alger óvissa er þó um húsaleiguna, þar eð samningum hefur verið sagt upp og hækkun boðuð, en nýr samningur ekki gerður enn.

Eftir tillögum sérfræðinga frá ECA er nú verið að undirbúa nýtt kerfi við útreikning skatta og tolla, byggt á notkun hinna stórvirku véla Hagstofunnar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Er af þessu ráðgerður nokkur sparnaður, en undirbúningi er þó ekki svo langt komið enn, að þess gæti á næsta ári. Ekki þykir fært að leggja hin gömlu starfskerfi niður að neinu leyti fyrr en hið nýja er komið að fullu til framkvæmda, og hlýtur af því að leiða nokkra aukavinnu meðan breytingunni er komið á.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Áætlunin er hækkuð um 50 þús. kr. Til sparnaðar hefur ráðuneytið lagt fyrir flesta skattstjóra að segja upp öllu föstu starfsfólki sínu, en taka lausamenn í þess stað um aðalannatímann.

d. og e. *Skattanefndir.* Verðlagsuppbætur eru ekki greiddar á laun skattanefnda, en gert er ráð fyrir, að grunnlaunin hækki sem því nemur. Er því áætlunin nú höfð 10% hærri en er í núgildandi fjárlögum.

f. *Millimatskostnaður* hækkar um 5 000 kr.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 4 300 kr. vegna hækkunar á húsaleigu og ritvélakaupa.

II. *Laun héraðslækna* eru áætluð 1 879 533 auk verðlagsuppbóta, og er við það miðað, að öll héruð séu skipuð. 1951 reyndust grunnlaunin 1 827 þús. kr.

III. *Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð* hækkar um 46 300 kr. vegna hækkunar á launum ráðsmanna.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarkostnaður spítalanna hækkar yfirleitt sem nemur verðhækkunum á vörum og þjónustu. Fæðiskostnaður á Landsspítalanum, Vífilsstaðahæli og Kleppsspítala er þó áætlaður nokkru lægri en í fjárlögum þessa árs, þar sem hann mun ríflega áætlaður. Kostnaðaráætlun stjórnarnefndar ríkisspítalanna hefur verið töluvert lækkuð á ýmsum liðum.

Rekstrarhalli sjúkrahúsanna lækkar verulega frá fjárlögum þessa árs. Er orsökin sú, að daggjöld voru hækkuð 1. apríl s. l., og gert er ráð fyrir frekari hækkun daggjalda frá 1. janúar 1953.

A. *Landsspítalinn.* Í tillögum stjórnarnefndarinnar er gert ráð fyrir að bæta við

aðstoðarlækni og rannsóknarkonu. Ekkert erindi hefur borizt ráðuneytinu um þessa starfsmannafjölgun, og er því launaáætlun Landsspítalans lækkuð sem þessu nemur. Í öðrum kostnaði er lagt til að veita 50 þús. kr. til girðingar og 35 þús. kr. til að mála spítalann að utan.

B. *Fæðingardeildin.* Vegna aukinnar starfsemi hefur verið talið óumflýjanlegt að fjölga ljósmæðrum um tvær. Reykjavíkurbær greiðir ⅔ hluta rekstrarhalla deildarinnar.

C. *Vífilsstaðahælið.* Gert er ráð fyrir að fækka um 3 starfsstúlkur, og lækka laun sem því nemur. Ráðuneytið hefur ekki getað fallizt á að taka í rekstraráætlun hælisins 150 þús. kr. til nýs ketilhúss.

D. *Kristneshælið.* Grunnlaun lækka um tæplega 13 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir að fækka um eina gangastúlku. Matvörur voru ríflega áætlaðar fyrir yfirstandandi ár, og hækkar sú áætlun nú aðeins um 6 þús. kr. Annar kostnaður er áætlaður jafn hár og í núgildandi fjárlögum.

E. *Kleppsspítalinn.* Gert er ráð fyrir allmikilli fjölgun starfsfólks. Stafar sú fjölgun bæði af því, að tekin hefur verið í notkun ný sjúkradeild fyrir órólega sjúklinga, og einnig er gert ráð fyrir, að opnuð verði á þessu ári sjúkradeild að Úlfarsá fyrir áfengissjúklinga, og er rekstrarkostnaður þeirrar deildar talinn með kostnaði við Kleppsspítalann. Ráðuneytið hefur ekki getað fallizt á að taka í rekstraráætlun hælisins 500 þús. kr. fjárveitingu til nýs ketilhúss.

G. *Kleppjárnsreykjahælið.* Talið er óumflýjanlegt að ráða stúlku til að annast næturvörzlu í hælinu. Þá telur stjórnarnefndin einnig nauðsynlegt að ráða kennara, en í hæli þessu eru aðallega börn og unglingar.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur sent ráðuneytinu sérstaka rekstraráætlun fyrir fávitahæli, sem búizt er við að taki til starfa í Kópavogi um næstu áramót. Þar sem ráðuneytið hefur ekki talið nægilega rökstudda grein gerða fyrir rekstrarkostnaði hælisins, hefur það ekki talið sér fært að taka áætlunina upp í frumvarpið á þessu stigi, en áætlað í einu lagi nokkra fjárveitingu til þessarar starfsemi.

V. og VI. *Til berklavarna og ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.* Báðir þessir liðir hækka mjög verulega frá núgildandi fjárlögum, hinn fyrri um 1 474 þús. kr. og hinn síðari um 3 012 þús. kr. eða samtals um 4 486 þús. kr. Meginorsök þessarar hækkunar eru hækkuð daggjöld ríkisspítalanna og áætluð sambærileg hækkun á öðrum spítölum, enda er nú rekstrarhalli ríkisspítalanna áætlaður 2 245 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

Styrkur til berklasjúklinga hækkar eingöngu vegna daggjaldahækkunar, enda er nú reiknað með færri legudögum en í fyrra, eða 128 500 í stað 134 500. Grunnlaun lækka um nær 40 þús. kr., þar eð einn læknir hefur látið af störfum við berklavarnirnar. Í stað þess hafa 2 læknar fengið aukaþóknun, 9 000 kr. hvor. Annar kostnaður er lækkaður um 30 þús. kr. skv. tillögu félagsmálaráðuneytisins.

Af 8 612 þús. kr., sem ætlaðar eru til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, fer meiri hlutinn, eða 4 876 þús. kr. til geðveikissjúklinga. Er þá reiknað með lítið eitt færri sjúklingum en í fyrra, þar eð rúmafjöldinn á Kleppi nýtist aldrei til fulls. Til fávita eru ætlaðar 932 800 kr., og er nær helmingur þess vegna hins nýja fávitahælis í Kópavogi. Vegna ýmissa langvarandi sjúkdóma er nú skv. reynslu reiknað með 23 000 legudögum í stað 19 000 áður, og er til þessa ætlað 1 207 þús. kr. Loks eru vegna langvarandi ellisjúkdóma áætlaðar 1 367 þús. kr. Á árinu 1951 var ákveðið, að langvarandi ellisjúkdómar skyldu framvegis falla undir ákvæði laganna um ríkisframfærslu. Á fjárlögum yfirstandandi árs var í fyrsta sinn veitt fé í þessu skyni, 630 þús. kr., og þá miðað við 100 sjúklinga. Nú er reiknað með 120 sjúklingum á næsta ári, og kostnaðurinn áætlaður 1 367 þús. kr., sem áður segir.

XVI. *Laun kynsjúkdómalæknis* eru nú sundurliðuð í grunnlaun og verðlagsuppbót. Grunnlaunin eru óbreytt.

XIX. *Kostnaður vegna laga nr. 27/1945 um eyðingu á rottum.* Með lögum nr. 27/1945 er ríkissjóði gert að endurgreiða bæjar- og sveitarfélögum þriðjung kostnaðar við rottueyðingu. Kostnaður ríkissjóðs af þessu varð á síðastliðnu ári 3 þús. kr., en er hins vegar á þessu ári orðinn rúmlega 70 þús. kr. til ágústloka. Þykir því rétt að ætla í þessu skyni nokkurt fé á fjárlögum framvegis.

XXIII. *Ljósmæðralaun* hækka vegna hækkunar verðlagsuppbótar um ca. 10% eða 60 000 kr.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegamála.*

1. Laun: Hækkun grunnlauna starfar einungis af aldurshækkunum. Ráðuneytið hefur ekki samþykkt tillögu vegamálastjóra um að bæta við einum ritara.

3. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr.

II. *Þjóðvegir.* Til nýrra akvega eru ætlaðar 8.1 millj. kr. og til viðhalds 18.4 millj. kr. Vegamálastjóri lagði til, að til viðhalds yrðu veittar 25 millj. kr. og auk þess 2 millj. kr. til endurbóta á aðalleiðum. Bendir vegamálastjóri á, að með breytingum þeim, sem síðasta Alþingi gerði á vegalögunum, voru þjóðvegirnir lengdir um 790 km, eða 15.6%, og eru flestir þeir kaflar mjög viðhaldsfrekir. Ráðuneytið hefur þó ekki séð sér fært að hækka viðhaldsféð um meira en 1 millj. kr.

III. *Brúargerðir.* Lagt er til, að veittar verði 3.1 millj. kr.

XI. *Til fyrrverandi vegaverkstjóra og vegaverkstjóraekkna* hækkar um 2 þús. kr.

XIII. *Gjöld skv. lögum um orlof* hækka um 20 þús. kr. Niður eru felldar fjárveitingar til ræktunarvega, til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi og styrkur til kaupa á snjóbíl fyrir Fljótsdalshérað.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Á síðastliðnu ári var rekstrarhalli strandferðanna á árinu 1952 áætlaður 5 222 þús. kr. Var síðar gert ráð fyrir að lækka þennan halla um ca. 400 þús. kr. með hækkuðum gjöldum fyrir út- og uppskipun, og um ca. 1.2 millj. kr. með hækkuðum farmgjöldum, og fjárveitingin ákveðin 3 620 þús. kr. Verðlagsyfirvöldin vildu þó ekki fallast á svo mikla hækkun farmgjaldanna, og er því útlit fyrir að halli strandferðanna verði á þessu ári meiri en áætlað var, auk þess sem leiðir af ófyrirsjáanlegum hækkunum á rekstrarkostnaði. Á næsta ári er rekstrarhallinn áætlaður 5 015 þús. kr.

II. *Til flóabáta og vöruflutninga.* Lagt er til, að liðurinn lækki í 1 millj. kr.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Í tillögum forstjórans var rekstrarhalli fyrirtækisins áætlaður rúmar 258 þús. kr. Taldi ráðuneytið svo mikinn rekstrarhalla óviðunandi og í samráði við forstjórann var áætluninni nokkuð breytt, þannig að hallinn er tæpar 168 þús. kr., og er þar um að ræða 24 þús. kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Vegna aukinnar starfsemi hefur forstjórinn ráðið tvær nýjar afgreiðslustúlkur. Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir, að rekstrarhallinn verði greiddur úr sérleyfissjóði. Póst- og símamálastjóri hefur hins vegar sent ráðuneytinu áætlun um rekstur umferðamálanna á næsta ári. Er þar gert ráð fyrir 235 þús. kr. tekjum af sérleyfisgjaldi, en 210 þús. kr. kostnaði við umferðamálaskrifstofuna, þannig að nettótekjur sérleyfissjóðs yrðu aðeins 25 þús. kr. á næsta ári. Myndi þá þurfa að ganga á stofnfé sjóðsins til að greiða rekstrarhalla ferðaskrifstofunnar. Virðist nauðsynlegt, að Alþingi athugi þetta mál sérstaklega.

Um 13. gr. C.

Grunnlaun hækka um tæplega 7 þús. kr. vegna aldurshækkana og tilfærslu á 3 starfsmönnum milli launaflokka. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 20 þús. kr. og ferðakostnaður um 5 þús. kr.

Vitavörðum fjölgar væntanlega á árinu, og hækka grunnlaun því um 17 550 kr. Aukagæzla hækkar um 4 þús. kr.

Rekstrarkostnaður vitaskips hækkar um 40 þús. kr. og rekstrarkostnaður vitanna um 150 þús. kr.

Viðhald og endurbætur vitanna hækkar um 30 þús. kr. og sjómerki um 25 þús. kr.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er lagt til, að veittar verði 4 475 þús. kr.

Til ferjuhafnar að Arngerðareyri eru ætlaðar 33 þús. kr.

Hækkanir eru á flestum liðum nokkru minni en vitamálastjóri fór fram á.

Um 13. gr. D.

I. Breytingar ekki aðrar en þær, er leiða af hækkuðum launum og verðlagi. 220 þús. kr. af kostnaði við stjórn flugmála eru færðar á alþjóðaflugþjónustuna (XII. liður), enda endurgreiðir ICAO ákveðinn hluta af beinum kostnaði við þá þjónustu að viðbættum 10% vegna stjórnarkostnaðar.

II. Föstum starfsmönnum hefur fækkað um einn.

Sú breyting hefur verið gerð á verkstæðum flugmálastjórnarinnar, að þau eru nú rekin á viðskiptagrundvelli, þannig að flugvöllunum er reiknuð sú þjónusta, er verkstæðin veita þeim. Gefur þetta miklu réttari mynd af kostnaði við hvern flugvöll. Viðhald Reykjavíkurflugvallar hefur verið lækkað um 100 þús. kr. frá tillögum flugráðs, en viðhaldskostnaður hækkar þó um ca. 400 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Flugvallastjóri hefur sérstaklega verið að því spurður, hvort eigi sé hægt að minnka þennan kostnað, en hann telur eigi gerlegt að áætla hann lægri vegna óhjákvæmilegs viðhalds og hreinsunar vallarins.

Nokkur hækkun hefur orðið á ýmsum öðrum rekstrarliðum, og er þar stuðst við reynslu síðasta árs.

III. Tala fastra starfsmanna óbreytt. Tillögur flugráðs hafa að mestu verið teknar óbreyttar í frumvarpið, með hliðsjón af reynslu síðastliðins árs. Flugráð áætlaði í fyrra laun afgreiðslumanna 400 þús. kr., en þar sem enginn rökstuðningur fylgdi, var upphæðin lækkuð um helming í fjárlagafrumvarpinu. Flugráð áætlar laun afgreiðslumanna nú 432 þús. kr. Eru tólf menn að staðaldri starfandi við flugvélaafgreiðslu, og telur flugvallastjóri ógerlegt að fækka þeim, því að umferð aukist stöðugt, og jafnvel hafi borizt frá erlendum flugfélögum kvartanir um það, að afgreiðslan gangi ekki nógu greiðlega. Ráðuneytið hefur því ekki talið fært að lækka þennan lið.

Áætlaðar eru 100 þús. kr. til viðhalds húsa og rekstrar rafstöðva, og er það nýr liður. Rafstöð þessi veitir raforku til húsa, sem flugmálastjórnin notar í sambandi við starfrækslu vallarins, og varð hún að taka við rekstri stöðvarinnar. Þá telur flugráð einnig vera um að ræða nokkurt óhjákvæmilegt viðhald á þeim byggingum, sem flugmálastjórnin hefur til afnota á vellinum.

IV. Teknar hafa verið upp tillögur flugráðs um kostnað við aðra flugvelli og sjóflughafnir. Tölulega hækkar þessi liður um 320 þús. kr. frá núgildandi fjárlögum. Raunverulega er þó ekki um neina teljandi hækkun að ræða, því að 300 þús. kr. er greiðsla fyrir þjónustu verkstæðanna, en áður var þjónusta verkstæðanna aðeins færð sem útgjöld við þau.

XIII. ICAO hefur samkvæmt ósk flugráðs sent hingað til lands nefnd sérfræðinga til þess að vinna að endurbótum á öryggiskerfi flugþjónustunnar. ICAO mun greiða laun manna þessara og ferðakostnað, en flugmálastjórnin verður að greiða uppihald þeirra. Menn þessir eru taldir verða hér að minnsta kosti eitt ár. Flugvallastjóri telur þegar hafa orðið mikið gagn að starfi sérfræðinganna.

Tekjur af flugvöllunum eru áætlaðar tæpum 2 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, og er aðalhækkunin á Keflavíkurflugvelli, eða 1 750 þús. kr.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Grunnlaun hækka aðeins vegna aldurshækkunar. Ljós og hiti í biskupsbústaðnum hækkar um 1500 kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.*

1. Laun. Fylgt er áætlun biskups um launin, og er þá reiknað með, að öllum prestaköllum sé þjónað, þar sem launin eiga að renna í prestakallasjóð, þegar brauð er prestlaust um tíma. Samkvæmt hinum nýju lögum um prestakallaskipun eru prestsembættin 116. Auk þeirra er hér gert ráð fyrir hálfum launum fyrir þjónustu þeirra fjögurra prestakalla, sem niður voru lögð með lögunum, en ekki hafa enn raunverulega sameinazt öðrum prestaköllum.

2. Embættiskostnaður presta hækkar um 30 þús. kr. vegna hækkaðrar vísitölu og prestafjölgunar.

4. Prestmötuandvirði o. fl. hækkar um 25 þús. kr.

VI. Styrkur til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar hækkar um 1000 kr.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskóli Íslands.* Grunnlaun hækka um 7 730 kr. Ráðinn er nýr kennari í tannréttingu, en laun aukakennara lækka nokkuð. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 70 þús. kr. Liðurinn til stundakennslu og landmælinga hækkar um 62 000 kr. Við það ber að athuga, að liðurinn „Til stundakennslu B A-deildar", sem á núgildandi fjárlögum er 37 000 kr., er í frv. sameinaður þessum lið, svo raunverueleg hækkun er 25 000 kr. Bætt hefur verið við 16 námsgreinum til B A-prófs, og kemur sú kennsla nær öll á stundakennsluliðinn. Hækkun til áhaldakaupa læknadeildar er 15 000 kr. og á ýmsum útgjöldum 100 000 kr.

b. *Tilraunastöðin á Keldum.* Síðari hluta árs 1950 hóf tilraunastöðin framleiðslu á sýklagróðri til rottueyðingar. Var til þeirra starfa ráðin ný starfsstúlka, en talið var, að starfsemin myndi gefa stofnuninni hreinan arð. Af vangá hafa laun þessarar stúlku ekki verið talin á fjárlögum fyrr en nú. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 29 þús. kr. Tekjur eru nú áætlaðar 73 þús. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum.

II. a.—c. *Námsstyrkir.* Á núgildandi fjárlögum eru námsstyrkir til háskólastúdenta 250 000 kr. (námsstyrkir og húsaleigustyrkir) auk 1 275 000 kr. til námsmanna erlendis. Í frv. eru styrkir þessir teknir undir þennan lið og er skiptingin samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins. Heildar hækkun er 50 000 kr.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Grunnlaun hækka um 4 257 kr. vegna aldurshækkana og færslu milli launaflokka.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Grunnlaun óbreytt að öðru leyti en því, að einn kennari hækkar í launum. Stundakennsla hækkar um 150 895 vegna fjölgunar bekkjadeilda, er stafar af auknum nemendafjölda. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 65 þús. kr., náms- og húsaleigustyrkir um 5 þús. kr., kostnaður við skólastjórn um 4 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Grunnlaun lækka um 29 210 kr. vegna fækkunar kennara, sem stafar af fækkun bekkjadeilda. Stundakennsla lækkar um 7 628 kr. af sömu ástæðum. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 40 þús. kr., og kostnaður við skólastjórn um 4 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn að Laugarvatni.* Tekin er upp fjárveiting til menntaskóla að Laugarvatni 339 846 kr. Í stað þess falla niður 3 kennarastöður við héraðsskólann að Laugarvatni og 30 þús. kr. af stundakennslukostnaði þar. Nemur það samtals 173 295 kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Grunnlaun óbreytt, en munu hafa verið skakkt áætluð í fyrra. Stundakennsla hækkar um tæplega 30 000 kr. Hefur reynzt of lágt áætluð undanfarið. Hiti, ljós og ræsting hækka um 10 þús. kr., viðhald húsa og áhalda um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

Stundakennsla við handíðadeild lækkar um rúmlega 11 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 16 500 kr.

VIII. *Sjómannaskólinn.* Grunnlaun óbreytt. Stundakennsla hækkar um 5 500 kr., og hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. Síðari greiðsla fyrir radartæki er áætluð 10 þús. kr. hærri en hin fyrri. Til námskeiða utan Reykjavíkur eru nú áætlaðar 40 þús. kr.

IX. *Vélstjóraskólinn.* Óhjákvæmilegt er talið af menntamálaráðuneytinu að ráða tvo nýja fastakennara að skólanum. Samt er ekki talið auðið að lækka stundakennsluliðinn sem því svarar, því að fyrirsjáanleg er mikil fjölgun í skólanum, sérstaklega í rafmagnsdeildinni. Telur skólastjóri óhjákvæmilegt að þrískipta deildinni í vetur, en hún hefur undanfarið verið tvískipt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr., en kaup og niðursetning á vélum í skólanum lækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

X. *Sjómannaskólahúsið.* Grunnlaun húsvarðar eru óbreytt, en voru skakkt reiknuð í fyrra. Opinber gjöld hækka um 8 000 kr., og annar kostnaður um 97 þús. kr., einkum vegna hækkaðs verðs á olíu og aukins viðhalds. Beinn kostnaður af hita og ræstingu er allur endurgreiddur, og hækkar sú endurgreiðsla um 65 þús. kr. Endurgreidd húsaleiga hækkar um 4 þús. kr. Hallinn, sem er raunverulega húsaleiga skólanna, hækkar um 42 þús. kr.

XI. *Búnaðarkennsla:*

1. *Bændaskólinn á Hólum.* Grunnlaun lækka um 11 þús. kr. vegna mannaskipta og skekkju í áætlun í fyrra. Kostnaður við verklegt nám hækkar um 10 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 10 þús. kr., verkfærakaup um 5 þús. kr., viðhald um 5 þús. kr. og vélaverkstæði um 5 þús. kr.

2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Grunnlaun óbreytt. Stundakennsla hækkar um 4 þús. kr. vegna vísitöluhækkunar. Kostnaður við verklegt nám hækkar um 5 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 7 þús. kr., vélaverkstæði um 10 þús. kr. og framhaldsdeild um 5 þús. kr. Viðhald og annar kostnaður var í fyrra hækkað um 60 þús. kr., m. a. vegna uppsetningar á salernum í skólahúsið. Þessi liður er nú á ný lækkaður um 30 þús. kr. Til viðgerðar og stækkunar á fjósi staðarins eru í núgildandi fjárlögum veittar 70 þús. kr. Viðgerðinni mun nú lokið, og er liðurinn því felldur niður.

Aðstoðarhjúkrunarkonur (3) 32 643, 27 746, 26 114	—	86 503
Hjúkrunarnemar (4)	—	45 312
Vinnustúlkur (45)	—	1 004 400
Þvotta- og saumakonur (3)	—	69 471
Ráðskona (1)	—	42 672
Aðstoðarráðskona (1)	—	34 226
Aðstoðarmaður (1)	—	32 550
Vélgæzlumenn (3) 35 809, 2×34 480	—	104 770
Vinnumenn (3)	—	97 092
Viðgerðarmaður (1)	—	35 809
Bifreiðarstjóri (1)	—	35 809
Samtals	kr.	2 122 496

D. Heilsuhælið í Kristnesi:

Yfirlæknir (1)	kr.	54 130
Aðstoðarlæknir (1)	—	50 310
Ráðsmaður (1)	—	42 672
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	42 672
Ráðskona (1)	—	41 399
Deildarhjúkrunarkonur (2) 38 111, 32 643	—	70 754
Aðstoðarhjúkrunarkona (1)	—	29 378
Bifreiðarstjóri (1)	—	35 809
Kyndari (1)	—	34 480
Vinnumaður (1)	—	32 364
Aðstoðarráðskona (1)	—	32 643
Starfsstúlkur (15)	—	334 335
Samtals	kr.	800 940

E. Kleppsspítalinn:

Yfirlæknir (1)	kr.	54 130
Aðstoðarlæknar (3) 50 311, 45 219, 12 000	—	107 530
Sérfræðingar (3)	—	50 311
Kandidat (1)	—	25 920
Læknanemar (2)	—	35 100
Aðstoðarmaður á rannsóknarstofu (1)	—	30 690
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	42 672
Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur (2)	—	81 404
Deildarhjúkrunarkonur (11) 7×38 112, 2×35 521, 2×29 378	—	396 583
Hjúkrunarkonur á næturvakt (3) 2×38 112, 35 521	—	111 745
Aðstoðarhjúkrunarkonur (10) 3×35 521, 2×32 643, 2×29 378, 2×26 114, 27 746	—	310 582
Nuddkona (1)	—	25 110
Hjúkrunarnemar (7)	—	91 014
Sjúkrakennarar (2) 38 112, 29 378	—	67 490
Hjúkrunarmenn (8)	—	260 400

Vökukonur (8) 3×23 994, 3×21 669, 2×20 832	kr.	178 653
Vinnustúlkur (40)	—	892 800
Ráðskona (1)	—	42 672
Aðstoðarráðskona (1)	—	32 643
Þvotta- og saumakonur (5) 23 715, 4×23 157	—	116 343
Vélgæzlumenn (3) 35 809, 2×34 480	—	104 770
Viðgerðarmaður (1)	—	35 809
Bifreiðarstjóri (1)	—	35 809
Samtals	kr.	3 130 180

F. Kópavogshælið:

Yfirlæknir (1)	kr.	25 135
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	40 702
Vinnustúlkur (2)	—	44 640
Ráðskona (1)	—	32 643
Þvottakona (1)	—	26 040
Prestur (1)	—	3 255
Samtals	kr.	172 415

G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:

Yfirhjúkrunarkona (1)	kr.	40 702
Aðstoðarhjúkrunarkona (1)	—	32 643
Hjúkrunarmaður (1)	—	32 550
Vinnustúlkur (4)	—	89 280
Ráðskona (1)	—	29 378
Sauma- og þvottakonur (2)	—	45 477
Kennari (1)	—	32 643
Samtals	kr.	302 673

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál.

Verkfræðideild:

Vegamálastjóri (1)	kr.	59 794
Yfirverkfræðingur (1)	—	50 310
Mælingamenn (2)	—	95 528
Verkfræðingar (6) 5×47 764, 38 111	—	276 931
Teiknari (1)	—	38 111

Skrifstofa:

Skrifstofustjóri (1)	—	50 310
Gjaldkeri (1)	—	42 672
Bókarar (3) 2×40 702, 38 111	—	119 515
Ritarar (3) 32 931, 2×30 340	—	93 611

Birgðavarzla og verkstjórn:

Birgðaverðir (2)	—	85 344
Aðalverkstjórar (3)	—	122 106
Samtals	kr.	1 034 232

B. I. Skipaútgerð ríkisins:

Forstjóri (1)	kr.	59 794
Skrifstofustjóri (1)	—	50 310

Aðalbókari (1)	kr.	45 219
Lögfræðingur (1)	—	45 219
Vélaráðunautur (1)	—	45 219
Gjaldkeri (1)	—	45 219
Afgreiðslustjóri (1)	—	42 672
Innkaupastjóri (1)	—	42 672
Bókarar (9) 2×42 672, 40 702, 3×38 112, 36 816, 36 527, 35 521 ..	—	349 246
Ritarar (2) 35 521, 23 938	—	59 459
Sendisveinar (2)	—	29 760
Samtals	kr.	814 789

III. Ferðaskrifstofa ríkisins:

Forstjóri (1)	kr.	56 620
Fulltrúi (1)	—	47 765
Gjaldkeri (1)	—	32 643
Afgreiðslumenn (3) 45 219, 38 112, 18000	—	101 331
Ritarar (3) 45 219, 35 521, 20 460	—	101 200
Verzlunarstjóri (1)	—	47 765
Símastúlka (1)	—	18 600
Samtals	kr.	405 924

C. Vitamál:

Vita- og hafnarmálastjóri (1)	kr.	59 794
Verkfræðingar (5) 50 310, 4×47 765	—	241 370
Skrifstofustjóri (1)	—	50 310
Gjaldkeri (1)	—	42 672
Bókarar (2) 34 550, 31 283	—	65 833
Ritari (1)	—	24 845
Teiknarar (2) 42 672, 28 290	—	70 962
Eftirlitsmaður (1)	—	42 672
Efnisverðir (2) 42 672, 41 541	—	84 213
Kafari (1)	—	38 112
Samtals	kr.	720 783

D. Flugmál.

Skrifstofa:

Flugvallastjóri (1) (tekur einnig laun sem formaður flugráðs kr. 14 391)	kr.	59 794
Fulltrúar (3)	—	162 390
Aðalgjaldkeri (1)	—	47 765
Aðalbókari (1)	—	47 765
Bókarar (4) 2×45 219, 40 702, 35 521	—	166 661
Símastúlka (1)	—	29 379
Bifreiðastjóri (1)	—	39 407
Húsvörður (1)	—	38 112
Flugumferðastjórn:		
Yfirflugumferðarstjóri (1)	—	50 310
Flugumferðarstjórar (4) 50 310, 3×47 765	—	193 605
Aðstoðarflugumferðarstjórar (5)	—	226 095
Reykjavíkurflugvöllur:		
Lendingastjórn:		
Aðstoðarflugumferðarstjórar (7) 45 219, 43 310, 42 673, 41 824, 3×41 612	—	297 862

Slökkvistöð:		
Varðstjóri (1)	kr.	45 219
Slökkviliðsmenn (5) 42 673, 4×40 702	—	205 481
Sjóflughöfn:		
Formaður (1)	—	45 219
Aðstoðarmenn (2) 42 673, 40 702	—	83 375
Vélaverkstæði:		
Birgðavörður (1)	—	45 219
Ýtustjóri (1)	—	42 673
Verkstjórn:		
Verkstjóri (1)	—	47 765
Keflavíkurflugvöllur:		
Skrifstofa:		
Fulltrúi (1)	—	54 130
Gjaldkeri (1)	—	45 219
Bókari (1)	—	45 219
Lendingastjórn:		
Yfirflugumsjónarmaður (1)	—	50 310
Flugumferðarstjórar (4)	—	191 060
Flugumsjón:		
Yfirflugumsjónarmaður (1)	—	50 310
Flugumsjónarmenn (4)	—	191 060
Aðstoðarflugumsjónarmenn (4) 42 673, 41 612, 2×40 127	—	164 539
Flugvélaafgreiðsla:		
Deildarstjóri (1)	—	50 310
Varðstjórar (4)	—	180 876
Aðstoðarmenn (9) 2×42 673, 40 763, 40 551, 40 409, 40 127, 39 702, 2×39 066	—	365 030
Loftferðaeftirlit:		
Eftirlitsmaður (1)	—	45 219
Samtals	kr.	3 307 378

14. gr. fjárlaga.

A. Kirkjumál.

I. Biskupsembættið:

Biskup (1)	kr.	59 794
Biskupsritari (1)	—	45 219
Ritari (1)	—	27 565
Samtals	kr.	132 578

II. Embætti sóknarpresta og prófasta:

Vígslubiskup (1)	kr.	47 765
Prófastar (20)	—	904 374
Prestar (85)	—	3 718 830
Samtals	kr.	4 670 969

III. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:

Söngmálastjóri (1)	kr.	45 219
Samtals	kr.	45 219

B. Kennslumál.

I. a. Háskólinn:

Rektor (1)	kr.	54 130
Prófessorar (sem jafnframt eru yfirlæknar) (4) 3×63 853, 11 771	—	203 330
Prófessorar (20)	—	1 082 600
Háskólabókavörður (1)	—	54 130
Dósent (1)	—	50 310
Efnafræðingur (1)	—	54 130
Aukakennarar (15) 2×25 155, 21 053, 2×14 280, 10 881, 10 701, 2×10 608, 10 000, 9 225, 8 487, 2×7 195, 4 352	—	189 176
Íþróttakennari (1)	—	47 765
Tannsmiður (1)	—	35 521
Háskólaritari (1)	—	47 765
Lektorar (2)	—	20 000
Húsvörður (1)	—	32 643
Samtals	kr.	1 871 500

b. Tilraunastöð háskólans að Keldum:

Forstöðumaður (1)	kr.	54 130
Efnafræðingur (1)	—	50 310
Dýralæknir (1)	—	50 310
Aðstoðarmenn (5) 40 702, 36 060, 32 643, 38 650, 27 746	—	175 801
Ritari (1)	—	27 292
Ráðsmaður (1)	—	40 702
Samtals	kr.	398 545

III. Fræðslumálaskrifstofan:

Fræðslumálastjóri (1)	kr.	56 620
Fulltrúar (3) 2×47 765, 45 219	—	140 749
Íþróttafulltrúi (1)	—	47 765
Bókari (1)	—	40 702
Aðstoðarmaður (1)	—	40 702
Símastúlka (1)	—	29 378
Samtals	kr.	355 916

IV. Menntaskólinn í Reykjavík:

Rektor (1)	kr.	54 130
Kennarar (14)	—	668 710
Dyravörður (1)	—	32 643
Samtals	kr.	755 483

V. Menntaskólinn á Akureyri:

Skólameistari (1)	kr.	54 130
Kennarar (12) 11×47 765, 26 114	—	551 529
Dyravörður (1)	—	32 643
Samtals	kr.	638 302

VI. Menntaskólinn á Laugarvatni:

Skólastjóri (1)	kr.	54 130
Kennarar (3)	—	143 292
Samtals	kr.	197 422

VII. 1. Kennaraskólinn:

Skólastjóri (1) (hefur auk þess kr. 8 856 fyrir umsjón)	kr.	50 310
Kennarar (8) 7×45 219, 23 864	—	340 397
Samtals	kr.	390 707

2. Handíðadeild:

Kennarar (3)	kr.	135 657
Samtals	kr.	135 657

VIII. Sjómannaskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	50 310
Kennarar (4)	—	180 876
Samtals	kr.	231 186

IX. Vélstjóraskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	50 310
Kennarar (5) 4×45 218, 35 034	—	215 906
Samtals	kr.	266 216

X. Sjómannaskólahúsið:

Húsvörður (1)	kr.	41 787
Samtals	kr.	41 787

XI. 1. Bændaskólinn á Hólum:

Skólastjóri (1)	kr.	50 310
Kennarar (3) 45 219, 40 975, 35 883	—	122 077
Samtals	kr.	172 387

2. Bændaskólinn á Hvanneyri:

Skólastjóri (1)	kr.	50 310
Kennarar (4)	—	180 876
Samtals	kr.	231 186

3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

Skólastjóri (1)	kr.	47 765
Kennari (1)	—	42 672
Samtals	kr.	90 437

XIV. Almenn barnafræðsla:

Skólastjórar og kennarar í Reykjavík (169)	kr.	5 170 690
Skólastjórar og kennarar í kaupstöðum utan Reykjavíkur (127)	—	4 637 217
Skólastjórar og kennarar utan kaupstaða (197)	—	6 522 706
Farkennarar (93)	—	2 077 645
Samtals	kr.	18 408 258

4. Kennslueftirlit:

Námsstjórar (5) 4×47 764, 25 155	kr.	216 211
Samtals	kr.	216 211

XV. Gagnfræðamenntun.

1. Eiðaskóli:

Skólastjóri (1)	kr.	50 311
Kennarar (4) 2×40 975, 2×40 126	—	162 202
Samtals	kr.	212 513

2. Héraðs- og gagnfræðaskólar:

Skólastjórar og kennarar (195)	kr.	7 987 190
Samtals	kr.	7 987 190

4. Námsstjórar við framhaldsskóla:

Námsstjórar (3) 47 764, 20 368, 25 155	kr.	93 287
Samtals	kr.	93 287

9. Handíðaskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	50 310
Samtals	kr.	50 310

XVI. Húsmæðrafræðsla.

1. Húsmæðraskólar:

Skólastjórar (11)	kr.	469 392
Kennarar (32)	—	1 208 656
Samtals	kr.	1 678 048

3. Húsmæðrakennaraskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	47 765
Kennarar (2) 39 702, 39 277	—	78 979
Samtals	kr.	126 744

4. Námsstjóri við húsmæðraskóla:

Námsstjóri (1)	kr.	34 185
Samtals	kr.	34 185

XVII. 1. Íþróttakennaraskóli:

Skólastjóri (1)	kr.	47 765
Kennari (1)	—	42 672
Samtals	kr.	90 437

XVIII. Málleysingjaskólinn:

Forstöðumaður (1)	kr.	47 765
Kennarar (3) 42 672, 41 541, 38 146	—	122 359
Samtals	kr.	170 124

XXVIII. Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:

Forstöðumaður (1)	kr.	50 310
Aðstoðarmaður (1)	—	37 580
Samtals	kr.	87 890

15. gr. fjárlaga.

A. I. Landsbókasafnið:

Landsbókavörður (1)	kr.	54 130
Bókaverðir (6)	—	286 590
Ritari (1)	—	22 986
Samtals	kr.	363 706

II. Þjóðskjalasafnið:

Þjóðskjalavörður (1)	kr.	54 130
Skjalaverðir (3)	—	143 295
Samtals	kr.	197 425

III. Þjóðminjasafnið:

Þjóðminjavörður (1)	kr.	54 130
Aðstoðarmenn (2)	—	95 530
Húsvörður (1)	—	28 743
Bæjarvörður í Glaumbæ	—	8 000
Samtals	kr.	186 403

IV. Listasafn ríkisins:

Safnvörður (1)	kr.	38 112
Samtals	kr.	38 112

V. Náttúrugripasafnið:

Forstöðumaður (1)	kr.	54 130
Deildarstjóri jarðfræðideildar (1)	—	50 310
Aðstoðarstúlka (1)	—	28 653
Samtals	kr.	133 093

VII. Safnahúsið:

Dyravörður (1)	kr.	32 643
Samtals	kr.	32 643

B. I. Atvinnudeild háskólans.

1. **Iðnaðardeild:**

Deildarstjóri (1)	kr.	50 310
Efnafræðingar (4) 3×47 765, 45 219	—	188 514
Gerlafræðingur (1)	—	47 765
Jarðfræðingur (1)	—	47 765
Verkfræðingur (1)	—	47 765
Aðstoðarmaður (1)	—	40 702
Aðstoðarstúlkur (4)	—	117 516
Samtals	kr.	540 337

2. **Fiskideild:**

Deildarstjóri (1)	kr.	50 310
Sérfræðingar (3)	—	143 295
Aðstoðarmenn (3) 42 009, 2×35 907	—	113 823
Aðstoðarstúlkur (5) 32 643, 29 379, 28 835, 28 290, 25 026	—	144 173
Samtals	kr.	451 601

3. **Landbúnaðardeild:**

Deildarstjóri (1) (Tekur einnig laun hjá Búnaðarfélagi Íslands)	kr.	35 883
Sérfræðingar (6)	—	286 590
Aðstoðarmenn (2) 40 702, 38 112	—	78 812
Samtals	kr.	401 285

4. **Vítamínrannsóknir:**

Efnafræðingur (1)	kr.	5 756
Aðstoðarmaður (1)	—	38 112
Samtals	kr.	43 868

5. **Sameiginlegur kostnaður:**

Bókari (1)	kr.	45 219
Ritarar (2)	—	50 052
Viðgerðarmaður (1)	—	42 672
Samtals	kr.	137 943

II. Rannsóknarstofa háskólans:

Forstöðumaður (1) (tekur einnig laun frá háskólanum sem prófessor)	kr.	22 527
Læknar (4) 2×50 310, 2×24 339	—	149 298
Aðstoðarmenn (4) 3×40 701, 35 144	—	157 247
Aðstoðarstúlkur (7) 38 111, 32 643, 2×31 010, 3×26 114	—	211 116
Vinnustúlkur (2)	—	25 668
Sendisveinn (1)	—	16 740
Samtals	kr.	582 596

III. Rannsóknarráð ríkisins:

Framkvæmdastjóri (1)	kr.	50 310
Ráðsmeðlimir (3)	—	34 539
Samtals	kr.	84 849

IV. Veðurstofan:

Veðurstofustjóri (1)	kr.	54 130
Fulltrúar (4)	—	201 240
Veðurfræðingar (6) 2×47 764, 2×46 916, 39 913, 39 277	—	268 550
Bókavörður (1)	—	40 702
Yfirvarðstjóri (1)	—	45 218
Varðstjórar (4) 4×42 672	—	170 688
Loftskeytamenn (10)	—	365 250
Bókari (1)	—	35 953
Ritari (1)	—	28 834
Aðstoðarmenn (17) 4×40 702, 38 327, 38 111, 37 140, 3×34 118, 36 493, 35 090, 34 009, 33 731, 27 474	—	545 537
Viðgerðarmaður (1)	—	33 458
Símastúlkur (2) 27 565, 27 111	—	54 676
Samtals	kr.	1 844 236

VII. Sjómælingar:

Mælingamenn (3) 10 200, 14 155, 40 126	kr.	64 481
Skipstjóri (1)	—	47 765
Samtals	kr.	112 246

VIII. Húsameistari ríkisins:

Húsameistari (1)	kr.	59 794
Arkitekt (1)	—	47 765
Teiknari (1)	—	45 219
Byggingameistari (1)	—	45 219
Gjaldkeri (1)	—	42 672
Samtals	kr.	240 669

16. gr. fjárlaga.

A. 20. Sandgræðslan:

Sandgræðslustjóri (1)	kr.	47 765
Ráðsmaður (1)	—	40 702
Sandgræðsluverðir (8)	—	14 570
Samtals	kr.	103 037

23. Skógræktin:

Skógræktarstjóri (1)	kr.	50 310
Skógarverðir (7)	—	234 282
Samtals	kr.	284 592

29. Dýralæknar:

Yfirdýralæknir (1)	kr.	54 310
Dýralæknar (8) 5×40 702, 36 384, 21 217, 14 145	—	275 256
Samtals	kr.	329 386

D. Raforkumál.

Skrifstofa raforkumálastjóra:

Raforkumálastjóri (1)	kr.	59 794
Aðalbókari (1)	—	45 219
Gjaldkeri (1)	—	45 219
Bókarar (2) 40 702, 38 112	—	78 814
Ritarar (3) 32 643, 28 653, 25 026	—	86 322
Símastúlka (1)	—	24 573
Sendisveinn (1)	—	13 020
Samtals	kr.	352 961

Áætlunar- og rannsóknardeild:

Yfirverkfræðingur (1)	kr.	54 130
Fulltrúi (1)	—	47 765
Verkfræðingar (3)	—	143 295
Hagfræðingur (1)	—	47 765
Teiknarar (2)	—	81 404
Vatnamælingamaður (1)	—	45 219
Samtals	kr.	419 578

Rafmagnseftirlit ríkisins:

Rafmagnseftirlitsstjóri (1)	kr.	54 130
Verkstjóri (1)	—	42 673
Skoðunarmenn (3)	—	128 019
Bókari (1)	—	40 702
Ritari (1)	—	29 016
Samtals	kr.	294 540

Jarðboranir:

Verkfræðingur (1)	kr.	54 130
Aðstoðarmaður (1)	—	42 673
Samtals	kr.	96 803

Rafmagnsveitur ríkisins:

Rafmagnsveitustjóri (1)	kr.	56 621
Verkfræðingur (1)	—	50 311
Rekstursstjóri (1)	—	50 311
Raffræðingar (2)	—	90 438
Efnisvörður (1)	—	42 673
Verkstjórar (4) 45 219, 42 673, 2×40 702	—	169 296
Rafstöðvarstjóri (1)	—	47 765
Línumaður (1)	—	45 219
Bifreiðarstjóri (1)	—	35 521
Samtals	kr.	588 155

Nd. **2. Frumvarp til laga** **[2. mál]**

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgalög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að frá því byrjað var að nota veiðarfæri það, sem nefnt hefur verið „flotvarpa", hafi verið til athugunar í atvinnumálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu, hvort ákvæði laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, nái til þessa veiðarfæris. Hafi ekki þótt tvímælalaust að svo sé, en hins vegar telji sérfróðir menn, að notkun þess geti verið skaðleg fiskistofninum á svipaðan hátt og botnvarpan, og beri því brýna nauðsyn til að kveða skýrt á um að fyrirmæli laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, nái einnig til þessa veiðarfæris, þó þannig að ráðherra skuli heimilt að leyfa síldveiðar í landhelgi með flotvörpu, og fella þá jafnframt úr gildi lög nr. 34/1937, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að veita leyfi til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess að síldveiði hafi enn brugðizt í sumar þá sé alger vá fyrir dyrum, ef síldarútvegsmönnum verði ekki veitt aðstoð vegna aflabrestsins, og að eðlilegt sé, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48/1949, verði breytt í það horf, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðsins verði heimilað að nota stofnfé sitt og jafnframt að taka lán hjá fiskideildinni með ábyrgð ríkissjóðs til þess að veita aðstoð samkvæmt reglum sjóðsins. Þá þyki rétt, að togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar í sumar, njóti bóta úr hlutatryggingasjóðnum.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. ágúst 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fé þetta skal endurlána Lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á yfirstandandi ári gerði ríkisstjórnin ráðstafanir til þess að slakað yrði þannig á fjárfestingareftirlitinu, að þeir, sem vildu, gætu lagt í byggingu smáíbúða. Enn fremur var á síðasta Alþingi ráðstafað 4 millj. af greiðsluafgangi 1951, til þess að lána með 2. veðrétti út á smáíbúðir og var sett um þau útlán sérstök löggjöf. Þessar ráðstafanir hafa orðið til þess, að fjölda margir víðs vegar um land hafa ráðizt í að koma sér upp smáíbúðum. Þær 4 millj. kr., sem til umráða voru til að lána út á þessar íbúðir, hrukku hins vegar aðeins skammt til þess að fullnægja lánaþörfinni út á annan veðrétt í þessum íbúðum.

Eins og nú standa sakir um fjármagn innanlands til fjárfestingarlána sýnist það líklegast, til þess að menn geti komið sér upp húsnæði á næstunni, að menn hafi sjálfir sem mest með höndum byggingarframkvæmdir sínar og geti unnið að þeim með venzlaliði sínu.

Með þessu móti komast íbúðir upp með miklu minna lánsfé, en unnt er á annan hátt.

Augljóst er, að valda mundi stórfelldum vandkvæðum, ef ekki væri hægt að halda áfram lánveitingum út á annan veðrétt í slíkum íbúðum. Telur ríkisstjórnin því höfuð nauðsyn, að lánveitingar þessar þurfi ekki að falla niður eins og nú standa sakir. Ríkisstjórnin flytur því þetta frumvarp um heimild til þess að taka að láni 16 milljónir króna og endurlána fé til þessarar byggingarstarfsemi.

Um horfur á því að útvega slíkt lán er ekki hægt að segja með neinni vissu nú, þegar þetta frumvarp er lagt fram, og mun verða athugað nánar um þá hlið málsins meðan frumvarpið er til meðferðar á Alþingi. Kynni svo að fara að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir, til þess að lánsfé fáist í þessu skyni og setja þyrfti í lög ákvæði, er stuðlað gætu að því, mun ríkisstjórnin flytja tillögur á síðara stigi málsins í þá átt.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 22 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta stofnlánadeildum Búnaðarbankans: Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur haft forgöngu um að útvega til stofnlánadeilda Búnaðarbankans: Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs, nokkurt fjármagn. Þannig voru Búnaðarbankanum lánaðar af gengishagnaði bankanna árið 1950 13.75 millj. og árið 1951 af greiðsluafgangi 15 millj. kr. Nú á þessu ári er tekið lán í Alþjóðabankanum, sem gengur til þessara deilda Búnaðarbankans, og nemur það um 16 millj. kr. Með þessari lánsfjáröflun, til viðbótar því fjármagni, sem sjóðirnir hafa annars staðar frá, hefur verið unnt að lána út á byggingar og ræktun í sveitum eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum og reglugerðum um þær lánveitingar.

Ríkisstjórninni er ljóst, að mikill hnekkir mundi að því verða fyrir landbúnaðinn og þjóðarbúskapinn yfirleitt, ef draga yrði stórlega saman þessar lánveitingar til fjárfestingar í sveitum landsins. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að svo þurfi ekki að verða, og er þá næsta verkefnið að útvega lánsfé, sem nota mætti á næsta ári. Þykir ríkisstjórninni því rétt að afla sér nú heimildar Alþingis til lántöku í þessu skyni, og er því þetta frumvarp flutt.

Ekki er hægt að segja með vissu á þessu stigi málsins, hvar lánsfé geti orðið aflað. Þykir ástæða til að álíta, að hægt muni verða að fá meira lánsfé hjá Alþjóðabankanum til landbúnaðarins en þegar er fengið, en hvort ný lán fást nógu fljótt til þess að geta komið að fullu liði á næsta ári er ekki hægt að segja nú. Færi svo, að nýtt lánsfé frá Alþjóðabankanum fengist ekki nógu snemma, þá yrði að leita annarra úrræða, þótt við erfiðleika geti orðið að etja í því sambandi. Kynni svo að fara að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir, til að tryggja að lánsfé fengist. Verður þessi hlið málsins athuguð nánar, meðan frumvarp þetta er til meðferðar á Alþingi, og telji ríkisstjórnin nauðsyn að setja ný ákvæði í frumvarpið varðandi það atriði, mun hún á síðara stigi flytja tillögu í þá átt.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um afnám laga nr. 41. 26. október 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Lög nr. 41 26. október 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs hefur sagt lausu starfi sínu, en ástæðulaust þykir að hafa lengur sérstakan umboðsmann. Eðlilegast er, að framvegis fari um þessar þjóðjarðir eftir lögum nr. 30 1913. Þetta er síðasta sérstaka þjóðjarðaumboðið, sem er við líði. Múlaumboð var lagt niður með lögum nr. 6 23. febr. 1949.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1953 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1953.
b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.

c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjald og lestagjald.
e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
f. Með 560 álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er um að ræða framlengingu á ýmsum gjaldahækkunum, sem gilda í ár, og sömu ástæður eru nú sem áður fyrir þeim.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 40 millj. kr. í erlendri mynt hjá Alþjóðabankanum í Washington og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 63/1950.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum nr. 127/1951. Vegna mistaka láðist að leggja frumvarp fyrir síðasta Alþingi til staðfestingar bráðabirgðalögunum. Frumvarp þetta er fram borið til þess að bæta úr þeim mistökum.

Heimild sú, er felst í bráðabirgðalögunum var notuð í júnímánuði 1951 til lántöku í Alþjóðabankanum vegna virkjananna.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Á árinu 1953 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1953 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
   b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
   c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er framlenging á ákvæðum laga nr. 106/1951.

Nd. **10. Frumvarp til laga** **[10. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að Íslandi hafi verið veittar 5.5 millj. dollara efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum á tímabilinu 1. júlí 1951 til 30. júní 1952, og verði 1 millj. dollarar af þessari fjárhæð veitt sem lán. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja lánsfé þessu til byggingar áburðarverksmiðju, en hins vegar vantar hana heimild til að taka lánið og endurlána það Áburðarverksmiðjunni h.f.

Með því að vér föllumst á að brýna nauðsyn beri til að veita ríkisstjórninni slíka heimild, gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1952.

Jón Pálmason. **Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1953 leggja á tekjur ársins 1952 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	%	af	afgangi.			
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5	—	—	—			
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6	—	—	—			
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7	—	—	—			
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8	—	—	—			
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9	—	—	—			
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	—	—	—			
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	—	—	—			
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	—	—	—			
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	—	—	—			
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	—	—	—			
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	—	—	—			
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—								

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum skulu gilda til ársloka 1953.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 457.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, sem nú eru í gildi, um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl., að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1953, og umreikningstala tekjuskatts er sett 457 í stað 406 og er það í samræmi við breytingar þær, sem orðið hafa síðan í fyrra.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á sama hátt skal og verðlagsuppbót breytast 1. sept. og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. laga nr. 105/1951 segir svo:

„Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. sept., 1. des. 1951 og 1. marz og 1. júní 1952 skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvísitölu næsta mánaðar á undan."

Eins og sjá má af þessu eru ákvæðin tímabundin, þannig að gert er ráð fyrir, að verðlagsuppbótin breytist ekki eftir 1. júní 1952.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að framangreind ákvæði verði framlengd þannig, að vísitalan breytist eftir þeim í síðasta sinn 1. des. 1953.

Rétt þykir að taka það fram, að í lögum nr. 105/1951 er gert ráð fyrir því, að vísitalan breytist í síðasta sinn 1. júní 1952, og mætti því ætla að ástæða hefði verið til að hefjast fyrr handa um framlengingu ákvæðanna. En þar eð vitað var, að engin breyting varð á kaupgjaldsvísitölunni fyrir ágústmánuð, var ekki talin ástæða til annars en láta málið bíða afgreiðslu Alþingis.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1953 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

Við a-lið 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar" í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar

komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

(Lögð fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að gerast aðili fyrir Íslands hönd að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950, svo og að viðbótarsamningi við hann, sem undirritaður var í París 20. marz 1952.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga mannréttindayfirlýsingu þá, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

minnast þess, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

minnast þess, að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu aðila sinna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og aukin;

lýsa á ný óbifanlegri trú sinni á þau meginréttindi til frelsis, sem eru undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og bezt eru tryggð annars vegar með raunhæfu, stjórnarfarslegu lýðræði og hins vegar með almennum skilningi og varðveizlu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

CONVENTION
for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering the Universal Declaration of Human Rights proclaimed by the General Assembly of the United Nations on 10th December 1948;

Considering that this Declaration aims at securing the universal and effective recognition and observance of the Rights therein declared;

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its Members and that one of the methods by which that aim is to be pursued is the maintenance and further realisation of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Reaffirming their profound belief in those Fundamental Freedoms which are the foundation of justice and peace in the world and are best maintained on the one hand by an effective political democracy and on the other by a common understanding and observance of the Human Rights upon which they depend;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í mannréttindayfirlýsingunni, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð pólitískra venja, hugsjóna, frelsis og réttarskipunar;

hafa þær því orðið ásáttar um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilarnir skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi, sem skilgreind eru í I. kafla samnings þessa.

Being resolved, as the Governments of European countries which are like-minded and have a common heritage of political traditions, ideals, freedom and the rule of law, to take the first steps for the collective enforcement of certain of the Rights stated in the Universal Declaration;

Have agreed as follows:

Article 1

The High Contracting Parties shall secure to everyone within their jurisdiction the rights and freedoms defined in Section I of this Convention.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp, sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu, skal það ekki talið brjóta í bág við þessa grein, ef valdbeiting er ekki meiri en bráðnauðsynlegt má teljast

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir, að sá, sem löglega er haldið, komist undan;

c. vegna löglegra aðgerða, sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

3. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi né þrælkun.

2. Eigi skal þess krafizt af neinum manni, að hann vinni þvingunar- né nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu, sem krafizt er í venjulegu varðhaldi, sem er í samræmi við ákvæði

SECTION I

Article 2

(1) Everyone's right to life shall be protected by law. No one shall be deprived of his life intentionally save in the execution of a sentence of a court following his convicton of a crime for which this penalty is provided by law.

(2) Deprivation of life shall not be regarded as inflicted in contravention of this Article when it results from the use of force which is no more than absolutely necessary:

(a) in defence of any person from unlawful violence;

(b) in order to effect a lawful arrest or to prevent the escape of a person lawfully detained;

(c) in action lawfully taken for the purpose of quelling a riot or insurrection.

Article 3

No one shall be subjected to torture or to inhuman or degrading treatment or punishment.

Article 4

(1) No one shall be held in slavery or servitude.

(2) No one shall be required to perform forced or compulsory labour.

(3) For the purpose of this Article the term "forced or compulsory labour" shall not include:

(a) any work required to be done in the ordinary course of detention im-

5. gr. samnings þessa, eða meðan á skilorðsbundinni lausn úr slíku varðhaldi stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu, sem krafizt er í hennar stað af þeim mönnum, sem synja herþjónustu samvizku sinnar vegna og slík synjun er til greina tekin í landi hans;

c. þjónustu, sem krafizt er vegna hættu- eða neyðarástands, sem ógnar lífi eða velferð almennings;

d. vinnu eða þjónustu, sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

posed according to the provisions of Article 5 of this Convention or during conditional release from such detention;

(b) any service of a military character or, in case of conscientious objectors in countries where they are recognised, service exacted instead of compulsory military service;

(c) any service exacted in case of an emergency or calamity threatening the life or well-being of the community;

(d) any work or service which forms part of normal civic obligations.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema þegar um er að ræða eftirfarandi tilvik, enda skal þá gæta þeirrar aðferðar, sem mælt er í lögum:

a. löglegt varðhald manns, sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. löglega handtöku eða varðhald manns fyrir að óhlýðnast löglegum úrskurði dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;

c. löglega handtöku eða varðhald manns, sem framkvæmt er í því skyni að færa hann fyrir lögbært stjórnvald, enda hvíli á honum skynsamlegur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að hann fremji afbrot eða komist undan, er hann hefur framið það;

d. gæzlu ófullveðja manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmæta gæzlu hans í því skyni, að hann verði færður fyrir löglegt stjórnvald;

e. löglega gæzlu manns til að koma í veg fyrir, að smitandi sjúkdómar breiðist út, eða manns, sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;

f. löglega handtöku eða varðhald manns til að koma í veg fyrir, að hann komist ólöglega inn í land, eða manns, sem ráðstafanir hafa verið gerðar til að flytja úr landi eða framselja.

Article 5

(1) Everyone has the right to liberty and security of person.

No one shall be deprived of his liberty save in the following cases and in accordanse with a procedure prescribed by law:

(a) the lawful detention of a person after conviction by a competent court;

(b) the lawful arrest or detention of a person for non-compliance with the lawful order of a court or in order to secure the fulfilment of any obligation prescribed by law;

(c) the lawful arrest or detention of a person effected for the purpose of bringing him before the competent legal authority on reasonable suspicion of having committed an offence or when it is reasonably considered necessary to prevent his committing an offence or fleeing after having done so;

(d) the detention of a minor by lawful order for the purpose of educational supervision or his lawful detention for the purpose of bringing him before the competent legal authority;

(e) the lawful detention of persons for the prevention of the spreading of infectious diseases, of persons of unsound mind, alcoholics or drug addicts or vagrants;

(f) the lawful arrest or detention of a person to prevent his effecting an unauthorised entry into the country or of a person against whom action is being taken with a view to deportation or extradition.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju á máli, sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær, sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald samkv. tölulið 1. c. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annað stjórnvald, sem lögheimild hefur til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að rannsókn fyrir dómi hefjist innan sanngjarns tíma eða hann verði látinn laus þar til rannsókn hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn úr varðhaldi, að trygging sé sett fyrir því, að hann komi til rannsóknar.

4. Hverjum þeim manni, sem sviptur er frelsi með handtöku eða varðhaldi, skal rétt að gera ráðstafanir til að lögmæti frelsisskerðingarinnar verði úrskurðað af dómstóli án tafar, og fyrirskipað sé, að hann skuli látinn laus, ef frelsisskerðingin er ólögmæt.

5. Hver sá maður, sem tekinn hefur verið höndum eða settur í varðhald eða gæzlu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar, skal eiga lögmæta, framkvæmanlega skaðabótakröfu.

(2) Everyone who is arrested shall be informed promptly, in a language which he understands, of the reasons for his arrest and of any charge against him.

(3) Everyone arrested or detained in accordance with the provisions of paragraph 1 *(c)* of this Article shall be brought promptly before a judge or other officer authorised by law to exercise judicial power and shall be entitled to trial within a reasonable time or to release pending trial. Release may be conditioned by guarantees to appear for trial.

(4) Everyone who is deprived of his liberty by arrest or detention shall be entitled to take proceedings by which the lawfulness of his detention shall be decided speedily by a court and his release ordered if the detention is not lawful.

(5) Everyone who has been the victim of arrest or detention in contravention of the provisions of this Article shall have an enforceable right to compensation.

6. gr.

1. Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma, fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmæltum dómstóli. Dómur skal upp kveðinn í heyranda hljóði, en banna má blaðamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldum að nokkru eða öllu vegna almenns siðgæðis, allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi, þegar unglingaverndun eða verndun einkalífs málsaðilanna býður, eða að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til í sérstökum tilvikum, þar sem vitneskja almennings mundi torvelda rétta niðurstöðu.

2. Hvern þann mann, sem borinn er sökum fyrir glæpsamlegt athæfi, skal telja saklausan, unz sök hans er sönnuð lögfullri sönnun.

Article 6

(1) In the determination of his civil rights and obligations or of any criminal charge against him, everyone is entitled to a fair and public hearing within a reasonable time by an independent and impartial tribunal established by law. Judgment shall be pronounced publicly but the press and public may be excluded from all or part of the trial in the interests of morals, public order or national security in a democratic society, where the interests of juveniles or the protection of the private life of the parties so require, or to the extent strictly necessary in the opinion of the court in special circumstances where publicity would prejudice the interests of justice.

(2) Everyone charged with a criminal offence shall be presumed innocent until proved guilty according to law.

3. Hver sá maður, sem borinn er sökum fyrir glæpsamlegt athæfi, hefur þessi lágmarksréttindi:

a. rétt til þess að fá tafarlaust vitneskju á máli, sem hann skilur, um eðli og orsök ákærunnar gegn honum, í einstökum atriðum;

b. rétt til nægilegs tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína;

c. rétt til að verja sig sjálfur eða kjósa sér verjanda. Hafi hann ekki efni á að greiða lögfræðilega aðstoð, skal hann fá hana ókeypis, ef réttarsjónarmið krefjast þess;

d. rétt til að spyrja eða láta spyrja vitni, sem leidd eru gegn honum. Séð skal um, að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni, sem leidd eru gegn honum;

e. rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks, ef hann skilur ekki eða talar mál það, sem notað er fyrir dómi.

(3) Everyone charged with a criminal offence has the following minimum rights:

(a) to be informed promptly, in a language which he understands and in detail, of the nature and cause of the accusation against him;

(b) to have adequate time and facilities for the preparation of his defence;

As between the High Contracting Parties the provisions of Articles 1, 2, 3 and 4 of this Protocol shall be regarded as additional Articles to the Convention and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

6. gr.

Viðbótarsamning þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi, þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal viðbótarsamningurinn ganga í gildi frá þeim degi, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingaskjölin aðalritara Evrópuráðsins, og skal hann tilkynna öllum meðlimum nöfn þeirra, er fullgilt hafa.

Article 6

This Protocol shall be open for signature by the Members of the Council of Europe, who are the signatories of the Convention; it shall be ratified at the same time as or after the ratification of the Convention. It shall enter into force after the deposit of ten instruments of ratification. As regards any signatory ratifying subsequently, the Protocol shall enter into force at the date of the deposit of its instrument of ratification.

The instrument of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe, who will notify all Members of the names of those who have ratified.

Gjört í París hinn 20. marz 1952, með enskum og frönskum texta, sem báðir eru jafngildir, í einu eintaki, er varðveita skal í skjalasafni Evrópuráðsins.

Done at Paris on the 20th day of March 1952, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the

Aðalritari skal senda staðfest endurrit hverju ríki, sem undirritað hefur viðbótarsamninginn.

archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory Governments.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt heimild í þingsályktun 7. febrúar 1950 gerðist Ísland þátttakandi í Evrópuráðinu, og var aðildarskjal Íslands afhent 7. marz s. á.

Í 1. grein stofnskrár Evrópuráðsins segir meðal annars um markmið þess, að stuðla beri að framförum á sviði félagsmála með varðveizlu og frekari framkvæmd mannréttinda og mannfrelsishugsjóna. Í samræmi við þetta samþykkti ráðgjafarþing Evrópuráðsins að mæla með því við ráðherranefndina, að skipuð yrði nefnd sérfræðinga til þess að gera frumvarp að samningi um þessi efni. Var nefndin síðan skipuð, og samdi hún uppkast, er ráðherranefndin hefur fjallað um og gert á nokkrar breytingar. Að því búnu var samningurinn lagður fram til undirskriftar, og fór sú athöfn fram í Róm 4. nóvember 1950. Var hann undirritaður af þátttökuríkjum Evrópuráðsins, þar á meðal Íslandi. Viðbótarsamningur við þennan samning var undirritaður í París 20. marz 1952.

Í samningum þessum eru viðurkennd þau frumréttindi manna, sem tíðkast með lýðfrjálsum þjóðum og eru í fyllsta samræmi við réttarmeðvitund og löggjöf Íslendinga. Þar sem samningunum er auk þess ætlað að vernda þessi réttindi á raunhæfan hátt telur ríkisstjórnin sjálfsagt, að Ísland gerist aðili að þeim og leitar því samþykkis Alþingis til slíkrar aðildar. Þingsályktunartillaga um þetta efni var lögð fyrir síðasta Alþingi. Var henni vísað til utanríkismálanefndar, sem ekki skilaði áliti. Málið var því ekki afgreitt á þinginu.

Smávægilegar lagfæringar hafa nú verið gerðar á þýðingu aðal samningsins.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi skuldbindingar aðildarríkja þess samnings gagnvart varnarbandalagi Evrópu (European Defence Community).

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþing 1952.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast aðili fyrir Íslands hönd að viðbótarsamningi, sem prentaður er sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari ásamt íslenzkri þýðingu.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi skuldbindingar aðildarríkja þess samnings gagnvart varnarbandalagi Evrópu (European Defence Community).

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949,

PROTOCOL

to the North Atlantic Treaty on Guarantees given by the Parties to the North Atlantic Treaty to the Members of the European Defence Community.

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on 4th April 1949,

hafa fullvissað sig um, að stofnun varnarbandalags Evrópu samkvæmt milliríkjasamningi, sem undirritaður var í París hinn 27. maí 1952, mundi efla Norður-Atlantshafsþjóðirnar og hinar samræmdu varnir Norður-Atlantshafssvæðisins og stuðla að nánari tengslum Vestur-Evrópuríkjanna, og

þar eð aðilar samningsins um varnarbandalag Evrópu hafa undirritað viðbótarsamning, sem mun ganga í gildi samtímis viðbótarsamningi þessum og veitir aðilum Norður-Atlantshafssamningsins sams konar tryggingu og þá, sem felst í 5. grein hans,

hafa aðilar Norður-Atlantshafssamningsins því orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir.

1. gr.

Vopnuð árás

(i) á lönd hvaða aðila varnarbandalags Evrópu sem vera skal innan þess svæðis, sem lýst er í 6. gr. (i) Norður-Atlantshafssamningsins,

(ii) á lið, skip eða loftför varnarbandalags Evrópu, sem eru á því svæði, sem lýst er í 6. gr. (ii) téðs samnings,

skal talin árás á alla aðila Norður-Atlantshafssamningsins á þann hátt, sem lýst er í 5. gr. téðs samnings, enda skal sú grein þá koma til framkvæmda.

Hugtakið „aðilar varnarbandalags Evrópu", sbr. lið (i) þessarar greinar, tekur til hvers þess ríkis, sem er aðili að því bandalagi, þ. e. Belgíu, Frakklands, Hollands, Ítalíu, Luxembourg og þýzka sambandslýðveldisins.

2. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi, þegar sérhver aðili hefur tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku samþykki sitt á honum og ráð varnarbandalags Evrópu hefur tilkynnt Norður-Atlantshafsráðinu, að genginn sé í gildi samningurinn um varnarbandalag Evrópu. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlants-

Being satisfied that the creation of the European Defence Community set up under the Treaty signed at Paris on 27th May 1952 will strengthen the North Atlantic Community and the integrated defence of the North Atlantic area, and promote the closer association of the countries of Western Europe, and

Considering that the Parties to the Treaty setting up the European Defence Community have signed a Protocol which will enter into force at the same time as the present Protocol, giving to the Parties to the North Atlantic Treaty guarantees equivalent to the guarantees contained in Article 5 of the North Atlantic Treaty;

Agree as follows

Article I

An armed attack

(i) on the territory of any af the members of the European Defence Community in Europe or in the area described in Article 6 (i) of the North Atlantic Treaty, or

(ii) on the forces, vessels or aircraft of the European Defence Community when in the area described in Article 6 (ii) of the said Treaty,

shall be considered an attack against all the Parties to the North Atlantic Treaty within the meaning of Article 5 of the said Treaty, and Article 5 shall apply accordingly.

The expression " member of the European Defence Community " in paragraph (i) of this Article means any af the following State which is a member of the Community, namely, Belgium, France, the German Federal Republic, Italy, Luxembourg, and the Netherlands.

Article II

The present Protocol shall enter into force as soon as each of the Parties has notified the Government of the United States of America of its acceptance and the Council of the European Defence Community has notified the North Atlantic Council of the entry into force of the Treaty setting up the European Defence Community. The Government of

hafssamningsins frá því, hvenær henni berst hver einstök tilkynning, svo og frá því, hvenær viðbótarsamningur þessi tekur gildi.

3. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal gilda meðan Norður-Atlantshafssamningurinn og samningurinn um varnarbandalag Evrópu eru í gildi og aðilar síðarnefnda samningsins halda áfram að láta í té, að því er sjálfa þá varðar og herlið varnarbandalags Evrópu, tryggingu til handa aðilum Norður-Atlantshafssamningsins, er jafngildi tryggingu þeirri, er um ræðir í samningi þessum.

4. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda öllum ríkisstjórnum aðila Norður-Atlantshafssamningsins og allra aðila samningsins um varnarbandalag Evrópu staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Gjört í París 27. maí 1952.

the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of the receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol shall remain in force for so long as the North Atlantic Treaty and the Treaty setting up the European Defence Community remain in force and the Parties to the latter Treaty continue to give, in respect of themselves and the European Defence forces, guarantees to the Parties to the North Atlantic Treaty equivalent to the guarantees contained in the present Protocol.

Article IV

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty and of all the Parties to the Treaty setting up the European Defence Community.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Done at Paris the 27th day of May 1952.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 27. maí 1952 var í París undirritaður milliríkjasamningur um varnarbandalag Evrópu (European Defence Community). Aðilar samningsins eru Belgía, Holland, Ítalía, Luxembourg og þýzka sambandslýðveldið. Í þágu varna Norður-Atlantshafsbandalagsins er nauðsynlegt að sem nánust samvinna sé milli varnarbandalags þessa og Norður-Atlantshafsbandalagsins. Hefur því ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins gengið frá orðalagi viðbótarsamnings við Norður-Alantshafssamninginn í því skyni, að sú samvinna komist á.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til að Ísland gerist aðili að viðbótarsamningnum.

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um, að Ísland gerist aðili að stofnun Norðurlandaráðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi 1952.)

Alþingi ályktar, að Ísland skuli nú þegar gerast aðili að stofnun Norðurlandaráðs samkvæmt samþykktum starfsreglum ráðsins, sem prentaðar eru hér á eftir sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

Starfsreglur Norðurlandaráðs.

1. gr.

Norðurlandaráð er vettvangur fyrir ríkisþing Dana, Alþingi Íslendinga, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía og ríkisstjórnir þessara landa til þess að ráðgast um þau málefni, er varða samvinnu allra landanna eða einhverra þeirra.

2. gr.

Í ráðinu eiga sæti sextán fulltrúar fyrir hvort ríkisþing, Dana og Svía, og fyrir stórþing Norðmanna, og séu þeir kjörnir úr ýmsum stjórnmálaflokkum af ríkisþingunum og stórþinginu úr hópi þingmanna, ásamt nægilegri tölu varamanna. Kjörið fer fram á þeim tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður í hverju landi. Eftir sömu reglum kýs Alþingi Íslendinga fimm fulltrúa.

Fulltrúar ríkisstjórna þátttökuríkjanna, sem sæti eiga í ráðinu, skulu vera þeir ráðherrar, sem til þess eru valdir af viðkomandi ríkisstjórnum hverju sinni.

Fulltrúar ríkisstjórnanna taka þátt í fundum ráðsins, en ekki í ályktunum þess.

3. gr.

Þegar Finnland óskar þess, geta finnskir fulltrúar tekið þátt í fundum og ályktunum ráðsins.

4. gr.

Ráðið kemur saman einu sinni á ári á þeim tíma, sem það ákveður sjálft (reglulegur fundur). Auk þess kemur ráðið saman, þegar það ákveður sjálft eða þegar þess er óskað af ekki færri en tveimur ríkisstjórnum eða ekki færri en tuttugu fulltrúum (aukafundur). Fundirnir eru háðir í höfuðborgum þeirra landa, er að ráðinu standa, eftir nánari ákvörðun ráðsins.

5. gr.

Ráðið kýs fyrir hvern fund og fyrir tímabilið til næsta fundar formann og þrjá varaformenn. Formaður og varaformenn eru stjórnarnefnd ráðsins.

6. gr.

Fundir ráðsins eru háðir í heyranda hljóði, nema það ákveði annað vegna sérstaks eðlis einhverra mála.

7. gr.

Vegna undirbúnings mála skal kjósa nefndir eftir þörfum. Nefndir þessar geta, þegar ráðið ákveður, einnig komið saman milli funda þess.

8. gr.

Fulltrúar hvers lands ráða ritara og aðra starfsmenn. Stjórnarnefndin hefur á hendi stjórn starfsliðsins og skiptir með því verkum.

9. gr.

Sérhver ríkisstjórn og sérhver fulltrúi í ráðinu getur lagt mál fyrir það. Ef ráðið ákveður ekki annað, skal senda málið til stjórnarnefndarinnar um hendur starfsliðs hlutaðeigandi lands, og skal það sent öllum fulltrúum með góðum fyrirvara, áður en fundur er háður, ásamt greinargerð, sem stjórnarnefndin álítur nægjanlega.

10. gr.

Verkefni ráðsins er að ræða sameiginleg áhugamál landanna og að samþykkja ályktanir (tilmæli) til ríkisstjórnanna um þau mál. Slíkum ályktunum skal fylgja greinargerð um það, hvernig hver fulltrúi hefur greitt atkvæði. Þegar fjallað er um málefni, sem einungis varða tiltekin lönd, geta ekki aðrir en fulltrúar hlutaðeigandi landa tekið þátt í ályktunum ráðsins. Ráðið tekur sjálft ákvörðun um skipulag sitt og verkefni starfsliðs.

11. gr.

Ríkisstjórnirnar skulu tilkynna það á hverjum reglulegum fundi, hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar í tilefni af ályktunum ráðsins.

12. gr.

Ráðið setur sér sjálft fundarsköp.

13. gr.

Hvert land ber kostnaðinn af fulltrúum sínum og starfsliði og auk þess sérstakan kostnað vegna funda, sem haldnir eru í því landi. Ráðið ákveður, hvernig sameiginlegum kostnaði skuli jafnað niður.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að Ísland gerist stofnaðili að samtökum þeim, sem nefnd hafa verið Norðurlandaráð. Að frumkvæði ríkisstjórna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa löggjafarþing þessara þjóða nú í sumar samþykkt þátttöku í ráðinu. Hins vegar hafa Finnar ekki talið sig geta tekið þátt í stofnun ráðsins af ástæðum, sem síðar verður vikið að. Ráðið mynda fulltrúar, sem til þess eru kjörnir af ríkisþingum Dana og Svía, stórþingi Norðmanna og af Alþingi Íslendinga, ef frumvarp þetta verður samþykkt. Einnig skulu fulltrúar ríkisstjórna þessara ríkja taka þátt í fundum ráðsins en ekki í ályktunum þess. Tilgangur ráðsins er að ræða þau mál, sem eru sameiginleg fyrir þau öll eða einhver þeirra, og að samþykkja ályktanir um þau mál til ríkisstjórnanna.

Víðtæk samvinna um margvísleg málefni hefur tekizt milli Norðurlandaþjóðanna undanfarna áratugi. Hefur slík samvinna að öðrum þræði grundvallazt á áhuga einstaklinga og félaga, en einnig hefur samstarf tekizt með stjórnvöldum landanna um málefni, sem sameiginleg eru. Nægir í því sambandi að minna á samstarf það, sem undanfarið hefur átt sér stað um löggjafar- og félagsmálefni, fundi utanríkisráðherra fjögurra þjóðanna um utanríkismál, samvinnu í menningarmálum o. s. frv.

Í þeim samskiptum, sem fram hafa farið milli Norðurlandanna, hafa einstakar nefndir annazt undirbúning mála eða fulltrúar ríkisstjórnanna rætzt við um meðferð þeirra. Ekki hefur komið til kasta þjóðþinganna að því er slík mál varðar, fyrr en frumvörp hafa verið lögð fullbúin fyrir þau til samþykktar. Þar sem þingin hins vegar hljóta ávallt að hafa úrslitaáhrif um stöðu landanna hvers til annars, hefur þótt rétt að efna til nánari samvinnu milli þinganna.

Á 28. fundi Norræna þingmannasambandsins, sem haldinn var í Stokkhólmi dagana 13. og 14. ágúst 1951, var samþykkt að frumkvæði Hans Hedtofts, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, að reyna að koma í framkvæmd hugmyndinni

um stofnun Norðurlandaráðs. Var sérstök nefnd skipuð til þess að fjalla um málið og gera tillögu til ályktunar um það.

Nefnd þessi skilaði áliti á fundinum og bar fram svohljóðandi tillögu, sem samþykkt var með samhljóða atkvæðum:

„Eftir að hafa rætt samstarfið milli hinna norrænu þjóðþinga lýsir fundurinn yfir fylgi sínu við þá hugmynd, að sett verði á laggirnar stofnun, sem kjörnir fulltrúar þinganna eiga aðild að, til þess að hafa með reglubundnum hætti samráð sín í milli og við ríkisstjórnir landanna um, á hvern hátt norrænni samvinnu verði hagað. Fundurinn felur fulltrúaráðinu að athuga í samráði við ríkisstjórnirnar, hvernig þessari hugmynd verði komið í framkvæmd, og gera þær ráðstafanir, sem þar af leiðir."

Nefndin starfaði áfram og gerði frumvarp að starfsreglum fyrir Norðurlandaráð. Var það frumvarp síðan lagt fyrir fund fulltrúa frá öllum Norðurlöndunum, sem kom saman í Stokkhólmi í byrjun desembermánaðar 1951. Frumvarpið ásamt greinargerð var ýtarlega rætt á þeim fundi. Voru þá nokkrar breytingar gerðar á því, en það var að lokum samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna.

Fulltrúar Finna lýstu því þó yfir, að Finnland gæti ekki tekið þátt í stofnun Norðurlandaráðs, en bentu á að efla bæri og auka þá samvinnu, sem þegar væri komin á, svo sem t. d. Norræna þingmannasambandið, en starf þess mætti auka að mun. Fulltrúar hinna Norðurlandanna samþykktu þá að breyta frumvarpinu á þá leið, að fulltrúar frá Finnlandi gætu tekið þátt í störfum og ályktunum ráðsins, þegar þess væri óskað af Finnlands hálfu. Var þá frumvarpið sent fulltrúum Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar í norræna þingmannasambandinu til athugunar, og samþykktu félög þeirra frumvarpið. Á fundi, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 9. febrúar 1952, þar sem saman voru komnir fulltrúar frá Norðurlöndunum fjórum utan Finnlands, var ákveðið að senda frumvarpið til ríkisstjórna hinna fjögurra ríkja með beiðni um, að það yrði lagt fyrir viðkomandi löggjafarþing til staðfestingar.

Málið var svo sent sérfræðingum til umsagnar, en að því loknu var það rætt á fundi norrænu utanríkisráðherranna, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 15. og 16. marz 1952, en þar var sendiherra Íslands viðstaddur fyrir Íslands hönd. Á þeim fundi náðist samkomulag um nokkrar breytingar, en að öðru leyti skyldi frumvarpið lagt fyrir þing hverrar þjóðar, annaðhvort sem frumvarp til laga eða sem þingsályktunartillaga, svo fljótt sem því yrði við komið. Þing Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa nú þegar samþykkt að gerast aðilar að stofnun Norðurlandaráðs, Danmörk með lögum, en Noregur og Svíþjóð með þingsályktun, og þykir rétt að fara á sama veg með málið hér.

Um tilgang og fyrirkomulag ráðsins er óþarfi að fjölyrða umfram það, sem sagt hefur verið hér að framan og sjá má af starfsreglum ráðsins.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan

þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að forsetar Alþingis hafi í samráði við ríkisstjórnina, gert ráðstafanir til þess, að þingræður verði frá og með byrjun næsta þings teknar upp á vélrænan hátt, og látið í því skyni koma fyrir nauðsynlegum tækjum í alþingishúsinu. Vegna kostnaðar, þrengsla í þingsölum og óþægilegrar aðstöðu að öðru leyti þótti ekki gerlegt að hafa hljóðnema dreifða um þingsalina fyrir framan þingmenn, heldur hefur uppsetning tækjanna verið við það miðuð, að allar ræður verði fluttar úr ræðustól. Hins vegar er það nú meginregla samkvæmt ákvæðum þingskapa, að þingmaður standi upp úr sæti sínu og mæli þaðan. Hentugast þykir og eðlilegast að koma á hinni nýju skipan í þessu efni þegar í þingbyrjun.

Vegna þessa eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Nd. **18. Frumvarp til laga** [18. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Gjald skal eigi greiða fyrir slík leyfisbréf eða þinglestur þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem í frv. felst, er að fella niður gjald af leyfisbréfum fyrir bæjanöfnum, sem í lögum er ákveðið 10 krónur fyrir nýbýli, en 25 krónur fyrir breyting bæjarnafns, og er nú með álagi samkvæmt lögum nr. 109/1950 orðið kr. 24.00 og kr. 120.00.

Þetta gjald skiptir litlu mál fyrir ríkissjóð, en veldur töfum við afgreiðslu leyfisbréfanna, þar eð sýslumenn mega ekki afhenda þau fyrr en gjaldið er greitt. Er því lagt til, að gjaldið sé fellt niður svo og þinglestrargjald.

Ed. **19. Frumvarp til laga** [19. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1949, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 84/1940 bætist:
Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð oss, að með því að notuð hafi verið heimild í lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, og sýnt þyki, að heimildin komi ekki að þeim notum, sem til er ætlazt, nema veð-

málastarfsemin njóti sömu fríðinda um skattfrelsi vinninga og ríkishappdrættið og happdrætti Háskóla Íslands, beri nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um skattfrelsi vinninganna.

Föllumst vér á með skírskotun til heimildar í 28. gr. stjórnarskrárinnar að setja svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 84/1940 bætist:

Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**

Björn Ólafsson.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara og um breyt. á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 66/1944 orðist svo:

Í laga- og hagfræðideild eru 4 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt tilmælum háskólans. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Á fundi kennara í laga- og hagfræðideild 23. marz 1950 var samþykkt einróma að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það lögtæki frumvarp um að bæta við einum fastakennara í lögfræði. Háskólaráðið lýsti á fundi sínum 24. marz sama ár eindregnum stuðningi við tilmæli deildarinnar. Á fundi kennaranna í lögfræði 6. sept. 1951 var samþykktin frá 23. marz f. á. áréttuð. Það er efni frumvarps þessa, að prófessorar í lögfræði skuli vera fjórir, í stað þriggja.

Samkvæmt lögum nr. 36 30. júlí 1909 um laun háskólakennara skyldu vera 3 prófessorar í lagadeild. Var lagadeild þá prófessoraflest allra deilda háskólans, þar eð 2 prófessorar skyldu vera við hverja hinna deildanna, en 1 dósent við sinn hvora deildina, guðfræðideild og heimspeki, og aukakennarar nokkrir í læknadeild. Við rás tímans hefur þetta hlutfall breytzt lagadeildinni mjög í óhag. Þar er tala fastakennara enn hin sama og í sept. 1911, er háskólinn tók til starfa. En hinum deildunum öllum hefur bætzt kennaralið. Eru nú 5 prófessorar í læknisfræði og 1 í tannlækningum, 6 í heimspekideild og 1 dósent, og í guðfræðideild 4 prófessorar. Er lagadeildinni því svo komið nú, að hún er kennarafæst gömlu deildanna um fasta kennara. Ekki stafar þetta þó af því, að lagadeildin sé horn-

reka, þá er litið er til tölu nemenda, er sótt hafa hana heim. Tala kandidata frá einstökum deildum háskólans er óræk um það atvik. Samanburður á því efni um 15 árin síðustu er svofelldur:

Kandidatar 1935—1949:

Guðfræðideild	54
Heimspekideild (miðað við kandidata í ísl. fræðum)	35
Læknadeild (talan tekur ekki til þriggja tannlækna)	107
Lagadeild (viðskiptafræðingar ótaldir)	161

Yfirlit þetta sýnir, að í lagadeild er mest viðkoma kandidata. Lagadeildin er nemendaflest allra deilda háskólans virkra nemenda. Einsætt er, að verkefni kennara hljóta að vaxa öðrum þræði við aukinn fjölda nemenda. Því gegnir t. d. um verkefni þau, er af prófum spretta. Á s. l. háskólaári þreyttu 47 nemendur fyrra hluta embættisprófs í lögfræði og í síðara hluta, og stóðu prófin á þriðja mánuð samtals. Örðugt er eða ókleift að koma við kennslu, meðan prófin standa. Hafa þessi miklu próf því þær afleiðingar, að sneiðast hlýtur af kennslutímanum. Viðbót við kennaralið myndi hafa þau áhrif, að verkefni þau, er prófin leggja kennurum, mundu dreifast á fleiri hendur, og væri þá kostur að halda uppi fyrirlestrum í rýmra horfi en nú er, meðan á prófum stendur.

Þegar borin er saman tala fastakennara við lagadeildina og aðrar deildir háskólans, verður enn að hafa í huga, að á kennara lagadeildar eru lögð aukastörf framar því, sem flestir aðrir kennarar skólans þurfa að hlíta. Tveir af kennurum deildarinnar hljóta að annast kennslu í lögfræði í hagfræðideild kauplaust. Er mikil vinnukvöð að þeirri skyldu. Í annan stað eru kennarar lagadeildar varadómendur í hæstarétti, samkv. lögum nr. 112/1935, 5. gr., og eru oft kvaddir til setudómarastarfa í þeim dómi. Í þriðja lagi leitar háttvirt Alþingi eða einstakar nefndir þess oftlega til lagadeildarinnar með tilmæli um álitsgerð um frumvörp.

Ef seilzt er til samanburðar við lagadeildirnar á Norðurlöndum, kemur upp, að fastir kennarar eru miklu fleiri þar en hér. Við sænsku lagadeildirnar þrjár (í Uppsölum, Lundi og Stokkhólmi) eru 8 prófessorar við hverja deild, við lagadeildirnar í Kaupmannahöfn og Osló er talan svipuð, og sama er um lagadeildina í Helsingfors. Auk þessara kennara koma dósentar, lektorar og aukakennarar. Segja má, að hér sé ólíku saman að jafna, þar sem tala stúdenta hérlendis sé mörgum sinnum minni en við deildir þær, sem nefndar voru. Rannsóknarefnin eru þó eigi fáskrúðugri hér á landi, og viðbúnaður við haldi fyrirlestra vex ekki, þótt áheyrendur séu fleiri þar en hér er. Prófun stúdenta kemur og mjög í hlut annarra manna erlendis en prófessoranna.

Kennsluháttum í lögfræði hefur verið gagnbreytt síðan 1911, síðast með reglum, sem staðfestar voru 21. sept. 1949. Er mjög örðugt að fylgja fram núverandi kennsluháttum við þann kennarakost, er deildin býr við. Má rekja það með vissu, að fæð fyrirlestra er beinlínis fallin til að lengja námið hjá stúdentunum, sakir þess hve yfirferðir í einstökum greinum taka langan tíma. Það atvik eitt er ærið til að réttlæta fjölgun kennara. Ef fjölgun fastakennara verður ekki ráðin nú, mun naumast stætt á öðru en að festa fleiri aukakennara en nú er til starfa í deildinni mjög á næstunni, t. d. til að annast námskeið í lögfræðilegri skjalaritun, í sérstaka hluta kröfuréttarins og til að fara með kennslu í lögfræði fyrir viðskiptafræðinema. Er miklu ráðlegra að fjölga fastakennurum en að ráða aukakennara til að kenna stöku greinar. Er og ekki sýnilegt, að fjölgun um einn fastakennara við deildina sé miklu kostnaðarmeiri en ráðning aukakennara. Má geta þess í því sambandi, að tveir aukakennarar starfa nú við deildina. Hefur annar þeirra hálf dósents laun, en hinn almenn laun stundakennara. Ef bætt væri við fastakennara, myndi hann m. a. annast kennslu í þeim greinum, sem þessir kennarar tveir kenna nú.

Í lagadeildinni hér er ekki kleift að koma við kennslu í ýmsum greinum lögfræðinnar, sem kenndar eru við vel flestar lagadeildir á Norðurlöndum. Veldur

því fæð kennara. Eru margar þeirra greina þó harla gildismiklar. Má nefna í dæma skyni skattarétt og tolla, atvinnulöggjöf almennt, félagsmálarétt og vinnurétt, tryggingarétt, hugverkarétt og auðkenna, réttarheimspeki og réttarfélagsfræði. Auka þyrfti og kennsluna í ýmsum þeim greinum, sem nú eru kenndar. Þörf væri og á að breyta kennsluháttum, m. a. með því að hverfa meir en nú er kostur að verklegum æfingum og svo nefndum seminörum. Er ógerningur að koma fram höfuðbreytingum, án fjölgunar á kennaraliði deildarinnar. Má um þetta efni vísa til nánari greinargerðar eftir einn af núverandi kennurum lagadeildar í timaritinu Úlfljóti, I. árg., 4. tbl., 1947.

Rannsóknir á íslenzkum lögvísindum eru eðlilega skammt á veg komnar. Að þeim rannsóknum verður bezt hlúð með því að efla tölu kennara við lagadeildina. Í ýmsum greinum lögfræðinnar eru erlendar bækur lagðar til grundvallar kennslunni. Eiga þær misvel við hérlendan rétt og þjóðlífsaðstæður og valda nemendum vandkvæðum við námið. Bíða kennaranna mikil verkefni á næstu árum, þar sem er ritun kennslubóka. Meðan kennslusvið hvers kennara er jafn geysimikið og nú er, verða þau verkefni seint unnin.

Á Alþingi hefur það komið fram oftar en einu sinni, að lagadeild hafi jafnan verið hófsöm um tilmæli um fjölgun kennara. Kennarar deildarinnar fara nú fram á aukningu kennaraliðs, sakir óhjákvæmilegrar nauðsynjar. Leyfa þeir sér að vænta þess, að háttvirt Alþingi taki vel í frumvarp þetta."

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð skal ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. l. nr. 30 7. marz 1951, um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu þrír þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild frv. samhljóða því, sem hér er flutt, um, að fjárhagsráði skuli skylt að setja verðlagsákvæði og að verðlagseftirlit skuli þannig aftur upp tekið með allri innfluttri vöru, innlendri iðnaðarvöru og þjónustu. Minni hluti fjárhagsnefndar deildarinnar lagði til, að frv. yrði samþykkt, en það náði ekki fram að ganga. Þess vegna er það nú flutt öðru sinni.

Þörfin á verðlagseftirliti er nú orðin enn brýnni og augljósari en hún var á síðasta hausti. Höfuðrök ríkisstjórnarinnar fyrir afnámi verðlagseftirlits jafnhliða því, að innflutningur fjölmargra vörutegunda var gefinn frjáls, voru þau, að framboð yrði svo mikið, að samkeppni mundi halda álagningu innan hóflegra takmarka. Um það leyti, sem gengið var lækkað, var svo komið, að álagningu þeirri, sem verðlagsyfirvöld heimiluðu, var fullþröngur stakkur skorinn, a. m. k. miðað við þann innflutning, sem leyfður hafði verið. Hækkun sú, sem sigldi í kjölfar „álagningar-

frelsisins", var hins vegar óhófleg og í mörgum greinum beint okur, svo sem skýrslur verðgæzlustjóra báru glöggt vitni um. Þeir spádómar, að samkeppni mundi verða svo mikil, að álagningin lækkaði aftur, hafa ekki rætzt. Í fyrsta lagi hefur vöruframboð í mörgum greinum alls ekki verið svo mikið og stöðugt, að nokkur ástæða hafi verið til þess að búast við harðri samkeppni, og í öðru lagi hefur alls ekki orðið um harða samkeppni að ræða, þótt vöruframboð hafi verið allmikið og stöðugt. Hefur hið fyrra einkum átt við um ýmsar bátagjaldeyrisvörurnar svonefndu, en hið síðara um vörur, sem frjáls innflutningur var á. Að minnsta kosti hefur ekki orðið nein stórkostleg lækkun á hinni frjálsu álagningu frá því, sem hún reyndist fyrst í stað, og bera skýrslur þær, sem verðgæzlustjóri hefur safnað, vitni um þetta. Við þetta hefur nú nýlega bætzt, að reglurnar um hinn „frjálsa innflutning" hafa að verulegu leyti verið afnumdar. Margar þær vörur, sem áður var leyfður á frjáls innflutningur, má nú aðeins kaupa í tilteknum löndum, vöruskiptalöndunum. — Reynslan af verzluninni með bátagjaldeyrisvörurnar hefur sýnt, að álagning á þær hefur orðið hærri en á aðrar vörur og oft og einatt svo há, að engri átt hefur náð. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú, að framboð á þeim hefur takmarkazt með einum og öðrum hætti, svo sem við er að búast, eins og reglur þær eru, sem um þessa verzlun gilda. Fyrir skömmu hefur ríkisstjórnin ákveðið, að innflutningur fjölmargra vörutegunda verði bundinn við fáein lönd, þar sem erfitt er að afla ýmissa þeirra. Má þá ganga út frá því sem vísu, að svipað verði upp á teningnum og varðandi bátagjaldeyrisverzlunina. Almenningur verður að greiða hærra verð fyrir — oft og einatt — lélegri vöru en hann átti kost á áður, ekki aðeins vegna þess, að kaupverð hennar sé hærra, heldur einnig vegna hins, að milliliðir fá aðstöðu til hækkunar á álagningu.

Ef heimilaður er ótakmarkaður innflutningur og hann er algerlega frjáls, má segja, að takmörkuð þörf sé fyrir verðlagseftirlit. Hlutverk þess væri þá fyrst og fremst að koma í veg fyrir misnotkun ýmiss konar einokunaraðstöðu. Ríkisstjórnin hafði það á stefnuskrá sinni að leyfa ótakmarkaðan og frjálsan innflutning, og í samræmi við það beitti hún sér fyrir afnámi verðlagsákvæða. Í framkvæmd reyndist hún að vísu hafa enn meiri áhuga á álagningarfrelsinu en innflutningsfrelsinu. Þótt raunverulegt innflutningsfrelsi væri að verulegu leyti afnumið með bátagjaldeyrisskipulaginu svonefnda, var álagningarfrelsinu á þær vörur haldið, svo að milliliðir högnuðust fullt eins mikið og jafnvel meira en útvegsmenn á skipulaginu, svo sem skýrslur verðgæzlustjóra hafa sýnt. Með hinum nýju innflutningsreglum, sem tilkynntar voru síðsumars, er innflutningsfrelsið afnumið í enn ríkari mæli. Rökin, sem flutt voru fyrir afnámi verðlagsákvæða á sínum tíma, eiga því alls ekki lengur við. Þau voru við það miðuð, að takast mætti að hafa innflutning ótakmarkaðan og frjálsan. Svo er nú hins vegar komið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að hann skuli vera bæði takmarkaður og ófrjáls. Þess vegna verður að taka upp verðlagseftirlit að nýju, ef hlutur neytenda á ekki að verða enn verri en orðið er.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal

eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frv. um lögfestingu á 12 stunda hvíldartíma á botnvörpuskipum, þannig að sólarhringnum skuli skipt í fjórar sex stunda vökur og helmingur háseta vinna í einu, en hinn helmingurinn hvílast. Frv. þessi hafa ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi var frv. um þetta efni vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var þar til þess vísað, að samtök sjómanna séu þegar búin að fá framgengt kröfunni um 12 stunda lágmarkshvíld á saltfiskveiðum með frjálsum samningum, og sé eðlilegt, að ákvæði um lágmarkshvíld á ísfiskveiðum verði einnig samningsatriði. Meiri hluti Alþingis hafði ekki viljað fallast á að lögfesta 12 stunda lágmarkshvíld á botnvörpuskipum. Þess vegna urðu sjómenn að neyta afls samtaka sinna og verkfallsréttar síns til þess að knýja fram nokkurn hluta kröfu sinnar, þ. e. 12 stunda hvíldina á öðrum veiðum en ísfiskveiðum. Til togaraverkfallsins síðasta hefði ekki þurft að koma, ef Alþingi hefði gengið til móts við óskir sjómannastéttarinnar.

Sjómenn og samtök þeirra telja þessu réttlætismáli ekki komið í höfn, fyrr en hásetum hefur verið tryggð 12 stunda lágmarkshvíld á öllum veiðum. Sú krafa verður ekki látin niður falla. Ef Alþingi skirrist enn við að setja lagaákvæði um þetta efni, jafngildir það því, að sjómönnum sé sagt, að þeir verði áfram að treysta einvörðungu á samtök sín og verkfallsrétt til þess að fá þessu hagsmunamáli sínu framgengt. Afleiðingarnar gætu orðið langar og harðvítugar vinnudeilur, sem þó gæti ekki lyktað nema á einn hátt, þ. e. með sigri sjómannasamtakanna, eins og síðasta verkfalli. Rökin fyrir því, að togarasjómönnum sé tryggð 12 stunda lágmarkshvíld, eru svo sterk, að baráttunni fyrir þessum málstað hlýtur að ljúka með algerum sigri. Þegar þeir, sem í landi vinna, hafa yfirleitt ekki lengri vinnudag en 8 stundir og mjög margir skemmri, er fráleitt, að sjómenn vinni nokkurn tíma 16 stundir í sólarhring. Þótt vinnudagurinn verði styttur niður í 12 stundir, er munurinn enn sannarlega nógu mikill, þegar það er haft í huga, að vinna háseta á botnvörpuskipum er ein hin erfiðasta, sem unnin er.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Alþýðusambands Ís-

lands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands íslenzkra sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, og tilnefni hver þeirra einn mann. Hinn fimmta skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er og leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem föng eru á og hún síðan leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga, samhljóða þessari, var flutt í upphafi síðasta þings, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það, sem gerzt hefur síðan í atvinnumálum þjóðarinnar, hefur enn staðfest, að ekki má dragast lengur, að sett sé löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Við undirbúning löggjafarinnar um almannatryggingar fyrir 8—9 árum var svo ráð fyrir gert, að samtímis þeim yrði sett löggjöf um Atvinnustofnun ríkisins, sem meðal annarra verkefna skyldi hafa með höndum atvinnuleysistryggingar, ef ráðstafanir þær, sem gert var ráð fyrir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, reyndust ekki fullnægjandi. Náðist ekki samkomulag um slíka lagasetningu, en því var lýst yfir af þáverandi ríkisstjórn, að hún teldi meginverkefni sitt að tryggja fulla atvinnu. Í nokkur næstu ár var og nægileg atvinna í landinu. Það var ekki fyrr en núverandi ríkisstjórn tók við völdum og hóf að hrinda í framkvæmd stefnu sinni, að atvinnuleysi varð tilfinnanlegt, í Reykjavík fyrst og fremst vegna erfiðleika iðnaðarins og í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur vegna erfiðleika sjávarútvegsins. Er ekki annað fyrirsjáanlegt en að áfram megi búast við atvinnuleysi víða um land, a. m. k. nokkurn tíma árs, að óbreyttri þeirri stefnu, sem fylgt er í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar.

Í fyrri umræðum um atvinnuleysistryggingar hefur gætt nokkurs skoðanamunar um, hversu þeim skuli hagað. Hafa sumir talið heppilegast, að ein stofnun, t. d. Atvinnustofnun ríkisins, hefði þær með höndum. Aðrir telja, að réttara sé að styrkja atvinnuleysissjóði einstakra stéttarfélaga. Varðandi fjárhagsgrundvöll slíkra trygginga kemur og margt til greina, m. a. það, hversu skipta skuli kostnaði við þær á þá aðila, sem eðlilegast verður að telja, að leggi fram fé til þeirra. Fé það, sem Tryggingastofnun ríkisins geymir (3 millj. kr. auk vaxta) sem stofnfé slíkra atvinnuleysistrygginga, mundi hrökkva skammt til þess að mæta rekstrarfjárþörf þeirra.

Með skipun nefndar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu, ætti að vera tryggt, að hin mismunandi sjónarmið verði rækilega athuguð, þannig að hægt verði að þeirri athugun lokinni að gera sér grein fyrir því, hvernig slíkum tryggingum yrði bezt fyrir komið. Nefndin þyrfti að hraða störfum sínum sem allra mest, svo að hægt yrði að afgreiða málið þegar á þessu þingi.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson, Jónas Árnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga

hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvild á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga mun ásátt um, að líf þessarar þjóðar byggist öðru fremur á starfi því, sem sjómenn hennar inna af höndum, og þess vegna fari vel á því, að hún haldi einn dag vor hvert hátíðlegan til að votta mönnum þessum virðingu sína og þökk. Á sama hátt og aðrar þjóðir hafa sérstakan dag til að heiðra hermenn sína, hafa Íslendingar sérstakan dag til að heiðra sjómenn sína.

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur síðustu 14 árin með skrúðgöngum og ræðuhöldum. Og Alþingi Íslendinga hefur alltaf átt fulltrúa meðal hinna atkvæðamestu ræðumanna dagsins. Fulltrúar þess hafa yfirleitt lagt áherzlu á, að Alþingi kunni vel að meta afrek sjómanna í þágu fósturjarðarinnar, og staðið fyrir miklum húrrahrópum. Í 14 ár hefur Alþingi sem sagt látið ótvírætt á sér skilja fyrsta sunnudag í júní og stundum oftar, að það telji sig og landsmenn alla eiga sjómönnum allt gott að þakka, enda vinni þeir þýðingarmestu störf þjóðfélagsins og séu hetjur hafsins. Og næstum jafnlengi hefur meiri hluti Alþingis barizt markvíst gegn því, að mönnum þessum veittist lagalegur réttur til mannsæmandi hvildar. Þessi stofnun, sem aldrei telur eftir sér að húrra fyrir sjómönnum, hefur nú í rúman áratug þrjózkast við að samþykkja frumvarp til afnáms því hróplega ranglæti, að hásetar á togurum hafa með lögum verið skyldugir til að þræla 16 klukkustundir á sólarhring. Mætti ætla, að ekki væri lítið unnið og ekki lítið vakað innan þeirrar stofnunar, sem þannig þykist sóma síns vegna mega haga sér.

Frv. þetta til lögfestingar 12 klst. lágmarkshvíld háseta á togurum var fyrst flutt á sumarþinginu 1942. Flutningsmaður þess var einn af þingmönnum Sósíalistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifur Högnason. Sjávarútvegsnefnd Nd. fékk frumvarpið til meðferðar. Ef til vill hefur nefndinni ekki fundizt það ómaksins vert að sinna þessari kröfu um, að helztu fyrirvinnur þjóðfélagsins fengju tíma til að hvíla sig eitthvað í líkingu við það, sem tíðkast um aðrar mannlegar verur á Íslandi, — svo mikið er víst, að nefndinni láðist að afgreiða frumvarpið og það dagaði uppi á þinginu.

Næst var frv. flutt á þinginu 1946 af tveim þingmönnum Sósíalistaflokksins, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Aftur fékk sjávarútvegsnefnd það til meðferðar, og að þessu sinni veitti hún sér tíma til að hafa skoðanir á því, enda gekk fulltrúi sósíalista í nefndinni mjög hart eftir því, að hún afgreiddi frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýsti sig andvígan málinu og lagði til, að frv. yrði fellt. Fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins. Fulltrúi Sósíalistaflokksins, Áki Jakobsson, varð einn nefndarmanna til að styðja frumvarpið og lagði til, að það yrði samþykkt. Hins vegar láðist deildinni að afgreiða frumvarpið. Það dagaði enn uppi á þessu þingi.

Sömu þingmenn fluttu frv. í þriðja sinn á þinginu 1947. Á meðan var hafin hörð barátta í málinu utan þings. Um 400 starfandi sjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frumvarpið, og sams konar áskorun hafði verið samþykkt á þingi Alþýðusambands Íslands 1946, enda hörfa nú andstæðingar málsins á Alþingi til nýrra varnarstöðva í baráttunni gegn því. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar í sjávarútvegsnefnd lögðu að þessu sinni til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til að athuga það. Og fulltrúi Alþýðuflokksins hljóp í bát með þessum mönnum, sem áður höfðu umsvifalaust viljað láta fella frumvarpið; lýsti sig fylgjandi afstöðu þeirra. Enn var aðeins einn nefndarmanna fylgjandi samþykkt frumvarpsins, fulltrúi Sósíalistaflokksins.

Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en þremur mánuðum síðar skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á togurum. Tveir nefndarmanna voru skipaðir án tilnefningar, tveir voru tilnefndir af samtökum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, tveir af togaraeigendum.

Það fór eins og þingmenn sósíalista höfðu varað við, störf nefndarinnar urðu til einskis annars en tefja framgang þessa réttlætismáls. Í rúmt ár var nefndin að velta því fyrir sér, hvort mönnum þeim, sem fyrsta sunnudag í júní eru nefndir hetjur hafsins og þýðingarmestu starfsmenn þjóðfélagsins, skyldi lögum samkvæmt leyfast að hvíla sig lengur en 8 klst. á sólarhring. Og nefndin kom í þremur hlutum frá þessari löngu athugun. Fulltrúar sjómanna lögðu að sjálfsögðu til, að lögboðin yrði 12 klst. hvíld á togurum. Fulltrúar útgerðarmanna lögðu til, að frv. um slíka lögfestingu yrði fellt, samkvæmt þeirri gamalkunnu röksemd, að heilsusamlegur svefn sjómanna hljóti að orsaka stöðugar andvökur útgerðarmanna vegna versnandi afkomu skipanna og fljótlega ná hámarki í algeru efnahagshruni þjóðfélagsins. Stjórnskipuðu fulltrúarnir létu ekki uppi neinar skoðanir á málinu, enda töldu þeir sig einungis hafa átt að leitast fyrir um sættir milli þessara tveggja stétta, en ekki að móta afstöðu nefndarinnar; sáttatilraunir þeirra hefðu hins vegar engan árangur borið.

Vegna hinnar seinfengnu niðurstöðu nefndarinnar tafðist framgangur málsins hátt á annað ár, en eftir að hún hafði lokið störfum haustið 1949, var frumvarpið enn flutt snemma á næsta þingi. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eðlilegast væri, að sjómenn semdu sjálfir við útgerðarmenn um kjör sín, — og samþykkti deildin þessa afgreiðslu.

Þannig var málinu varpað úr höndum Alþingis og gert að deilumáli sjómanna og útgerðarmanna, og var afleiðinganna skammt að bíða. Togaraflotinn var stöðvaður og lá bundinn við bryggju vikum saman, og þjóðin beið af þessu tjón, sem nam um 70 milljónum króna í erlendum gjaldeyri. En sjómenn komu úr átökum þessum með rétt sinn að nokkru heimtan; samningar þeirra fólu nú í sér ákvæði um 12 klst. lágmarkshvíld á saltfiskveiðum.

En gömlu vökulögin giltu eftir sem áður varðandi ísfiskveiðar, og baráttunni fyrir málinu var haldið áfram á Alþingi. Í fimmta sinn fluttu sósíalistar frumvarp þetta á þinginu 1950, og í sjötta sinn á þinginu 1951, alltaf gegn sömu andstöðu meiri hlutans. Jafnframt héldu sjómenn sjálfir áfram sinni baráttu. Og útgerðarmenn héldu áfram að þrjózkast við. Áður en þeir létu sig, varð þjóðfélagið að þola nýtt áfall langrar og kostnaðarsamrar togarastöðvunar. En í þeirri deilu vinna sjómenn loks fullan sigur; 12 klst. lágmarkshvíld háseta er tryggð á öllum veiðum togaranna. — Sjómenn tryggðu sér þennan rétt þrátt fyrir hina fjandsamlegu afstöðu Alþingis. Það hafði alltaf verið á valdi Alþingis að veita þeim hann og firra þannig þjóðfélagið vandræðum tveggja langvarandi togarastöðvana. Alþingi ber þannig höfuðábyrgð á því tugmilljónatjóni, sem þessar togarastöðvanir ollu.

Tólf klst. lágmarkshvíld togaraháseta á öllum veiðum er að vísu tryggð í samningum, sem stendur. En fyrir því er engin trygging, að ekki verði reynt að ná þessum sjálfsagða rétti af sjómönnum aftur, og málið þannig enn á ný gert að hörðu og kostnaðarsömu deilumáli. Hins vegar er það á valdi Alþingis að veita slíka tryggingu. Og því er þetta frumvarp flutt hér í sjöunda sinn. Alþingi hefur enn tækifæri til að bæta að nokkru fyrri misgerðir sínar og fyrirbyggja, að tjón það, sem af þeim hlauzt, endurtaki sig. Þetta getur það gert með því einfaldlega að samþykkja nú loks frumvarpið og festa þannig í lög Íslands ákvæði um, að hetjur hafsins skuli hafa rétt til mannsæmandi hvíldar, engu síður en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutafélag merkir í lögum þessum hvert það félag, heimilisfast hér á landi, sem stofnað er með fjárframlögum, skiptum í fyrirfram ákveðna hluti, og í því skyni að afla ágóða til skiptingar meðal félagsmanna, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir félagsins persónulega, heldur einungis með eignum þess.

Ráðherra getur þó leyft, að ákvæði laga þessara taki einnig til félaga, sem verja ágóða sínum að nokkru leyti eða öllu í góðgerðaskyni eða til almenningsþarfa, enda fullnægi þau að öðru leyti ákvæðum 1. málsgr.

2. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag til að reka sérhverja lögmæta atvinnu eða starfsemi, nema undantekningar séu gerðar frá því í lögum. Hlutafélag verður að fullnægja þeim skilyrðum laga, sem sett kunna að vera fyrir rekstri atvinnu þeirrar, er það hefur í hyggju að stunda.

3. gr.

Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina h.f. (h/f). Að öðru leyti fer um firmu hlutafélaga eftir ákvæðum firmalaga.

II. KAFLI
Stofnun hlutafélaga.

4. gr.

Stofnendur hlutafélags geta verið einstaklingar svo og félög, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar.

Ef einstaklingur er stofnandi, skal hann vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Ef félag, stofnun eða annar ópersónulegur aðili er stofnandi, skal hann eiga heimili og varnarþing hér á landi.

Sá, sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd stofnanda, skal fullnægja skilyrðum þeim, sem í 2. málsgr. segir um einstaklinga, enda ber hann ábyrgð auk umbjóðanda síns sem sjálfur væri hann stofnandi.

5. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu vera sjö hið fæsta. Við ákvörðun þeirrar tölu teljast hjón einn aðili, nema hvort um sig leggi til hlutafé af séreign sinni.

Þegar einstaklingar, sem sjálfir eru stofnendur, undirrita jafnframt stofnskjöl fyrir hönd ópersónulegs aðila, skal þess jafnan gætt, að sjö einstaklingar hið fæsta beri persónulega ábyrgð sem stofnendur.

6. gr.

Hver stofnandi skal að minnsta kosti skrá sig fyrir einum hlut í félagi og þó aldrei fyrir lægri fjárhæð en 1000 krónum.

Ekki má stofnandi binda loforð um framlag hlutafjár öðrum skilyrðum en þeim, sem getið er í stofnsamningi.

7. gr.

Stofnendur skulu gera með sér skriflegan stofnsamning. Í honum skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa, sbr. 1. gr.
3. Starfsemi félagsins sérgreinda.
4. Upphæð hlutafjár, hvort sem það er ákveðið með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinna marka, sbr. 2. málsgr. 28. gr.
5. Fjárhæð hluta, sbr. 29. gr.
6. Hversu mikið hlutafé hver stofnandi leggur til, hvort það sé þegar greitt, en sé svo ekki, hvenær það eigi að greiðast.
7. Hvort hlutafjár skuli afla að nokkru leyti með útboði. Ef svo er, skal greina útboðsfjárhæð, greiðsluskilmála svo og hvort ákveðnum mönnum eða flokki manna sé áskilinn forgangsréttur til að skrá sig fyrir hlutum í félaginu.
8. Hvort félagið eigi að taka við atvinnu annars aðilja eða öðrum eignum en reiðufé sem greiðslu á hlutafé. Ef svo er, skal greina matsfjárhæð þeirrar atvinnu eða eigna, ef mat fer fram, sbr. 9. gr., en ella andvirði þeirra.
9. Hvort fyrirhugað er, að stofnendur eða aðrir afhendi félaginu atvinnu eða aðrar eignir en reiðufé, án þess að þær gangi til greiðslu hlutafjár. Ef svo er, skal greina andvirði þeirra, greiðsluskilmála og matsfjárhæð, ef mat fer fram, sbr. 9. gr.
10. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi eða skyldur og þá hver eða hverjar.
11. Hvort skorður eru reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
12. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
13. Hvort hlutabréf skuli gefa út til nafngreinds aðila eða til handhafa.
14. Hvort stofnanda eða öðrum aðilja er áskilin staða eða önnur fríðindi hjá félaginu.
15. Hámarksfjárhæð þess stofnkostnaðar, sem félaginu er skylt að bera. Ef stofnanda eða öðrum er greidd eða áskilin þóknun vegna stofnunar félagsins, skal greina nöfn þeirra, fjárhæð þóknunarinnar, hvernig hún skal greidd og fyrir hvaða starf.

8. gr.

Fjárhæð stofnkostnaðar, sem félagi er skylt að bera, sbr. 15. tl. 7. gr., má ekki fara fram úr 5% af hlutafénu, að undanteknum stimpilgjöldum og þinglýsingar.

9. gr.

Þegar fyrirhugað er, að hlutafélag taki við atvinnu annars aðila eða öðrum eignum en reiðufé, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr., skulu dómkvaddir menn meta verðmæti

þessi til fjár, áður en stofnsamningur er gerður. Sjó- og verzlunardómur Reykjavíkur nefnir matsmennina. Skráningarstjóri getur þó veitt undanþágu frá því, að mat fari fram, þegar um minni háttar verðmæti er að ræða eða honum þykir ljóst af atvikum, að eign sé ekki of hátt verðlögð.

Veita skal matsmönnum óhindrað færi á að kynna sér það, er meta skal, svo og þau gögn, er þeir telja nauðsynleg til framkvæmdar matsins. Ef hlutafélag á að taka við atvinnu annars aðila, skal leggja fyrir matsmenn efnahags- og rekstrarreikninga um hana síðustu tvö ár, ef til eru, og veita þeim á annan hátt vitneskju um reksturinn að undanförnu. Um mat þetta fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

Leggja má kostnað af mati á félagið. Þó skal gætt hámarksákvæða 8. gr., þegar matskostnaður telst til stofnkostnaðar, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr.

Matsmenn eru þagnarskyldir um þau efni, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

10. gr.

Stofnendur skulu semja frumvarp til félagssamþykkta. Í því skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa, sbr. 1. gr.
3. Starfsemi félags sérgreinda.
4. Upphæð hlutafjár, hvort sem það er ákveðið með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinna marka, sbr. 2. málsgr. 28. gr.
5. Fjárhæð hluta, sbr. 29. gr.
6. Ákvæði um, hvenær og hvernig hlutafé skuli greitt.
7. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi eða skyldur og þá hver eða hverjar.
8. Hvort skorður eru reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
9. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
10. Hvort hlutabréf skuli gefa út til nafngreinds aðila eða til handhafa.
11. Hvort stofnanda eða öðrum aðila er áskilin staða eða önnur fríðindi hjá félaginu.
12. Hvenær og hvar aðalfundi skuli halda, hvernig boða skuli hluthöfum fundi og hvernig aðrar tilkynningar um félagsmál skuli birtar þeim.
13. Fundarsköp, þar á meðal, hvernig fara skuli með tillögur um breytingu á félagssamþykktum og um félagsslit.
14. Ákvæði um atkvæðisrétt hluthafa.
15. Ákvæði um kosningu félagsstjórnar, tölu stjórnenda og kjörtíma.
16. Hvort ráða skuli framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, sbr. 1. málsgr. 76. gr.
17. Ákvæði um, hvort einn stjórnandi eða fleiri saman skuli hafa heimild til að skuldbinda félagið.
18. Ákvæði um reikningsár, reikningsskil og skipting ársarðs.
19. Ákvæði um endurskoðendur.

Í frumvarpi til félagssamþykkta mega ekki vera ákvæði, sem brjóta í bága við stofnsamning.

11. gr.

Nú leggja stofnendur ekki fram allt hlutafé, og skulu þeir þá gera áskriftarlista, sem hefjist á útboðsskrá. Í útboðsskrá skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Upphæð hlutafjár þess, sem hver stofnandi hefur skráð sig fyrir, svo og fjárhæð þá, er útboð tekur til. Skulu fjárhæðir þessar samanlagðar nema öllu hlutafénu, ef það er tiltekin fjárhæð, en ella ekki minna en lágmarksfjárhæð þess.
3. Gengi þeirra hluta, sem út eru boðnir.

4. Gjalddaga hlutafjár.
5. Hvernig og með hverjum fyrirvara skuli boðað til stofnfundar.
6. Ákvæði frumvarps til félagssamþykkta um atkvæðisrétt hluthafa.
7. Hvort stofnendur áskilja sér rétt til að ráða sjálfir úthlutun hluta til áskrifenda og að hafna áskriftum, ef áskriftir fara fram úr fjárhæð þeirri, sem út er boðin. Ef slíkur áskilnaður er ekki gerður, skal greina reglur þær, sem úthluta skal eftir.
8. Frest til áskriftar, sem ekki má vera skemmri en 14 dagar frá framlagningu áskriftarlista og ekki ljúka síðar en 4 vikum fyrir stofnfund.

Með áskriftarlistum skulu liggja frammi eftirrit stofnsamnings og fylgiskjala hans svo og frumvarps til félagssamþykkta.

12. gr.

Stofnendur eða umboðsmenn þeirra skulu allir undirrita stofnsamning, frumvarp til félagssamþykkta og útboðsskrá, ef gerð er. Stofnendur skulu því næst án tafar senda skráningarstjóra stofnskjöl öll og fylgiskjöl þeirra til rannsóknar og staðfestingar. Fylgja skal yfirlýsing stofnenda um, að þeir fullnægi skilyrðum 4. gr.

Nú telur skráningarstjóri stofnskjölum áfátt, og skal hann þá veita stofnendum hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum.

13. gr.

Nú hefur skráningarstjóri staðfest stofnskjöl, og geta þá stofnendur, ef þeir einir hafa skráð sig fyrir öllu hlutafénu, haldið stofnfund og stofnað félagið, eftir því sem segir í 18.—21. gr.

14. gr.

Nú hefur útboðsskrá verið gerð og útboð ekki bundið við nafngreinda aðilja, og skulu stofnendur þá birta auglýsingu um útboð í Lögbirtingablaði. Skal þar greina, hvar og frá hvaða tíma áskriftarlistar liggi frammi svo og áskriftarfrest.

Áskrifandi skal, hvort sem útboð er bundið við nafngreinda aðila eða ekki, rita á áskriftarlista fjárhæð þá, er hann skráir sig fyrir, nafn sitt, heimilisfang og dagsetningu áskriftar.

Áskrift er ógild:

1. Ef hún er ekki gerð á áskriftarlista.
2. Ef ekki er fullnægt skilyrðum 1. málsgr. um birtingu útboðs.
3. Ef hún er bundin öðrum skilyrðum en þeim, sem heimil kunna að vera samkvæmt stofnsamningi, enda hafi áskrifandi ekki fallið frá skilyrði, áður en úthlutun fer fram. Skilyrði veldur þó ekki ógildi áskriftar, ef úthlutun eftir réttum reglum leiðir til þess, að því er fullnægt.

15. gr.

Nú hafa eigi fengizt áskriftir í lok áskriftarfrests fyrir öllu hlutafénu, ef það er tiltekin fjárhæð, en ella fyrir lágmarksfjárhæð þess, og verður félag þá ekki stofnað. Tilkynna skulu stofnendur skráningarstjóra og áskrifendum bréflega úrslit útboðs.

16. gr.

Nú hefur útboð borið árangur, og skulu stofnendur þá að áskriftarfresti liðnum skipta hlutum meðal áskrifenda í samræmi við ákvæði 7. tl. 11. gr. Þeir skulu tilkynna hverjum áskrifanda bréflega um árangur af áskrift hans ekki síðar en 14 dögum fyrir stofnfund. Þeir geta bundið úthlutun hlutar því skilyrði, að áskrifandi setji tryggingu innan hæfilegs frests fyrir fullri greiðslu hlutarins. Verði ágreiningur um, hvort trygging sé fullnægjandi, sker skráningarstjóri úr.

Andmæli gegn úthlutun skal hafa uppi og bera undir atkvæði á stofnfundi. Ef aðili á þess ekki kost, skal hann bera andmæli fram við félagsstjórn, áður en

félagið er skráð, en hún leggur málefnið án tafar fyrir hluthafafund til úrlausnar. Ályktun stofnfundar eða hluthafafundar má bera undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 3 mánaða frá því, að aðilja urðu málalok kunn.

17. gr.

Nú er aðilja, sem ekki er meðal áskrifenda, framseldur réttur til hlutar, áður en félag er skráð, og er framsalið þá því aðeins gilt, að framsalshafa hafi þá verið eða mátt vera kunnugt um atriði þau, sem talin eru í 11. gr.

18. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla áskrifendur til stofnfundar, sem haldinn skal innan sex mánaða frá staðfestingu stofnsamnings, sbr. 12. gr. Auk venjulegrar auglýsingar í blöðum skal kvaðning send í ábyrgðarbréfi eða símskeyti með 14 daga fyrirvara hið skemmsta.

Á stofnfundi skulu stofnendur leggja fram stofnskjöl öll og fylgiskjöl þeirra, skýrslu um árangur hlutafjársöfnunar og úthlutun hluta, skilagrein um stofnkostnað og tillögu um kosningu stjórnenda og endurskoðenda.

Á stofnfundi hafa þeir einir atkvæðisrétt, sem úthlutað hefur verið hlutum. Um atkvæðisrétt gilda ákvæði 1.—3. málsgr. 60. gr.

Þriðjungur atkvæðisbærra fundarmanna hið fæsta hefur rétt til að fá stofnfundi frestað til ákveðins dags, þó ekki lengur en 4 vikur.

Nú er stofnfundur eða framhaldsstofnfundur ekki haldinn innan þess frests, sem í 1. og 4. málsgr. segir, án þess að óviðráðanleg atvik hamli, og fellur þá niður réttur til stofnunar félagsins.

19. gr.

Nú koma ekki fram breytingartillögur við frumvarp til félagssamþykkta á stofnfundi eða framhaldsstofnfundi, og skal þá bera frumvarpið undir atkvæði. Telst það samþykkt, ef meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna veitir því jákvæði, enda ráði þeir yfir meira en helmingi hlutafjár.

Ef fram koma tillögur til breytingar á frumvarpinu, skulu þær bornar undir atkvæði. Til samþykktar þeirra þarf sama atkvæðamagn, sem áskilið er um breytingu á félagssamþykktum eftir stofnun félagsins. Ekki má þó breyta ákvæðum frumvarpsins um upphæð hlutafjár. Því næst skal frumvarpið í heild borið undir atkvæði, og gilda þá um atkvæðamagn ákvæði 1. málsgr.

Nú hefur frumvarp verið samþykkt samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. málsgr., og telst félagið þá stofnað. Skal því næst á sama fundi kjósa stjórnendur og endurskoðendur.

20. gr.

Áður en félag er skráð samkvæmt 21. gr., skal að minnsta kosti helmingur hlutafjár vera greiddur og ekki minna en ⅕ hluti þeirrar fjárhæðar í reiðufé.

Þegar vátryggingarhlutafélag á í hlut, nægir, að fjórðungur hlutafjár sé greiddur, enda sé trygging, sem skráningarstjóri metur gilda, sett fyrir öðrum fjórðungi hlutafjárins.

21. gr.

Félagsstjórn skal tilkynna félagið til skráningar innan 3 mánaða frá stofnun þess.

Tilkynning skal gerð á eyðublöð, sem skráningarstjóri lætur af hendi. Þar skal greina atriði þau, sem getur í 1.—14. tl. 10. gr., eins og þau hafa verið samþykkt á stofnfundi, svo og full nöfn stjórnenda, framkvæmdarstjóra og prókúruhafa ásamt stöðu þeirra og heimilisfangi. Einnig skal þess getið, hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið, og skulu þeir sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað.

Tilkynningu skulu fylgja eftirrit stofnskjala og fylgiskjala þeirra, endurrit úr gerðabók stofnfundar, yfirlýsing stjórnenda um, að þeir fullnægi lögmæltum skilyrðum, sbr. 71. gr., vottorð endurskoðenda um, að greiðsla á hlutafé samkvæmt 20. gr. hafi farið fram, svo og önnur þau gögn, er varða stofnun félagsins og skráningarstjóri telur nauðsynleg.

Nú er félag tilkynnt í tæka tíð, en skráningarstjóri telur tilkynningu ekki vera fullnægjandi, og skal hann þá veita hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum, þó ekki lengri en 3 mánuði frá lokum tilkynningarfrests samkvæmt 1. málsgr.

22. gr.

Áskrifendur eru lausir undan skyldum þeim, er áskrift fylgdu:

1. Ef ekki hafa fengizt áskriftir í lok áskriftarfrests, svo sem áskilið er í 15. gr.
2. Ef atkvæðagreiðsla á stofnfundi leiðir ekki til stofnunar félags, sbr. 3. málsgr. 19. gr.
3. Ef félag er ekki tilkynnt til skráningar innan þess tíma, sem segir í 1. málsgr. 21. gr.
4. Ef synjað er um skráningu félags, sbr. 130. gr.

Nú er svo ástatt sem í 1. málsgr. getur, og er áskrifanda þá óskylt að bera kostnað af fyrirhugaðri félagsstofnun, nema svo hafi verið áskilið í útboðsskrá. Ef áskrifandi hefur þegar innt greiðslu af hendi, er hún afturkræf ásamt innlánsvöxtum frá greiðsludegi.

23. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlazt réttindi né tekið á sig skyldur. Eftir að félagsstjórn hefur verið kjörin, getur hún þó verið í fyrirsvari og bundið félagið um málefni, er varða stofnun þess, þar á meðal innheimtu hlutafjár.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd hlutafélags, áður en það er skráð, og eru þá þeir, sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðun um hann, persónulega ábyrgir einn fyrir alla og allir fyrir einn.

24. gr.

Nú er í stofnsamningi greindur gerningur, sem þegar hefur verið gerður fyrir hönd fyrirhugaðs félags, og er félagið þá frá skráningu við hann bundið svo og gagnaðili þess, nema hann hafi neytt riftunarréttar.

Ákvæði 1. málsgr. gilda einnig um gerninga, sem stjórnendur, framkvæmdarstjóri eða aðrir fyrirsvarsmenn hafa gert fyrir hönd óskráðs félags eftir stofnfund.

Ef gagnaðili hvorki vissi né mátti vita, þegar löggerningur var gerður, að félagið var óskráð, getur hann fram að skráningu þess rift gerningnum. Hann verður þó bundinn með sama hætti og segir í 4. málsgr. þessarar greinar, ef hann, eftir að hann vissi eða mátti vita að félagið var óskráð, hefur annaðhvort lýst því við fyrirsvarsmenn félagsins, að hann vilji standa við loforð sitt, eða svarar ekki innan hæfilegs frests fyrirspurn þeirra um það efni.

Ef gagnaðili vissi eða mátti vita, þegar löggerningur var gerður, að félagið var óskráð, getur hann ekki rift gerningnum, nema félagið verði ekki tilkynnt til skráningar á réttum tíma eða synjað sé um skráningu.

25. gr.

Ef löggerningur bindur félag samkvæmt 1. málsgr. 23. gr. eða 24. gr., fellur persónuleg ábyrgð samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 23. gr. niður frá skráningu þess, nema gerninginn hafi átt að efna fyrr eða honum hafi verið rift. Nú verður félag bundið eftir skráningu, án þess að persónuleg ábyrgð aðilja falli niður, og fyrnist þá krafa á hendur honum á sex mánuðum frá því að félag varð bundið.

III. KAFLI
Hlutafé, hlutabréf og hlutabréfaskrá.

26. gr.

Í hlutafélagi skulu jafnan vera sjö hluthafar hið fæsta, er fullnægi ákvæðum 4. gr. Um ákvörðun þeirrar tölu gilda ákvæði 1. málsgr. 5. gr.

27. gr.

Hlutafélag má ekki eignast hluti sjálfs sín gegn endurgjaldi né taka þá að veði, og eru samningar með slíku efni ógildir. Þó má félag kaupa sjálfs sín hluti á nauðungaruppboði, sem haldið er til fullnægju kröfu félagsins.

Nú hefur félag eignazt sjálfs sín hlut, og ber félagsstjórn þá að tilkynna skráningarstjóra það tafarlaust og gera ráðstafanir til, að hluturinn verði seldur öðrum aðila, sem gildur er metinn, félaginu að skaðlausu. Verði málinu ekki komið í rétt horf innan frests, sem skráningarstjóri setur, skal félagsstjórn með bókun í fundargerðabók lýsa hlutinn ógildan og færa hlutafé niður um fjárhæð hans.

Félagsstjórn skal þegar í stað tilkynna skráningarstjóra um ógildingu hlutar og lækkun hlutafjár samkvæmt 2. málsgr.

Ef félagsstjórn hefur gert ógildan samning samkvæmt 1. málsgr. eða vanrækt skyldur sínar samkvæmt 2. málsgr., bera stjórnendur einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á tjóni, sem félagið kann að bíða af þeim sökum.

28. gr.

Hlutafé skal ákveða í íslenzkri mynt. Það má ekki nema lægri fjárhæð en 20 þúsundum króna.

Í stofnsamningi og félagssamþykktum má ákveða, að hlutafé megi hækka eða lækka innan tiltekinna marka um 2 ára skeið frá stofnfundi, án breytinga á félagssamþykktum. Lágmarksfjárhæð má þó ekki vera lægri en ⅔ hlutar hámarksfjárhæðar. Ákvæði V. og VI. kafla laga þessara gilda, eftir því sem við á, um hækkun og lækkun hlutafjár samkvæmt þessari málsgrein, að undanteknum ákvæðum 49. gr.

29. gr.

Hlutir skulu ákveðnir þannig, að fjárhæð lægsta hlutar gangi með heilli tölu upp í fjárhæð hærri hluta.

Fjárhæð hlutar skal ekki vera lægri en 100 krónur. Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef nauðsyn ber til að hafa fjárhæð lægri vegna forgangsréttar hluthafa samkvæmt 40. gr., vegna hækkunar á hlutafé með rekstrarafli samkvæmt 46. gr. eða vegna niðurfærslu hluta samkvæmt 49. gr.

30. gr.

Þegar hlutafélag hefur verið skráð og hlutafé að fullu greitt, skal félagsstjórn gefa út hlutabréf. Ef hlutafé er ákveðið innan tiltekinna marka, sbr. 2. málsgr. 28. gr., er nægilegt, að lágmarksfjárhæð sé greidd, enda sé hlutur sá, sem bréfið tekur til, að fullu greiddur.

Heimilt er vátryggingarhlutafélagi að gefa út hlutabréf, þegar félagið hefur fullnægt ákvæðum 2. málsgr. 35. gr.

31. gr.

Í hlutabréfi skal greina:

1. Tölu bréfsins.
2. Nafn og heimili félags.
3. Nafnverð hlutar.
4. Nafn eiganda eða að bréfið sé gefið út til handhafa.
5. Útgáfudag bréfsins.

Ef ákvæði eru í félagssambykktum um eftirtalin atriði, skulu þau einnig greind:

6. Hvort og hverjum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi eða skyldur.
7. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu.
8. Hvort skorður eru reistar við heimild hluthafa til meðferðar hlutabréfa og þá hverjar.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

32. gr.

Stjórn hlutafélags gefur út bráðabirgðaskírteini fyrir hlutum, þegar úthlutun þeirra hefur verið ákveðin, en skilyrði fyrir útgáfu hlutabréfa ekki enn fyrir hendi.

Skírteinið skal greina fjárhæð hlutar, hvað greitt hefur verið og hvenær eftirstöðvar megi heimta. Þar skal einnig greina atriði þau, sem í 31. gr. eru talin, eftir því sem við á.

Handhafi bráðabirgðaskírteinis hefur rétt til að fá síðari greiðslur skráðar á skírteinið.

Bráðabirgðaskírteinið veitir rétt til hlutar, og skal það fengið félagsstjórn í hendur, þegar hlutabréf er afhent. Félagsstjórn skal því næst ónýta bráðabirgðaskírteinið.

Halda skal skrá yfir bráðabirgðaskírteini. Um skrána gilda ákvæði 2.—3. málsgr. 33. gr. og 1. málsgr. 53. gr.

33. gr.

Þegar hlutabréf hafa verið gefin út, skal stjórn félags gera hlutabréfaskrá. Skráin skal gerð í bók, sem skráningarstjóri löggildir.

Í upphafi hlutabréfaskrár skal getið tölu hluta og nafnverðs hvers þeirra. Í skránni skal einnig greina um hvert hlutabréf.

1. Tölu bréfsins, nafnverð og útgáfudag.
2. Nafn og heimilisfang eiganda, ef bréfið er nafnbréf, en ella, að það sé gefið út til handhafa. Einnig skal skrá nafn og heimilisfang eiganda handhafabréfs, ef hann æskir þess, sbr. 3. málsgr., svo og breytingar á nafnskráningu nafnbréfa og handhafabréfa ásamt dagsetningu tilkynninga.
3. Sérstök réttindi eða skyldur, sem hlut kunna að fylgja.
4. Ef bréf er ógilt með dómi eða það fellur úr gildi á annan hátt svo og aðrar þær breytingar, sem kunna að verða á réttindum eða skyldum samkvæmt hlutabréfi.

Sérhver, sem hefur með formlega löglegri heimild í höndum hlutabréf í félagi, hefur rétt til að kynna sér hlutabréfaskrá þess og til að fá bréfið skráð þar á sitt nafn.

34. gr.

Nú eru hlutir færðir niður, og skal félagsstjórn þá skrá lækkun á hlutabréfin eða afhenda ný hlutabréf, enda sé hinum eldri þá skilað og þau ónýtt. Félagsstjórn skal, ef með þarf, kveðja hluthafa með auglýsingu í Lögbirtingablaði til að gefa sig fram með hlutabréfin.

Ef hlutir eru ógiltir samkvæmt 2. málsgr. 27. gr. eða leystir inn að fullu, skal félagsstjórn eða skilanefnd ónýta hlutabréfin.

Þegar skipt er um hlutabréf, má félagsstjórn ekki afhenda ný bréf, nema hinum eldri sé skilað, enda skulu þau þá ónýtt.

IV. KAFLI

Greiðsla hlutafjár.

35. gr.

Hlutafé skal að fullu greitt innan eins árs frá skráningu félags.

Þegar vátryggingarhlutafélag á í hlut, nægir þó, að helmingur hlutafjár sé greiddur innan frests samkvæmt 1. málsgr., enda sé sett trygging fyrir greiðslu eftirstöðvanna, sem skráningarstjóri metur gilda.

36. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

Skylt er að greiða andvirði hlutar í reiðufé, nema annað sé heimilt eftir ákvæðum stofnsamnings eða ákvörðun hluthafafundar.

Nú á hlutafélag að taka við atvinnu annars aðila eða öðrum eignum en reiðufé sem greiðslu á hlutafé, og má þá verð það, sem til grundvallar er lagt, ekki fara fram úr matsverði, ákveðnu eftir reglum 9. gr., nema skráningarstjóri veiti undanþágu frá mati.

Hlutafé verður ekki greitt með vinnu, sem ekki er þegar innt af hendi. Kröfu, sem risin er af áskrift, má ekki skuldajafna við kröfu á hendur félaginu, nema félagsstjórn samþykki, enda sé þá ljóst, að skuldajöfnuður verði hvorki hluthöfum né lánardrottnum félagsins til tjóns. Ef hlutafé er hækkað, fer um heimild til skuldajafnaðar eftir ákvörðun hluthafafundar, sbr. 2. tl. 40. gr. og 6. tl. 64. gr.

37. gr.

Ef áskrifandi greiðir ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga, er öll hlutaskuld hans þegar gjaldkræf. Skal félagsstjórn þá annaðhvort heimta skuldina þegar í stað með málssókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutur er afhentur öðrum, veita áskrifanda 14 daga frest til að koma málinu í rétt horf.

Nú hefur hlutur verið afhentur öðrum aðila samkvæmt 1. málsgr., og helzt þá ábyrgð fyrri áskrifanda, unz hluturinn er að fullu greiddur, enda á hann eigi fyrr rétt til endurgreiðslu á þegar greiddu hlutafé.

38. gr.

Félagsstjórn skal innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt 35. gr. tilkynna skráningarstjóra um greitt hlutafé, enda hafi honum ekki áður borizt tilkynning um fulla greiðslu þess. Tilkynningu skal jafnan fylgja yfirlýsing endurskoðenda um, að hlutafé hafi verið greitt, eins og í tilkynningu greinir.

Ef tilkynning berst ekki á réttum tíma eða hlutafé er ekki að fullu greitt, skal skráningarstjóri veita félaginu hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum, þó ekki lengri en 6 mánuði frá lokum frests samkvæmt 35. gr.

Ef hlutur er ekki að fullu greiddur innan frests samkvæmt 2. málsgr., og mál til heimtu andvirðis hans bíður ekki úrlausnar dómstóla, skal félagsstjórn veita áskrifanda kost á hlutum fyrir þegar greiddri fjárhæð, enda sé gætt ákvæða 1. málsliðs 2. málsgr. 29. gr. Hluti, sem svara til ógreiddra eftirstöðva, skal félagsstjórn með bókun í fundargerðabók lýsa ógilda og færa hlutafé niður um þá fjárhæð. Ákvörðun þessa skal tilkynna skráningarstjóra þegar í stað. Þó að hlutur sé ógiltur, ber áskrifandi ábyrgð með fjárhæð hans á þeim skuldbindingum félags, sem stofnað hefur verið til, áður en skráð er lækkun hlutafjár.

Áskrifandi hlutar, sem ógiltur hefur verið samkvæmt 3. málsgr., á ekki rétt til endurgreiðslu á þegar greiddu hlutafé.

Ef ákvæði 3. málsgr. veldur því, að gefa verður út smærri hlutabréf en ákveðið er í félagssamþykktum, skal breyta samþykktunum til samræmis við það.

V. KAFLI

Hækkun hlutafjár.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur hækkunin er gerð innan þeirra marka, sem tiltekin hafa verið í félagssamþykktum, sbr. 2. málsgr. 28. gr., eða með breytingu á félagssamþykktum.

Nýir hlutir skulu veita sama rétt sem eldri, almennir hlutir, nema öðruvísi sé ákveðið í félagssamþykktum.

Þegar hlutafé er hækkað, gilda ákvæði III. og IV. kafla laga þessara, eftir því sem við á.

40. gr.

Hluthafar eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við fyrri hlutaeign sína.

Ákvæði 1. málsgr. gildir þó ekki:

1. Ef fyrri hlutir veita mismunandi rétt til fjárgreiðslu úr hendi félagsins eða misjafnan atkvæðisrétt á hluthafafundum samkvæmt 2. málsgr. 60. gr.
2. Ef hluthafafundur ákveður, að nýja hluti eigi að greiða með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði.

41. gr.

Ef hluthafar hafa eigi komið sér saman um skiptingu allra hinna nýju hluta sín á milli, skal áskrift gerð á áskriftarlista. Áskriftarlisti skal hefjast á útboðsskrá, sem félagsstjórn gerir og skráningarstjóri hefur staðfest. Ákvæði 12. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

Í útboðsskrá skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Samþykkt hluthafafundar um hækkun hlutafjár, sbr. 39. gr.
3. Útboðsfjárhæð. Skal hún annaðhvort ákveðin með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinna marka, enda sé lágmarksfjárhæð ekki lægri en ⅔ hlutar hámarksfjárhæðar.
4. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.
5. Ákvæði um greiðslu nýrra hluta, þar á meðal um gjalddaga.
6. Hvort hluti skuli greiða með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði. Ef svo er, skulu fylgja skilríki þau, sem áskilin eru í 2.—4. málsgr. 36. gr.
7. Reglur um úthlutun nýrra hluta.
8. Hámarksfjárhæð þess kostnaðar af hækkuninni, sem félaginu er skylt að bera, svo og þau atriði önnur, sem getur í 15. tl. 7. gr., eftir því sem við á.
9. Frest til áskriftar, sem ekki má vera skemmri en 14 dagar frá framlagningu áskriftarlista.

Með áskriftarlistum skulu liggja frammi eftirrit félagssamþykkta og reikningar félagsins um síðasta reikningsár.

Ákvæði 14. gr. gilda um útboð og áskrift nýrra hluta, eftir því sem við á.

Aldrei má kostnaður, sem félagi er skylt að bera vegna hækkunar á hlutafé, fara fram úr 5% hlutafjáraukans, að undanteknum stimpilgjöldum og þinglýsingar.

42. gr.

Hækkun hlutafjár verður ekki framkvæmd, nema áskriftir fáist fyrir öllu útboðsfé, ef það er tiltekin fjárhæð, en ella fyrir lágmarksfjárhæð þess.

Nú ber útboð árangur, og skal félagsstjórn þá, svo fljótt sem unnt er að áskriftarfresti liðnum, skipta hlutum meðal áskrifenda og tilkynna þeim bréflega um árangur áskriftar. Hún getur bundið úthlutun skilyrði því, er í 1. málsgr. 16. gr. getur.

Andmæli gegn úthlutun skulu höfð uppi við félagsstjórn án ástæðulauss dráttar, en hún leggur málefnið án tafar fyrir hlutahafafund til úrlausnar. Ályktun hluthafafundar má bera undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 3 mánaða frá því, að aðilja urðu málalok kunn.

43. gr.

Áður en hækkun hlutafjár er skráð samkvæmt 44. gr., skal að minnsta kosti helmingur hlutafjáraukans vera greiddur. Í vátryggingarhlutafélagi nægir þó greiðsla ¼ hluta, enda sé trygging, sem skráningarstjóri metur gilda, sett fyrir öðrum fjórðungi hlutafjáraukans.

44. gr.

Nú hafa hluthafar komið sér saman um skipting allra hinna nýju hluta sín á milli, og skal félagsstjórn þá tilkynna skráningarstjóra hækkun hlutafjár innan tveggja mánaða frá því, að hluthafafundur gerði ályktun um hækkun. Ef útboð hefur fram farið, skal tilkynning send innan tveggja mánaða frá lokum áskriftarfrests samkvæmt 9. tl. 41. gr.

Tilkynning skal gerð á eyðublað, sem skráningarstjóri lætur af hendi. Henni skulu fylgja endurrit skjala þeirra, er að hækkun hlutafjár lúta, svo og vottorð endurskoðenda um að greiðsla hlutafjár samkvæmt 43. gr. hafi farið fram. Ákvæði síðustu málsgreinar 21. gr. og 22. gr., gilda hér, eftir því sem við á.

45. gr.

Hlutafjárauki skal að fullu greiddur innan eins árs, frá því að hækkun var skráð. Í vátryggingarhlutafélagi nægir þó greiðsla helmings hlutafjáraukans innan þess tíma, enda sé sett trygging fyrir eftirstöðvunum, sem skráningarstjóri metur gilda.

Félagsstjórn skal tilkynna skráningarstjóra um greitt hlutafé innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt 1. málsgr., og gilda um það að öðru leyti ákvæði 38. gr.

46. gr.

Rekstrarafé má færa til hækkunar á hlutafé að því tilskildu, að varasjóður félagsins nemi að því loknu ekki minna en 25% af hlutafé, að hækkun meðtalinni.

Þegar samþykkt hefur verið gerð um hækkun hlutafjár samkvæmt 1. málsgr., skal félagsstjórn þegar senda skráningarstjóra tilkynningu um hana. Fylgja skulu tilkynningu eftirrit efnahagsreiknings og rekstrarreiknings svo og vottorð endurskoðenda um, að gætt hafi verið skilyrða 1. málsgr. Ekki má gefa út ný hlutabréf, fyrr en hækkun hefur verið skráð.

VI. KAFLI

Lækkun hlutafjár.

47. gr.

Heimilt er að setja í stofnsamning og félagssamþykktir ákvæði um innlausn hluta samkvæmt tilteknum reglum, sem þar eru greindar. Sams konar ákvæði má setja í samþykkt hlutahafafundar um hækkun hlutafjár, að því er varðar nýja hluti, er samþykktin tekur til.

Innlausn samkvæmt 1. málsgr. er þó því aðeins heimil, að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem svara til skulda, höfuðstóls og lögskylds varasjóðs.

48. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um lækkun hlutafjár innan þeirra marka, sem tiltekin kunna að hafa verið í félagssamþykktum, sbr. 2. málsgr. 28. gr.

49. gr.

Þegar hlutafé er hækkað samkvæmt ákvæðum 39.—45. gr., getur hluthafafundur ákveðið með breytingu á félagssamþykktum, að eldri hlutir séu jafnframt færðir niður án greiðslu til hluthafa, enda nemi hækkun hlutafjár með nýjum hlutum ekki minna en þeirri lækkun, sem niðurfærsla eldri hluta veldur.

50. gr.

Þegar hlutafé er lækkað í öðrum tilvikum en þeim, sem greinir í 2. málsgr. 27. gr., 3. málsgr. 38. gr., og 47.—49. gr., skal það ákveðið í samþykkt hluthafafundar um breytingu á félagssamþykktum. Skal félagsstjórn því næst birta í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum sem gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Að innköllunarfresti liðnum má lækka hlutafé, ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:

1. Að greiddar séu viðurkenndar kröfur, sem í gjalddaga eru fallnar, og trygging sett fyrir öðrum kröfum. Skráningarstjóri sker úr, hvort trygging sé fullnægjandi.
2. Að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem svara til skulda, höfuðstóls og lögskylds varasjóðs.

51. gr.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um lækkun hlutafjár samkvæmt þessum kafla, skal félagsstjórn tilkynna það skráningarstjóra þegar í stað.

Ekki má færa hlutaféð niður né leysa inn hluti, fyrr en skráningarstjóri hefur samþykkt lækkun hlutafjár. Hann skal krefja félagsstjórn gagna um, að fylgt sé réttum reglum um lækkunina, þar á meðal vottorðs endurskoðenda um, að fullnægt sé ákvæðum 2. tl. 2. málsgr. 50. gr.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár fellur úr gildi, ef hún er ekki framkvæmd innan eins árs.

VII. KAFLI
Hluthafafundir.

52. gr.

Hluthafafundur hefur æðsta vald í málefnum félags með þeim hætti, sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafafund skal halda á heimili félags, nema félagssamþykktir heimili annan fundarstað, enda sé hann innanlands.

53. gr.

Þeir hluthafar, sem ekki eru skráðir á hlutabréfaskrá, sbr. 33. gr. og 5. málsgr. 32. gr., njóta ekki réttinda hluthafa gagnvart félaginu til annars en fjárgreiðslu úr hendi þess og forgangs til að skrá sig fyrir hlutum, sbr. 40. gr.

Hluthafi, sem skráður hefur verið á hlutabréfaskrá 5 dögum fyrir hluthafafund, hefur rétt til að sækja hann og taka þátt í fundarstörfum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja fund fyrir sína hönd. Í félagssamþykktum má ákveða, að slíkt umboð verði aðeins falið hluthöfum einum, en að öðru leyti má þar ekki takmarka rétt hluthafa til að láta umboðsmann sækja fund fyrir sína hönd.

Umboð samkvæmt 2. málsgr. gildir ekki lengur en 5 ár í senn.

54. gr.

Félagsstjórn annast kvaðningu til funda. Kveðja skal til fundar með 14 daga fyrirvara hið skemmsta og með þeim hætti, er félagssamþykktir ákveða.

Í kvaðningu til fundar skal greina í aðalatriðum málefni þau, sem þar á að taka til meðferðar. Að því leyti, sem dagskrá aðalfundar er ákveðin í félagssamþykktum, nægir þó að vísa til þeirra.

Nú vill hluthafi bera upp mál á hluthafafundi, og er félagsstjórn þá skylt að geta þess í fundarboði.

Ógildar eru ályktanir hluthafafundar, ef ekki er gætt ákvæða 1. málsgr. um kvaðningu, svo og ályktanir um málefni, sem ekki er getið í fundarboði samkvæmt 2. og 3. málsgr., nema allir hluthafar samþykki.

55. gr.

Félagsstjórn skal að minnsta kosti 14 dögum fyrir fund leggja fram í skrifstofu félagsins dagskrá fundarins og tillögur þær, er upp skal bera, ásamt greinargerð um þær. Með sama hætti skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu félagsstjórnar, áður en aðalfundur er haldinn.

56. gr.

Aðalfund skal halda eftir því, sem félagssamþykktir ákveða, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári og eigi síðar en innan 6 mánaða frá lokum reikningsárs.

Nú lætur félagsstjórn hjá líða að kveðja til aðalfundar, og skal skráningarstjóri þá kveðja til fundarins, ef hluthafi krefst þess. Stýrir skráningarstjóri eða umboðsmaður hans fundi, og er félagsstjórn skylt að afhenda honum þær bækur félagsins og önnur gögn, er hann telur nauðsynleg. Skráningarstjóri getur krafið félagið um greiðslu kostnaðar af kvaðningu þessari og fundarhaldi.

57. gr.

Félagsstjórn getur kvatt til aukafundar, þegar hún telur þess þörf.

Skylt er félagsstjórn að kveðja til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir 1/10 hlutafjár eða meir, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Ef félagsstjórn verður ekki við kröfu þessari innan 14 daga, geta hluthafar þessir krafizt, að skráningarstjóri kveðji til fundarins. Gilda þá ákvæði 2. málsgr. 56. gr. um kvaðningu og fundarhald, eftir því sem við á.

58. gr.

Hluthafafundur er því aðeins lögmætur, að helmingur skráðra hluthafa og þó ekki færri en fjórir sæki fund, enda ráði fundarmenn yfir 2/3 hlutafjár hið minnsta.

Nú er fundur ekki lögmætur samkvæmt 1. málsgr., og er félagsstjórn þá rétt að kveðja til nýs fundar. Um fundarkvaðningu fer að venjulegum hætti, en geta skal þess, að fundurinn sé haldinn í stað þess fundar, sem eigi varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur, ef hann sækja fjórir hluthafar hið fæsta, enda ráði þeir yfir helmingi hlutafjár eða meira.

59. gr.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið í félagssamþykktum, skal formaður stjórnar eða sá, er stjórn nefnir, setja fund og láta kjósa fundarstjóra.

Fundarstjóri annast, að skráð sé í gerðabók það, sem á fundi gerist, og á hver hluthafi rétt til endurrits úr bókinni í síðasta lagi viku eftir fund.

60. gr.

Lágmarkshlutur hver veitir rétt til að greiða eitt atkvæði á hluthafafundi og hærri hlutir hlutfallslega fleiri atkvæði, sbr. 29. gr.

Í félagssamþykktum má ákveða, að tilteknir hlutir skuli hafa meira atkvæðagildi eða minna gagnvart öðrum hlutum en í 1. málsgr. getur, þó ekki frekar en svo, að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira eða minna en verða mundi samkvæmt ákvæðum 1. málsgr.

Enginn getur á hluthafafundi farið með fyrir sjálfs sín hönd og annarra meira en 1/5 hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Ekki veitir hlutur atkvæðisrétt, nema að fullu sé goldið andvirði hans, sem í gjalddaga er fallið, eða fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu þess. Hlutafélagi er ekki heimilt að greiða atkvæði fyrir hluti sjálfs sín, er það kann að hafa eignazt, sbr. 27. gr.

Hlutir, sem getur í 4. málsgr., teljast ekki með, er ákveða skal, hvort fundur sé lögmætur samkvæmt 58. gr., hvort ákveðið hlutafjármagn veiti tilteknar heimildir eða hvort nægilegt hlutafjármagn sé bak við ákvörðun hluthafafundar.

61. gr.

Nú hefur hluthafi eða umboðsmaður hluthafa að gæta sérstakra hagsmuna sín eða annarra við atkvæðagreiðslu, enda velti ákvörðun um málefnið á atkvæði hans, og getur þá hluthafi, sem ekki hefur goldið ákvörðuninni jákvæði, fengið henni

hrundið með dómi, ef hagsmunir félagsins eru í veigamiklum atriðum fyrir borð bornir. Um málshöfðunarfrest gilda ákvæði 69. gr.

62. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum.

Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

63. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til ákvarðana um eftirgreind efni:

1. Að breyta tilgangi félags, sbr. 1. gr.
2. Að skylda hluthafa til að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir umfram skuldbindingar sínar.
3. Að skylda einstakan eða einstaka hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, sbr. 50. gr., eða niðurfærslu samkvæmt 49. gr.
4. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum.
5. Að skerða rétt hluthafa til greiðslu úr hendi félags við slit þess.

Nú nær tillaga um efni, sem getur í 1. eða 3.—5. tölul. fyrri málsgr., samþykki allra, er yfir hlutum ráða á lögmætum hluthafafundi, en allir hluthafar hafa ekki sótt fund, og getur þá félagsstjórn kvatt til nýs fundar um málið. Kveðja skal til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði með 4 mánaða fyrirvara hið skemmsta og greina þar fundarefni. Auk þess skal gæta ákvæða 54. gr. um fundarkvaðningu. Tillagan telst samþykkt, ef allir hluthafar, sem á síðari fundinn koma, gjalda henni jákvæði, enda ráði þeir yfir $^{9}/_{10}$ hlutafjár hið minnsta.

64. gr.

Til þess að gild verði samþykkt hluthafafundar um eftirgreind efni, verða þeir hluthafar, sem gjalda henni jákvæði, að ráða yfir $^{9}/_{10}$ hlutafjár hið minnsta:

1. Að breyta starfsemi félagsins í veigamiklum atriðum.
2. Að breyta ákvæðum um atkvæðisrétt hluthafa.
3. Að skerða rétt hluthafa til arðs.
4. Að breyta ákvæðum um forréttindi eða skyldur, sem hlutum fylgja, eða um jafnrétti hluthafa sín á milli.
5. Að lækka nafnverð hluta almennt án greiðslu til hluthafa samkvæmt 49. gr.
6. Að hækka hlutafé, er greiða á nýja hluti með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði, sbr. 2. tl. 40. gr.
7. Að slíta hlutafélagi með því að sameina það öðru hlutafélagi, sbr. 118. og 119. gr.

65. gr.

Nú hefur samþykkt verið gerð um efni, er um ræðir í 64. gr., og eiga þá þeir hluthafar, sem ekki hafa goldið henni jákvæði, rétt til þess, að þeir hluthafar, er að samþykkt stóðu, leysi til sín hluti þeirra. Krafa um innlausn skal borin fram við stjórn félags innan 14 daga frá því að samþykkt var gerð. Samþykkt samkvæmt 64. gr. tekur ekki gildi, fyrr en innlausn hefur fram farið.

Þegar er krafa samkvæmt 1. málsgr. hefur komið fram, ber félagsstjórn að gera ráðstafanir til, að þeir hluthafar, er að samþykkt stóðu, leysi til sín hluti þessa. Ef innlausn hefur ekki farið fram innan eins mánaðar, frá því að krafa var gerð, fellur samþykkt hluthafafundar úr gildi.

Nú greinir aðilja á um innlausnarverð, og skulu þá dómkvaddir menn meta með hliðsjón af gangverði hluta, ef unnt er, og hag félagsins, áður en samþykkt samkvæmt 64. gr. var gerð. Um mat þetta gilda ákvæði 9. gr., eftir því sem við á. Kostnað af matinu ber félagið. Hluthafi, er krefst innlausnar, skal tilkynna félags-

stjórn innan tveggja vikna, frá því að honum varð kunnugt um mat, hvort hann heldur fram kröfu sinni um innlausn. Innan sama frests skal félagsstjórn tilkynna hluthafa, hvort þeir, er leysa skulu til sín hlutina, kjósi að gera það samkvæmt matinu eða að láta samþykktina niður falla.

Fullnægjufrestur samkvæmt 2. málsgr. framlengist í samræmi við ákvæði 3. málsgr., þegar atvikum er svo háttað, sem þar segir.

66. gr.

Til þess að gild verði samþykkt hluthafafundar um breytingu á félagssamþykktum, að því er varðar önnur atriði en þau, sem talin eru í 63. og 64 gr., verða þeir hluthafar, sem gjalda henni jákvæði, að ráða yfir ⅔ hlutafjár hið minnsta.

67. gr.

Nú þarf aukið atkvæðamagn samkvæmt 63. og 64. gr. til samþykktar tillögu, en sá eða þeir hluthafar, sem vernda átti með ákvæðum þessum, gjalda tillögunni jákvæði, og telst hún þá samþykkt með einföldum meiri hluta atkvæða.

68. gr.

Þegar tillaga hefur komið fram á hluthafafundi um málefni, sem getur í 63., 64. eða 66. gr., eða um samþykkt ársreikninga, geta hluthafar, er ráða yfir ⅕ hlutafjár, fengið ákvörðun um málefnið frestað til framhaldsfundar, þó ekki lengur en eina viku. Nægilegt er að tilkynna á fundinum, hvar og hvenær framhaldsfundur skuli haldinn.

69. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta og vill hnekkja henni með dómi, og skal ógildingarmál þá höfðað innan 3 mánaða frá því, að honum varð ályktun kunn, en þó í síðasta lagi innan 18 mánaða frá því, að ályktun var gerð.

VIII. KAFLI

Félagsstjórn og framkvæmdarstjórar.

70. gr.

Félagsstjórn skal skipuð þremur mönnum hið fæsta, kjörnum á aðalfundi. Heimilt er að kjósa varastjórn með sama hætti. Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfallskosningu. Kjörtími stjórnenda skal haldast til tiltekins aðalfundar, þó ekki lengur en til þriðja aðalfundar eftir kjör þeirra.

Hluthafafundur getur ákveðið, að stjórnandi víki úr stjórn, þó að kjörtími hans sé ekki liðinn. Stjórnandi getur og hvenær sem er sagt starfi sínu lausu.

Nú hverfur stjórnandi úr starfi, og skal þá, ef varastjórnandi tekur ekki sæti hans, þegar kveðja til hluthafafundar og kjósa stjórnanda í hans stað út kjörtímabilið. Kosningu má þó fresta til næsta aðalfundar, ef þrír menn hið fæsta eru eftir í stjórn.

71. gr.

Stjórnandi félags skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Vera íslenzkur ríkisborgari. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði um einn stjórnanda.
2. Vera lögráða og fjár síns ráðandi.
3. Hafa óflekkað mannorð.
4. Eiga hlut í félaginu eða vera stjórnandi eða framkvæmdarstjóri félags, stofnunar eða annars ópersónulegs aðilja, sem hlut á í félaginu.

Meiri hluti stjórnenda skal vera búsettur hér á landi.

72. gr.

Ef félagsfundur hefur ekki ákveðið, hver vera skuli formaður félagsstjórnar, kjósa stjórnendur hann úr sínum hópi. Formaður má hvorki vera framkvæmdarstjóri né starfsmaður félagsins.

73. gr.

Formaður kveður til stjórnarfundar, þegar ástæða er til. Hann skal og jafnan kveðja til fundar, ef einhver stjórnenda eða framkvæmdarstjóri æskir þess.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda sækir fund. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi. Í félagssamþykktum má ákveða aukinn meiri hluta um fundarsókn og atkvæðamagn.

Nú verða atkvæði jöfn við kosningar, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

Félagsstjórn heldur gerðabók, er í skulu skráðar ályktanir og meginatriði annars þess, sem á fundi gerist. Hver stjórnandi og framkvæmdarstjóri á rétt til að fá þar skráð sérálit sitt.

74. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félags lögum samkvæmt. Henni er skylt að hlíta fyrirmælum félagssamþykkta og hluthafafunda, nema að því leyti sem þau kunna að brjóta í bága við lög. Hún skal annast um, að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, svo og fylgjast með því, að framkvæmdarstjóri gegni skyldum sínum. Skylt er hverjum stjórnanda að afla sér vitneskju um atriði, sem hér að lúta. Sérstaklega ber formanni að kynna sér bókhald félagsins að staðaldri og staðreyna, að eignir þess séu þar rétt taldar.

75. gr.

Félagsstjórn er óheimilt, nema að fengnu samþykki hluthafafundar, að kaupa eða selja fasteignir, skip og önnur atvinnutæki eða verðmæti, ef eignir þessar eru notaðar eða á að nota í rekstri félagsins og mega teljast þýðingarmiklar í því sambandi.

Þegar tillaga um efni, sem getur í 1. málsgr., er lögð fyrir hluthafafund, skal félagsstjórn láta fylgja henni rökstudda álitsgerð endurskoðenda félagsins um það, hvort telja megi fyrirhugaða ráðstöfun hagkvæma félaginu. Skal endurskoðendum veitt óhindrað færi á að kynna sér þau gögn, er þeir telja sér nauðsynleg í þessu starfi.

76. gr.

Félagsstjórn ræður framkvæmdarstjóra í samræmi við ákvæði félagssamþykkta. Ráða má fleiri en einn framkvæmdarstjóra, ef telja verður einum manni ofvaxið að rækja starfið.

Framkvæmdarstjóri skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Hann skal og vera heimilisfastur hér á landi, nema hann veiti forstöðu útibúi félagsins erlendis. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um íslenzkan ríkisborgararétt.

77. gr.

Framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur félagsins. Hann hefur eftirlit með starfsmönnum þess og fjárreiðum, stjórnar bókhaldi þess og ber ábyrgð á því.

Framkvæmdarstjóri skal þegar í stað kynna félagsstjórn þau atriði, sem mikilvæg eru fyrir rekstur félagsins, og leita ákvarðana hennar um málefni, sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar.

Framkvæmdarstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þó að eigi sé hann stjórnandi, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Hefur hann þar umræðu- og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt stjórnandi.

Ef framkvæmdarstjóri er eigi ráðinn, hvíla skyldur samkvæmt 1. málsgr. á félagsstjórn.

78. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdarstjóra er skylt að koma á hluthafafundi og veita skýrslu um þau atriði, er hluthafar óska, nema ætla megi, að það sé félaginu til tjóns, en þá skal, ef hluthafi óskar, endurskoðendum gefin skýrsla um málið innan viku. Endurskoðendur skulu því næst innan viku láta í té skriflegt álit um það, hvort skýrsla félagsstjórnar veiti efni til athugasemda eða til breytingar á fyrri staðfestingu þeirra á ársreikningi, sbr. 97. gr. Ef svo er, skal sú athugasemd eða breyting greind í álitinu.

79. gr.

Stjórnanda félags er óheimilt að greiða atkvæði á stjórnarfundi um samningsgerð milli hans og félagsins eða um málshöfðun gegn honum. Félagsstjórn ein getur fyrir hönd félags gert samning við framkvæmdarstjóra þess. Framangreind ákvæði gilda einnig um samningsgerð við aðra aðilja og málshöfðun, ef stjórnandi eða framkvæmdarstjóri hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

80. gr.

Nú er stjórnanda eða framkvæmdarstjóra áskilin ágóðaþóknun, og má þá ekki miða hana við hærri tekjur en hreinan ársarð, eftir að frá er dreginn tekjuhalli fyrri ára svo og framlög til varasjóðs og skattgreiðslu samkvæmt 2. málsgr. 91. gr.

81. gr.

Félagsstjórn skuldbindur félag samkvæmt lögum og samþykktum þess, sbr. 17. tl. 10. gr.

Félagsstjórn ein getur veitt prókúruumboð. Prókúruhafi skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um íslenzkan ríkisborgararétt.

82. gr.

Félagsstjórn skal tafarlaust tilkynna skráningarstjóra:

1. Kjör stjórnenda, nöfn þeirra og heimilisfang.
2. Ráðning framkvæmdarstjóra og prókúruhafa, nöfn þeirra og heimilisfang.
3. Hvernig háttað er nafnritun undir skuldbindingar félagsins.
4. Atvik, sem valda eiga félagsslitum samkvæmt 1., 2., 3.b. og 5. tl. 1. málsgr. 102. gr.
5. Breytingar, er kunna að verða á atriðum, sem skylt er að tilkynna skráningarstjóra samkvæmt lögum þessum.

Nú telur skráningarstjóri tilkynningu samkvæmt 1. málsgr. ekki fullnægjandi, og skal hann þá veita hæflegan frest til að bæta úr annmörkum.

IX. KAFLI

Reikningsskil og ráðstöfun arðs.

83. gr.

Reikningsár hlutafélags skal vera 12 mánuðir. Almanaksár er reikningsár, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum. Fyrsta reikningsár eftir félagsstofnun má vera lengra eða skemmra en 12 mánuðir, en þó ekki lengra en 18 mánuðir. Sama gildir um fyrsta reikningsár, eftir að upphafstíma þess hefur verið breytt.

84. gr.

Að reikningsári loknu semur og undirritar félagsstjórn og framkvæmdarstjóri ársreikning hlutafélags, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun á arði félagsins.

Ársreikningur og tillaga um ráðstöfun arðs skulu afhent endurskoðendum eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund.

Félagsstjórn leggur ársreikning, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun arðs fyrir aðalfund, eftir að endurskoðendur hafa áritað reikninginn og látið uppi álit um tillöguna og gætt hefur verið fyrirmæla 55. gr. um framlagningu gagna þessara.

85. gr.

Í ársreikningi skal vera rekstrarreikningur og efnahagsreikningur. Þeir skulu vera nákvæmir, nægjanlega sundurliðaðir og að öllu leyti fullnægja ákvæðum laga um bókhald.

86. gr.

Í ársskýrslu skal gera nánari grein en fram kemur í ársreikningi fyrir rekstri og hag félagsins á liðnu reikningsári. Því skal og lýst, ef atvik hafa gerzt fyrir eða eftir lok reikningsárs, sem hafa haft eða ætla má að hafi veruleg áhrif á rekstur félagsins eða efnahag.

87. gr.

Hlutafélag skal leggja fé í varasjóð. Með þeirri undantekningu, er greinir í 2. málsgr. 89. gr., má eingöngu nota sjóðinn til að vinna upp tap, sem orðið hefur á rekstri félagsins samkvæmt samþykktum efnahagsreikningi, enda sé ekki unnt að jafna hallann með tekjuafgangi síðasta reikningsárs eða öðrum eignum félags en varasjóði.

88. gr.

Í varasjóð skal leggja, þegar skilyrði eru fyrir hendi:

1. Tíu hundraðshluta af hreinum arði síðasta reikningsárs, eftir að jafnaður hefur verið halli fyrri ára og hæfilegt fé tekið frá til greiðslu áætlaðra skatta til ríkis og sveitarfélags vegna rekstrar félagsins á reikningsárinu.
2. Ef hluthöfum er greiddur hærri ársarður af hlutum þeirra en 6%, skal leggja í varasjóð fjárhæð, er ekki sé lægri en samanlögð arðsúthlutun umfram 6%.
3. Ef félag hefur fengið meira en nafnverð fyrir hluti, þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað, skal fé það, sem greitt var umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að því leyti, sem því er ekki varið til greiðslu á kostnaði af stofnun félags eða hækkun hlutafjár.
4. Óendurkræft andvirði hlutar, sem ógiltur hefur verið samkvæmt ákvæðum 38. gr.

89. gr.

Þegar varasjóður hefur náð 25% hlutafjár, mega framlög til hans samkvæmt 1. og 2. tl. 88. gr. lækka um helming. Þegar hann hefur náð 50% hlutafjár, mega framlög samkvæmt 1.—3. tl. 88. gr. falla niður. Greiðslur til varasjóðs samkvæmt 88. gr. skulu þó haldast, ef skuldir félagsins við lánardrottna þess nema meira en samanlögðum fjárhæðum hlutafjár og varasjóðs. Til skulda í þessu sambandi teljast ekki föst lán, sem greiðast eiga á 5 árum eða lengri tíma, að því leyti sem þau eru fulltryggð með veði.

Nú nemur varasjóður hærri fjárhæð en skylt er samkvæmt 1. málsgr., og má þá verja árlega úr sjóðnum allt að 20% af því, sem umfram er, til annarra nota en segir í 87. gr.

90. gr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun arðs.

Hluthafafundur getur ráðstafað til almenningsheilla eða í góðgerðaskyni hæfilegum fjárhæðum, miðað við efnahag félagsins, enda þótt það falli utan tilgangs þess eða starfsemi.

Félagsstjórn er og heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum í sama skyni og með sama skilorði, sem í 2. málsgr. getur.

91. gr.

Úthlutun arðs til hluthafa má ekki fara fram úr því, sem félagsstjórn hefur lagt til samkvæmt 84. gr., sbr. þó 92. gr. Ekki má úthlutun vera hærri en viðhlítandi sé, miðað við ástæður félags og afkomuhorfur á hverjum tíma.

Óheimilt er að úthluta arði, fyrr en jafnaður hefur verið tekjuhalli fyrri ára, skyld framlög lögð í varasjóð og fé tekið frá til skattgreiðslu samkvæmt 1. tl. 88. gr.

Nú nemur varasjóður ekki 25% af skráðu hlutafé, og má þá ekki greiða hærri ársarð en 6% af greiddu hlutafé.

92. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir ⅕ hlutafjár hið minnsta, eiga rétt til að úthlutað sé arði með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að úthlutun arðs fari ekki fram úr helmingi af hreinum tekjuafgangi síðasta reikningsárs, eftir að jafnaður hefur verið halli fyrri ára og frá hafa verið dregin skyld framlög til varasjóðs og til greiðslu áætlaðra skatta, sbr. 1. tl. 88. gr.
2. Að úthlutun arðs fari ekki fram úr 5% af skuldlausum eignum félagsins.

93. gr.

Félagsstjórn skal innan mánaðar frá aðalfundi senda skráningarstjóra ársreikning félags og ársskýrslu ásamt skýrslu um, hvernig arði hafi verið ráðstafað. Fylgja skal endurrit úr gerðabók varðandi atkvæðagreiðslu um ársreikning og ráðstöfun arðs.

X. KAFLI

Endurskoðun.

94. gr.

Endurskoðendur, tveir eða fleiri, skulu endurskoða ársreikning félags og rækja önnur þau störf, sem þeim eru falin í lögum þessum.

Endurskoðendur skulu kjörnir á aðalfundi til eins eða tveggja ára í senn. Heimilt er að kjósa varaendurskoðendur með sama hætti.

Hluthafahópur, sem ræður yfir meira en ⅓ hlutafjár, hefur rétt til að ráða vali eins endurskoðanda.

95. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið, að endurskoðandi láti af starfi, þó að kjörtími hans sé ekki liðinn. Endurskoðandi, sem kjörinn hefur verið samkvæmt 3. málsgr. 94. gr., verður ekki látinn víkja úr starfi, nema meiri hluti þess hluthafahóps, sem kaus hann, sé því samþykkur.

Ef endurskoðandi gegnir ekki starfi sínu út kjörtímann vegna brottvikningar, forfalla eða annarra ástæðna, og varamaður tekur ekki sæti hans, skal félagsstjórn annast um, að nýr endurskoðandi verði kjörinn í hans stað út kjörtímabilið.

96. gr.

Endurskoðandi hlutafélags skal vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Hann skal hafa nauðsynlega þekkingu á bókhaldi og atvinnurekstri, miðað við starfsemi félagsins.

Endurskoðandi má ekki vera stjórnandi félags, framkvæmdarstjóri þess eða starfsmaður. Ekki má hann vera í þjónustu stjórnanda, framkvæmdarstjóra, skrifstofustjóra, bókara eða gjaldkera félags né heldur maki þeirra, skyldur þeim eða mægður að feðgatali eða niðja eða að fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Skráningarstjóri getur krafizt þess, að einn endurskoðenda sé löggiltur, ef rekstur félags er víðtækur eða sérstaklega stendur á að öðru leyti.

97. gr.

Endurskoðendum er skylt að kynna sér vandlega bókhald félagsins ásamt fylgiskjölum og kanna sjóði þess og aðrar fjárreiður. Félagsstjórn og framkvæmdarstjóri skulu veita þeim óskoraðan aðgang að bókum félagsins og öðrum gögnum og veita þeim hverja þá vitneskju, sem þeir telja sér nauðsynlega í starfi sínu.

Í áritun á ársreikning eða í sérstakri skýrslu til aðalfundar skulu endurskoðendur gera glögga grein fyrir öllu því, sem þeir kunna að telja áfátt, þar á meðal, ef þeir hafa orðið þess varir, að starfsemi félags sé ekki í samræmi við ákvæði laga eða félagssamþykkta. Jafnan skulu þeir votta um eftirgreind atriði:

1. Hvort ársreikningur sé í samræmi við bækur félagsins.
2. Hvort bókhald félagsins sé fullnægjandi.
3. Að endurskoðendur hafi sannreynt, að félagið eigi þær eignir, sem taldar eru í ársreikningi.
4. Hvort eignir félags séu skráðar á ársreikningi samkvæmt góðri verzlunartízku svo og hvort skuldbindingar þess séu þar rétt fram taldar.
5. Að endurskoðendur hafi fengið alla þá vitneskju um hag félagsins, sem þeir óskuðu eftir.
6. Hvort endurskoðendur mæli með samþykkt ársreiknings.

98. gr.

Skylt er endurskoðanda að koma á hluthafafund, ef félagsstjórn, framkvæmdarstjóri eða hluthafi æskir þess, og gera þar grein fyrir endurskoðun sinni og álitsgerðum, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni félagsins.

Gæta skal endurskoðandi þagnarskyldu um það, sem hann kemst að í starfi sínu.

99. gr.

Rétt á endurskoðandi til hæfilegrar þóknunar fyrir starf sitt. Aldrei má ákveða laun hans sem tiltekinn hluta af ágóða félags.

100. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra tafarlaust kjör endurskoðenda. Ákvæði 2. málsgr. 82. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

XI. KAFLI
Félagsslit.

101. gr.

Um skyldu hlutafélags til að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti.

Nú verða eignir afgangs, eftir að allar kröfur hafa verið greiddar, og úthlutar skiptaráðandi þeim þá til hluthafa, sbr. 1. málsgr. 111. gr., nema lögmæltur hluthafafundur ákveði að halda starfsemi félagsins áfram, enda sé lögmæltum skilyrðum til þess fullnægt.

Þegar skiptum lýkur, án þess að félag taki upp starfsemi af nýju, telst félaginu slitið.

102. gr.

Slíta skal hlutafélagi:

1. Ef hluthafar, sem fullnægja skilyrðum 26. gr., sbr. 4. gr., verða færri en sjö.
2. Ef félag hefur ekki þrjá stjórnendur hið fæsta, er fullnægja skilyrðum 71. gr., sbr. 70. gr.
3. a. Ef hlutafé er ekki að fullu greitt eða löglega fært niður samkvæmt 2. málsgr. 27. gr. eða 38. gr.
   b. Ef hlutafé er ólöglega skert með greiðslu til hluthafa.

4. Ef félag hefur ekki sent skráningarstjóra samþykktan ársreikning þrjú undanfarin reikningsár.
5. Ef starfstími félags er liðinn eða hlutverki þess lokið samkvæmt ákvæðum félagssamþykkta.
6. Ef hluthafi eða annar aðili á rétt til þess samkvæmt ákvæðum félagssamþykkta eða samningi, að félagi sé slitið, enda hafi hann krafizt þess.

Þegar skráningarstjóri hefur fengið vitneskju um atvik, sem greinir í 1., 2., 3. b., 4 og 5. tl. 1. málsgr., skal hann veita félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf. Nú er rekstri félags haldið áfram, eftir að sá frestur eða frestir samkvæmt 2. málsgr. 27. gr. eða 38. gr. eru liðnir, og ábyrgjast þá þeir, sem með vitund um skyldu til félagsslita gera samning fyrir hönd félags eða standa að samningsgerð, einn fyrir alla og allir fyrir einn efndir hans auk félagsins.

103. gr.

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um félagsslit, sbr. 62. gr. og 7. tl. 64. gr. Félagsstjórn skal þegar í stað tilkynna skráningarstjóra þá ákvörðun.

Nú ákveður hluthafafundur félagsslit með þeim hætti að afsala eignum félags í heild til annars aðila, og skal þá tillaga félagsstjórnar um afsalsgerninginn, nákvæm skýrsla um endurgjald og aðra skilmála og álitsgerð endurskoðenda um ráðstöfunina liggja frammi til sýnis hluthöfum lögmæltan tíma fyrir fundinn, sbr. 55. gr. Ef hluthafar, sem ráða yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjár hið minnsta, krefjast þess, skal meta eignir félags og atvinnu samkvæmt ákvæðum 9. gr., áður en ákvörðun er tekin, og matsgerð liggja frammi, svo sem fyrr segir.

104. gr.

Þegar félagsslit eiga fram að fara samkvæmt ákvæðum 102. eða 103. gr., skal hluthafafundur kjósa skilanefndarmenn, einn eða fleiri, til þess að fara með mál félags, meðan á félagsslitum stendur, enda hafi hluthafafundur ekki ákveðið að fá skiptaréttí bú félagsins til meðferðar. Hluthafahópur, sem ræður yfir meira en $\frac{1}{3}$ hlutafjár, hefur rétt til að ráða vali eins skilanefndarmanns. Skilanefndarmaður skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Meiri hluti skilanefndarmanna skal vera búsettur hér á landi.

Hluthafafundur skal kjósa tvo eða fleiri endurskoðendur félagsslita, og gilda ákvæði X. kafla laganna um þá, eftir því sem við á.

105. gr.

Nú kýs hluthafafundur ekki skilanefnd, þegar svo er ástatt, sem segir í 1.—5. tölulið 102. gr. eða 103. gr., og skal þá skráningarstjóri krefjast þess, að skiptaréttur taki bú félagsins til opinberra skipta. Ef atvikum er svo háttað, sem segir í 6. tölulið 102. gr., getur aðili, er þar greinir, krafizt opinberra skipta.

Ef skilanefndarmaður hverfur úr starfi, og hluthafafundur kýs ekki mann í hans stað, skal svo fram fara sem segir í 1. málsgr.

Skiptaréttur á úrlausn þess, hvort skilyrði opinberra skipta séu fyrir hendi.

106. gr.

Skilanefnd skal þegar í stað tilkynna skráningarstjóra kjör sitt og hvernig undirskriftum sé hagað. Í undirskrift skal halda nafni félagsins óbreyttu og þess getið, að skilanefnd fari með stjórn þess. Ákvæði 2. málsgr. 82. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

107. gr.

Skilanefnd kemur í stað félagsstjórnar og framkvæmdarstjóra og hefur sams konar rétt og skyldur, að því leyti sem við á. Með sama hætti skal fara eftir ákvæðum laganna um hluthafafundi og reikningsskil, meðan skilanefnd fer með mál félags.

Ef hluthafafundur ákveður afsal á eignum félags í heild, eftir að skilanefnd hefur verið kosin, gilda ákvæði 2. málsgr. 103. gr., þó þannig, að skilanefnd kemur í stað félagsstjórnar.

Ef það kemur í ljós, meðan á félagsslitum stendur, að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum, ber skilanefnd, ef ekki er farið eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 19/1924, að afhenda bú félagsins skiptarétti til gjaldþrotaskipta.

108. gr.

Skilanefnd gerir, svo fljótt sem unnt er, rekstrarreikning um tímabil það, sem liðið er frá síðustu reikningsskilum, svo og efnahagsreikning við upphaf félagsslita. Skylt er fráfarandi félagsstjórn og framkvæmdarstjóra að veita alla nauðsynlega aðstoð við reikningsgerð þessa.

109. gr.

Skilanefnd skal birta í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

110. gr.

Þegar innköllunarfrestur er liðinn, skuldir hafa verið greiddar eða næg trygging sett að dómi skráningarstjóra og lokið er að koma eignum félags í verð, skal skilanefnd gera skýrslu um störf sín og frumvarp að úthlutunarskrá til hluthafa eða annarra, sem við eignum eiga að taka. Greiðsla til hluthafa skal vera í réttu hlutfalli við hlutaeign þeirra, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

Eftir að aflað hefur verið álits endurskoðenda um skýrslu skilanefndar og frumvarp að úthlutunarskrá, skal nefndin leggja hvort tveggja fyrir hluthafafund til samþykktar.

111. gr.

Skilanefnd annast greiðslur samkvæmt úthlutunarskrá, eftir að úthlutun hefur verið ákveðin til fullnaðar.

Ef hluthafa eða öðrum hefur verið greitt meira en honum ber, skal hann endurgreiða það, enda ábyrgjast skilanefndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn endurheimtuna.

112. gr.

Ágreining um skuldakröfur, skiptingu félagseigna og kostnað af félagsslitum má bera undir skiptarétt, þar sem félag á heimili, enda sé um ágreining að ræða, sem bæri undir skiptarétt við opinber búskipti.

Nú rís ágreiningur um málefni, sem í 1. málsgr. getur, og skal hann þá borinn undir dómstóla innan 6 vikna, frá því að skilanefnd tilkynnti aðilja véfengingu eða honum varð véfenging á annan hátt kunn.

113. gr.

Ef aðili vitjar ekki fjárhæðar, sem í hlut hans hefur komið, skal hún falin Landsbanka Íslands til geymslu, sbr. 51. gr. laga nr. 10/1928, og skal það tilkynnt aðilja, ef unnt er. Fjárhæðin verður eign ríkissjóðs, ef hennar er ekki vitjað innan 10 ára, frá því að hún var afhent bankanum.

114. gr.

Þegar skilanefnd hefur lokið greiðslum samkvæmt 111. gr. eða lagt fé í geymslu samkvæmt 113. gr., skal hún tafarlaust tilkynna skráningarstjóra, að félaginu sé slitið. Tilkynningu skal fylgja eintak af úthlutunarskrá, kvittanir fyrir greiðslum eða eftirrit þeirra svo og geymsluskírteini, ef um þau er að ræða.

Skilanefnd sendir skráningarstjóra bækur félags og gögn, en hann varðveitir þau 10 ár frá félagsslitum hið skemmsta.

Um 38. gr.

1. og 2. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. málsgr. eru nýmæli um ógildingu hlutar, sem ekki fæst greiddur, sbr. 37. gr. Vegna ákvæðisins um, að áskrifandi skuli eiga þess kost að fá hlutabréf fyrir þeim hluta, sem þegar er greiddur, mun þó væntanlega sjaldan koma til ógildingar á öðru en eftirstöðvum. Ef lækkun hlutafjár vegna ógildingar leiðir til þess, að hlutaféð nemur lægri fjárhæð en 20 þús. króna, sbr. 28. gr., ber að slíta félagi, sbr. 3. tl. a. 102. gr. Þótt samband áskrifanda við hlutafélag rofni við ógildingu þessa, þykir rétt, vegna hagsmuna skuldheimtumanna, að hann beri ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem til hafa orðið, áður en skráð er lækkun hlutafjár vegna ógildingarinnar. Svo þykir og ekki rétt vegna hagsmuna skuldheimtumanna félags, að þegar greitt hlutafé sé endurkræft. Óafturkræf greiðsla upp í hlut skal renna í varasjóð, sbr. 4. tl. 88. gr.

Um V. kafla.

Ákvæði núgildandi laga um hækkun hlutafjár eru ófullkomin. Er því nauðsyn að setja ýtarlegri ákvæði um þau efni. Um hækkun hlutafjár koma að miklu leyti til greina sömu sjónarmið og um stofnun félags. Þarf hér sem fyrr að tryggja, að félagið fái raunveruleg verðmæti sem greiðslu á hlutafé og að þeir, er vilja gerast áskrifendur að nýju hlutafé, eigi kost á nauðsynlegri vitneskju um hag félagsins, áður en þeir taka ákvörðun sína. Þá eru og hér settar reglur til þess að tryggja, svo sem unnt er, hag eldri hluthafa í félagi.

Um 39. gr.

Þó að heimilt sé að hækka hlutafé innan tiltekinna marka, sbr. 2. málsgr. 28. gr., þykir rétt, að hluthafafundur taki hverju sinni ákvörðun um, hvort hækkun skuli koma til framkvæmdar. Til þeirrar ályktunar nægir einfaldur meiri hluti. Ef hækkun hlutafjár er ekki framkvæmd innan marka samkvæmt 2. málsgr. 28. gr., gilda um atkvæðamagn ákvæði 66. gr. Þó er þess að gæta, að jafnan, er greiða á nýja hluti með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði, þarf til slíkrar ákvörðunar atkvæðamagn samkvæmt 6. tl. 64. gr.

Um 40. gr.

Rétt þykir, að eldri hluthöfum sé tryggð sama eða svipuð aðstaða í félagi, þótt nýjum hlutum sé bætt við. Þá telst og rétt, að eldri hluthafar njóti forgangs til þess hagnaðar, sem útgáfa nýrra hluta getur veitt, er félag býr við góðan fjárhag. Til þess að tryggja þetta hvort tveggja, er það nýmæli sett í upphafsákvæði greinarinnar, að eldri hluthafar skuli eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við fyrri hlutaeign sína.

Hins vegar veitir ákvæðið ekki hluthafa frekari forgangsrétt, þótt aðrir hluthafar neyti ekki réttar síns samkvæmt ákvæðinu. Þessi réttur verður ekki skertur með ákvæðum í félagssamþykktum eða samþykkt hluthafafundar, en hins vegar eru gild ákvæði félagssamþykkta, er veita kunna ríkari forgangsrétt.

Frá framangreindri reglu verður þó að gera undantekningar þær, er greinir í 1. og 2. tl. 2. málsgr. Þegar eldri hlutir veita misjafnan rétt til fjárgreiðslu, þykir ekki rétt, að þeim fylgi jafn réttur til nýrra hluta, og einnig mundi það geta valdið röskun á valdaaðstöðu í félagi, ef eldri hlutir með misjafnan atkvæðisrétt samkvæmt 2. málsgr. 60. gr. hefðu sama forgangsrétt til nýju hlutanna. Loks verður forgangsréttur ekki framkvæmanlegur, þegar greiða á nýja hluti með öðrum verðmætum en reiðufé eða með skuldajöfnuði. Heppilegt er, að félagssamþykktir hafi ákvæði um skipan þessara mála.

Um 41. gr.

Ef eldri hluthafar skipta öllum nýjum hlutum sín á milli, þykir ekki ástæða til áskriftar á sérstaka áskriftarlista, enda eiga þeir kost á vitneskju um hag fé-

Um 34. gr.

Þar sem hlutabréf eru viðskiptabréf, er nauðsynlegt að tryggja eftir föngum, að allar breytingar á skráðu nafnverði þeirra verði ritaðar á bréfin og að hlutabréf, sem ekki veita lengur réttindi, séu ónýtt. Að vísu kann svo að fara, þegar hlutir eru færðir niður, að öll hlutabréf komi ekki fram, en ekki njóta eigendur þeirra eða síðari framsalshafar frekari réttar fyrir það. Ef hlutabréf hefur glatazt, koma að sjálfsögðu til greina almennar reglur um ógildingu slíkra bréfa.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum eru ýmis nýmæli, sem eiga að veita aukna tryggingu fyrir því, að félagið fái fullgild verðmæti í samræmi við það, sem skráð hefur verið um hlutaféð.

Um 35. gr.

Hér er sett nýtt ákvæði um eins árs frest til greiðslu hlutafjár, sbr. og 20. gr., enda verður að teljast óheppilegt, að innheimta þess sé ótímabundin. Um vátryggingarhlutafélög er þó gerð undantekning, sbr. athugasemd við 20. gr.

Um 36. gr.

Til þess að koma í veg fyrir rýrnun hlutafjár, er bannað, að greiðsla hlutar nemi minna en nafnverði hans. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að hlutur sé greiddur hærra verði, en umframgreiðslan rennur þá í varasjóð, sbr. 3. tl. 88. gr.

Aðalreglan er sú, að hlutafé verði að greiða í reiðufé. Ef ákveðið er í upphafi, að hlutafé megi greiða með öðrum hætti, þarf að geta þess í stofnsamningi og láta framkvæma sérstakt mat, nema skráningarstjóri veiti undanþágu, sbr. 8. tl. 7. gr. og athugasemdir við þá grein. Ef hlutafé er síðar hækkað, hvort heldur er innan marka, sbr. 2. málsgr. 28. gr. og 39. gr., eða eigi, verður heimild til að greiða með öðru en reiðufé jafnan að vera ákveðin af hluthafafundi. Ákvörðun um þetta verður þó aðeins gerð með atkvæðamagni samkvæmt 6. tl. 64. gr.

Sömu rök, sem getið er í athugasemdum við 8. tl. 7. gr. og 9. gr., liggja að baki ákvæðum 3. málsgr., enda er jafnan nauðsynlegt, er greiða á hlutafé með öðru en reiðufé, að tryggja félaginu fullgilda greiðslu.

Ákvæði 4. málsgr. um, að hlutafé verði ekki greitt með vinnu, sem ekki er þegar innt af hendi, á einnig að koma í veg fyrir, að óviss verðmæti séu tekin gild sem greiðsla á hlutafé, og er ákvæði þetta ófrávíkjanlegt. Síðara ákvæði málsgreinarinnar um bann við skuldajöfnuði byggist á því, að sá, er lofað hefur hlutafjárframlagi, á ekki að hafa betri aðstöðu gagnvart félaginu um greiðslu kröfu en aðrir skuldheimtumenn, ef félagið kemst í fjárþrot. Ef allt er með felldu um fjárhag félagsins, á skuldajöfnuður þó ekki að geta valdið tjóni, og er stjórn þá heimilt að samþykkja skuldajöfnuð. Þegar hlutaféð er hækkað, getur stundum staðið þannig á, að skuldheimtumönnum sé heimilað að fá hluti í félaginu gegn því, að þeir lækki eða kvitti kröfur sínar á hendur því. Þykir rétt að leyfa slíkan skuldajöfnuð, enda sé hann ákveðinn af hluthafafundi í sambandi við hækkunina, og er þá krafizt aukins atkvæðamagns, sbr. 6. tl. 64. gr.

Um 37. gr.

Hér er lýst reglum, er gilda, þegar vanskil verða á greiðslu hlutafjár. Getur félagsstjórn valið milli tvenns: að heimta hlutarskuld með málssókn eða svipta fyrri áskrifanda rétti til hlutarins og afhenda hann öðrum aðila, er hún samþykkir.

Ákvæði 2. málsgr. um ábyrgð fyrri áskrifanda eru sett til þess, að ekki skerðist réttur skuldheimtumanna félags, og ekki þykir rétt, að hann geti krafizt endurgreiðslu á þegar greiddu hlutafé, fyrr en hlutur hefur verið að fullu greiddur af öðrum.

Um 28. gr.

Í 1. málsgr. er ákveðið um mynt hlutafjár svo og um lágmarksfjárhæð þess. Vegna breytinga á peningagildi hefur þótt rétt að hækka lágmarksfjárhæðina frá núgildandi lögum, enda hníga öll rök að því, að hlutafélög verði einungis mynduð um talsvert fjármagn. Til samanburðar má geta þess, að lágmarksfjárhæðin samkvæmt dönsku hlutafélagalögunum er d. kr. 10 000, samkvæmt sænskum lögum s. kr. 5000.00, eftir norskum lögum n. kr. 3000.00 og eftir svissneskum lögum sv. fr. 50 000.00.

Ákvæði 2. málsgr. miða að því að létta að nokkru lækkun og hækkun hlutafjár, en rétt þykir þó að sú heimild sé takmörkunum bundin, bæði um hlutfall milli hámarks- og lágmarksfjárhæðar og um tíma þann, er heimildin gildi.

Um 29. gr.

Fjárhæð hluta má vera misjöfn, en hins vegar þykir rétt vegna ákvæða frumvarpsins um atkvæðagreiðslu, sbr. 60. gr., að fjárhæð þeirra sé ákveðin með þeim hætti, er segir í 1. málsgr.

Ekki þykir ástæða til að form hlutafélaga sé notað, nema fjárframlög nemi a. m. k. 100 krónum frá hverjum aðilja. Frá þessu verður þó að gera þær undantekningar, sem greinir í 2. málsgr., þar sem afdráttarlaus regla um tiltekna lágmarksfjárhæð mundi valda miklum örðugleikum um framkvæmd í þeim tilvikum, er 40., 46. og 49. gr. taka til.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er efnislega í samræmi við 22. gr. núgildandi laga. Um 2. málsgr., sjá athugasemdir við 20. og 35. gr.

Um 31. gr.

Þar sem hlutabréf ganga kaupum og sölum, þykir heppilegt, að bréfin sjálf veiti vitneskju um þau réttindi, sem þeim fylgja, og um afstöðu þeirra gagnvart öðrum hlutum í félaginu. Eru ákvæði greinarinnar í meginatriðum samhljóða 22. gr. núgildandi laga.

Um 32. gr.

Ákvæði um þetta efni eru í 21. gr. núgildandi laga. Þegar úthlutun hluta hefur verið ákveðin og samþykkt á stofnfundi, en fyrirsjáanlegt er, að verulegur dráttur verður á útgáfu hlutabréfa, sbr. 16. og 30. gr., er þörf á útgáfu bráðabirgðaskírteina, bæði til að skapa öruggari grundvöll við framsal, veðsetningu o. s. frv., svo og til að ákvarða rétt til atkvæðagreiðslu í félaginu, sbr. einkum 5. málsgr. þessarar greinar, 1. málsgr. 53. gr. og 1. málsgr. 60. gr. Ef ekki er búið að leysa úr ágreiningi, sem upp hefur komið um úthlutun, getur það valdið frestun á útgáfu bráðabirgðaskírteina fyrir hlutum, er ágreiningur tekur til.

Um 33. gr.

Ákvæði um þetta efni eru í 23. gr. núgildandi laga.

Nauðsynlegt er, að nákvæm skrá sé haldin um öll hlutabréf, sem félag hefur látið af hendi á hverjum tíma. Má stjórnin ekki afhenda hlutabréf, fyrr en það hefur verið fært á skrána. Þegar hlutabréf er í upphafi gefið út til nafngreinds aðilja, skal nafn hans greint í skránni. Annars er hluthöfum ekki skylt að nafnskrá sig þar, en ekki njóta þeirra fullra félagsréttinda, sbr. 1. málsgr. 53. gr., ef þeir skrá sig eigi.

Þó að hlutabréf sé gefið út til handhafa, sbr. 2. tl. 2. málsgr., getur handhafi látið skrá sig á hlutabréfaskrá til þess að njóta réttinda samkvæmt henni, enda þótt bréfinu sé ekki breytt í nafnbréf.

og aðrir, sem tekið hafa þátt í ákvörðun um gerninginn, svo sem með atkvæðagreiðslu á félagsfundi, séu persónulega ábyrgir fyrir efndum. Tekur þessi regla einnig til þess, er félag verður bundið fyrir skráningu samkvæmt 1. málsgr., þar sem oft er nokkur óvissa, þar til félag er skráð, hvort eða í hverjum eignum félags aðför verði gerð. Þetta ákvæði á einnig að stuðla að því, að skráningu félags verði hraðað.

Um 24. gr.

Þegar félag verður sjálfstæður réttaraðili við skráningu, þykir rétt að það verði við skráningu bundið við tiltekna gerninga, sem áður hafa verið gerðir fyrir þess hönd. Tekur þetta samkvæmt 1. málsgr. til gerninga, sem gerðir höfðu verið, er stofnsamningur var undirritaður, enda sé nákvæmlega frá þeim greint í stofnsamningi. Þegar svo stendur á, er gerningur kunnur áskrifendum og öðrum, er hagsmuna hafa að gæta. Rétt þykir og að sama máli gegni um gerninga, sem getur í 2. málsgr.

3. og 4. málsgr. hafa að geyma reglur um riftunarheimild gagnaðila félags, og eru þær mismunandi eftir því, hvort gagnaðili var við samningsgerð grandlaus eða ekki að því er varðar skráningu félagsins. Sú staðreynd ein, að félagið er óskráð, verður ekki talin valda því, að gagnaðili sé ekki grandlaus.

Samsvarandi bein ákvæði eru ekki í núgildandi lögum.

Um 25. gr.

Ekki þykir eðlilegt, að almennt sé látin haldast eftir skráningu persónuleg ábyrgð aðilja á þeim gerningum, sem félagið verður bundið við samkvæmt ákvæðum 24. gr., og einnig þykir rétt, að persónuleg ábyrgð á gerningum samkvæmt 1. málsgr. 23. gr. falli niður frá skráningu. Undantekningar eru þó að sjálfsögðu gerðar um gerninga, sem efna átti fyrir skráningu, og gerninga, sem rift hefur verið fyrir þann tíma. Þegar svo stendur á, getur félagið einnig orðið bundið, jafnframt því sem persónulega ábyrgðin helzt. Rétt þykir þó, að krafa á hendur persónulega ábyrgum aðilum fyrnist á skömmum tíma, þegar félag er einnig bundið, hvort sem það verður vegna ákvæða laganna eða sérstakrar staðfestingar á samningi síðar. Ef félag verður ekki bundið, fyrnist krafa á hendur hinum persónulega ábyrgu aðiljum eftir almennum reglum. Eru ákvæði greinarinnar nýmæli.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um hlutafé, hlutabréf og hlutabréfaskrá. Eru hér að nokkru leyti fyllri ákvæði um þau efni en í núgildandi lögum og að nokkru nýmæli.

Um 26. gr.

Rétt þykir, að í hlutafélagi sé jafnan sama lágmarkstala hluthafa, sem gildir um stofnendur. Þar sem hlutir geta komizt í eigi aðila, er ekki fullnægja skilyrðum 4. gr., er og nauðsynlegt að ákveða, að jafnan sé tiltekinn hópur hluthafa, er fullnægi skilyrðunum, þar sem það veitir aukna tryggingu fyrir því, að félaginu sé haldið í réttu horfi. Er hér að nokkru leyti um nýmæli að ræða.

Um 27. gr.

Þar sem auðvelt væri að komast í kringum ákvæði frumvarpsins um lækkun hlutafjár (VI. kafli), ef hlutafélagi væri heimilt að eignast eigin hluti gegn endurgjaldi, þá er hér lagt bann við því, með þeirri undantekningu einni, sem í 1. málsgr. getur. Er þetta nýmæli. Ef félag hefur eignazt eigin hluti, með hvaða hætti sem er, ber því tafarlaust að gera ráðstafanir til að selja hlutina, en ógilda þá að öðrum kosti. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum, meðan þeir eru í eign félags, sjá 4. og 5. málsgr. 60. gr.

Ákvæði 1. málsgr. um kvaðningu eru frávíkjanleg, þannig að aðili getur samþykkt kvaðningu með öðrum hætti.

Á stofnfundi verður fyrst að leggja til grundvallar um atkvæðisrétt úthlutun stofnenda á hlutum samkvæmt 1. málsgr. 16. gr. Ef stofnfundur breytir þeirri úthlutun, breytist atkvæðisréttur þegar eftir því.

Ákvæði 4. málsgr. er sett til tryggingar því, að minni hlutinn eigi kost á nánari vitneskju um grundvöll félagsstofnunarinnar og einnig til að bæta úr göllum, sem kynnu að verða á fundarkvaðningu eða öðrum atriðum varðandi stofnunina.

Um 19. gr.

Þó að frumvarp til félagssamþykkta hafi verið staðfest af skráningarstjóra, sbr. 12. gr., eru samþykktir ekki óhagganlegar, því að breyta má þeim síðar samkvæmt tilteknum reglum, sbr. 63., 64. og 66. gr. Þykir því einnig rétt að heimila breytingar á þeim þegar á stofnfundi, og gilda þar um sömu reglur og um breytingar síðar. Þó má ekki breyta ákvæðum frumvarpsins um upphæð hlutafjár, enda er ekki unnt á stofnfundi að gæta þeirra reglna, sem gilda eiga um hækkun eða lækkun hlutafjár.

Um 20. gr.

Hér eru gerðar frekari kröfur um greiðslu hlutafjár fyrir skráningu en í núgildandi lögum. Nauðsynlegt er og, að nokkur hluti þeirrar greiðslu sé í reiðu fé, svo að félagið hafi möguleika til eðlilegs rekstrar. Rétt þykir að hafa sérákvæði um vátryggingarhlutafélög, sem e. t. v. þurfa á litlu hlutafé að halda í upphafi, en þurfa að hafa mikið fé tryggt, sem grípa má til, ef óhöpp bera að höndum.

Um 21. gr.

Tilkynning til skráningarstjóra er nauðsynlegur þáttur í stofnun félagsins, því að það verður ekki sjálfstæður réttaraðili, fyrr en það er skráð, sbr. 23. gr. Ef tilkynning berst ekki innan hins tiltekna frests, ber skráningarstjóra að synja skráningar, sbr. 2. málsgr. 130. gr. Sama máli gegnir, ef ekki er innan frests þess, er í 4. málsgr. getur, bætt úr annmörkum, þegar skráningarstjóri telur tilkynningu ekki vera fullnægjandi. Sú synjun getur bæði byggst á formlegum og efnislegum göllum.

Nauðsynlegt er, að skráningarstjóri fái vitneskju um öll veigamikil atriði, er varða stofnun félagsins, og eru hin helztu þeirra talin í greininni, en jafnan getur skráningarstjóri krafizt frekari fræðslu, ef honum þykir ástæða til. Hins vegar verða aðeins sum þessara atriða gerð almenningi kunn, sbr. 128. og 129. gr., enda getur oft verið um málefni að tefla, t. d. viðskiptaleyndarmál, sem skráningarstjóra er óheimilt að veita óviðkomandi aðiljum vitneskju um.

Um 22. gr.

Í 1. málsgr. eru greind atvik, sem valda því, að áskrifendur verða lausir við skuldbindingar þær, er áskrift fylgja. Er hér um að ræða brostnar forsendur fyrir áskrift.

Samkvæmt 2. málsgr. bera áskrifendur á útboðsskrá ekki ábyrgð á greiðslu stofnkostnaðar, nema svo hafi verið áskilið í útboðsskrá. Öðru máli gegnir um stofnendur, sbr. og 2. málsgr. 23. gr.

Um 23. gr.

Greinin hefst á þeirri almennu reglu, að óskráð félag hefur ekki réttaraðild. Rétt hefur þó þótt að gera þá undantekningu, og er það nýmæli, að þegar stofnun félags er svo langt á veg komin, að skráning ein er eftir, verði félagið bundið við þá gerninga félagsstjórnar, sem einungis varða stofnun félagsins, og á félagið því réttaraðild innan þeirra marka.

Vegna hagsmuna þeirra, sem fyrir skráningu félags semja við stofnendur, stjórn eða aðra fyrirsvarsmenn f. h. félags, er svo ákveðið í 2. málsgr., að þessir aðilar

Um 14. gr.

Gr. felur í sér nýmæli. Ef útboð á að ná til almennings eða ónafngreindra aðilja innan tiltekins flokks, svo sem prentara, heildsala o. s. frv., verða stofnendur að birta það, eins og í 1. málsgr. segir, og er áskrift ella ógild, sbr. 3. málsgr. 2. málsgr. og 1. og 2. tl. 3. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 3. tl. skal þetta tekið fram: Ef stofnandi bindur í upphafi framlag sitt skilyrði, skal þess getið í stofnsamningi, sjá 2. málsgr. 6. gr. og 7. gr. og athugasemdir við þær.

Þegar áskrifandi bindur áskrift sína skilyrði, veldur það almennt ógildi áskriftarinnar, en ekki er litið á skilyrðið sem óskráð væri. Frá þessu eru þó undantekningar. Í fyrsta lagi er áskrift gild, ef skilyrði eru í samræmi við ákvæði stofnsamnings, enda er áskrifanda þá rétt að vísa til ákvæðisins. Í öðru lagi er áskriftin gild, ef skilyrði varðar aðeins atriði, sem unnt er að fullnægja eftir réttum úthlutunarreglum. Aðili hefur t. d. skrifað sig fyrir 50 þúsund kr. og sett það skilyrði, að hann vilji því aðeins verða hluthafi, að hann fái þá upphæð, eins og verið getur mikilvægt forsenduatriði fyrir hann. Er engin ástæða til að ógilda áskrift hans vegna skilyrðisins, ef hann fær þá fjárhæð eftir réttum úthlutunarreglum. Sama gildir um önnur skilyrði, sem fullnægt verður við úthlutun, en hins vegar ekki um skilyrði, sem aðeins verður fullnægt síðar, svo sem með atkvæðagreiðslu á stofnfundi eða öðrum hætti. Í þriðja lagi þykir rétt að láta áskrift, sem háð hefur verið skilyrði, verða gilda, ef fallið er frá skilyrðum, áður en úthlutun fer fram. Ættu stofnendur, ef unnt er, að fá yfirlýsingu aðila um þetta efni, áður en þeir taka ákvörðun um úthlutun.

Um 15. gr.

Ekki verður af félagsstofnun, ef útboð ber ekki fullnægjandi árangur.

Um réttaráhrif, sjá 22. gr. og athugasemdir við hana.

Um 16. gr.

Nýmæli. Eftir að áskriftarfrestur er liðinn, hafa stofnendur a. m. k. tvær vikur til að skipta hlutum milli áskrifenda, sbr. 8. tl. 11. gr. Um úthlutunarreglur sjá athugasemdir við 7. tl. 11. gr., sbr. og 14. gr. Þar sem félagi getur stafað óhagræði af úthlutun til ógjaldfærra áskrifenda, er stofnendum veitt heimild til að krefjast tryggingar.

Ákvæði 2. málsgr. eru sett vegna þeirrar nauðsynjar, að sem fyrst sé ljóst, hvort úthlutun stofnenda verði lögð til grundvallar. Gildir þetta jafnt um þá, sem telja, að ranglega hafi verið fram hjá sér gengið við úthlutun, sem þá, er telja sig samkvæmt úthlutunarreglum eiga að vera óbundna af áskrift. Greinin tekur hins vegar ekki til ógildis áskriftar af almennum ógildingarástæðum kröfuréttar (þvingun, svik, ólögræði o. s. frv.). Nauðsynlegt er vegna hagsmuna félagsins, að véfengingar- og málshöfðunarfrestir séu sem skemmstir, enda á fyrirsvarsmönnum félags að vera auðvelt að tryggja sér sönnun þess, hvenær aðila hafa orðið málalok kunn.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, sem eiga að stuðla að því, að aðilar, sem fá framseldan rétt til hlutar fyrir skráningu, fái vitneskju um sömu atriði og áskrifendum er tryggð samkvæmt 11. gr.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er, að stofnun félags dragist ekki úr hófi fram, og er því settur frestur sá, sem í 1. málsgr. segir. Er það ákvæði ófrávíkjanlegt, sbr. 5. málsgr. Samsvarandi ákvæði eru ekki í núgildandi lögum. Til stofnfundar ber að kveðja alla áskrifendur, þar á meðal þá, sem ekki hafa komið til greina við úthlutun, sbr. 1. málsgr. 16. gr., til þess að þeir geti gætt þar réttar síns, sbr. 2. málsgr. 16. gr.

Um 11. gr.

Grein þessi svarar til 7. gr. núgildandi laga, en hefur að ýmsu leyti fyllri ákvæði að geyma.

Ef stofnendur skrifa sig fyrir öllum hlutum í félagi, koma ekki til greina ákvæði þessarar gr. um útboðsskrá og áskriftarlista né önnur þau ákvæði frv., sem tengd eru útboði. Stofnendur verða þó að fá staðfestingu á stofnskjölum samkvæmt 1. málsgr. 12. gr.

Þegar stofnendur skrifa sig ekki fyrir öllum hlutum í félagi, skulu útboð jafnan fara fram, og felst að þessu leyti í gr. breyting frá ákvæðum 5. gr. núgildandi laga, enda ber nauðsyn til, að öllum hluthöfum, sem ekki teljast til stofnenda, sé tryggð vitneskja um hin mikilvægustu atriði varðandi félagsstofnunina. Gildir þetta eins, þótt útboð sé bundið við nafngreinda aðilja, sbr. 1. málsgr. 14. gr. Ber stofnendum að gera útboðsskrá á áskriftarlista, eins og í grein þessari segir. Áskriftarlistar geta að sjálfsögðu verið fleiri en einn og legið frammi á fleiri en einum stað. Áskriftir, sem ekki eru gerðar á lista þessa, eru ógildar, sbr. 14. gr.

Um einstaka tl. athugast:

Um 2. tl. — Rétt er, að áskrifendum sé fullljóst um fjárhæð þá, sem út er boðin. Stofnendur geta að sjálfsögðu skrifað sig fyrir hlutum á áskriftarlista umfram þá hluti, er þeir hafa þegar skráð sig fyrir.

Um 3. tl. — Í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 36. gr. má aldrei bjóða hluti út fyrir minna en nafnverð. Hins vegar geta stofnendur ákveðið, að þeir séu boðnir út hærra verði. Fé það, sem félagið kann þannig að fá umfram nafnverð, skal lagt í varasjóð, sbr. 3. tl. 88. gr.

Um 4. tl. — Um gjalddaga hlutafjár skal gætt ákvæða 20. gr. og 35. gr., sbr. og athugasemdir við þær gr.

Um 5. tl. — Sjá 1. málsgr. 18. gr.

Um 7. tl. — Stofnendur geta ákveðið, hvaða áskriftir skuli taka gildar, þar á meðal með því að hafna áskriftum, svo og hvernig niðurfærslu skuli hagað, ef áskriftir fara fram úr útboðsfjárhæð. Þeir verða þó að taka skýrt fram í útboðsskrá, ef þeir vilja neyta þessa réttar. Ef stofnendur gera ekki áskilnað, sem að framan segir, skulu þeir setja í útboðsskrá skýrar reglur um úthlutun, ef áskriftir fara fram úr útboðsfjárhæð. Ekki má skjóta því til stofnfundar að ákveða úthlutun með atkvæðagreiðslu. Úthlutunarreglurnar verða að vera ljósar og framkvæmanlegar, og skal skráningarstjóri gæta þess, sbr. 12. gr., að þeim skilyrðum sé fullnægt. Sem dæmi um úthlutunarreglur má nefna: 1) að allar áskriftir séu færðar niður hlutfallslega, eftir því sem unnt er, og hlutkesti látið ráða, ef afgangur verður. 2) að úthlutun fari þannig fram, að fyrst fái hver áskrifandi einn hlut, síðan tvo o. s. frv. meðan til hrekkur, en að lokum ráði hlutkesti, eins og í 1) segir. 3) að hlutkesti ráði milli allra áskrifenda, án tillits til áskriftarfjárhæðar.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Að vísu á skráningarstjóri samkvæmt frv. að rannsaka, þegar félag hefur verið stofnað og tilkynnt til skráningar, sbr. 21. gr., hvort gætt hafi verið ákvæða laganna um stofnun, og er það í samræmi við núgildandi lög. Hins vegar væri það mjög óheppilegt, að þá fyrst væru í ljós leiddir gallar, sem gætu valdið því, að synjað væri um skráningu, og hefja þyrfti undirbúning að félagsstofnun af nýju. Er nýmæli greinarinnar sett til að koma í veg fyrir slík mistök.

Um 13. gr.

Þegar stofnendur skrá sig fyrir öllum hlutum í félagi, koma ákvæði laganna um áskriftir ekki til greina, og er þá heimilt að stofna félag án frekari fresta.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 15. tl. 7. gr. Er hér miðað við hlutaféð, eins og það er á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Mat samkvæmt þessari grein skal fara fram, þegar umrædd verðmæti eiga að ganga til greiðslu á hlutafé, sbr. 8. tl. 7. gr. og 3. málsgr. 36. gr., svo og þegar ákveðin eru í stofnsamningi kaup á slíkum verðmætum, sbr. 9. tl. 7. gr. Vegna kostnaðar af mati þykir þó rétt að hafa ákvæðið undanþægt, þegar um lítil verðmæti er að ræða eða ljóst er, að verðlagningu er ekki stillt úr hófi, t. d. fasteign í góðu ástandi, sem yfirfæra skal fyrir hæfilegt verð, miðað við fasteignamat. Heppilegt þykir að fela einum og sama dómstóli kvaðningu matsmanna.

Um 10. gr.

Í félagssamþykktum eiga fyrst og fremst að vera ákvæði um málefni, sem ekki eða ekki nægjanlega er skipað í landslögum. Þó má einnig taka þar upp ákvæði, sem eru í lögum, enda oft heppilegt til að fá heildarmynd af reglum þeim, sem samkvæmt lögum og samþykktum ákveða réttarstöðu hluthafa sín á milli og þeirra og félagsins út á við.

Í félagssamþykktum eiga í fyrsta lagi að vera ákvæði, sem jafnan er skylt að hafa (obligatorisk ákvæði), sbr. 1., 3.—6., 10., 12.—15. og 17.—19. tl. Í öðru lagi eru þau ákvæði, sem óskylt er að hafa (fakultativ ákvæði), en ætlist stofnendur til, að ákveðið sé um þessi efni, verða þau ákvæði að vera í samþykktunum til þess að þau hafi gildi, sbr. 2., 7.—9., 11. og 16. tl.

Ákvæði gr. er efnislega samhljóða núgildandi lögum.

Um einstaka töluliði 1. málsgr. skal vitnað til eftirfarandi ákvæða:

1. tl. — Sjá um heitið 3. gr. og um heimilisfang 1. gr.
2. tl. — Ef greina þarf tilgang, sjá 2. málsgr. 1. gr.
3. tl. — Sjá 2. gr.
4. tl. — Sjá 28. gr.
5. tl. — Sjá 29. gr.
6. tl. — Sjá 20. gr. og IV. kafla, sbr. og 6., 7. og 8. tl. 7. gr.
7. tl. — Sjá 10. tl. 7. gr. og 60. gr.
8. tl. — Sjá 11. tl. 7. gr.
9. tl. — Sjá 12. tl. 7. gr.
10. tl. — Sjá 13. tl. 7. gr.
11. tl. — Sjá 14. tl. 7. gr.
12. tl. — Sjá VII. kafla.
13. tl. — Sjá 59. gr. Í frv. eru að öðru leyti engin sérstök ákvæði um fundarsköp. Er ætlazt til, að reglur um þau efni séu settar í félagssamþykktum í samræmi við góða félagatízku.
14. tl. — Ef tilteknir hlutir hafa aukinn eða skertan atkvæðisrétt miðað við aðra hluti, skal þess getið í 7. tl. Ákvæði, sem sett eru samkvæmt þessum tl., mega ekki brjóta í bága við ófrávíkjanleg ákvæði 60. gr., sbr. athugasemd við þá grein.
15. tl. — Sjá VIII. kafla.
16. tl. — Sjá 76.—80. gr.
17. tl. — Sjá 81. gr.
18. tl. — Sjá IX. kafla.
19. tl. — Sjá X. kafla.

Um 2. málsgr.

Frumvarp til félagssamþykkta skal vera í samræmi við stofnsamning um öll sameiginleg ákvæði, og skal frumvarp lagt þannig fyrir stofnfund. Hins vegar má breyta því á stofnfundi, sbr. 2. málsgr. 19. gr.

Um 3. tl. — Samkvæmt núgildandi lögum hefur verið talið nægilegt, að starfsemi hlutafélags væri í stofnsamningi og félagssamþykktum tiltekin innan nokkuð víðra marka, og sá talinn kostur þess, að unnt væri þá að breyta starfseminni án breytinga á félagssamþykktum. Þessu fylgir þó sá annmarki, að veruleg breyting getur orðið á rekstri félagsins, án þess að félagsmönnum almennt gefist kostur á að taka þátt í ákvörðun um það. Er því sett það nýmæli, að tiltaka skuli starfsemina sérgreinda. Samkvæmt því er ekki nægilegt, eins og tíðkazt hefur, að tilgreina t. d. „verzlun og annan skyldan atvinnurekstur". Jafnvel tegundarheitið „verzlun" er ekki nægilegt, heldur verður að sérgreina það nánar, svo sem heildverzlun, smásöluverzlun o. s. frv. Ekki er nægilegt að nefna „iðnað" almennt, heldur verður að tilgreina iðngreinina, t. d. húsgagnasmíði, fatagerð, smjörlíkisgerð o. s. frv. Ef félagi er ætlað að reka margs konar starfsemi, verður sérgreiningin varðandi hverja þeirra að vera með sama hætti.

Um 4. tl. — Hlutafé má ákveða annaðhvort með tiltekinni fjárhæð eða með tilteknu hámarki og lágmarki, sbr. 2. málsgr. 28. gr. og athugasemd við þá grein.

Um 5. tl. — Sjá 29. gr. og athugasemdir við hana.

Um 8. og 9. tl. — Samkvæmt núgildandi lögum er ekkert eftirlit haft með því af hálfu hins opinbera, að atvinna eða aðrar eignir en peningar, sem hlutafélagi er ætlað að taka við, annaðhvort sem greiðslu á hlutafé eða gegn endurgjaldi frá félaginu, sé talið réttu verði. Eru mörg dæmi þess, að rétti hluthafa og skuldheimtumanna hefur verið hallað með rangri verðlagningu slíkra verðmæta. Ber því nauðsyn til, að sett séu ákvæði þessum aðilum til öryggis. Verður þá að greina milli tvenns:

A. Þegar verðmætin eiga að ganga til greiðslu á hlutafé, sbr. 8. tl., skal mat fara fram samkvæmt 9. gr., nema skráningarstjóri veiti undanþágu. Ef mat fer fram, er skylt að leggja matsfjárhæð til grundvallar, sbr. 3. málsgr. 36. gr.

B. Ef verðmætin eru ekki hlutafjárframlag, sbr. 9. tl., skulu þau þó einnig metin samkvæmt 9. gr., nema undanþága sé veitt. Stofnendur og aðrir, sem skrá sig fyrir hlutum, eiga þá kost á að kynna sér ráðstöfunina og hafa matið sér til leiðbeiningar við ákvörðun um þátttöku í félaginu. Hér er ekki skylt að leggja matið til grundvallar, og getur skráningarstjóri ekki synjað skráningar, þótt kaupverð fari fram úr matsverði. Ef ákvæði um viðtöku þessara verðmæta eru ekki í stofnsamningi, verður ákvörðun um kaup þeirra félaginu til handa ekki tekin fyrr en eftir stofnfund og þá ef til vill samkvæmt ákvæðum 75. gr.

Um 10. tl. — Sérréttindi, sem hér koma til greina, eru einkum aukinn atkvæðisréttur, sbr. 60. gr., og aukinn réttur til arðs eða fjárúthlutunar við félagsslit. Ef tilteknum hlutum eiga að fylgja meiri skyldur en öðrum, er og nauðsynlegt, að því sé greinilega lýst í stofnsamningi.

Um 11. tl. — Heimilt er stofnendum að ákveða takmarkanir á meðferð hluta, svo sem um framsal eða veðsetningu svo og um rétt hluthafa til þeirra hluta, sem forkaupsréttur nær til. Ekki telst það til takmörkunar á meðferð hluta, þótt svo sé ákveðið í félagssamþykktum, að skylt sé að skrá hjá félaginu eigendaskipti að nafnbréfum.

Um 12. tl. — Áskilja má, að hluthafar séu skyldir að þola innlausn á hlutum sínum, en setja þarf þá í stofnsamning nákvæmar reglur um innlausnina, sbr. VI. kafla. Óheimilt er að áskilja félaginu sjálfu innlausn á hlutum sínum, sbr. 27. gr. og athugasemdir við hana.

Um 13. tl. — Óbreytt eru látin standa ákvæði núgildandi laga um heimild til að gefa út hlutabréf, hvort heldur er til nafngreinds aðilja eða handhafa.

Um 14. tl. — Þetta ákvæði er einnig óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 15. tl. — Hámarksfjárhæð þess stofnkostnaðar, sem heimilt er að láta félag bera, er ákveðin í 8. gr. Er það nýmæli, sem sett er til að koma í veg fyrir, að kostnaður af stofnun hlutafélags skerði um of hlutafé. Kostnaður af mati samkvæmt 8. og 9. tl. þessarar greinar telst til stofnkostnaðar, sbr. 3. málsgr. 9. gr.

að teljast eðlilegt, eins og högum er háttað hér á landi, að fjármagn það, sem ópersónulegir aðilar hafa yfir að ráða, komi að notum í hlutafélögum frá stofnun þeirra, og er þeim því heimilað að gerast stofnendur. Til þessara aðilja mundu teljast samtök, sem að lögum eða samkvæmt venju hafa fast skipulag, svo sem skrásett félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Um síðastnefnd félög verður þó að gera þá kröfu, að þau starfi eftir samþykktum og hafi kjörna stjórn eða aðra fyrirsvarsmenn. Sjóðir og aðrar sjálfseignarstofnanir, sem hafa staðfesta skipulagsskrá eða aðra opinbera viðurkenningu, geta einnig orðið stofnendur. Í 3. málsgr. eru rakin skilyrði þau, sem ópersónulegir aðiljar verða að öðru leyti að fullnægja.

Um einstaklinga er í 2. málsgr. haldið þeim skilyrðum, sem eru í núgildandi lögum, en við hefur verið bætt skilyrði um íslenzkan ríkisborgararétt. Aðrar þjóðir leyfa ekki öðrum en ríkisborgurum sínum að stofna hlutafélög, enda er ábyrgð stofnenda sérstaklega rík og nær einnig til þeirra, er undirrita stofnskjöl fyrir hönd stofnenda sem umboðsmenn eða aðrir fyrirsvarsmenn, sbr. 4. málsgr.

Um 5. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum skulu stofnendur hlutafélags vera fimm hið fæsta. Í öðrum löndum er lágmarkstala stofnenda mismunandi. Á Norðurlöndum, í Sviss og Póllandi er lágmarkstalan 3, í Hollandi 2, Þýzkalandi 5, Englandi og Frakklandi 7. Ýmis atriði mæla með því, að lágmarkstalan sé hækkuð frá því, sem nú er. Með hlutafélagaformi er ætlazt til, að hagnýtt sé talsvert fjármagn frá mörgum aðilum. Stofnendur bera ríka ábyrgð, bæði gagnvart hinu opinbera og viðskiptamönnum, og er þá heppilegra, að þeir séu fleiri en færri. Auk þess er hagkvæmt, að þeir hafi sem mest aðhald hver af öðrum, og þá ekki hvað sízt, þegar svo er háttað, að einn fjársterkur aðili hefur sérstaka aðstöðu til yfirráða. Af þessum ástæðum þykir tala stofnenda ekki mega vera lægri en sjö. Ef hjón, sem hafa óskiptan fjárhag, eru bæði meðal stofnenda, þykir þó sjálfsagt, að þau teljist einn aðili, þar sem sömu eignir standa að baki ábyrgð beggja, auk þess sem þau eru hvort öðru háð.

Ákvæði 2. málsgr. eru sett til tryggingar því, að aldrei verði færri en sjö einstaklingar, sem beri persónulega stofnendaábyrgð.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum skulu stofnendur leggja fram samtals 2000 kr. hið minnsta. Eins og nú er háttað, þykir rétt að hækka framlög stofnenda, svo sem í 1. málsgr. segir.

Stofnandi getur bundið loforð sitt skilyrðum samkvæmt 7. gr., en geta verður þeirra í stofnsamningi. Skráningarstjóri synjar staðfestingar á stofnsamningi, ef ólögmæt skilyrði eru þar sett, sbr. 130. gr. Skilyrði, sem ekki koma fram í stofnsamningi, eru ógild og raska ekki gildi loforðsins um framlag.

Um 7. gr.

Þeir aðilar, sem stofna vilja hlutafélag, skulu: 1. gera með sér skriflegan stofnsamning, sbr. 7. gr., 2. semja frumvarp til félagssamþykkta, sbr. 10. gr., 3. annast öflun hlutafjár, sbr. 11., 13., 14., 15. og 20. gr., 4. afla samþykkis skráningarstjóra á stofnskjölum, sbr. 12. gr., 5. gangast fyrir, að stofnfundur sé haldinn, sbr. 18. og 19. gr.

Stofnsamningur skal vera skriflegur og er því formbundinn.

Í þessari grein eru talin þau atriði, sem skylt er að hafa eða taka afstöðu til í stofnsamningi. Er nauðsynlegt að segja af eða á um hvert einstakt atriði, til þess að stofnendur séu ekki í vafa um réttarstöðu sína. Greinin felur að sumu leyti í sér fyllri ákvæði en nú eru og að sumu leyti nýmæli, sbr. sérstaklega 8. og 9. tl. Sum atriðin þarfnast ekki skýringa, en um önnur þykir rétt að taka þetta fram:

Um 2. tl. — Nýmæli, sem nauðsynlegt er vegna ákvæðis 2. málsgr. 1. gr.

er hvort tveggja, að ekki fer ávallt eftir upphæð hlutafjár, hversu víðtækur rekstur félags er, og að greining að þessu leyti mundi gera lögin og framkvæmd þeirra miklu flóknari.

Um 1. gr.

Hér er í upphafi, eins og í 1. gr. núgildandi hlutafélagalaga nr. 77/1921, skýrgreining á hugtakinu hlutafélag. Er hér, eins og áður, gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að félagið hafi þann tilgang að afla ágóða til skiptingar meðal félagsaðila. Í 2. málsgr. er þó það nýmæli, að ráðherra er veitt heimild til að leyfa í einstökum tilfellum, að lögin taki einnig til félaga, sem stofnuð eru til almenningsheilla. Sem dæmi má nefna félög sem rækja slysavarnir, vísindastarfsemi, góðgerðastarfsemi o. s. frv. Slík samtök þurfa oft á allmiklum höfuðstól að halda, og getur þá verið heppilegt, bæði vegna fjársöfnunar og ábyrgðar, að þau séu rekin í formi hlutafélaga.

Þá er einnig ákveðið, að lögin taki aðeins til félaga, sem heimilisföst eru hér á landi, sbr. þó ákvæði XIV. kafla um útibú erlendra hlutafélaga.

Að öðru leyti eru hugtakseinkenni hlutafélaga hin sömu og í núgildandi lögum. Ákvæði 2. málsgr. 1. gr. núgildandi laga eru felld niður, þar sem með öllu er óþarft að taka fram, að samvinnufélög frekar en önnur félög, sem ekki bera einkenni hlutafélaga, séu undanþegin ákvæðum laganna.

Um 2. gr.

Greina ber á milli tilgangsins með stofnun félagsins, sbr. 1. gr. (fjáröflun til skiptingar meðal félagsmanna eða til almenningsheilla), og starfsemi félagsins til að ná þessum tilgangi (verzlun, iðnaður, fiskveiðar o. s. frv). Í þessari grein er lýst þeirri aðalreglu, að hlutafélagi er heimilt að reka hvers konar lögmæta starfsemi til að ná tilgangi sínum samkvæmt 1. gr. Undantekningar frá þessu verða að vera ákveðnar af löggjafarvaldinu. Að sjálfsögðu verða hlutafélög sem aðrir aðilar að fullnægja þeim sérstöku skilyrðum, sem sett kunna að vera um rekstur tiltekinna atvinnugreina, sbr. lög um verzlunaratvinnu, iðju og iðnað o. s. frv.

Um 3. gr.

Hér eru ákvæði 2. gr. núgildandi laga tekin upp óbreytt að efni.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru gerðar veigamiklar breytingar frá núgildandi lögum um stofnun hlutafélaga. Verður það nánar rakið í athugasemdum við einstakar greinar, en hér þykir rétt að taka þetta almennt fram:

Hér er ráðgerð aukin íhlutun og aukið eftirlit af hálfu ríkisvaldsins um stofnun hlutafélaga, til þess að tryggja hag hluthafa og lánardrottna félags, sbr. einkum 9. gr. og 1. málsgr. 12. gr. Ná þessi ákvæði, sem eru ófrávíkjanleg, jafnt til þess, hvort félag er stofnað með eða án útboðs á hlutum, þar sem ekki virðist ástæða til að gera þar á greinarmun. Í öðru lagi eru settar víðtækar reglur því til tryggingar, að almenningur geti aflað sér vitneskju um hin mikilverðustu atriði, er félagsstofnun varðar, sbr. 11. gr., 14. gr., 21. gr. og 4. málsgr. 128. gr. Sýnir reynslan alls staðar, að slíkar reglur eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir, að form hlutafélaga sé haft til að mynda samtök, sem eru fjárhagslega óheilbrigð. Sá varnagli er þó sleginn um heimild almennings til að afla sér vitneskju um málefni hlutafélags, að birtingin valdi því ekki tjóni, sbr. 5. málsgr. 128. gr.

Loks eru í þessum kafla ýmis ný skilyrði fyrir stofnun hlutafélaga, sem nánar verða rakin síðar.

Um 4. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum geta aðeins einstaklingar gerzt stofnendur hlutafélaga. Í erlendum lögum um hlutafélög eru ekki gerðar slíkar takmarkanir. Verður

Hlutafélög tíðkuðust ekki að neinu ráði hér á landi fyrr en á þessari öld. Ástæðan til þess, að þau tóku þá að ryðja sér til rúms, var fyrst og fremst þörfin á að afla tiltölulega mikils fjármagns úr höndum margra einstaklinga til vaxandi stóratvinnurekstrar, sem einstaklingum var annaðhvort um megn að stofna til eða þeir skirrðust við að reka á sjálfs sín ábyrgð vegna fjárhagsáhættu þeirrar, er slíkum rekstri fylgdi. Má þar til nefna togarafélögin, Eimskipafélag Íslands o. fl. Hlutafélagaformið hefur síðan verið notað í sívaxandi mæli í ýmsum atvinnugreinum, einkum þó í útgerð, iðnaði og verzlun, og hefur sams konar þróun átt sér stað með öðrum þjóðum.

Ekki voru til hér á landi sérstök lög um hlutafélög, fyrr en sett voru lög nr. 77/1921, sem enn eru í gildi. Voru þau mjög sniðin eftir hinum fyrstu dönsku hlutafélagalögum frá 1917. Á þeim 30 árum, sem síðan eru liðin, hefur fengizt mikil reynsla, bæði hér og erlendis, um lagareglur, er að hlutafélögum lúta, og um kosti og galla hlutafélagaformsins. Í Danmörku voru sett endurskoðuð hlutafélagalög árið 1930. Eftir það vann samnorræn nefnd, sem Íslendingar tóku þó ekki þátt í, að undirbúningi nýrra hlutafélagalaga, en ekki hefur starf hennar leitt til setningar samræmdrar löggjafar á Norðurlöndum um þessi efni. Hinn danski hluti nefndarinnar lauk þó samningu frumvarps árið 1941, og í Svíþjóð leiddi starf nefndarinnar til setningar nýrra og mjög ýtarlegra hlutafélagalaga árið 1944. Við samningu frumvarps þess, er hér liggur fyrir, hefur að sjálfsögðu verið tekið tillit til hlutafélagalöggjafar með ýmsum þjóðum, en einkum hefur þó verið höfð hliðsjón af ákvæðum sænsku laganna frá 1944 og danska frumvarpsins frá 1941. Þó hefur frumvarpi þessu verið hagað allmjög á annan veg, bæði um niðurskipun og efni, eins og sjá má, ef samanburður er gerður. Niðurskipun hefur verið höfð sú, sem bezt þótti hæfa efninu, en efni verið ákveðið og lagað, sem unnt er, eftir okkar reynslu og sniðið við okkar hæfi. Þá hefur og verið tekið tillit til fræðilegrar gagnrýni, sem fram hefur komið um núgildandi hlutafélagalöggjöf ýmissa erlendra þjóða, og þeirrar reynslu, sem þegar er fengin af nýjustu erlendri löggjöf á þessu sviði.

Meginkostir hlutafélaga eru sérstaklega þeir, eins og að hefur verið vikið, að þau gera ýmsan stóratvinnurekstur kleifan með söfnun fjárframlaga úr ýmsum stöðum á eina hönd, og að hin takmarkaða ábyrgð félagsmanna hvetur menn til þátttöku í ýmsum þörfum atvinnurekstri, sem þeim mundi oft þykja of áhættusamt að reka á eigin ábyrgð. Eins og atvinnuvegum okkar er háttað, hefur þetta félagsform haft og hefur mikla þjóðfélagslega þýðingu. Hins vegar er á það að líta, að sumt í skipulagi félaga þessara hefur reynzt varhugavert og jafnvel gefið tilefni til ýmislegs misferlis, er gerir opinber afskipti af þeim nauðsynleg. Hlutafélögin eru orðin svo veigamikill þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að tryggja verður heilbrigðan rekstur þeirra með löggjöf, eftir því sem unnt er. Er þar fyrst að líta á hag hluthafanna sjálfra og afstöðu þeirra sín á milli, þannig að þeir séu ekki blekktir um stofnun, skipulag, starfshætti og hag félagsins. Í því efni ber meðal annars að taka hæfilegt tillit til þeirra félagsmanna, sem í minni hluta kunna að vera í félagi. Í öðru lagi ber að tryggja, að þeir, sem skipta við félagið eða kaupa hlutabréf þess, eigi kost á sem nákvæmastri vitneskju um hin þýðingarmestu atriði, sem þau viðskipti varða. Tekur þetta ekki hvað síst til lánardrottna félags, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta um greiðslu og varðveizlu hlutafjár.

Á síðustu tímum virðist afstaða til skattalaga hafa haft talsverð áhrif á stofnun hlutafélaga hér á landi. Í almennum lögum um hlutafélög er ekki unnt að taka til meðferðar vandamál, sem rísa í því sambandi. Á skipun þeirra mála heima í skattalögum.

Um I. kafla.

Í sumum löndum er gerð greining milli hlutafélaga eftir upphæð hlutafjár, þannig að vægari reglur varðandi eftirlit o. fl. eru látnar gilda um smærri félögin. Eftir okkar högum virðist ekki ástæða til að gera slíka allsherjargreiningu. Það

XVI. KAFLI
Gildistaka laganna o. fl.

151. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Ákvæði laganna taka og til hlutafélaga, sem áður hafa verið stofnuð, með þeim undantekningum, sem getur í 152.—154. gr.

152. gr.

Ákvæði II. kafla laganna gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra, sbr. þó 154. gr.

Nú hefur hlutafélag ekki verið skráð, er lögin taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og skal skráning þess þá heimil. Um tilkynningu til skráningar gilda ákvæði 21. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

Ef undirbúningur að stofnun félags er skemmra á veg kominn en í 2. málsgr. getur, skal um stofnun þess að öllu leyti fara eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er skráningarstjóra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.

153. gr.

Ákvæði 26. gr. gilda ekki um eldri félög. Ef hluthafar í þeim félögum verða færri en fimm, er skylt að slíta félagi á sama hátt og segir í 1. tl. 1. málsgr., sbr. 2. málsgr. 102. gr. laga þessara.

Ákvæði 27. og 33. gr. gilda um eldri félög. Skráningarstjóri skal þó veita hæfilegan frest til að koma málum, er þar greinir, í rétt horf.

Ákvæði 28., 29. og 35. gr. taka ekki til eldri félaga.

Ákvæði 1. málsgr. 45. gr. taka ekki til eldri félaga, sem löglega hafa ákveðið hækkun hlutafjár fyrir gildistöku laganna.

Ef skilanefnd hefur verið kosin til að annast félagsslit, áður en lög þessi öðlast gildi, taka ákvæði 1. málsgr. 104. gr. ekki til skilanefndarmanna.

Ákvæði 134. gr. gilda ekki um útibú erlends hlutafélags, sem löglega hefur verið stofnað hér á landi fyrir gildistöku laganna.

154. gr.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta né félagsslita, skulu á fyrsta aðalfundi, eftir að lögin taka gildi, samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laga þessara. Skráningarstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu skyni til næsta aðalfundar á eftir.

155. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, svo og önnur ákvæði laga, sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun 25. febr. 1948 ályktaði Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, og lögum nr. 42/1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð. Með bréfi 13. maí 1948 skipaði dómsmálaráðherra þá hæstaréttardómarana Árna Tryggvason og Þórð Eyjólfsson til að framkvæma störf þessi. Hafa þeir síðan unnið að endurskoðun áðurgreindra laga og samið frumvarp það til laga um hlutafélög, sem hér liggur fyrir. Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson hefur haft frumvarpið til athugunar, og var nokkrum atriðum þess skipað í samræmi við óskir hans.

í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, reikningum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til skráningarstjóra.
2. Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, um hlutabréfaskrá, greiðslur í varasjóð, úthlutun arðs og ágóðaþóknunar og endurgreiðslu á hlutafjárframlögum.
3. Að brjóta vísvitandi þagnarskyldu samkvæmt 2. málsgr. 98. gr.

Ef brot, sem lýst er í 1. málsgr., hefur verið framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

146. gr.

Hver sá, sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað, er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum.

Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermir vísvitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 145. gr. eða 1. málsgr. þessarar greinar ekki þar til.

147. gr.

Sá maður skal sæta sektum eða varðhaldi, sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir, að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:
1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að hluthafi eða umboðsmaður hans greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefur önnur áhrif en til var ætlazt.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði, til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

148. gr.

Sá, sem vanrækir tilkynningar til skráningarstjóra samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum.

149. gr.

Þegar stjórnendur eða aðrir fyrirsvarsmenn hlutafélags hafa gerzt sekir um brot í starfi sínu fyrir félagið, má dæma því fjársekt, hvort sem einstaklingi er dæmd refsing eða ekki.

150. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Útibússtjóra ber að tilkynna skráningarstjóra allar breytingar á því, sem skráð hefur verið, sbr. 5. tl. 82. gr.

Útibússtjóri skal senda skráningarstjóra ársreikning útibús innan 2 mánaða frá lokum reikningsárs.

140. gr.

Ef hið erlenda félag verður gjaldþrota, skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna það skráningarstjóra svo og skiptarétti, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram.

141. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. Ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 137. gr. eða hverfur úr starfi. Skráningarstjóri getur þó veitt félaginu hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf.
2. Ef hið erlenda félag fullnægir ekki lengur skilyrðum þeim, sem greind eru í 1.—4. tl. og 6. tl. 134. gr.
3. Ef hið erlenda félag ákveður að leggja útibúið niður.
4. Ef þess er krafizt af lánardrottni, sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð eða með játningu útibússtjóra, að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans.

142. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá, og falla þá í gjalddaga þær kröfur hérlendra lánardrottna, sem stofnazt hafa vegna starfsemi útibúsins. Að því leyti, sem lánardrottnar þessir hafa ekki fengið kröfur sínar greiddar af eignum útibúsins, eiga þeir rétt til fullnægju af tryggingarfé því, sem getur í 6. tl. 134. gr. Ef innköllun hefur ekki áður farið fram, skal skiptaráðandi, þar sem útibú var skrásett, birta í Lögbirtingablaði áskorun til hérlendra lánardrottna þess um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti. Að loknum innköllunarfresti skal tryggingarfénu úthlutað til lánardrottna þessara eftir reglum 8. kafla laga nr. 3/1878.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmdar, að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

143. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum, sem hann stofnar til fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins, sbr. 140. gr., eða um atvik, sem eiga að valda því, að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 141. gr.

XV. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

144. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdarstjóri, endurskoðendur, skilanefndarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar, og getur þá ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

145. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði um þátttöku

3. Að íslenzk hlutafélög njóti sama réttar í heimalandi erlenda félagsins.
4. Að félagið fullnægi ákvæðum íslenzkrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.
5. Að félagið hafi hér skrásett útibú.
6. Að félagið setji tryggingu fyrir greiðslu þeirra skulda, er félagið kann að komast í við hérlenda lánardrottna vegna starfsemi sinnar hér. Ráðherra ákveður tryggginguna, þegar leyfi er veitt, og getur krafizt hærri tryggingar síðar, ef ástæður breytast.

135. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi félagsins hér á landi, skulu lúta íslenzkum lögum og lögsögu.

136. gr.

Í heiti útibús skal greina nafn og heimilisfang hins erlenda hlutafélags, svo og þess getið, að útibú sé. Ef félag eða útibú er undir forræði skilanefndar, skal þess einnig geta.

137. gr.

Útibússtjórar, einn eða fleiri, skulu veita útibúi forstöðu.

Útibússtjóri skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og vera heimilisfastur hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um íslenzkan ríkisborgararétt.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á, að gætt sé íslenzkra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúruumboð fyrir útibúið, enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 2. málsgr. um útibússtjóra.

138. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra stofnun útibús. Tilkynning skal gerð á eyðublöð, sem skráningarstjóri lætur af hendi.

Tilkynning skal greina:

1. Heiti erlenda félagsins og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa.
3. Starfsemi félagsins.
4. Dagsetning félagssamþykkta.
5. Upphæð hlutafjár.
6. Hvort eða að hve miklu leyti hlutafé sé greitt. Ef það er ekki að fullu greitt, skal þess getið, hvenær greiða á eftirstöðvarnar.
7. Heiti útibús og heimilisfang.
8. Starfsemi útibús sérgreinda.
9. Nafn, stöðu og heimilisfang útibússtjóra og prókúruhafa.
10. Hverjir hafa heimild til að skuldbinda útibúið, og skulu þeir sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Embættisvottorð um, að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
b. Yfirlýsing félagsstjórnar, staðfest af notarius publicus, um að félagið hlíti því, að lögskipti þess hér lúti íslenzkum lögum og lögsögu.
c. Staðfest starfsumboð til handa útibússtjóra og prókúruhafa.
d. Samþykktir félagsins á frummáli og auk þess í löggiltri þýðingu, eftir því sem skráningarstjóri telur nauðsynlegt.
e. Ársreikningar félagsins þrjú undanfarin reikningsár.
f. Skilríki um, að útibússtjóri og prókúruhafi fullnægi skilyrðum 137. gr.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

139. gr.

Nú hefur löggerningur verið gerður fyrir hönd útibús, áður en það er skráð, og gilda þá ákvæði 23.—25. gr., eftir því sem við á.

Nú telja stofnendur eða stjórnendur hlutafélags, að birting tiltekinna atriða geti valdið félaginu tjóni, og sker skráningarstjóri þá úr, hvort þau skuli sett á skrá.

129. gr.

Skráningarstjóri skal án tafar birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda aðalefni þess, sem skrásett hefur verið. Hann semur og um árslok hver og birtir í B-deild Stjórnartíðinda skrá um allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

130. gr.

Skráningarstjóri skal synja staðfestingar á stofnskjölum, ef ekki er bætt úr annmörkum innan frests samkvæmt 2. málsgr. 12. gr.

Skráningarstjóri skal synja skráningar, ef tilkynning brýtur í bága við félagssamþykktir eða fullnægir ekki ákvæðum laga þessara um efni eða form og ekki hefur verið úr bætt innan þeirra fresta, sem lögin ákveða.

Birta skal skráningarstjóri þegar í stað þeim, sem hlut á að máli, synjun sína ásamt rökstuðningi. Heimilt er aðila að leita úrlausnar dómstóla um synjunina, enda höfði hann mál innan 6 mánaða frá því, að honum barst tilkynning um hana.

131. gr.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu, og getur hann þá borið mál undir dómstóla, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því, að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir, skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 129. gr.

132. gr.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 129. gr., skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi fram farið, og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

133. gr.

Tilkynningum til skráningarstjóra skulu fylgja gjöld, er renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir:

1. Fyrir rannsókn og staðfestingu stofnskjala 200 kr.
2. Fyrir staðfestingu útboðsskrár, þegar hlutafé er hækkað, 100 kr.
3. Fyrir skráningu nýs hlutafélags og útibús erlends hlutafélags 500 kr.
4. Fyrir skráningu á breytingum eða viðaukum við það, sem áður hefur verið skráð, 200 kr.

Fyrir munnlegar skýrslur skráningarstjóra um einstakt hlutafélag skal greiða 20 kr. Fyrir endurrit, er skráningarstjóri lætur af hendi úr hlutafélagaskrá eða af öðrum skjölum, skal greiða gjald samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1947.

Skráningarstjóri lætur yfirvöldum ókeypis í té endurrit og munnlegar skýrslur, er þau þarfnast í embætti sínu.

XIV. KAFLI

Erlend hlutafélög.

134. gr.

Ráðherra getur veitt hlutafélagi, sem heimili á erlendis, rétt til að starfa hér á landi, ef fullnægt er eftirtöldum skilyrðum:

1. Að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Að félagið fullnægi meginskilyrðum laga þessara fyrir því að teljast hlutafélag.

Nú er fleira en eitt dótturfélag í samstæðu, og skal móðurfélag þá greina í efnahagsreikningi sínum samanlagðar inneignir sínar hjá dótturfélögunum og samanlagðar skuldir sínar við þau.

124. gr.

Stjórnendur móðurfélags skulu gera ársskýrslu um samstæðu félaganna, er miðist við sama dag og efnahagsreikningur móðurfélags. Í skýrslunni skal eftir góðri verzlunartízku gerð grein fyrir efnahag hvers félags í samstæðunni samkvæmt efnahagsreikningum þeirra. Skýrslan skal greina ágóða eða tap samstæðunnar, eftir að frá hefur verið dreginn ágóði af skiptum félaganna sín á milli. Þess skal getið, hverri fjárhæð nemur hreinn ágóði, er móðurfélag kann að hafa fengið frá hverju dótturfélagi, svo og hvort og að hverju leyti tillit hefur verið tekið til þess í efnahagsreikningi móðurfélags, að tap hefur orðið á rekstri dótturfélags.

Dótturfélagi er skylt að veita móðurfélagi þá vitneskju, sem nauðsynleg er til að gera ársskýrslu samkvæmt 1. málsgr.

125. gr.

Jafnan skal móðurfélag hafa einn löggiltan endurskoðanda hið fæsta.

Ekki mega fleiri en einn af endurskoðendum dótturfélags hafa þá afstöðu til móðurfélags, sem greinir í 2. málsgr. 96. gr.

126. gr.

Ársskýrslu samkvæmt 124. gr. skal leggja fyrir endurskoðendur móðurfélags. Þeir skulu sérstaklega kynna sér, hvernig háttað er afstöðu móðurfélagsins til dótturfélaga, svo og afstöðu dótturfélaga sín á milli.

Leggja skal ársskýrslu fyrir aðalfund móðurfélags ásamt rökstuddri álitsgerð endurskoðenda um hana, þar á meðal um, hvort tillaga félagsstjórnar um úthlutun arðs í móðurfélagi geti eftir góðri verzlunartízku samrýmzt hag samstæðunnar í heild, sbr. 1. málsgr. 127. gr., og hvort óvenjuleg eða óeðlileg viðskipti hafi gerzt milli félaga í samstæðunni. Um endurskoðunina gilda að öðru leyti ákvæði 97. gr., eftir því sem við á.

Stjórn móðurfélags sendir skráningarstjóra ársskýrslu um samstæðu félaga samkvæmt 124. gr. ásamt skilríkjum þeim, er getur í 93. gr.

127. gr.

Úthlutun arðs í móðurfélagi til hluthafa má ekki fara fram úr því, sem samrýmzt getur góðri verzlunartízku, þegar litið er til hags samstæðunnar í heild.

Ekki má móðurfélag hækka hlutafé sitt samkvæmt 46. gr. um hærri fjárhæð en heimilt hefði verið að greiða sem arð til hluthafa samkvæmt 1. málsgr.

XIII. KAFLI

Skráning hlutafélaga.

128. gr.

Skráningarstjóri ríkisins annast skráningu allra íslenzkra hlutafélaga.

Skráningarstjóri heldur hlutafélagaskrá. Ráðherra setur reglur um skipulag hennar.

Á hlutafélagaskrá skal taka tilkynningar samkvæmt 21. gr., 3. málsgr. 27. gr., 1. og 3. málsgr. 38. gr., 44. gr., 2. málsgr. 45. gr., 2. málsgr. 46. gr., 51. gr., 1.—3. og 5. tl. 1. málsgr. 82. gr., 100 gr., 1. málsgr. 103. gr., 106. gr., 1. og 3. málsgr. 114. gr., 1. málsgr. 116. gr., 120. gr., 138. gr., 2. málsgr. 139. gr., 140. gr. og 141. gr.

Almenningur á rétt til að kynna sér allt það, sem tekið hefur verið á hlutafélagaskrá, ásamt fylgiskjölum.

Um samþykkt af hendi félags þess, sem við eignum á að taka, gilda ákvæði 6. tölul. 64. gr., en ekki þarf að gæta ákvæða V. kafla laga þessara, þó að hlutafé sé hækkað af þessum sökum.

Stjórnendur félags þess, sem við eignum á að taka, skulu annast innköllun samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 118. gr. á kröfum lánardrottna félags þess, sem slíta á, og halda eignum þessum aðgreindum, eins og segir í 5. málsgr. sömu greinar, enda bera þeir ábyrgð, eins og þar getur. Ef félag það, sem við eignum tekur, verður gjaldþrota á þeim tíma, sem segir í 6. málsgr. 118. gr., skal farið eftir ákvæðum þeirrar málsgreinar, svo sem við á.

120. gr.

Nú hefur verið tekin ákvörðun um sameiningu hlutafélaga samkvæmt ákvæðum 118. eða 119. gr., og skal þá stjórn hvers félags senda skráningarstjóra þegar í stað eftirrit samþykktar ásamt þeim gögnum, er sameiningu varða.

Þegar kröfur lánardrottna og hluthafa í félagi, sem slitið er, hafa verið greiddar eða tryggðar, sbr. 5. málsgr. 118. gr. og 3. málsgr. 119. gr., skal stjórn félags þess, sem við tekur, tilkynna það skráningarstjóra þegar í stað.

XII. KAFLI

Samstæða hlutafélaga.

121. gr.

Það er samstæða hlutafélaga, þegar félag (móðurfélag) ræður vegna hlutaeignar yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi eða félögum (dótturfélögum). Nú hefur dótturfélag sams konar yfirráð í öðru hlutafélagi, og teljast þá bæði þau félög dótturfélög móðurfélagsins.

Þegar hlutafélag verður með framangreindum hætti móðurfélag annars félags, skulu stjórnendur móðurfélagsins þegar í stað tilkynna það stjórn dótturfélagsins svo og skráningarstjóra.

Nú þykir skráningarstjóra ljóst, að hlutafélag hafi vegna samnings, fjárframlags eða af öðrum ástæðum yfirráð annars félags eða félaga, og getur hann þá ákveðið, að 122.—127. gr. taki til félaga þessara.

122. gr.

Dótturfélag má ekki eignast gegn endurgjaldi hluti í móðurfélagi né taka þá að veði, og eru samningar með slíku efni ógildir. Þó má dótturfélag kaupa hluti í móðurfélagi á nauðungaruppboði, sem haldið er til fullnægju kröfu dótturfélags.

Nú hefur dótturfélag eignazt hlut í móðurfélagi, og ber stjórn þess þá að tilkynna skráningarstjóra það tafarlaust og gera ráðstafanir til að hluturinn verði seldur öðrum aðilja, sem gildur er metinn, félaginu að skaðlausu. Um ábyrgð stjórnenda dótturfélags gilda ákvæði 4. málsgr. 27. gr.

Atkvæðisréttur fylgir ekki hlut, sem dótturfélag á í móðurfélagi.

123. gr.

Hlutafélög, sem mynda samstæðu, skulu hafa sama reikningsár.

Í rekstrarreikningi móðurfélags skal greina í sérstökum liðum tekna megin arð af hlutum og annarri fjáreign í dótturfélagi og gjalda megin vaxtagreiðslur til dótturfélags.

Á sama hátt skal efnahagsreikningur móðurfélags greina eigna megin hluti og önnur framlög í dótturfélagi, föst lán, veitt dótturfélagi, og lausaskuldir, er móðurfélag á hjá dótturfélagi. Skulda megin skal greina sér í lagi föst lán og sér í lagi lausaskuldir móðurfélags við dótturfélag.

Nú hefur skiptaráðandi fengið bú hlutafélags til opinberra skipta, og skal hann þá tilkynna skráningarstjóra upphaf og lok skiptanna.

115. gr.

Nú koma fram eignir, eftir að félagsslitum er lokið, og skal skilanefnd þá taka skipti upp af nýju, án nýrrar innköllunar til kröfuhafa. Ef þess er ekki kostur, að skilanefnd taki upp skiptin, skal skráningarstjóri hlutast til um, að skiptaréttur framkvæmi þau. Tilkynna skal skráningarstjóra upphaf og lok framhaldsskipta og senda honum eintak af úthlutunarskrá ásamt fylgigögnum.

116. gr.

Meðan greiðslur til hluthafa hafa ekki farið fram, sbr. 111. gr., getur hluthafafundur ákveðið, að félagsslitum, er ráðin hafa verið samkvæmt 103. gr., skuli hætt og félagið halda áfram störfum, enda greiði hluthafar, sem ráða yfir ¾ hlutafjár, því jákvæði. Samþykkt er því aðeins gild, að greiddar séu eða tryggðar, sbr. 110. gr., kröfur allra lánardrottna, sem ekki hafa fallizt á samþykktina. Samþykkt skal tilkynna skráningarstjóra þegar í stað.

Ekki má félag hefja starfsemi af nýju, fyrr en samþykkt hefur verið skráð í hlutafélagaskrá, enda fullnægi félagið lögmæltum skilyrðum að öðru leyti. Ákvæði 23.—25. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

117. gr.

Nú hefur ákvörðun um félagsslit verið hnekkt með dómi, og skal þá skilanefnd þegar kveðja til hluthafafundar, til þess að koma málefnum félagsins í rétt horf.

118. gr.

Heimilt er að sameina tvö eða fleiri hlutafélög í nýtt hlutafélag, án þess að kjörin sé skilanefnd til að annast slit eldri félaganna.

Samning félaganna um sameiningu skal bera undir hluthafafundi í félögum þeim, sem sameina skal, og gilda ákvæði 7. tölul. 64. gr. um samþykkt hans. Fara skal eftir ákvæðum 2. málsgr. 103. gr., áður en ákvörðun er tekin.

Nú hafa félögin samþykkt sameiningu, og skal þá haldinn sameiginlegur hluthafafundur, þar sem nýja félaginu eru settar samþykktir, sbr. 10. gr., og stjórn þess og endurskoðendur kjörnir. Ákvæði 4., 5. og 23.—25. gr. laga þessara gilda um stofnun hins nýja félags, eftir því sem við á. Stjórnendur félaga þeirra, sem sameinuð eru, bera allir sömu ábyrgð sem stofnendur hlutafélaga.

Stjórn hins nýja félags skal þegar birta í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna hlutafélaga þeirra, sem sameinuð eru, um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Halda skal aðgreindum eignum félaga þeirra, sem sameinuð eru, þar til kröfulýsingarfrestur er liðinn og kröfur greiddar eða fullnægjandi trygging sett fyrir þeim að dómi skráningarstjóra, enda ábyrgjast stjórnendur hins nýja félags einn fyrir alla og allir fyrir einn allt það tjón, sem leiða kann af vanrækslu í því efni.

Ef hið nýja félag verður gjaldþrota, meðan eignir eru sérgreindar samkvæmt framanskráðu, á hver lánardrottinn forgangsrétt til greiðslu af eignum þess félags, sem skuld hans var stofnuð við. Nú hafa lánardrottnar félaga þeirra, sem sameinuð eru, fengið kröfur sínar greiddar eða tryggðar, og eiga þá hluthafar í þeim félögum forgangsrétt að eignum þeim, sem eftir eru, til greiðslu á því andvirði hlutabréfa sinna, sem ekki er greitt með hlutum í nýja félaginu.

119. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið félagsslit án kosningar skilanefndar með þeim hætti að afsala eignum félags í heild til annars hlutafélags gegn greiðslu með hlutum í því félagi að nokkru leyti eða öllu. Ákvæði 2. málsgr. 118. gr. gilda um félag það, sem slíta á.

lagsins, og ráða hér svipuð sjónarmið og um stofnendur, sbr. upphaf 11. gr. Að öðrum kosti ber að semja áskriftarlista, er hefjist á útboðsskrá, eins og í greininni segir. Um 2. tl. athugast: Ef atriði, sem greinir í 10.—14. tl. 7. gr., eiga við um hina nýju hluti, ber að geta þeirra hér. Reglur þær, er í 7. tl. getur, skulu m. a. greina, hvernig með skuli fara, ef áskriftir fara fram úr útboðsfjárhæð, sjá athugasemdir við 7. tl. 11. gr.

Við úthlutun ber félagsstjórn að sjálfsögðu að gæta ákvæða 40. gr. um forgangsrétt fyrri hluthafa. Kann þá að verða nauðsynlegt, að út séu gefin hlutabréf með lægri fjárhæð en 100 kr., sbr. 2. málsgr. 29. gr., en gæta ber jafnframt ákvæða 1. málsgr. þeirrar greinar.

Að öðru leyti má vísa til skýringa á samsvarandi ákvæðum 11. gr. og 14. gr., svo og 8. gr.

Um 42. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara reglum 15. og 16. gr., og vísast til athugasemda við þær.

Um 43. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvarar 20. gr., þó svo, að hér þykir ekki nauðsynlegt, að nokkur hluti hlutafjáraukans sé greiddur í reiðufé.

Um 44. gr.

Hér eru ákvæði um tilkynningar til skráningarstjóra um hækkun hlutafjár. Teljast frestir frá mismunandi tíma eftir því, hvort útboð hefur farið fram eða ekki. Sjá að öðru leyti athugasemdir við 21. og 22. gr.

Um 45. gr.

Svarar til ákvæða 35. og 38. gr. og vísast til athugasemda við þær greinar.

Um 46. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli í lögum, en allalgengt hefur verið í framkvæmd, að gefin hafa verið út svonefnd „frihlutabréf". Heppilegt getur verið, þegar félag á miklar eignir umfram skuldir, að binda hluta af eignum þess sem hlutafé í því. Rétt þykir þó að binda slíka hækkun því skilyrði um varasjóð, sem í 1. málsgr. segir, til þess að tryggja, að hæfilegur varasjóður sé til, miðað við auglýst hlutafé.

Um VI. kafla.

Hér eru sett ný og fyllri ákvæði um lækkun hlutafjár, og er þeim sérstaklega ætlað að tryggja það, að hagur lánardrottna félags skerðist ekki vegna lækkunarinnar.

Um 47. gr.

Stundum er starfsemi hlutafélaga þannig háttað, að þörf er allmikils hlutafjár í upphafi, en jafnframt þegar fyrirsjáanlegt, að starfsemin muni smátt og smátt dragast saman og þörfin fyrir hlutafé minnka að sama skapi. Svo er t. d., þegar hlutafélag er stofnað til kaupa á landi, sem síðar á að selja smátt og smátt sem byggingarlóðir. Má þá þegar í stofnsamningi og félagssamþykktum setja ákvæði um innlausn hluta, t. d. árlega, og þarf að setja skýrar reglur um innlausnina. Ávallt ber að gæta þess, að reglurnar um innlausn leiði ekki til þess, að hlutaféð fari niður úr því marki, sem tiltekið er í 1. málsgr. 28. gr. Sams konar ákvæði má setja, þegar hlutafé er síðar hækkað. Félagsstjórn framkvæmir fyrirmæli félagssamþykkta um lækkun á hlutafé samkvæmt grein þessari.

Um 48. gr.

Þó að heimild til lækkunar hlutafjár samkvæmt grein þessari felist í ákvæðum félagssamþykkta, þykir samt eigi rétt, að það sé á valdi félagsstjórnar hverju sinni, hvort lækkun sé framkvæmd. Er það því lagt á vald hluthafafundar.

Um 49. gr.

Þegar hlutafé er tapað að meira eða minna leyti, en félagið á kost á nýju hlutafé til að bæta hag sinn, getur oft verið nauðsynlegt að færa niður nafnverð eldri hluta, án greiðslu til hluthafa. Er þá ekki nauðsynlegt að leita samþykkis lánardrottna, en breyta þarf ákvæðum félagssamþykkta um hlutafé og nafnverð eldri hluta. Þessi breyting mundi að jafnaði gerð í sambandi við ákvörðun um hækkun hlutafjár.

Skilyrði fyrir lækkun hlutafjár með þessum hætti er, að hækkunin nemi ekki minna en lækkun þeirri, sem niðurfærslan veldur.

Um 50. gr.

Lækkun á hlutafé fer stundum fram með þeim hætti, að hluthöfum er endurgreitt hlutafé að einhverju leyti. Einnig getur það átt sér stað, að lækkun fari fram án endurgreiðslu og án þess að hlutafé sé hækkað að sama skapi með nýjum hlutum, sbr. 49. gr. Ef lækkun fer fram samkvæmt ákvæðum 47. gr. eða 48. gr., þarf ekki að beita ákvæðum þessarar greinar. Í öðrum tilvikum verður hér fyrst og fremst að liggja fyrir lögleg breyting á félagssamþykktum, er heimili lækkun. Því næst ber félagsstjórn að birta áskorun til lánardrottna um að tilkynna kröfur sínar, eins og í greininni segir. Þegar gætt hefur verið skilyrða 1. og 2. tl. 2. málsgr., skal leita samþykkis skráningarstjóra, sbr. 2. málsgr. 51. gr., og að fenginni staðfestingu og skráningu, sbr. 128. gr., má framkvæma lækkunina. Ákvæði 2. tl. 2. málsgr., sem er í samræmi við 3. málsgr. 26. gr. núgildandi laga, á að tryggja það, að félag eigi fyrir skuldum að lækkun lokinni.

Um 51. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um VII. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um hluthafafundi, kvaðningu til þeirra, hvenær þeir teljast lögmætir svo og um atkvæðagreiðslu, bæði almennt og um einstaka málaflokka, þar sem áskilið er aukið atkvæðamagn. Eru hér mörg þýðingarmikil nýmæli og breytingar frá núgildandi lögum.

Um 52. gr.

Í 1. málsgr. er tekið upp óbreytt ákvæði 1. málsgr. 30. gr. núgildandi laga um vald hluthafafundar. Hluthafafundir eru annaðhvort aðalfundir, sbr. 56. gr., eða aukafundir, sbr. 57. gr.

2. málsgr. þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 53. gr.

Í 1. málsgr. felst eitt mikilsverðasta nýmæli frumvarpsins. Ekki þykir eðlilegt, að þeir hluthafar, sem eigi vilja nafngreina sig á hlutabréfaskrá, sbr. 33. gr., njóti annarra félagsréttinda en réttar til arðtöku og forgangsréttar til nýrra hluta, því að slík þátttaka í félagi verður að teljast óheilbrigð. Stjórnendur félags hafa þá eigi nægilegt samband við félagsmenn, félagsmenn innbyrðis vita ekki deili hver á öðrum og geta þá ekki með hæfilegum fyrirvara haft samráð sín á milli um félagsmál, auk þess sem hætta er á því, að hinir óþekktu hluthafar geti komið öðrum að óvörum með afdrifaríkum aðgerðum.

Í 3. og 4. málsgr. er fjallað um heimild hluthafa til að láta umboðsmenn sækja fyrir sig hluthafafundi. Hægt er með ákvæðum í félagssamþykktum að takmarka heimildina við, að slík umboð séu veitt hluthöfum einum, til þess að koma í veg fyrir, að utanfélagsmenn kynnist málefnum félagsins. Rétt þykir, að umboð séu endurnýjuð ekki sjaldnar en á 5 ára fresti.

Um 54. gr.

Í 1. og 2. málsgr. eru sett lágmarksskilyrði um kvaðningarfrest og kvaðningarháttu, en strangari skilyrði um þessi efni má setja í félagssamþykktir. Brot á þessum reglum geta valdið því, að ógildar verði ályktanir hluthafafundar, sbr. og 69. gr. Ef allir hluthafar koma á fund og samþykkja afbrigði frá framangreindum reglum, verður fundur að sjálfsögðu lögmætur.

Ef hluthafi vill bera upp málefni á fundi, verður hann að snúa sér með það til félagsstjórnar í tæka tíð, svo að þess verði getið í fundarboði, sbr. og um rétt hluthafa til að kveðja til sérstaks fundar, 2. málsgr. 57. gr.

Um 55. gr.

Þetta nýmæli á að tryggja, að hluthafar eigi þess kost að fá nánari vitneskju um fundarefni en fram kemur í fundarboði.

Um 56. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu til að halda aðalfundi og hvenær þá skuli halda.

Ef félagsstjórn kveður ekki til aðalfundar á réttum tíma, getur hluthafi krafizt þess, að fundur sé haldinn eftir því, sem segir í 2. málsgr. Þenna rétt hafa aðeins skráðir hluthafar, sbr. 53. gr.

Um málefni þau, sem bera skal upp á aðalfundi, sjá 70., 84. og 94. gr.

Um 57. gr.

Með hluthöfum í 2. málsgr. er átt við skráða hluthafa, sbr. 53. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 58. gr.

Hér eru sett mikilsverð nýmæli, er fela í sér ófrávíkjanlegar lágmarkskröfur um fundarsókn til þess að hluthafafundur verði lögmætur. Með hlutafé er hér átt við allt skráð hlutafé (sbr. þó 4. málsgr. 60. gr.), hvort sem hluthafar hafa látið skrá sig á hlutabréfaskrá eða ekki.

Um nauðsynlegt atkvæðamagn til ályktana á fundum, sjá 62.—64. gr. og 66.—67. gr.

Um 59. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 60. gr.

Hér eru ýmis nýmæli um atkvæðisrétt í hlutafélögum. Aðalreglan er sú, eins og verið hefur, að hluthafar hafa atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Veitir þá lágmarkshlutur hver rétt til eins atkvæðis og hærri hlutir hlutfallslega fleiri heil atkvæði, sbr. 29. gr. Þá er tekið fram, að heimilt sé með ákvæði í félagssamþykktum að víkja frá framangreindri reglu, þannig að sumum hlutum sé veittur annar atkvæðisréttur, þó ekki meiri en tífaldur á við aðra hluti. Sem dæmi má nefna: Í félagi eru tíu 100 króna hlutir og fimm 1000 króna hlutir. Má þá ákveða í félagssamþykktum, að hver 100 króna hlutur veiti rétt til 10 atkvæða, eins og hver 1000 króna hlutur hefur. Í félaginu verða þá alls 150 atkvæði. Einnig mætti ákveða, að hver 1000 króna hlutur veitti aðeins rétt til eins atkvæðis, og yrðu þá atkvæði í félaginu samtals 15.

Ákvæði 3. málsgr. er hið sama og getur í 31. gr. núgildandi laga. Með samanlögðum atkvæðum er miðað við allt skráð hlutafé, hvort sem hluthafar hafa látið allir skrá sig á hlutabréfaskrá eða ekki, sbr. þó 4. og 5. málsgr.

4. og 5. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr.

Greinin er nýmæli. Í hlutafélagalögum sumra þjóða er hluthöfum bannað að taka þátt í atkvæðagreiðslu um málefni, þar sem þeir hafa sérstakra hagsmuna að

gæta. Ekki þykir rétt að hafa svo víðtæka reglu, heldur veita hluthöfum, sem ekki hafa goldið ákvörðuninnni jákvæði, heimild til að fá henni hrundið, ef hún telst að mati dómstóla brjóta í veigamiklum atriðum í bága við hagsmuni félagsins.

Um 62. gr.

Í 1. málsgr. felst aðalreglan um atkvæðagreiðslur á hluthafafundum, þ. e. að einfaldur meiri hluti atkvæða á fundi ræður úrslitum máls. Í frumvarpinu eru sérákvæði um tiltekna málaflokka, þar sem krafizt er aukins atkvæðamagns, sjá 63. gr., 64. gr. og 66. gr. Ákvæði 62., 64. og 66. gr. fela í sér ófrávíkjanlegar lágmarkskröfur laganna, en í félagssamþykktir má setja ákvæði um aukið atkvæðamagn.

Um 63. gr.

Til úrlausnar um þau málefni, sem hér eru talin, þarf samþykki allra hluthafa, sbr. þó 2. málsgr. Tekur greinin að nokkru til sama efnis og getur í 31. gr. núgildandi laga. Af ákvæðinu leiðir, að hafi ekki allir hluthafar látið skrá sig, sbr. 53. gr., og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um málið, fær það ekki framgang.

Málefni þau, sem lúta ákvæðum greinarinnar, varða hin þýðingarmestu forsenduatriði fyrir þátttöku í hlutafélagi svo og hin veigamestu einstaklingsréttindi hluthafa.

Ákvæði 3. tl. 1. málsgr. eiga að koma í veg fyrir, að hluthöfum sé mismunað sín í milli um innlausn eða niðurfærslu hluta, sbr. hins vegar 5. tl. 64. gr., sem ræðir um niðurfærslu hluta almennt. Ákvæði 3.—5. tl. hagga ekki gildi ákvarðana, sem sett kunna að hafa verið um sams konar málefni í stofnsamningi, sbr. 10.—12. tl. 7. gr., eða síðar í félagssamþykktum, að því er varðar nýja hluti, þegar hlutafé er hækkað.

Vera má, að eigi verði unnt að ná til allra hluthafa, og þykir þá rétt, um önnur málefni en þau, er í 2. tl. 1. málsgr. segir, að veita heimild til að kveðja til framhaldsfundar með þeim hætti, sem lýst er í 2. málsgr., og verður þá málefnum ráðið til lykta, ef sá tiltekni meiri hluti, er þar greinir, samþykkir. Þeir hluthafar, sem ekki gefa sig fram, þrátt fyrir áskorun í Lögbirtingablaði, verða að sætta sig við málalok.

Um 64. gr.

Málefni þau, sem hér eru talin, eru mjög þýðingarmikil fyrir hluthafa. Samkvæmt 31. gr. núgildandi laga þarf samþykki allra hluthafa til þess að ákvarðanir um sum þeirra fái gildi, en hér er gengið nokkru skemmra, þar sem ekki þykir rétt, að einn hluthafi eða fáir geti brugðið fæti fyrir framgang mála sem þessara. Í þess stað er þeim veittur útlausnarréttur samkvæmt 65. gr.

Um 65. gr.

Greinin er nýmæli. Samþykkt um málefni, sem ræðir í 64. gr., getur oft haft í för með sér mikla skerðingu á rétti einstakra hluthafa. Þykir þá ekki rétt, að þeir, sem eigi hafa samþykkt réttarskerðinguna sjálfir, séu neyddir til að þola hana sem félagsmenn. Er þá farin sú leið, eins og tíðkast í rétti sumra þjóða, að gefa hluthöfum þessum kost á að ganga úr félaginu og skylda þá, sem að samþykkt stóðu, til að kaupa hluti þeirra. Þó er sá varnagli sleginn, að verði ágreiningur um kaupverð hluta, og mat fer fram, sem annar hvor aðilja telur sér óhagstætt, kemur innlausn ekki til framkvæmdar. Ef hluthafar minni hluta draga sig til baka, verða þeir áfram hluthafar og samþykktin tekur gildi. Ef meiri hlutinn vill ekki kaupa samkvæmt matinu, fellur samþykktin hins vegar niður.

Rétt þykir, að félagsstjórn komi fram um þessi mál fyrir hönd meiri hlutans, og verður hún að sjá um, að atkvæðagreiðsla samkvæmt 64. gr. fari fram með þeim hætti, að hún fái vitneskju um, hverjir hluthafa stóðu að samþykktinni. Hluthafar meiri hlutans verða að ráða með sér, hvernig hinum innleystu hlutum verður ráðstafað.

Um 66. gr.

Eðlilegt þykir að krefjast þess, að þeir, sem standa að breytingum á félagssamþykktum, ráði yfir auknum meiri hluta hlutafjár, eins og í greininni segir.

Um 67. gr.

Greinin er nýmæli. Í 63. og 64. gr. eru ýmis ákvæði, sem eiga að vernda jafnrétti hluthafa. Ef einstakur hluthafi samþykkir skerðingu á þessum rétti, er ástæðulaust að krefjast aukins atkvæðamagns, og gilda ákvæði 62. gr. þá um ákvörðunina.

Um 68. gr.

Þrátt fyrir það, að hluthöfum sé tryggð nokkur vitneskja fyrirfram um málefni, er ræða á og taka skal ákvörðun um á hluthafafundum, þykir þó rétt, að veita tilteknum minni hluta heimild til að fá fundi frestað, þegar um svo þýðingarmikil mál er að ræða, sem í greininni segir. Er þetta nýmæli því sett í frumvarpið.

Um 69. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 37. gr. núgildandi laga, en frestur til málshöfðunar þó hafður nokkru rýmri.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla um félagsstjórn og framkvæmdarstjóra eru ýmis nýmæli um skipun þeirra, störf, réttindi og skyldur, svo og fyllri ákvæði um þessi efni en í núgildandi lögum.

Um 70. gr.

Sjálfsagt þykir, að félagsstjórn sé ekki skipuð færri mönnum en þrem. Nokkur vafi þykir á því leika, hvort hagkvæmara sé, að meiri hluti hluthafa ráði vali allra stjórnenda, eða hvort minni hlutanum skuli tryggð íhlutun með hlutfallskosningu. Sá kostur þykir fylgja fyrrtöldu aðferðinni, að stjórn félags verði samhentari og þá styrkari. Þó er talið, að reynsla þeirra þjóða, er fylgja síðari aðferðinni, hafi eigi leitt í ljós verulega annmarka að þessu leyti. Hér þykir þó eigi rétt að lögbjóða hlutfallskosningu, en félögum er heimilað að setja slík ákvæði í samþykktir sínar.

Í greininni eru og ákvæði um hámarkskjörtíma stjórnenda. Endurkjör er þó að sjálfsögðu heimilt.

Um 71. gr.

Hér er nokkuð breytt frá 32. gr. núgildandi laga skilyrðum þeim, sem stjórnendur hlutafélags þurfa að fullnægja. Það er nýmæli, sem er í samræmi við ákvæði frumvarpsins um stofnendur og tiltekna tölu hluthafa (sbr. 4. og 26. gr.), að stjórnandi skal vera íslenzkur ríkisborgari. Þar sem erlendir ríkisborgarar geta átt hluti í íslenzkum hlutafélögum, þykir þó rétt að heimila ráðherra að veita undanþágu í þessu efni um einn stjórnanda í félagi. Þess er og krafizt, eins og nú, að stjórnandi eigi hlut í félaginu, en sérákvæði sett til hagsmuna ópersónulegum aðiljum, sem eru hluthafar. Þá er það og gert að skilyrði, að meiri hluti stjórnenda sé búsettur hér á landi.

Um 72. gr.

Greinin felur í sér nýmæli. Þar sem félagsstjórn og þá sérstaklega formaður hennar á að hafa eftirlit með framkvæmdarstjóra og starfsmönnum félags, þykir ekki rétt, að formaður gegni slíkum störfum.

Um 73. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum ákvæði um stjórnarfundi. Eru ákvæði greinar þessarar í samræmi við venjur þær, sem tíðast mun fylgt í þessum efnum.

Um 74. gr.

Hér eru settar nýjar og fyllri reglur um starfssvið stjórnarinnar almennt og afstöðu hennar til hluthafafundar og fyrirmæla í félagssamþykktum.

Um 75. gr.

Greinin er nýmæli. Þegar um svo þýðingarmiklar ráðstafanir er að ræða sem kaup eða sölu á verðmætum, sem í greininni eru talin, verður að telja varasamt, að félagsstjórn ein geti tekið ákvarðanir í þeim efnum, enda getur oft verið um að tefla verðmæti, sem tilvera félagsins byggist á. Er ákvörðun um þessi efni því lögð á vald hluthafafundar, og jafnframt eftir föngum reynt að tryggja, að fundarmenn fái rétta hugmynd um þörf og þýðingu þeirrar ráðstöfunar, sem um er að ræða.

Um 76. gr.

Stjórnendur félags hafa yfirstjórn um framkvæmdir félags og annast framkvæmdirnar, ef framkvæmdarstjóri er ekki ráðinn, sbr. 4. málsgr. 77. gr. Í félagssamþykktum má ákveða, að framkvæmdarstjóri einn eða fleiri, skuli ráðnir, svo og tölu þeirra, sbr. 16. tl. 10. gr. Yfirleitt er nægilegt, að einn sé framkvæmdarstjóri félags, og jafnvel óheppilegt, að fleiri séu, þar sem það getur bæði aukið kostnað og dregið úr ábyrgð og virkum stjórnarathöfnum, enda er slíkt bannað hjá sumum þjóðum. Þó getur rekstur félags verið svo viðamikill og margbrotinn, að réttlætanlegt sé, að framkvæmdarstjórar séu fleiri en einn. Af þeim sökum er veitt heimild sú, sem í 1. málsgr. getur.

Þá eru í 2. málsgr. ákveðin skilyrði þau, sem framkvæmdarstjóri þarf að fullnægja, og eru þau að verulegu leyti í samræmi við sams konar ákvæði um stjórnendur félags, sbr. 71. gr.

Um 77. gr.

Hér eru ný ákvæði um starfssvið framkvæmdarstjóra, og munu þau í meginatriðum vera í samræmi við venju, sem myndazt hefur í þessum efnum.

Um 78. gr.

Greinin felur í sér nýmæli. Það er aðalreglan, að stjórnendum og framkvæmdarstjóra er skylt á hluthafafundum að veita hluthöfum vitneskju um félagsstarfsemina. Undantekning er þó gerð um atriði, sem eru þannig vaxin, að birting þeirra fyrir hluthöfum almennt getur horft til tjóns fyrir félagið, svo sem er um ýmis viðskiptaleyndarmál, einkaleyfi o. þ. h. Þegar svo er ástatt, ber stjórn eða framkvæmdarstjóra að veita endurskoðendum vitneskju um málið, en þeir láta síðan í té álit, eins og í greininni segir, sem lagt er fyrir hluthafafund, sbr. og 98. gr.

Um 79. gr.

Grein þessi er nýmæli um svipað efni og getur í 61. gr. Rétt þykir þó, að fyrirmælin séu strangari um atkvæðagreiðslur á stjórnarfundum en á hluthafafundum, þar sem hér er um minni hóp að ræða og meiri hætta á misbeitingu stöðu.

Um 80. gr.

Greinin er nýmæli. Ef laun eða þóknun auk launa til handa stjórnenda eða framkvæmdarstjóra eru ákveðin sem tiltekinn hluti af tekjum félags, þykir sjálfsagt, að þóknunin sé ákveðin með þeim hætti, er í greininni segir, enda væri óheilbrigt, ef þóknun væri ákveðin af tekjum félags, áður en dregnar eru frá fjárhæðir þær, sem í greininni getur.

Um 81. gr.

Ákvæði greinarinnar eru ýtarlegri en samsvarandi ákvæði 32. gr. núgildandi laga. Stjórnendur félags, einn eða fleiri, eftir því sem ákveðið er í félagssamþykktum, skuldbinda félag. Í félagssamþykktum ber að ákveða, hvort undirskrift eins

stjórnanda nægi, eða hvort fleiri, og þá hve margir, skuli undirrita skuldbindingar. Ber félagsstjórn að tilkynna, hvernig háttað er nafnritun þeirra, er skuldbinda félagið, sbr. 2. málsgr. 21. gr. og 3. tl. 82. gr. Að sjálfsögðu nægir undirskrift framkvæmdarstjóra eins og prókúruhafa eins um gerninga samkvæmt stöðuumboði þeirra.

Rétt þykir, að félagsstjórn ein taki ákvörðun um prókúruhafa, svo og val hans, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, er í 2. málsgr. segir. Að öðru leyti fer um stöðu prókúruhafa eftir ákvæðum laga um prókúruumboð.

Um 82. gr.

Greinin er efnislega að mestu samhljóða 14. gr. núgildandi laga. Um 5. tl. má sérstaklega geta þess, að komi til félagsslita vegna ákvæða 6. tl. 1. málsgr. 102. gr., svo og ef félag er leyst upp með dómi, hvílir tilkynningarskylda á félagsstjórn.

Um IX. kafla.

Í kafla þessum eru mörg mikilsverð nýmæli, enda full nauðsyn að setja önnur og fyllri ákvæði en nú eru í 33. gr. hlutafélagalaganna. Ekki er þó sundurliðað, hvernig ársreikningar hlutafélags skuli gerðir, þar sem eðlilegra er, að ákvæði um þau efni sé í lögum um bókhald.

Um 83. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 84. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdarstjóri skulu annast um, að gerður sé ársreikningur, sbr. 85. gr., ársskýrsla, sbr. 86. gr. og tillaga um ráðstöfun arðs, ef því er að skipta. Endurskoðendur fá síðan ársreikninginn, sbr. 2. málsgr. 97. gr., og tillöguna um ráðstöfun arðs til athugunar. Að lokinni endurskoðun ársreiknings svo og álitsgerð um tillögu til arðsúthlutunar, skulu gögn þessi, ásamt ársskýrslu, lögð fyrir aðalfund. Ársskýrslan er ekki borin undir atkvæði. Hins vegar ber að greiða atkvæði um tillöguna um arðsúthlutun, sbr. 90.—92. gr. og athugasemdir við þær greinar. Ársreikninginn sjálfan skal og bera undir atkvæði, þ. e. til samþykkis eða synjunar. Ef synjað er samþykkis, en stjórn vill breyta reikningnum, má fresta fundi í því skyni og bera reikninginn síðan af nýju undir atkvæði. Ef þessi leið er ekki farin, getur komið til greina, að ný stjórn sé kosin, sem beri síðan nýjan reikning fyrir framhaldsfund. Ef ársreikningur fæst alls ekki samþykktur, getur úthlutun arðs ekki farið fram, og vanræksla um að senda skráningarstjóra samþykktan ársreikning 3 ár samfleytt varðar félagsslitum, sbr. 4. tl. 102. gr.

Um 85. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 86. gr.

Greinin felur í sér nýmæli. Ársreikningur einn veitir yfirleitt ekki annað en tölulega vitneskju um rekstur félagsins og hag. Er því nauðsynlegt, að félagsstjórn geri nánari grein fyrir rekstrinum, orsökum afkomu á liðnu reikningsári og framtíðarhorfum.

Um 87. gr.

Greinin hefur að geyma það nýmæli, að hlutafélögum er gert að skyldu til að treysta fjárhagsgrundvöll sinn, að leggja fé í varasjóð, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, sbr. 88. og 89. gr. Oft er það svo, að hlutafé er lítið í upphafi, en rekstur félags verður síðar umfangsmikill og skuldaskipti þess aukast. Myndun varasjóðs, er vel gengur, veitir þá skuldheimtumönnum aukna tryggingu, þegar harðnar

í ári. Jafnframt er það skynsamleg ráðstöfun félags að takmarka arðsúthlutun með framlögum til varasjóðs. Þá réttlætir það og myndun varasjóðs, að eignir félags kunna að vera færðar of háu verði á efnahagsreikningi miðað við það, er fyrir þær kynni að fást, sérstaklega við nauðungarsölu. Loks krefjast þjóðfélagshagsmunir þess, að hlutafélög, sem oft eru ríkur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, stilli arðgreiðslum sínum í hóf til þess að efla hag sinn, svo að þau þoli betur áföll, sem að kunna að bera. Meðan varasjóður hefur ekki náð lögskyldri hæð samkvæmt 1. málsgr. 89. gr., má einungis nota hann til að jafna halla, sem orðið hefur á rekstri félagsins. Ekki má þó grípa til þessa ráðs, ef unnt er að jafna hallann með tekjuafgangi síðasta reikningsárs eða aðrir eignaliðir eru tiltækilegir til að jafna hallann, en varasjóðinn skal nota í framangreindum tilgangi, áður en hlutafé er skert.

Um 88. gr.

Hér eru sett ákvæði um lágmarksframlög í varasjóð. Í félagssamþykktum má að sjálfsögðu ákveða þau hærri, þó svo, að réttur minni hluta til arðgreiðslu samkvæmt 92. gr. gengur fyrir, ef til kemur. Ákvæði frumvarpsins um framlög í varasjóð eru svipuð þeim, sem nú tíðkast með öðrum þjóðum.

Um 89. gr.

Það er álitamál, hversu hár lögboðinn varasjóður á að vera, miðað við hlutafé. Annars vegar kemur til greina þörfin á traustum fjárhagsgrundvelli, eins og segir í athugasemd við 87. gr., og hins vegar er á það að líta, að félagi verði ekki íþyngt með því að gera því að skyldu að binda hjá sér fé, sem það hefur ekki þörf fyrir í rekstrinum. Með tilliti til þess, hve atvinnuvegir eru hér ótryggari en víða annars staðar, er lágmark varasjóðs ákveðið nokkru hærra hér en tíðkast í hlutafélagalögum annarra þjóða. Rétt þykir, að varasjóður sé hærri hjá félögum, sem stofnuð hafa til verulegra skulda, og að þá sé ekki miðað við hlutaféð eitt, heldur einnig tekið tillit til skuldanna, eins og í greininni segir. Ekki þykir þó rétt að telja til skulda í þessu sambandi föst, veðtryggð lán, sem endurgreiðast eiga á 5 árum eða lengri tíma.

Ef varasjóður er hærri en lögskylt er, þykir rétt að heimila frjálsar greiðslur úr honum smám saman, eins og segir í 2. málsgr.

Um 90. gr.

Það er aðalreglan, að aðalfundur einn er bær um að taka ákvörðun um ráðstöfun arðs, hvort sem arðgreiðslan rennur úr félaginu eða eigi. Ráðstöfun á arði verður að sjálfsögðu að vera í samræmi við tilgang félags og starfsemi. Rétt þykir þó, í samræmi við venju, að veita hluthafafundum og félagsstjórn heimild til að verja hæfilegum fjárhæðum til almenningsheilla eða í góðgerðaskyni, eins og segir í 2. og 3. málsgr.

Um 91. gr.

Hér er sett það nýmæli, að aðalfundur er bundinn af tillögu félagsstjórnar um hámark arðsúthlutunar til hluthafa. Telja verður, að félagsstjórn, sem hefur bezta aðstöðu til að fylgjast með rekstri félagsins, sé færari en almennir hluthafar að meta, hver úthlutun sé hæfileg. Ef ágreiningur verður á aðalfundi um tillögu félagsstjórnar, getur hún breytt tillögum sínum, ef henni býður svo við að horfa, en fallist stjórnin ekki á það, getur aðalfundur vikið henni frá og kosið nýja stjórn, sem þá kann að bera fram nýja tillögu um arðsúthlutun. Tillaga stjórnar stendur því þó ekki í vegi, að arði sé úthlutað eftir kröfu minni hluta, þegar skilyrði 92. gr. eru fyrir hendi.

Þótt þess sé gætt, að hlutafé sé óskert, skyld framlög hafi verið lögð í varasjóð og fé tekið frá til áætlaðrar skattgreiðslu, getur högum félags samt verið svo háttað, að ekki sé rétt að heimila greiðslu á öllum afgangi arðs. Á þetta sérstaklega

við, þegar hlutafé er lágt, miðað við rekstur félagsins, og varasjóður þá lágur að sama skapi. Þykir þá rétt, að afgangur arðs sé látinn haldast að nokkru eða öllu í félaginu, til að treysta hag þess, og er því sett ákvæði 2. málsl. 1. málsgr. Verður félagsstjórn að haga tillögu sinni eftir þessu og aðalfundur að gæta þess einnig, og þá e. t. v. með því að ákveða lægri úthlutun en félagsstjórn hefur lagt til. Loks þykir rétt að takmarka arðsúthlutun, þegar varasjóður er tiltölulega lágur.

Um 92. gr.

Eins og tíðkast í erlendri nútímalöggjöf um hlutafélög, eru hér sett ákvæði til varnar því, að meiri hluti hluthafa geti haldið niðri arðgreiðslum og þannig þrengt hag minni hlutans, enda þótt eðlilegt væri, miðað við hag félagsins, að arðgreiðsla færi fram. Þó þykir rétt að setja nokkuð ströng skilyrði fyrir þessum rétti minni hlutans, til að tryggja starfshæfni félagsins. Þegar skilyrði þessi eru fyrir hendi, á minni hlutinn óskoraðan rétt til úthlutunar, eins og í greininni segir.

Um 93. gr.

Rétt þykir, að skráningarstjóra veitist kostur á að rannsaka, hvort fylgt sé ákvæðum laganna um reikningsskil og ráðstöfun arðs, enda ber honum, ef hann verður var við misfellur, að freista þess að fá það lagfært með því að snúa sér til félagsstjórnar eða, ef hún lætur ekki skipast, stuðla að því, að beitt sé aðgerðum samkvæmt 144. gr. Einnig geta komið hér til greina aðgerðir samkvæmt 102. gr.

Það, sem tilkynnt er samkvæmt grein þessari, ber ekki að taka á hlutafélagaskrá, sbr. 3. málsgr. 128. gr., og almenningur á ekki kost á að kynnast því, sbr. 129. gr.

Um X. kafla.

Hér eru sett ýmis ný og fyllri ákvæði um endurskoðendur hlutafélaga en nú eru í lögum (34. og 35. gr. laga nr. 77/1921). Þeim eru og ætluð fleiri verkefni en nú er. Eiga ákvæði þessi m. a. að tryggja hluthöfum ýtarlegri og öruggari vitneskju um ýmis félagsmál en þeir annars ættu kost á.

Um 94. gr.

Í félagssamþykktum skal ákveða tölu endurskoðenda, sbr. 19. tl. 10. gr., en ekki mega þeir vera færri en tveir. Í 3. málsgr. er það nýmæli sett til tryggingar hagsmunum minni hlutans, að þeir, er ráða yfir meiru en ⅓ hlutafjár, eigi rétt til að kjósa einn endurskoðanda.

Um 95. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 96. gr.

Í 1. málsgr. er ákveðið, að endurskoðandi fullnægi svipuðum almennum skilyrðum og stjórnendur félags, auk þess sem hann skal hafa nauðsynlega sérþekkingu um bókhald. Í 2. málsgr. eru sett skilyrði því til tryggingar, að endurskoðandi sé óháður stjórnanda, framkvæmdarstjóra og helztu starfsmönnum félags í starfi sínu.

Ekki hefur þótt ástæða til að lögbjóða, að endurskoðandi í stórum hlutafélögum sé löggiltur, en rétt þykir að veita skráningarstjóra heimild til að krefjast þess, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Um 97. gr.

Hér eru settar nokkrar reglur um starf endurskoðenda. Það fer þó að sjálfsögðu eftir stærð félags og rekstri, hversu víðtækt starf þeirra er, þar á meðal hve nákvæmlega og oft þeir þurfa að fylgjast með rekstri félagsins.

Um 98. gr.

Sjálfsagt þykir, að endurskoðendum sé skylt, þegar þess er óskað, að veita á hluthafafundum frekari vitneskju um félagsmál en fram kemur í skýrslum þeirra. Þó mega þeir ekki skýra frá atriðum, ef það getur að áliti þeirra valdið félaginu tjóni.

Ef endurskoðandi brýtur þagnarskyldu sína, varðar það viðurlögum samkvæmt 145. gr.

Um 99. og 100. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um XI. kafla.

Í kafla þessum eru mörg og mikilsverð nýmæli um slit hlutafélaga, bæði að því er varðar skyldu til félagsslita og frjáls félagsslit. Að því er fyrra atriðið varðar, eiga ákvæðin að koma í veg fyrir, að hlutafélög, sem fullnægja ekki lengur lögmæltum skilyrðum, haldi áfram starfrækslu sinni. Þá eru og félagsslit heimiluð, þegar tiltekinn meiri hluti hluthafa ákveður. Öll eiga ákvæðin að miða að því, að félagsslit fari fram með þeim hætti, að bæði sé borgið hag lánardrottna og hluthafa.

Um 101. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 44. gr. núgildandi laga, en við bætt ákvæðum um, hvernig með skuli fara, ef eignir verða afgangs skuldum við skiptalok. Þykir ekki ástæða til að hafa aðrar reglur um skyldu hlutafélaga, er komast í fjárþrot, en annarra aðila.

Um 102. gr.

Hér eru sett ný ákvæði um skyldu til félagsslita. Ákvæði 1.—3. tl. 1. málsgr. lúta að grundvallaratriðum um hlutafélög. Um 1. og 2. tl. vísast að öðru leyti til athugasemda við 4. og 26. gr. (1. tl.) og 70. og 71. gr. (2. tl.). A-liður 3. tl. á við þau tilvik, er skráð hlutafé fæst ekki greitt að fullu eða er ekki löglega fært niður vegna ógildingar á eigin hlutum eða ógreiddum, og vísast um það til athugasemda við 27. og 38. gr. Ef niðurfærslan samkvæmt greinum þessum veldur því, að hlutafé fer niður úr 20 þúsundum króna, sbr. 1. málsgr. 28. gr., er hún ekki lögleg, og kemur þá a-liður 3. tl. einnig til greina. B-liður 3. tl. lýtur að því, er greiðsla til hluthafa veldur ólöglegri skerðingu á hlutafé, hvort heldur sú greiðsla stendur í sambandi við lækkun hlutafjár samkvæmt VI. kafla laganna eða ekki.

Ákvæði 4. tl. er á því reist, að ætla má, að slík óreiða sé komin á rekstur félags, þegar svo er ástatt, sem þar segir, að félaginu beri að slíta.

Í félagssamþykktum kann að vera ákveðið, að félag skuli starfa fyrirfram tiltekinn tíma eða einungis leysa tiltekið verkefni, og þykir þá sjálfsagt, að félaginu sé slitið (5. tl.), nema breytt sé um tilgang eða starfsemi þess með breytingum á félagssamþykktum. 6. tl. lýtur að því, er tiltekinn aðili hefur með samningi eða samkvæmt ákvæðum félagssamþykkta öðlast rétt til þess að félagsslit fari fram.

Ef um er að ræða skyldu til félagsslita samkvæmt 3. tl. a., hefur félag þegar fengið fullnaðarfresti til að bæta úr annmörkum, sbr. 27. og 38. gr. Í öðrum tilvikum samkvæmt 1. málsgr. ber skráningarstjóra að veita hæfilegan frest, eftir að honum hefur borizt vitneskja um annmarkana, hvort sem sú vitneskja er fengin með tilkynningu stjórnar samkvæmt 4. tl. 82. gr. eða með öðrum hætti.

Rétt þykir, að þeir, sem stofna til skuldbindinga fyrir hönd félags, eftir að endanleg skylda til félagsslita er fyrir hendi, beri solidariska ábyrgð á þeim, enda sé þeim kunnugt um þá skyldu.

Um 103. gr.

Hluthafafundur hefur jafnan heimild til að ákveða frjáls félagsslit, en gæta skal ákvæða 62. gr. og 7. tl. 64. gr. um atkvæðagreiðslu.

2. málsgr. er nýmæli. Þegar hluthafafundur ákveður að afsala eignum félags í heild til annars aðila, án þess að ákvæði 119. gr. eigi við, þá þarf til slíkra félagsslita samþykki einfalds meiri hluta hluthafa, sbr. 62. gr. Þessi háttur um að koma eignum félags í verð getur verið ótryggari fyrir hluthafa en sala eignanna fyrir milligöngu skilanefndar. Þykir því rétt, að félagsstjórn geri sérstaka grein fyrir hinni fyrirhuguðu ráðstöfun, og auk þess að heimila tilteknum hóp hluthafa að krefjast mats, er sé til leiðbeiningar áður en ákvörðun er tekin, en ekki er meiri hlutinn við það mat bundinn.

Um 104. gr.

Hér og í næstu greinum eru sett ýtarlegri ákvæði um skipun skilanefndar en í núgildandi lögum (39. gr.). Eins og nú, er og heimilt að fela skiptarétti búskiptin, sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, og mundi það einkum koma til greina, ef vafi leikur á, hvort eignir félags hrökkvi fyrir skuldum.

Í 2. málsgr. eru sett svipuð skilyrði, sem skilanefndarmenn verða að fullnægja, og gildir um stjórnendur, enda koma þeir í stað stjórnenda, sbr. 107. gr. Vegna hagsmuna minni hluta hluthafa við félagsslit er honum tryggður réttur til að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Um 105. og 106. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 107. gr.

Þegar skilanefnd hefur verið kosin, fellur umboð félagsstjórnar og framkvæmdarstjóra niður. Hlutverk skilanefndar er fyrst og fremst að koma eignum félags í verð, greiða skuldir þess og skipta afgangi eigna meðal hluthafa. Af þessu leiðir þó ekki, að skilanefnd sé alltaf skylt að stöðva rekstur félags þegar í stað. Stundum getur verið hagkvæmt, að rekstur haldi áfram um stund, a. m. k. að einhverju leyti, en að sjálfsögðu ber skilanefnd að draga úr honum og stöðva hann svo fljótt sem unnt er, án tjóns fyrir félagið.

Um 108. gr.

Samsvarar 40. gr. núgildandi laga. Þarfnast ekki skýringa.

Um 109. gr.

Samsvarar 1. málsgr. 41. gr. núgildandi laga. Þarfnast ekki skýringa.

Um 110. gr.

Hér eru ýtarlegri ákvæði en í núgildandi lögum um úthlutun eigna til hluthafa. Samkvæmt 55. gr. eiga hluthafar að sjálfsögðu rétt til þess að kynna sér fyrir hluthafafund frumvarp að úthlutunarskrá og álitsgerð endurskoðenda.

Um 111. gr.

1. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 2. málsgr. felur í sér nýmæli um endurheimtu á ofgreiddu fé til hluthafa. Þykir rétt, að skilanefndarmenn beri persónulega ábyrgð á endurgreiðslunni.

Um 112. gr.

Ef um slíkan ágreining út af skiptum skilanefndar er að ræða, sem bera mætti undir skiptarétt við opinber búskipti, þykir rétt að heimila aðila að bera ágreininginn undir skiptarétt, þar sem það getur flýtt fyrir afgreiðslu mála.

Í 2. málsgr. er ákveðinn sérstakur, stuttur frestur til að bera áðurnefndan ágreining undir skiptarétt (sbr. 1. málsgr.) eða aðra dómstóla, eftir því sem við á. Að sjálfsögðu ber skilanefnd að tryggja sér sönnun fyrir upphafstíma frestsins.

Um 113. gr.

Greinin er nýmæli. Ákvæði hennar taka til fjár, sem ekki er vitjað innan hins tiltekna frests, hvort sem eigandi þess er lánardrottinn félags, hluthafi eða annar aðili.

Um 114. gr.

Í 1. og 3. málsgr. eru ákvæði um tilkynningar til skráningarstjóra vegna félagsslita svo og um upphaf opinberra skipta. Heppilegt þykir, að skráningarstjóri varðveiti gögn þau, sem um ræðir í 2. málsgr.

Um 115. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 116. gr.

Þótt frjáls félagsslit hafi verið ákveðin, geta breytt atvik valdið því, að hluthafar kjósi að hætta við félagsslitin og halda starfseminni áfram.

Rétt þykir þó, að allmikill meiri hluti atkvæðamagns standi að baki ákvörðun um endurupptöku rekstrarins. Vegna innköllunar þeirrar, sem fram hefur farið, skal þó greiða eða tryggja kröfur lánardrottna, nema þeir samþykki, að skuldir standi áfram.

Um 117. gr.

Ef ákvörðun um félagsslit hefur verið hnekkt með dómi, tekur félagið upp starfsemi sína af nýju, nema ný lögleg ákvörðun um félagsslit komi til. Um áhrif gerninga, sem skilanefnd hefur þegar gert, og ábyrgð vegna ólögmætrar ákvörðunar um félagsslit, fer eftir almennum réttarreglum.

Um 118. gr.

Sameining hlutafélaga (fusion) getur orðið með tvennum hætti: Félög, tvö eða fleiri, gera hvert fyrir sig samþykkt um sameiningu, þannig að myndað er nýtt félag með nýjum samþykktum, og tekur hið nýja félag þá við öllum eignum þeirra, en þau sjálf eru lögð niður (consolidation). Í öðru lagi má sameina félög þannig, að eitt félag eða fleiri afsali eignum sínum í heild til tiltekins félags, gegn greiðslu með hlutum í því félagi að nokkru leyti eða öllu. Heldur það félag áfram tilvist sinni, e. t. v. með breyttum samþykktum, en hin félögin eru lögð niður (merger). Í núgildandi lögum (42. gr.) er gert ráð fyrir sameiningu hlutafélaga, en þau ákvæði eru mjög ófullkomin. Í þessari grein (118. gr.) eru sett ákvæði um sameiningu þá, sem fyrr var talin (consolidation), en um hina síðartöldu (merger) eru ákvæði í 119. gr.

Þegar félög eru sameinuð samkvæmt þessari grein, þykir ekki þörf á skipun skilanefndar vegna félaga þeirra, sem niður eru lögð. Eignir þeirra í heild ganga til nýja félagsins og þarf ekki að koma þeim í verð. Hins vegar þarf samkvæmt 4. og 5. málsgr. að gefa út innköllun til lánardrottna og halda eignum aðgreindum, þar til kröfur þeirra eru greiddar eða tryggðar, og er stjórn hins nýja félags falin framkvæmd þess.

Til samþykktar hinna einstöku félaga um sameiningu þarf jákvæði hluthafa, sem ráða a. m. k. yfir ⅔ hlutafjár, sbr. 7. tl. 64. gr., og leiðir þar af, að minni hlutinn á innlausnarrétt samkvæmt 65. gr.

Að sjálfsögðu þarf að gæta þess, að hið nýja félag fullnægi öllum skilyrðum laga um hlutafélög, sbr. 3. málsgr., og þykir rétt að ákveða, að stjórnendur eldri félaganna beri sams konar ábyrgð og stofnendur um, að rétt sé að farið, sbr. II. kafla frumvarpsins.

Um 119. gr.

Eins og getið er í athugasemdum við 118. gr., taka ákvæði þessarar greinar til sameiningar með þeim hætti, að eitt eða fleiri félög renna saman við tiltekið félag,

sem þegar er til, og heldur áfram tilvist sinni eftir sameininguna. Grein þessi á við, þegar andvirði eigna þeirra félaga, sem niður eru lögð, eru greidd að nokkru leyti eða öllu með hlutum í félagi því, er við tekur. Verða hluthafar í félögum þeim, sem niður eru lögð, hluthafar í því félagi. Greinin á hins vegar ekki við, ef aðili, hvort heldur hlutafélag eða annar, tekur við eignum félags í heild gegn greiðslu í öðru en hlutabréfum. Um slíkt eignaafsal gilda ákvæði 2. málsgr. 103. gr., sbr. 2. málsgr. 107. gr.

Um 120. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

Þessi kafli fjallar um samstæðu hlutafélaga (koncern), og eru engin ákvæði í gildandi lögum um þau efni. Reynslan hefur sýnt, sérstaklega erlendis, að slíkar samstæður myndast, þannig að tvö eða fleiri hlutafélög tengjast með þeim hætti, að annað eða eitt félagið, sem nefnist móðurfélag, ræður vegna hlutaeignar yfir meiri hluta atkvæða í hinu eða hinum félögunum, er nefnast dótturfélög. Ástæður til myndunar samstæðna eru oft þær, að móðurfélag hefur tiltölulega lítið hlutafé, en getur með hlutafjáreign í öðrum félögum staðið að víðtækum heildarrekstri. Svo getur og verið, að hlutafélag, sem öðlazt hefur á þenna hátt yfirráð í öðru félagi eða öðrum, vilji komast hjá því að steypa félögunum saman af ýmsum ástæðum, svo sem vegna skattgreiðslu.

Ýmis vandamál geta risið í sambandi við samstæðu hlutafélaga, og hefur á síðustu árum verið reynt erlendis að leysa nokkur þeirra með löggjöf. Sérstaklega er reynt að koma í veg fyrir, að úthlutun arðs úr móðurfélagi fari fram úr því, sem réttlætist af hag samstæðunnar í heild. Þá er og reynt að stuðla að því, að skipti félaganna innan samstæðunnar séu sem heilbrigðust, m. a. með því að tryggja hlut-höfum vitneskju um þau.

Um 121. gr.

Hér er skýrgreining á hugtökunum móðurfélag og dótturfélag. Er í 1. málsgr. við það miðað, að móðurfélag ráði vegna hlutafjáreignar yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi. Getur þetta bæði orðið með þeim hætti, að móðurfélag eigi meira en 50% hluta í dótturfélagi og einnig þannig, að hlutir móðurfélags veiti betri atkvæðisrétt en aðrir hlutir, þótt þeir fari eigi fram úr 50% hlutanna. Þegar félag öðlast aðstöðu móðurfélags með þessum hætti, ber stjórnendum þess að tilkynna það tafarlaust skráningarstjóra og stjórn dótturfélags.

Þótt félag hafi ekki fengið yfirráð í öðru félagi með þeim hætti, sem í 1. málsgr. segir, geta önnur atvik, svo sem sérstakur samningur, lánveiting eða önnur fjárframlög o. fl., valdið því, að það félag hafi tögl og hagldir um stjórn og starfsemi annars félags. Þegar skráningarstjóri verður þessa var, vegna vitneskju frá hluthöfum eða á annan hátt, getur hann ákveðið, að reglurnar um samstæðu hlutafélaga komi til greina.

Um 122. gr.

Sömu rök liggja að baki ákvæðum þessarar greinar og getur í athugasemdum við 27. gr. Ákvæðin eru og sams konar, þó með þeirri undantekningu, að ógilding kemur ekki til greina, þar sem ekki er fært, að stjórnendur dótturfélags hafi heimild til að ógilda hluti í öðru félagi.

Ákvæði 3. málsgr. eru í samræmi við niðurlagsákvæði 4. málsgr. 60. gr.

Um 123. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um sérstaka tilhögun á ársreikningi móðurfélags til þess að reyna að tryggja hluthöfum glögga yfirsýn um samskipti félaganna og hverra hagsmuna þau hafa að gæta, hvort gagnvart öðru.

Ef móður- og dótturfélög hafa ekki í upphafi sama reikningsár, ber að samræma það, svo fljótt sem unnt er, sbr. 83. gr.

Um 124. gr.

Vegna þeirra fjárhagslegu tengsla, sem eru milli félaga í samstæðu, hefur hagur dótturfélags slík áhrif á hag móðurfélags, að nauðsynlegt er fyrir hluthafa móðurfélags að fylgjast nánar en fram kemur í ársreikningi með afkomu dótturfélaganna. Gilda um þetta svipuð sjónarmið og ársskýrslu samkvæmt 86. gr., sbr. athugasemd við þá grein.

Um 125. gr.

Þar sem endurskoðanda í móðurfélagi er sérstaklega þörf bókhaldsþekkingar, þykir rétt að ákveða, að a. m. k. einn þeirra sé löggiltur. Svo þykir og nauðsynlegt, að endurskoðendur dótturfélags séu óháðir móðurfélagi, sbr. 2. málsgr. 96. gr. og athugasemdir við þá grein.

Um 126. gr.

Ársskýrsla samkvæmt 124. gr. skal sérstaklega lögð fyrir endurskoðendur og athuguð af þeim. Er þessu því öðruvísi farið en um ársskýrslu hlutafélaga almennt, sbr. 84. og 86. gr. Síðan skal ársskýrslan ásamt rökstuddri álitsgerð endurskoðenda lögð fyrir aðalfund og einnig skal hún send skráningarstjóra. Ef hluthafi telur einhver atriði í ársskýrslu samkvæmt 124. gr. ekki fullnægjandi, er félagsstjórn og framkvæmdarstjóra skylt að veita um það nánari vitneskju, nema ætla megi, að það sé félagi til tjóns, en þá skal farið eftir ákvæðum 78. gr. Þó að ársskýrsla sé send skráningarstjóra samkvæmt 3. málsgr., skal hún ekki birt almenningi, sbr. 128. og 129. gr.

Um 127. gr.

Hér er í 1. málsgr. sett sams konar regla og í síðari hluta 1. málsgr. 91. gr. og að auk hinna lögákveðnu takmarka um úthlutun arðs, skuli beitt almennu mati, ekki einungis um hag móðurfélagsins sjálfs, heldur um hag samstæðunnar í heild. Sama sjónarmið kemur til greina um ákvæði 2. málsgr., að því er varðar hækkun hlutafjár í móðurfélagi með færslu á rekstrarreikningi (útgáfu „frihlutabréfa“) samkvæmt 46. gr.

Um XIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla um skráningu hlutafélaga fela í sér miklar breytingar frá gildandi lögum að því leyti, að samkvæmt frumvarpinu er ætlazt til, að skráning hlutafélaga fari fram á einum stað á landinu, þ. e. hjá skráningarstjóra, sem sé sjálfstæður embættismaður, og er ætlazt til, að embætti hans sé ákveðið í firmalögum. Með þessu fyrirkomulagi á að vera trygging fyrir því, að um þessi þýðingarmiklu mál fjalli sérfróður maður, sem öðlast víðtækari reynslu en einstakir embættismenn, og honum jafnframt kleift að samræma framkvæmdina meira en nú er. Samgöngur eru orðnar þannig hér á landi, að ekki á að koma að sök, þótt skráningarstjórinn sé einn fyrir allt landið.

Auk eiginlegra skráningarstarfa er skráningarstjóra falin ýmis önnur störf samkvæmt frumvarpinu, svo sem staðfesting stofnskjala (12. gr.) og staðfesting útboðsskrár við hækkun hlutafjár (41. gr.), löggilding hlutabréfaskrár (33. gr.), mat á tryggingum, ef aðila greinir á (16. gr., 50. gr., 110. gr. og 116. gr.), kvaðning til félagsfunda (56. gr., 57. gr.), ákvörðun um löggiltan endurskoðanda (96. gr.), ákvörðun um hvort fara skuli eftir ákvæðum laganna um samstæðu (121. gr.), ákvörðun um opinber skipti (105. gr., 115. gr.) og varðveizla bóka og skjala (114. gr.). Eins og sést af þessu, hefur skráningarstjóri samkvæmt frumvarpinu frekari afskipti af stjórn þessara mála en nú er. Ef hann verður þess var, að hlutafélag fullnægir ekki ákvæðum laga eða félagssamþykkta um skipulag eða starfsemi, ber honum að gera ráðstafanir til, að úr verði bætt eða félaginu verði slitið, ef því er að skipta.

Um 128. gr.

Eins og að framan er getið, er gert ráð fyrir einum skráningarstjóra fyrir allt landið.

Í greininni eru ákvæði um, hvað taka skuli á hlutafélagaskrá (3. málsgr.), en hér eru ekki settar reglur um framkvæmd þess eða form skrárinnar, heldur er lagt á vald ráðherra að ákveða skipulag hennar (2. málsgr.). Það, sem sett er á hlutafélagaskrá samkvæmt 3. málsgr., getur almenningur kynnt sér hjá skráningarstjóra, með þeirri undantekningu, sem greinir í 5. málsgr. Í frumvarpinu eru ákvæði um ýmsar tilkynningar til skráningarstjóra, sem ekki má taka á skrá samkvæmt 3. málsgr., sbr. 15. gr., 93. gr., 115. gr., 2. málsgr. 121. gr., 2. málsgr. 122. gr., 3. málsgr. 126. gr. og 3. málsgr. 139. gr. Þessar tilkynningar fær skráningarstjóri til þess að geta rækt eftirlit sitt samkvæmt frumvarpinu, en þær þykja ekki eiga erindi til almennings.

Um 129. gr.

Eins og nú er, skal birta í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum aðalefni þess, sem tekið hefur verið á hlutafélagaskrá samkvæmt 128. gr. Ræður skráningarstjóri formi þeirra auglýsinga.

Um 130. gr.

Skráningarstjóri skal samkvæmt 1. og 2. málsgr. synja um staðfestingu eða skráningu, ef ekki hefur verið gætt réttra reglna um efni eða form. Þegar félag er tilkynnt til skráningar samkvæmt 21. gr., er skráningarstjóri ekki bundinn af staðfestingu stofnskjala samkvæmt 12. gr.

Um 131. og 132. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Greinarnar eru að mestu efnislega samhljóða 16. og 19. gr. núgildandi laga.

Um 133. gr.

Grein þessi kemur í stað 60. gr. núgildandi laga, en gjöld eru hækkuð til samræmis við verðlag nú.

Um XIV. kafla.

Ákvæði þessa kafla svara til VII. kafla núgildandi laga. Rétt þykir, að ráðherra geti veitt erlendu hlutafélagi leyfi til starfsemi hér á landi, enda hafi það hér útibú og fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, er í kaflanum greinir. Er þetta og í samræmi við rétt annarra þjóða.

Um 134. gr.

Lagt er á vald ráðherra að ákveða, hvort erlent hlutafélag megi starfa hér á landi. Þó getur hann ekki veitt leyfið, nema fullnægt sé skilyrðum 1.—6. tl. Félagið verður að vera hlutafélag í heimalandi sínu, enda séu hugtakseinkenni slíkra félaga þar í meginatriðum þau sömu og hér, sbr. 1. og 2. tl. Sjálfsagt þykir og að ákveða, að um gagnkvæman rétt sé að ræða á milli landanna í þessum efnum, sbr. 3. tl., að félagið fullnægi íslenzkum lögum um atvinnu sína og hafi útibú, hvort sem þau eru eitt eða fleiri, sbr. 4. og 5. tl. Loks er það gert að skilyrði, sbr. 6. tl., að félagið setji hæfilega tryggingu fyrir skuldum, sem það kann að komast í við hérlenda lánardrottna. Ákveður ráðherra fjárhæð tryggingar, enda lætur hann varðveita féð, meðan starfsemi félagsins helzt. Ef ástæður breytast, t. d. vegna aukinnar starfsemi útibúsins eða verðfalls peninga, getur ráðherra hækkað tryggingarféð. Sjá og athugasemdir við 142. gr. frumvarpsins.

Um 135. gr.

Svarar til ákvæða 2. tl. 46. gr. núgildandi laga, sbr. og b.-lið 3. málsgr. 138. gr. frumvarpsins.

Um 136. gr.

Nauðsynlegt þykir, að þeir sem semja við útibú erlends félags, viti um nafn þess og heimilisfang, t. d. h/f Star, London. Útibú, Reykjavík.

Um 137. gr.

Störf útibússtjóra eru með svipuðum hætti og störf framkvæmdarstjóra innlendra félaga, og verða þeir að fullnægja flestum þeim skilyrðum, sem sett eru um framkvæmdarstjóra, sbr. 76. gr. Þess er þó krafizt, að útibússtjóri undirriti ávallt skuldbindingar útibúsins hér.

Um 138. gr.

Greinin hefur að geyma svipuð ákvæði og 46. gr. núgildandi laga, en er að sumu leyti ýtarlegri.

Um 139. gr.

Rétt þykir að láta ákvæði 23.—25. gr. taka til samninga, sem gerðir eru fyrir hönd útibús fyrir skráningu þess, og vísast til athugasemda við þær greinar. Svipuð ákvæði eru í 47. gr. núgildandi laga.

Um 140. gr.

Sjálfsagt er, að bú útibús sé tekið til skiptameðferðar hér, ef hið erlenda félag verður gjaldþrota. Ekki er ástæða til að setja hér ákvæði um afstöðu skuldheimtumanna gagnvart útibúinu og erlenda félaginu, enda fer um hana eftir réttarreglum, sem ekki eru sérstaklega bundnar við hlutafélög.

Um 141. gr.

Hér eru talin atvik, sem valda því, að útibú skal leggja niður og afmá það úr hlutafélagaskrá. Ákvæði 4. tl. er að efni til svipuð ákvæðum 50. gr. núgildandi laga. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 142. gr.

Hér eru sett ákvæði um skipti á tryggingarfé því, er um getur í 6. tl. 134. gr. Fer um skiptin sem um úthlutun eigna í þrotabúum. Ákvæði þessi raska að sjálfsögðu ekki rétti lánardrottna til að fá fullnægju af eignum útibúsins eða erlenda félagsins, eftir því sem lög standa til.

Ákvæði greinar þessarar kunna að takmarkast af sérstökum millirikjasamningum, sbr. t. d. lög nr. 21/1934.

Um 143. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að nokkru leyti efnislega samhljóða 51. gr. núgildandi laga og að nokkru lokaákvæði 102. gr. frumvarpsins.

Um XV. kafla.

Hér eru sett ákvæði um refsingar við ýmsum brotum, sem sérstaklega eru tengd rekstri hlutafélaga. Ef broti er þannig háttað, t. d. fjársvik, að þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, koma þær reglur að sjálfsögðu til greina.

Um 144. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 52. gr. núgildandi laga.

Um 145. gr.

Greinin er efnislega svipuð 53. gr. núgildandi laga, en við er bætt ákvæði um viðurlög við broti á þagnarskyldu endurskoðenda. Sjá og athugasemd við 2. málsgr. 146. gr.

Um 146. gr.

Greinin er nýmæli. Hlutir í hlutafélögum ganga oft kaupum og sölum. Er því mikilsvert, að menn fái réttar hugmyndir um hag félags á hverjum tíma. Þykir þess vegna nauðsynlegt að leggja refsingu við verknaði eða athafnaleysi, sem eru til þess fallin að skapa rangar hugmyndir um hag félagsins, þannig að áhrif geti haft á söluverð bréfa, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Í síðari málsgr. er um svipuð brot að ræða og getur í 1. tl. 145. gr. Þó er sá munur, að ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til rangra skýrslna í einkaskjölum, en eru ekki bundin við, að skýrsla sé gefin opinberlega eða til hluthafafundar eða forráðamanna félags.

Um 147. gr.

Ákvæði núgildandi laga um brot, er varða atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, eru mjög fábreytt, sbr. 56. gr. Nú er það mjög mikilsvert fyrir heilbrigðan félagsrekstur, að atkvæðagreiðslu sé ekki ólöglega raskað og ekki sé beitt ólöglegum áhrifum um framkvæmd hennar. Eru ákvæði greinarinnar við þetta miðuð og svara þau að mestu til ákvæða 103. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, en refsing þó höfð lægri.

Samkvæmt 4. og 5. tl. er refsinæmi og við það bundið, að verknaður eða athafnaleysi sé félaginu í óhag.

Um 148. gr.

Svarar til 55. gr. núgildandi laga.

Um 149. gr.

Greinin er nýmæli. Ekki þykir varhugavert frá sjónarmiði refsiréttar að leggja fjársekt á félag, en að sjálfsögðu verður ekki vararefsing dæmd. Ákvæðið mundi einkum koma til greina, þegar hluthafafundur hefur falið fyrirsvarsmönnum framkvæmd starfa, sem varðar við lög. Einnig getur verið rétt að beita ákvæðinu, þegar félagið hefur hlotið hagnað af brotinu.

Um 150. gr.

Ákvæði greinarinnar felur í sér nýmæli. Þykir eðlilegt, að félagið beri ábyrgð á greiðslu fjársektar á hendur fyrirsvarsmanna sinna, er brot hefur verið framið í sambandi við félagsstarfsemina.

Um XVI. kafla.

Aðalreglan er sú, að ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verða, taki einnig til félaga, sem stofnuð hafa verið áður en lögin öðlast gildi. Eðli málsins samkvæmt verður þó að gera nokkrar undantekningar frá þessu, eins og síðar verður rakið.

Um 151. gr.

Ekki þykir ástæða til að láta langan tíma líða frá setningu laganna, þar til þau komi til framkvæmdar.

Um 152. gr.

Hlutfélögum, sem löglega eru stofnuð og skráð að eldri lögum, er skylt að breyta samþykktum sínum í samræmi við lög þessi, sbr. 154. gr., **en að öðru leyti** koma ákvæði laganna um stofnun hlutafélaga ekki til greina um þau. Rétt þykir, að sama gildi um félög, sem þegar hafa ráðið stofnun sína á stofnfundi, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 77/1921, en um skráningu þeirra fer þá eftir lögum þessum, svo sem við á. Ef stofnun félags er hins vegar skemmra á veg komin, verður að öllu leyti að fara eftir ákvæðum laga þessara um stofnun.

Um 153.—155. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. 5. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsl.:

Bygging íbúða, sem eigi eru stærri en nú er lögákveðið um verkamannabústaði, er heimil án fjárfestingarleyfis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er ekkert orðið eftir af þeim „röksemdum“, sem beitt var, er þeirri skipun var á komið, að fjárfestingarleyfi þyrfti fyrir byggingu íbúðarhúsa. Þá var sagt í lögunum sjálfum, að öll þessi takmarkandi leyfi skyldu gilda, „meðan hinar miklu atvinnuframkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir.“ En nú er í stað hinna miklu framkvæmda komið mikið atvinnuleysi og því engin ástæða til að leyfa ekki vinnu við svo nauðsynlegt starf sem byggingu hóflegra íbúðarhúsa.

Enn fremur eru allar þær forsendur brostnar, sem fjárhagsráði var lagt á herðar að byggja á, er því var vald gefið til takmörkunar á byggingarstarfsemi landsmanna. Í lögum um fjárhagsráð var ráðinu fyrirskipað að miða störf sín við eftirfarandi:

„1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.

2. Að öllum vinnandi mönnnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku. ...

8. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“

En afleiðingarnar af starfi fjárhagsráðs hafa orðið þær í fyrsta lagi, að framleiðslugetan er miklu verr hagnýtt en 1947, er ráðið tók til starfa, í öðru lagi, að verkfærir menn, sem allir höfðu örugga og næga atvinnu, er ráðið tók til starfa 1947, hafa nú stopula og ónóga vinnu og byggingarverkamenn hafa þjáðst af atvinnuleysi, og í þriðja lagi, að húsnæðisskortur er nú meiri og verr unnið að því að útrýma honum en gert var áður en ráðið tók til starfa. 1946 voru t. d. byggðar 634 íbúðir í Reykjavík, en 1951 aðeins 280. — Það er því full ástæða til, að einstaklingarnir fái sjálfir að bjarga sér sem bezt þeir geta, þegar afskipti ríkisstjórnarinnar reynast svo slæm.

Alþingi hefur áður látið í ljós vilja sinn til að gefa frjálsar smáíbúðir, þótt lagabreytingar í þá átt væru hindraðar með afskiptum utan frá. Flutningsmenn álíta nauðsyn, að nú þegar í byrjun þings séu íbúðir af þessari stærð, er hér greinir, gefnar frjálsar, en munu síðar bera fram ýtarlegri tillögur um að tryggja byggingarefni og lánsfé til byggingarstarfsemi landsmanna.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um stærð og gerð smáíbúðarhúsa.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir fjárhagsráð að heimila þeim, sem fengið hafa leyfi til að byggja smáíbúðarhús skv. auglýsingu ráðsins frá 10. sept. 1951, að hafa a. m. k. 2,5—3 metra ris á húsunum og að afturkalla nú þegar kærur, sem stofnað hefur verið til á hendur þeim, sem hafa byggt hærri ris á hús sín en 1,5—2 m, eins og ráðið hefur ákveðið.

Jafnframt leggi ríkisstjórnin fyrir fjárhagsráð að endurskoða þær reglur, sem það hefur sett um stærð og gerð smáíbúðarhúsa, og verði sú endurskoðun framkvæmd að fengnum tillögum frá félagsamtökum húsameistara og annarra byggingarmanna.

Greinargerð.

Síðan fjárhagsráð var knúið til þess seint á s. l. ári að slaka nokkuð á því banni við byggingu íbúðarhúsa, sem reynt var að koma á í skjóli fjárhagsráðslaganna, hafa leyfisveitingar til íbúðarhúsabygginga að mestu leyti verið einskorðaðar við smáíbúðarhús, innan við 80 fermetra að gólffleti. Eru nú nær 900 hús af þessari stærð í byggingu, þar af helmingur í Reykjavík.

Fjárhagsráð ákvað í fyrstu, að rishæð slíkra húsa mætti ekki vera nema 1,5 m, en neyddist síðar til að hækka það lágmark í 2 m.

Nú hafa ýmsir þeirra, sem eru að byggja þessi hús, leiðzt til þess að nota það efni, sem fjárhagsráð sjálft hefur úthlutað þeim til bygginganna, þannig, að það skapar þeim meira húsrúm en fjárhagsráð hefur ákveðið að það skuli hrökkva til, og tekst mönnum þetta með því móti að hafa ris húsanna örlítið hærri en fjárhagsráð hefur samþykkt. Fyrir þetta athæfi hefur fjárhagsráð kært þá, og vofa nú sektir eða fangelsi yfir nokkrum tugum eða hundruðum manna, sem hafa neitað að saga 1—2 feta búa af því sperruefni, sem þeim hefur verið skammtað og þeir hafa keypt afmælt í ákveðnum lengdum. Það varðar nú eftir þessu við lög — og liggja við sektir eða fangelsi — að neita að gera dýrmætt byggingarefni ónýtt í höndum sér.

Þar sem þessir menn virðast aðeins vera að nota sem bezt það byggingarefni, sem fjárhagsráð hefur skammtað þeim, til þess að skapa sér aukið húsnæði, — en það er í betra samræmi við yfirlýstan tilgang laganna um fjárhagsráð en framferði ráðsins sjálfs, sem kærir þá fyrir þetta athæfi, — er hér lagt til, að allar slíkar kærur verði þegar í stað niður felldar.

Fjárhagsráði munu hafa borizt áskoranir úr ýmsum áttum um að breyta reglunum um rishæð og gerð smáíbúðarhúsa, m. a. frá byggingarnefnd Reykjavíkurbæjar. En það hefur allt komið fyrir ekki. Þar sem mikill meiri hluti þeirra íbúðarhúsa, sem nú er leyft að byggja í landinu, er háður svo einstrengingslegum umdeildum reglum um stærð og gerð, virðist full ástæða til þess, að þær reglur verði endurskoðaðar að fengnum tillögum sérfróðra manna.

Ed. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Magnús Kjartansson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta

af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unninn almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt til að fá greitt sem orlofsfé 6½% — sex og hálfan af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan. Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu farmenn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi eins og það er á hverjum tíma. Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orflofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í fastri stöðu. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst. Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári. — Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu. Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitenda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þinginu 1948—49 af tveim þingmönnum sósialista, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni, en náði þá ekki fram að ganga. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Sú hraðfara þróun fram á við í félagsmálum, sem orðið hefur hér á landi síðustu árin, á að verulegu leyti rót sína að rekja til frændþjóða vorra á Norðurlöndum. Skyldleiki okkar við þessar þjóðir og náin snerting ásamt líkum aðstæðum í mörgu hafa orðið þess valdandi, að framfarir á Norðurlöndum hafa haft sín áhrif hér, enda er það svo, að fyrirmyndir að flestum þeim lögum um félagsleg málefni,

er sett hafa verið hér á landi, eru einmitt sótt þangað, og fer vel á því og hefur orðið oss til blessunar, þar sem menning og félagsleg samhyggja á Norðurlöndum er komin á það stig, er fremst má teljast.

Orlofslögin eru ein af mörgum lögum, sem eiga sína fyrirmynd í þeim löggjöfum, sem í gildi voru hjá hinum norrænu frændum vorum, þá er þau voru samþykkt, en frá þeim tíma, 1943, hefur orðið mikil og margs háttar breyting, því að þróunin hefur haldið áfram, en ekki staðnæmzt, og er nú svo komið, að í Noregi voru 14. nóv. 1947 samþykkt orlofslög, sem gefa launþegum rétt á þriggja vikna sumarleyfi og greiðslu á orlofsfé til launþega, er nemur 6½% af kaupi þeirra.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeim breytingum á orlofslögunum, sem í samræmi eru við hina norsku orlofslöggjöf. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að sumarleyfi þeirra, er undir lögin koma, verði lengt um eina viku, eða úr tveim vikum í þrjár, og í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að orlofsfé, sem nú er 4%, hækki upp í 6½% sem afleiðing af lengdu sumarleyfi.

Þá eru og lagðar til aðrar breytingar, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru, til þess að orlofslögin nái jafnt til allra launþega, og er þá átt við hlutarsjómenn, og afnuminn sá óréttur, sem þeir hafa orðið að búa við, og það tryggt, að allir sjómenn hafi ótvíræðan rétt til orlofs að öllu leyti á kostnað útgerðarmanns og þar með njóti réttar til móts við aðrar launastéttir að því er snertir skilyrði til hvíldar og hressingar.

Einnig er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu, að fyrningartími krafna um orlof sé sá sami og fyrningartími kaupkrafna, þar eð allt mælir með, að kröfur, sem í eðli sínu eru jafnskyldar og tengdar hvor annarri, fylgist að.“

Síðan þetta frumvarp var flutt síðast, mun þriggja vikna orlof hafa komizt á í öllum skandinavísku löndunum, t. d. fengu dönsku alþýðusamtökin þessu réttindamáli framgengt með heildarsamningum s. l. vetur. Innan alþýðusamtakanna hér er alger eining um að bera þetta mál fram til sigurs, og það var ein helzta krafa samtakanna 1. maí s. l. Það er engum efa bundið, að gegn þessu máli verður ekki staðið, en auðvitað er það hugsmunamál þjóðarinnar, að ekki komi til vinnustöðvana og kostnaðarsamra átaka út af þessu máli, en á því er augljós hætta, ef þetta frumvarp nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við flutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Stjórn atvinnuleysissjóðs skal skipuð 3 mönnum, sem kosnir skulu í viðkomandi félagi með sama hætti og stjórn félagsins.

2. gr.

Markmið atvinnuleysissjóðs er að tryggja sjóðsfélaga gegn atvinnuleysi, ef það stafar ekki af þeim sökum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:

1. Að sjóðsfélagar séu ekki færri en 15 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna og sjóðsfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

4. gr.

Félög þau, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði, skulu setja þeim samþykktir. Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

5. gr.

Engum má neita um að gerast sjóðsfélagi, ef hann fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum, enda sé hann fullra 16 ára að aldri.

6. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillag sjóðsfélaga og hvernig þau skuli greiðast. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti og þannig, að ávallt sé nægilega mikið af því handbært. Einnig skal í samþykkt ákveðið um styrkveitingar úr sjóðnum, og má veittur styrkur aldrei nema meira en ⅘ af þeim launum, sem á sama tíma eru greidd í viðkomandi starfsgrein.

Í samþykktum skal einnig ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðsfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur eftir því, hver starfsgreinin er.

7. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkv. lögum um almannatryggingar eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga viðkomandi verkalýðsfélags, eða annað vandhæfi á vinnunni, sem stjórn verkalýðsfélags tekur gilt.
6. Til þeirra, sem hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls framfæris fyrir sig og þá, sem þeir hafa á framfæri sínu.

8. gr.

Stofnfé atvinnuleysissjóða skal vera:

Þær þrjár milljónir króna, ásamt vöxtum af þeim, sem geymdar eru í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943, sbr. lög nr. 50 7. maí 1946.

Stofnfé þessu skal skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið og viðurkenndir samkv. lögum þessum fyrir 1. janúar 1954.

9. gr.

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðsfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í viðkomandi atvinnuleysissjóð sem svarar 4% af heildarupphæð þeirra vinnu-

launa, er sjóðsfélagar vinna fyrir hjá þeim. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.

2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 150 kr. á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðsins í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölulið.
4. Iðgjöld, sem sjóðsfélagar kunna að greiða samkv. samþykktum sjóðanna.

Gjöld þau, sem atvinnurekendum ber að greiða samkvæmt 1. tölul., skulu innheimt ásamt tryggingargjöldum samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946.

10. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal Tryggingastofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðurinn starfi lögum samkvæmt. Hefur hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgangs að skjölum hans og skilríkjum.

11. gr.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina. Ráðherra skal innan eins mánaðar ákveða, hvort sjóðurinn hlýtur staðfestingu eða eigi. Hljóti sjóðurinn staðfestingu, nýtur hann frá byrjun næsta ársfjórðungs þeirra réttinda, sem lög þessi ákveða, þ. á m. framlaga ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr., í hlutfalli við það, sem er eftir ársins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. des. 1953, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé sitt samkv. 8. gr. fjárhæð, sem nemi 200 krónum á hvern sjóðsfélaga.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefur verið flutt á tveim síðustu þingum. Er þörfin fyrir samþykkt þess orðin brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð, er það var flutt 1950:

„Frumvarp samhljóða þessu var flutt 1949 að tilhlutun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í greinargerð fyrir því frumvarpi var sagt, að það væri flutt vegna breyttra viðhorfa í atvinnumálum þjóðarinnar og vaxandi atvinnuleysis verkafólks. Því verður ekki neitað, að síðan frumvarp þetta var síðast flutt, hefur mikið sigið á ógæfuhliðina fyrir verkafólki í atvinnumálum og nauðsynin fyrir lagasetningu sem þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, því brýnni nú.

Fáir munu treystast til að neita því, að það sé mesta verðmætissóun þjóðfélagsins, er vinnufærir menn fá ekki atvinnu um lengri eða skemmri tíma, og að það sé frumskylda þjóðfélagsins að sjá hverjum vinnufærum þegn fyrir hæfilegri atvinnu, en taka ella á sig þá ábyrgð, er leiðir af atvinnuleysi.

Atvinna landsmanna hefur dregizt mikið saman hin síðari ár, og er nú svo komið, að í ýmsum atvinnugreinum, er áður veittu fjölda manna vinnu, er nú sáralítið að gera, svo sem í byggingarvinnu og ýmsum iðnaði. Til viðbótar hinum almenna samdrætti í atvinnulífinu hefur orðið tilfinnanlegur aflabrestur í mörgum verstöðvum, sem gert hefur hlut verkafólksins mjög rýran.

Atvinnuleysi er nú mikið víða um landið, og sums staðar svo, að til stórra vandræða horfir. Það ætti að vera öllum ljóst, að kjör atvinnuleysingja eru nú óbærilegri en áður vegna hinnar miklu dýrtíðar og að allt verður að gera til að firra heimili atvinnuleysingjanna þeim skorti, sem nú er óhjákvæmilega hlutskipti þeirra. Hér í Reykjavík voru um mánaðamótin okt. og nóv. s. l. skráðir 251 atvinnuleysingi, og er það hærri tala en um mörg undanfarin ár.

Þess ber þó að geta, að vitanlegt er, að margir verkamenn veigra sér við, þótt atvinnulausir séu, að ganga hin erfiðu spor til atvinnuleysisskráningar nú á nýjan leik, eftir að hafa búið við sæmilega atvinnu í mörg ár, og að skráning atvinnuleysingja er því engan veginn rétt mynd af atvinnuástandinu.

Það er ekki sjáanleg nein sú stefnubreyting í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, er valdið geti því, að hér skapist atvinnuöryggi, heldur þvert á móti má búast við, að atvinnuleysi fari vaxandi á næstu tímum.

Það er því augljóst, að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, þá verður ekki hjá því komizt að gera núverandi ástandi og horfum í þessum málum fullan reikning og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldur, sé það ekki fært um að sjá öllum þegnum sínum fyrir atvinnu.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því, að þjóðfélagið taki nú á sig þessa skyldu. Gerir frumvarpið ráð fyrir stofnun atvinnuleysissjóða innan félaga launþega. Stofnfé þeirra skal vera sú upphæð (3 millj. kr.), sem geymd er í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hvaða trygging er fólgin í frv. þessu, ef að lögum yrði, skal hér tekið dæmi af félagi, sem telur um 3000 félaga, eins og verkamannafél. Dagsbrún, og miðað við, að greidd vinnulaun á ári svari til þess, að sé greitt dagkaup alla virka daga. Ef gert er ráð fyrir, að styrkurinn yrði ⅔ dagkaupsins að meðaltali, mundi hann endast handa yfir 450 mönnum í 6 mánuði, eða 900 mönnum í 3 mánuði árlega, — þótt ekki sé reiknað með stofnfénu og ekki gert ráð fyrir neinum iðgjöldum, sem félagsmenn greiddu sjálfir. — Ef hins vegar þarf ekki að ganga á sjóðinn um nokkurt árabil, væri hægt að verja miklu fé úr honum til atvinnuframkvæmda, enda þótt búið yrði þannig um allar lánveitingar úr sjóðnum, að tryggt væri, að hann gæti jafnan staðið við löglegar skuldbindingar sínar. Hér er því um að ræða mjög mikilsverða tryggingu til að halda uppi atvinnu. Þetta var einmitt höfuðröksemdin í greinargerð fyrir frumvarpi því um atvinnuleysistryggingu, sem Brynjólfur Bjarnason flutti í efri deild 1942 og var í öllum aðalatriðum á sömu leið og þetta frumvarp. — Þar var þó t. d. gert ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda yrðu 6%, en aðeins 4% í þessu frumvarpi. — Ef það frumvarp hefði þá náð fram að ganga, mundu nú vera til miklir sjóðir, sem hægt væri að verja til stórvirkra atvinnuframkvæmda.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði sem mest sjálf, hvernig tryggingunum er hagað, innan þeirra takmarka, sem lögin setja, svo sem um upphæð styrkja, biðtíma, aldurstakmörk, iðgjöld hinna tryggðu sjálfra o. s. frv. Verður það áreiðanlega affarasælast, þar sem aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu félögum og ýmsu atvinnugreinum."

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um íslenzk vegabréf.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið, hvort íslenzkir ríkisborgarar skuli við brottför úr landi eða komu til landsins hafa í höndum vegabréf eða önnur ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um útgáfu vegabréfa til íslenzkra ríkisborgara. Lögreglustjórar sjá um útgáfu vegabréfa hver í sínu umdæmi og útsendir fulltrúar landsins erlendis í embættisskrifstofum sínum.

Utanríkisráðuneytið gefur út vegabréf fyrir starfsmenn sína (diplomatisk vegabréf), svo og önnur sérstök vegabréf, samkvæmt reglum, er það setur.

2. gr.

Neita má um útgáfu vegabréfs fyrir íslenzkan ríkisborgara eða ógilda vegabréf, sem þegar hefur verið gefið út, þegar svo stendur á:

1. að fram er komin kæra gegn hlutaðeiganda um refsivert brot, sem ætla má að varði refsivist, og aðstæður benda til þess, að hann muni reyna að komast undan ábyrgðinni með því að fara úr landi eða dveljast áfram í útlöndum;
2. að hlutaðeigandi hefur verið dæmdur til refsivistar, sem ekki hefur verið afplánuð, eða hefur sætt sektarrefsingu eða eignaupptöku, sem hefur ekki náð fram að ganga og hefur ekki verið sett trygging fyrir, og aðstæður benda til þess, að hann muni reyna að komast undan ábyrgðinni með því að fara úr landi eða dveljast áfram í útlöndum;
3. að brottför hans mundi brjóta í bága við lagaákvæði, sem eiga að tryggja nærveru manns í landinu, þar til hann hafi fullnægt skuldbindingum, sem á honum hvíla gegn almannavaldinu eða einstaklingum.

Sá, sem neitað hefur verið um vegabréf eða hefur sætt ógildingu vegabréfs síns, samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, getur krafizt þess, að ágreiningi um gildi þeirrar athafnar verði skotið til dómstólanna. Ef ógilda skal vegabréf manns, sem dvelur í útlöndum, skal skjóta ákvörðun um ógildinguna til hlutaðeigandi dómstóls, áður en hún kemur til framkvæmda.

3. gr.

Sá, sem

1. með vísvitandi röngum upplýsingum eða sviksamlegu undanskoti upplýsinga gagnvart útgefendum vegabréfa, aflar sér ranglega vegabréfs eða annars ferðaskilríkis eða verður þess valdandi, að vegabréf eða annað ferðaskilríki, sem gefið er út fyrir hann, hljóðar ekki á raunverulegt nafns hans og fæðingardag,
2. aflar sér í ólögmætum tilgangi fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis, er hljóðar á nafn hans,
3. breytir eða nemur brott, í ólögmætum tilgangi, hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því,

skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

4. gr.

Fyrir önnur brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, skal refsað með sektum. Þó má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, ef sakir eru miklar.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar reglur um íslenzk vegabréf hafa ekki verið í lögum til þessa. Í lögum um eftirlit með útlendingum (nr. 59 1936, 11. gr.) er ákveðið, að dómsmálaráðherra setji með reglugerð ákvæði um, hvort og hvenær ferðamenn (innlendir sem útlendir) skuli hafa vegabréf. Hins vegar eru reglur um neitun á útgáfu vegabréfa og ógildingu útgefinna vegabréfa ólögfestar til þessa, en reglur þær, sem í frumvarpinu felast, hafa í stórum dráttum verið taldar gilda. Þeirri reglu er þó

bætt við, til öryggis fyrir borgarana, að þeir, sem neitað er um vegabréf eða vegabréf þeirra er ógilt, geti krafizt þess, að dómstólar skeri úr.

Ekki er hentugt, að í lögunum sjálfum sé ákveðið, hvort eða hvenær vegabréfs sé krafizt, enda eru reglur um það breytilegar vegna samninga milli þjóða. Sama er um form og innihald vegabréfa. Hentugra er, að þær reglur séu settar með reglugerð. Unnið er að samræmingu vegabréfa í Evrópu á vegum Evrópuráðsins, og mundi efalaust tekið tillit hér á landi til þeirra reglna, er samkomulag yrði um á þeim vettvangi.

Ekki er ætlazt til, að reglur, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 59 1936, og snerta efni þessa frumvarps, missi gildi, fyrr en reglur hafa verið settar í þeirra stað.

Ekki virðist ástæða til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Nd. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um íslenzkan ríkisborgararétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Barn öðlast íslenzkt ríkisfang við fæðingu

1. ef það er skilgetið og faðir þess er íslenzkur ríkisborgari,
2. ef það er skilgetið og fætt hér á landi og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari, enda eigi faðir þess hvergi ríkisfang eða barnið fær ekki ríkisfang föðurins við fæðingu,
3. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari.

Barn, sem fundizt hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenzkur ríkisborgari.

2. gr.

Nú eiga íslenzkur karlmaður og erlend kona börn saman áður en þau ganga í hjónaband, og öðlast börnin þá íslenzkt ríkisfang við giftingu foreldranna, ef þau hafa eigi gengið í hjónaband og eru eigi fullra 18 ára.

3. gr.

Útlendingur, sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér samfleytt lögheimili síðan, öðlast íslenzkt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs áldri en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenzkt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára.

Eigi ríkið í ófriði, getur borgari í óvinaríki ekki öðlast íslenzkt ríkisfang samkvæmt þessari grein. Sama á við um þann, sem ekki á ríkisborgararétt í neinu ríki, en hefur síðast átt ríkisborgararétt í óvinaríki.

4. gr.

Nú hefur einhver, sem öðlazt hefur íslenzkt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fullnaðs 18 ára aldurs, misst íslenzks ríkisfangs síns, og fær hann þá ríkisfangið að nýju, hafi hann átt hér lögheimili síðustu 2 árin, með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Sé hann ríkisborgari í öðru landi, stoðar slík yfirlýsing þó því aðeins, að hann sanni, að hann við þetta missi hins erlenda ríkisborgararéttar.

5. gr.

Nú öðlast karlmaður ríkisfang, samkvæmt 3. gr. eða 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin, ógift börn hans, undir 18 ára aldri, sem búsett eru hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum móðurinnar.

Ákvæði 1. málsliðs 1. málsgreinar, um að skilgetið barn öðlist ríkisfang með föðurnum, gildir með sama hætti

1. um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins,
2. um samband skilgetins barns og móður þess, sem er ekkja,
3. um samband skilgetins barns og móður þess, er hjúskap hennar er slitið eða hún skilin að borði og sæng, og hún hefur forráð barnsins.

6. gr.

Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.

Áður en umsóknir um ríkisborgararétt eru lagðar fyrir Alþingi, skal dómsmálaráðuneytið fá um þær umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna á dvalarstöðum umsækjenda.

Eigi sá börn, sem ríkisborgararétt fær með lögum, fer um þau eftir ákvæðum 5. greinar, nema lögin láti öðruvísi um mælt.

7. gr.

Íslenzks ríkisfangs missir

1. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki,
2. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki,
3. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess, sem hafa forráð þess, fá erlent ríkisfang samkvæmt 1. eða 2. tölulið greinarinnar, eða foreldri, sem hefur eitt forráð barnsins eða ásamt hinu, sem ekki er íslenzkur ríkisborgari, fært erlent ríkisfang með fyrrnefndum hætti,
4. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess ganga í hjónaband. Ef barnið er búsett hér á landi missir það eigi íslenzks ríkisfangs nema það flytji af landi brott innan 18 ára aldurs og eigi þá ríkisborgararétt í öðru landi.

8. gr.

Íslenzkur ríkisborgari, sem fæddur er erlendis og aldrei hefur átt lögheimili hér á landi né hefur dvalizt hér í einhverju skyni, er af megi ráða að hann vilji íslenzkur ríkisborgari vera, missir íslenzks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára. Þó getur forseti leyft að hann haldi ríkisfangi sínu, ef um það er sótt innan þess tíma.

Nú missir einhver íslenzks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, og missa þá einnig börn hans íslenzks ríkisfangs, sem þau hafa öðlazt á grundvelli ríkisfangs hans.

9. gr.

Forsetinn getur leyst þann, sem orðinn er eða óskar að verða erlendur ríkisborgari, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

10. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður hafi öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt við setningu laga þessara eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að lýsa ósk sinni þar um. Skjóta má úrskurði um þetta efni undir úrlausn dómstóla.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Yfirlýsingu samkvæmt lögum þessum, um að maður óski að verða íslenzkur ríkisborgari, getur aðeins aðili sjálfur gefið en ekki forráðamaður eða handhafi foreldravalds.

Þar sem eigi er annað ákveðið aldursmark í lögum þessum skal þeim, sem náð hefur 18 ára aldri, heimilt að gefa yfirlýsingu um ríkisborgararétt samkvæmt lögum þessum, án tillits til þess, að hann er háður forráðum annars manns.

11. gr.

Barn undir 18 ára aldri, sem mundi hafa átt íslenzkan ríkisborgararétt ef ákvæði 1. gr. 1. málsgr. 2. töluliðs hefðu verið í gildi fyrir gildistöku þessara laga, og ekki er eða hefur verið ríkisborgari í öðru landi, öðlast íslenzkt ríkisfang við gildistöku laganna.

Kona, sem samkvæmt áður gildandi löggjöf hefur misst íslenzks ríkisfangs við það að giftast erlendum ríkisborgara eða við það að öðlast erlendan ríkisborgararétt, annað hvort við hjónaband eða vegna þess að eiginmaður hennar hefur öðlazt erlendan ríkisborgararétt, en sem mundi hafa haldið íslenzku ríkisfangi sínu, ef ákvæði þessara laga hefðu áður verið í gildi, getur endurheimt ríkisborgararétt sinn með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Slíka tilkynningu skal þó bera fram fyrir 31. des. 1957.

Kona, sem nær 22 ára aldri fyrir 1. jan. 1956, og hefur verið eða er gift er hún nær þeim aldri, missir ekki íslenzks ríkisfangs samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. fyrr en í árslok 1956.

Nú flyzt maður búferlum af landi héðan, sem orðinn er ríkisborgari í öðru landi, en hefur haldið íslenzku ríkisfangi samkvæmt ákvæði 2. málsliðs 5. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935, og missir hann þá ekki íslenzks ríkisfangs, nema hann eigi enn ríkisborgararétt í öðru landi og mundi missa eða hafa misst íslenzks ríkisfangs samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga, ef þau hefðu áður haft gildi.

Annars eiga ákvæði þessara laga við ef þær aðstæður, sem skapa ríkisborgararétt eða valda missi hans, verða eftir gildistöku laganna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samvinna Norðurlandaríkjanna um löggjöf um ríkisborgararétt er allgömul. Hún hófst milli skandinavísku ríkjanna þriggja með stofnun samstarfsnefndar tveim áratugum fyrir síðustu aldamót og urðu störf hennar grundvöllur nokkuð samræmdrar löggjafar ríkjanna. Að nýju var stofnað til slíks samstarfs 1920 og kom ný lagasetning í kjölfar þess í ríkjunum þremur á næstu árum, og var hinum íslenzku lögum um þetta efni breytt til samræmis við þá löggjöf 1926 — og núgildandi lög nr. 64 1935 breyttu ekki aðalatriðum þeirra laga. Í Finnlandi voru sett lög um ríkisborgararétt 1941, og er þar í höfuðatriðum fylgt fordæmi sænsku laganna, er þá voru í gildi. — Hafa ber það hugfast, þegar talað er um samræmi í löggjöf Norðurlandanna um þetta efni, að Danmörk og Ísland hafa stjórnarskrárákvæði um að ríkisborgararéttur skuli veittur með lögum, en í hinum ríkjunum er veiting ríkisborgararéttar framkvæmdarvaldsathöfn. Leiðir af þessu nokkurn mismun í formi, þó efnislega séu sömu reglur um ríkisborgararéttinn.

Þegar við setningu ríkisborgaralaganna á árunum eftir 1920 kom fram ákveðin gagnrýni á því, að þar væri ekki tekið tillit til breytinga þeirra, sem orðnar væru á réttarstöðu kvenna að ýmsu leyti, stjórnmálalega og fjárhagslega.

Áherzla var lögð á, að það samrýmdist ekki hinum breyttu viðhorfum, að ríkisborgararéttur eiginkonu væri háður ríkisborgararétti eiginmanns hennar. Þessara skoðana gætti fyrst í löggjöf í bandarískum lögum árið 1922. Fleiri Ameríkuþjóðir tóku þessar reglur upp á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina og svipaðar reglur eru í ríkisborgararéttarlögum Sovétríkjanna frá 1938. Á síðustu árum hefur löggjöf fjölmargra ríkja verið breytt í þessa átt, í brezku samveldislöndunum, Tékkóslóvakíu og nú síðast frá 1. jan. 1951 í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Á Norðurlöndum hafa fyrst og fremst kvennasamtökin barizt fyrir þessari breytingu.

Árið 1946 var efnt til sameiginlegrar endurskoðunar á ríkisborgaralögum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Íslandi og Finnlandi var einnig boðin þátttaka í þessum undirbúningi. Af Íslands hálfu var því lýst yfir, að áhugi væri fyrir því að fylgjast með löggjafarundirbúningnum og taka síðan til meðferðar endurskoðun á líkum grundvelli. Hins vegar voru ekki talin tök á að taka þátt í nefndarstörfum og fundahöldum. Finnar tóku eigi heldur þátt í þessum löggjafarundirbúningi.

Eins og áður segir, var helzta breytingin, sem fyrirhuguð var, sú að binda ekki framar ríkisborgararétt eiginkonu við ríkisborgararétt eiginmanns, heldur láta konu hafa sjálfstæðan rétt í þessum efnum.— Annað mikilsvert atriði var einnig haft í huga, en það var gagnkvæm rýmkun á rétti Norðurlandabúa til þess að öðlast ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki. Eiga Norðurlandabúar samkvæmt því ákvæði heimild til þess, að uppfylltum nánari skilyrðum, að öðlast ríkisborgararétt með einhliða yfirlýsingu sinni. Ákvæði þetta, sem er í 10. gr. ríkisborgaralaga Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er aðeins samningsheimild, en þessi þrjú lönd hafa nú þegar gert slíkan samning með sér. — Ekki þótti tímabært að taka þessi ákvæði inn í lagafrumvarp þetta, en hin umrædda grein mundi hljóða svo:

„Forsetinn getur mælt svo fyrir, samkvæmt samningi, er gerður yrði við Danmörku, Finnland, Noreg eða Svíþjóð, að ákvæðin í a)—c) hér á eftir skuli fá gildi. Með samningsríki er í þessari grein átt við það eða þau ríki, sem Ísland hefur gert við slíkan samning.

a) Við framkvæmd 1. greinar, 1. málsgr., 2. töluliðs skal meta fæðingu í samningsríki til jafns við fæðingu hér á landi. Við framkvæmd 3. greinar og 4. greinar skal meta heimilisfesti í samningsríki til fullnaðs 12 ára aldurs til jafns við heimilisfesti hér á landi.

b) Ríkisborgari í samningsríki, sem
   1. hefur öðlast ríkisborgararétt með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti (naturalisation),
   2. hefur náð 21 árs aldri en ekki sextugsaldri,
   3. hefur verið heimilisfastur hér á landi síðustu 10 árin og
   4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar,

   öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. gr. eiga hér við.

c) Sá, sem misst hefur íslenzks ríkisfangs og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í samningsríki, öðlast ríkisborgararéttinn að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda sé hann þá heimilisfastur hér á landi. Ákvæði 5. greinar eiga hér við."

Þessi fyrirmæli þykir, sem sagt, ekki fært að lögfesta hér, þar sem fámenni þjóðarinnar skapar henni sérstöðu í þessum efnum.

Þriðja atriðið, sem ástæða er til að vekja athygli á hér, er ákvæðið um aldursmark það, sem miða ber við um sjálfstæða öflun ríkisfangs ungmenna. Aldursmarkið var áður 18 ár í Danmörku og Noregi, en 21 ár í Svíþjóð. Í íslenzku lögunum er aldursmarkið 16 ár. Í hinum nýju lögum landanna þriggja er aldursmarkið ákveðið 18 ár, og hefur það aldursmark einnig verið sett í þessu frumvarpi. Að öðru leyti þykir rétt að vísa til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir, en tekið skal fram, að 1.—8. gr. (orðalag 8. gr. er þó meira sniðið eftir orðalagi 6. gr. l. 64

1935) eru alveg samhljóða sömu greinum í lögum hinna þriggja landa (sbr. þó 2. mgr. 6. gr., sem er innskot) og 9. gr. efnislega samhljóða. Í 10. gr. eru skýringarákvæði samsvarandi ýmsum ákvæðum í skandinavísku lögunum og sama á við um gildistökuákvæðin í 11. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. tölulið 1. málsgreinar er óbreytt efni 1. málsgreinar í 1. gr. l. nr. 64 1935 um ríkisborgararétt skilgetins barns föður, sem er íslenzkur ríkisborgari, og óskilgetins barns móður, sem er íslenzkur ríkisborgari. — Í 2. tölulið er nýtt ákvæði, sem kemur í veg fyrir að barn verði ríkisfangslaust við fæðingu, þótt fætt sé hér á landi. Einnig er þessi regla í samræmi við aukið sjálfstæði konu í þessum efnum. — Svo sem sjá má af þessu, er haldið hinni eldri aðalreglu, að skilgetið barn fylgi föðurnum. Þó segja megi, að með þessu sé brotið í bág við jafnréttið gagnvart eiginkonunni, eru augljósir vankantar á því í framkvæmd, að barnið fylgi báðum foreldrum, þar sem það mundi oft leiða til tvöfalds ríkisborgararéttar, auk þess sem allflókið yrði úr að greiða.

Í 2. málsgr. er tekin upp regla 2. málsgr. 1. gr. l. 64 1935 óbreytt að efni til, þó að aftur hafi verið vikið til svipaðs orðalags og í frv. 1926 (þskj. 215). Orðalag það, sem þá var tekið upp, hefur valdið misskilningi, þótt ekki væri ætlun þingsins 1926 að breyta efni málsgreinarinnar (sbr. þskj. 326/1926). Í frv. ræðir um fundið barn („hittebarn" í skandinavísku lögunum), en orðalag 2. málsgr. 1. gr. l. 64 1935 tekur til allra barna, sem ekki er vitað hvaða ríkisfang eiga.

Um 2. gr.

Þessi grein er sama efnis og 2. málsliður 3. greinar l. 64 1935 með þeirri breytingu, að í frv. er miðað við 18 ára aldur barna í stað 16 ára aldurs skv. núgildandi lögum. — Rétt þykir að halda í þessu efni samræmi við lög skandinavísku landanna, enda mundi 16 ára aldursmark hér geta leitt til tvöfalds ríkisborgararéttar í samskiptum við hin löndin. Annað mál er það, að ekki mundu þessi tilfelli verða fjölmörg. — Regla 1. málsliðs 3. gr. l. 64 1935, um að erlend kona öðlist ríkisborgararétt íslenzks manns síns við giftinguna, fellur, eins og áður segir, niður.

Um 3. gr.

Aðalbreytingar 1. málsgr. þessarar greinar frv. frá reglum 1. málsgreinar l. 64 1935 eru tvennar: Skv. frumvarpinu öðlast útlendingur, sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér lögheimili síðan, ekki sjálfkrafa íslenzkt ríkisfang, er hann nær ákveðnu aldursmarki, heldur þarf til þess beina yfirlýsta ósk hans. Sú mótbára hefur komið fram gegn þessari reglu, að óeðlilegt sé, að maður, sem svo náin tengsl hefur við landið, haldi ef til vill áfram að vera útlendur ríkisborgari (og afkomendur hans þá e. t. v. líka) fyrir athugaleysi um reglur þessar eða e. t. v. af ásettu ráði. Á þessu er mjög lítil hætta. Bæði verða útlendingar þess varir, í sambandi við framkvæmd útlendingaeftirlits, að þeim er slíks réttar vant og auk þess kallar réttindaskortur í ýmsum efnum (almannatryggingar, stjórnmálaleg réttindi o. s. frv.) svo ákveðið eftir aðgerðum í þessa átt, að ekki er hægt að telja regluna varhugaverða þess vegna. Hins vegar hindrar reglan í mörgum tilfellum tvöfaldan ríkisborgararétt, sem hætta getur verið á með reglunni um að menn fái sjálfkrafa ríkisborgararétt við ákveðið aldursmark. Í þessu sambandi kemur einnig fram ástæðan til annarrar aðalbreytingar málsgreinarinnar. Aldursmark núgildandi laga er hækkað í 21 ár, og mundi það einnig verka í þá átt að hindra tvöfaldan ríkisborgararétt, þar sem yfirlýsingar um ríkisborgararétt gefnar fyrir 21 árs aldur, mundu samkvæmt löggjöf ýmissa landa ekki hafa þau áhrif að hlutaðeigandi missti ríkisfang sitt í því landi. Sá, sem ekki gefur yfirlýsinguna fyrir fullnaðan 23 ára aldur, verður þá að leita eftir ríkisborgararétti samkvæmt 6. gr. frumvarpsins. — Í þessu sambandi er rétt að benda á, að engan veginn er það frágangssök, eins og til hagar hér á landi,

að athygli útlendinga, sem kost eiga á að gerast ríkisborgarar með þessum hætti, sé vakin á því, t. d. er þeir ná 21 árs aldri. — Regla seinni málsliðs 1. málsgr. þarfnast ekki skýringar. Ef tvöfaldur ríkisborgararéttur er sannanlega ekki til fyrirstöðu, er ekkert athugavert við að aldursmarkið sé 18 ár.

Síðari málsgreinin hefur vonandi ekki mikla þýðingu hér á landi, þó að skandinavísku ríkin telji hana æskilega vegna fenginnar reynslu, og virðist eðlilegast að hafa samræmi í þessu.

Um 4. gr.

Nýmæli er regla þessarar greinar, um rétt þeirra, sem fengið hafa íslenzkt ríkisfang við fæðingu og hafa dvalið hér samfleytt til fullnaðs 18 ára aldurs, en síðan hafa misst ríkisfangið, til þess að áskilja sér ríkisfangið að nýju með einhliða yfirlýsingu sinni, er þeir hafa átt hér lögheimili í 2 ár samfleytt. Regla þessi sýnist heppileg, enda slíkum endurheimtum Íslendingum undantekningarlaust veittur ríkisborgararéttur, er þeir sækja um hann. Ekki hindrar regla þessarar greinar að ríkisborgararéttur sé veittur, jafnvel fyrr, með lögum, ef æskilegt þætti.

Um 5. gr.

Þessi grein, sem fjallar um það, hversu fari um ríkisfang barna er foreldrar eða foreldri öðlast íslenzkt ríkisfang skv. 3. og 4. gr., þarfnast vart skýringar. Breyting er sú frá fyrri reglum, að barn fylgir móður þótt skilgetið sé, ef það er falið hennar forráðum eftir skilnað eða hún er ekkja. Hins vegar er einnig gerð sú breyting, að óskilgetið barn fylgir ekki móður sinni, ef faðir þess er erlendur ríkisborgari og hann hefur forráð þess. — Þessar breytingar sýnast í fullu samræmi við höfuðsjónarmið frumvarpsins. Þessi regla gildir og í 3. málsgr. 6. gr. og kemur einnig fram í 3. tölulið 7. greinar frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 1. málsgr. þessarar gr. er horfið aftur til sama innihalds og í ríkisborgaralögunum nr. 33 1926 (4. gr.). Skilyrði þau, sem sett voru inn í lögin 1935, gátu að sjálfsögðu ekki takmarkað löggjafarvald Alþingis, þó að Alþingi geti auðvitað fylgt þeim, ef það vill.

Í 2. málsgr. er bætt inn fyrirmælum (til stjórnvaldanna) um, að fengnar skuli umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna, um ríkisborgararéttarumsóknir, áður en þær eru lagðar fyrir Alþingi, er það til samræmis við það, sem annars staðar er tíðkað.

Leitað hefur verið upplýsinga um reglur þær, er gilda á Norðurlöndum og í Bretlandi um rannsókn á fyrri högum og hátterni umsækjanda um ríkisborgararétt, áður en afstaða yrði tekin til umsóknar.

Í öllum þess löndum ber umsækjanda að láta í té upplýsingar um hagi sína með líkum hætti og hér á landi, en auk þess eru í öllum löndunum framkvæmdar einhverjar frekari athuganir á högum umsækjandans, svo sem rakið er hér á eftir:

1. **Í Finnlandi** veitir forsetinn ríkisborgararéttinn og umsókninni er beint til ríkisráðsins. Áður en tekin er afstaða til umsóknanna er fengin umsögn hlutaðeigandi lénsstjórnar sem aftur fær umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórnar og lögregluyfirvalda, m. a. um það, hvort veiting réttarins sé, samkvæmt þeim upplýsingum, sem fást um hagi umsækjanda, æskileg. Einnig er leitað umsagnar ríkislögreglunnar. Upplýsinga er leitað í öðrum löndum, ef sérstök ástæða þykir til (ekki segir með hverjum hætti).

2. **Í Svíþjóð** eru umsóknir stílaðar til konungs, en sendar til hlutaðeigandi lénsstjórnar. Lögreglupróf er haldið yfir umsækjanda á dvalarstað hans, í tilefni umsóknarinnar. Er hann þá meðal annars látinn gera grein fyrir högum sínum áður en hann kom til landsins. Lénsstjórnin sendir síðan umsóknina að athugun lokinni til dómsmálaráðuneytisins og lætur uppi skoðun sína á umsókninni. Ráðuneytið fær síðan frá útlendingaeftirlitinu, sem látið er vita um umsóknina, upp-

lýsingar, sem þar kunna að liggja fyrir og sem máli skipta við mat á umsókninni. Samband er einnig haft við ríkislögregluna. Ráðuneytið snýr sér ekki beint til erlendra yfirvalda varðandi umsækjendur, en í undantekningartilfellum eru sendiráðin (á Norðurlöndum) látin athuga hagi umsækjanda erlendis. Athugun lögreglu og útlendingaeftirlits í sambandi við dvalarleyfisumsóknir mynda oft grundvöll að síðari upplýsingum um ríkisborgararéttar-umsækjanda.

Það mun sameiginlegt með finnskum og sænskum umsóknum, að þar er ekki krafist vottorða tveggja borgara eins og gert er hér á landi og í Danmörku og Noregi.

3. **Í Noregi** eru umsóknir stílaðar til dómsmálaráðuneytisins, en sendast til lögreglustjóra í umdæmi umsækjanda. Lögreglan rannsakar hagi umsækjanda og lætur uppi álit sitt um umsóknina, hvort hægt sé að mæla með henni og hverjir séu meinbugir, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fást, og ber lögreglunni að skýra frá því, hvaða athuganir hafi verið gerðar á högum umsækjandans. Umsagnir eru almennt fengnar frá framfærsluyfirvöldum á dvalarstað hans um afkomumöguleika hans, og frá slíkum yfirvöldum á fyrri dvalarstöðum í landinu um það, hvort hann eða fjölskylda hans hafi notið opinberrar aðstoðar.

4. **Í Danmörku** eru umsóknir stílaðar til innanríkisráðuneytisins, en sendar um hendur amtsyfirvalda. Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til, hvort taka skuli umsækjanda inn á lagafrumvarp, þarf þar að liggja fyrir umsögn amtsyfirvaldanna, og þau hafa, áður en þau láta málið ganga til ráðuneytisins, samband við lögreglu og sveitarstjórn á dvalarstað umsækjanda.

5. **Í Bretlandi** veitir innanríkisráðherrann borgararéttinn, og metur hann, hvort rétt sé að veita hann. Umsækjandi þarf vottorð fjögurra brezkra borgara (fæddra í Bretlandi), sem þekkja hann náið. Bæði umsækjendurnir og hinir 4 meðmælendur eru yfirheyrðir um hagi hans af lögreglunni. Þá er umsækjanda og skylt að auglýsa í blaði á dvalarstað sínum þá fyrirætlun sína að sækja um ríkisborgararétt (til þess að gefa almenningi kost á að skýra frá meinbugum). Fyrirmæli til lögreglunnar um athugun á högum umsækjandans eru gefin í mjög ítarlegu bréfi.

Um 3. málsgr. skal vísað til þess, sem segir um 5. gr., en á það bent til viðbótar, að skv. frv. fylgir ekki eiginkona manni sínum sjálfkrafa (lög geta auðvitað mælt svo fyrir) og er þar breyting á efni síðustu málsgr. 4. gr. l. 64 1935.

Um 7. gr.

Regla núgildandi laga (5. gr. l. 64 1935) um missi borgararéttar er á þá leið, að sá, sem verður ríkisborgari í öðru landi, missir íslenzks ríkisfangs. — Þótt reglan sé svo skilyrðislaust orðuð, er augljóst að einhverjar takmarkanir hljóta að vera á henni, enda hefur hún ávallt verið skýrð svo, en hins vegar hefur auðvitað verið erfitt að fastákveða mörkin, en þau eru ákveðin í 1. tölulið þessarar gr. frv.

Viðbótarreglur í 2.—4. tölulið greinarinnar þarfnast ekki skýringar. Sbr. þá aðalreglu, að börn undir 18 ára aldri fylgi foreldrum. Undantekning er frá þeirri reglu í síðari málslið 4. töluliðs.

Samkvæmt reglu 1. töluliðs missir íslenzk kona ekki íslenzks ríkisfangs, þótt hún fái erlent ríkisfang manns síns við giftinguna; umsókn eða skýlaust samþykki þarf til. — Hér kemur fram eitt höfuðsjónarmið frv., sem áður er lýst. Þessi regla leiðir að vísu til tvöfalds ríkisborgararéttar í nokkuð mörgum tilfellum. Hins vegar fer þeim tilfellum fækkandi, þar sem æ fleiri ríki breyta löggjöf sinni á sama hátt og gert er í þessu frumvarpi.

Um 8. gr.

Regla 1. mgr. er óbreytt frá 6. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að niður er felld sundurgreiningin „íslenzkur maður og íslenzk kona ógift“ í samræmi við reglur frumvarpsins um ríkisborgararéttarlega stöðu kvenna.

Regla 2. mgr. er raunverulega óbreytt frá núgildandi lögum (3. mgr. 6. gr. l. 64 1935) að því er börnin snertir, en kona fylgir ekki lengur sjálfkrafa manni sínum um missi ríkisborgararéttarins.

Um 9. gr.

Óbreytt innihald 7. gr. l. 64 1935.

Um 10. gr.

Framkvæmdarákvæði greinarinnar eru í samræmi við ýmis ákvæði í hinum skandinavísku lögum og þarfnast yfirleitt ekki sérstakra skýringa. Rétt hefur þótt að taka upp (í lok 1. mgr.) reglu ríkisborgaralaganna frá 1919 (12. gr.) um að skjóta megi úrskurðum samkv. málsgreininni til dómstólanna.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru ýmis ákvæði um ráðstafanir í sambandi við gildistöku laganna. Þarfnast þau lítilla skýringa, en þetta skal þó tekið fram:

Um 1. mgr. Ekki er ástæða til annars en að börn þau, sem um getur í málsgr., verði sjálfkrafa ríkisborgarar þótt fædd séu fyrir gildistöku laganna.

Um 2. mgr. Hér er opnuð leið fyrir konur, er misst hafa ríkisborgararétt sinn vegna hjónabands við erlendan ríkisborgara, til þess að fá aftur íslenzkt ríkisfang með einhliða yfirlýsingu. Er þetta í samræmi við þær reglur, sem ætlað er að gildi samkvæmt lögunum og sanngjarnt að einnig þær, sem þegar hafa misst ríkisfang, njóti réttar skv. frumvarpinu.

Um 3. mgr. Konur þær, sem um getur í málsgr., hafa ekki haft ástæðu til þess að leita leyfis skv. niðurlagi 1. mgr. 6. gr. frv. og fá til þess nokkurn frest.

Um 4. mgr. Varnagli um að þeir, sem svo er ástatt um sem í málsgreininni segir, skuli njóta reglna frumvarpsins.

Um 12. gr.

Rétt þykir að taka fram, að þó hér séu felld úr gildi lög 64 1935, gilda að sjálfsögðu áfram reglur 9.—11. gr. laga 21 1919, um það hverjir hafi öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt 1918.

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um ættleiðingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn.

Nú ættleiða hjón barn og nægir þá, að annað þeirra sé orðið 25 ára.

2. gr.

Eigi má veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til ættleiðingar nema hann ættleiði ásamt lögráða maka og fái samþykki lögráðamanns. Þó er heimilt að veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til að ættleiða barn maka síns, enda komi leyfi lögráðamanns til.

3. gr.

Öðru hjóna má því aðeins veita leyfi til ættleiðingar, að hitt sé horfið, geðveikt eða fáviti. Þó getur annað hjóna með samþykki hins ættleitt barn þess eða kjörbarn.

4. gr.

Ekki er öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

5. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem er 12 ára eða eldri, án samþykkis hans.

6. gr.

Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns þeirra yngra en 21 árs. Ef annað foreldra er horfið, geðveikt eða fáviti, eða fer eigi með foreldravald, er samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri þarf samþykki lögráðamanns.

Áður en ákvörðun er tekin, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu. Ef sérstakur lögráðamaður er skipaður, skal leita umsagnar hans.

Ef sá, sem ættleiða á, er í hjónabandi, þarf samþykki maka.

7. gr.

Ef maður er sviptur lögræði, má eigi ættleiða hann án samþykkis lögráðamanns.

8. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður því aðeins veitt, að ætla megi ættleiðinguna kjörbarninu heppilega, og ætlun kjörforeldra er að ala það upp, það hefur verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Dómsmálaráðuneytið skal, áður en ákvörðun um ættleiðingarleyfi er tekin, afla sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegs kjörforeldris og kjörbarns. Einnig skal leita umsagnar barnaverndarnefndar.

Ef barn er ættleitt, skal ættleiðandi vera þeim kostum búinn, að hann geti veitt því sæmilegt uppeldi. Hann skal hafa óflekkað mannorð og eigi háður siðferðilegum, heilbrigðislegum eða fjárhagslegum annmörkum.

Ef ættleiðandi á arfgenga niðja, verður leyfi til ættleiðingar eigi veitt nema sérstaklega standi á.

9. gr.

Leyfi til ættleiðingar má ekki veita eigi ættleiðandi að inna af hendi sérstaka greiðslu fyrir hana.

Ef foreldri greiðir með kjörbarni vegna ættleiðingar, má binda leyfi því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

10. gr.

Í ættleiðingarleyfi má ákveða, að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris.

Tilkynna skal viðkomandi presti um ættleiðingu og nafnbreytingu kjörbarns. Skal hann geta þessa í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

11. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast við ættleiðingu til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðir kjörbarns, foreldra þess og kjörforeldra fer að erfðalögum.

12. gr.

Kjörbarn, ættleitt af hjónum, hefur sömu réttarstöðu gagnvart þeim og sameiginleg börn þeirra. Sama er um réttarstöðu barns, er annar maki ættleiðir kjörbarn eða eigið barn hins.

Nú skilja hjón og skipa skal forráðum kjörbarns, og náið samband var milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu, og skal þá að jafnaði veita því forræði barnsins.

13. gr.

Ekki skapast að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar kjörforeldris, og eigi heldur milli kjörbarna innbyrðis.

14. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef annar aðili er sviptur lögráðum, þarf einnig samþykki lögráðamanns. Ef kjörbarn er ólögráða, verður ættleiðing ekki felld niður samkvæmt þessu ákvæði.

15. gr.

Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, ef telja verður það varða kjörbarn miklu, einkum ef kjörforeldri brýtur verulega af sér gegn kjörbarni eða vanrækir verulega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, tekur hættulegan sóttnæman sjúkdóm eða geðveiki, hneigist til drykkjuskapar eða annarra lasta. Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörbarn gera. Ef kjörbarn er ólögráða, geðveikt eða fáviti, getur lögráðamaður þess, foreldri eða hlutaðeigandi yfirvald gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, brjóti kjörbarn verulega af sér gagnvart kjörforeldri með ofbeldi eða illmælum, það hneigist til afbrota eða annarra lasta.

Ef kjörbarn reynist haldið geðveiki, vera fáviti, haldið öðrum verulegum andlegum eða líkamlegum annmarka, alvarlegum og langvarandi sjúkdómi, og ætla megi, að það hafi verið haldið annmarka þessum eða sjúkdómi fyrir ættleiðingu, og jafnframt að kjörforeldri hafi þá ekki verið um þetta kunnugt, þá má krefjast þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi. Slík krafa skal að jafnaði gerð innan 5 ára frá dagsetningu ættleiðingarleyfis.

Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörforeldri gera. Ef kjörforeldri er geðveikt, fáviti eða svipt lögræði, getur lögráðamaður þess gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar.

17. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda þarf þá samþykki beggja hjóna og kjörbarns, sbr. 14. gr. — Annað hjóna getur þó, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi, krafizt niðurfellingar ættleiðingar, þó að hitt vilji sæta brotum eða annmörkum kjörbarns, þeim er í 1. málsgrein 16. gr. getur. Svo má og fella niður ættleiðingu samkvæmt 15. gr., þó að þær aðstæður, er þar greinir, varði aðeins annað kjörforeldri. Krefjast má, að ættleiðing verði felld niður samkvæmt 2. málsgr. 16. gr., þó að öðru kjörforeldri hafi verið kunnugt um annmarka á barninu, en þó ekki eftir kröfum þess kjörforeldris eins.

18. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt 15. og 16. gr., skal dómari, ef unnt er, fá umsögn þeirra aðila, sem veita þurftu samþykki til ættleiðingar eða rétt áttu á að láta álit sitt í ljós um ættleiðingu samkvæmt ákvæðum laga.

19. gr.

Ef kjörforeldri og kjörbarn eigast, fellur ættleiðing niður.

20. gr.

Er ættleiðing fellur niður, lýkur lögskiptum vegna ættleiðingar milli kjörforeldris og kjörbarns. Þó er kjörbarni heimilt að kenna sig til kjörforeldris, leyfi dómsmálaráðherra það eða viðkomandi dómari. Annars takast aftur lögskipti kjörbarns og foreldra.

21. gr.

Ákveða má, með samningi við erlent ríki, að ríkisborgarar þess geti eingöngu ættleitt eða orðið ættleiddir hér á landi samkvæmt ákveðnum samningsbundnum skilyrðum.

Samsvarandi ákvarðanir má gera um niðurfellingu ættleiðingar, þegar kjörbarn er erlendur ríkisborgari.

22. gr.

Ákveða má með reglugerð, að því er tiltekin erlend ríki varðar, að íslenzkir ríkisborgarar megi eingöngu ættleiða þar eða þeir verði aðeins ættleiddir þar samkvæmt ákveðnum skilyrðum.

Á sama hátt má ákveða, að ættleiðingu verði ekki slitið samkvæmt íslenzkum lögum í erlendu ríki, ef kjörbarn er íslenzkur ríkisborgari.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ættleiðing merkir í lagafrumvarpi þessu sama og adoption á öðrum tungumálum Evrópu. Ættleiðing, í merkingu frumvarpsins, stafar frá rómverskum rétti. Þegar í upphafi 19. aldar, með konungsúrskurði 13. des. 1815, er danska kansellíinu heimilað að gefa út, í nafni konungs, slík leyfi, er engir eru lífserfingjar til, og með konungsúrskurði 23. des. 1864 I 2 er kansellíinu heimilað að gefa út slík leyfi, þó að lífserfingjar séu til. Þessir konungsúrskurðir voru ekki birtir hér á landi, en hefur verið beitt hér og þeir raunar staðfestir í konungsúrskurði um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi, birtum í A-deild Stjórnartíðinda 1875, augl. nr. 2, 22. febrúar. — Svo sem úrskurðir þessir bera með sér, eru þar fáar reglur settar um skilyrði og verkanir ættleiðingar og hafa ýmsar reglur skapast í þessu efni við venjur í stjórnvaldsmeðferð, en svo sem vænta má eru hinar ólögbundnu reglur um margt á reiki.

Lagabálkur um ættleiðingu var lögfestur hjá hinum Norðurlandaþjóðunum um 1920, en var ekki tekinn upp hér á landi. Mun því hafa valdið m. a., að ættleiðingar voru þá fátíðari en nú (sjá síðar) svo og að hinar ólögbundnu reglur, sem beitt hafði verið, og í aðalatriðum voru lögfestar í Norðurlandalögunum, höfðu ekki valdið erfiðleikum í framkvæmdinni. Ísland tók þó þátt í samningi milli Norðurlandanna, er gerður var 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Samningur þessi var staðfestur með lögum nr. 29 8. sept. 1931. Nú, hin síðustu ár, hefur orðið enn þýðingarmeira en áður að vel væri um hnúta búið, að því er varðar reglur um ættleiðingu, bæði vegna mikið aukins fjölda ættleiðinga og vegna hinna nýju reglna erfðalaganna frá 1949, um erfðir kjörbarna, en þar er um að ræða mjög róttæka réttarbót kjörbörnum til handa, sem athygli hefur vakið víðar en hér á landi. Varpa mætti fram þeirri spurningu, hvort ástæða væri til, þessa vegna, að setja strangari skilyrði fyrir ættleiðingarleyfum, þegar lífserfingjar eru fyrir (þ. e. ættleiðandi á arfgenga niðja). Lausn frumvarpsins sýnist þó eðlilegust (sjá aths. um viðeigandi grein).

Svo sem áður var sagt, hefur ættleiðingum fjölgað allmikið hin síðari ár. Fyrstu 5 árin eftir að stjórnvaldið var flutt inn í landið, 1904—1908, voru veitt 6 ættleiðingarleyfi samtals, næstu 5 ár, 1909—1913, voru leyfin 15. Í lok fyrri heimsstyrjaldar fjölgaði ættleiðingunum nokkuð og voru leyfin um 10 ár hvert fram um 1930. Síðustu 20 árin hefur fjöldi leyfanna verið eins og hér segir:

1932 14, 1933 12, 1934 14, 1935 16, 1936 12, 1937 9, 1938 12, 1939 11, 1940 25, 1941 22, 1942 21, 1943 37, 1944 39, 1945 34, 1946 34, 1947 58, 1948 38, 1949 65, 1950 57, 1951 56.

Á fyrstu 8 mánuðum ársins 1952 hafa verið veitt 34 leyfi.

Kjörbarna er víða getið í gildandi lögum. Ákvæði þessa frumvarps munu yfirleytt ekki hagga gildi þeirra lagaákvæða, enda munu þau ekki brjóta í bága við ákvæði þess.

Um 1. gr.

Rétt þykir, að ættleiðandi (annar, sé um hjón að ræða) hafi náð þroska 25 ára manns. Hins vegar er vikið frá þeirri kröfu, sem gerð er í löggjöf Norðurlanda, að bæði hjónin hafi náð þessum aldri, en algengt er, að kona sé miklum mun yngri en eiginmaður, og óeðlilegt væri, ef fullorðinn maður, kvæntur ungri konu, yrði að bíða um árabil eftir leyfi til ættleiðingar, sökum æsku eiginkonu.

Um 2. gr.

Ekki sýnist rétt að heimila ólögráða aðila ættleiðingu, nema hann ættleiði með lögráða maka eða með samþykki hans, sbr. 2. málsliður.

Um 3. gr.

Aðalregla er, að aðili í hjónabandi megi eingöngu ættleiða barn með maka sínum. Þó er í greininni gert ráð fyrir því, að annað hjóna ættleiði barn hins. Rétt þykir, í þeim tilvikum, sem í 1. málslið greinir, að heimila hinu hjóna ættleiðingu.

Um 4. gr.

Eigi þykir rétt að heimila ógiftu fólki, sem saman býr, að ættleiða saman, enda getur það slitið sambandi sínu án afskipta ríkisvaldsins. Enn síður kemur til mála, að þeir megi ættleiða saman, sem ekkert slíkt samband er með.

Um 5. gr.

Líta verður þannig á, að aðili, sem er 12 ára, hafi náð þeim þroska, að hann geti sagt um, hvort hann æski skipta forráðamanna og umhverfis.

Um 6. gr.

Þörf þykir á því, að foreldrar eða foreldri samþykki ættleiðingu barns þeirra, er eigi hefur náð 21 árs aldri, enda verður að telja að almennt hafi foreldri hönd í bagga með uppeldi barns síns, þótt það hafi náð sjálfræðisaldri.

Um 3. mgr. skal tekið fram, að ekki þykir rétt, að annað hjóna geti, upp á sitt eindæmi, stofnað til þýðingarmikilla sambanda (t. d. framfærsluskyldu).

Um 7. gr.

Þær ástæður, er varða sviptingu lögræðis, mundu að jafnaði einnig gera aðila óhæfan til að taka einn ákvörðun um ættleiðingu sína.

Um 8. gr.

Ætlun ættleiðingar er sú, að kjörbarn verði almennt ekki verr sett en það áður var. Rétt þykir því að gera lágmarkskröfur til ættleiðanda, sem veitingavaldið metur hverju sinni, samkvæmt bendingum greinarinnar.

Um 4. málsgr. — Að jafnaði eru ekki eins ríkar ástæður til leyfisveitingar, ef ættleiðandi á arfgenga niðja (börn, barnabörn o. s. frv.). Ekki þykir samt rétt að banna ættleiðingu með öllu, er svo stendur á, og ber veitingavaldinu að meta aðstæður hverju sinni.

Um 9. gr.

Greiðslur af hendi ættleiðanda mundu ekki eiga rétt á sér, enda gætu þá önnur sjónarmið ráðið en heill kjörbarns.

Síðari málsgr. er ætlað að koma í veg fyrir, að fólk ættleiði sér til fjárhagslegs ávinnings, enda væri slík ættleiðing kjörbarni eigi hagkvæm.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Um framfærsluskyldu er ákveðið í 5. og 6. gr. framfærslulaga nr. 80 1947, en um erfðir í 18. gr. erfðalaga nr. 42 1949.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Ekki þykir rétt, að ættleiðandi geti með ættleiðingu stofnað fjölskyldu sinni eða ættingjum nokkrar skyldur, svo sem framfærsluskyldu, enda ráða persónuleg sjónarmið hans ættleiðingu. Þá þykir ekki heldur rétt, að ættleiðing hafi í för með sér slíkar skyldur innbyrðis milli kjörbarna, enda þau sjaldnast spurð um vilja sinn til ættleiðingar vegna æsku.

Um 14.—16. gr.

Eigi þykir að jafnaði rétt, að ættleiðing haldist, ef kjörbarn og kjörforeldri eru sammála um niðurfellingu.

Í 15. gr. eru raktar þær ástæður, sem geta valdið niðurfellingu ættleiðingar með dómi, og sérstaklega varða hagsmuni kjörbarns.

Þá fjallar 16. gr. um lík tilvik, er kjörbarn er annmörkum háð, en kjörforeldri er ekki ætlaður réttur til þess að krefjast niðurfellingar með dómi nema vegna annmarka á kjörbarni, sbr. hins vegar víðtækara orðalag 15. gr. — Nánari skýringa þykir eigi þörf.

Um 17. gr.

Niðurfelling ættleiðingar tekur til beggja kjörforeldra og þarf að jafnaði samþykki þeirra beggja til þess að ættleiðing verði felld niður skv. 14. og 16. gr. — Rétt þykir þó, í undantekningar tilvikum, að annað hjóna geti einhliða krafizt niðurfellingar, t. d. þegar kjörbarn hefur sýnt ríka brotahneigð eða annmarkar þess eru svo alvarlegs eðlis, að óeðlilegt þætti, að kjörforeldri þyrfti að sæta þeim.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Fráleitt þykir, að annað hjóna sé kjörbarns hins, en ekkert er því lagalega til fyrirstöðu, að kjörforeldri og kjörbarns stofni til hjúskapar, ef skyldleiki eða aðrar ástæður hamla ekki.

Um 20. gr.

Eðlilegast er, að fyrri tengsl kjörbarns og ættingja þess takist að nýju við niðurfellingu ættleiðingar, svo sem framfærsluréttur og framfærsluskylda.

Um 21. og 22. gr.

Ákvæði greina þessara eru sett með tilliti til milliríkjasamninga um efni laga þessara, sbr. samning milli Norðurlanda frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (sbr. l. 29 1931).

Ed. 33. Frumvarp til áfengislaga. [33. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess.

2. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

II. KAFLI
Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglum og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi, óinnsiglaðan, til neyzlu handa skipverjum, en aldrei má selja af þeim forða né flytja hann í land.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI

Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Ríkisstjórninni er þó heimilt að veita Áfengisverzlun ríkisins leyfi til að brugga áfengt öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Áður en ríkisstjórnin veitir slíkt leyfi, skal hún bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að leyfið verði veitt.

Heimilt skal ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um sölumeðferð þess öls skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI
Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsgr., skulu fara fram, er ⅓ hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsgr., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.

   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

12. gr.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum, einu eða fleirum, leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
b. Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda fyrsta flokks.

c. Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a.—c.-liða 1. málsgr., að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn, enda mæli áfengisvarnaráð með leyfisveitingunni.

Vínveitingaleyfi skulu eigi veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra og áfengisvarnaráð telja nauðsynlegt, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína, svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram í þeim salarkynnum vínveitingahúsa, þar sem vín er veitt. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

13. gr.

Áfengisverzlun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

Bannað er að senda áfengi gegn póstkröfu.

Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

14. gr.

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla.

Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengisverzlunin og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis. Leita skal álits áfengisvarnaráðs, áður en reglugerðin er sett.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI
Meðferð áfengis í landinu.

16. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

17. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengisverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 34. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 37. gr.

18. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11. og 12. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

19. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 43. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluransókn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slík leyfi má einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta, ef sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af. Vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum né til vínneyzlu í samkvæmum, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahús.

VI. KAFLI
Ölvun.

21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlauzt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín.

25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI
Áfengisvarnir.

26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunauturinn starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

27. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en fjórir ráðsmenn og jafnmargir varamenn skulu

kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr áfengisvarnasjóði.

28. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með í áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

29. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður við störf nefndanna greiðist úr áfengisvarnasjóði að öðru leyti en því, að viðkomandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

30. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um skaðleg áhrif áfengisnautnar. Setur ráðherra nánari fyrirmæli um hana í reglugerð.

31. gr.

Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Skulu í hann renna árlega 3% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.

Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins.

Nánari fyrirmæli um áfengisvarnasjóð skulu sett í reglugerð.

32. gr.

Á næstu 5 árum skal árlega leggja til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.

Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.

Hinum helmingnum skal verja að jöfnu til þess að veita félagsheimilum og hótelum vaxtalaus lán, enda gangi þau hótel fyrir, er ekki hafa vínveitingaleyfi. Veitir menntamálaráðherra þessi lán, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

33. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

34. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	kr.	4 000—20 000
Öðru sinni	—	8 000—40 000
Þriðja sinni	—	16 000—80 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

35. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 34. gr. 1., 3. málsgr.

Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

36. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 34. gr.

37. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 3. málsgr. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

38. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 1600—20 000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málsgr. 40. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

39. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 40. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 41. gr.

40. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

41. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 40. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum.

42. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum.

43. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr.

Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

44. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum.

45. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

46. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

47. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

48. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

49. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

50. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

51. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18. febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem skipuð var til að endurskoða áfengislöggjöf landsins. Hefur nefndin gert ýtarlega grein fyrir störfum sínum og niðurstöðu, og fer sú greinargerð hér á eftir.

I.

Þann 28. apríl 1951 skipaði dómsmálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til að endurskoða áfengislöggjöf landsins: Gústav A. Jónasson, skrifstofustjóra, formann nefndarinnar, Brynleif Tobíasson, áfengismálaráðunaut, Jóhann G. Möller, forstjóra, Ólaf Jóhannesson, prófessor, og Pétur Daníelsson, hótelstjóra.

Tildrög þessarar nefndarskipunar voru þau, að á Alþingi 1950—1951 var flutt þingsályktunartillaga um endurskoðun íslenzku áfengislöggjafarinnar. Segir í tillögunni, að hún sé flutt í þeim tilgangi að stuðla að hóflegri og skynsamlegri meðferð áfengra drykkja. Málið gekk til nefndar, og segir framsögumaður hennar, að allir (nefndarmenn) hafi virzt sammála um, að þessa löggjöf þyrfti að endurskoða og þá vitanlega með það markmið að fá tryggt í lögunum, að misnotkun áfengis gæti minnkað, en ekki vaxið. Þingsályktunartill. þessi varð ekki útrædd, en í umræðum um hana tók dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, fram: „Hana (áfengislöggjöfina) verður að endurskoða, svo að skynsamleg og hófleg notkun áfengis geti

átt sér stað .... Ég vil eindregið stuðla að og taka þátt í, að slík endurskoðun geti átt sér stað. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég vil láta þá skipun verða á þessum málum, að drykkjuskapur geti minnkað og orðið sem hneykslisminnstur."

Af þessum tilfærðu ummælum má ráða, hvert átt hafi að vera markmið þeirrar endurskoðunar á áfengislögunum, sem nefndinni var falin. En um það efni hafa nefndinni annars engar reglur verið settar.

Nefndin átti um tvær starfsaðferðir að velja, þ. e. að semja frumvarp til laga um breytingar á núgildandi áfengislögum eða semja heildarfrumvarp að nýjum áfengislögum. Þótti nefndinni einsætt að velja síðari kostinn.

Nefndin tók til starfa í júnímánuði 1951. Var upphaflega gert svo ráð fyrir, að hún lyki störfum þá um sumarið, svo tímanlega, að unnt yrði að leggja álit hennar og tillögur fyrir næsta Alþingi, þingið 1951—52. Er til kom, reyndist nefndinni ókleift að leysa verkefni sitt af hendi á svo skömmum tíma. Söfnun gagna tók lengri tíma en vænta mátti. Einkanlega gekk seint að heimta inn svör við fyrirspurnum, sem nefndin hafði sent ýmsum aðilum. Nefndarmenn voru og bundnir öðrum störfum, og urðu því ýmsar frátafir við störfin í nefndinni. Hefur nefndin því eigi getað lokið verki sínu fyrr en nú.

Nefndin hefur að sjálfsögðu aflað ýmissa gagna varðandi ástandið í áfengismálunum. Enn fremur hefur hún kappkostað að kynna sér áfengislöggjöf nágrannalandanna, svo og þær ráðstafanir, sem þar hafa verið gerðar til endurskoðunar og breytinga. Verður að því vikið síðar. En áður en lengra er haldið þykir rétt að gefa nokkurt yfirlit yfir sögu áfengislöggjafar hér á landi.

II.

Fyrsti maður hérlendis, sem gerir tilraun til þess að spyrna fótum við drykkjuskap, var Jón biskup Árnason, en hann ritar bænaskrá til konungs af Alþingi 22. júlí 1733 og gerir tillögur um algert aðflutningsbann á brennivíni til Íslands. Meðal þeirra, sem skrifuðu undir bænaskrána með biskupi, voru þeir Magnús Gíslason, síðar amtmaður, Jón Halldórsson, stiftprófastur í Hítardal, og Jón Þorkelsson, skólameistari í Skálholti. Þegar þessi tilraun bar ekki árangur, sendi biskup aðra bænaskrá, dags. 19. ágúst 1735 í Skálholti. — En þó að hin konunglega, danska stjórn tæki ekki óskir biskups og samherja hans til greina, orkaði áhugi biskups og þrautseigja því, að upp frá þessu voru nokkrir beztu menn landsins alla 18. öldina vakandi í þessum málum, og brá nú svo við, að öðru hverju það sem eftir var aldarinnar gaf stjórnin út tilskipanir, er miðuðu að því að draga úr drykkjuskap landsmanna. Frá því, er Jón biskup Árnason hóf baráttu fyrir áfengisbanni, hefur það mál oft verið ofarlega á baugi hér á landi.

Fyrsta ráðstöfun stjórnarinnar til þess að koma í veg fyrir brennivínsofdrykkju á Íslandi eru fyrirmæli í konungsbréfi 3. júní 1746 til biskupanna á Íslandi, þar sem lagt er fyrir þá að sjá um, „að prestar og aðrir haldi sig frá drykkjuskap". — Í erindisbréfi handa biskupum, útgefnu 1. júlí 1746, er svo fyrir mælt, að drykkjuskapur presta skuli sæta viðurlögum, einkum ef prestar láta sjá sig drukkna í verzlunarstöðum. Þessi fyrstu stjórnarfyrirmæli gegn ofdrykkju á Íslandi eru gefin út að ráði Ludvigs Harboe, er sendur var hingað til lands til þess að kynna sér ástandið í skólum og kirkju. Reit hann stjórninni rækilegt bréf um drykkjudrabbið á Íslandi, og telur hann tillögur Jóns biskups Árnasonar um brennivínsbann bæði kristilegar og nauðsynlegar.

Um 1760 fer Magnús amtmaður Gíslason þess á leit við stjórnina, að hún sjái um, að takmarkaður verði innflutningur á tóbaki, kramvöru og brennivíni. Ólafur Stefánsson amtmaður, tengdasonur Magnúsar amtmanns, sendir stiftamtmanni tillögur um þetta mál 7. ágúst 1769. Leggur hann til, að enginn fái meira brennivín en nemi ½₀ af þeim vörum, sem hann leggi inn í reikning sinn, en enginn megi þó fá meira en 10 tunnur á ári, hversu mikið sem hann kunni að leggja inn. Stjórn verzlunarfélagsins leizt illa á tillögur amtmanns, en hann sat fast við sinn keip og

vakti athygli Landsnefndarinnar svonefndu, er skipuð var 1770, á málinu. Lagði hann nú til, að verð á brennivínspottinum yrði hækkað upp í 14—16 skildinga, ef ske kynni, að sú verðhækkun kynni að draga úr brennivínsdrykkju landsmanna, en hins vegar sýnt, að tillögurnar frá 1769 yrðu að engu hafðar. Landsnefndinni leizt vel á tillögur amtmanns um brennivínstoll og féllst á það, sem hann hafði stungið upp á, að verðhækkunin gengi til einhverra nauðsynjafyrirtækja í landinu, en ekki til verzlunarfélagsins. Stjórnin daufheyrðist við þessu.

Gísli biskup Magnússon á Hólum gerði skömmu hér eftir tillögur um brennivínsbann, eins og gert hafði áður kollega hans í Skálholti. Var þá svo langt komið, að stiftamtmaður (Thodal) var hlynntur verulegri takmörkun á brennivínsinnflutningi til landsins, Ólafur amtmaður Stefánsson sömuleiðis og Gísli biskup, en ekki sá stjórnin sér fært að takmarka innflutning hvað þá heldur að setja bann á brennivín, en minnir á, að framfylgja beri rækilega fyrirmælum gegn hneykslanlegri ofdrykkju.

Seint á 18. öldinni er tilbúningur áfengis bannaður á Íslandi, eða eins og það er orðað í tilskipun 17. nóvember 1786, um fríheit kaupstaðanna á Íslandi, að brennivínsbrennsla er öldungis bönnuð.

Á fyrri hluta 19. aldar er engin löggjöf sett um takmarkanir á innflutningi áfengra drykkja til Íslands. En á því tímabili hefjast samtök og félagsskapur fyrst hér á landi um bindindi.

Skal hér aðeins getið fyrsta bindindisfélags meðal Íslendinga. Var það stofnað 4. febr. 1844 í Kaupmannahöfn og nefndist Íslenzkt bindindisfélag. Félagar þess voru íslenzkir stúdentar.

Upp úr miðri öldinni bólar á löggjöf um takmarkanir á veitingu áfengra drykkja. Í tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi 28. marz 1855 „er gestgjöfum og öðrum veitingamönnum bannað að veita mönnum áfenga drykki eða leyfa spil í húsum sínum á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrr en eftir miðaftan“. — Samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 13. júní 1787 þarf leyfi amtmanns til þess að reka veitingar áfengra drykkja, en því ákvæði er ekki framfylgt hér á landi fyrr en með bréfi sama ráðuneytis 27. júní 1856. — Opið bréf 26. sept. 1860 mælir svo fyrir, að „þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eftir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrr en eftir miðaftan, megi hér eftir eigi heldur fara fram hinn tímann, sem eftir er til kvölds á þessum dögum“. Samkvæmt þessu eru þá áfengisveitingar og sala bannaðar skilyrðislaust alla sunnu- og helgidaga ársins.

Á það ber að líta í sambandi við þessar takmarkanir og bönn á áfengi, að það er sjónarmið kirkjunnar, sem hér um ræðir, en ekki bindindissjónarmið. Bannið gegn brennivínsbrennslunni er sett sérstaklega til verndar kaupmönnum (brennivínsinnflytjendum), en ekki af áhuga um bindindi.

Sumarið 1865 lagði stjórnin fyrir Alþingi frumvarp um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi. Var til þess ætlazt, að hver sá, sem verzla vildi með brennivín og fást við brennivínsveitingar, yrði að kaupa leyfisbréf til þess gegn ákveðnu gjaldi. Alþingi kaus fremur brennivínstoll en þessa skipan. Stjórnin segir í greinargerð, að frv. sitt miði til þess að draga úr áfengisnautn í landinu. Eitt ákvæði frv. var það að greina sundur sölu áfengis og veitingar þess til neyzlu á staðnum. En sami kaupmaður mátti ekki hafa útsölu „á fleiri en einum stað (í sama verzlunarplássi)“, samkvæmt opnu bréfi 7. apríl 1841. — Árið 1871 var af nýju lagt frv. fyrir þingið um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, en þó að þingið féllist á þessa fjáröflunarleið, þá þótti ísjárvert að leggja stórkostlega tolla á landið, meðan það hefði eigi fjárforræði. Kom þá út tilskipun 26. febr. 1872 handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, er mælir svo fyrir, að af alls konar brennivíni og þess háttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast inn til Íslands, skuli greiða aðflutningsgjald, 8 skildinga af hverjum potti, ef þeir eru fluttir í stórum ílátum, en litlu meira, ef fluttir eru í litlum ílát-

um. Gjaldið átti að renna í landssjóð. — Út af þessu lagaboði kviknaði hin mesta óánægja hér á landi. Íslendingar höfðu barizt fyrir fjárforræði, en þeir höfðu ekki fengið það enn. Nú varð brennivínsbindindi einn liðurinn í baráttunni gegn stjórninni, af því að brennivínstollurinn átti að renna í þann sjóð, sem Íslendingar réðu ekki yfir.

Á Alþingi 1875 var breytt tilskipuninni frá 26. febr. 1872 á þá leið, að hún náði til allra áfengra drykkja. — Á þinginu 1877 var flutt frv. um hækkun á brennivínstolli, og var tilgangurinn sá að draga úr drykkjuskapnum með því að hækka verðið, en það var fellt. — Árið 1879 voru gefin út lög um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dags. 11. febr. 1876. Var tollurinn æði mikið hækkaður.

Bindindishreyfingin efldist mjög í Noregi á áttunda tug aldarinnar, og þaðan barst Good-Templarahreyfingin til Íslands. Það var Norðmaður, sem stofnaði fyrstu Good-Templarastúkuna á Íslandi, eftir umboði frá stórtemplar norsku Stórstúkunnar, og gerðist það á Akureyri 1884. Upp frá því hefur Good-Templararegla haft mikil áhrif hér á landi, einnig á löggjöfina, en áður en Reglan var stofnuð hér, var flutt frv. á þinginu 1881 um sölu og veitingar áfengra drykkja. Eftir því áttu héruðin að fá að ráða áfengisútlátum, og var fyrirmyndin frá Ameríku. Til áfengisveitingaleyfis skyldi þurfa ⅔ atkvæða kjósenda á hverjum stað, og átti endurnýjun á leyfinu að fara fram árlega. Selja skyldi áfengi í stærri skömmtum en áður. Frv. þetta var fellt og einnig frv. um gistingar og vínfangaveitingar, en samkvæmt því skyldi eigi mega selja minni skammt en þrjá pela af brennivíni í einu. Veitingamenn máttu ekki veita vín, nema þeir hefðu a. m. k. 6 rekkjur handa gestum. Loks skyldi loka veitingahúsum einni stundu fyrir miðnætti. Frv. þetta var fellt að þessu sinni. — Á þinginu 1883 kom fram frv. um hækkun tolls á áfengum drykkjum, en var fellt. — Á Alþingi 1885 er flutt frv. um takmörkun á sölu áfengra drykkja, runnið undan rifjum Templara á Akureyri, en það var fellt, og sama máli gegndi um frv. um tollhækkun á áfengum drykkjum 1886. — Alþingi 1887 samþykkti frv. til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja, og var það gefið út sem lög 10. febr. 1888. Helztu ákvæði laganna voru þessi: Bönnuð er staupasala og aðrar smásölur áfengra drykkja við búðarborð, er þá tíðkaðist mikið. Ekki má selja minna af áfengum drykkjum en þrjá pela. Engir nema veitingamenn með vínsöluleyfi mega selja vínföng til neyzlu á staðnum. Leyfi til að selja vín í smáskömmtum og til neyzlu á staðnum verður því aðeins veitt, að meiri hluti hreppsbúa, sem atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, leyfi það með atkvæðagreiðslu á hreppskilaþingi og að meiri hluti hreppsnefndar og sýslunefndar samþykki það og að amtmaður staðfesti það. Í kaupstöðum skal leggja veitingaleyfisbeiðni fyrir almennan fund bæjarbúa. Á fundinum þarf að vera ⅓ atkvæðisbærra bæjarbúa og meiri hluti þeirra að samþykkja leyfið, svo þarf og samþykki meiri hluta bæjarstjórnar og staðfestingu amtmanns. Fyrir leyfið skal greiða í sveitum 50 kr. og renni að hálfu í sveitarsjóð og að hálfu í sýslusjóð, en í kaupstöðum skal greiða einnig 50 kr. og rennur óskipt í bæjarsjóð. Leyfið nær til 5 ára í senn. Ávallt skal veitingamaður vera skyldur að geta hýst vissa tölu ferðamanna og geta selt þeim beina. — Með þessum lögum er um merkilega nýjung að ræða.

Á Alþingi 1894 er flutt frv. um samþykktir til að banna innflutning alls áfengis, sölu þess og tilbúning. Skal veita sýslunefndum vald til þessa, er almennur fundur sýslubúa hefur samþykkt þetta, og svo komi til staðfesting amtmanns. Hugsuðu flutningsmenn sér að reyna að feta sig áfram smám saman um lítinn hluta landsins í senn, hérað eftir hérað, í stað aðflutningsbanns fyrir landið allt í einu. Frv. varð ekki útrætt. — Á þinginu 1895 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um bindindisfræðslu, svo hljóðandi: „Efri deild Alþingis skorar á stjórnina, að innleidd verði í alþýðu-, gagnfræða- og barnaskólum, er njóta styrks úr landssjóði, fræðsla um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama.“ Var hér um merkilega nýjung að ræða, og stjórnin tók tillögunni vel, var útbýtt riti í skólana í þýðingu af hálfu

Stórstúkunnar, en bráðlega var frá þeirri fræðslu horfið. — Fyrir þingið 1899 lagði stjórnin frv. um verzlun og veitingar áfengra drykkja. Með nokkrum breytingum var það afgreitt sem lög. Fengu þau staðfestingu 11. nóv. 1899 og gengu í gildi frá og með nýári 1900, og með þeim voru héraðabönn heimiluð á Íslandi. — Einnig voru afgreidd frá sama þingi lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja á Íslandi (lög nr. 5 12. jan. 1900). Bann var, sem fyrr segir, í tilskipun 1786, við því að brenna hér brennivín, en þessi lög komu í veg fyrir tilbúning allra áfengra drykkja, t. d. að farið væri að brugga hér Bæjara-öl. — Á þinginu er flutt frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi, en það varð ekki útrætt. Málið kom aftur fyrir þing 1905, en varð ekki heldur útrætt þá. Hins vegar var samþykkt svo hljóðandi þingsályktunartillaga: „Neðri deild Alþingis ályktar að skora á Stjórnarráðið að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna á landinu um það, hvort lögleiða skuli bann gegn aðflutningi áfengra drykkja. Atkvæðagreiðsla þessi fari fram samhliða næstu almennum kosningum til Alþingis.“ — Atkvæðagreiðsla þessi fór fram 10. sept. 1908, og segir síðar frá henni. — Á Alþingi 1907 voru afgreidd lög um veitingar áfengra drykkja á skipum, og öðluðust þau gildi 22. nóv. s. á. Samkvæmt þeim var bannað að veita áfenga drykki fyrir borgun á skipum, er koma hér í land eða ganga með ströndum fram eða innfjarða, meðan skipið liggur í höfn.

Atkvæðagreiðslan um bannið 1908 leiddi í ljós, að af þeim, sem atkvæði greiddu, voru 4900 með banni, en 3218 á móti. Það voru því $^3/_5$ af greiddum og gildum atkvæðum með bannlögunum. Bannmálið var samþykkt á Alþingi 1909, og var Ísland fyrsta landið í heiminum, sem afgreiddi slík lög. Lög um aðflutningsbann á áfengi voru staðfest 30. júlí 1909. Þegar bannlögin voru sett, var lögleg áfengissala í 9 af 70 verzlunarstöðum landsins, og 3 veitingamenn af 92 í öllu landinu höfðu vínveitingaleyfi.

Samkvæmt bannlögunum var innflutningur áfengra drykkja bannaður til Íslands frá 1. jan. 1912, en að fullu og öllu (sölubann einnig) gengu lögin í gildi 1. jan. 1915, með þeirri breytingu, sem á þeim var gerð 1913, að konsúlar mættu flytja inn ákveðið magn áfengis til eigin þarfa. — Á Alþingi 1915 voru samþykkt lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja, fyllri en lögin frá 1900 höfðu verið (lög nr. 25). — Á sama þingi voru afgreidd lög um viðauka og breytingu á bannlögunum frá 1909 (nr. 24 1915), og heimiluðu þau stjórninni að veita fólksflutningsskipum, sem hafa rúm fyrir 25 farþega eða fleiri og eru í siglingum milli landa, undanþágu frá því ákvæði, að ekkert íslenzkt skip megi flytja nokkurt áfengi til landsins. Í þessum lögum var og ákveðið, að löggilda skyldi til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, nokkrar víntegundir. Iðnaðarmönnum er og heimilað að flytja vínanda frá útlöndum og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota.

Út af samningnum við Spánverja bar stjórnin fram frv. til breytinga á bannlögunum á Alþingi 1922, og var í því ákvæði um innflutning léttra vína til Íslands, m. ö. o. undanþága veitt frá bannlögunum. Frv. þetta var samþykkt, og s. á. var sett á fót Áfengisverzlun ríkisins, því að ríkið tók einkasölu á áfengi því, er nú skyldi flutt til landsins. Innflutningur spænsku vínanna hófst með júlímánuði 1923, og voru sölustaðir þá ákveðnir sjö. Lög þessi eru nr. 3/1923. Var hér veitt undanþága frá lögum nr. 91/1917, um vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda að rúmmáli.

Á Alþingi 1926 voru afgreidd lög um veitingasölu og gistihúshald (nr. 21). — Á þinginu 1928 var áfengislöggjöfin færð saman í eina heild og samræmd, kom út sem lög nr. 64/1928 (áfengislög). Helztu nýmælin voru þau, að ilmvötn og hármeðul voru felld burt, áfengisauglýsingar bannaðar, bruggunaráhöld skulu upptæk ger, þó að ónotuð séu, ríkisstjórninni einni heimilaður innflutningur og sala áfengis, sem nauðsynlegt er til iðnþarfa. Sendiræðismenn skulu fá sinn áfengisskammt í Áfengisverzlun ríkisins. Stjórnarráðið skal skera úr því, hverjar tegundir vína af þeim, sem lögleiddar eru, skuli teljast nauðsynlegar til lækninga. Ekkert skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það eigi að fara til Áfengisverzl-

unar ríkisins. Skipsforði, annar en Spánarvín, er afnuminn, svo og öll áfengissala á skipum. Lögreglustjóri má gera heimilisrannsókn hjá þeim, sem eru sterklega grunaðir um ólöglegan innflutning og ólöglega sölu og veitingar áfengis í hagnaðarskyni, og er sakborningur hefur verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni, allt án dómsúrskurðar. Löggæzlan er m. a. falin sérstökum löggæzlumönnum, er dómsmálaráðherra skipar. Sá, sem ölvaður er á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum, skal sæta sektum. Refsiákvæði voru öll hert. Trúnaðarmenn ríkisins og þeir, er gegna öðrum ábyrgðarmiklum störfum, skulu sæta þyngri refsingu en aðrir, séu þeir ölvaðir við störf sín. Áfengi má ekki afhenda neinum, sem yngri er en 21 árs. Loks er ákveðið í lögunum, að vínsölubúðir skuli vera lokaðar (samkv. reglugerð) frá hádegi á laugardögum til kl. 9 á mánudagsmorgna og að veitingahús, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, megi aðeins veita áfengi með mat í borðsal veitingahússins og einungis á vissum tímum. — Þá er að geta laga nr. 69/1928, um einkasölu á áfengi. — Nokkrar breytingar voru gerðar á áfengislögunum frá 1928 á þinginu 1930. Voru þær felldar inn í lögin og þau gefin út sem lög nr. 64/1930. — Haustið 1931 hafði stjórnin leyft rýmkun á áfengisveitingum, svo að nú voru þær leyfðar til kl. 11 að kvöldi og á borðum til kl. 11½. — Á Alþingi 1932 var flutt frv. um ölgerð og sölumeðferð öls með allt að 4¼% styrkleika, miðað við vikt, en það dagaði uppi. Á reglulegu Alþingi 1933 kom fram frv. um afnám áfengislaganna og þar með innflutning sterkra drykkja, en það sofnaði í nefnd. Hins vegar var afgreidd frá þessu þingi svo hljóðandi tillaga: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf.“ — Á aukaþinginu haustið 1933 var flutt frv. um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings, en frv. þetta var fellt. — Dómsmálaráðherra ákvað með auglýsingu 13. sept. 1933, að þjóðaratkvæðagreiðsla um bannlögin skyldi fara fram 21. okt. um haustið. Tala kjósenda, er greiða máttu atkvæði í öllu landinu, var 62122, eða um 55% af landsfólkinu, en atkvæði greiddu 28163 eða 45.3% af þeim, er voru á kjörskrá. Þeir, sem greiddu atkvæði með afnáminu eða sögðu já, voru 15866, en þeir, sem fylgdu banni sterkra drykkja, voru 11625 (nei). Meiri hluti atkvæða móti banni var 4241 atkvæði. — Sumarið 1934 hófst samning nýrra áfengislaga, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og um haustið var frv. til nýrra laga lagt fyrir þingið. Nýju áfengislögin eru nr. 33/1935, og gengu þau í gildi 1. febr. s. á. Með þeim var bann gegn innflutningi og sölu áfengra drykkja að fullu úr gildi numið. — Enn fremur voru á þinginu 1934 afgreidd lög um breytingu á lögum nr. 69/1928, um einkasölu á áfengi. Samkvæmt þeim fær Áfengisverzlun ríkisins eða stjórnin einkarétt til að framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og einkainnflutning á pressugeri.

Í áfengislögunum frá 1935 eru þau nýmæli m. a., að settar eru áfengisvarnarnefndir, eftir sænskri fyrirmynd, og skipaður ráðunautur ríkisstjórnarinnar í áfengismálum, og skal hann stjórna starfsemi áfengisvarnarnefndanna. Enn fremur er fyrirskipuð bindindisfræðsla í skólum. Reglugerðir hafa verið samdar um áfengisvarnarnefndir og um bindindisfræðslu.

Á Alþingi 1943 voru afgreidd lög, sem heimiluðu ríkisstjórninni að láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal þeirra, sem kosningarrétt hafa í bæja- og sveitamálum, um áfengissölu, ef óskir kæmu fram frá þar til teknum hluta kjósenda, svo framarlega sem stjórnin teldi eigi koma í bága við samninga við önnur ríki. Lög þessi um héraðabönn hafa ekki komið til framkvæmda.

III.

Þótt flestir viðurkenni, að ástandinu í áfengismálum hér á landi sé með ýmsum hætti ábótavant, eru skoðanir manna skiptar um leiðir til bóta. Sumir telja meiri

takmarkanir á sölu og veitingum áfengra drykkja líklegar til árangurs. Aðrir hafa hins vegar ótrú á hvers konar höftum og takmörkunum, og vilja hafa sölufyrirkomulag vína með sem frjálslegustum hætti. Telja þeir þá skipun líklegasta til að koma í veg fyrir ýmsan ósóma í sambandi við áfengisneyzlu, svo sem leynivínsölu og vansæmandi drykkjuskap. Margir telja algert bann vera það mark, sem keppa beri að. Sumir aðhyllast sölu áfengs öls, er þeir álíta að draga muni úr nautn sterkra drykkja. Á ýmsar fleiri leiðir er bent, svo sem aukna fræðslu um áfengismál, meiri bindindisútbreiðslu og bindindisstarfsemi o. fl. Vafalaust eiga þessar ólíku skoðanir um úrræði að nokkru leyti rætur að rekja til þess, að menn eru í raun og veru ekki sammála um, í hverju meinsemdirnar séu fólgnar.

Um þessi efni hefur engin áreiðanleg, alhliða skoðanakönnun farið fram hér á landi, enda er sjálfsagt erfitt að framkvæma hana, svo að nokkurt vit sé í. Er og hæpið, hve mikið mætti eða væri heppilegt að byggja á slíkum niðurstöðum. Nefndin gerði þó litla tilraun til eins konar skoðanakönnunar. Hún tók saman fáeinar spurningar varðandi nokkur atriði í sambandi við áfengismálin. Spurningar þessar sendi nefndin 94 aðilum — opinberum starfsmönnum og fyrirsvarsmönnum félagasamtaka — sem líklegt þótti, að rækilega hefðu hugleitt þessi mál eða hefðu vegna starfa sins eða af öðrum ástæðum sérstaklega náin kynni af vandamálum í sambandi við meðferð áfengra drykkja. Því miður svöruðu aðeins 54 aðilar fyrirspurnum nefndarinnar, og sumir þeirra vikust raunar að mestu undan að svara spurningunum beint. Enda þótt fara verði mjög varlega í því að draga almennar ályktanir af svörum þessum, bæði vegna þess, hve þau eru fá, svo og vegna ýmissar sérstöðu svarenda, þykir nefndinni rétt að birta hér lauslegt yfirlit yfir svörin.

Spurningarnar, sem nefndin sendi, voru svo hljóðandi:

1. Teljið þér, að ástandinu í áfengismálum þjóðarinnar sé ábótavant?
2. Ef svo er, hverjar álítið þér aðalorsakir þess?
3. Hvort mundi að yðar dómi vera heppilegra:
   a) að slaka á núgildandi hömlum um sölu og veitingar áfengra drykkja, eða
   b) að takmarka enn frekar en nú er sölu og veitingar þeirra?
4. Teljið þér, að leyfa beri bruggun áfengs öls til neyzlu innanlands?
   Svar við þessari spurningu óskast rökstutt í fáum orðum, og komi þar fram skoðanir yðar á þessum atriðum:
   a) Er hætt við, að sala á áfengu öli muni leiða af sér aukna neyzlu sterkra drykkja?
   b) Er hætt við, að sala á áfengu öli muni verða til þess að auka drykkjuskap meðal almennings?
   c) Er hætt við, að sala á áfengu öli muni verða til þess að auka drykkjuskap meðal æskulýðsins?
   d) Gerið stutta grein fyrir skoðun yðar á félagslegum (social) afleiðingum þess, ef leyfð yrði sala á áfengu öli.
5. Teljið þér rétt, að selt verði af nýju lög um bann gegn innflutningi og sölu áfengra drykkja, annaðhvort á sama hátt og hér var áður eða með öðru formi?

Yfirlit yfir svörin.

1. spurning: Teljið þér ástandinu í áfengismálum ábótavant?
   48 svara því játandi, en 6 víkjast undan að svara þeirri spurningu svo og öðrum spurningum nefndarinnar.
2. spurning: Ef svo er, hverjar álítið þér aðalorsakir þess?
   Ýmsir þeir, sem svara, telja fram fleiri en eina orsök.
   18 telja þá orsök, að áfengi er selt í landinu, greiður aðgangur sé að víni og (5) að ríkið rekur áfengisverzlun til tekjuauka.
   12 kenna um lélegri framkvæmd gildandi laga, þar af orða 5 þetta svo, „að áfengislöggjöfin hafi ekki notið sín“, 2 nefna til „hóflaus vínveitingaleyfi“, 1

að selt sé í of stórum skömmtun, 1 óhlýðni við lögin, 1 slælegt eftirlit, 1 óheppilegt fyrirkomulag á sölu áfengis, 1 að „leynivínsala sé opin".

32 nefna til ýmsa menningarkvilla, og skýra sumir þá sem afleiðingu af snöggri breytingu frá armóði til auðs. Af þessum 32 nefna 8 drykkjutízku fyrirmanna þjóðarinnar, 1 „tízkutildur" og á e. t. v. við hið sama, 1 óhófsemi þjóðarinnar, 2 skort á raunhæfri baráttu forustumanna gegn áfengi, 3 „vægt" eða spillt almenningsálit, 3 skort sterkra uppeldisáhrifa, 3 of litla fræðslu eða áróður um bindindismál, 1 skort á viðfangsefnum, 1 menningarskort, 1 vanþroska einstaklingsins, 1 sljóa siðferðiskennd, 1 snögga breytingu á högum og hugarfari fólksins, 1 of mikinn frítíma. Svör fjögurra eru á mörkum þess að telja orsakirnar menningarlegar eða eðlisgrónar, telja þær „nautnasýki", „áfengisástríðu", „drykkjuhneigð" eða þær séu „innra með einstaklingunum".

3 kenna um „skapgerð fólksins", þar af segir 1, að orsökin sé „sálfræðileg".

2 nefna það til, að sjúkrahús og hressingarhæli vanti handa drykkjusjúklingum.

1 kennir því um, að pólitíska forustu vanti og stafi það af því, að templarar og aðrir bindindismenn kjósi ekki á þing eftir afstöðu frambjóðenda til áfengismála.

4 telja orsökina of miklar hömlur á sölu og veitingu áfengis, þar af nefnir þó 1 sérstaklega hringl í áfengislöggjöfinni, segir, að þjóðin hafi verið höfð sem tilraunadýr í áfengismálum síðustu 40 ár og hafi það skapað almennt kæruleysi.

3. spurning: Hvort mundi að yðar dómi vera heppilegra:
a) að slaka á núgildandi hömlum um sölu og veitingar áfengra drykkja, eða
b) að takmarka enn frekar en nú er sölu og veitingar þeirra?

8 vilja slaka á núverandi hömlum. — 2 vilja að sumu leyti meiri hömlur, en að sumu leyti minni. — 2 telja hömlur litlu skipta. — 2 telja núgildandi ákvæði hófleg. — 26 vilja meiri og öflugri hömlur. — 1 vill héraðabann. — 4 vilja algert bann. — 4 gefa óglögg svör. — 5 svara ekki.

4. spurning: Teljið þér, að leyfa beri bruggun áfengs öls til neyzlu innanlands?

11 svara játandi. — 33 svara neitandi. — 6 svara óákveðið. — 4 svara ekki.

Einn þeirra, sem hér eru taldir svara játandi, telur „engan voða, þótt bruggun áfengs öls sé leyfð um sinn", eins og til reynslu, en er annars með auknum hömlum um sölu og veitingar áfengra drykkja.

a) Er hætt við, að sala á áfengu öli muni leiða af sér aukna neyzlu sterkra drykkja?

27 svara játandi. — 8 svara neitandi. — 14 svara þessu ekki, en sumir vegna þess, að þeir telja nóg að svara aðalspurningunni. — 5 svara óákveðið, telja sig ekki bæra að dæma um þetta.

b) Er hætt við, að sala á áfengu öli muni verða til þess að auka drykkjuskap meðal almennings?

33 svara játandi. — 7 svara neitandi. — 10 svara ekki. — 4 svara óákveðið.

c) Er hætt við, að sala á áfengu öli muni verða til þess að auka drykkjuskap meðal æskulýðsins?

33 svara játandi. — 6 svara neitandi. — 11 svara ekki. — 4 svara óákveðið.

d) Verða félagslegar afleiðingar af bruggun áfengs öls vondar eða góðar?

22 telja vafalaust, að þær verði vondar. — 5 telja vafalaust, að þær verði góðar. — 18 svara ekki, en sumir þeirra munu telja, að þeir hafi raunar svarað þessu með svari sínu við hinum spurningunum. — 5 svara óljóst eða óákveðið.

5. spurning: Teljið þér rétt, að sett verði af nýju lög um bann gegn innflutningi og sölu áfengra drykkja?

23 svara játandi. — 20 svara neitandi. — 2 vilja, að sett verði héraðabönn. — 1 vill, að rannsakað sé, hvort þjóðin vill bann. — 3 svara óákveðið. — 5 svara ekki.

IV.

Nefndin sér ekki ástæðu til að rita langt mál um ástandið í áfengismálum almennt. Það er alþjóð kunnugt, að áfengisneyzla er hér mikil, reyndar ekki meiri, heldur nokkru minni miðað við hvern íbúa en í nágrannalöndunum. Hins vegar virðist það nokkuð almennt álit, að hér sé farið verr með áfengi en í nálægum menningarlöndum. Slíkt er þó órannsakað. En hvað sem um það er, þá verður því ekki neitað, að margir einstaklingar neyta hér áfengis í óhófi, sér og sínum til skaða og vansæmdar. Vaxandi vínnautn ungu kynslóðarinnar er og hugsandi mönnum hið mesta áhyggjuefni. Áfengislagabrot og afbrot, sem standa í sambandi við ölvun, eru iskyggilega tíð, sbr. fskj. nr. V. Óhófleg áfengisneyzla setur um of svip á skemmtanalíf, ekki sízt í höfuðstaðnum.

Þeir, sem frumkvæði hafa átt að endurskoðun áfengislaganna, hafa sjálfsagt ætlazt til þess, að með nýrri áfengislöggjöf væri reynt að ráða bót á þessum vandkvæðum og öðrum þeim annmörkum, sem hér hefur einkum borið á í sambandi við meðferð áfengis og gagnrýndir hafa verið opinberlega. Þessi sjónarmið hefur nefndin auðvitað haft í huga og miðað starf sitt við þau. Sjónarmið nefndarmanna til þessara mála eru annars ólík. Einn nefndarmanna (Ó. J.) vildi taka upp þá stefnu að lögbjóða skömmtun alls áfengis og vildi síðan byggja áfengislöggjöfina á þeirri grundvallarreglu. Taldi hann, að með þröngri áfengisskömmtun mætti minnka heildaráfengisneyzlu þjóðarinnar til muna. Slík skipun væri og, ef hún væri skynsamlega framkvæmd, öruggasta leiðin til að sporna við ofdrykkju einstakra manna og til að koma í veg fyrir áfengisnautn unglinga. Aðrir nefndarmenn féllust ekki á þessa stefnu, en töldu nægilegt, að framkvæmdarvaldið hefði heimild til að taka upp skömmtun, ef það teldi slíkt heppilegt.

Annar nefndarmanna (B. T.) gerir svofellda grein fyrir afstöðu sinni til skömmtunar:

„Svíar hafa reynt skömmtun (Bratts-kerfið) um aldarþriðjung, og hefur hún ekki gefizt betur en það, að áfengislaganefnd sú, sem þar hefur starfað undanfarið (frá 1944), hefur orðið sammála um að leggja til, að skömmtunin verði afnumin. Þetta sýnir, að reynslan hefur hlotið að vera slæm af skömmtunarreglum þeim, er kenndar eru við Ivan Bratt. Aðalatriðið er það, að vonir manna um minnkandi áfengisnautn vegna skömmtunarinnar hafa brugðizt verulega. Svíar drekka mest allra Norðurlandabúa, um 50% meira á hvert mannsbarn en Norðmenn. Tilgangur skömmtunarinnar var m. a. sá að koma í veg fyrir, að drykkjumenn gætu náð í áfengi, þar sem þeir voru útilokaðir frá því að fá áfengisbók, en reynslan leiðir í ljós, að þetta hefur alveg misheppnazt, eins og sést af því, að um ¾ af ofurölvun meðal Svía lengi undanfarið á sér stað meðal manna, sem hafa enga áfengisbók, þ. e. eru útilokaðir að lögum frá því að ná í áfengi hjá Einkasölunni. Þetta er rothögg á skömmtunina. Annað er rétt að nefna. Um leið og fólk verður fulltíða (21 árs) í Svíþjóð, fær það leyfi til þess að fá áfengisbók upp á vasann. Þetta verður til þess, að mjög margir, bæði karlar og ekki síður konur, fara að ná sér í áfengi. Þeir hugsa sem svo: Það er sjálfsagt að nota réttindin. — Það líta margir svo á, að meðal réttindanna, sem fylgja því að verða fullveðja, sé það að fá sér á pyttluna! Með þessu er eins og verið að „löggilda“ áfengisnautnina fyrir hvern einstakling, ef svo mætti að orði kveða.

Ég tel, að vér eigum að láta oss víti Svía að varnaði verða.“

Meiri hluti nefndarinnar telur, að frekari hömlur á sölu og veitingum áfengra drykkja en nú eru muni ekki koma að gagni. Hins vegar álítur hann, og um það er nefndin öll sammála, að stórlega beri að auka fræðslu um áfengis- og bindindismál bæði í skólum og annars staðar, efla bindindisútbreiðslu og bindindis-

starfsemi og stuðla þannig að heilbrigðu almenningsáliti. Meiri hluti nefndarinnar telur vínneyzlu í hófi ekki löst. Lítur hann því svo á, að löggjöfin eigi að styðja að því, að þeir, sem víns vilja neyta, geti gert það með mannsæmandi hætti, og eru tillögur hans í lagafrumvarpinu miðaðar við það.

Útgáfa sérstakra vínveitingaleyfa, einkum í Reykjavík, er eitt þeirra atriða í framkvæmd áfengismála, er sætt hefur mikilli gagnrýni. Hefur nefndin aflað sér upplýsinga um leyfisveitingar. Árið 1950 voru útgefin leyfi í Reykjavík 1096 að tölu, en 1951 voru þau 903. Á fyrra helmingi þessa árs voru útgefin leyfi í Reykjavík 492 að tölu. Á sama tíma voru gefin út á Akureyri 33 leyfi. Á öðrum stöðum mun ekki hafa kveðið neitt að slíkum leyfisveitingum.

Nefndin hefur gert eftirfarandi yfirlit um útgáfu vínveitingaleyfa í Reykjavík á fyrri helmingi þessa árs miðað við veitingahús og leyfishafa.

Vínveitingaleyfi í Reykjavík 1. janúar til 30. júní 1952.

Leyfishafar.

	1/1—31/3	1/4—30/6	Samtals
Átthagafélög	39	46	85
Starfsmannafélög	42	32	74
Stjórnmálafélög	33	40	73
Skipshafnir og starfsfólk stofnana	33	15	48
Félög listamanna	20	21	41
Stofnanir ýmislegar	15	19	34
Stúdentar, félög og árgangar	15	18	33
Fulltrúaráð og félagsstjórnir	10	20	30
Spilafélög og Bláa Stjarnan	3	14	17
Nemendafélög, önnur en stúdentar	4	12	16
Erlend félög og kynningafélög Íslendinga og erlendra þjóða	7	8	15
Íþróttafélög	7	4	11
Ýmis félög	5	6	11
Einstaklingar	2	2	4
Samtals	235	257	492

Veitingastaðir.

	1/1—31/3	1/4—30/6	Samtals
Sjálfstæðishúsið	44	57	101
Tjarnarkaffi	46	46	92
Tívolí	33	45	78
Breiðfirðingabúð	34	39	73
Þjóðleikhúsið	24	23	47
Laugavegur 162	20	26	46
Þórskaffi	12	7	19
Vonarstræti 4	9	9	18
Borgartún 7	3	1	4
Café Höll	2	2	4
Iðnó	3	„	3
Gamli Garður	2	„	2
Hótel Borg	2	„	2
Hótel Skjaldbreið	1	„	1
Ónafngreint	„	2	2
Samtals	235	257	492

Hótel Borg er eina veitingahúsið á landinu, sem hefur vínveitingaleyfi samkvæmt lögum, og er hinna sérstöku vínleyfa ekki þörf þar, þótt þar hafi verið veitt tvö leyfi á 1. ársfjórðungi 1952.

Nefndin telur, að breyta þurfi þessu fyrirkomulagi. Miða tillögur meiri hlutans í þá átt, sbr. 12. og 20. gr. og athugasemdir við þær. Verði þær frumvarpsgreinar að lögum, ætti að miklu leyti að vera girt fyrir hin tíðu vínveitingaleyfi í Reykjavík.

V.

Helztu nýmæli frumvarps þessa og breytingar frá eldri lögum eru þær, sem nú skal greina:

Í 1. gr. er það tekið fram, að tilgangur laganna skuli vera sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess. Slík stefnuyfirlýsing er eigi í gildandi lögum, og er ákvæðið því nýtt, en hefur vitaskuld aðeins þýðingu sem lögskýringaratriði.

Í 2. gr. er skilgreining á sterkum drykkjum og léttum vínum. Hefur slík skilgreining eigi verið áður í lögum. Er hún nauðsynleg, ef horfið yrði að því ráði að setja aðrar reglur um veitingasölu léttra vína en sterkra drykkja, en slíkt er á færi ráðherra samkvæmt 12. gr. frumvarpsins.

Það er nýmæli, að algerlega er bannað að flytja nokkuð í land af þeim áfengisforða skipverja, sem leyfður er, sbr. 4. gr.

Það er nýmæli, að ríkisstjórninni er gefin heimild til að veita Áfengisverzlun ríkisins leyfi til að brugga hér áfengt öl. Slíkt leyfi getur hún þó því aðeins gefið, að hún hafi áður borið það efni undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu og hafi meiri hluti þeirra, sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni, goldið fyrirhugaðri leyfisveitingu jákvæði, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Upp í þá grein frumvarpsins hafa og verið tekin lög nr. 11/1952, um bruggun áfengs öls handa varnarliðinu hér á landi.

Samkvæmt gildandi áfengislögum er ríkisstjórninni heimilt, að undangenginni atkvæðagreiðslu, að setja á stofn áfengisútsölur í kaupstöðum og kauptúnum. Í frumvarpinu er lagt til, að þessi heimild sé bundin við kaupstaði, enda hefur engin áfengisútsala verið staðsett utan kaupstaðar fram til þessa. Ef frumvarpið verður að lögum, verður óheimilt að stofnsetja áfengisútsölu í kauptúni. Ákvæði laga nr. 26/1943, um héraðabönn, hafa verið tekin upp í frumvarpið, enda hefur nefndin fengið staðfestingu utanríkisráðuneytisins á því, að þessi ákvæði séu eigi andstæð neinum milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að.

Í 12. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli varðandi leyfi veitingahúsa til vínveitinga. Felst í þeim ákvæðum mikil breyting frá núgildandi lögum. Samkvæmt 11. gr. gildandi áfengislaga er dómsmálaráðherra heimilt að veita einu veitingahúsi í Reykjavík leyfi til veitinga á áfengum drykkjum, sem til landsins má flytja. Í frumvarpinu felst að því leyti til rýmkun, að ekki er í því gert ráð fyrir, að heimildin sé eingöngu bundin við eitt veitingahús. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, geti dómsmálaráðherra veitt veitingahúsi eða veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
b. Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gisti- og veitingahúseigenda fyrsta flokks. — Geta samkvæmt þessum fyrirmælum aðeins komið til greina fullkomin og fyrsta flokks veitingahús.
c. Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra.

Þetta bann við þjórfé af áfengum drykkjum er hér algert nýmæli. Er það í samræmi við það sjónarmið áfengislöggjafarinnar, sem nefndin vill fyrir sitt leyti undirstrika, að útiloka sem mest má verða einkagróða af áfengi. Með þessu ákvæði ætti að vera loku skotið fyrir það, að þjónustumenn geti haft nokkurra hagsmuna að gæta í sambandi við áfengisveitingar. Þeir geta því enga hvöt haft til þess að

afgreiða áfenga drykki öðrum beina fremur, nema síður sé. Nefna má, að svipað ákvæði er í frumvarpi til norskra áfengislaga, sem sérstök nefnd, sem haft hefur áfengislöggjöfina til endurskoðunar, hefur samið. Þess ber að geta, að einn nefndarmanna (P. D.) hafði sérstöðu varðandi þetta skilyrði. Var hann andvígur afnámi þjórfjár, sbr. aths. við 12. gr. frumvarpsins.

Loks er það skilyrði, að leitað sé umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á, áður en veitingahúsi er veitt leyfi til vínveitinga. Vildu sumir nefndarmenn ganga enn lengra og beinlínis binda leyfisveitingu því skilyrði, að áfengisvarnaráð samþykkti hana, sbr. nánari aths. við 12. gr., en meiri hluti nefndarinnar taldi ráðherra skapað nægilega mikið aðhald með því að leita umsagnar fyrrnefndra þriggja aðila og mundi hann naumast veita leyfi gegn rökstuddu áliti þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu er aðalreglan sú, að leyfi til vínveitinga verði ekki veitt veitingahúsum utan kaupstaða. Frá þeirri meginreglu er þó gert ráð fyrir undantekningu. Þegar telja má, að veitingahúsrekstur utan kaupstaða sé aðallega vegna erlendra ferðamanna, er dómsmálaráðherra, að fengnu samþykki áfengisvarnaráðs og að uppfylltum öðrum framangreindum skilyrðum, heimilt að veita slíkum veitingastað leyfi til vínveitinga.

Samkvæmt frumvarpinu eru leyfi veitingahúsa til vínveitinga bundin tímatakmörkunum. Verða þau eigi veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Má gera ráð fyrir, að leyfi veitingahúss verði ekki endurnýjað, ef reynslan sýnir, að vínveitingar í því hafa miður góð áhrif, enda þótt það hafi ekki á neinn hátt gerzt brotlegt. Verður það og, er leyfið er endurnýjað, að fullnægja öllum áðurgreindum skilyrðum. M. a. verður af nýju að leita umsagnar fyrrgreindra aðila. Verði áfengisútsala lögð niður í kaupstað samkvæmt fyrirmælum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma loknum. Leyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur þegar honum er veitt leyfið.

Þá má binda vínveitingaleyfi þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra og áfengisvarnaráð telja nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingu léttra vína. Enn fremur má kveða svo á, að dans megi ekki fara fram í þeim salarkynnum veitingahúsa, þar sem vín er veitt. Er ráðherra með ákvæði þessu veitt færi á að binda leyfi hvers konar skilyrðum, sem nauðsynleg eru eða reynslan sýnir að til bóta horfa.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þ. á m. um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, ber að setja í reglugerð. Telur nefndin það sérstaklega nauðsynlegt, að það sé ófrávíkjanlegt skilyrði, að á hverjum veitingastað sé jafnan eftirlitsmaður, skipaður af hinu opinbera, en laun hans séu greidd af veitingahúsinu. Álagningu ber að stilla svo í hóf, að skorður verði reistar við einkagróða af vínveitingum. Um þessi atriði öll hefur áfengisvarnaráð tillögurétt. Þar sem það er kosið af Alþingi, verður naumast stætt á því að virða tillögur þess að vettugi.

Í 13. gr. frumvarpsins er það nýmæli, að bannað er að senda vín gegn póstkröfu. Þar er og mælt svo fyrir, að áfengi megi einungis selja gegn staðgreiðslu, en eftir gildandi lögum skal það ákveðið í reglugerð.

Í 16. gr. er það nýmæli upp tekið, að kaupandi áfengis skuli jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt, en haldið er þeirri reglu gildandi laga, að óheimilt sé að afhenda eða veita yngri mönnum en 21 árs áfengi. Nýmæli er það og í sömu grein, að skylt skal að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafi brotlegir samkvæmt þeirri grein, en óheimilt er að selja slíkum mönnum áfengi.

Upp í 19. gr. frumvarpsins eru tekin lög nr. 47/1951, um leit í bifreiðum að áfengi, sem líklegt er að ætlað sé til ólöglegrar sölu, svo og um viðurlög, ef slíkt áfengi finnst í bifreið.

Í 20. gr. frumvarpsins eru sett ný og þrengri ákvæði um vínveitingaleyfi, sem

lögreglustjóri getur gefið. Samkvæmt þeirri grein getur lögreglustjóri aðeins gefið leyfi til vínveitinga í veizlum, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta, þar sem sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki hagnað af. Skemmtifélögum má alls ekki gefa slík leyfi. Ekki má heldur veita slík leyfi til vínneyzlu í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má, að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið. Með þessum fyrirmælum, sem eru að nokkru leyti sniðin eftir 16. gr. reglug. nr. 126/1945, en að nokkru nýmæli, ætti að vera nokkurn veginn tryggt, að vínveitingaleyfum fækki.

Þyngd eru nokkuð viðurlög við því, ef opinberir starfsmenn, starfandi læknar, lyfsalar eða þjónar þeirra eru ölvaðir við störf sín, sbr. 22. og 23. gr.

Í frumvarpinu er lagt til, að áfengisvarnir séu stórauknar. Samkv. 26. gr. skal starf áfengisvarnaráðunauts gert að aðalstarfi, en fram til þessa hefur það verið aukastarf. Er áfengisvarnaráðunaut ætlað að vera formaður og framkvæmdarstjóri áfengisvarnaráðs. En áfengisvarnaráði er ætlað að fara með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu, stuðla að bindindissemi og vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu. Er það ný stofnun. Skal það skipað 5 mönnum. Er áfengisvarnaráðunautur formaður, eins og áður segir. Hinir nefndarmennirnir skulu kjörnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Þykir heppilegt að leggja yfirstjórn áfengisvarnanna í hendur fjölskipaðs stjórnvalds, sem ætla má að allir aðalstjórnmálaflokkar eigi hlut að. Aðstaða þessarar stofnunar ætti því að vera sterk, og jafnframt er gerð tilraun til að útiloka tortryggni.

Þá er það og nýmæli, að stofna skal sérstakan sjóð, áfengisvarnasjóð, til að standa straum af öllum kostnaði við áfengisvarnir. Skulu í sjóð þann renna 3% af rekstrarhagnaði Áfengisverzlunar ríkisins. Virðist sanngjarnt og eðlilegt, að einhverju af þeim hagnaði, sem verður af áfengisverzlun, sé einmitt varið til þess að girða fyrir skaðlegar afleiðingar áfengisnautnar.

Loks er algert nýmæli í 32. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því ákvæði skal á næstu 5 árum leggja árlega til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins. Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra. Hinum helmingi upphæðarinnar skal varið að jöfnu til þess að veita félagsheimilum og hótelum vaxtalaus lán, og skulu þau hótel, sem ekki hafa vínveitingaleyfi, ganga fyrir. Nýmælið byggist á því sjónarmiði nefndarinnar, að gera skuli ríkissjóð smátt og smátt óháðan áfengisgróða. Þarf naumast að eyða orðum að því, hve óviðfelldið og hættulegt það er, að ríkissjóður byggi fjárhagsafkomu sína að allverulegu leyti á verzlun með áfengi, þótt slíkt sé að vísu betra en að gróði af henni lendi í vasa einstaklinga.

Sektir allar samkvæmt frumvarpinu eru fjórfaldaðar frá því, sem er í núgildandi lögum, en lítragjald tífaldað.

VI.

Nefndin hefur aflað nokkurra gagna um innflutning áfengis og gjaldeyriseyðslu hans vegna, verðlag á áfengi og nokkrum nauðsynjavörum til samanburðar, sölu áfengis og neyzlu, reglur um flokkun áfengis eftir styrkleika, áfengislagabrot, um mál, er taka til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, bréf tollstjóra varðandi venjur um skipa-áfengi, ályktanir Stórstúkuþings 1952 og Kvenréttindafélags Íslands s. á. o. fl. — Plögg þessi fylgja frumvarpinu sem fylgiskjöl til fróðleiks fyrir bæði alþingismenn og aðra þá, sem kunna að hafa áhuga á þessum málum og löngun til að kynna sér staðtölur um áfengi. Fer hér á eftir skrá um gögn þessi í sömu röð og þau eru birt.

I. **Innflutningur áfengis og gjaldeyriseyðsla vegna áfengiskaupa.**
   1) Innflutningur ávaxtavína, brenndra drykkja og hreins vínanda 1935—1950.
   2) Skrá yfir gjaldeyriseyðslu til áfengiskaupa árin 1947—1951 incl., frá Áfengisverzlun ríkisins, dags. 28. marz 1952.

II. **Verðlag á áfengi og nokkrum nauðsynjavörum til samanburðar.**
   1) Verðbreytingar á nokkrum vintegundum 1935—1950, frá Hagstofunni.
   2) Smásöluverð á nokkrum vörutegundum í Reykjavík 1935—1951, frá Hagstofunni.

III. **Sala áfengis og neyzla.**
   1) Áfengissala Áfengisverzlunar ríkisins á hvern íbúa landsins 1934—1951 (heildarsala og sala á hvern íbúa skv. meðalmannfjölda hvert ár í kr.), frá Hagstofunni.
   2) Áfengissala til veitingahúsa í Reykjavík árin 1937—1951, frá Áfengisverzlun ríkisins.
   3) Skrá yfir sölumagn áfengis hvert áranna 1935—1950, annars vegar af sterkum drykkjum, hins vegar af heitum vínum og borðvínum, miðað við hreinan vínanda, á hvern íbúa landsins ofangreind ár, og sýnt með hlutfallstölum, hvaða breytingar hafa orðið á sölumagninu síðan 1935, dags. 22. sept. 1951, frá Hagstofunni, að viðbættum sams konar tölum fyrir árið 1951.
   4) Rekstrarhagnaður af Áfengisverzlun ríkisins árin 1935—1951.
   5) Skrá yfir söluupphæð áfengis á hverjum útsölustað 1937—1950, frá Áfengisverzlun ríkisins.

IV. **Reglur um flokkun áfengis eftir styrkleika.** Bréf Áfengisverzlunar ríkisins, dags. 4. okt. 1951, um flokkun áfengistegunda eftir styrkleika.

V. **Áfengislagabrot.**
   1) Yfirlit um kærur fyrir ölvun í Reykjavík árin 1932—1950, frá lögreglustjóra, og á sama blaði útreikningur um, hve mörg pro mille íbúa í borginni hafa verið kærðir á þessu tímabili. Sá útreikningur er gerður af Hagstofunni.
   2) Yfirlit um áfengislagabrot í Reykjavík 1. jan. til 30. júní 1951, frá skrifstofu sakadómara.
   3) Yfirlit um tölu fanga í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík árin 1942—1950 incl.
   4) Skrá um fangageymslu lögreglustöðvarinnar í Reykjavík 1951.
   5) Sundurliðun úr fangabók lögreglunnar í Reykjavík árið 1951.
   6) Skrá um ölvun á Siglufirði 1951, frá bæjarfógeta, dags. 17. júlí 1952.
   7) Ölvun á Akureyri 1951, frá lögreglunni á Akureyri.
   8) Skrá um umferðarslys og óhöpp 1946—1950 incl., bókfærð hjá sakadómaraembættinu í Reykjavík, og skrá um ákærur til refsingar samkvæmt hegningarlögunum 1946—1950 incl., frá sakadómara í Reykjavík.
   9) Skrá um upptækt áfengi í Reykjavík árin 1942—1951, frá tollstjóra.
   10) Línurit frá lögreglustjóra um brot á áfengislögum í Reykjavík 1949, er sýnir handtökur eftir klukkustundum, vikudögum, mánaðardögum, mánuðum og eftir aldursflokkum.

VI. **Skýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur,** dags. 10. sept. 1951, um ráðstafanir barna fyrir tilstilli nefndarinnar 1950.

VII. **Bréf tollstjóra o. fl.**
   1) Bréf frá tollstjóra, dags. 11. apríl 1952, með fylgjandi:
      a) Yfirliti um reglur, sem tollgæzlan hefur undanfarið farið eftir við útgjöf áfengis í farartækjum, sem koma frá útlöndum og eru í utanlandssiglingum,

b) Útdrætti úr frv. til reglugerðar um tollmeðferð farangurs, vista, áhalda, innstæðumuna og annarra nauðsynja í farartækjum, sem koma hingað frá útlöndum.

2) Bréf Haralds S. Norðdahl yfirtollvarðar um reglugerðina, dags. 6. maí 1952.

VIII. **Ályktanir Stórstúkuþings 1952 og Kvenréttindafélags Íslands.**

1) Ályktanir Stórstúkuþings 20. júní 1952, bréf stórritara, dags. 30/6, 4/7, 7/7 og 31/7 1952.

2) Tillögur samþykktar á 8. landsfundi Kvenréttindafélags Íslands í júní 1952, dags. 18. ágúst 1952.

Þess skal að lokum getið, að einn nefndarmanna, Jóhann G. Möller, dvelur nú erlendis sér til heilsubótar og hefur því ekki tekið neinn þátt í samningu athugasemda við frumvarp þetta.

VII.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta að lokum tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er gerð grein fyrir tilgangi laganna og mörkuð sú höfuðstefna, sem frumvarpið byggist á.

Einn nefndarmanna (B. T.) vildi orða greinina svo:

„Tilgangur laga þessara er sá að stuðla að því, að meðferð áfengis verði með þeim hætti, að neyzla þess verði takmörkuð sem mest má verða og komið verði í veg fyrir drykkjuskap og hinar hættulegu afleiðingar hans.“

Þar sem í greininni segir, að tilgangur laganna sé sá að vinna gegn misnotkun áfengis, telur meiri hluti nefndarinnar breytingartillöguna óþarfa, og lítur svo á, að efni hennar felist í greininni, eins og hún nú er orðuð.

Minni hlutinn gerir svo hljóðandi grein fyrir breytingartillögu sinni:

„Meiri hlutinn heldur fram hófdrykkjustefnunni og tekur það beinlínis fram, að tilgangur laganna sé sá „að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess“. Fékkst meiri hlutinn (4 af 5) ekki til þess að setja inn í lögin ákvæði um, að „neyzla (áfengis) yrði takmörkuð sem mest má verða“, né heldur, og það undraði mig mest, að „komið verði í veg fyrir drykkjuskap og hinar hættulegu afleiðingar hans“. Sá, sem fylgir hófdrykkju, verður líka beint eða óbeint að viðurkenna „drykkjuskap og hinar hættulegu afleiðingar hans“ sem óhjákvæmilegan fylgifisk áfengisneyzlu, þó að hún kunni að byrja með hófdrykkju. — Meiri hlutinn vill „vinna gegn misnotkun áfengis“. En reynsla aldanna sýnir, að hófdrykkju fylgir alltaf ofdrykkja. Af nautn leiðir ofnautn. Ekki einn einasti maður, sem byrjaði að neyta áfengis, ætlaði sér að verða ofdrykkjumaður. Hann ætlaði að „vera með“, drekka í hófi, en drykkjutízkan hefur dregið hundruð og þúsundir manna niður í drykkjubölið. Drykkjusiðirnir velta nýjum og nýjum efnismönnum niður fyrir bakkann á hverju ári, en þeir, sem eru hófdrykkjumenn og halda uppi drykkjusiðunum, bera ábyrgðina, mennirnir, sem vilja „stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess“.

Finnska áfengislaganefndin, sem starfað hefur undanfarið, orðar tilgangsgrein laganna þannig (á sænsku): „Alkoholrörelsen skall så ordnas att, jämte det olovlig rörelse förhindras, bruket av alkoholdrycker innskränkas till det minst möjliga samt fylleri och dets fördärvliga verkningar förebyggas.“

Minni hluti norsku áfengislaganefndarinnar (7 af 15) orðar tilgangsgreinina þannig: „Denne lov har til formål å ordne omsetningen av rusdrikk på en slik måte at bruken av denne vare innskrenkes, og slik at den gjör minst mulig skade og mest mulig fremmer edruelighet.“

Meiri hluti íslenzku nefndarinnar hefur ekki séð sér fært að „ganga inn á“ það, að hlutverk þeirra, sem fást við sölu áfengra drykkja, eigi að vera það að „takmarka hana (neyzlu áfengis) sem mest má verða“, en minni hlutanum virðist fyllsta þörf að leggja áherzlu á það.“

Um 2. gr.

Skilgreiningu áfengis er haldið óbreyttri frá því, sem verið hefur. 2. mgr. er nýmæli. Hefur þótt rétt að skýra það, við hvað sé átt með sterkum drykkjum og hvað falli undir það að vera létt vín. Er slík skilgreining m. a. nauðsynleg vegna ákvæða 6. mgr. 12. gr. frumvarpsins, en auk þess er það æskilegt, að merking þessara heita, sem jafnan eru mikið notuð, þegar rætt er um áfengismál, sé ákveðin, enda er það skoðun ýmissa, að aðrar reglur eigi að gilda um sölu og veitingar léttra vína en sterkra drykkja. Hafa þær skoðanir átt formælendur í nefndinni, og hafa þeir orðað tillögur í þá átt. Í nefndinni hefur þó eigi getað orðið samkomulag um nýskipan þessara mála á þeim grundvelli.

Um 3. gr.

Er samhljóða 2. gr. í núgildandi áfengislögum. Í nefndinni kom fram tillaga (frá J. G. M.) um að fella niður síðasta málslið greinarinnar, en sú tillaga náði ekki samþykki.

Um 4. gr.

Grein þessi er að efni til að mestu samhljóða 3. gr. núgildandi áfengislaga. Á síðasta málsl. 3. mgr. er þó gerð nokkur breyting. Í gildandi lögum er hann svo hljóðandi: „En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.“ Í frumvarpsgreininni segir hins vegar: „En aldrei má selja af þeim forða né flytja hann í land.“ Þykir nefndinni eðlilegt, að alveg sé bannað að flytja slíkan skipsforða í land, en meiri hluti nefndarinnar telur rétt, að um hann gildi að öðru leyti sömu reglur og um annað löglegt áfengi í eigu manna.

Einn nefndarmanna (B. T.) vildi skjóta inn orðunum „né gefa“, þannig að málsliðurinn yrði svo hljóðandi: „En aldrei má selja né gefa af þeim forða né flytja hann í land.“ Telur hann, að niðurfelling orðanna: „gefa öðrum né“ — geti ekki haft í för með sér annað en að greiða fyrir því, að menn nái í áfengi úr skipum. Aðrir nefndarmenn töldu slíka viðbót óþarfa, þar sem alveg væri bannað að flytja nokkuð af þessu áfengi í land.

Flutt var tillaga (af B. T.) um að binda undanþáguna í síðustu málsgr. við útlend herskip og skemmtiferðaskip. Sú tillaga var felld í nefndinni með 3 atkvæðum gegn 2 (B. T., Ó. J.).

Um 5. gr.

Er samhljóða 4. gr. gildandi áfengislaga.

Um 6. gr.

Er eins og 5. gr. gildandi áfengislaga, að því fráskildu, að orðunum: „eða öðrum farkosti“ — er skotið inn í 1. mgr. Ákvörðun landhelginnar er hin sama og í l. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 8. gr. þeirra laga. Þrátt fyrir hin nýju ákvæði um fiskveiðalandhelgi í reglugerð nr. 21/1952 þykir rétt að fylgja hér sömu reglum og í tollögum. Verði landhelgismörkum laganna um tolleftirlit breytt til samræmis við reglug. nr. 21/1952, en nefndinni er ekki kunnugt um, að ráðstafanir hafi verið gerðar í þá átt, verður þessum ákvæðum einnig vafalaust breytt.

Um 7. gr.

1. mgr. er samhljóða 6. gr. gildandi áfengislaga. — 2. mgr. er ný. Fjallar hún um bruggun áfengs öls. Um það efni hafa skoðanir manna verið mjög skiptar hér á landi. Telja sumir, að það mundi draga úr neyzlu sterkra drykkja, ef áfengt öl væri hér á boðstólum. Aðrir álíta hins vegar áfengt öl hinn mesta vágest, sem stuðla mundi að aukinni óreglu og vaxandi vínnautn, ekki sízt meðal unglinga. Báðir aðilar telja sig færa fram ýmis rök sínum málstað til styrktar.

Meiri hluta nefndarinnar virðist eðlilegast að leggja atriði þetta undir dóm þjóðarinnar sjálfrar, þ. e. láta þjóðaratkvæði skera úr um það, hvort hér skuli

leyfa bruggun áfengs öls eða ekki. Líta má á bannið við bruggun áfengs öls sem eins konar eftirstöðvar bannlaganna. Sýnist því ekki óeðlilegt, að um niðurfelling þess bannákvæðis komi sami háttur til greina og um afnám bannlaganna. Er og þegar í gildandi áfengislögum fordæmi fyrir því að láta atkvæðagreiðslur borgaranna ráða úrslitum í þessum viðkvæmu og vandasömu málum. Þegar málinu er þannig beinlínis skotið undir dóm kjósenda, verður hver og einn að gera það upp við sig og taka afstöðu til þess, hvort bruggun áfengs öls skuli leyfð eða ekki.

Málefni þetta snertir mjög allan almenning, og virðist hann láta sig það miklu skipta. Sáust slíks ljós merki, er ölfrumvarp var síðast flutt á Alþingi.

Einn nefndarmanna (B. T.) er algerlega andvígur heimildinni í 2. mgr., en telur hins vegar eðlilegt, að hún sé bundin skilyrði um þjóðaratkvæði, ef á annað borð er fallizt á að taka heimild til ölbruggunar upp í frumvarpið, sbr. sérálit hans.

Einn nefndarmanna (J. G. M.) bar fram tillögu um að veita ríkisstjórninni þá heimild, sem um ræðir í 2. mgr., án skilyrða. Sú tillaga var felld með 3 atkvæðum gegn 2 (J. G. M. og P. D.).

Einn nefndarmanna, er greiddi atkvæði gegn þessari tillögu (G. A. J.), var því í raun og veru fylgjandi að veita ríkisstjórninni heimild til að leyfa bruggun áfengs öls án undangenginnar atkvæðagreiðslu. En vegna reynslu af undanförnum þingum, þótti honum ekki líklegt, að Alþingi mundi nú á þessu þingi frekar en áður fallast á að leyfa bruggun áfengs öls skilyrðislaust, og tók hann því þann kost að fylgja því, að ölbruggunin væri borin undir þjóðaratkvæði.

Einn nefndarmanna (B. T.) óskaði eftir því, að 2. mgr. væri borin undir atkvæði í tvennu lagi, þ. e., að fyrst væri leitað atkvæða um fyrri málsliðinn. Var sá málsl. samþykktur með 4 atkvæðum. Tveir nefndarmenn (G. A. J. og Ó. J.) skírskotuðu til síðari málsliðs. Einn nefndarmanna (B. T.) greiddi atkvæði gegn. Síðari málsl. var samþykktur með samhljóða atkvæðum. Ó. J. tekur sérstaklega fram, að hann vilji því aðeins veita ríkisstjórninni þessa heimild, að hún sé bundin skilyrði um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Flutt var í nefndinni tillaga um að binda heimildina til leyfisveitingar bruggunar áfengs öls því skilyrði, að það væri samþykkt af ⅔ þeirra kjósenda, er þátt tækju í atkvæðagreiðslu. Sú tillaga var felld með 3 atkvæðum gegn 2 (Ó. J., B. T.).

Upp í 3. mgr. eru tekin ákvæði l. nr. 11/1952 um heimild til bruggunar áfengs öls handa varnarliðinu hér á landi. Þar sem með öllu er óvíst, að til tilbúnings áfengs öls komi samkvæmt 2. mgr., þótti ekki verða hjá því komizt að taka upp heimild nýnefndra laga, nr. 11/1952, enda eru þau að formi til breyting á 6. gr. gildandi áfengislaga. Í nefndinni hefur hins vegar alls ekki verið tekin nein efnisleg afstaða til þessarar heimildar til ölbruggunar.

Einn nefndarmanna (B. T.) óskar að taka fram eftirfarandi athugasemdir varðandi 2. mgr. 7. gr.:

„Margar eru þær atrennur, er gerðar hafa verið undanfarna tvo tugi ára gegn bannlöggjöf þeirri, er hér gildir um bruggun, sölu og veitingar áfengs öls, en þeim hefur öllum verið hrundið hingað til. Ýmist hefur Alþingi fellt framkomnar ölbruggstillögur eða þær hafa orðið úti (ekki útræddar). Þjóðin hefur fylgzt vel með þessum tilraunum til að steypa ölflóði yfir landið. Mótmælum hefur rignt yfir þingið. Enn bólar á selshausnum. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn vilja eindregið fá bruggað öl handa landslýðnum, en þar sem hér er um mikla byltingu að ræða í löggjöfinni, féllust tillögumenn á það, að ríkisstjórnin skyldi þó ekki veita slíkt leyfi, fyrr en að afstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslu, er sýndi meiri hluta greiddra atkvæða með ölbrugginu, því að sannleikurinn er sá, að frá því er lagasetning hófst fyrst á Íslandi um áfengismál, hefur alltaf verið bannaður tilbúningur allra áfengra drykkja í landinu. — Síðastliðið sumar sendi milliþinganefndin í áfengismálum 94 félagasamböndum og einstaklingum nokkrar fyrirspurnir um afstöðu þeirra til þessara mála. Ekki svöruðu nema 54 spurningum nefndarinnar, og er það sæmileg útkoma meðal þjóðar, sem því miður er heldur lítið hneigð fyrir

að svara bréfum. Af þessum 54 lýsa 38 sig fylgjandi frekari takmörkunum á sölu og veitingum áfengra drykkja en nú eru í lögum, en 11 vilja tilslakanir frá því, sem nú er. Fimm eru óákveðnir. (Sjá að öðru leyti nákvæmari niðurstöðu svaranna, sem fylgja með nefndarálitinu, sundurliðaða.) Sumir halda því fram, og þar á meðal ⅗ milliþinganefndarinnar í áfengismálum, að drykkjuskapur mundi minnka, ef greiður væri aðgangur að áfengu öli. Þeir telja enga hættu vofa yfir í sambandi við öldrykkju, og enn halda sumir, að íslenzka ríkið kynni að geta grætt fé á sölu ölfanga til erlendra þjóða. Þeir hafa ekki viljað viðurkenna þann ómenningarbrag, sem hvarvetna er fylgjandi ölknæpum, og þá hættu, sem er fylgjandi öldrykkju og er fólgin í að komast á bragðið og leita svo til sterkra drykkja, þegar frá líður. „Öl og snaps“ er viðkvæðið hjá Dönum þeim, sem komnir eru upp á það að neyta ölfanga allverulega. Jafnvel öldrykkja ein út af fyrir sig gerir menn að drykkjusjúklingum.

Eftirtektarverð rannsókn á drykkjusjúklingum á þremur drykkjumannahælum í Svíþjóð hefur leitt í ljós, að sterkt öl er hættulegur drykkur, og er þó ekki jafnsterkt öl á boðstólum í Svíþjóð eins og í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Rannsóknin var í því fólgin að athuga, hvaða drykkjarföng drykkjusjúklingar hafi notað sér til eyðileggingar. Rannsakaðir voru alls 776 sjúklingar af sérfróðum mönnum. Niðurstaðan var þessi: 12.4% höfðu orðið aumingjar af öldrykkju einni saman, 12.6% af öli og óhreinsuðum spíritus, 62.5% af öli og brennivíni til samans, 5.4% af brennivíni einu saman, 1.2% af óhreinsuðum spíritus, 0.6% af léttum vínum eða brennivíni og léttum vínum til samans, en um 5.3% liggja ekki skýrslur fyrir. Flestir höfðu þannig orðið drykkjusjúkir af öli og brennivíni til samans. Næst stærstu flokkarnir hér um bil jafnir, af öli einu og öli og óhreinsuðum spíritus. Áttundi hver sjúklingur hafði notað öl eingöngu til þess að drekka sig drukkinn í og eyðileggja sig á. Og þetta gerist í landi, þar sem sterkustu öltegundirnar eru bannaðar og hafa verið bannaðar í fjórðung aldar. — Niðurstaðan af þessum rannsóknum sannar ómótmælanlega, að öl er hættulegur drykkur. Þessar tölur tala sínu máli og engan veginn ölinu í vil. Þær eru teknar úr skýrslum, sem hin opinbera, sænska áfengislaganefnd hefur safnað og gefið út. — Það skal tekið fram, að í Svíþjóð hafa einungis tvær öltegundir verið á boðstólum undanfarið, hið svokallaða Landsöl, sem hefur 2.25% alkohól-innihald (volumeprocent), og Pilsner með 4.00% alkohólinnihaldi. Svíar hafa bannað sterkara öl en með 4.00% volume frá fyrra heimsstríði. Í Noregi var byrjað að brugga sterkt öl fyrir nokkru til útflutnings, hið svonefnda Exportöl. Skýrslur sýna, að árið eftir nam útflutningurinn af þessu Exportöli aðeins 4% af því, sem framleitt var. Hvað varð um hitt? Það var allt drukkið heima. Mundi ekki eitthvað svipað gerast hér, ef farið yrði að brugga sterkt öl? Tómas Tómasson, ölgerðarmaður í Reykjavík, hefur sýnt fram á í „Vikutíðindum“, hvílík fásinna það sé að gera sér vonir um gjaldeyristekjur af íslenzku öli, þar sem kaupa verður hráefnið og glerið utanlands frá, allt nema vatnið.

Ég veit ekki, hvort ölvinir hér á landi hafa lagt niður fyrir sér, hvílíkur ómenningarbragur fylgir ölknæpum og öldrykkju. Margir landar vorir hafa án efa komið inn á ölknæpurnar í Englandi (pubs), þar sem ekki einungis karlar, heldur og konur, stundum með börn í fylgd með sér og barnavagna úti fyrir, hanga hálffullar mestan hluta dagsins. Langar menn, sem hafa einhverja ábyrgðartilfinningu, í slíkar stofnanir hér á landi? Og halda þeir virkilega, að ölþjór sé meðalið til þess að lækna drykkjuskapinn, sem nú er hér meðal vor? Það mætti segja mér, að slíkt meðal yrði enn hættulegra en sjúkdómurinn, sem það átti að lækna.

Ég tel tillögu um ölbrugg hér á landi handa landslýðnum tilræði við heilsu þjóðarinnar og menningu. Ef þjóð og þing glæptist á því að samþykkja ölbrugg, sölu þess og veitingar í landinu, mundu afleiðingarnar verða:

Í fyrsta lagi vaxandi drykkjuskapur, og vísa ég í því sambandi til reynslu frænda vorra, Norðmanna, af Exportölinu, sem fyrr segir frá í greinargerð þessari.

Vitur maður og vel að sér sagði við mig í vetur í Reykjavík: „Það er ég viss um, að um 40—50% af þeim, sem nú drekka kaffi á kaffihúsum, mundu hverfa frá kaffidrykkju og taka ölið í staðinn, ef leyft yrði, og væru það slæm skipti.“ Ég er því miður hræddur um, að þessi merki og lífsreyndi maður yrði helzt til sannspár, ef þjóð og þing heimskaði sig á því að veita ölelfum út á meðal þjóðarinnar. Nautn veikra áfengisdrykkja býður alltaf upp á hina sterkari drykki (sbr. m. a. „Öl og snaps“ og reynsluna, sem rannsóknin á drykkjusjúklingunum leiddi í ljós og skýrt er frá hér að framan).

Um horfur á markaði fyrir öl, framleitt hér, vísa ég til ummæla Tómasar ölgerðarstjóra Tómassonar í „Vikutíðindum“ og reynslu Norðmanna um Exportölið, en samkvæmt því eru litlar líkur til, að vér mundum afla útlends gjaldeyris fyrir öl.

Í öðru lagi mundi skjóta upp ölknæpum hingað og þangað í bæjunum, þar sem bæði konur og karlar mundu slæpast og slóra við ölþjór. Konur með börn sín mundu sitja þar, ef vér gerum ráð fyrir eitthvað svipuðu hér og í Englandi. Það mundi vera dálaglegur skóli fyrir æskuna og þokkalegir aðsetursstaðir fyrir menn og konur. Margir óttast, að verkamenn mundu sækja svona staði helzt til mikið, og er slíkt fremur líklegt, ef eitthvað er líkt með verkamönnum vorum og starfsbræðrum þeirra í Englandi og á Norðurlöndum. — Ég held það væri mikil ógæfa fyrir Íslendinga að fá slíka samkomustaði sem ölknæpur eru, og ég efast um, að þeir, sem ákafastir eru að koma þeim upp, viti, hvað þeir eru að gera.

Í þriðja lagi mundu ölstofur draga mikið frá kaffihúsum, og tel ég það mikið menningartjón. Hér eru þó víða þokkaleg og snyrtileg kaffihús, þar sem allt fer vel fram. En ölstofum í öllum löndum fylgir sóðabragur, eins og allir, sem hafa komið inn á þær, geta borið um. Það liggur einhvern veginn í hlutarins eðli, að öli og ölþjóri fylgir slæmt loft og ruddalegir hættir. Umhverfið hefur djúptæk áhrif. Er mér nær að halda, að ruddaskapurinn mundi sízt minnka meðal vor, ef ölmennirnir fá sínu ógæfusamlega máli framgengt.

Vaxandi drykkjuskapur, ruddalegar knæpur, slór á veitingastöðum sýnu meira en nú er og óhæfileg tímaeyðsla í sambandi við það mundi fylgja ölinu, ef leyft yrði hér. Þurfum vér Íslendingar einhvers annars með en þess. Sú óhæfa, sem borin var fram í nefndinni, að ríkisstjórninni yrði þegar í stað leyft að láta Áfengisverzlun ríkisins fara að brugga öl, án þess að þjóðin væri spurð að því, bendir á, að hér eru til menn, sem eru óðfúsir að fá sterkt, áfengt öl á boðstóla. Fékk þessi furðulega tillaga sem fyrr segir 2 atkvæði í nefndinni (flutningsmanns, Jóh. G. Möllers, og Péturs Danielssonar). En meiri hluti nefndarinnar sá sóma sinn í því að fella hana. Það getur ekki komið til mála annað en bera ölgerðartillögur nefndarhlutans undir þjóðaratkvæði, þar sem bann gegn framleiðslu áfengs öls, sölu o. s. frv. er á sínum tíma sett með þjóðaratkvæði, enda þótti sjálfsagt 1933, er rætt var um afnám innflutningsbanns sterkra drykkja, að hafast ekki að til nýlundu á löggjafarsviðinu fyrr en þjóðin hefði látið í ljós álit sitt við þjóðaratkvæðagreiðslu. En langsæmilegast væri fyrir Alþingi að fella tillöguna um ölbruggið, og kæmi þá ekki til atkvæðagreiðslu. Ég fæ ekki trúað því, að þjóðin vilji nýja tilslökun um framleiðslu, sölu og veitingar áfengra drykkja. Fyrir 19 árum sagði þingmaður einn í umræðum um þessi mál á Alþingi: „Ég verð að segja það, að þegar verið er að brigzla um blindni í áfengismálum, getur það ekki átt við aðra en þá, sem eru svo blindir á þá reynslu, sem við höfum fengið af tilslökununum, að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn.“ Þessi ummæli áttu vel við þá, en þau eiga þó enn betur við nú. Þá er að geta um atkvæðagreiðsluna, sem samþykkt var í nefndinni. Ég tel, að því aðeins sé verjanlegt að demba á ölbruggi og ölsölu í landinu, að minnsta kosti ⅗ greiddra atkvæða verði með því við þjóðaratkvæðagreiðslu. Allir landsmenn, bæði konur og karlar, og ekki sízt unga fólkið, sem hefur ekki kosningarrétt og því ekki heldur atkvæðisrétt um þetta mál við þjóðaratkvæði, eiga mikið undir úrslitum þessa máls. — Við síðustu alþingiskosn-

ingar (1949) komu að kjörborðinu 73432 kjósendur, eða rétt um helmingur landsmanna. Segjum nú, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um ölið og hluttakan væri svipuð og við alþingiskosningarnar 1949, en það verður hún því aðeins, að atkvæðagreiðslan verði í sambandi við þingkosningar. Það gæti svo farið, að 25%—27% allra landsmanna fengju að ráða fyrir alla. Dáfallegt lýðræði! Ég tel slíkt ekki sanngjarnt, þegar um mál er að ræða, sem tekur svo mjög til hvers einasta manns í landinu eins og ölmálið. — Það má sannarlega ekki vera minna en 60% greiddra atkvæða með svona máli, til þess að verjanlegt sé að telja því sigur. En það fór nú svo í nefndinni, að ekki fékkst nema 1 nefndarmanna fyrir utan mig til þess að fylgja tillögunni um aukinn meiri hluta."

Um 8. gr.

Er samhljóða 7. gr. gildandi áfengislaga. Þeirri skoðun var hreyft (J. G. M.), að breyta ætti síðasta málsl., þannig að andvirðið skyldi renna í áfengisvarnasjóð í stað Menningarsjóðs. Meiri hluti nefndarinnar hallaðist hins vegar að því að láta þetta standa óbreytt.

Um 9. gr.

Er eins og 8. gr. núgildandi laga, að því fráskildu, að síðasti málsliður hennar varðandi álagningu á svoköllud Spánarvín er felldur niður. Verður eigi séð, að þörf sé á slíku ákvæði.

Um 10. gr.

Felld er niður heimild til að setja á stofn útsölustaði áfengis í kauptúnum. Að öðru leyti er greinin að efni til að mestu samhljóða 9. gr. gildandi áfengislaga, eins og þeirri grein var breytt með l. 26/1943. Því hefur verið hreyft, að ákvæði greinar þessarar um héraðabönn brytu í bága við milliríkjasamninga. Nefndin leitaði álits þjóðréttarfræðings utanríkisráðuneytisins um það atriði. Var álit hans á þá lund, að ákvæði þessi brytu ekki gegn neinum milliríkjasamningum. Fylgir bréf hans hér með:

„UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 12. marz 1952.

Með tilvísun til samtals undirritaðs við yður, herra skrifstofustjóri, staðfestir utanríkisráðuneytið hér með, að það telur ekki, að ákvæði laga nr. 26 18. febr. 1943, um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, brjóti í bág við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

F. h. r.

H. G. Andersen.

Herra skrifstofustjóri Gústav A. Jónasson, dómsmálaráðuneytinu, Reykjavík."

Um 11. gr.

Svarar til 10. gr. gildandi áfengislaga.

Heimild til að selja smáskammtalæknum lyf með vínanda í er felld niður. Hefur slíkt ekki þekkzt hin síðari ár, enda munu smáskammtalækningar að mestu úr sögunni, og virðist ákvæðið því óþarft. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er dómsmálaráðherra heimilt að veita einu veitingahúsi í Reykjavík vínveitingaleyfi. Eins og kunnugt er, hefur Hótel Borg verið veitt það leyfi. Enda þótt aðeins eitt veitingahús hafi þannig leyfi til vínveitinga, hefur raunin orðið sú hér í Reykjavík á síðari árum, að vínveitingar hafa farið fram að staðaldri í 5—6 veitingahúsum öðrum. Hafa þær veitingar verið leyfðar með sérstökum vínveitingaleyfum lögreglustjóra.

Nefndin sér ekki ástæðu til að binda heimild þessa aðeins við eitt veitingahús og gefa því þannig einkaleyfi og sérréttindi framar öllum öðrum veitingahúsum. Aðstæður eru hér nú orðið aðrar en þær voru, þegar þetta ákvæði var tekið í lög. Veitingahúsum hefur fjölgað, íbúatala bæjarins hefur meir en tvöfaldazt og ferðamannastraumur stórum aukizt. Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt, að í lögum séu sett tiltekin skilyrði fyrir því, að veita megi veitingahúsum vínveitingaleyfi. Var ekki talið rétt, að veitingarvaldið hefði um það algerlega frjálsar hendur. Hins vegar voru skoðanir nefndarmanna nokkuð skiptar um það, hvaða skilyrði ætti að setja. Vildu menn ganga misjafnlega langt í því efni.

Aðalreglan er sú, að vínveitingaleyfi verða eftir þessari grein aðeins veitt veitingahúsum, sem staðsett eru í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er. Þó er gert ráð fyrir undantekningu, þegar um er að ræða hótel, sem aðallega eru ætluð erlendum ferðamönnum, en þá er leyfisveitingin bundin því skilyrði, að áfengisvarnaráð mæli með henni.

Skilyrði fyrir veitingu vínveitingaleyfis eru annars þessi:

1. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
2. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda.
3. Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né starfsfólk veitingahússins launað með hundraðsgjaldi af áfengisveitingum.
4. Að leitað sé umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Einn nefndarmanna (P. D.) lýsti sig andvígan ákvæðinu um niðurfellingu þjónustugjalds af vínveitingum. Annar nefndarmaður (B. T.) vildi ganga lengra og fella niður allt þjónustugjald í veitingahúsum, sem hefðu vínveitingaleyfi. Meiri hluti nefndarinnar taldi hins vegar eðlilegt, að niðurfelling þjónustugjalds væri í þessum lögum aðeins bundin við áfengisveitingar.

Ó. J. flutti þá tillögu, að vínveitingaleyfi almennt væru bundin því skilyrði, að áfengisvarnaráð mælti með. Sú tillaga var felld með 3 atkvæðum gegn 2 (Ó. J., B. T.).

Rétt þykir nefndinni að vekja sérstaka athygli á 6. mgr., en samkvæmt því ákvæði má binda vínveitingaleyfi ýmsum skilyrðum, sem ráðherra og áfengisvarnaráð telja nauðsynleg. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að til greina geti komið, að leyfi séu eingöngu bundin við veitingar léttra vína og að dans megi ekki fara fram í veitingahúsum, en telur eðlilegra að veita dómsmálaráðherra heimild til slíkra aðgerða en að kveða á í lögum um slík atriði.

Frekari skýringa á greininni virðist ekki þörf, en einn nefndarmanna (B. T.) óskar að taka eftirfarandi fram í sambandi við þessa grein:

„Hann flutti tillögu um, að 12. gr. orðaðist svo:

„Nú mælir meiri hluti bæjarstjórnar í kaupstað, þar sem er áfengisútsala, með því að veita veitingahúsi leyfi til vínveitinga, og skal þá dómsmálaráðherra láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um leyfið meðal alþingiskjósenda í viðkomandi kaupstað. Ef meiri hluti atkvæða við þá atkvæðagreiðslu er fylgjandi meðmælum bæjarstjórnar, er dómsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til að selja létt vín með reglulegum máltíðum, kl. 12—2 og kl. 7—9, ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a) Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
b) Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda og áfengisvarnaráðs fyrsta flokks.
c) Að veitingahúsið noti ekki á einn eða annan hátt drykkjupeninga (kerfið) eða launi þjóna sína með hundraðsgjaldi (procentum) af veltuupphæðinni.
d) Að meðmæli með leyfinu liggi fyrir frá áfengisvarnaráði, bæjarstjórn og áfengisvarnanefnd í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Vínveitingaleyfi skulu eigi veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Að þeim tíma liðnum getur meiri hluti bæjarstjórnar eða ⅓ hluti alþingiskjósenda í kaupstaðnum krafizt þess, að það verði afnumið. Skal þá dómsmálaráðherra stofna til atkvæða-

greiðslu um leyfið meðal alþingiskjósenda í viðkomandi kaupstað. Ef meiri hluti atkvæða við slíka atkvæðagreiðslu er fylgjandi afnáminu, missir leyfishafinn vínveitingaréttinn, sem hann hefur haft, þegar í stað. Heimilt er dómsmálaráðherra að leggja niður vínveitingar án atkvæðagreiðslu, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið. Nú brýtur veitingamaður, sem fengið hefur vínveitingaleyfi, gegn þessum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, og skal hann þá þegar missa veitingaleyfi sitt. Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. greinar, fellur jafnframt úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúss eða veitingahúsa í sama kaupstað."

Það mátti heita, að grein þessi hér um bil öll væri kolfelld. Fyrsta málsgrein: „Nú mælir ... fyrir hendi" — felld með 4 atkv. gegn 1. Liðirnir c og d felldir með 3 atkv. gegn 2, og orðið „áfengisvarnaráðs" í b-lið fellt með 3 atkv. gegn 2. Málsgreinin: „Að þeim tíma ... eru fyrir hendi" — felld með 4 atkv. gegn 1. Síðasta málsgrein: „Ef áfengisútsala ... sama kaupstað" — felld með 4 atkv. gegn 1.

Hvers vegna eru þessar málsgreinar felldar? Það er talið „of umfangsmikið" að stofna til atkvæðagreiðslu borgaranna, þegar um ekki meira en vínveitingaleyfi er að ræða. En ég tel borgarana varða það nokkuð miklu, hvort slík leyfi eru veitt, og ef þeim kemur nokkuð við, þá eru það vissulega leyfi til vínveitinga í þeirra eigin bæ. Meiri hluti áfengislaganefndarinnar leit hins vegar ekki svo á og kolfelldi tillögu mína um afskipti borgaranna af þessum málum. Ég á bágt með að trúa því, að hið háa Alþingi líti þannig á lýðræðisrétt fólksins eins og minir háttvirtu samnefndarmenn. Svo mátti ekki við koma að útiloka veitingar sterkra drykkja á veitingahúsum. Tel ég veitingar léttra vína og aðeins með mat á ákveðnum matmálstímum hið mesta, sem leyfa beri af því tagi á veitingahúsum. — Í b-lið skilyrðanna var fellt niður ákvæði um dóm áfengisvarnaráðs á því, hvort veitingahús sé fyrsta flokks, af ótta við það, að ráðið kynni að dæma veitingamanni í óhag. Þjórfé mátti ekki fella niður nema af sölu áfengra drykkja, og leyfi til vínveitinga vildi meiri hlutinn ómögulega láta vera háð vilja áfengisvarnaráðs og áfengisvarnanefndar. — Það er reyndar ekki von, þegar borgararnir sjálfir mega ekkert atkvæði eiga um vínveitingaleyfin. Ég óttast, að með 3. mgr. sé verið að opna víðar dyr, þó að áskilið sé leyfi áfengisvarnaráðs. Get ég eigi fylgt samnefndarmönnum mínum hér að málum. Dómsmálaráðherra skal ekki einu sinni vera heimilt að leggja niður vínveitingar án atkvæðagreiðslu, hvernig sem á stendur. Fast er hér haldið um rétt veitingamannanna, einnig þegar vínveitingaleyfi mega ómögulega falla úr gildi, þó að áfengisútsala sé lögð niður í kaupstaðnum. 12. greinin, eins og hún kemur frá meiri hlutanum, útilokar afskipti borgaranna af vínveitingaleyfum með öllu. En hverjum koma þau við, ef ekki þeim?

Eitt enn: Í grein meiri hlutans er ákveðið, að „fyrir leyfi til vínveitinga skuli veitingamaður greiða 4000 kr. í ríkissjóð". Minni hlutinn (B. T.) lagði til, að í stað 4000 kæmi 10 000, en sú brtt. var felld með 4 atkv. gegn 1. Ég verð að segja, að mér virðist hlægilegt að ákveða gjaldið fyrir leyfi í fjögur ár 4000 kr. eða 1000 kr. á ári! Það er sönnu nær að ákveða það 2500 kr. á ári, en það taldi meiri hlutinn allt of þungt fyrir veitingamanninn."

Um 13. gr.

Bannið við lánsverzlun er nú ekki í sjálfum áfengislögunum, heldur er þar boðið, að ákvæði um það efni skuli sett í reglugerð, sbr. 12. gr. áfengisl., d-liðinn. Öruggast þykir að setja ákvæði þetta beinlínis í lögin sjálf.

Bannið við sendingu áfengis gegn póstkröfu er sett vegna þess, að nefndinni bárust kvartanir um misnotkun í sambandi við þá sendingaraðferð.

Tveir nefndarmanna (B. T., Ó. J.) töldu, að banna ætti að selja áfengi gegn afslætti, svo og að afnema beri þau fríðindi, sem einstakir aðilar hafa notið hjá

Áfengisverzluninni, en þau hafa verið í því fólgin, að þeir aðilar hafa fengið þar keypt áfengi með innkaupsverði. Þessi skoðun fékk ekki nægilegt fylgi í nefndinni. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að óttast, að farið yrði almennt að selja áfengi með afslætti í framtíðinni, en hafði hins vegar ekkert við það að athuga, þótt áfengi til opinberrar risnu sé reiknað á innkaupsverði.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að um lokun áfengissölubúða gildi almennt sömu reglur og um lokun annarra búða.

Kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara að vísu eftir gildandi lögum fram á sunnudögum. Varðandi almenna kosningardaga hefur því ákvæðið ekki þýðingu nú. Ef kosningalögum yrði hins vegar breytt, að því er það atriði varðar, sýnist heppilegt, að lögboðið sé, að áfengissölubúðir skuli vera lokaðar þá daga. Einn nefndarmanna (B. T.) vildi fella niður síðasta málsl. 2. mgr. um málsskot til dómsmálaráðherra. — Grein þessi þarfnast annars ekki skýringa.

Um 15. gr.

Grein þessi svarar að nokkru leyti til 12. gr. gildandi laga. Einn nefndarmanna (Ó. J.) telur, eins og áður segir, að taka beri upp skömmtun áfengis og lögbjóða hana beinlínis. Sú stefna átti ekki meirihlutafylgi að fagna í nefndinni, en fullt samkomulag varð um að hafa þessa heimild til skömmtunar áfram í lögum.

Um 16. gr.

Það er nýmæli, að tekið er fram, að kaupandi áfengis skuli jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Er höfuðnauðsyn, að þessu fyrirmæli sé stranglega fylgt í framkvæmd. 3. mgr. er nýmæli og miðar að því að auðvelda framkvæmd þeirra fyrirmæla, að þeim manni, sem sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis, megi ekki selja áfengi.

Í sambandi við þessa grein tekur B. T. fram eftirfarandi:

„Tillaga mín um það, að orðin „og veitingamönnum þeim, sem hafa vínveitingaleyfi“ bættust aftan við „Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar“, fékk ekki byr hjá samnefndarmönnum mínum, en úr því að veitingamenn eiga ekki að ómaka sig við að athuga skrár um brotlega menn við löggjöfina, vita þeir ekkert um, hverjir gestanna hjá þeim hafa gerzt brotlegir við lögin, svo að það verður ekkert úr eftirliti. Það er ekki síður ástæða til, að vínsalarnir í veitingahúsunum hafi upplýsingar en útsölumenn Áfengisverzlunarinnar um brotlega menn. Upplýsingarnar skuldbinda þá, sem hafa þær, til þess að útiloka þá hina sömu frá því að fá áfengi, og er að vísu dálítil fyrirhöfn því samfara, en það sýnist undarlegt að vilja létta henni af veitingamönnunum. Samkvæmisbragurinn í þessum vínsöluhúsum batnar víst ekki við það, að alls konar lögbrotsmenn fái að leika þar lausum hala.

Þar sem segir svo í þessari grein, að „kaupandi áfengis skuli jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt“, þá er þess að geta, að lög eru fyrir því að heimta vegabréf af Íslendingum (lög nr. 10/1942). Um þetta þarf því ekki nýja lagasetningu. Það er gersamlega ómögulegt að framfylgja ákvæðinu um það, að ekki megi selja né veita fólki yngra en 21 árs áfengi, nema það sýni vegabréf með ljósmynd af handhafa. Hver einasti Íslendingur, a. m. k. frá 16 ára aldri, ætti að vera skyldaður til að ganga með slíkt bréf upp á vasann. Slík vegabréf hlytu að verða til mikils hagræðis fyrir löggæzluna, útsölumenn áfengis, veitingamenn o. s. frv. undir margvíslegum kringumstæðum. Ég bar mál á það í nefndinni, að ef um miklar pantanir áfengis væri að ræða — eða óskir um kaup á áfengi í stórum stíl — yrði slíkt magn ekki afgreitt fyrr en einum eða tveimur dögum eftir pöntun, en frestinn á sölumaður að nota til þess að fá upplýsingar um pantanda og hvort „óhreint mjöl“ muni ekki vera í pokanum hjá viðkomanda. Sölumaður hefur þá

líka tíma til að athuga skrá þá, sem hann á að hafa yfir þá, sem gerzt hafa brotlegir við lögin, og ef það kemur í ljós, að brotlegur maður er hér á ferð, á auðvitað að synja honum um áfengið. — Þessar bendingar mínar fengu engan byr í nefndinni, en ég vil leyfa mér að bera þær hér fram til athugunar fyrir hið háa Alþingi. Hef ég trú á því, að þessar ráðstafanir yrðu til þess að draga úr hinni andstyggilegu og stórhættulegu leynivínsölu bílstjóra."

Um 17. gr.

Er að efni til samhljóða 14. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Er samhljóða 15. gr. gildandi laga og þarfnast eigi skýringa.

Um 19. gr.

Grein þessi svarar til 16. gr. gildandi áfengislaga, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 47/1951. Lítils háttar orðalagsbreytingar hafa þó verið gerðar.

Um 20. gr.

Grein þessi er mun fyllri en samsvarandi grein í gildandi lögum. Í 2. mgr. 17. gr. áfengislaganna segir aðeins: „Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra, nema leyfi lögreglustjóra komi til." Í sjálfum lögunum eru ekki sett nein skilyrði fyrir leyfisveitingu lögreglustjóra. Þótti því nauðsynlegt að taka upp í þessa frumvarpsgrein ákveðin efnisleg skilyrði fyrir leyfisveitingum lögreglustjóra. Eru þau að nokkru leyti sniðin eftir 2. mgr. 17. gr. reglug. nr. 126/1945, en eru þó töluvert þrengri. Má því búast við, að vínveitingaleyfum lögreglustjóranna fækki. Auk þess hlýtur beiðnum um vínveitingaleyfi að fækka til mikilla muna, ef notuð verður heimild 12. gr. til að veita fleiri veitingahúsum vínveitingaleyfi.

Svo hljóðandi viðaukatillögu flutti B. T.:

„Lögreglustjórinn í Reykjavík veitir leyfi þau, sem um getur í þessari grein, að fengnu samþykki áfengisvarnaráðs, en annars staðar á landinu þarf meðmæli áfengisvarnanefnda á viðkomandi stað, til þess að veita megi slík áfengisveitingaleyfi." Þessi tillaga var felld með 2 atkv. gegn 2. Einn sat hjá.

Um 21. gr.

Er eins og tilsvarandi grein í lögunum að öðru leyti en því, að þess er ekki lengur krafizt, að ölvunin sé áberandi. Þá er og orðinu „hættu" skotið inn í greinina.

Um 22. gr.

Viðurlög eru nokkuð hert. Þarf annars ekki skýringa við.

Um 23. gr.

Þarf eigi skýringa við.

Um 24. gr.

Ákvæði 4. mgr. eru ný, en í reglugerð eru þegar slík ákvæði um flugmenn, sbr. reglug. nr. 184/1949. Að öðru leyti er greinin samhljóða 21. gr. gildandi laga, nema hvað orðin „að jafnaði" eru felld niður í 1. mgr.

Um 25. gr.

Er samhljóða 22. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Hingað til hefur starf ráðunauts í áfengismálum verið aukastarf. Reynslan hefur sýnt, að það er ekki fullnægjandi, þar sem starfsmaður þessi hefur með höndum

umsjón með öllum áfengisvarnarnefndum í landinu og annast eftirlit með bindindisfræðslu í skólum og á í sambandi við það margs konar viðskipti við ríkisstjórnina. Auk þess fylgja starfinu miklar bréfaskriftir, innlendar og erlendar. Er því hér gert ráð fyrir, að ráðunautsstarfið verði aðalstarf, enda er starfssvið hans mjög aukið samkvæmt þessu frumvarpi, sbr. 27. og 28. gr. Hæfilegt þykir að ákveða laun fyrir þetta starf samkvæmt VI. flokki launalaga, en gert er ráð fyrir, að launin greiðist úr áfengisvarnasjóði. Lagt er til, að heiti þessa starfsmanns verði áfengisvarnaráðunautur, en í gildandi lögum er hann nefndur ráðunautur í áfengismálum.

Um 27.—28. gr.

Greinar þessar eru nýmæli. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir auknum áfengisvörnum og meira fé lagt af mörkum til þeirrar starfsemi en áður. Rétt þykir því að setja á stofn nefnd, er hafi með höndum yfirstjórn áfengisvarnanna. Er það í samræmi við það, sem tíðkast í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Í Danmörku er og unnið að því að koma sömu skipan á. Þar sem áfengisvarnaráð hefur m. a. á hendi stjórn og fjárreiður áfengisvarnasjóðs, þykir eðlilegast, að það sé kosið hlutfallskosningu af Alþingi. Frekari skýringar virðast óþarfar.

Um 29. gr.

Í 25. gr. núgildandi áfengislaga er mælt svo fyrir, að störf áfengisvarnanefnda skuli vera ólaunuð. Þetta ákvæði er niður fellt, og er ætlazt til þess, að það fari eftir atvikum, hvort nefndarmenn fá þóknun fyrir starfa sinn eða ekki. Starf áfengisvarnanefnda í sumum kaupstöðum er það mikið, að sanngjarnt er, að nefndarmenn fái nokkra greiðslu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 30. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 23. gr. núgildandi áfengislaga.

Um 31. gr.

Er nýmæli. Þykir eðlilegt, að nokkru af hagnaði af Áfengisverzlun ríkisins sé varið í þessu skyni. Árið 1951 nam rekstrarhagnaður Áfengisverzlunarinnar 54.6 milljónum króna. Hefðu tekjur áfengisvarnasjóðs samkvæmt því orðið rúmlega ein og hálf milljón. Nú er aðeins varið rúmlega 350 þúsundum króna úr ríkissjóði árlega til áfengisvarna, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu, og er það að áliti kunnugra manna allt of lítið. Þörf er á stórauknum áfengisvörnum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, og er áfengisvarnasjóði ætlað að standa undir öllum kostnaði við þær.

Um 32. gr.

Nefndin álítur fyrir allra hluta sakir réttmætt, að ríkissjóður verði smátt og smátt gerður óháður hagnaði af áfengisverzlun. Margir telja siðferðilega rangt, að ríkið verji þeim gróða til daglegra útgjalda. Þeim hagnaði ætti m. a. að verja til þess að draga sem mest úr því böli, sem af áfengissölu leiðir. Hefur nefndinni því þótt rétt, að ákveðnum hundraðshluta af hagnaði Áfengisverzlunarinnar yrði á næstu 5 árum varið í því skyni. En þá ætlast nefndin til, að niður falli tillag það, sem ákveðið er í 15. gr. l. nr. 55/1949.

Eðlilegt þykir, að heilbrigðismálaráðherra hafi með höndum ráðstöfun þess fjár, sem getur í fyrri mgr. 32. gr.

Nefndinni hefur þótt rétt að verja nokkru fé af áfengishagnaði ríkisins til að styrkja með vaxtalausum lánum félagsheimili og hótel, einkum hótel, sem ekki hafa vínveitingaleyfi. Eru þær lánveitingar lagðar undir menntamálaráðherra, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, enda þótt hótelrekstur heyri ekki undir hann.

Einn nefndarmanna (B. T.) vildi ganga nokkru lengra um stighækkandi framlög, en sættir sig eftir atvikum við frumvarpsgreinina. Lagði hann fram í nefndinni eftirfarandi tillögu, er felur í sér sjónarmið hans:

„Ríkissjóður skal smátt og smátt gerður óháður þeim gróða, sem Áfengisverzlun ríkisins lætur í té á ári hverju. Til þess að ná því takmarki skulu eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

Á árinu 1953 skal verja fimm af hundraði (5%) af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins sem hér segir:

a) Að hálfu leyti til þess að reisa hæli handa drykkjusjúku fólki og standa straum af kostnaði við lækningastofur handa þeim, sem eru hjálpar þurfi vegna drykkjuskapar.
b) Að einum áttunda hluta til vísindalegra rannsókna um áhrif áfengis.
c) Að einum áttunda hluta til samningar og útgáfu rita til hagnýtingar við kennslu í skólum og handa almenningi.
d) Að einum fjórða hluta til bindindisútbreiðslu og áfengisvarna.

Heilbrigðismálaráðherra ákveður nánar um ráðstöfun fjár undir lið a og b, eftir tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

Menntamálaráðherra skiptir fjárupphæðinni undir lið c í samráði við áfengismálaráðunaut, og dómsmálaráðherra skiptir fjárhæðinni undir lið d, eftir tillögum áfengismálaráðunautar.

Árið 1954 skal taka frá 7 af hundraði (7%) af réttum ágóða Áfengisverzlunarinnar og síðan árlega fjárhæð, sem skal vera 2% hærri en upphæð sú, er tekin var frá árið áður. Skal þessi skipan standa um 10 ára skeið, frá árinu 1953 að telja.

Fénu skal jafnóðum varið sem hér segir:

a) Að einum fimmta hluta til þess að reisa nauðsynleg hæli handa drykkjusjúku fólki og standa straum af lækningastofum handa þeim, sem hjálpar þurfa við sakir drykkjuskapar, en þegar því viðfangsefni hafa verið gerð full skil, að dómi heilbrigðisstjórnarinnar, skal þessi hluti fjárins renna til sjúkrahúsa, eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.
b) Að einum fimmta hluta til bindindisútbreiðslu, áfengisvarna, upplýsingarstarfsemi um bindindis- og áfengismál og til vísindalegra rannsókna á þessu sviði, eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra, í samráði við áfengismálaráðunaut.
c) Að þremur fimmtu hlutum til þess að reisa fyrsta flokks bindindishótel með stórum samkomusölum til menningarlegrar starfsemi og til félagsheimila, enda verði skilyrði sett um það, að samkomuhald með vínveitingum verði ekki leyft í húsnæðinu.“

Um 33. gr.

Er samhljóða 26. gr. gildandi áfengislaga.

Um 34.—47. gr.

Sektir samkvæmt lögunum hafa verið fjórfaldaðar og litragjald tífaldað. Að öðru leyti eru fyrirmæli þessa kafla samhljóða VIII. kafla gildandi áfengislaga, sbr. l. nr. 47/1951, 2. gr.

Um 48.—49. gr.

Eru samhljóða 41. og 42. gr. gildandi áfengislaga.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Er samhljóða 44. gr. gildandi áfengislaga.

Um 52.—53. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl.

I. Innflutningur áfengis og gjaldeyriseyðsla vegna áfengiskaupa.

1. Innflutningur ávaxtavína, brenndra drykkja og hreins vínanda 1935—1950.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavík, 24. ágúst 1951.

	1935		1936		1937		1938	
Ávaxtavín:	Lítrar	Verð, kr.	Lítrar	Verð, kr.	Lítrar	Verð, kr.	Lítrar	Verð, kr.
Rauðvín	4 701	13 156	1 935	5 276	3 300	5 242	2 380	3 531
Freyðivín	3 465	14 610	900	2 675	2 650	11 385	4 770	19 392
Madeira	3 471	9 258	1 280	4 200	2 322	6 175	4 037	10 657
Portvín	495	1 925	16 668	22 563	6 627	7 310	14 012	25 500
Sherry	1 423	4 412	„	„	8 700	25 341	3 078	10 982
Vermút	9 431	12 850	8 933	13 655	10 729	11 186	10 873	13 151
Önnur vín	9 414	34 594	3 215	7 646	3 758	7 209	11 078	20 742
Alls	32 400	90 805	32 931	56 015	38 086	73 848	50 228	103 955
Brenndir drykkir:								
Whisky	54 184	281 209	47 280	225 163	41 661	182 764	47 843	217 899
Koníak	9 836	58 470	1 868	5 538	3 484	8 547	4 713	12 899
Brennivín	28 495	55 721	14 295	28 514	7 087	11 147	4 750	6 964
Genever og gin ..	5 872	20 219	2 640	8 051	2 760	6 312	3 528	9 679
Aðrir drykkir ...	11 889	53 942	6 058	25 278	4 956	12 264	6 218	18 522
Alls	110 276	469 561	72 141	292 544	59 948	221 034	67 052	265 963
Hreinn vínandi ..	93 350	87 986	90 873	75 342	119 283	106 768	121 263	109 367

	1939		1940		1941	
Ávaxtavín:	Lítrar	Verð, kr.	Lítrar	Verð, kr.	Lítrar	Verð, kr.
Rauðvín	2 550	9 280	3 030	8 733	7 247	7 439
Freyðivín	2 100	7 029	473	3 512	2 700	23 876
Madeira	„	„	2 460	10 480	15 952	58 202
Portvín	8 437	11 753	21 820	48 966	13 160	36 457
Sherry	4 818	12 772	1 946	4 323	10 014	33 086
Vermút	11 838	15 338	14 215	28 188	16 604	45 665
Önnur vín	7 867	13 510	4 112	7 236	16 212	27 113
Alls	37 610	69 682	48 056	111 438	81 889	231 838
Brenndir drykkir:						
Whisky	33 779	176 235	53 557	324 878	41 400	305 213
Koníak	1 990	7 898	1 042	4 283	„	„
Brennivín	6 769	10 226	14 101	32 856	15 000	34 808
Genever og gin	2 618	9 765	8 739	41 923	7 050	39 631
Aðrir drykkir	6 114	12 928	14 461	37 889	16 258	38 485
Alls	51 270	217 052	91 900	441 829	79 708	418 137
Hreinn vínandi	112 858	126 168	89 091	113 671	39 974	54 451

Ávaxtavín:	1942 Lítrar	1942 Verð, kr.	1943 Lítrar	1943 Verð, kr.	1944 Lítrar	1944 Verð, kr.
Rauðvín	180	651	14 137	68 547	12 240	114 826
Freyðivín	1 890	16 411	9 900	145 806	5 400	66 964
Madeira	„	„	„	„	4 756	43 927
Portvín	45	174	13 824	31 896	24 525	96 472
Sherry	10 045	44 875	28 838	77 806	43 638	214 817
Vermút	45	194	21 567	51 442	24 494	106 139
Önnur vín	6 990	26 154	27 275	104 443	28 898	162 880
Alls	19 195	88 459	115 541	479 940	143 951	806 025
Brenndir drykkir:						
Whisky	28 116	232 673	45 360	385 799	69 154	619 334
Koníak	„	„	8 425	86 538	18 006	259 088
Brennivín	„	„	„	„	„	„
Genever og gin	13 950	81 262	5 700	36 988	26 730	203 245
Aðrir drykkir	107	1 289	„	„	48 561	547 423
Alls	42 173	315 224	59 485	509 325	162 451	1 629 090
Hreinn vínandi	173 496	464 364	120 893	471 890	162 405	548 047

Ávaxtavín:	1945 Lítrar	1945 Verð, kr.	1946 Lítrar	1946 Verð, kr.	1947 Lítrar	1947 Verð, kr.
Rauðvín	6 282	33 606	2 025	29 472	17 378	211 000
Freyðivín	6 300	68 486	1 674	29 641	9 819	180 000
Madeira	6 000	39 458	„	„	6 270	40 000
Portvín	25 994	112 507	5 934	26 574	17 742	128 000
Sherry	77 635	445 979	20 733	146 913	56 332	522 000
Vermút	49 960	311 156	4 833	33 605	27 580	214 000
Önnur vín	15 266	91 502	5 151	33 173	28 254	359 000
Alls	187 437	1 102 694	40 350	299 378	163 375	1 654 000
Brenndir drykkir:						
Whisky	100 632	1 045 004	61 874	472 572	26 369	253 000
Koníak	91 254	696 279	2 120	35 366	18 060	319 000
Brennivín	„	„	6 571	39 571	2 925	21 000
Genever og gin	72 310	505 595	17 605	120 239	30 598	198 000
Aðrir drykkir	1 350	16 445	3 752	38 223	6 358	92 000
Alls	265 546	2 263 323	91 922	705 971	84 310	883 000
Hreinn vínandi	159 165	452 095	241 172	715 520	286 869	733 000

Ávaxtavín:	1948 Lítrar	1948 Verð, kr.	1949 Lítrar	1949 Verð, kr.	1950 Lítrar	1950 Verð, kr.
Rauðvín	7 266	62 000	982	13 363	5 210	48 178
Freyðivín	5 905	147 000	„	„	3 600	84 726
Madeira	6 270	45 000	4 702	43 895	„	„
Portvín	26 788	156 000	23 514	141 341	20 551	175 942
Sherry	32 475	303 000	41 392	349 918	38 625	577 992
Vermút	19 809	124 000	19 362	184 548	28 800	396 656
Önnur vín	13 753	118 000	9 452	68 709	4 455	53 587
Alls	112 226	955 000	99 404	801 774	101 241	1 317 081

Brenndir drykkir:	1948 Lítrar	1948 Verð, kr.	1949 Lítrar	1949 Verð, kr.	1950 Lítrar	1950 Verð, kr.
Whisky	58 140	540 000	43 045	372 388	19 203	328 746
Koníak	12 928	159 000	57 302	431 727	17 325	165 389
Brennivín	1 800	14 000	1 909	14 927	2 061	17 807
Genever og gin	44 109	295 000	36 321	211 511	40 655	329 393
Aðrir drykkir	34 607	347 000	15 580	101 588	16 906	196 843
Alls	151 584	1 355 000	154 157	1 132 141	96 150	1 038 178
Hreinn vínandi	216 541	609 000	202 100	552 643	253 033	1 028 363

Árin 1947—1948 er upphæðin aðeins gefin upp í heilum þúsundum króna, en ekki nákvæm krónutala (sbr. verzlunarskýrslur).

2. Skrá yfir gjaldeyriseyðslu til áfengiskaupa árin 1947—1951.

ÁFENGISVERZLUN RÍKISINS

Reykjavík, 28. marz 1952.

Milliþinganefnd í áfengismálum, Reykjavík.

Samkvæmt ósk yðar höfum vér athugað, hversu miklu af erlendum gjaldeyri hefur verið varið til áfengiskaupa síðastliðin 5 ár.

Er gjaldeyriseyðslan sem hér segir:

1947	kr.	3 228 942.00
1948	—	2 331 687.00
1949	—	2 375 145.00
1950	—	3 179 319.00
1951	—	4 225 175.00
	Kr.	15 340 268.00

Að sjálfsögðu ber að hafa í huga gengisbreytingu krónunnar, þegar tölur þessar eru virtar fyrir sér.

Virðingarfyllst.

Áfengisverzlun ríkisins.

Guðbrandur Magnússon.

II. Verðlag á áfengi og nokkrum nauðsynjavörum til samanburðar.

1. Verðbreytingar á nokkrum víntegundum 1935—1950.

Ár	Dags.	Brennivín Kr.	Brennivín Hlutfallst.	Whisky Kr.	Whisky Hlutfallst.	Hvítvín Kr.	Hvítvín Hlutfallst.
1935	1. febrúar	7.00	100	15.50	100	6.75	100
1937	3. maí	8.00	114	16.50	106	6.75	100
1938	6. febrúar	8.50	121	17.25	111	7.00	104
1940	1. janúar	10.00	143	20.00	129	„	„
1940	.....	11.00	157	22.00	142	8.00	119
1941	24. júní	15.00	214	30.00	194	9.50	141

Ár	Dags.	Brennivín Kr.	Hlutfallst.	Whisky Kr.	Hlutfallst.	Hvítvín Kr.	Hlutfallst.
1942	24. júní	25.00	357	40.00	258	„	„
1942	1. október	30.00	429	50.00	323	11.00	163
1943	9. september	45.00	643	75.00	484	17.00	252
1947	12. marz	60.00	857	95.00	613	22.00	326
1948	15. febrúar	65.00	929	100.00	645	28.00	415
1949	1. maí	70.00	1000	115.00	742	30.00	444
1950	19. maí	85.00	1215	150.00	968	35.00	518

Verðbreytingar á ákavíti og brennivíni hafa alltaf fylgt sama hlutfalli. — Ógerlegt er að setja slíka töflu upp yfir koníak, því að mikill gæðamunur hefur oft verið á tegundunum frá ári til árs og þar af leiðandi stór stökk í verðbreytingunum. Brennivínið og whiskýið miðast hins vegar við sama gæðaflokk, og hvítvínið einnig að mestu leyti.

2. Smásöluverð á nokkrum vörutegundum í Reykjavík 1935—1951.

	Rúgmjöl		Hveiti		Rúgbrauð (óseydd)		Óbrennt kaffi		Strásykur		Ný, slægð ýsa		Nýtt kindakjöt	
	pr. kg kr.	Hlutfallst.	pr. kg kr.	Hlutfallst.	pr. 1½ kg kr.	Hlutfallst.	pr. kg kr.	Hlutfallst.	pr. kg kr.	Hlutfallst.	pr. kg kr.	Hlutfallst.	pr. kg kr.	Hlutfallst.
1935, 31. des. ...	0.30	100	0.48	100	0.44	100	2.48	100	0.49	100	0.40	100	1.50	100
1936, — — ...	0.29	97	0.50	104	0.40	91	2.46	99	0.47	96	0.39	98	1.56	104
1937, — — ...	0.35	117	0.50	104	0.55	125	2.41	97	0.45	92	0.37	93	1.60	107
1938, — — ...	0.29	97	0.48	100	0.50	114	2.13	86	0.50	102	0.37	93	1.60	107
1939, — — ...	0.51	170	0.52	108	0.70	159	2.36	95	1.12	229	0.47	118	1.60	107
1940, — — ...	0.46	153	0.61	127	0.85	193	2.95	119	0.90	184	0.70	175	2.65	177
1941, — — ...	0.65	217	0.70	146	1.02	232	3.41	137	1.20	245	0 65	163	4.00	267
1942, — — ...	0.82	273	0.86	179	1.50	341	4.22	170	1.47	300	0.87	218	7.75	517
1943, — — ...	1.01	337	1.04	217	1.50	341	4.91	198	1.70	347	0.88	220	6.50	434
1944, — — ...	0.93	310	1.03	215	1.70	386	4.42	178	1.51	308	0.88	220	6.50	434
1945, — — ...	0.99	330	1.11	231	1.70	386	4.64	187	1.63	333	0.88	220	10.85	724
1946, — — ...	1.44	480	1.18	246	2.45	557	4.90	197	1.99	406	0.95	238	11.85	790
1947, — — ...	1.67	557	1.71	356	2.60	591	4.89	197	2.00	408	1.15	288	11.35	757
1948, — — ...	1 53	510	1.64	342	2.60	591	4.85	195	1.94	396	1.10	275	10.30	754
1949, — — ...	1.27	423	1.60	333	2.10	477	5.95[1]	240	2.34	478	1.15	288	11.00	734
1950, — — ...	2 28	760	3.03	631	3.25	739	19.40[2]	782	4.38	894	1.33	333	13.15	877
1951, 30. júni ...	2.33	777	3.73	777	3.60	818	29.10	1173	4.65	949	1.80	450	13 50	900

III. Sala áfengis og neyzla.

1. Áfengissala Áfengisverzlunar ríkisins 1934—1951.

	Heildarsala kr.	Sala á hvern íbúa skv. meðalmannfjölda hvert ár kr.
1951	66 565 555	457
1950	65 572 836	460
1949	60 913 543	436
1948	63 177 696	460

1) Septemberverðið. Óbrennt kaffi var ekki á boðstólum þrjá síðustu mánuði ársins.
2) Nóvemberverðið. Ekki á boðstólum í desember.

	Heildarsala kr.	Sala á hvern íbúa skv. meðalmannfjölda hvert ár kr.
1947	57 947 949	431
1946	47 227 021	359
1945	40 152 282	311
1944	36 770 158	290
1943	22 049 782	176
1942	8 029 470	65
1941[1])	3 481 650	28
1940	4 884 785	40
1939	3 672 992	31
1938	3 652 131	31
1937	3 707 576	32
1936	3 235 703	28
1935	3 386 695	29
1934	1 600 000	14

2. Áfengissala til veitingahúsa í Reykjavík árin 1937—1951.

1937	kr.	122 372.00	1945	kr.	1 709 918.00
1938	—	133 929.00	1946	—	2 632 665.50
1939	—	138 546.00	1947	—	2 739 190.00
1940	—	280 383.00	1948	—	4 845 139.00
1941	—	480 946.00	1949	—	4 289 575.00
1942	—	726 535.00	1950	—	4 480 073.00
1943	—	1 104 528.00	1951	—	4 004 188.00
1944	—	1 454 441.00		Kr.	29 142 428.50

3. Skrá yfir sölumagn áfengis 1935—1951.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavík, 22. sept. 1951.

Herra yfirkennari Brynleifur Tobíasson, p. t. Reykjavík.

Áfengisverzlun ríkisins hefur látið í té upplýsingar um sölumagn hennar af áfengi hvert áranna 1935—1950, annars vegar af sterkum drykkjum, hins vegar af heitum vínum og borðvínum, og er þetta miðað við hreint alkohol. Vísast hér til bréfs Áfengisverzlunarinnar, dags. 21. sept., sem fylgir þessu bréfi. Á grundvelli þessara upplýsinga hefur Hagstofan reiknað út sölumagnið á hvern íbúa landsins ofangreind ár, í lítrum af hreinu alkohol, annars vegar af sterkum drykkjum og hins vegar af heitum vínum og borðvínum. Fer niðurstaðan hér á eftir og jafnframt sýnt með hlutfallstölum, hvaða breytingar hafa orðið á sölumagninu síðan 1935 (1935=100).

	A. Sterkir drykkir		B. Heit vín og borðvín		A + B	
	Ltr. á íbúa	Hlutfallstölur	Ltr. á íbúa	Hlutfallstölur	Ltr. á íbúa	Hlutfallstölur
1935	0.839	100	0.064	100	0.903	100
1936	0.851	101	0.062	97	0.913	101
1937	0.923	110	0.066	103	0.989	110

1) Árið 1941 er salan á Hótel Borg ekki talin með í sölunni.

	A. Sterkir drykkir		B. Heit vín og borðvín		A + B	
	Ltr. á íbúa	Hlutfallstölur	Ltr. á íbúa	Hlutfallstölur	Ltr. á íbúa	Hlutfallstölur
1938	0.786	94	0.053	83	0.839	93
1939	0.783	93	0.052	81	0.835	92
1940	0.778	93	0.046	72	0.824	91
1941	0.499	59	0.063	98	0.562	62
1942	0.521	62	0.103	161	0.624	69
1943	1.209	144	0.110	172	1.319	146
1944	1.412	168	0.151	236	1.563	173
1945	1.498	179	0.171	267	1.669	185
1946	1.854	221	0.137	214	1.991	220
1947	1.758	210	0.157	245	1.915	212
1948	1.718	205	0.152	238	1.870	207
1949	1.475	176	0.129	202	1.604	178
1950	1.333	159	0.123	192	1.456	161
1951[1])	1.304	155	0.099	155	1.403	155

Hagstofa Íslands.
Kl. Tryggvason.

4. Rekstrarhagnaður Áfengisverzlunar ríkisins árin 1935—1951.

1935	kr.	1 603 436.36	1944	kr.	28 925 351.60
1936	—	1 594 549.77	1945	—	32 226 741.73
1937	—	1 918 998.48	1946	—	38 252 573.65
1938	—	1 905 747.57	1947	—	47 754 382.90
1939	—	1 825 497.85	1948	—	52 893 255.92
1940	—	2 658 497.39	1949	—	52 308 784.63
1941	—	1 923 917.71	1950	—	54 199 212.46
1942	—	6 058 303.34	1951	—	54 600 000.00
1943	—	16 723 983.52		Kr.	397 373 234.88

5. Áfengissala 1937—1950.

	Akureyri	Hafnarfjörður	Ísafjörður	Siglufjörður
1937	301 015.00	139 274.50	108 104.25	299 127.50
1938	334 117.50	176 024.75	105 164.75	286 399.00
1939	320 160.00	152 645.25	116 494.25	281 336.00
1940	388 887.25	224 691.00	219 792.75	337 675.75
1941	206 540.00	172 809.00	141 127.25	165 229.50
1942	471 757.00	„	279 361.25	333 664.75
1943	1 617 756.00	„	797 970.50	1 018 551.50
1944	3 006 806.00	„	1 392 171.50	1 578 270.75
1945	3 253 288.00	„	1 263 086.00	1 788 504.00
1946	3 871 944.00	„	1 323 573.00	2 006 354.00
1947	4 719 758.00	„	1 600 239.00	2 670 624.00
1948	5 908 454.00	„	1 669 422.00	3 410 341.00
1949	6 068 957.00	„	1 534 610.00	2 482 925.00
1950	6 558 668.00	„	1 490 199.00	2 413 476.00
Kr.	37 028 107.75	865 444.50	12 041 315.50	19 072 478.75

1) Tölunum frá 1951 er bætt við samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni.

Áfengissala 1937—1950 (frh.).

	Seyðisfjörður	Vestmannaeyjar	Reykjavík	Samtals
1937	65 736.00	158 634.50	2 634 719.00	3 706 610.75
1938	61 186.50	163 941.00	2 525 472.50	3 652 306.00
1939	71 180.00	181 009.25	2 539 211.25	3 662 036.00
1940	102 893.25	227 920.25	3 392 993.50	4 894 853.75
1941	52 566.25	165 105.00	2 283 618.75	3 186 995.75
1942	62 135.75	253 181.50	6 629 372.75	8 029 473.00
1943	364 948.50	590 161.50	17 660 396.00	22 049 784.00
1944	711 307.00	1 115 234.00	28 966 369.25	36 770 158.50
1945	732 983.00	1 078 071.00	32 036 351.50	40 152 283.50
1946	784 039.00	1 290 888.00	37 945 273.50	47 222 071.50
1947	822 960.00	1 507 984.00	46 673 384.00	57 994 949.00
1948	1 168 991.00	1 904 460.00	49 130 147.00	63 191 815.00
1949	1 088 585.00	2 054 654.00	47 683 812.00	60 913 543.00
1950	1 250 428.00	2 422 923.00	51 437 142.50	65 572 836.50
Kr.	7 339 939.25	13 114 167.00	331 538 263.50	420 999 716.25

IV. Reglur um flokkun áfengis eftir styrkleika.

ÁFENGISVERZLUN RÍKISINS

Reykjavík, 4. október 1951.

Herra Brynleifur Tobíasson, Akureyri.

Þér óskið þess að fá vitneskju um, með hverjum hætti áfengistegundum sé skipt í hina þrjá aðalflokka, sterka drykki, heit vín og borðvín.

Fer hér á eftir skrá um skiptinguna og það áfengismagn tegundanna, sem talið er með, þegar neyzlumagnið er fundið fyrir hvert ár um sig.

Sterkir drykkir:

Brennivín Á. V. R.		40.5 %
Aquavitae Á. V. R.		41 %
Hvannarótarbrennivín Á. V. R.		46 —
Bitterbrennivín	ca.	41 —
Brandy & Cognac		42 —
Genever & Gin		42 —
Whisky		43 —
Romm	ca.	45 —
Likjörar	ca.	36 —

Heit vín:

Portvín		20 —
Sherry		19 —
Madeira		19 —
Vermouth	ca.	16 —

Borðvín:

Rauðvín		12 —
Hvítvín		11 —
Rínarvín		12 —
Kampa- og Freyðivín		11 —

Væntum vér, að þetta sé yður fullnægjandi upplýsingar um þetta atriði.

Virðingarfyllst.

Áfengisverzlun ríkisins.

Guðbrandur Magnússon.

V. Áfengislagabrot.

1. Yfirlit um kærur fyrir ölvun í Reykjavík árin 1932—1950.

Ár	Ölvun	Ölvun m. m.	Ölvun við bifreiðaakstur	Samtals	Á þús. íbúa
1932	547	72	43	662	21.7
1933	476	42	36	554	17.5
1934	447	36	29	512	15.5
1935	587	49	27	663	19.4
1936	567	37	34	638	18.1
1937	661	92	46	799	22.1
1938	655	51	39	745	19.9
1939	844	37	32	913	23.9
1940	1605	65	22	1692	44.2
1941	2160	179	41	2380	59.9
1942	1749	252	60	2061	50.4
1943	1781	285	91	2157	50.4
1944	1717	398	92	2207	49.8
1945	1934	438	69	2441	52.4
1946	2205	374	117	2696	55.1
1947	2238	348	145	2731	52.8
1948	2142	348	148	2638	49.4
1949	1743	331	164	2238	40.9
1950	1698	309	150	2157	38.5

Athugasemdir:

Ölvun. Þar eru taldir þeir, sem kærðir hafa verið bæði úti og inni fyrir ölvun eingöngu.

Ölvun m. m. Þar eru taldir þeir, er auk ölvunar hafa jafnframt verið kærðir fyrir önnur brot, svo sem óspektir, skemmdir o. s. frv., að þeim undanskildum, er hafa sætt ákæru og dómi aukaréttar skv. hegningarlögunum. Athugun á þessu fyrir árin 1946—1950 hefur leitt þetta í ljós:

1946 voru 179 dæmdir skv. hegningarlögunum. Þar af voru 20 jafnframt sakaðir fyrir brot gegn áfengislögunum, oftast fyrir ölvun.

1947 161 dæmdir skv. sömu lögum. Þar af 34 jafnframt sakaðir um áfengislagabrot, oftast ölvun.


1948 eru samsvarandi tölur 186 og 44
1949 — — — 181 — 24
1950 — — — 198 — 32


2. Yfirlit um áfengislagabrot í Reykjavík, 1. jan. til 30. júní 1951.

Ölvun	849	kærur	Persónutala kærðra 627.
Ölvun m. m.	181	—	
Ölvun við bifreiðarakstur	40	—	
Áfengissala	5	—	
Áfengissmygl	2	—	
Ýmis áfengislagabrot	4	—	

Reykjavík, 4. júlí 1952.

Guðlaugur Jónsson,
lögregluþjónn.


50
100
150
200
250
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
1
2
3
4
5
6
7
8





3. Yfirlit yfir tölu fanga í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík árin 1942 til 1950 (bæði meðtalin).

Ár	Jan.	Febr.	Marz	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samt.
1942	181	160	145	142	214	211	129	170	216	194	198	182	2142
1943	192	161	202	158	227	202	206	157	215	200	191	197	2308
1944	177	233	184	181	215	203	209	214	240	204	221	202	2483
1945	235	130	163	94	278	258	317	237	346	288	285	332	2963
1946	333	263	335	345	452	400	314	248	356	429	331	362	4168
1947	302	331	312	331	414	381	312	335	358	347	333	400	4156
1948	355	359	324	267	349	437	281	262	381	290	263	299	3867
1949	199	199	244	240	310	242	263	164	314	303	264	274	3016
1950	245	184	248	216	278	228	212	216	233	243	210	234	2747
Alls	2219	2020	2157	1974	2737	2562	2243	2003	2659	2498	2296	2482	27850

4. Fangageymsla lögreglustöðvarinnar 1951.

683	karlar	með	1	fangelsun		3	karlar	með	15	fangelsanir		
154	—	—	2	fangelsanir		1	—	—	19	—		
58	—	—	3	—		1	—	—	20	—		
23	—	—	4	—		1	—	—	21	—		
22	—	—	5	—		1	—	—	22	—		
14	—	—	6	—		2	—	—	25	—		
5	—	—	7	—		1	—	—	25	—		
3	—	—	8	—		1	—	—	27	—		
3	—	—	9	—		1	—	—	30	—		
2	—	—	10	—		1	—	—	34	—		
3	—	—	11	—		1	—	—	36	—		
3	—	—	13	—		1	—	—	43	—		
3	—	—	14	—		1	—	—	46	—		





1	karl	með	62	fangelsanir
1	—	—	79	—
1	—	—	93	—
1	—	—	96	—
1	—	—	112	—

Samtals 997 karlar með 2506 fangelsanir


Fangageymsla lögreglustöðvarinnar 1951.

23	konur	með	1	fangelsun
7	—	—	2	fangelsanir
2	—	—	3	—
1	—	—	4	—
1	—	—	6	—
2	—	—	8	—
2	—	—	9	—
1	—	—	15	—

Samtals 39 konur með 102 fangelsanir

5. Sundurliðun úr fangabók lögreglunnar í Reykjavík árið 1951.

Ölvun á almannafæri	2599	Innbrot og þjófnaður	45
Gestir	212	Ölvun við akstur	24
Geymsla	116	Óspektir og árásir	21


Yfirlit um atkvæðatölu á árs 1919

6. Skrá um ölvun á Siglufirði 1951.

Samkvæmt beiðni áfengisvarnarnefndar Siglufjarðar skal upplýst, að samkv. kærubók embættisins hafa 66 menn verið kærðir fyrir ölvun og brot í sambandi við ölvun á árinu 1951, og sundurliðast kærurnar þannig:

Ölvun 10, afgreitt með áminningu. Ölvun og óspektir 56, afgreitt með sektarúrskurðum. Auk þessa hafa 3 verið kærðir fyrir ölvun við bifreiðaakstur og hlotið dóma fyrir, sektardóm og sviptingu ökuleyfis frá 3 til 6 mánuði. Tveir hafa hlotið dóma fyrir þjófnað undir áhrifum áfengis.

Af ofangreindum kærum eru 60 á tímabilinu frá 1. júlí til 30. september. Af þremur, sem kærðir eru fyrir ölvun við bifreiðaakstur, er einn kærður á tímabilinu 1. júlí til 30. september.

Skrifstofu Siglufjarðar, 17. júlí 1952.

Hjörleifur Magnússon, fulltrúi.

7. Ölvun á Akureyri árið 1951.

Eins og að undanförnu voru það tvö atriði í starfi lögreglunnar, sem fyrirferðarmest voru árið 1951, en það var hin sívaxandi umferð vélknúinna ökutækja og svo drykkjuskapurinn í bænum.

Um drykkjuskapinn er þetta helzt að segja:

Eftir dagbók lögreglunnar þurfti lögreglan að skipta sér af 248 nafngreindum einstaklingum, en þó ber þess að gæta, að í þessari tölu koma sömu mennirnir talsvert oft fyrir aftur og aftur, en á mismunandi tíma. Þannig hefur lögreglan orðið að skipta sér af 10 einstaklingum fimm sinnum eða oftar á árinu. Margir þessara 248 manna voru aðeins fluttir í burt af almannafæri eða hafðir inni um stundarsakir, þar til skipsfélagar þeirra sóttu þá, ef skip þeirra var að leggja úr höfn. Auk þessa rak lögreglan oft hópa ölvaðra manna, ónafngreindra, um borð í skip þeirra.

Allmargar rúður voru brotnar í húsum og bifreiðum af völdum drykkjuskapar, og húsgögn og borðbúnaður var brotinn á hótelunum í nokkur skipti. Nokkrar líkamsárásir áttu sér stað, en engar sem hægt er að telja mikils háttar. Tíu sinnum þurfti lögreglan að skipta sér af ríðandi mönnum, sem ölvaðir voru að þvæla á götum bæjarins.

Nokkrir menn voru kærðir fyrir grun um ölvun við akstur.

Þótt mikið sé um drykkjuskap, eins og að ofan sést, þá var þó árið 1951 fremur rólegt og engir stórviðburðir gerðust í starfi lögreglunnar og lítið var um slys á götum bæjarins og ekkert dauðsfall af völdum umferðarinnar.

8. Skrá um umferðarslys og óhöpp og um ákærur samkvæmt hegningarlögunum 1946—1950.

Eftir beiðni milliþinganefndar til endurskoðunar á áfengislöggjöfinni veitast hér með eftirfarandi upplýsingar:

I. Bókfærð umferðarslys og óhöpp árið 1946, hjá sakadómaraembættinu í Reykjavík, voru alls 1135, þar af voru 46 talin afleiðingar af ölvun bifreiðarstjóra og annarra vegfarenda og höfðu 20 sinnum leitt til slysfara á mönnum.

Samsvarandi tölur		1947:	1050	41	9
—	—	1948:	1126	57	17
—	—	1949:	1075	43	16
—	—	1950:	874	33	13

II. Árið 1946 voru 179 menn ákærðir í Reykjavík til refsingar samkvæmt hegningarlögunum, og þar af voru 20 jafnframt kærðir fyrir brot gegn áfengislögunum, oftast nær fyrir ölvun.

Samsvarandi tölur	1947:	161	34
— —	1948:	186	44
— —	1949:	181	24
— —	1950:	198	32

Sakadómarinn í Reykjavík.

9. Skrá um upptækt áfengi í Reykjavík árin 1942—1951.

Ár	Spíritus	Aðrir brenndir drykkir	Vín
1942	125 ltr.	1049 fl.	4 fl.
1943		402 —	11 —
1944		99 —	16 —
1945		36 —	6 —
1946		164 —[1]	1 —
1947		165 —	1 —
1948		90 —	
1949		116 —	
1950	22 ltr.	194 —	
1951		55 —	2 —
Samtals	147 ltr.	2370 fl. 1 kútur	41 fl.

VI. Skýrsla barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

1. Fyrirspurnir áfengislaganefndar.

Nefnd sú, er dómsmálaráðherra skipaði 28. apríl s. l. til þess að endurskoða áfengislöggjöfina, óskar hér með eftir, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur gefi upplýsingar sem allra fyrst til nefndarinnar um eftirfarandi:

1) Hve mörg þeirra barna, sem barnaverndarnefnd hefur orðið að taka af heimilunum í sína umsjá, hafa átt drykkfellda foreldra eða aðstandendur (%)?
2) Hve mörg svokölluð vandræðabörn, sem nefndin hefur orðið að ráðstafa, hafa átt drykkfellda foreldra eða aðstandendur?

Reykjavík, 28. júlí 1951.

Til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, Ingólfsstræti 9 B, Reykjavík.

2. Svar barnaverndarnefndar.

BARNAVERNDARNEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 10. sept. 1951.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 28. júlí s. l., skal yður hér með tjáð eftirfarandi:

Árið 1950 var 201 barni ráðstafað af heimilum fyrir tilstilli barnaverndarnefndar. 41 af þessum börnum áttu drykkfellda foreldra (annað eða bæði). Ekki

1) 1 kútur romm, ekki vitað um magn.

er þó hægt að segja, að þessi börn hafi verið tekin af heimilum sínum eingöngu vegna drykkjuskapar foreldra, því ýmsar fleiri ástæður komu þar til greina samtímis.

Nefndin hefði þurft að ráðstafa 45 börnum vegna afbrota (aðeins tókst að útvega staði fyrir 17), þar af voru 6 frá heimilum drykkjumanna.

Virðingarfyllst.

Guðm. Vignir Jósefsson,
formaður.

Hr. skrifstofustjóri Gústav A. Jónasson,
c/o dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík.

VII. Bréf frá tollstjóra o. fl.

1. Bréf frá tollstjóra.

TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 1952.

Til svars bréfi nefndar þeirrar, sem skipuð hefur verið til að endurskoða áfengislöggjöfina, dags. 3. f. m., er henni sent hér með:

1. Yfirlit um þær reglur, sem tollgæzlan hefur undanfarið farið eftir við útgjöf áfengis í farartækjum, sem koma frá útlöndum og eru í utanlandssiglingum.
2. Útdráttur úr frumvarpi til reglugerðar um tollmeðferð farangurs, vista, áhalda, innstæðumuna og annarra nauðsynja í farartækjum, sem koma hingað frá útlöndum, en frumvarp þetta er nú fullsamið og verður, ásamt greinargerð, lagt fyrir fjármálaráðuneytið í næsta mánuði, er hingað hafa borizt upplýsingar um framkvæmd ákvörðunar efnahagsstofnunarinnar í París (O. E. E. C.), sem Ísland er þátttakandi í, um: „Minimum customs facitities granted United States travellers", en í 5. lið þessarar ákvörðunar er gert ráð fyrir: „The temporary exemption from custom duty, either for personal use or in transit, in hand luggage, of up to two normal sized opened bottle of wine or spirits; for tourists from overseas and participating countries". Lúta ákvæðin í síðustu málsgr. 8. gr. reglugerðarfrumvarpsins m. a. að þessu.

Við þá athugun, sem gerð hefur verið á tolla- og áfengislagaákvæðum nágrannalandanna, hefur það komið í ljós, að það er ekki löggjafaratriði þar, hversu miklu áhafnir farartækja og farþegar fá að halda eftir hjá sér af áfengi við tollafgreiðslu farartækja frá útlöndum. Þess skal og getið í því sambandi, að það reyndist mjög erfitt að fá hjá hinum erlendu tollyfirvöldum útgjafarreglur þeirra og þær eru yfirleitt ekki birtar. Slíkt fyrirkomulag þykir þó ekki ráðlegt hér, og er því ekki gert ráð fyrir því í reglugerðarfrumvarpinu. Hitt þykir aftur á móti sjálfsagt, að útgjafarreglurnar séu ekki settar í lög, heldur í reglugerð, enda heppilegt að geta lagað þær eftir því, sem heppilegt þykir á hverjum tíma, án þess að til þess þurfi lagabreytingu. Er því lagt til, að svo verði ákveðið í hinu væntanlega áfengislagafrumvarpi, að reglur um það, hversu mikið áfengi áhafnir farartækja og farþegar með þeim megi halda eftir hjá sér af áfengi óinnsigluðu við afgreiðslu farartækis frá útlöndum og um útgjöf áfengis til farartækja í utanlandsferðum, skuli ákveðið í reglugerð, og megi ákveða í henni um sektir og upptöku áfengis, ef brotið sé gegn fyrirmælum reglugerðarinnar. Sérstaklega er spurt um það í bréfi nefndarinnar, hvort farþegum og skipverjum hafi í framkvæmd verið talið heimilt að taka með sér eitthvað af áfengi í land, er þeir koma frá útlöndum. Þessu til svars skal það upplýst, að það hefur ekki verið bannað, að skipverjar íslenzkra

skipa tækju með sér í land það áfengi, sem þeir hafa fengið að halda eftir hjá sér óinnsigluðu við aðkomuafgreiðslu, enda ekki verið talið heppilegt að banna það, er það refsilaust og það leyft hjá öðrum siglingaþjóðum, t. d. í Bretlandi.

Dráttur sá, sem orðið hefur á svari til nefndarinnar, stafar af því, að gert var ráð fyrir því, að hægt væri að ljúka reglugerðarfrumvarpinu og greinargerðinni fyrir því í síðastliðnum mánuði og þannig að senda það með svarinu til nefndarinnar og því svarið látið bíða þess vegna, en í greinargerðinni er rætt um öll þessi atriði, sem um er spurt í bréfi nefndarinnar, skýrt frá reglum nágrannaþjóðanna um þessi efni og rætt um varnir gegn misnotkun hins útgefna áfengis o. fl.

Hermann Jónsson, ftr.

Til nefndar, sem skipuð hefur verið til að endurskoða áfengislöggjöfina.

a) Yfirlit um reglur við útgjöf áfengis í farartækjum, sem koma frá útlöndum og eru í utanlandssiglingum.

Áfengi.

I. Íslenzk farþega- og vöruflutningaskip.

A. Við afgreiðslu skipa frá útlöndum.

1. Áfengir drykkir aðrir en öl.

Skipstjórar og brytar hafa fengið að halda eftir hjá sér vegna sjálfs sín og vegna risnu allt að 5 flöskum af sterkum eða veikum vínum.

Aðrir skipverjar hafa fengið að halda eftir hjá sér 2 flöskum af sterku víni eða veiku.

2. Öl.

Hverjum skipverja, þar með taldir skipstjórar og brytar, hefur verið leyft að halda eftir hjá sér allt að 16 ölflöskum (1½ pela).

B. Eftir afgreiðslu frá útlöndum.

Eftir að skip hefur verið afgreitt frá útlöndum, hefur áfengi aðeins verið gefið út til skipstjóra og bryta vegna risnu og handa skipshöfn og ekki fyrr en eftir 4 daga veru skips í höfn. Þessi útgjöf hefur jafnan verið höfð sem minnst og innan þeirra takmarka, sem sett eru í 1. og 2. lið 3. gr. tollgæzlureglugerðarinnar frá 1935.

II. Íslenzk fiskiskip, sem flytja eiginn afla á erlendan markað.

1. Áfengir drykkir aðrir en öl.

Við komu fiskiskipsins frá útlöndum fær skipstjóri vegna sjálfs sín og vegna risnu að halda eftir hjá sér til ferðarinnar, þ. e. til 21 dags, 5 flöskum af sterkum eða veikum vínum.

Aðrir skipverjar fá 3 flöskur sterkar eða veikar til 21 dags.

2. Öl.

Hverjum skipverja hefur við afgreiðslu frá útlöndum verið leyft að halda eftir hjá sér allt að 16 flöskum (1½ pela).

Frekari útgjöf á áfengi á sér ekki stað í íslenzkum fiskiskipum.

III. Útlend skip.

Útgjöf á áfengi í erlendum farþega- og vöruflutningaskipum er yfirleitt hin sama og í sams konar skipum íslenzkum. Öl er yfirleitt aðeins gefið út til bryta, sem selur skipverjum það. Útgjöf á áfengi er þó sérstaklega takmörkuð í þessum skipum eins mikið og fært þykir, og er í því efni farið eftir óskum skipstjórnarmanna. Auk þess standa skip þessi oft skemur við en hin íslenzku, og verður útgjöfin því minni þess vegna. Erlend fiskiskip standa hér yfirleitt svo stutt við, að um enga útgjöf er oftast að ræða í þeim. Dragist viðdvöl skipanna, er reynt að draga úr útgjöfinni eins og fært þykir. Í frönskum,

spönskum og öðrum skipum frá Suðurlöndum eru yfirleitt aðeins gefin út veik vín, en dagskammtur hvers skipverja er þar yfirleitt 1 líter af rauðvíni á dag. Er þá ekki um aðra útgjöf að ræða í þeim skipum, nema þá til skipstjóra eða bryta vegna risnu.

IV. Flugvélar.

Áhafnir flugvéla eru sjaldnast með áfengi, og séu þær með það, fær enginn af áhöfninni meira en eina flösku. Stundum er áhöfnin öll með 1 kassa af öli, og er honum þá skipt upp á milli áhafnarinnar.

V. Farþegar frá útlöndum.

Við afgreiðslu farartækis frá útlöndum hefur farþegum verið leyft að halda eftir 1 átekinni flösku af áfengi.

b) Útdráttur úr frv. til reglugerðar

um tollmeðferð farangurs, vista, áhalda, innstæðumuna og annarra nauðsynja í farartækjum, sem koma hingað frá útlöndum.

.....

Farangur áhafnar.

6. gr.

.....

Áfengi.

Í skipum, sem koma frá útlöndum, má tolleftirlitið láta hvern skipverja 21 árs eða eldri halda eftir hjá sér til neyzlu óinnsiglaðri 1 flösku (¾ l.) af áfengi yfir 21% og 1 flösku af víni með eða undir 21% áfengisinnihaldi. Í stað þessara tveggja flaskna má í skipum þar, sem létt áfengi er dagleg neyzluvara, og í öðrum skipum, þar sem þess er óskað, láta hvern skipverja halda eftir hjá sér óinnsigluðum 1 lítra á dag til 6 daga af áfengi með allt að 8% áfengisinnihaldi. Þá er tolleftirlitinu heimilt að láta farstjóra og bryta, þar sem þeir eru, halda eftir hjá sér óinnsigluðum helmingi stærri skammti en hér er gert ráð fyrir.

Nú eru skip, sem verða áfram í utanlandsferðum, lengur en 6 daga hér við land, og er tolleftirlitinu þá heimilt að láta undan innsigli í þeim skipum til 6 daga sama skammt og tilgreindur er í næstu málsgrein hér á undan til þeirra skipverja 21 árs eða eldri, sem þess óska.

Allt annað áfengi í farartæki en hér var greint skal setja undir innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn og má ekki, meðan farartækið er hér við land, láta undan innsigli annað eða meira af því en tilgreint var, nema sérstaklega standi á, t. d. vegna sérstakrar risnu, svo sem er þegar skip kemur nýtt frá útlöndum, eða af öðrum ástæðum, en þess skal jafnan getið í innsiglisskránni, þegar undanþágur eru veittar.

.....

Farangur farþega.

8. gr.

.....

Við afgreiðslu farartækis frá útlöndum er tolleftirlitinu heimilt að láta farþega halda eftir allt að 60 vindlingum eða tilsvarandi magni af öðru tóbaki eftir þyngdarhlutföllum þeim, sem getur í 6. gr., og einni átekinni flösku af áfengi. Það, sem umfram er, skal afhent hlutaðeigandi einkasölu, eða ef um lítilræði er að ræða og í hlut á farþegi, sem ekki er búsettur hér á landi og hann ætlar ekki að setjast hér að, má tolleftirlitið, ef ætla má, að ekki hafi verið tilætlunin að koma því í land, taka það áfengi og tóbak, sem er umfram, til geymslu fyrir hlutaðeigandi farþega, og afhenda honum það svo aftur, er hann fer úr landi.

Sérreglur gilda um áfengi, tóbak og andlits-, hár- og ilmvötn, sem ferðamenn, sem eru búsettir í öðrum heimsálfum, hafa með sér hingað, enda séu þeir hingað komnir til að ferðast um landið.

2. Bréf Haralds S. Norðdahl um 6. gr. reglugerðarinnar.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er lagt til, að leyft sé sterkt, áfengt öl, þó þannig, að skammturinn skuli vera einn lítri á dag í 6 daga. Þetta er sama sem 2 og ⅔ ölflaska á dag, eða 16 ölflöskur í 6 daga. Hvernig á að framkvæma slíkt? Allt öl, sem hingað er flutt, er í 24 eða 50 flösku kössum, því er þá verið með þessar 16 ölflöskur á mann? Annaðhvort ber að hafa þetta miðað við 24 ölflöskur, eða eins og rétt væri, að leyfa þetta alls ekki þannig til skipshafna. Ég álít þetta ölleyfi mjög óheppilegt og rangt, og fyrir síðustu heimsstyrjöld var ekki litið svo á í framkvæmd tollgæzlunnar, að öl væri leyfilegt til neyzlu innan áfengislandhelginnar. Menn eiga að geta skipt á sterku áfengi og þessu öli, því miður held ég, að þetta verði þannig í framkvæmd, að menn vilji hafa hvort tveggja, ef ölið er á annað borð gefið eftir. Ég legg til, að þessi ákvæði séu felld úr reglugerðinni, hvað viðkemur íslenzkum þegnum, þó að aftur á móti einhver tilhliðrunarsemi sé sýnd erlendum skipsmönnum, sem eiga kröfu til einhvers öls, samkvæmt kostsamningum við útgerðarfélagið.

Lagt er til í fyrstu málsgreininni, að við afgreiðslu skips sé hverjum manni frjálst að halda óinnsiglaðri 1 (einni) flösku af sterku áfengi, ég legg til, að þær séu 2 (tvær). Ég lít svo á eftir tuga ára reynslu við tollgæzlustörf, að réttara og heppilegra sé að hafa fyrsta leyfilega skammtinn þannig, að hann dragi úr tilraunum til smygls. Aftur á móti tel ég óþarfa meiri opnun fyrir áfengi til skipshafna, meðan hér er verið við land, og þar af leiðandi legg ég til, að önnur málsgreinin falli niður.

Þetta álít ég mest athugavert við meðfylgjandi reglugerð.

Reykjavík, 6. maí 1952.

Har. S. Norðdahl.

VIII. Ályktanir Stórstúkuþings 1952 og Kvenréttindafélags Íslands.

1. Ályktanir stórstúkuþings 1952.

Á stórstúkuþingi, sem háð var 20. þ. m., var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Stórstúkuþingið skorar á milliþinganefnd í áfengismálum að fá því til vegar komið:

a) að skýlaus heimild til tafarlausra framkvæmda laga um héraðabönn verði tekin upp í áfengislögin,
b) að hvergi verði slakað á þeim ákvæðum gegn misnotkun áfengis, sem nú eru í gildi.

Og enn fremur:

Þingið áréttar fyrri samþykktir sínar um, að rækilegar skýrslur verði gerðar um hvers konar tjón, er af áfengisneyzlu leiðir."

Útdráttur úr fundargerðarbók stórstúkuþings, 30. júní 1952.

Páll Jónsson.

Til milliþinganefndar í áfengismálum, Reykjavík.

STÓRSTÚKA ÍSLANDS

Reykjavík, 4. júlí 1952.

Samþykktir síðasta stórstúkuþings.

1. Þingið skorar á alla löggæzlumenn á landinu að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir áfengisneyzlu unglinga og láta alla þá, er aðstoða unglinga við útvegun áfengis, sæta ábyrgð eins og lög mæla fyrir.
2. Þingið væntir þess, að kennarar við æðri og lægri skóla á landinu láti sér annt um að fræða nemendur um þá hættu, sem er samfara áfengisnautn, og hvetja þá til mannsæmandi viðhorfs í þessum málum með fögru fordæmi.
3. Þingið leyfir sér að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún auki stórum eftirlit með því, að ekki fari fram áfengisbruggun í laumi. Fyrir því telur þingið, að nauðsyn beri til, að valdir séu hæfir menn til þessara starfa, sem þá jafnframt hefðu á hendi almenna löggæzlu og eftirlit með því, að áfengislögin séu ekki brotin að öðru leyti.
4. Þingið harmar þá smán, sem drykkjusamkomur í bæjum og sveitum baka þjóð vorri, og heitir á alla þá, sem standa að samkomum í landinu og láta sér annt um heiður þjóðarinnar, að þeir beiti sér af öllu afli fyrir því að bægja burtu drykkjuskap og allri þeirri ómenningu, sem honum fylgir, úr samkvæmis- og skemmtanalífinu.

Jóh. Ögm. Oddsson,
stórritari.

Til milliþinganefndar í áfengismálum, Reykjavík.

STÓRSTÚKA ÍSLANDS

Reykjavík, 7. júlí 1952.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á síðasta stórstúkuþingi:

Stórstúkuþingið 1952 lýsir yfir því enn sem fyrr, að algert aðflutnings-, sölu- og framleiðslubann á áfengum drykkjum sé öruggasta ráðið til útrýmingar áfengisbölinu.

Réttur útdráttur úr þingritarabók staðfestur.

Páll Jónsson.

Til milliþinganefndar í áfengismálum, Reykjavík.

STÓRSTÚKA ÍSLANDS

Reykjavík, 31. júlí 1952.

Herra Gústav A. Jónasson, skrifstofustjóri, Reykjavík.

Eftir beiðni herra Brynleifs Tobiassonar sendum vér yður eftirfarandi tillögur, sem samþykktar voru á síðasta stórstúkuþingi, og vér vorum áður búnir að afhenda til milliþinganefndar í áfengismálum:

1. Stórstúkuþingið skorar á milliþinganefnd í áfengismálum að fá því til vegar komið:
   a) að skýlaus heimild til tafarlausra framkvæmda laga um héraðabönn verði tekin upp í áfengislögin,
   b) að hvergi verði slakað á þeim ákvæðum gegn misnotkun áfengis, sem nú eru í gildi,
   c) að hvorki verði leyfð bruggun, innflutningur né sala á sterku öli.
2. Stórstúkuþingið 1952 lýsir yfir því enn sem fyrr, að algert aðflutnings-, sölu- og framleiðslubann á áfengum drykkjum sé öruggasta ráðið til útrýmingar áfengisbölinu.

3. Þingið áréttar fyrri samþykktir sínar um, að rækilegar skýrslur verði gerðar um hvers konar tjón, er af áfengisneyzlu leiðir.
4. Þingið leyfir sér að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún auki stórum eftirlit með því, að ekki fari fram áfengisbruggun í laumi. Fyrir því telur þingið, að nauðsyn beri til, að valdir séu hæfir menn til þessara starfa, sem þá jafnframt hefðu á hendi almenna löggæzlu og eftirlit með því, að áfengislögin séu ekki brotin að öðru leyti.

Réttur útdráttur staðfestur.

Jóh. Ögm. Oddsson,
stórritari.

Til milliþinganefndar í áfengismálum, Reykjavík.

2. Tillögur samþykktar á landsfundi Kvenréttindafélags Íslands 1952.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 18. ágúst 1952.

Leyfum oss hér með að senda yður tillögur samþykktar á 8. landsfundi Kvenréttindafélags Íslands í júní síðastliðnum.

F. h. stjórnar K. R. F. Í.

Virðingarfyllst.

Sigríður J. Magnússon,
formaður.

.....

3. Fundurinn beinir því til ríkisstjórnarinnar, að strangri löggæzlu verði beitt gegn allri launsölu áfengis í landinu, þar á meðal áfengissölu í bifreiðum, sem er orðið þjóðarböl, enn fremur að komið sé í veg fyrir notkun áfengis í langferðabílum.
4. Fundurinn beinir því til þeirrar milliþinganefndar, sem endurskoðar áfengislöggjöfina, að hún taki til athugunar, hvort ekki væri full ástæða til að taka upp skömmtun áfengis að nýju, í því skyni að draga úr áfengisneyzlunni.
5. Í sambandi við nýja áfengislöggjöf mótmælir fundurinn eindregið bruggun og sölu áfengs öls í landinu.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um atvinnubótasjóð ríkisins.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir Atvinnubótasjóður ríkisins. Hlutverk hans skal vera að lána fé til atvinnuframkvæmda á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, til þess að fullnægt verði atvinnuþörf íbúa þeirra. Skulu slíkar framkvæmdir miðaðar við sköpun varanlegrar atvinnu og afkomuöryggis almennings á hverjum stað. Einstaklingar, félagasamtök þeirra ásamt bæjar- og sveitarfélögum geta fengið lán úr sjóðnum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til atvinnubótasjóðs 4 millj. kr. árið 1953, en síðan 2 millj. kr. á ári hverju næstu 10 ár. Enn fremur skal ¼ hluti af mótvirðissjóði renna í atvinnubótasjóð, eftir því sem lán hans innheimtast.

3. gr.

Stjórnir Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands skulu tilnefna hvor sinn manninn í stjórn atvinnubótasjóðs. Ríkisstjórnin skipar þriðja manninn í stjórnina, og skal hann vera formaður hennar.

Stjórn sjóðsins annast móttöku lánbeiðna og veitir lán úr honum í samráði við ríkisstjórnina.

Nánari ákvæði um starfsemi og stjórn atvinnubótasjóðs skulu sett með reglugerð.

4. gr.

Atvinnubótasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum til ríkis og bæjarfélaga og lánsskjöl sjóðsins undanþegin stimpilgjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunn staðreynd, að þótt atvinnutæki okkar Íslendinga séu nú fullkomnari og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr, hefur þó orðið vart atvinnuleysis hér á landi nokkur undanfarin ár. Valda því ýmsar ástæður. Er þar fyrst að geta aflabrests hjá sumum greinum sjávarútvegsins og þá fyrst og fremst á síldarvertíð fyrir Norðurlandi. Erfitt veðurfar hefur einnig átt nokkurn þátt í atvinnuerfiðleikum til lands og sjávar.

Á ýmsum stöðum víðs vegar um land hefur atvinnuleysi beinlínis sprottið af skorti á atvinnutækjum. Einstakir kaupstaðir og kauptún hafa ekki átt nægileg framleiðslutæki til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúa sinna.

Enginn ágreiningur ríkir um það, að atvinnuleysi sé böl í hverju því þjóðfélagi, þar sem þess verður vart. Vinnuaflið er dýrmætasta eign þjóðarinnar. Á sem beztri hagnýtingu þess veltur ekki aðeins efnahagsleg afkoma og lífskjör fólksins, heldur og persónuleg hamingja einstaklinganna. Ekkert verkar eins lamandi á sálarlíf þeirra, trú þeirra á framtíðina og allt framtak eins og atvinnuleysi, sem leiðir skort og bágindi yfir heimilin. Hvorki hið íslenzka þjóðfélag, sem er í mótun og uppbyggingu, né nokkurt annað þjóðfélag, hversu fullkomið sem það kann að vera, hefur efni á slíkri sóun verðmæta. Það er þess vegna almenn skoðun, að gegn atvinnuleysi beri að vinna af fremsta megni. Höfuðtakmarkið í atvinnumálum þjóðarinnar er því næg atvinna handa hverri starfhæfri hönd.

Bæði ríkisvaldið og bæjar- og sveitarfélög hafa á undanförnum árum talið sér skylt að stuðla eftir fremsta megni að atvinnubótum, þegar atvinnu hefur skort á einstökum árstíðum. En oft hafa þessar ráðstafanir náð of skammt og ekki falið í sér neina varanlega úrbót. Þær hafa fyrst og fremst verið bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki hafa megnað að leysa atvinnuþörf hinna einstöku byggðarlaga.

Í þessu sambandi er þó þess að geta, að með kaupum hinna nýju togara til landsins og staðsetningu verulegs hluta þeirra í kaupstöðum og sjávarþorpum úti um land hafa stór spor verið stigin til aukins jafnvægis í atvinnulífi sjávarsíðunnar. Hefur ríkisvaldið lagt fram verulegt fé til þess að gera einstökum byggðarlögum, er báglega voru á vegi stödd, kleift að eignast slík framleiðslutæki. Hefur orðið að þeim mikil atvinnubót á þeim stöðum, er þeirra njóta. En marga kaupstaði og kauptún skortir enn þá atvinnutæki til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúa sinna.

Með frv. því, sem hér er flutt, er lagt til, að stofnaður verði sérstakur sjóður, atvinnubótasjóður, til þess að stuðla að atvinnuframkvæmdum á slíkum stöðum. Er gert ráð fyrr, að þær miði fyrst og fremst að varanlegri lausn atvinnuþarfa byggðarlaganna, en byggist ekki á neins konar klakahöggi eða svipuðum bráðabirgðaráðstöfunum, sem stundum hefur verið gripið til, þar sem atvinnuleysi hefur sorfið að fólkinu. Það er hugmynd flutningsmanna, að einstaklingar, félagasamtök þeirra eða bæjar- og sveitarstjórnir hefi forgöngu um slíkar framkvæmdir, en ríkið hafi ekki af þeim annan veg eða vanda en að leggja fram fé til þeirra. Hér er því ekki verið að stofna til ríkisrekstrar, heldur stuðnings við einstaklinga og félagasamtök einstakra byggðarlaga.

Lagt er til, að ríkissjóður leggi fram 4 millj. kr. til stofnunar atvinnubótasjóðs á næsta ári. Er það sama upphæð og síðasta Alþingi heimilaði ríkisstjórninni að verja á þessu ári til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum í landinu. Mun því fé þegar hafa verið ráðstafað. Þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 2 millj. kr. á ári í sjóðinn næstu 10 ár. Enn fremur skal einn fjórði hluti mótvirðissjóðs renna í atvinnubótasjóð, eftir því sem lán hans innheimtast. Mótvirðissjóður mun nú vera orðinn um 320 millj. kr. og verður að öllum líkindum nokkru hærri. Hefur Alþingi lýst yfir þeim vilja sínum með þingsályktun frá síðasta þingi, að helmingi hans skuli varið til lánastarfsemi í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún. Virðist hóflegt, að helmingur þess hluta, sem varið verður til framkvæmda við sjávarsíðuna, renni í atvinnubótasjóð.

Það er skoðun flm., að brýna nauðsyn beri til myndunar slíks sjóðs. Það er ekki nóg, að bráðabirgðaráðstafanir séu gerðar til úrbóta í atvinnumálum, þegar atvinnuleysi sverfur að. Mestu máli skiptir, að unnt sé að koma í veg fyrir, að það skapist. Misjafnt árferði, aflabrestur og veðurharka geta að vísu torveldað framleiðslustarfsemi og ýmiss konar starfrækslu um lengri eða skemmri tíma. En því betri og fjölbreyttari sem atvinnutækin eru og því skynsamlegar sem þeim er skipt milli landshluta og byggðarlaga, því meira verður mótstöðuþrek þjóðarinnar. Hlutverk atvinnubótasjóðs á að vera að stuðla að auknu jafnvægi og öryggi í atvinnumálum okkar og koma í veg fyrir það böl, sem atvinnuleysi hefur ævinlega í för með sér. Þetta er stórt hlutverk og þýðingarmikið. Þess vegna má stofnun sjóðsins ekki dragast.

Það er von flm., að um þetta mál geti tekizt gott samkomulag, þannig að það fá skjóta afgreiðslu.

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 24 1949, um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen, Jónas Rafnar.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Í kostnaði við að reisa sjúkrahús eða sjúkraskýli er innifalið andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frumvarp um þetta efni samhljóða þessu, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Það hefur verið litið svo á, að skilja bæri ákvæðin í lögum um framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga þannig, að þar komi eigi til greina annað en kostnaðurinn, sem leiðir af húsbyggingunni einni saman. Af þessu leiðir, að ríkisframlagið tekur ekki að neinu leyti til þess kostnaðar, sem leiðir af því að afla húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja í sjúkrahúsin. Í nýtízku sjúkrahúsum er andvirði þessara áhalda allverulegur hluti af stofnkostnaði sjúkrahússins.

Reynslan hefur sýnt, að þeim, sem standa að byggingu stórra og dýrra sjúkrahúsa, verður mjög fjárvant til þess að reisa rönd við kostnaðinum, eins og nú er háttað um stuðning þess opinbera við þessi fyrirtæki. Það verður því eigi hjá því komizt, ef kleift á að reynast að hrinda í framkvæmd nauðsynlegustu aðgerðum á sviði heilbrigðismála, að aukið verði framlag frá ríkinu til sjúkrahúsbygginga. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að skýrt sé kveðið á um það, að í kostnaði við að reisa almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli sé innifalið andvirði húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja. Tekur ríkisframlagið þá til alls stofnkostnaðar, og er það í fullu samræmi við yngri löggjöf um hliðstæð efni, skólabyggingar o. fl.“

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en sem ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts.

   Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.
3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði samkvæmt 3. lið, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna mikilla erfiðleika á öflun lánsfjár sé ógerlegt að afla fjár til nokkurra hafnargerða, sem óumflýjanlegt sé að ljúka sem allra fyrst, og er þar aðallega um að ræða höfnina í Ólafsfirði og á Rifi á Snæfellsnesi, auk nokkurra minni hafnargerða. Sé því mikil nauðsyn að gera þá breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, að ráðherra sé heimilt að lána úr hafnarbótasjóði fé til framkvæmda, sem þannig er ástatt með, og fella jafnframt úr gildi hömlur þær, sem eru á ráðstöfun stofnfjár sjóðsins. Jafnframt sé nauðsynlegt að fá heimild til þess að veita styrk úr hafnarbótasjóði til hafnargerða og lendingarbóta, sem orðið hafa fyrir skemmdum af óviðráðanlegum orsökum.

Með því að vér föllumst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en sem ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts.

   Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.
3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.

Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði samkvæmt 3. lið, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. **37. Frumvarp til laga** **[37. mál]**

um breyting á lögum nr. 105 24. desember 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af síld, sem lögð verður á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 105 24. desember 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss að mjög mikil verðlækkun hafi orðið á erlendum mörkuðum á afurðum, sem unnar eru úr síld, sem lögð er á land til bræðslu, og til þess að halda bræðslusíldarverðinu innanlands uppi til útvegsmanna og sjómanna, eftir því sem ferkast sé kostur, beri brýna nauðsyn til að fella niður framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af bræðslusíld, sem lögð verður á land til vinnslu á sumarsíldveiðum 1952.

Fyrir því eru hérmeð sett bráðabirgðalögð samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af síld, sem lögð verður á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmson.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. **38. Frumvarp til laga** [38. mál]

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarksárinnar vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

Gjöra kunnugt: Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna fyrirhugaðra ráðstafana í sambandi við verndun fiskimiða umhverfis Ísland beri brýna nauðsyn til að breyta refsiákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, í því skyni að tryggja samræmi í framkvæmd þessara ráðstafana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarstjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. marz 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmson.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. **39. Frumvarp til laga** [39. mál]

um breyting á lögum nr. 20 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
Í stað a—c-liða í 12. gr. laga nr. 6 1935 komi:

Fyrir einstakling	kr.	7000
— hjón	—	14000
— hvert barn	—	6000

Upphæðir þessar eru miðaðar við meðalvísitölu ársins 1952. Breytist meðalvísitalan framvegis, skulu þær breytast hlutfallslega. Persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum þessum skal framkvæmdur áður en tekjur eru umreiknaðar samkvæmt meðalvísitölu skattársins.

2. gr.

Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda við álagningu skatts á tekjur ársins 1952.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á undanförnum þingum flutt frv. og till. um hækkun persónufrádráttar við álagningu tekjuskatts, í aðalatriðum samhljóða því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ekki hefur enn fengizt nægilegur stuðningur við málið. Styðst það þó við fyllstu sanngirnisrök, þar eð persónufrádráttur er nú augljóslega allt of lágur og hefur auk þess lækkað hlutfallslega á undanförnum árum. Í Reykjavík var heimilaður persónufrádráttur á síðastliðnu ári 3654 kr. fyrir einstakling, 7308 kr. fyrir hjón og 2842 kr. fyrir hvert barn, en utan Reykjavíkur var barnafrádrátturinn 2436 kr. Upphaflegur tilgangur ákvæðanna um persónufrádrátt var sá að undanþiggja þurftartekjur skattlagningu. Liggur í augum uppi, hversu því fer fjarri, að 3654 kr. nægi til framfærslu einstaklings eða 7308 kr. til framfærslu hjóna. Í skattalögunum, sem sett voru 1935, var persónufrádráttur tiltölulega hærri en hann er nú. Á það má og minna, að hlutdeild óbeinna skatta í ríkistekjunum er nú miklu meiri en fyrir stríð. Margt styður því þá skoðun, að skattabyrðin hvíli nú hlutfallslega þyngra á láglaunamönnum og mönnum með miðlungstekjur en hún gerði áður. Úr því verður að bæta. Hækkun persónufrádráttar er mikilvægt spor í þá átt. Aðrar nauðsynlegar ráðstafanir eru lækkun óbeinna skatta á ýmsum nauðsynjum almennings og stóraukið eftirlit með skattheimtu, þar eð miklu meira kveður að því, að háum tekjum sé skotið undan skatti en lágum. Má telja líklegt, að ríkið gæti með bættu skattaeftirliti aukið tekjur sínar sem svarar mestum hluta þeirra tekna, er það missti vegna þeirrar hækkunar á persónufrádrætti, sem hér er lögð til, ef ekki sem svarar þeim öllum.

Nd. 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Flm.: Jón Gíslason, Sigurður Ágústsson, Skúli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson, Sigurður Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

2. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið fyrir eitt ár í senn og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af innfluttu magni af olíu og benzíni, og skulu innflytjendur greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins.

3. gr.

Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

4. gr.

Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir öllum gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

5. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingi 1949 fluttu þm. V-Sk. og þm. V-Húnv. frumvarp til laga um verðjöfnun á benzíni. Frumvarp það fór til háttv. allsherjarnefndar Nd., og fjallaði hún nokkuð um málið. Afgreiddi nefndin það með tillögu um rökstudda dagskrá, þar sem því er vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún hlutist til um það við olíufélögin, að útsöluverð þessarar vöru verði sem jafnast alls staðar á landinu. Dagskrártillaga þessi var samþykkt í þinginu. — Á sama þingi, 1949, flutti 8. landsk. þm., ásamt fleirum, þingsályktunartillögu um samræmingu á verðlagi á olíu og benzíni. En enginn árangur til framkvæmda í málinu fékkst af þessum tillögum.

Á þingi 1950 fluttu 4 þingmenn (LJós, FJ, SÁ og HÁ) tillögu til þingsályktunar um jöfnunarverð á olíu, þar sem lagt var til, að útsöluverð á hráolíu skyldi vera hið sama alls staðar á landinu, þar sem olíuskip geta losað á birgðageyma olíufélaga og olíusamlaga. Þessi þáltill. fór til hv. allsherjarnefndar Sþ., og mælti nefndin með samþykkt hennar, með þeim viðauka, að útsöluverð á benzíni skyldi vera jafnt um land allt, þar sem það er selt frá benzíndælum. Þessi þáltill. var samþykkt í þinginu 28. febr. 1951.

Á þinginu 1951 var svo gerð fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þessa máls, og reyndist þá svo, að ekkert hafði verið gert í málinu. Þá flutti þm. Snæf. till. til þál. um jöfnunarverð á olíu og benzíni. Tillögu þeirri var vísað til allshn. Sþ., sem mælti einróma með samþykkt hennar, og segir svo í nefndarálitinu m. a.: „Reynist torvelt að koma þessu í framkvæmd án sérstakrar lagasetningar, þá telur nefndin, að ríkisstjórnin eigi að koma málinu fram með setningu bráðabirgðalaga.“ En í sumar lét hæstv. viðskiptamálaráðherra auglýsa í útvarpi, að hann treystist ekki til að framkvæma verðjöfnunina án lagasetningar, og tók jafnframt fram, að ríkisstjórnin muni ekki setja um það bráðabirgðalög. — Þess vegna höfum við nú flm. þessa frv., tekið málið upp á sama grundvelli og gert var í upphafi, á þinginu 1949.

Þessar vörur, olía og benzín, eru rekstrarvörur atvinnuveganna, bæði sjávarútvegs og landbúnaðar, og eru stór liður í útgjöldum þeirra. Skiptir því miklu máli fyrir þá, að verði þessara vara sé sem mest stillt í hóf, og það er fullkomin réttlætiskrafa, að allir framleiðendur, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, fái þessar vörur á sama verði. Þeir framleiðendur, sem búsettir eru úti um landið, hafa við mikla erfiðleika að etja fram yfir þá, sem búa nær markaðsstaðnum, meðal annars í löngum og dýrum flutningaleiðum.

Nokkur hluti af verði benzíns er skattur til ríkissjóðs. Þeir framleiðendur, sem hafa langar landflutningaleiðir með nauðsynjar sínar og framleiðslu, verða að nota til þess margfalt meira magn af benzíni en þeir framleiðendur, sem búa nærri höfn eða markaðsstað. Greiða þeir fyrrnefndu því óbeint miklu meira fé í ríkissjóð á þennan hátt en starfsbræður þeirra, er skemmri flutningaleiðir hafa. Er því aðstöðumunur þessara framleiðenda mikill, þótt ekki bætist þar við flutningskostnaður á benzíni, er nemur allt að 20 aurum á lítra, þar sem lengst er að flytja.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um eftirlitsbát fyrir Norðurlandi.

Flm.: Magnús Jónsson, Bernharð Stefánsson, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fá hentugt skip, er annist landhelgisgæzlu fyrir Norðurlandi í vetur og aðstoði fiskiskip, ef með þarf.

Greinargerð.

Bátaútgerð hefur undanfarin ár farið vaxandi fyrir Norðurlandi, og má gera ráð fyrir enn frekari aukningu þeirrar útgerðar vegna stækkunar landhelginnar. Um leið eykst einnig þörfin á því að halda uppi sem beztri gæzlu landhelginnar, og jafnframt er þess mikil nauðsyn vegna öryggis bátanna, að skip sé staðsett nyrðra, er geti veitt þeim aðstoð, ef með þarf, meðan ekki hefur verið fengið sérstakt björgunarskip fyrir Norðurland. Er það því mikið hagsmunamál sjómanna og útvegsmanna fyrir norðan, að hægt verði að fá skip í vetur, er hafi það verkefni, er í tillögu þessari segir.

Nánari grein mun verða gerð fyrir máli þessu í framsögu.

Ed. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Heimilt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar.

3. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

4. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 6. maí 1952, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að hann telji nauðsynlegt að setja í lög skýlausa heimild fyrir verðgæzlustjóra til þess að fylgjast með verðlagi í landinu, jafnt á þeim vörum, sem ekki eru háðar verðlagsákvörðunum fjárhagsráðs og þeim, sem háðar eru verðlagsákvörðunum. Komið hefur í ljós, að einstaka aðilar, sem við verzlun fást, hafa misnotað það frelsi, sem veitt hefur verið til að ákveða álagningu á vörur. Telur viðskiptamálaráðherra nauðsynlegt, til að sporna gegn þeirri misnotkun, að lög verði sett, sem heimili að birta nöfn þeirra, sem uppvísir verða að óhóflegri álagningu á vörur, sem frjálst verðlag er á. Enn fremur er talið æskilegt, að nefnd

sú, er kosin hefur verið samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1950, fái víðtækari heimild til að fylgjast með verðlagi en í lögunum greinir.

Með skírskotun til framanritaðs föllumst vér á, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Heimilt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar.

3. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

4. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**

(L. S.)

Björn Ólafsson.

Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo: Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánum og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6 af hundraði, þó ekki yfir 7 af hundraði. Aldrei má samt taka hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 20. maí 1952, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að hann telji nauðsynlegt að breyta ákvæðum þeim, sem gilda um hámarksvexti af fasteignaveðlánum og handveðslánum samkvæmt lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Í byrjun aprílmánaðar voru innlánsvextir og almennir útlánsvextir Landsbanka Íslands og ýmissa annarra lánsstofnana hækkaðir allmikið. Hækkun innlánsvaxtanna getur valdið ýmsum lánsstofnunum erfiðleikum, nema tilsvarandi hækkun útlánsvaxta komi á móti, og er því nauðsynlegt að breyta 2. gr. fyrrnefndra laga þannig, að heimilt skuli að taka sömu ársvexti og Landsbanki Íslands reiknar af lánum, sem tryggð eru með veði í fasteign eða handveði, þó ekki yfir 7%.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo: Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánum og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6%, þó ekki yfir 7%. Aldrei má samt taka hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

Björn Ólafsson.

Nd. 44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 12 1946, og um breyt. á l. nr. 58 1949, um breyt. á þeim lögum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað „2 milljónir“ í 33. gr. raforkulaga nr. 12 1946 komi: 5 milljónir.

2. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 58 1949 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til lána samkvæmt 3. og 4. tölulið skal verja eigi minna en þriðjungi þess fjár, sem lánað er úr sjóðnum.

3. gr.

Nú berast eitthvert ár ekki umsóknir um lán, er nema þeirri heildarfjárhæð, sem lána skal til einkarafstöðva samkvæmt 2. gr., og er þá heimilt að lána afganginn til annarra framkvæmda, sem raforkusjóður veitir lán til, enda verði þá tilsvarandi viðbótarupphæð lánuð til einkarafstöðva á næstu þrem árum.

4. gr.

Í stað „þurfa“ í 3. gr. laga nr. 58 1949 komi: skulu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er um sama efni og frv., sem þrír af flm. fluttu á síðasta þingi, þó með þeirri viðbót, að nú er lagt til, að árlegt framlag ríkisins til raforkusjóðs verði hækkað úr 2 milljónum í 5 milljónir. Greinargerð sú, sem fylgdi frv. í fyrra, fer hér á eftir með nokkrum breytingum:

Samkvæmt erindi, sem raforkumálastjóri flutti á búnaðarþingi 1951, hafði á öndverðu því ári rúmlega fimmta hvert sveitabýli rafmagn til heimilisnota, og eru vindrafstöðvar þá ekki meðtaldar. Í fyrrnefndu erindi gerði raforkumálastjóri ráð fyrir, að liðlega helmingur (2300) hinna rafmagnslausu býla fengi á sínum tíma orkuna úr samveitum frá orkuverum. Eftir eru þá 2100 býli, sem ekki munu fá rafmagn frá samveitum samkvæmt áætlun raforkumálastjóra, og það þegar af þeirri ástæðu, að talið er ódýrara að sjá þeim fyrir rafmagni á annan hátt. Er gengið út frá, að meðalvegalengd milli bæja megi ekki vera mikið fram yfir einn kílómetra til þess, að fjárhagslegur grundvöllur samveitu sé fyrir hendi.

Ef þau 2100 býli, einhver eða öll, sem hér er um að ræða, eiga að fá rafmagn, verða þau að koma sér upp litlum rafstöðvum, eitt og eitt eða tvö eða fleiri saman, þar sem slíks er kostur. Koma þar til greina bæði vatnsrafstöðvar og mótorstöðvar, auk vindrafstöðvanna, en ekki er útilokað, að hinar síðastnefndu geti, er tímar líða, að einhverju leyti orðið frambúðarúrræði, sbr. ummæli raforkumálastjóra um það efni. En eins og sakir standa gerir raforkumálastjóri ráð fyrir vatnsaflsstöðvum á 600 býlum og mótorstöðvum á 1500 býlum auk þeirra, sem fyrir eru. Er auðsætt, að ekki má hjá líða að hugsa fyrir þörfum þessara 2100 býla alveg jafnhliða því sem unnið er að samveitum fyrir þá, er þeirra geta notið. En segja má, að fyrirgreiðsla vegna einkarafstöðvanna hafi mjög orðið útundan í seinni tíð, enda hugir manna einkum bundnir við samveiturnar. Hafa menn jafnvel gert ráð fyrir, að öll býli á landinu gætu notið rafmagns frá samveitum áður en langt liði.

Samkvæmt upplýsingum, sem flm. þessa frv. hafa aflað sér, höfðu hinn 30. sept. 1951 verið veitt lán úr raforkusjóði samtals um 11½ millj. kr. samkv. 35. gr. raforkulaganna. Af þessari upphæð voru nál. 95% lán til hinna stærri orkuvera og samveitna, en aðeins 5% til einkarafstöðva, en slík lán voru þá 46 talsins síðan sjóðurinn tók til starfa, þar af 24 til vatnsorkustöðva og 22 til mótorstöðva.

Með frv. þessu er lagt til, að hlutur einkastöðvanna í fjármagni sjóðsins sé ákveðinn með lögum og verði eftirleiðis ⅓ af því, sem lánað er úr sjóðnum. Ef framlag ríkisins til sjóðsins yrði áfram 2 millj. kr. á ári eins og nú, fengju einkarafstöðvarnar 600—700 þús. kr. á ári, en væri það hækkað í 5 milljónir, eins og lagt er til í 1. gr. þessa frv., fengju þær 1600—1700 þús. kr.

Samkvæmt áætlunum raforkumálastjóra í fyrrnefndri greinargerð og gildandi lagaákvæðum um hámark lána úr raforkusjóði má gera ráð fyrir, að meðalvatnsaflsstöð, eða hluti býlis í sameignarstöð, geti, ef fé er fyrir hendi, fengið allt að 40 þús. kr. og mótorstöð allt að 18 þús. kr. Af þriðjungi núverandi framlags til raforkusjóðs væri þá hægt að veita árlega hámarkslán til 16—17 vatnsaflsstöðva eða rúmlega helmingi fleiri mótorstöðva, — og verði framlagið hækkað í 5 milljónir, er að sjálfsögðu hægt að fjölga lánum að sama skapi. En þess ber að gæta, að kostnaðaráætlun raforkumálastjóra er miðuð við verðlag á þeim tíma, er fyrrnefnt erindi var flutt á búnaðarþingi.

Nd. 45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. Orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn“ í niðurlagi 1. málsgr. falli burt.
b. 2. málsgr. falli burt.

2. gr.

Síðasti málsl. 5. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frv. er lagt til, að numinn verði úr lögum einkaréttur ferðaskrifstofu ríkisins til þess að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Frv. um þetta efni var borið fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um takmarkanir varðandi samskipti varnarliðsmanna og Íslendinga.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma því til leiðar, að dvöl hermanna varnarliðsins hér á landi verði framvegis takmörkuð við þá staði, sem liðið hefur til afnota, enda verði hindruð ónauðsynleg ferðalög hermannanna utan þessara staða. Jafnframt verði komið í veg fyrir óþarfar ferðir Íslendinga til bækistöðva varnarliðsins.

Greinargerð.

Lengst af síðan varnarliðið kom hingað til lands hafa hermenn þess gert talsvert að því að fara út fyrir bækistöðvar sínar og þá einkum til Reykjavíkur sér til skemmtunar og hafa þessar skemmtiferðir farið í vöxt, eftir því sem lengra hefur liðið. Hafa hermenn dvalið í Reykjavík fram á nætur, heilar nætur og lengri tíma samfleytt. Einnig hafa verið mikil brögð að því, að Íslendingar hafi sótt þá staði, er herliðið hefur afnot af. Í sambandi við veru herliðsins í Reykjavík og samvistir hermanna við margt íslenzkt fólk, einkum ungar stúlkur, skapast hér vandamál, bæði þjóðernisleg og siðferðisleg, sem Alþingi og ríkisstjórn geta ekki leitt hjá sér.

Virðist svo sem afskipti ríkisstjórnarinnar af þessu hljóti að ganga í þá átt að koma því til leiðar, að dvöl hermanna varnarliðsins sé takmörkuð við þá staði, sem varnarliðinu hafa verið veitt afnot af fyrir bækistöðvar sínar, og að hindraðar verði óþarfar ferðir Íslendinga til þessara staða.

Í þeim takmörkunum, sem hér er farið fram á, felst að sjálfsögðu engin óvinsemd í garð varnarliðsins eða andúð á því starfi, sem því hefur verið falið að vinna samkvæmt samningi, sem gerður hefur verið af Íslands hálfu til tryggingar öryggi landsins. En óhjákvæmilegt er, að báðir samningsaðilar geri sér ljóst, að m. a. með tilliti til fámennis þjóðarinnar eru þær takmarkanir, sem hér er farið fram á, eitt af meginskilyrðum þess, að varnarráðstafanir þær, sem til var stofnað með samningnum, séu framkvæmanlegar frá íslenzku sjónarmiði.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um að láta atvinnubílstjóra sitja fyrir innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess, að atvinnubílstjórar verði látnir sitja fyrir innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum, þegar slík leyfi verða veitt.

Greinargerð.

Rekstur lítilla fólksbifreiða er sérstök atvinnugrein, sem margir menn stunda. Þessum rekstri er þannig hagað víðast hvar, að þeir, sem þessa atvinnu stunda, eiga bifreiðarnar og aka þeim sjálfir. Á undanförnum árum hefur verið nær því ómögulegt fyrir þessa menn að fá innflutningsleyfi fyrir bifreiðum. Hins vegar hafa einstaklingar, sem hafa haft ráð á að eignast bifreiðar, oft fengið slík leyfi. Sú hefur orðið raunin á, að atvinnubílstjórar hafa ekki átt annars kost, er þeir hafa þurft að endurnýja atvinnutæki sín, en að kaupa bifreiðar uppsprengdu verði af þeim, sem hafa fengið að flytja þær inn. Hlýtur það að vera öllum ljóst, hvílíkt óréttlæti

hér er um að ræða í garð heillar stéttar og jafnframt að þetta hlýtur að valda því, að greiðsla fyrir akstur leigubifreiða verður hærri en annars þyrfti að vera, þar sem atvinnureksturinn þarf að standa undir hinu háa verði bifreiðarinnar.

Í tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að atvinnubílstjórar verði látnir sitja fyrir innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum, þegar slík leyfi verða veitt, og er það sanngirnis- og réttlætismál.

Ed. 48. Frumvarp til laga [48. mál]

um Atvinnustofnun ríkisins.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

Komið skal á fót Atvinnustofnun ríkisins, er hafi þessi verkefni með höndum:

1. Skráningu allra vinnufærra manna og samningu launaskýrslna.
2. Atvinnuleysisskráningu.
3. Vinnumiðlun.
4. Leiðbeiningar um stöðuval.
5. Vinnuþjálfun.
6. Öryrkjavinnu.
7. Unglingavinnu.
8. Úthlutun atvinnubótafjár.

2. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal halda nákvæma spjaldskrá yfir alla landsmenn á vinnualdri (16—66 ára), og séu þeir, sem taldir eru öryrkjar, hafðir sér í flokki. Á spjald hvers einstaklings skal skrá upplýsingar um atvinnu hans og allar breytingar, sem verða á henni, og um laun hans eða tekjur.

Atvinnustofnunin skal gera yfirlit yfir launakjör í öllum atvinnugreinum og um heildartekjur allra launþega á landinu. Skýrslur þessar skal gera og birta í samráði við Hagstofu Íslands, og má fela henni að vinna þær að nokkru eða öllu leyti.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli, skulu senda atvinnustofnuninni upplýsingar um kaupgreiðslur sínar. Lætur atvinnustofnunin gera eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár, og skulu þær vera þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Skattayfirvöldum skal skylt að gefa atvinnustofnuninni eða hagstofunni allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru og þau geta í té látið til að vinna þetta verk. Með allar upplýsingar varðandi einstaklinga eða einstök fyrirtæki skal farið sem algert trúnaðarmál.

3. gr.

Atvinnustofnunin skal fylgjast með vinnumarkaðinum og gera yfirlit um alla þá verkfæra menn og konur, sem atvinnulausir eru, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Auk þess skal hún auglýsa sérstaka atvinnuleysisskráningu um land allt ársfjórðungslega. Skulu þeir, sem láta skrá sig atvinnulausa, að öðru jöfnu ganga fyrir um þá vinnu, sem atvinnustofnunin vísar á eða úthlutar.

Atvinnuleysisskýrslur skulu birtar ársfjórðungslega.

4. gr.

Atvinnustofnunin skal starfrækja vinnumiðlun í Reykjavík og hafa vinnumiðlunarskrifstofur utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf krefur. Skal hún skipta

landinu í umdæmi með tilliti til atvinnuhátta, og sé miðstöð í hverju umdæmi, þar sem hægt sé að fá upplýsingar um atvinnu og annað, sem snertir starfsemi atvinnustofnunarinnar. Atvinnustofnunin getur falið bæjarfélögum eða öðrum aðilum að starfrækja vinnumiðlun fyrir sína hönd, þar sem ekki þykir fært að hafa sérstaka skrifstofu.

Atvinnustofnunin skal:

a. skrá nákvæmlega allar umsóknir um atvinnu og framboð á atvinnu,
b. auglýsa slíkar umsóknir og slíkt framboð reglulega,
c. láta í té endurgjaldslausa milligöngu þeim, sem eru í atvinnuleit, og þeim, sem vantar vinnuafl,
d. fylgjast sem bezt með öllum þeim breytingum í atvinnulífinu, sem geta haft í för með sér breytingar á eftirspurn eftir vinnuafli, og þeim breytingum á fólksfjölda, sem geta haft í för með sér breytingar á framboði vinnuafls.

5. gr.

Atvinnustofnunin skal gefa þeim unglingum og öðrum, sem þess æskja, ókeypis upplýsingar og leiðbeiningar, sem að gagni mega koma til þess að hjálpa þeim til að velja sér störf, er í senn séu lífvænleg og í sem beztu samræmi við hæfileika þeirra.

Atvinnustofnunin skal sérstaklega afla sér upplýsinga um þörfina fyrir iðnlærða eða sérmenntaða menn í hverri starfsgrein og fylgjast með því, hversu margir menn eru fullnuma eða eru við nám í hverri grein, og láta þeim, sem óska, í té upplýsingar um þessi atriði, svo og um launakjör og vinnuskilyrði.

Atvinnustofnunin skal gefa þeim, sem þess óska, tækifæri til að reyna hæfni sína á þeim sviðum, þar sem hægt er að koma við áreiðanlegum prófum að dómi sérfræðinga. Er heimilt að ákveða hæfilegt gjald fyrir þau.

6. gr.

Þegar svo stendur á, að atvinnustofnunin getur ekki vísað þeim, sem óska eftir vinnu, á störf við þeirra hæfi, en þeir gætu hins vegar með tiltölulega stuttri þjálfun eða námi orðið færir um að taka að sér aðra vinnu en þá, sem þeir hafa stundað, getur atvinnustofnunin tekið að sér að sjá um, að þeir fái slíka þjálfun, annaðhvort með því að halda sjálf námskeið eða semja við aðra aðila um að taka að sér þjálfun atvinnulausra manna.

7. gr.

Atvinnustofnunin skal skrásetja alla öryrkja á aldrinum 16—66 ára og leitast við að útvega þeim vinnu við þeirra hæfi.

Í lögum þessum merkir „öryrki“ hvern þann, sem vegna afleiðinga slysa, sjúkdóms eða meðfæddrar fötlunar á mjög erfitt með að fá eða stunda vinnu, sem ella mundi hæfa honum með tilliti til aldurs hans, reynslu, verkkunnáttu eða sérþekkingar.

Á öryrkjaskrá skal einnig taka gamalt fólk, sem ekki er öryrkjar í skilningi laganna, karlmenn 65—66 ára og konur 60—66 ára, sem eru atvinnulaus og óska eftir upptöku. Gilda þá um þau öll ákvæði um öryrkjuvinnuna, eftir því sem við getur átt.

Atvinnustofnunin skal gera skrá yfir þær starfsgreinar, er einkum teljast við hæfi öryrkja. Atvinnustofnunin getur ákveðið, að í starfsgreinum, sem sérstaklega henta öryrkjum, skuli þeir ganga fyrir um störf eða stöður, sem losna. Einnig skal atvinnustofunin leita samninga við félagsskap atvinnurekenda um, að þeir láti öryrkja sitja fyrir störfum, sem sérstaklega eru talin við þeirra hæfi.

Nú tekst atvinnustofnuninni ekki að miðla skrásettum öryrkjum vinnu við þeirra hæfi með fyrrgreindum ráðstöfunum, og getur hún þá haldið námskeið til að þjálfa þá til sérstakra starfa eða samið um það við aðra aðila, að þeir annist það. Getur þar bæði verið um að ræða líkamlega þjálfun og verklega eða bóklega kennslu.

Atvinnustofnuninni er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að sjá þeim fyrir atvinnu, sem eru öryrkjar á svo háu stigi eða þess konar öryrkjar, að litlar líkur eru taldar til, að þeir geti fengið atvinnu við sitt hæfi á annan hátt.

Í þessu skyni er atvinnustofnuninni heimilt að setja upp verkstæði eða fyrirtæki, þar sem slíkir öryrkjar vinni við störf, er þeim henti. Heimilt er atvinnustofnuninni, að fengnu samþykki ráðherra, að gangast fyrir stofnun félags eða semja við félagssamtök um rekstur vinnuhæla eða sérstakra fyrirtækja fyrir öryrkja.

Ráðherra er heimilt að veita vinnustofnuninni einkarétt á að framleiða ákveðnar vörutegundir í slíkum atvinnustofnunum. Er og heimilt að veita félögum þeim, sem að framan greinir, slíkan einkarétt. Skal það skilyrði sett fyrir slíkri viðurkenningu, að engum arði sé úthlutað til félagsmanna og öllum ágóða, sem verða kann á starfseminni, varið til hagsbóta fyrir öryrkja, enda starfi félög þessi að öðru leyti eftir reglum, sem atvinnustofnunin og hlutaðeigandi ráðherra hefur fallizt á.

8. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal leitast við að veita unglingum 16—20 ára, sem ekki hafa atvinnu, kost á viðfangsefnum með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar tala þeirra unglinga á þessum aldri, sem atvinnustofnunin getur ekki vísað á atvinnu, er óveruleg að dómi stofnunarinnar, skal hún greiða fyrir því, að þeir geti stundað nám við sitt hæfi.

Þegar um verulegt atvinnuleysi unglinga á aldrinum 16—20 ára er að ræða, skal atvinnustofnunin skipuleggja sérstakar vinnustöðvar eða vinnuskóla fyrir þá eða stofna til sérstakra opinberra framkvæmda, sem ella mundi ekki verða varið fé til í nánustu framtíð.

Vinnutími við slíka vinnu skal ekki fara fram úr 6 stundum á sólarhring, en ef hægt er að koma því við án of mikils kostnaðar, skal henni vera samfara nám, bóklegt eða verklegt, og kennsla í íþróttum.

9. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal gera tillögur til ráðherra um úthlutun alls þess fjár, sem veitt er sérstaklega í fjárlögum hvers árs til atvinnubótavinnu og til framleiðslu- eða atvinnuaukningar. Fé þessu má verja til beinna ríkisframkvæmda, til styrktar sveitarfélögum gegn framlagi frá þeim og til einkafyrirtækja eða samvinnufyrirtækja gegn skilyrðum, sem tryggja, að tilgangur fjárveitingavaldsins náist. Ef Alþingi samþykkir lánveitingar í sama skyni, skal atvinnustofnunin einnig gera tillögur um, hvernig því fé skuli varið.

Atvinnustofnunin skal jafnan hafa til taks bráðabirgðaáætlanir um atvinnubótavinnu, sem geti komið til framkvæmda án tafar, ef atvinnuleysi verður. Skal við slíkar framkvæmdir reynt að samræma það tvennt, eftir því sem hægt er, að veita sem flestum vinnu og framkvæma nytsöm verk.

10. gr.

Stjórn atvinnustofnunarinnar annast forstjóri, er skipaður er af ráðherra.

Enn fremur skal ráðherra skipa 7 manna atvinnuráð. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, en þrír án tilnefningar, og skal einn þeirra læknisfróður, einn hagfræðingur o. a. m. k. ein kona.

Atvinnuráðið sé til ráðuneytis um málefni stofnunarinnar og skal fylgjast með allri starfsemi hennar.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun, og lög nr. 57 7. maí 1928, um atvinnuleysisskýrslur.

12. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1953.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur legið fyrir tveimur síðustu þingum, en ekki fengið afgreiðslu. Flm. líta svo á, að ástandið í atvinnumálum og fjárhagsmálum sé nú svo iskyggilegt, að óhjákvæmilegt sé að gera þegar ráðstafanir til þess, að starfsorka allra verkfærra manna nýtist sem bezt, þeim til sjálfsbjargar og þjóðfélaginu til gagnsemdar. Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. á síðasta þingi, þskj. 117.

Nd. 49. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Við 1. gr. Í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss eftirfarandi:

Í lögum nr. 37/1944 eru forseta Íslands ákveðin 50 þúsund króna grunnlaun á ári, auk verðlagsuppbótar. Þá giltu þau ákvæð, að verðlagsuppbót var einungis greidd á nokkurn hluta af launum embættismanna. Síðar var lögtekið að greiða fulla verðlagsuppbót á öll embættislaun. Forseti hélt eigi að síður áfram að taka verðlagsuppbót á einungis tæplega fimmtung grunnlauna sinna (9870.00 krónur), þangað til 1. júlí s. l., að verðbreytingar voru orðnar slíkar, að laun hans voru ekki lengur í neinu samræmi við það, sem ákveðið hafði verið í öndverðu. Frá 1. júlí 1951 fékk forsetinn fulla verðlagsuppbót greidda á grunnlaun sín öll, svo sem lög höfðu staðið til um langt skeið. Urðu launin þá alls um 17 þúsund krónur á mánuði í stað 6 þúsund áður.

Jafnframt hafði forseti við orð að beiðast endurskoðunar laganna um laun sín fyrir haustþingið 1952. — Í stjórnarskránni, 9. gr., er svo mælt, að greiðslum til forseta megi ekki breyta til lækkunar á kjörtimabilinu. Þar sem forsetakjör fer væntanlega fram áður en Alþingi kemur saman af nýju ber brýna nauðsyn til að ákveða launin með bráðabirgðalögum. Hefur orðið að ráði, að launin verði 85 000.00 krónur á ári, auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yrðu þau þá með núverandi verðlagsvísitölu samtals kr. 120 380.00 á ári.

Með skírskotun til framanritaðs föllumst vér á, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands:

1. gr.

Við 1. gr. Í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. marz 1952.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**

Steingrímur Steinþórsson.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um stöðvun útvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Jónas Árnason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stöðva rekstur bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Greinargerð.

Fyrir nokkru gerðust þau tíðindi í siðferðismálum á Íslandi, að sett var blátt bann við orðinu dans í tilkynningum íslenzka útvarpsins. Vöktu tíðindi þessi að vonum mikla athygli, enda orsakaði bannið harðar deilur milli tveggja opinberra stofnana, og kepptust þær um að senda frá sér fræðilegar yfirlýsingar í málinu. Lýsti útvarpsráð yfir þeirri skoðun sinni, að hvergi annars staðar en hjá sér væri valdið til að banna dans eða yfirleitt nokkurt sérstakt orð í útvarpinu, en á hinn bóginn var því haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ráðið hefði brugðizt skyldu sinni með því að vera ekki fyrir löngu búið að banna þetta orð og þess vegna væri sjálfsagt og rétt af ráðherra að skerast í leikinn. Vitnuðu aðilar óspart í gildandi reglur og ákvæði máli sínu til stuðnings, og mátti öllum vera ljóst, að háðum gekk öðru fremur til virðingin fyrir landslögum, eins og vera ber. Skal ósagt látið, hvor hafði meira til síns máls, en hitt er víst, að nú heyrist ekki lengur minnst á dans í tilkynningum íslenzka útvarpsins, og þar með hefur þjóðinni eflaust verið mjakað drjúgan spöl nær því marki að verða siðferðislega hólpin.

Þó er hér því miður sá galli á, að eins og stendur virðist vafasamt, að siðferði þjóðarinnar frelsist í einum saman tilkynningum íslenzka útvarpsins. Auk hins íslenzka er nefnilega starfrækt í landinu útvarp erlendra manna, og þessir erlendu

menn eru síður en svo pössunarsamir á að bægja orðinu dans né öðrum þvílíkum gleðskap frá hljóðnema sínum, þvert á móti virðist þetta vera þeim hugstæðara umtalsefni en flest annað, enda mun háttvirt ríkisstjórn ekki hafa talið það samrýmast æðri kurteisi að trufla þá með kvabbi um hlýðni við gildandi reglur og virðingu fyrir landslögum. — Nú lítur hins vegar út fyrir, að ríkisstjórnin sé komin í sókn á sviði siðferðislegra útvarpsmála, og því er hér aftur flutt ofanskráð tillaga (sem flutt var á seinasta þingi, en fékkst ekki rædd), í trausti þess, að sóknin haldi áfram.

Bandaríkjamenn hófu starfrækslu útvarpsstöðvar sinnar á Keflavíkurflugvelli fyrir tæpu ári, og nú er svo komið, að meginþorri ungs fólks hér í Reykjavík og nágrenni hlustar að staðaldri á dagskrá þessarar stöðvar, en sinnir lítt sem ekki dagskrá hinnar íslenzku. Þarf ekki langa rannsókn til að uppgötva þennan ömurlega sannleik. Þar sem skólafólk situr saman í frístundum sínum, er hermannaútvarpið meðal hinna vinsælli umtalsefna. Komi maður í verksmiðju eða á annan fjölmennan vinnustað, eru allar líkur til, að á móti manni hljómi tónar þess. Á sjoppum og öðrum skyldum veitingastöðum glymur það frá morgni til kvölds. — Sá helmingur íslenzks æskufólks, sem dvelst hér í Reykjavík og nágrenni, er undir stöðugum áhrifum frá dagskrá bandarísku útvarpsstöðvarinnar, en fussar gjarnan við og grettir sig, þegar fyrir kemur, að viðtæki er stillt á „Útvarp Reykjavík" í áheyrn þess.

Hugsandi menn munu gera sér grein fyrir því, hver alvara er á ferðum, þegar útlendingar hafa náð slíkum tökum á andlegu viðhorfi æskunnar. Afleiðingar þessa fyrir íslenzkt þjóðerni mundu vera ærið háskalegar, jafnvel þó að til sæmilegrar menningar mætti teljast, en eins og málinu raunverulega háttar, er ekki ofsagt, að hér sé um að ræða hinn ægilegasta voða. Það næsta, sem hermannaútvarpið kemst góðri menningu, er ein eða tvær sinfóníur á sunnudögum; þess á milli er dagskrá þess fyllt með alls konar léttvægum skrýtluskap, en þó fyrst og fremst fáránlegum leikþáttum, þar sem rás viðburðanna lýsir sér einkum í dynkjum þeim og hvellum, sem verða, þegar fólk er slegið hnefahögg í andlit eða skotið til bana. Er ekki einu sinni svo vel, að hlustendur geti af þessu numið sér til gagns hina göfugu ensku tungu, því orðsins list rís þarna yfirleitt ekki upp fyrir slanguryrði götunnar og andlausasta þvaður.

En á meðan æskulýður okkar elst upp í þessu andrúmslofti, starfar íslenzka útvarpið af hátíðleik og festu með fornsagnalestur og erindi gáfaðra manna sem tákn þess, að við erum sérstök menningarþjóð. Og stjórnarvöldin eru vel á verði; orðið dans hefur til dæmis verið útlægt gert úr tilkynningum þessarar ágætu stofnunar — í samræmi við gildandi lög og reglur.

Séu nú hins vegar reglur þessar og lög athuguð nokkru nánar, verður ljóst, að þau geyma ýmis fleiri merkileg ákvæði, og stendur þar m. a. þetta: „Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi." Það kemur sem sé upp úr dúrnum, að ríkisstjórnin fullnægir ekki fyrirmælum viðkomandi laga með því bara að banna orðið dans í tilkynningum íslenzka útvarpsins, heldur skal hún einnig gæta þess, að engum öðrum en henni sjálfri haldist uppi að reka hér útvarp. Henni ber m. ö. o. lögum samkvæmt að stöðva rekstur bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Og ef ske kynni, að enn þætti ekki nóg upp talið um nauðsyn slíkrar aðgerðar, skal þess getið til viðbótar, að í útvarpi sínu eru bandarísku hermennirnir alltaf að tilkynna dans og annan slíkan gleðskap; þetta er bókstaflega það eina, sem þeir tilkynna; og láta þeir jafnan glöggt á sér skiljast, að íslenzkar stúlkur séu sérstaklega velkomnar á dansleiki þeirra. Gætu jafnvel vaknað grunsemdir um, að sá, sem bannar orðið dans í útvarpi Íslendinga, en lætur það afskiptalaust í útvarpi bandarískra hermanna, reyni að efla hina síðarnefndu til sigurs í baráttunni við þá fyrrnefndu um hylli íslenzkrar kvenþjóðar. Slíkar grunsemdir eru þó að sjálfsögðu tilhæfulausar og sem betur fer hægur vandi fyrir ríkisstjórnina að hrinda þeim af sér með skjótri framkvæmd þess máls, sem í ofanskráðri tillögu felst.

Síðan tillaga þessi var flutt í fyrra, hafa ýmsir aðilar tekið málið til meðferðar,

þ. á m. ungir framsóknarmenn. Á 5. sambandsþingi sínu, 14.—17. júní s. l., samþykktu þeir ályktun, þar sem svo segir meðal annars: „Þingið telur, að á skorti, að stjórnarvöld landsins hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til verndar íslenzku þjóðerni eða að þau hafi staðið sem skyldi á verði um sóma þjóðarinnar gagnvart hinu erlenda herliði, sem nú dvelst í landinu. Þessu til áréttingar vekur þingið athygli á því, að stjórnarvöldin leyfa starfrækslu erlendrar útvarpsstöðvar í landinu án lagaheimildar.“

Ungir framsóknarmenn eiga marga góða fulltrúa á Alþingi, og sú staðreynd eflir ásamt öðru vonina um, að mál þetta hljóti nú skjóta og farsæla afgreiðslu. — En það er þó ef til vill þyngst á metunum, að mjög ákjósanlegur tími virðist vera til að flytja tillöguna einmitt núna, þegar nýfenginn sigur ríkisstjórnarinnar yfir siðleysi og lögleysi orðsins dans í tilkynningum íslenzka ríkisútvarpsins hlýtur að hafa orðið henni hvöt til að halda áfram þessari baráttu og snúa sér næst að siðleysi og lögleysi bandaríska útvarpsins á Keflavíkurflugvelli.

Nd. 51. Frumvarp til laga [51. mál]

um jöfnun raforkuverðs.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Raforkuverðjöfnunarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr. laga þessara og að lækka með niðurgreiðslum útsöluverð raforku, sem unnin er og seld til almenningsnota eingöngu eða aðallega í olíuorkuverum (dieselstöðvum).

2. gr.

Leggja skal verðjöfnunargjald á unna raforku í vatnsorkuverum eða vinnslugetu slíkra orkuvera fyrir eitt ár í senn, og skal upphæð verðjöfnunargjaldsins við það miðuð, að heildarupphæð þess nægi til að lækka útsöluverð raforku frá olíuorkuverum, svo að það verði ekki meira en 10% hærra en meðalútsöluverð raforku frá vatnsorkuverum er á sama tíma, enda verði það aldrei lægra vegna niðurgreiðslu en meðalverð vatnsorkustöðvanna.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með raforkumál, setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar m. a. kveðið á um stjórn Raforkuverðjöfnunarsjóðs, hverjir og hvernig ákveða skuli verðjöfnunargjald og um greiðslur úr sjóðnum til olíuorkustöðva til lækkunar á útsöluverði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið uppi ráðagerðir um að sjá öllum landsmönnum, að minnsta kosti þar sem þéttbýlast er, fyrir raforku frá stórum vatnsorkuverum. Hefur verið áætluð bygging margra orkuvera í þessu skyni, og um nokkur þeirra hafa verið sett lög á Alþingi. Mannvirki þessi og háspennulínur í sambandi við þau reynast hins vegar svo dýr, að fyrirsjáanlegt er, að það muni taka mjög langan tíma að koma þeim upp.

Til bráðabirgða hafa mörg sjávarþorp hér á landi, t. d. á Vestfjörðum, komið sér upp olíuorkuverum (dieselstöðvum), sem selja orku til almenningsnota og þó

aðallega til ljósa og suðu á heimilum. Raforka, sem unnin er á þennan hátt, verður miklu dýrari en sú orka, sem unnin er í vatnsorkuverum, og má telja óviðunandi og raunar ókleyft að búa við slíkt til langframa. Til að ráða bót á þessu er um tvær leiðir að velja. Fyrri leiðin er að koma upp vatnsorkuverum þeim og háspennulínum, sem rætt hefur verið um hér að framan. En auk þess sem slíkt hlýtur að taka langan tíma, mun fjárhagsgrundvöllur slíkra stórframkvæmda í ýmsum tilfellum reynast mjög vafasamur, og er þá mikið í húfi, þegar miklu fjármagni hefur verið til þeirra varið. Hin leiðin, sú sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er að gera ráðstafanir til þess, að dieselstöðvarnar geti selt orkuna lægra verði en nú tíðkast. Virðist eðlilegt að gera það á þann hátt að leggja nokkurt verðjöfnunargjald á hin stærri vatnsorkuver, sem selja ódýra orku, og verja því fé, sem þannig innheimtist, til að greiða niður orkuverð dieselstöðvanna. Mætti þá fremur einhver dráttur verða á byggingu sumra þeirra vatnsorkuvera, sem áformuð eru, og spara þannig fjárframlög fyrir þjóðarheildina.

Ekki þykir ástæða til að taka í lög nákvæm ákvæði um framkvæmd slíkrar verðjöfnunar, t. d. upphæð verðjöfnunargjalds. Þykir réttara, að slík ákvæði séu í reglugerð, sem ráðherra setur að undangenginni rannsókn. Þykir nægja að kveða á um stofnun og tilgang verðjöfnunarsjóðs og að á skuli lagt verðjöfnunargjald, sem nægi til tiltekinnar niðurgreiðslu. Er þá gert ráð fyrir, að niðurgreiðslan verði að minnsta kosti það mikil, að orkuverð dieselstöðvanna verði ekki meira en 10% hærra, en hins vegar ekki svo mikil, að þær geti selt raforku lægra verði en vatnsorkuverin. Ekki er ætlazt til, að dieselstöð (eða önnur olíuorkuver) fái niðurgreiðslu, ef hún er rekin í sambandi við vatnsorkustöð, sem dreifir meira orkumagni en dieselstöðin.

Til skýringar skal þess getið, að orkuvinnsla vatnsorkuvera mun á s. l. ári hafa verið samtals um 170 milljónir kílówattstunda, en orkuvinnsla dieselstöðva þeirra, er verðjöfnunar mundu njóta samkvæmt frumvarpinu, samtals 8—9 millj. kílówattstunda. En þegar lokið er hinni nýju virkjun Sogs og Laxár, mun orkuvinnsla vatnsorkuvera vaxa mjög, sennilega a. m. k. tvöfaldast innan skamms, og verður þá verðjöfnun auðveldari að sama skapi.

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hitaveitu á Sauðárkróki.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs til viðbótar fyrri ábyrgð allt að 0.8 millj. kr. til hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, enda setji bæjarstjórn kaupstaðarins þær tryggingar fyrir láninu, er ríkisstjórnin tekur gildar. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar vegna hitaveitunnar má þó ekki nema alls meiru en 3.6 millj. kr. og ekki yfir 80% af heildarkostnaðinum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar. Til frekari skýringar fylgir hér með umsögn Gunnars Böðvarssonar verkfræðings.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Bæjarstjórinn á Sauðárkróki, hr. Björgvin Bjarnason, hefur farið þess á leit við jarðborunardeildina, að hún geri athugun á því, hve mikill heildarbyggingar-

kostnaður hitaveitunnar, sem nú er verið að gera á Sauðárkróki, geti væntanlega orðið. Er beiðni þessi fram komin vegna þess, að bæjarstjórn Sauðárkróks telur, að kostnaður við veituna muni verða nokkru hærri en gert hefur verið ráð fyrir, eða um 4.5 millj. kr., og mun hún því fara fram á það, að ríkisábyrgð fyrir lánum til hitaveitunnar verði hækkuð. Er álits deildarinnar óskað til þess að staðfesta réttmæti þessarar beiðni.

Á Alþingi þann 31. janúar 1951 var samþykkt tillaga til þingsályktunar (133. mál, A. 310), að ríkisstjórninni væri heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2.8 millj. kr. af heildarstofnkostnaði hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, þó eigi yfir 80% af kostnaðinum. Var tillaga þessi borin upp með hliðsjón af kostnaðaráætlun um hitaveituna, er undirritaður lauk við í aprílmánuði 1950.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá því, að áætlunin var gerð, hafa sem kunnugt er orðið slíkar verðbreytingar, að hún er nú orðin með öllu úrelt. Kaupgjaldsvísitalan hefur hækkað um 50 stig á tímabilinu marz 1950 til júní 1952, og verð sumra byggingarefna til hitaveitunnar hefur meir en tvöfaldazt á sama tíma.

Í áætlun undirritaðs var tekið fram, að vatnsmagn frá borholunum við Áshildarholtsvatn nægði enn sem komið er ekki til fullrar hitunar kaupstaðarins og væri nauðsynlegt að auka það um hér um bil 10 lítra á sekúndu. Var hins vegar gert ráð fyrir, að þessi aukning væri nærtæk, og reiknað með nokkrum borkostnaði vegna hennar.

Þá hefur bæjarstjórnin skuldbundið sig til þess að láta af hendi við eiganda Sjávarborgarlands 5 lítra af heitu vatni á sekúndu, og er það greiðsla fyrir þau réttindi, sem bæjarstjórnin hefur öðlazt til vinnslu heits vatns í landareigninni. Alls þarf því að auka vatnsmagnið til veitunnar um 15 lítra á sekúndu.

Samkvæmt upplýsingum bæjarstjórans er nú lokið við lögn aðalæðarinnar til kaupstaðarins, og bæjarkerfið er komið langt áleiðis. Telur hann, að heildarbyggingarkostnaður hitaveitunnar verði 4 millj. kr. samkvæmt þeirri reynslu, sem þegar er fengin, auk kostnaðar vegna framangreindra viðbótarborana og þegar áfallins borkostnaðar frá árunum 1947 og 1948.

Jarðborunardeildin getur að svo stöddu máli ekki fellt neinn úrskurð um áætlun bæjarstjórans, þar sem skjöl fyrir hinum áfallna kostnaði hafa ekki verið lögð fram.

Hins vegar liggur fyrir áætlun frá Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, dagsett í apríl 1951, en samkvæmt henni er byggingarkostnaður veitunnar án framangreindra borana þá áætlaður 3.75 millj. kr. Að dómi jarðborunardeildarinnar valda verðbreytingar tímabilsins frá apríl 1951 til júní 1952 því, að kostnaðurinn verður nú 18% hærri, þ. e. byggingarkostnaðurinn ætti nú að vera 4.42 millj. kr.

Við byggingu bæjarkerfisins hefur hins vegar verið tekin upp sú nýlunda að nota asbestpípur í stað steypustokka, og er ekki ólíklegt, að þetta muni spara allverulega upphæð, eða um 0.5 millj. kr. Með hliðsjón af áætlun Sigurðar Thoroddsens virðist jarðborunardeildinni því eðlilegt að gera ráð fyrir því, að byggingarkostnaður veitunnar geti orðið 4 millj. kr.

Deildin áætlar kostnað við framangreindar viðbótarboranir alls um 350 000 kr., og eldri framlög bæjarstjórnarinnar til borana og rannsókna árin 1947 og 1948 og annars undirbúnings verksins munu vera um eða yfir 150 000 kr.

Jarðborunardeildinni virðist því með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að það sé full ástæða að gera ráð fyrir, að heildarbyggingarkostnaður hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar verði 4.5 millj. kr.

Reykjavík, 5. okt. 1952,

Gunnar Böðvarsson.

Sþ. 53. Fyrirspurnir. [53. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um kjötútflutning til Bandaríkjanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Fyrir hvaða verð var dilkakjöt það, sem flutt var til Bandaríkjanna á s. l. hausti og vetri, selt í erlendum gjaldeyri, og hve mikið magn var þar um að ræða?
2. Hefur andvirðið verið greitt?

II. Til ríkisstjórnarinnar um samskipti Íslendinga og varnarliðsins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

1. Hvaða reglur gilda nú um heimild varnarliðsmanna til dvalar utan stöðva sinna, og hvenær voru þær reglur settar?
2. Hvaða reglur gilda um aðgang Íslendinga að stöðvum varnarliðsins, og hvenær voru þær reglur settar?
3. Hvers vegna voru reglur þær, sem í fyrstu giltu um dvöl hermanna utan herbúða sinna, afnumdar?
4. Hvaða tillögur hefur nefnd sú, sem fjallað hefur um vandamál varðandi samskipti Íslendinga og varnarliðsmanna, gert um þessi efni?

Nd. 54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frjálst er að bjóða til sölu, selja og flytja út íslenzkar afurðir, með þeim takmörkunum einum, sem þessi lög ákveða eða ákveðnar eru í öðrum lögum um gjaldeyrisverzlun.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að auglýsa lágmarksverð á hverri vöru, sem út er flutt, og hver útflytjandi skuldbundinn að bjóða eigi út né selja undir því lágmarksverði.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú gerir ríkisstjórnin samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja það magn af vörutegundum, sem hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú selur útflytjandi eigi vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskiptasamninga almennt samkvæmt 3. gr. þessara laga, og skal honum þá heimilt að kaupa

í skiptum vörur til innflutnings, enda sé innflutningur slíkra vara eigi bannaður eða aðeins leyfður einkasölum ríkisins. Skyldur er hann að hlíta lágmarksverði samkv. 2. gr. Eigi þarf innflutningsleyfi fyrir innflutningi vara, sem þannig eru keyptar, en tilkynna skal fjárhagsráði vörutegundir, verð, magn og komutíma. Skulu vörur þessar verðlagðar samkvæmt venjulegum álagningarreglum og einnig heimilt, ef þörf þykir, að setja á þær sama hámarksverð í smásölu og gildir um samsvarandi vörutegundir keyptar inn í landið fyrir frjálsan gjaldeyri, enda sé lágmarksverð samkv. 2. gr. miðað við sama verðlagsgrundvöll. Þyki þörf á slíku, skal það hámarksverð auglýst sem almennt smásöluverð viðkomandi vörutegunda.

Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að eigi sé framinn gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að banna innflutning á vissum vöruflokkum, sem þjóðin er ekki talin hafa efni á að flytja inn, og skal hún fyrir 1. des. ár hvert birta skrá yfir þá vöruflokka, sem bannað er að flytja inn á komandi ári. Má ríkisstjórnin síðar á því ári fella niður bann á einstökum vöruflokkum, en ekki bæta nýjum við.

6. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem flytur út vörutegund, sem áður hefur ekki verið flutt út frá landinu, skal hafa sama rétt og fyrir er mælt í 4. gr. og sömu skyldur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allur innflutningur og útflutningur er nú einokaður í höndum stjórnarvalda, ýmist ríkisstjórnar og nefnda hennar eða bankanna. Íslendingum er ekki frjálst að flytja út eina einustu vöru né flytja inn nokkra vöru. Um allt verður að sækja til stjórnarvalda, sem ákveða það síðan að mestu eftir geðþótta sínum, hvort leyfi eða gjaldeyri skuli veita til slíkrar verzlunar. Nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi leyfa- eða gjaldeyrisveitinga, nokkuð aukið magn sumra vara, er leyfðar eru til innflutnings, — en sjálf einokunin hefur haldizt.

Afleiðing einokunarinnar hefur orðið sú að draga úr framleiðslu landsmanna frá því, sem verið gæti, ef menn fengju að hagnýta til fulls og á sem skynsamlegastan hátt þau miklu atvinnutæki, sem þjóðin á, og nota til fulls þá markaði, sem hægt er að selja íslenzkar vörur á. Af þessu hefur leitt almennt atvinnuleysi, versnandi lífskjör almennings og minnkandi kaupgetu. Um það, hvort slíkar afleiðingar væru sá tilgangur, er vakti fyrir valdhöfunum, eða hvort skriffinnska, einstrengingsháttur og aðrir ókostir stjórnarfarsins hafa valdið því, skal hér ekki rætt.

En um hitt verður ekki efazt, að verzlunareinokunin er í höndum núverandi valdhafa sú snara, sem er að kyrkja sjálfsbjargarviðleitni landsmanna. Og þar sem engin von er til þess, að hægt sé, eins og nú horfir, að koma á þjóðnýtingu útflutnings- og innflutningsverzlunar með hag almennings fyrir augum, er ekki til annað ráð til þess að gera landsmönnum mögulegt að bjarga sér sem bezt þeir geta en að losa þessi einokunarhöft af verzluninni, svo sem byrjað er á með þessu frumvarpi hvað útflutningsverzlunina snertir.

Reynslan hefur sannað, að núverandi fyrirkomulag, að einoka útflutningsverzlunina í höndum ríkisstjórnarinnar, hefur gefizt illa. Þetta frumvarp stefnir að því að vekja meiri áhuga á útflutningnum og tengja saman hagsmuni þeirra, sem flytja út og flytja inn. Það er óhjákvæmilegt, að þeir, sem flytja vörur inn í landið, verði

að gera sér ljóst, að til þess að hægt sé að flytja vörurnar inn, þurfi þeir eins og aðrir eftir megni að hjálpa til við að flytja sem mest út og afla sem mestra markaða. Jafnframt er nauðsynlegt, að þeir, sem áhættuna hafa af framleiðslu til útflutnings, geti, ef þörf gerist, að nokkru leyti tekið til sín nokkuð af þeim hagnaði, sem venjulega hefur verið á innflutningsverzlun hér á landi, þótt tap hafi verið á útgerð.

Með þessu frumvarpi yrðu samkvæmt 4. gr. opnaðir möguleikar til vöruskipta við þau lönd, sem ríkisstjórnin hefur ekki gert sérstaka verzlunarsamninga við. Í þeirri hörðu baráttu, sem nú er háð um fiskmarkaðina, er þjóðinni nauðsynlegt, að allir kraftar séu notaðir til markaðsöflunar, og það er óvinnandi verk fyrir Íslendinga að vinna í stórum stíl nýja markaði, ef þeir eru fjötraðir einokunarböndum fjárhagsráðs og ríkisstjórnar hér heima. Og einmitt til þess að hagnýta sér einnig þá möguleika, sem vöruskipaverzlun („clearingviðskipti“ og „compensation“) kann að bjóða, er nauðsynlegt að slaka á þeim höftum, sem nú eru. En um leið og slíkt yrði gert, þarf að reisa vissar skorður vegna almenningsheilla, og eru þær aðallega þessar:

1. Það þarf að hindra gjaldeyrisflótta. Það er tilgangur 2. gr. laganna. Með því að heimila ríkisstjórninni að setja lágmarksverð á útfluttu vöruna, tryggir hún það tvennt í senn, að þjóðan fái gjaldeyri eða vörur, sem lágmarksverðinu samsvarar, fyrir útfluttu afurðirnar, og að útflytjendur undirbjóði ekki hver annan og skaði þannig hagsmuni þjóðarinnar.

Það leiðir af sjálfu sér, að slíkt lágmarksverð samkvæmt 2. gr. auglýsi ríkisstjórnin, eftir að hafa á hverjum tíma haft samráð við útflytjendur og athugað, hvaða verð sé hægt að fá og hvað framleiðsluverð sé. Ríkisstjórnin hefur undanfarið haft slíkt verðeftirlit með höndum, en aldrei sett neitt lágmarksverð, sem öllum væri heimilt að selja á, heldur leyft að selja á mjög misjöfnu verði í ýmsum löndum.

2. Það þarf að tryggja hámarksverð á þeirri vöru, sem inn er flutt. Þetta er nauðsynlegt fyrir alþýðu manna, sem nú berst í bökkum vegna þeirrar dýrtíðar, sem núverandi stjórnarvöld hafa leitt yfir hana og leiða í æ ríkari mæli. — Það er tilgangur 4. gr. laganna að koma í veg fyrir, að vöruskiptaverzlunin verði hagnýtt til slíks. Nú er það svo, að Ísland verzlar eða getur verzlað við allmörg verðlagssvæði í heiminum og þarf að geta hagnýtt sér markaðina í þeim öllum. Á sumum þessara verðlagssvæða fæst ef til vill miklu hærra verð fyrir íslenzkar vörur en á öðrum, en sumar vörur þaðan eru ef til vill líka mun dýrari. Þá þurfa útflytjendur og innflytjendur að eiga þess kost að jafna þessu verði sín á milli, þannig að eigi verði þau viðskipti til að auka dýrtíðina í landinu. Þann kost eiga þeir, ef þeir verða að skila lágmarksverði fyrir útfluttu vörurnar og mega selja innfluttu vöruna miðað við hámarksverð í smásölu, enda sé hvort tveggja miðað við sama verðlagssvæði, sem Ísland vildi halda sínu verðlagi á, — og gefur að skilja, að ákvörðun hámarksverðsins verður að miðast við sannanlegt kaupverð vara frá slíku verðlagssvæði og eðlilegan kostnað og álagningu á þá vöru. Stundum mundu slík vöruskipti ef til vill gefa útflytjendum og innflytjendum ríflegan hagnað, ef heppilega er selt og keypt, stundum yrði vafalaust mjög mjótt á mununum, og yrðu þeir þá að deila sín á milli um, hvernig þeir minnka milliliðakostnaðinn. Er það ekki nema heilbrigt.

3. Það þarf að tryggja það, að fyrst og fremst séu fluttar inn nauðsynja- og menningarvörur, en bannaður óþarfi og lúxus, meðan þjóðin hefur ekki efni á að veita sér hann. Það er tilgangur 5. gr. að tryggja þetta. Samkvæmt þeirri grein getur ríkisstjórnin bannað innflutning á vissum vöruflokkum, — og er þá algerlega bannað að flytja þá til landsins. Þannig gæti ríkisstjórnin t. d. bannað innflutning á bílum, ýmsum lúxusvörum, jafnvel ef hún áliti Coca-cola óþarfa, þá hefði hún heimild til að banna efnin í þann drykk og nota sykurinn, sem í hann fer, til annars. Eigi þjóðin að spara við sig, verður sá sparnaður að ganga jafnt yfir alla, gæðingar valdhafanna eiga ekki að fá þær vörur, sem almenningi er neitað um að fá innfluttar. — Með þessum ákvæðum getur ríkisstjórnin tryggt, að vöruskiptum sé einbeitt að nauðsyn-

legri vöru. En nauðsynlegt er, að slíkur bannlisti sé auglýstur fyrir fram fyrir hvert ár, svo að þeir, sem byggja að einhverju leyti framleiðslu sína á vöruskiptum, hafi eitthvað ákveðið að halda sér við. — Rétt er, að innflutningsáætlun yfir þarfir landsmanna sé birt fyrir fram fyrir ár hvert, eins og ætlazt var til, að fjárhagsráð gerði, en að bæði bankar og þeir, sem annast innflutning og útflutning, ekki sízt á vöruskiptagrundvelli, geti á hverjum tíma fengið að vita bæði um áætlunina varðandi hverja vörutegund og hve miklar ráðstafanir séu þegar gerðar til þess að bæta úr þeirri þörf.

Tilgangur 6. gr. er að auka áhuga manna á því að finna nýjar afurðir eða vörur til að flytja út og efla þannig útflutning landsmanna. Það er m. a. nauðsynlegt að gefa íslenzkum iðnaði þennan möguleika. Eigi sá iðnaður að geta borið sig, þarf að vera hægt að reka hann með fullum afköstum, en nú háttar svo til, að mikið af íslenzkum iðnaði hefur nú svo mikil afköst, að hann gerir meira en að fullnægja þjóðarþörf. Það er alkunna, að aðrar þjóðir gera sig sérstaklega samkeppnisfærar í iðnaði með því að sitja í fyrsta lagi sjálfar að heimamarkaðinum, en geta svo flutt umframvöruna út og hagnýtt þannig afkastagetu verksmiðja til fulls. Það er eitt af verkefnum þjóðarinnar að koma upp iðju og iðnaði í sem stærstum stíl, og það verður ekki gert nema með því, að ýtt sé undir framfarir og framtak í iðnaðinum, full hagnýting verksmiðjanna tryggð, framtaki einstaklinga og ýmissa samtaka gefnar frjálsari hendur og svo samtímis framtaki ríkisins beitt á þeim sviðum stóriðju, sem engum íslenzkum einstaklingum væri fært né heppilegt þjóðarinnar vegna, að þeir legðu í, svo sem áburðarframleiðslu og sementsgerð.

Þetta frumvarp hefur verið flutt á tveim undanförnum þingum. Á Alþingi 1950 var það svæft. Á Alþingi 1951 var það fellt við 2. umr. í Nd.

Hefur útflutningsverzlun landsmanna þegar beðið mikið tjón við, að hindrað hefur verið, að allir möguleikar til markaðsöflunar væru hagnýttir. Er þess að vænta, að þingmenn hafi nú áttað sig á nauðsyn þess að létta nokkuð einokunarfjötrunum af þjóðinni og fáist til þess að gefa henni nokkurt frelsi til að bjarga sér með því, að hún fái að vinna, framleiða og selja afurðir út úr landinu í friði fyrir stjórnarvöldunum, ef farið er eftir þeim reglum þeirra, er tryggja skuli almenningsheill.

Nd. 55. Frumvarp til laga [55. mál]

um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Sigurðsson, Magnús Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands deild, sem hefur það sérstaka verkefni að veita lán fyrir heimtaugargjöldum til þeirra bænda, sem fá rafmagn hjá rafmagnsveitum ríkisins. Deildin skal heita raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

2. gr.

Stofnfé deildarinnar skal vera kr. 5 000 000.00, er ríkissjóður leggur deildinni til á árunum 1953, 1954 og 1955.

3. gr.

Lánin skulu veitt til 15 ára gegn tryggingum, sem stjórn Búnaðarbanka Íslands tekur gildar. Vextir skulu vera 3½%.

4. gr.

Leggja skal árlega í varasjóð ½% af útistandandi fé deildarinnar.

5. gr.

Búnaðarbankinn annast reikningshald, útlán og fjárreiður deildarinnar fyrir þóknun, sem ekki má fara yfir ½% árlega af útistandandi fé deildarinnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að eins og nú er ástatt telur engin lánsstofnun sér skylt að veita lán fyrir heimtaugargjöldum. Hafa því margir bændur, sem fengið hafa rafmagn leitt til sín, orðið að taka víxillán með milligöngu hreppsfélaga og sýslufélaga. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum og kostnaði, sem vont er að búa undir. Rafmagnsheimtaugargjöld eru mjög há, þegar miðað er við, að ¼ kostnaðar rafmagnsveitnanna greiðist af notendum. Mun láta nærri, að sá hluti sé til jafnaðar 7 þús. kr. á býli. Við það bætist innlagningarkostnaður í íbúðarhús og peningshús, auk rafmagnstækja. Má því fullyrða, að heildarkostnaður við það að fá rafmagnið verði 12—15 þús. kr. til jafnaðar á býli. Aðeins fáir bændur geta bætt slíkum bagga við hin venjulegu útgjöld án þess að taka lán.

Verði raforkulánadeild stofnuð við Búnaðarbankann, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, má fullyrða, að bætt verður úr þeim vandræðum, sem margir eru nú í vegna þess, að þeir hafa ekki fengið hentugt lánsfé til þess að greiða með heimtaugargjöldin, og einnig má áætla, að deildin með 5 millj. kr. stofnfé geti fullnægt brýnustu þörfum að þessu leyti í næstu framtíð.

Með frumvarpinu er ekki lagt til, að deildin fái árlegar tekjur frá ríkinu. Þykir ekki ástæða til þess að svo stöddu, enda eðlilegra, að tekjuöflun fyrir deildina verði athuguð síðar, eftir að reynsla er fengin fyrir því, að hve miklu leyti stofnféð nægir.

Gert er ráð fyrir, að lánin verði veitt til 15 ára með 3½% vöxtum. Eftir að höfuðstóll deildarinnar hefur verið lánaður út, verða árlegar nettótekjur hennar eigi að síður 500 þús. kr., þar af afborgun 7.5% af stofnfénu og svo vaxtatekjur.

Nægilegt þykir að leggja í varasjóð árlega ½% af útistandandi fé deildarinnar. Búnaðarbankinn mun sjá um rekstur deildarinnar fyrir væga þóknun, eins og 5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Síðan raforkulögin komu til framkvæmda, hafa rafmagnsveitur verið lagðar um ýmsar sveitir þessa lands. Hafa slíkar framkvæmdir vakið söknarhug og aukinn framkvæmdavilja í sveitunum. Er enginn vafi á því, að rafmagnsframkvæmdir í sveitunum eru mjög þýðingarmiklar fyrir framtíð þeirra og velgengni. Það má því ekki eiga sér stað, að nú komi kyrrstaða á þessu sviði í stað athafna. Enda þótt tímarnir verði erfiðir og meira þurfi að sér að leggja en áður, verður að halda þeim framkvæmdum áfram, sem sízt verður án verið.

Lagt er til, að stofnfé deildarinnar greiðist á þremur árum, til þess að gera greiðslu ríkissjóðs léttari.

Sþ. 56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um skipun nefndar til þess að endurskoða orlofslögin.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Guðm. Í. Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 16 frá 26. febr. 1943, um orlof, með það sérstaklega fyrir augum að lengja orlofsréttinn upp í þrjár vikur, að tryggja endurbætt og fast skipu-

lag ódýrra og hentugra orlofsferða, innanlands og til útlanda, og að tryggja eftir því, sem kostur er, að greiðslur á orlofsfé fari eingöngu fram með merkjum, er innleyst séu á ákveðnum tímabilum.

Einn nefndarmanna sé skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands, en sá þriðji án sérstakrar tilnefningar. Skal nefndin ljúka störfum svo fljótt, að unnt verði að leggja eigi síðar en fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á orlofslögunum, að fengnum athugunum nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Skömmu fyrir síðustu heimsstyrjöld var sett ný orlofslöggjöf á Norðurlöndum. Átti hún miklum vinsældum að fagna meðal launafólks þar í löndum. Félagsmálaráðuneytið, er fyrsti flm. þessarar tillögu veitti þá forstöðu, hófst handa um það á árunum 1939—1940 að safna gögnum og upplýsingum um þessa löggjöf á Norðurlöndum. Og þegar það ráðuneyti hafði nokkuð ýtarlega athugað norræna löggjöf um þessi efni og framkvæmd hennar, þótti eðlilegast, að Alþingi ákvæði að hefjast handa í þessu máli. Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu því á Alþingi 1941 þingsályktunartillögu um undirbúning þessarar löggjafar, og fylgdi tillögunni ýtarleg greinargerð, þar sem rakin var norræn orlofslöggjöf og framkvæmd hennar og leidd að því rök, að nauðsynlegt væri, réttlátt og fyllilega tímabært að setja svipaða löggjöf hér á landi. Ályktunartillaga þessi náði samþykki Alþingis, og var þá ákveðið að skipa milliþinganefnd til undirbúnings löggjafarinnar. Þessi nefnd var síðan skipuð 17. okt. 1941 af þáverandi félagsmálaráðherra. Nefndin skilaði að loknum störfum frv. til laga um nýja orlofslöggjöf, og fylgdi því glögg og ýtarleg greinargerð og rökstuðningur.

En þegar hér var komið sögu, hafði orðið breyting á ríkisstjórninni, og fyrsti flm. þessarar tillögu var þá farinn úr ríkisstjórn. Hafði þáverandi ríkisstjórn engin frekari skipti af málinu, en á fyrra þingi 1942 var frv. nefndarinnar flutt á Alþingi af Alþýðuflokknum, en það dagaði þá uppi. Á Alþingi 1943 var frv. flutt að nýju af Alþýðuflokknum, með lítils háttar breytingum. Stóð um það nokkur styr á Alþingi, en var þó samþykkt sem lög þaðan 10. febr. 1943.

Löggjöf þessi reyndist tímabær og naut brátt mikilla vinsælda launafólks. Hafði þá tekizt að mynda nýjan og merkilegan þátt í íslenzkri félagsmálalöggjöf. Verkalýðsfélögin höfðu í nokkur ár áður háð harða baráttu, hvert fyrir sig, til þess að fá viðurkennt orlof í samningum við atvinnurekendur. Sum þeirra höfðu unnið nokkuð á í þessu efni. En eftir að frv. um orlof var undirbúið og fram borið, en áður en það var samþykkt, óx verkalýðsfélögunum nokkuð ásmegin í þessu efni, og fengu þá sum þeirra ákvæði í samningum sínum um orlofsrétt á líka lund og í frv., en allt var þetta ótryggt og hvergi nærri almennt. En með samþykkt orlofslaganna var lagður nýr, traustur og varanlegur grundvöllur að orlofsrétti alls launafólks.

Skömmu eftir síðustu heimsstyrjöld hófst á Norðurlöndum undirbúningur að ákvörðunum um víðtækari orlofsrétt og fyllri og betri framkvæmd löggjafarinnar um þetta efni. Er nú málum þessum svo komið í nágrannalöndunum víðast, að ákveðið hefur verið að lengja orlofstímann úr 2 vikum í 3 vikur. Auk þess hafa þar verið skipulagðar víðtækar, hentugar og ódýrar orlofsferðir, og hafa alþýðusamtökin þar ötullega unnið að málum.

Þó að orlofslögin hér á landi séu merkileg réttarbót til handa launafólki, þá er auðsætt orðið, að þörf er viðauka og endurbóta. Íslenzk alþýða unir því ekki til lengdar að vera, hvað orlofsréttinn varðar, eftirbátur alþýðu annarra landa. Hafa því þegar, af auðskildum ástæðum og með eðlilegum hætti, risið upp kröfur innan íslenzkrar verkalýðshreyfingar um aukinn orlofsrétt.

Á síðastliðnu vori gerði fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík eftirfarandi ályktun:

„Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík skorar á miðstjórn A. S. Í. að leggja fyrir næsta Alþýðusambandsþing ýtarlega greinargerð um 3 vikna orlof ásamt upplýsingum um baráttu verkalýðssamtaka nágrannalandanna fyrir auknum orlofsrétti verkafólks.

Þá skorar fulltrúaráðið á öll verkalýðsfélög innan fulltrúaráðsins að taka mál þetta til umræðu á fundum sínum.

Á útifundi verkalýðssamtakanna í Reykjavík 1. maí s. l. var lögð rík áherzla á kröfuna um 3 vikna orlof. Hér er einnig um sanngirnis- og réttlætismál að ræða. Verður því ei til lengdar hamlað gegn þessari réttarbót, enda mun alþýðuhreyfingin ekki láta sér það lynda.

En það er ekki einungis lenging orlofstímans, sem er eðlileg og sanngjörn krafa. Það þarf einnig með aðstoð löggjafar- og framkvæmdarvaldsins að gera meiri og frekari gangskör að því að skipuleggja ódýrar og hentugar orlofsferðir. Getur þá vel komið til mála, er lengdur er orlofstíminn upp í 3 vikur, að koma á orlofsferðum til útlanda og ná sambandi við ferðafélög alþýðuhreyfinganna á Norðurlöndum í því skyni. Mundi ferðaskrifstofa ríkisins vera mjög eðlilegur aðili til fyrirgreiðslu og framkvæmda um nýtt og endurbætt skipulag orlofsferða, bæði innanlands og einnig, ef tök þættu á, um orlofsferðir til útlanda.

Þá hefur nokkuð borið á því, þrátt fyrir ákvæði núgildandi orlofslaga, að orlofsfé sé ekki greitt einungis með merkjum, heldur með peningagreiðslum með venjulegum launum. En það er vissulega og á að vera tilgangur orlofslaganna að tryggja sérstakar greiðslur til orlofs, en orlofsféð sé ekki venjuleg kauphækkun. Þurfa því ákvæði gildandi laga um þessi efni að takast til athugunar.

Með það fyrir augum, sem framan er skráð í greinargerð þessari, er hér lagt til, að skipuð verði sérstök nefnd til endurskoðunar á orlofslögunum. Ætti sú endurskoðun ekki að taka langan tíma, og ef vel og fljótt væri brugðizt við af Alþingi um samþykkt tillögu þessarar, mætti jafnvel gera ráð fyrir því, að hægt væri að leggja fyrir núverandi Alþingi og afgreiða þar nauðsynlegar, tímabærar og réttlátar breytingar á orlofslögunum.

Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um flutning þessarar tillögu, hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingar á orlofslögunum (þskj. 28), þar sem gert er ráð fyrir að lengja orlofstímann upp í 3 vikur. Flutningsmenn þessarar tillögu munu að sjálfsögðu styðja þetta frv. og þá væntanlega bera fram við það breytingar og viðauka. En ef það næði ekki fram að ganga, með nauðsynlegum breytingum og viðaukum, er mikils um vert, að tillaga sú, sem hér er flutt, verði samþykkt, og það svo fljótt sem unnt er á yfirstandandi Alþingi.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um að lýsa auglýsingu um bátaútvegsgjaldeyri ósamrýmanlega lögum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að auglýsing frá 7. marz 1951, um bátaútvegsgjaldeyri, sem fjárhagsráð hefur gefið út samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, styðjist eigi við nein lög, en komi í bága við lög um fjárhagsráð, nr. 70 5. júní 1947.

Leggur Alþingi fyrir ríkisstjórnina að nema auglýsingu þessa þegar úr gildi.

Greinargerð.

Auglýsing fjárhagsráðs um bátaútvegsgjaldeyrinn svokallaða var birt í Lögbirtingablaðinu 8. marz 1951, degi eftir að Alþingi var slitið. Ríkisstjórnin hafði á

þingfundi rætt nokkuð nauðsyn á útgáfu slíkrar auglýsingar og verið á það bent af þingmönnum að engin lagaheimild væri til slíks.

Í upphafi auglýsingarinnar er eigi vitnað í lög, sem heimili útgáfu hennar, heldur aðeins sagt, að hún sé gefin út „samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar“. Er slíkt óvenjulegt.

Á síðasta þingi var ríkisstjórnin hvað eftir annað um það krafin af flutningsmanni þessarar þáltill., samkvæmt hvaða lögum hún hefði látið fjárhagsráð sitt setja þessa auglýsingu. Tvisvar varð viðskiptamálaráðherra fyrir svörum og kvað auglýsinguna setta samkvæmt heimild í lögum um fjárhagsráð. En er hann var aðspurður, hvaða grein í þeim lögum heimilaði að hafa þennan hátt á veitingu gjaldeyrisleyfa, svaraði hann eigi.

Síðar varð atvinnumálaráðherra fyrir svörum, og kvað hann auglýsinguna setta samkvæmt heimild í 11. og 12. gr. fjárhagsráðslaganna.

Í 11. gr. er engin slík heimild; samkvæmt henni er aðeins mögulegt að gefa „frílista“, leyfa almennt frjálsan innflutning á vissum vörutegundum.

Í 12. gr. er deild úr fjárhagsráði heimilað að úthluta „til innflytjenda“ innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, og eru þar sérstök fyrirmæli um að miða þá úthlutun við, að „verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst“. Enn fremur segir, að „reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu“.

En bátaútvegsgjaldeyrisleyfin fá **útflytjendur** til ráðstöfunar og það í þeim tilgangi að leggja á þau (eða vöruna) mjög hátt gjald, sem enginn lagabókstafur er fyrir, að leggja megi á. Öll meðferð bátaútvegsgjaldeyrisins er því beint lagabrot.

Hvað sem líður nauðsyn eða hugsanlegu réttlæti þessa fyrirkomulags, þá styðst það ekki við lög, og ber því tafarlaust að fella það niður.

Hitt er svo annað mál, að finna löglega lausn á vandamálum útvegsins og útflutningsframleiðslunnar.

Nd. 58. Frumvarp til laga [58. mál]

um opinbera aðstoð við barnafjölskyldur til mjólkurkaupa.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins gefur út sérstaka skömmtunarreiti, er hver gefur heimild til kaupa á einum lítra af nýmjólk fyrir kr. 0.50 lægra verð en hið ákveðna útsöluverð á hverjum sölustað. Er verzlunum þeim, er mjólk selja, skylt að afgreiða til þeirra, er framvísa slíkum reitum, tilsvarandi mjólkurmagn á fyrrnefndu verði.

2. gr.

Allir þeir, er börn hafa á framfæri innan 15 ára aldurs, hafa rétt til að fá 30 mjólkurreiti á mánuði fyrir hvert barn. Heimild þessi nær þó eigi til þeirra, er sjálfir eru mjólkurframleiðendur.

3. gr.

Verðmismun þann, er um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður greiða verzlunum þeim, er mjólkina selja, og annast þær greiðsluna til framleiðenda.

4. gr.

Um önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, fer eftir nánari reglum, er ríkisstjórnin setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til ársloka 1953.

Greinargerð.

Sem kunnugt er hefur dýrtíð mjög farið vaxandi hér á síðari árum og einkum komið hart niður á almenningi, sem ekki hefur fengið tekjur sínar hækkaðar í samræmi við hið stórhækkaða verðlag á lífsnauðsynjum. Verður þetta glöggt séð á því, að síðan gengislækkunin var lögleidd hefur framfærsluvísitalan hækkað úr 100 stigum í 162 stig, og er hún engan veginn rétt mynd af þeirri dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur síðan 1947, er gamla framfærsluvísitalan var bundin í 300 stigum. Hin raunverulega vísitala, sem áður var reiknað með, er nú orðin 639 stig og hefur því hækkað því sem næst um helming síðan fyrsta kaupbindingin var lögleidd.

Kaupgjaldsvísitalan er nú nokkrum stigum lægri en hin gildandi framfærsluvísitala og mun áreiðanlega vera ¼—⅓ lægri en vera ætti samkvæmt hinum eldri vísitöluútreikningi, sem tvímælalaust er réttari mynd af verðlaginu og vexti dýrtíðarinnar en núgildandi vísitöluútreikningur.

Ofan á þá tekjulækkun, sem þetta skapar hverjum launþega, hefur svo bætzt mjög mikið atvinnuleysi í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Er því naumast þörf að eyða orðum til að benda á þá alkunnu staðreynd, hve efnahagur og kaupgeta alls þorra fólks hefur versnað þessi ár.

Mjólkin er ein þeirra fæðutegunda, sem flest heimili, einkum þó þar sem eru börn og unglingar, mega sízt án vera.

En eins og verðlag hennar er nú orðið, er einmitt mjög mikil hætta á því, að þær fjölskyldur, sem mesta þörf hafa fyrir næga mjólk, þ. e. barnafjölskyldurnar, neyðist til að draga við sig mjólkurkaup vegna þess, að tekjurnar hrökkva ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum.

Hér er því lagt til, að ríkið veiti nokkra aðstoð til mjólkurkaupa fyrir barnafjölskyldur, er nema mundi kr. 180.00 fyrir hvert barn á ári og hámarkið sett við 14 ára aldur. Þótt hér sé ekki um háa upphæð að ræða, mundi hún skapa nokkra tryggingu fyrir því, að síður yrði dregið úr mjólkurkaupum þeirra heimila, er sízt mega án mjólkur vera vegna heilbrigði yngstu kynslóðarinnar í landinu.

Enn fremur er rétt að benda á það, að ef samdráttur verður í sölu og neyzlu landbúnaðarvara á innlendum markaði, sem tvímælalaust ber nú á, a. m. k. hvað snertir smjör, osta og rjóma, mun það verða alvarlegur hemill á þróun landbúnaðarins. Sífellt er rætt um nauðsyn þess að byggja upp sveitir landsins og auka landbúnaðarframleiðsluna. Í þeim tilgangi hefur m. a. verið fluttur inn allmikill vélakostur, og t. d. á síðasta þingi var innflutningur á heimilisdráttarvélum gefinn frjáls og þar af leiðandi aukinn að miklum mun. En til hvers er að segja bændastéttinni að binda fjármagn í vélakosti til að auka framleiðslu sína, ef jafnframt er ríkjandi það ástand í atvinnu- og efnahagsmálum neytendanna, að kaupgetan fer stöðugt versnandi á þeim eina markaði, sem að öðrum kosti mætti teljast nokkurn veginn öruggur?

Það ber engan veginn að líta svo á, að með þessu sé talið, að niðurgreiðslur ríkissjóðs séu eða eigi að vera hin varanlega lausn þessa vandamáls. Hin eina raunverulega lausn er aðeins fólgin í nægri atvinnu og nægri kaupgetu neytendanna. Þess vegna er líka gert ráð fyrir því, að fyrst um sinn gildi lögin aðeins til ársloka 1953. Er það gert í því trausti, að þá hafi tekizt að bæta úr því ástandi í atvinnu- og efnahagsmálum almennings, sem skapað hefur núverandi markaðskreppu. Að öðrum kosti má framlengja lögin á næsta þingi.

Þá skal að því vikið, hve mikil útgjöld ríkissjóðs mundu verða vegna ákvæða frumvarpsins, ef það fær lagagildi. Að vísu liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um þann barnafjölda, er hér kemur til greina, vegna þess að Hagstofa Íslands hefur enn þá ekki unnizt tími til að vinna úr manntalinu 1950. En hagstofustjóri hefur góðfúslega látið í té upplýsingar um þann fjölda barna 14 ára og yngri, er áttu heima í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa við næstsíðasta manntal, þ. e. 1940,

og áætlaða barnatölu nú, miðað við sömu hlutföll milli tölu barna og fullorðinna og þá var. Samkvæmt þeirri áætlun ætti umræddur barnafjöldi að nema tæplega 31 þúsundi, eða 28.7% fólkstölunnar á þessum stöðum. En þar sem mjólkurframleiðsla er allmikil í mörgum kauptúnum, mundi það hafa nokkur áhrif til fækkunar þeirra, er þessara réttinda njóta. Sé miðað við 30 þúsund börn, mundu útgjöld ríkissjóðs nema 5.4 millj. kr., og er það þó sennilega fullhátt áætlað. Verður það að teljast mjög hóflega í sakir farið, þar sem svo mikilsvert mál er um að ræða.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um vegagerð úr steinsteypu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort hagkvæmt muni vera að gera fjölförnustu vegi landsins úr steinsteypu.

Greinargerð.

Viðhald þjóðvega er mjög dýrt hér á landi. Er margt, sem veldur því, m. a. tíðarfar, landslag og ekki sízt það, hvernig vegirnir eru upphaflega lagðir. Hérlendis eru aðeins malarvegir, sem duga sæmilega, ef umferð er lítil og ökutækin létt. Síðan bílarnir stækkuðu og farið var að flytja mikið af framleiðslunni á þungum bifreiðum eftir vegum landsins, hefur umferðin aukizt og slit veganna og viðhald eftir því. Má fullyrða, að með þeirri miklu umferð, sem nú er á ýmsum aðalvegum í landinu, verði tæplega unnt að halda þeim sæmilega ökufærum með malaríburði, þótt til þess verði miklu kostað.

Til viðhalds þjóðvega er nú árlega varið um 20 millj. kr., og er það allt of lág upphæð, miðað við að halda vegunum í góðu lagi. Sýnist því vera tímabært að athuga nýjar leiðir í vegagerð og vegaviðhaldi og rannsaka, hvort hægt er vegna kostnaðar að leggja varanlega vegi, sem ekki krefjast árlegs viðhalds.

Það er ekki langt síðan Íslendingar fóru að byggja hús úr varanlegu efni. Talið var, að þjóðin hefði ekki efni á að vanda til bygginga. Allt varð að spara í fyrstu, og af því leiddi, að stöðugur viðhaldskostnaður gerði þessi lélegu hús dýr og endingarlítil. Reynslan hefur kennt okkur, að það borgar sig að vanda byggingu húsa, að vel byggð hús verða ódýrust, þegar til lengdar lætur.

Það má fullyrða, að sama gildi um vegagerðina. Þótt vegurinn verði dýrari í fyrstu með því, að vanda undirstöðuna og nota steinsteypu, þá má fullyrða, að þjóðin hefur ekki efni á því að láta lengur dragast að gera vegina varanlega og losna þannig við árlegan fjáraustur vegna viðhaldsins. Ýmsir munu segja, að þjóðin hafi ekki gjaldeyri til þess að kaupa sement til vegagerðar. En því má ekki gleyma, að vondir vegir eru gjaldeyrisfrekir á bifreiðavarahluti og benzín, og sá sparnaður, sem árlega mundi vinnast vegna steyptra vega, væri álitleg upphæð.

En það er ekki meiningin að nota hér innflutt sement í framtíðinni. Leggja verður áherzlu á að koma sementsverksmiðjunni upp, og það má ekki á neinn hátt dragast. Nú, þegar hin þrjú stórfyrirtæki, áburðarverksmiðjan, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, eru að komast í höfn, þá er því fremur hægt að beita allri orku og vilja til þess að láta sementsverksmiðjuna rísa af grunni. — Að þessu athuguðu virðist tímabært að gera sér fulla grein fyrir því, hvort ekki ber að hefjast nú þegar handa um vegagerð úr steinsteypu.

Nd. **60. Frumvarp til laga** [60. mál]

um breyting á lögum nr. 51 1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir, Helgi Jónasson, Jónas Árnason.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 1360	kr. 1020
2. Til mæðra með 3 börn	— 2720	— 2040
3. Til mæðra með 4 börn eða fleiri	— 4080	— 3060

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift sé.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1953.

Greinargerð.

Frv., í aðalatriðum samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrætt. Er það því flutt öðru sinni. Frv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með frv. þessu er lagt til, að bætt verði í almannatryggingalögin ákvæðum um nýjan bótaflokk, mæðralaun. Lagt er til, að mæðralaun verði greidd einstæðum mæðrum, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, þannig að kona með tvö börn fái sem svarar þriðjungi lífeyris, kona með þrjú börn tvo þriðju lífeyris og kona með fjögur börn eða fleiri sem svarar fullum lífeyri samkvæmt lögunum.

Segja má, að móðir, sem hefur aðeins fyrir einu barni að sjá og fær greiddan með því barnalífeyri, eigi jafnaðarlega að geta komizt af án frekari styrks. Eftir því, sem börnin eru fleiri, er móðirin að sjálfsögðu bundnari af þeim, og þegar börnin eru orðin fjögur, má ætla, að öll vinna móðurinnar sé bundin við að annast þau. Mikill meiri hluti þeirra kvenna, sem mæðralauna mundu njóta samkvæmt þessum ákvæðum, eru ekkjur og fráskildar konur, því að flest óskilgetin börn eru einbirni mæðra sinna.

Tillögur um mæðralaun hafa áður komið fram á Alþingi. Milliþinganefnd, sem skipuð var á miðju ári 1948 til þess að endurskoða lögin um almannatryggingar, mælti með því, að ákvæði um mæðralaun væru tekin í lögin. Efri deild samþykkti þau ákvæði á Alþingi 1949, en málið stöðvaðist hins vegar í neðri deild. Síðan hafa tillögur um þetta efni oftar en einu sinni verið bornar fram, en aldrei náð fram að ganga. Ýmsir aðilar hafa skorað á Alþingi að samþykkja slík ákvæði, þ. á m. ýmis kvennasamtök.“

Ed. 61. Frumvarp til laga [61. mál]

um manntal 16. október 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Haustið 1952 skal fara fram manntal um allt land, miðað við 16. október, og kemur það í stað hins venjulega ársmanntals, sem framkvæmt er ýmist af sóknarprestum eða bæjarstjórnum.

Við manntal þetta skal fyrir hvert hús gerð manntalsskýrsla, þar sem telja ber: a) Alla, sem eiga heimili í húsinu, eins þótt þeir séu fjarverandi á manntalsdegi. b) Alla, sem dvelja í húsinu, en eiga lögheimili annars staðar. Þó skal ekki telja gestkomandi menn og ekki heldur þá, sem dvelja eingöngu til lækninga. Megi telja einhverjar líkur fyrir því, að gestkomandi maður eða sjúklingur, sem býr annars staðar, sé ekki skráður þar, sem hann á heimili, þá ber að skrá hann þar, sem hann er staddur. Ber húsráðanda að afla sér vitneskju hér að lútandi, eftir því sem unnt er.

2. gr.

Hagstofa Íslands ákveður tilhögun manntalsins, að svo miklu leyti sem það er ekki ákveðið í þessum lögum, og hefur umsjón með framkvæmd þess. Á eyðublaði því, er Hagstofan lætur gera undir manntalið, skal tilgreina fullt nafn hvers manns ásamt öllum þeim upplýsingum öðrum, sem þörf er á vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

Fyrir hvert hús skal gerð manntalsskýrsla í tvíriti og fær Hagstofan frumrit hennar, en hlutaðeigandi sveitarstjórn heldur eftirritinu. Sóknarprestar skulu fá afnot af eftirritum manntalsskýrslna til færslu manntalsbókar samkvæmt lögum nr. 3/1945.

3. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir hafa á hendi framkvæmd manntalsins og utan kaupstaðanna hreppsnefndir. Kostnaður, sem kann að leiða af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og sóknarprestar skulu, hver í sínu umdæmi, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd manntalsins. Skulu slík aðstoðarstörf teljast til embættisverka, sem hlutaðeigandi starfsmönnum ber engin greiðsla fyrir sérstaklega. Sama gildir um aðstoð þá, sem sóknarprestum er ætlað að láta í té samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Hverjum manni ber skylda til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal og hann er skyldur til að gefa þær upplýsingar um sjálfan sig, sem manntalseyðublaðið segir til um.

Hver húsráðandi er skyldur til að rita í tvíriti á manntalsskýrslu hússins, sem hann býr í, þær upplýsingar um sjálfan hann, heimilisfólk hans og leigjendur, sem krafizt er, og honum ber enn fremur að gera þetta innan ákveðins frests, sbr. 6. gr.

Hverjum húseiganda ber skylda til að hafa eftirlit með því, að manntalsskýrsla sé réttilega gefin fyrir hús hans innan hins ákveðna frests, án tillits til þess, hvort hann býr sjálfur í húsinu eða ekki.

Brot á skyldum þeim, sem eru lagðar á einstaklinga, húsráðendur og húseigendur í 1.—3. mgr., varða sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal gera þær ráðstafanir, sem eftir aðstæðum á hverjum stað má telja nauðsynlegar til tryggingar því, að manntalsskýrslurnar séu réttilega

gerðar og sveitarstjórninni berist þær innan hins ákveðna frests. Telst sveitarstjórn ekki hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, nema skýrslurnar úr umdæmi hennar séu sendar Hagstofunni, réttilega gerðar, fyrir lok þess frests, sem mælt er fyrir um í 7. gr.

6. gr.

Færslu manntalsskýrslnanna skal hafa verið lokið í síðasta lagi sunnudaginn 19. október og næsta dag hefst afhending þeirra til sveitarstjórna, nema þar sem sérstakir teljarar hafa annazt manntalsskráninguna. Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð við útfyllingu og söfnun skýrslnanna.

Sé skýrsla ekki réttilega gefin á tilsettum tíma, þá má, með dagsektum 300—500 kr. á dag, þröngva hlutaðeigandi húsráðanda eða húseiganda til þess að láta hana í té. Getur lögreglustjóri tiltekið sektina með bréfi til hins brotlega.

7. gr.

Þegar manntalið hefur farið fram og sveitarstjórn hefur fengið í hendur manntalsskýrslurnar, skal hún, með aðstoð hreppstjóra og sóknarprests, fara yfir þær og lagfæra þær vandlega. Meðal annars skal, eftir því sem tök eru á, leiðrétta rangar upplýsingar í skýrslunum og bæta við upplýsingum, sem vantar á þær. Skal þessu verki lokið eigi síðar en 31. október í kaupstöðum og eigi síðar en 10. nóvember í hreppum. Þegar eftir lok þessa frests skulu frumritin af skýrslum hvers kaupstaðar og hrepps send Hagstofunni í einu lagi.

Hagstofan getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, framlengt frest þann, sem um getur í 1. mgr.

8. gr.

Í sambandi við undirbúning spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót, skulu sóknarprestar, eftir því sem unnt er, láta Hagstofunni í té upplýsingar þær um fyrrverandi og núverandi sóknarbörn, sem kann að vera þörf fyrir vegna spjaldskrárinnar. Sama skylda hvílir á sveitarstjórnum, að því er snertir upplýsingar um einstaklinga, sem eru eða hafa verið búsettir í umdæmi þeirra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um manntal 16. október 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess, að nú er verið að vinna að stofnun spjaldskrár yfir alla landsmenn, þurfi manntal þessa árs nauðsynlega að fara fram á sama tíma um allt land, og sömuleiðis þurfi tilhögun manntalsins að vera hin sama alls staðar og miðuð við gerð hinnar fyrirhuguðu spjaldskrár. Til þess að spjaldskrá þessi geti komið að notum á næsta ári, má manntalið 1952 ekki fara fram síðar en um miðjan októbermánuð. Getur það ekki orðið, nema undirbúningi manntalsins sé

hraðað sem mest má verða, en á hinn bóginn er, eins og að ofan greinir, ný lagasetning skilyrði þess, að manntalið í ár fari þannig fram, að full not verði af við stofnun spjaldskrárinnar.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að með bráðabirgðalögum verði sett sérstök ákvæði um manntal 16. október 1952.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Haustið 1952 skal fara fram manntal um allt land, miðað við 16. október, og kemur það í stað hins venjulega ársmanntals, sem framkvæmt er ýmist af sóknarprestum eða bæjarstjórnum.

Við manntal þetta skal fyrir hvert hús gerð manntalsskýrsla, þar sem telja ber: a) Alla, sem eiga heimili í húsinu, eins þótt þeir séu fjarverandi á manntalsdegi. b) Alla, sem dvelja í húsinu, en eiga lögheimili annars staðar. Þó skal ekki telja gestkomandi menn og ekki heldur þá, sem dvelja eingöngu til lækninga. Megi telja einhverjar líkur fyrir því, að gestkomandi maður eða sjúklingur, sem býr annars staðar, sé ekki skráður þar, sem hann á heimili, þá ber að skrá hann þar, sem hann er staddur. Ber húsráðanda að afla sér vitneskju hér að lútandi, eftir því sem unnt er.

2. gr.

Hagstofa Íslands ákveður tilhögun manntalsins, að svo miklu leyti sem það er ekki ákveðið í þessum lögum, og hefur umsjón með framkvæmd þess. Á eyðublaði því, er Hagstofan lætur gera undir manntalið, skal tilgreina fullt nafn hvers manns ásamt öllum þeim upplýsingum öðrum, sem þörf er á vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

Fyrir hvert hús skal gerð manntalsskýrsla í tvíriti og fær Hagstofan frumrit hennar, en hlutaðeigandi sveitarstjórn heldur eftirritinu. Sóknarprestar skulu fá afnot af eftirritum manntalsskýrslna til færslu manntalsbókar samkvæmt lögum nr. 3/1945.

3. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir hafa á hendi framkvæmd manntalsins og utan kaupstaðanna hreppsnefndir. Kostnaður, sem kann að leiða af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og sóknarprestar skulu, hver í sínu umdæmi, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd manntalsins. Skulu slík aðstoðarstörf teljast til embættisverka, sem hlutaðeigandi starfsmönnum ber engin greiðsla fyrir sérstaklega. Sama gildir um aðstoð þá, sem sóknarprestum er ætlað að láta í té samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Hverjum manni ber skylda til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal og hann er skyldur til að gefa þær upplýsingar um sjálfan sig, sem manntalseyðublaðið segir til um.

Hver húsráðandi er skyldur til að rita í tvíriti á manntalsskýrslu hússins, sem hann býr í, þær upplýsingar um sjálfan hann, heimilisfólk hans og leigjendur, sem krafizt er, og honum ber enn fremur að gera þetta innan ákveðins frests, sbr. 6. gr.

Hverjum húseiganda ber skylda til að hafa eftirlit með því, að manntalsskýrsla sé réttilega gefin fyrir hús hans innan hins ákveðna frests, án tillits til þess, hvort hann býr sjálfur í húsinu eða ekki.

Brot á skyldum þeim, sem eru lagðar á einstaklinga, húsráðendur og húseigendur í 1.—3. mgr., varða sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal gera þær ráðstafanir, sem eftir aðstæðum á hverjum stað má telja nauðsynlegar til tryggingar því, að manntalsskýrslurnar séu réttilega gerðar og sveitarstjórninni berist þær innan hins ákveðna frests. Telst sveitarstjórn ekki hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, nema skýrslurnar úr umdæmi hennar séu sendar Hagstofunni, réttilega gerðar, fyrir lok þess frests, sem mælt er fyrir um í 7. gr.

6. gr.

Færslu manntalsskýrslnanna skal hafa verið lokið í síðasta lagi sunnudaginn 19. október og næsta dag hefst afhending þeirra til sveitarstjórna, nema þar sem sérstakir teljarar hafa annazt manntalsskráninguna. Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð við útfyllingu og söfnun skýrslnanna.

Sé skýrsla ekki réttilega gefin á tilsettum tíma, þá má, með dagsektum 300—500 kr. á dag, þröngva hlutaðeigandi húsráðanda eða húseiganda til þess að láta hana í té. Getur lögreglustjóri tiltekið sektina með bréfi til hins brotlega.

7. gr.

Þegar manntalið hefur farið fram og sveitarstjórn hefur fengið í hendur manntalsskýrslurnar, skal hún, með aðstoð hreppstjóra og sóknarprests, fara yfir þær og lagfæra þær vandlega. Meðal annars skal, eftir því sem tök eru á, leiðrétta rangar upplýsingar í skýrslunum og bæta við upplýsingum, sem vantar á þær. Skal þessu verki lokið eigi síðar en 31. október í kaupstöðum og eigi síðar en 10. nóvember í hreppum. Þegar eftir lok þessa frests skulu frumritin af skýrslum hvers kaupstaðar og hrepps send Hagstofunni í einu lagi.

Hagstofan getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, framlengt frest þann, sem um getur í 1. mgr.

8. gr.

Í sambandi við undirbúning spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót, skulu sóknarprestar, eftir því sem unnt er, láta Hagstofunni í té upplýsingar þær um fyrrverandi og núverandi sóknarbörn, sem kann að vera þörf fyrir vegna spjaldskrárinnar. Sama skylda hvílir á sveitarstjórnum, að því er snertir upplýsingar um einstaklinga, sem eru eða hafa verið búsettir í umdæmi þeirra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Nd. **62. Frumvarp til laga** [62. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jónas Árnason, Áki Jakobsson.

1. gr.

Á eftir g-lið 10. gr. laganna kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
Vinnufatakostnaður sjómanna og annars verkafólks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á seinasta þingi, en náði ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að kostnaður sá, sem verkafólk verður fyrir vegna vinnufataslits, skuli dreginn frá, þegar tekjur eru taldar fram til skatts. Kostnaður þessi er að vísu mismunandi eftir starfsgreinum, en hjá mörgum er hann svo tilfinnanlegur, að fullkomið óréttlæti mætti kallast, ef ríkisvaldið vildi engu sinna óskum um, að hér yrði á einhvern hátt létt undir. Þessara óska er nú mjög farið að gæta, einkum meðal togarasjómanna, enda er þyngstur þeirra baggi í þessum efnum. Hafa þeir og alloft látið frá sér heyra í málinu, og á þessum vettvangi verður sennilega beztur sá rökstuðningur að vitna til nýskrifaðrar greinar eftir einn þeirra, en þar segir svo meðal annars:

„Maður, sem fer til sjós á togara og þarf að kaupa sér hlífðarföt, eyðir meiri hluta þess kaups, sem gera má ráð fyrir að hann fái fyrir túrinn, ef hann útbýr sig sæmilega með fatnað. — Nauðsynleg fatakaup mundu verða:

Tveir stakkar á 240 kr. stykkið	kr.	480.00
Tvö pör stígvél á 180—240 kr.	—	400.00
Einn sjóhattur	—	40.00
Sex pör fingravettlinga á 10 kr. parið	—	60.00
Tvö pör sjóvettlinga á 20 kr. parið	—	40.00
	Samtals kr.	1020.00

Ótalin eru vinnuföt, svo sem peysur, buxur og annar nauðsynlegur fatnaður, sem óhætt er að fullyrða að mundi kosta um kr. 2000.00.“ — Þegar síðan við þennan byrjunarkostnað bætist endurnýjunar- og viðhaldskostnaður af fötunum, þá mun varla ofmælt, að samanlagður vinnufatakostnaður fullstarfandi togarasjómanns sé aldrei undir 5 þús. kr. á ári.

Dæmið um togarasjómenn er að vísu þungvægast í rökstuðningi fyrir nauðsyn þessa máls, en fleiri svipuð dæmi mætti nefna, og þykir því flm. fara bezt á því að láta ákvæði frumvarpsins ná til alls verkafólks.

Hér er á ferðinni réttlætismál, sem óskandi er, að Alþingi beri gæfu til að samþykkja.“

Ed. 63. Frumvarp til laga [63. mál]

um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um land allt.

Heimildarákvæði X. og XI. kafla skulu vera í gildi í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri til 14. maí 1955.

2. gr.

Lög þessi taka til allra leigumála um húsnæði, nema leigumála um einstök herbergi í gistihúsum, svo og þeirra leigumála, sem áskilja leigutaka að minnsta kosti tvær daglegar máltíðir.

Ákvæðum laganna skal ekki beitt að því leyti sem sérlög taka til leigumála.

3. gr.

Leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði skal gera skriflegan.

Félagsmálaráðuneytið skal gefa út eyðublöð fyrir venjulega leigumála um íbúðir, og getur það ákveðið, að ekki megi nota önnur eyðublöð en þau, eða eyðublöð, sem það löggildir sérstaklega.

4. gr.

Nú er leigumála um húsnæði þinglýst, og er hann þá undanþeginn stimpilgjaldi.

5. gr.

Ef annar aðila skal samkvæmt lögum eða leigumála leita samþykkis hins aðila, getur hann krafizt þess, að svarið sé skriflega staðfest.

II. KAFLI
Leigufardagar og uppsögn húsnæðis.

6. gr.

Hinir almennu fardagar eru:

1. Hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, þegar leigð eru einstök íbúðarherbergi án eldhúss eða aðgangs að eldhúsi.
2. Hinn 14. maí og 1. október, þegar um leigumála á öðru húsnæði er að tefla.

Ef fardag ber upp á sunnudag eða helgidag, er almennur fardagur næsta virkan dag á eftir.

Leigutaki skal á fardegi hafa rýmt hin leigðu híbýli í síðasta lagi kl. 13.

Ákvæði 1. og 2. tölul. þessarar greinar taka ekki til leigumála, þar sem samið er um húsnæði miðað við dag.

7. gr.

Ef leigumáli hefur ekki verið gerður til ákveðins tíma, getur hvor aðili sagt honum upp, miðað við næsta fardag, sbr. 8. gr.

Uppsögn leigumála skal vera skrifleg.

8. gr.

Uppsögn skal miða við fardaga þá, sem nefndir eru í 6. gr., og skal uppsagnarfrestur á leigumála vera:

1. Einn mánuður á einstökum herbergjum, bifreiðaskýlum, skemmum og öðru þvílíku húsnæði.
2. Þrír mánuðir á íbúðum, sem eru eitt herbergi og eldhús eða stærri, svo og á herbergjum, sem matseld er leyfð í eða aðgangur að eldhúsi fylgir.
3. Sex mánuðir á öllu atvinnuhúsnæði.

Nú segir leigusali leigutaka upp húsnæði með þeim fyrirvara, er í 1. mgr. segir, og ber leigutaka þá að tilkynna leigusala innan mánaðar, ef hann vill ekki hlíta uppsögninni, og tilgreina ástæður.

9. gr.

Nú hefur leigumáli verið gerður til ákveðins tíma, sá tími er útrunninn, en leigusali hefur ekki skorað á leigutaka innan eins mánaðar frá því leigumálinn rann út að flytjast brott, og verður leigumálanum þá einungis sagt upp samkvæmt ákvæðum 8. gr.

Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott næsta mánuð eftir að leigumáli sá, er getur í fyrstu málsgrein, er út runninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumálinn framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 8. gr.

10. gr.

Nú fellur þinglesinn leigumáli úr gildi, og ber leigutaka þá að annast aflýsingu hans.

Aflýsa má leigumála, ef eitthvert þessara skilyrða er fyrir hendi:

a. Skrifleg og vottfest uppsögn leigutaka;
b. viðurkenning leigutaka á því, að honum hafi löglega verið sagt upp leigumálanum;
c. sönnun þess, að leigusali hafi birt leigutaka löglega uppsögn;
d. útskrift af útburðargerð fógeta á hendur leigutaka, enda séu liðnar sex vikur frá framkvæmd fógetagerðarinnar og henni hafi ekki verið skotið til æðri dóms.

III. KAFLI

Afhending leigðrar íbúðar eða húsnæðis.

11. gr.

Nú eyðileggst hið leigða húsnæði í eldi eða á annan hátt, áður en leigutími skyldi hefjast, og fellur þá leigumálinn úr gildi.

Um rétt leigutaka til skaðabóta fer eftir almennum skaðabótareglum.

12. gr.

Leigusali skal á umsömdum tíma afhenda leigutaka hið leigða húsnæði í góðu lagi, hreint og meindýralaust, með heilum gluggarúðum og nothæfum lásum og lyklum innanhúss og að öllum útidyrum.

Þá skulu og allar leiðslur, svo sem vatnsleiðslur, skolpleiðslur, gasleiðslur og rafleiðslur, að lampastæðum og tenglum meðtöldum, vera í góðu lagi. Svo skulu og eldavélar, ofnar og önnur eldstæði vera í nothæfu ástandi.

13. gr.

Ef leigt húsnæði er við upphaf leigutíma ekki í því lagi, sem leigutaki átti samkvæmt lögskiptum aðila heimtingu á eða hlaut að gera ráð fyrir, og leigusali gerir

ekki að kröfu leigutaka þegar ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, þá er leigutaka heimilt að ráða bót á þessu á kostnað leigusala.

Nú bætir leigusali ekki úr annmörkunum að kröfu leigutaka eða ekki verður úr bætt innan þriggja mánaða frá því leigutaki bar fram umkvörtun sína, og getur leigutaki þá rift leigumálanum, nema um minni háttar annmarka sé að tefla.

Leigutaki getur krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu, unz bætt er úr annmörkum hins leigða húsnæðis.

Kvörtun um það, að íbúð eða annað leigt húsnæði hafi við upphaf leigutíma ekki verið í löglegu eða samningshæfu lagi, skal borin fram við leigusala innan þriggja vikna frá afhendingu, enda sé sagt til, hverra umbóta sé krafizt. Annars kostar skal telja, að leigutaki uni húsnæðinu.

Nú koma síðar fram annmarkar á húsnæði, sem ekki voru sjáanlegir við venjulega athugun, þegar húsnæðið var afhent, og skal leigutaki þá kvarta undan þeim innan þriggja vikna frá því er hann varð þeirra var eða hefði átt að verða þeirra var.

14. gr.

Ef fyrri leigutaki hefur ekki á réttum tíma rýmt húsnæði, á leigutaki rétt á hlutfallslegri lækkun á húsaleigu þann tíma, sem hann fær ekki full umráð húsnæðisins. Ef tálmunum er ekki rutt úr vegi án ónauðsynlegs dráttar, eftir að leigusala hefur verið sagt til, getur leigutaki rift leigumálanum. Honum er auk þess rétt að krefjast skaðabóta, nema leigusali færi sönnur á, að hann eigi enga sök á drættinum.

15. gr.

Nú reynist leigt húsnæði svo gallað, að heilsuspillandi er að hafast þar við, og leigusali verður ekki þegar við áskorun leigutaka eða heilbrigðisyfirvalda um að framkvæma nauðsynlegar umbætur, og getur leigutaki þá, hvenær sem er, rift leigumálanum.

16. gr.

Nú fara afnot samkvæmt leigumála í bága við lög eða önnur lögleg, opinber fyrirmæli, sem í gildi voru, þegar leigumáli var gerður eða framlengdur, eða þau samrýmast ekki kvöðum eða öðrum líkum réttindum, er á eigninni hvíla, og er þá leigutaka rétt að rifta leigumála eða krefjast hlutfallslegrar lækkunar á leigu, svo og að krefjast skaðabóta. Þetta gildir þó ekki, ef hið ólögmæta atferli hefur ekki valdið neinni skerðingu á afnotarétti leigutaka og leigusali verður þegar við áskorun um að kippa þessu í lag.

Ef hið ólögmæta atferli hefur einungis í för með sér minni háttar skerðingu á leiguafnotum, getur leigutaki ekki rift leigumála.

Ákvæði fyrstu og annarrar málsgreinar eiga ekki við, ef leigutaki vissi, að afnotin voru ólögmæt. Sama er, ef stórkostlegt gáleysi hans olli því, að hann vissi ekki, hvernig atvikum var háttað.

Ef leigutaki ber ekki fyrir sig, að afnot hins leigða húsnæðis séu ólögmæt, innan eins mánaðar frá því hann fékk vitneskju um það, getur hann ekki gert það síðar.

17. gr.

Nú lýkur leiguviðskiptum fyrr en umsamið var, sökum þess að handhafar opinbers valds, vegna heilbrigðisráðstafana eða af öðrum ástæðum, leggja bann við leiguafnotunum, og er leigutaka þá einungis skylt að greiða leigu til þess dags, er bannið gengur í gildi.

Ef bannið takmarkar afnotin einungis í minni háttar atriðum, getur leigutaki einungis krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu.

18. gr.

Nú tekur leigumáli til húss eða hluta af húsi, sem ekki var fullgerður, og ber þá að beita ákvæðum 11., 13. og 15. gr., að breyttu breytanda.

Leigutaki getur rift leigumála um slíkt húsnæði hvenær sem er, unz það er fullbúið til afnota, nema tiltekinn sé í leigumála ákveðinn dagur, er leigutíminn skal hefjast.

Nú tilkynnir leigusali leigutaka að minnsta kosti þremur mánuðum áður en leigutími skal hefjast, að hann geti ekki staðið við samning um að afhenda leigt húsnæði fullbúið á tilskildum tíma, og er hann þá undan því þeginn að greiða leigutaka skaðabætur, nema stórkostlegu gáleysi hans sé um að kenna, og tjái leigutaki ekki leigusala innan hálfs mánaðar, eftir að honum berst tilkynning leigusala, að hann rifti leigumálanum, getur hann ekki síðar rift honum sökum þess, að afhending fer ekki fram á tilskildum tíma.

Leigutaki getur ekki krafizt skaðabóta eða rift leigumála, ef dráttur á afhendingu leigðs húsnæðis stafar af óviðráðanlegum atvikum, sem ekki varð afstýrt, þótt leigusali viðhefði alla þá aðgæzlu, sem með sanngirni varð af honum krafizt, og hann hefur án ástæðulauss dráttar látið leigutaka vita um hin óviðráðanlegu atvik, þegar eftir að þau bar að hendi.

Leigutaki getur þó, hvernig sem á stendur, rift leigumála, ef honum er ekki afhent hið leigða húsnæði í samningshæfu ástandi í síðasta lagi þremur vikum eftir þann dag, er leiguviðskiptin skyldu hefjast.

Leigutaki eða leigusali hafa ávallt rétt til þess að rifta leigumála og krefjast skaðabóta, ef gagnaðili hefur haft svik í frammi.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu sendar í ábyrgðarbréfi.

IV. KAFLI

Staður og stund leigugreiðslu.

19. gr.

Húsaleigu skal greiða fyrir fram mánaðarlega, nema öðruvísi semji.

Ef samið er um leigu um skemmri tíma en einn mánuð, er leigusala heimilt að krefjast greiðslu á leigunni um leið og leigutíminn hefst.

Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag, skal gjalddagi vera næsta virkan dag.

Nú er húsaleiga greidd fyrir fram um lengri tíma en sex mánuði, og skal leigusali þá greiða leigutaka 6% vexti af fjárhæðinni.

20. gr.

Húsaleiga og annað endurgjald, er leigutaka ber að inna af hendi, skal greitt á heimili leigusala eða öðrum þeim stað, sem hann tiltekur innanhéraðs.

Nú hefur leigusali hvorki heimili né skrifstofu í sveitarfélagi því, þar sem hið leigða húsnæði er, og skal hann þá hafa umboðsmann, er heimili eða skrifstofu hefur í sveitarfélaginu og leigutaki getur snúið sér til.

Heimilt er leigutaka að senda leigugreiðslur í ábyrgðarpósti. Leigugreiðsla telst innt af hendi þann dag, sem hún er afhent í pósthúsi.

21. gr.

Nú er hitun eða lýsing innifalin í húsaleigu, og er þá leigusala heimilt vegna verðhækkunar á þessum verðmætum að hækka leiguna hlutfallslega.

Ef svo er kveðið á í samningi, að leigutaki skuli sérstaklega greiða fyrir ljós, hita og heitt vatn, er honum rétt að krefjast þess, að leigusali geri eigi sjaldnar en einu sinni á ári reikningsskil fyrir þessum gjöldum og geri grein fyrir því, hvernig þeim hafi verið skipt niður á íbúðir og húsakynni hússins.

V. KAFLI
Skyldur leigusala.

22. gr.

Leigusala er skylt að halda leigðu húsnæði vel við að því er tekur til alls utanhúss, svo sem þaki, utanhússmálningu, útidyrum og gluggum að utanverðu, svo og stigum, göngum, þvottahúsi og öðru því, sem notað er af öðrum en leigutaka einum eða heimilisfólki hans. Leigusali skal einnig hafa í góðu lagi allar leiðslur að og frá hinu leigða húsnæði, svo og sameiginlegar leiðslur innan húss.

23. gr.

Leigusali skal inna sérhvert viðgerðar- og viðhaldsstarf af hendi svo fljótt sem auðið er, og á þann hátt, að það valdi leigutaka sem minnstu óhagræði.

24. gr.

Skylt er leigusala að taka fram í leigusamningi afnotarétt hvers einstaks leigutaka af sameiginlegu þvottahúsi eða öðru því, er húsnæðinu fylgir og fleiri en einn aðili hefur afnot af.

Leigusali skal og ganga ríkt eftir því, að góð regla og umgengni haldist í leigðu húsnæði þar, sem leigutakar búa.

25. gr.

Leigusali skal greiða alla skatta, sem á húseignina eru lagðir samkvæmt lögum.

26. gr.

Leigutaka er heimilt að koma fyrir á eigin kostnað heimilistækjum í hinu leigða húsnæði, leggja inn síma og setja upp útvarpsloftnet, enda sé það leigusala að meinfangalausu.

27. gr.

Nú rýrnar eða spillist leigt húsnæði eftir að leigumáli tekur gildi, án þess að leigutaki eigi sök á því, hann sætir tálmunum eða óhagræði á afnotarétti sínum, vegna vanrækslu leigusala á viðhaldsskyldu sinni eða vegna annarra ástæðna, sem leigutaka verður ekki um kennt, og ber þá að beita ákvæðum 13. og 15. gr., að breyttu breytanda.

28. gr.

Ef húsnæði eyðileggst af eldi eða öðrum óviðráðanlegum orsökum meðan á leigutíma stendur, fellur leigumáli niður. Hafi leigutaki greitt húsaleigu fyrir leigutíma, er ekki notast honum, vegna þess að húsnæðið verður ónothæft, þá skal leigusali endurgreiða honum þá upphæð innan eins mánaðar.

VI. KAFLI
Viðhaldsskylda leigutaka.

29. gr.

Leigutaki skal annast á sinn kostnað allt viðhald þess húsnæðis, er hann hefur á leigu, og leigusala ber ekki að annast samkvæmt 22. gr. Hann skal halda húsnæðinu svo vel við, að það liggi ekki undir skemmdum. Leigutaki þarf þó ekki að endurbæta húsnæðið, hafi það legið undir skemmdum, þegar hann tók það á leigu.

Leigutaka ber einnig að halda við öllum tækjum, er húsnæðinu kunna að fylgja, svo sem eldavél, baðherbergistækjum, salernisskálum, þvottaskálum, krönum, raftenglum, ljósastæðum, öllum sérleiðslum, gluggarúðum og gluggum innanverðum og

öðru því, er hinu leigða húsnæði kann að fylgja og leigusala ber ekki að halda við samkvæmt 22. gr.

Ákveða má með samningi aðra tilhögun á viðhaldsskyldu en í þessari grein og 22. gr. segir.

30. gr.

Leigutaki skal ganga vel um leigt húsnæði og húseign. Honum ber að bæta fé allt það tjón, sem hlýzt af gáleysi eða vanrækslu hans sjálfs, heimilisfólks hans eða annarra manna, sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það.

31. gr.

Leigutaka ber að tilkynna leigusala skemmdir eða annmarka, sem hann verður eða hlýtur að verða var við á húsnæðinu, og leigusala ber að annast viðhald á. Ef leigutaki vanrækir tilkynningarskyldu sína, skal hann bæta allt tjón, er af því hlýzt.

32. gr.

Leigutaka er skylt að sjá um:

1. Að fullkomins hreinlætis sé gætt í umgengni allri utan húss og innan á eign þeirri, er hann hefur á leigu;
2. að hávaði sé ekki í húsnæði hans umfram það, sem samrýmist góðum sambýlisháttum og fyllstu tillitssemi til annarra;
3. að allt hans heimilisfólk sýni fulla kurteisi og prúðmannlega umgengni við sambýlisfólk sitt.

Leigutaki ber ábyrgð á, að allt það fólk, er í húsnæði hans dvelur að hans vilja, hlíti fyrirmælum 1.—3. töluliðs þessarar greinar.

Leigusali hefur sömu skyldur við leigutaka í umgengnisháttum.

Leigutaka er skylt að hlíta fyrirmælum leigusala, sem miða að því að tryggja reglusemi og góða umgengni í leigðu húsnæði.

33. gr.

Nú kemst meindýr í leigt húsnæði, og ber þá leigutaka að gera ráðstafanir til útrýmingar á því. Um rétt leigusala til skaðabóta vegna þess, að meindýr kemst í hús hans, fer eftir almennum reglum.

34. gr.

Óheimilt er leigutaka að nota leigt húsnæði með öðrum hætti en ákveðið er eða gert er ráð fyrir í leigumála, nema samþykki leigusala komi til.

Ekki er framleiga á leigðu húsnæði í heild heimil. Þó er leigutaka, sem hefur íbúð á leigu, heimilt að selja á framleigu einstök herbergi úr íbúð sinni.

Leigutaka, sem íbúð hefur á leigu, er heimilt að taka í húsnæði sitt nákomna venzlamenn sína leigusala að meinfangalausu. Þó er leigusala rétt að banna viðtöku slíkra venzlamanna, ef heilbrigðisyfirvöldum þykir íbúðin muni verða ofsetin.

Leigutaka, sem hefur einstök herbergi á leigu, er heimilt einungis um stundarsakir að taka í húsnæði sitt nákominn ættingja.

35. gr.

Hver íbúð, sem eldhús eða aðgangur að eldhúsi fylgir, skal tekin út, þegar leigutaki flytur í íbúð og þegar hann flytur úr henni. Úttektarmenn skulu meta til peningaverðs þann mismun, er á húsnæðinu kann að vera frá því að leigutaki tók það á leigu.

Leigutaki skal greiða þær bætur, er hann kann að þurfa að greiða leigusala fyrir vanunnið viðhald, eigi síðar en einum mánuði eftir að hann flytur úr húsnæðinu. Ef leigusala ber að greiða leigutaka bætur, vegna þess að húsnæðið sé í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, þá skal sú greiðsla einnig innt af hendi eigi síðar en mánuði eftir að leigutaki hefur flutt úr húsnæðinu.

Fjárnám má gera fyrir kröfum eftir þessari grein án undangengins dóms eða sáttar, samkvæmt úttektargerð.

36. gr.

Úttektarmenn húsnæðis skulu vera þeir menn, er aukafasteignamat hafa með höndum á hverjum stað.

Þar sem húsaleigunefnd starfar samkvæmt heimildarákvæðum X. kafla, skal hún sjá um, að úttekt húsnæðis, samkv. 35. gr., fari fram, og er henni heimilt að skipta umdæmi sínu í hæfileg matshverfi, ef aukafasteignamatsmenn anna ekki matinu, og fá sérstaka matsmenn skipaða í hverju hverfi. Matsmenn þessir skulu skipaðir af sömu aðilum og aukafasteignamatsmenn.

Matsmenn fá þóknun fyrir starf sitt eftir reglum, sem félagsmálaráðherra setur. Leigusali greiðir þóknunina, en heimilt er honum að innheimta helming hennar hjá þeim leigutaka, sem flytur inn í húsnæðið.

VII. KAFLI

Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

37. gr.

Leigusala eða fyrirsvarsmanni hans er heimill aðgangur að leigðu húsnæði, þegar þess gerist þörf, en sýna skal hann leigutaka fyllstu nærgætni við neyzlu þess réttar.

Ef leigutaki skal rýma húsnæði samkvæmt uppsögn eða af öðrum ástæðum, er honum skylt að veita mönnum, sem leita húsnæðis, færi á því að skoða það á hentugum tíma. Ef þess er ekki getið í leigumála eða samkomulag hefur eigi síðar orðið um það, hvenær sýning húsnæðis skuli fram fara, er leigutaka rétt að tiltaka tíma, þó svo, að hann sé ekki óhentugur þeim, er húsnæðis leita, og skal hann að minnsta kosti vera tvær klukkustundir annan hvern virkan dag. Nú er hvorki leigutaki né fyrirsvarsmaður hans í leigðu húsnæði, og er þá einungis leigusala sjálfum eða umboðsmanni hans rétt að sýna húsnæðið.

38. gr.

Leigusala er rétt að láta framkvæma það viðhald, eða viðgerðir á leigðri eign, er honum ber að annast, þegar hann telur þess nauðsyn, nema leigutaki geti með rökum krafizt þess, að verkinu verði frestað.

39. gr.

Leigusala er rétt með minnst hálfs mánaðar fyrirvara að leggja leiðslur fyrir rafstraum, gas, vatn, hita og frárennsli um leigt húsnæði.

40. gr.

Leigusali má ekki framkvæma breytingar á húseign eða leigðu húsnæði, sem hljóta að valda leigutaka óhagræði að marki, eða valda leiguhækkun, nema leigutaka hafi verið gert viðvart með þeim fyrirvara, að hann geti sagt upp leigumála með venjulegum uppsagnarfresti og flutt úr hinu leigða húsnæði áður en verkið er hafið. Breyting á húseign eða leigðu húsnæði, sem rýrir verulega almennt notagildi húsnæðisins, verður ekki framkvæmd nema með samþykki leigutaka.

VIII. KAFLI

Andlát leigutaka, hjónaskilnaður o. fl.

41. gr.

Nú deyr leigutaki áður en leigumála er lokið, og er þá bæði leigusala og dánarbúi leigutaka heimilt að segja leigumála upp með venjulegum fyrirvara, miðað við næsta almennan fardag, enda þótt leigumáli hafi verið gerður til lengri tíma. Þó er

eftirfarandi maka, skyldmennum og venzlamönnum, sem voru heimamenn leigutaka við andlát hans og vilja taka við leigumála hans með réttindum og skyldum, heimilt að ganga inn í leigumála í stað hins látna, nema af hendi leigusala séu fram færðar gildar ástæður, er mæla því í gegn.

Nú flyzt leigutaki úr húsnæði, er hann hefur gert leigumála um, og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigumála áfram með sama hætti og í 1. mgr. segir.

42. gr.

Nú er hjónaband leigutaka og maka hans dæmt ógilt eða hann skilur að borði og sæng eða lögskilnaði við maka sinn, og skal þá, ef því er að skipta, kveða á um það í leyfisbréfi til hjónaskilnaðar eða dómi, hvor maka skuli halda áfram leigumála. Það hjóna, sem hefur vegna atvinnu sinnar afnot af leigðu húsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því, svo og nauðsynlegrar íbúðar, sem því kann að vera tengd.

Lokaákvæði 1. mgr. 41. gr. um rétt leigusala eiga hér við, að breyttu breytanda.

43. gr.

Nú er leigutaki starfsmaður leigusala og hefur fengið húsnæði á leigu vegna þess starfa, en lætur af honum, og fellur leigumáli þá niður.

44. gr.

Fógeta er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að úrskurða, að leigutaki geti, þrátt fyrir uppsögn, setið áfram í hinu leigða húsnæði í allt að 3 mánuði frá þeim tíma, er leigumála skyldi vera slitið, þyki sú niðurstaða sanngjörn, þegar litið er á hagsmuni leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar, enda leggi leigutaki málið fyrir fógeta a. m. k. tveimur mánuðum áður en leigumála skyldi slitið.

Ákvæðum þessum verður þó ekki beitt, ef leigutaki hefur unnið til útburðar samkvæmt 45. gr.

IX. KAFLI

Réttur leigusala til að rifta leigumála.

45. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum, þrátt fyrir það þótt leigutaka sé með lögum eða samningi tryggður leiguréttur í húsnæði um tiltekinn tíma:

1. Ef leiga hefur ekki verið greidd innan hálfs mánaðar frá gjalddaga á heimili leigusala eða öðrum þeim stað, er hann hefur tiltekið, eða lögð í póst í ábyrgðarbréfi eða póstávísun. Þó er leigusala eigi heimilt að rifta leigumála af þessum sökum, ef leigutaka verður ekki gefin sök á því, að greiðsla hefur ekki farið fram. Ítrekaðar vanefndir á að greiða leigu á réttum gjalddaga veita þó leigusala rétt til að rifta leigumála.
2. Ef leigutaka ber að vinna af sér leigugreiðslu og honum verður á stórfelld vanræksla við þann starfa eða hann á annan hátt gerir sig sekan um meiri háttar handvömm í þeirri þjónustu.
3. Ef leigutaki nýtir húsnæðið á annan hátt en í leigumála er mælt eða heimilt er samkvæmt lögum þessum og hann lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir áminningu leigusala.
4. Ef leigutaki misnotar þá heimild, sem 34. gr. veitir honum.
5. Ef leigutaki meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði, þegar hann samkvæmt 37.—40. gr. skal veita slíkan aðgang.
6. Ef leigutaki flyzt úr húsnæði áður en leigutíma er lokið, án þess að hafa gert í samráði við leigusala nauðsynlegar ráðstafanir til gæzlu og verndar húsnæðinu.

7. Ef leigutaki niðir húsnæðið og ræður ekki bót á því, sem miður fer, þegar er leigusali krefst þess.
8. Ef leigutaki vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur þær, er á honum hvíla, til að sjá um, að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 32. gr.
9. Ef leigutaki vanrækir annars einhverja þá skyldu, er á honum hvílir samkvæmt leigumála, á svo stórfelldan hátt, að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg og nauðsynleg.

Nú er hegðun sú, sem leigutaka er gefin að sök, ekki stórra víta verð, og getur leigusali þá ekki slitið leigumála án venjulegs uppsagnarfrests.

46. gr.

Nú er leigumála rift af einhverri þeirri ástæðu, er í 45. gr. er mælt, og er leigutaka þá skylt að inna af hendi leigu og aðra þá greiðslu, sem á honum hvílir samkvæmt leigumála til þess almenna fardags, er hann mátti samkvæmt sjálfs sín uppsögn víkja úr húsnæðinu, og bæta leigusala allt tjón af vanefndunum, þar á meðal kostnað af útburðargerð. Leigusala er skylt að gera sér far um að selja húsnæðið aftur á leigu gegn hæfilegu gjaldi.

Arður, sem leigusali hefur af slíku húsnæði eða hefði átt að hafa af því á þeim tíma, er í 1. mgr. segir, skal dragast frá bótum þeim, sem leigutaka ber að greiða.

47. gr.

Nú hefur leigutaka orðið á misferli, er greinir í 1., 3., 5., 6. eða 7. lið 45. gr., en hann hefur bætt úr því, sem aflaga fór, áður en leigusali riftir leigumála, eða leigusali riftir ekki leigumála innan mánaðar, eftir að honum er kunnugt um misferli það, sem í 2., 4., 8. eða 9. lið 45. gr. segir, og er honum þá óheimilt síðar að láta bera leigutaka út úr hinu leigða húsnæði af þeim sökum.

48. gr.

Nú tekur fógeti kröfu leigusala um útburð á leigutaka til greina, en leigutaki áfrýjar málinu innan sjö daga frá uppsögn fógetaúrskurðar til hæstaréttar, og er þá fógeta heimilt að fresta framkvæmd útburðar um tiltekinn tíma, ef sérstaklega stendur á, gegn þeirri tryggingu, er hann kann að ákveða.

X. KAFLI

Heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir.

49. gr.

Þegar mikil húsnæðisekla er í kaupstað eða kauptúni, sem hefur 500 íbúa eða fleiri, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu, að einhverju eða öllu leyti, ákvæði þessa kafla.

Samþykkt þá, sem um getur í 1. mgr. skal ræða á tveim fundum í sveitarstjórn, og skal eigi líða skemmri tími milli funda en ein vika.

Nú samþykkir sveitarstjórn, að ákvæði kafla þessa skuli koma til framkvæmda í umdæmi hennar, og skal þá skipuð húsaleigunefnd, sem hefur á hendi framkvæmd þeirra.

50. gr.

Húsaleigunefnd skal skipuð fimm mönnum í þeim sveitarfélögum, þar sem starfandi er félag leigusala (fasteignaeigendafélag) og félag leigutaka (leigjendafélag).

Húsaleigunefndarmenn skulu valdir eins og hér segir:

Tveir skulu kosnir af sveitarstjórn hlutbundinni kosningu, einn tilnefndur af félagi leigusala (fasteignaeigendafélagi), einn tilnefndur af félagi leigutaka (leigj-

endafélagi) og einn tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Ef fleiri en eitt félag fasteignaeigenda eða leigjenda eru starfandi í sama bæjarfélagi, skal stærra (stærsta) félagið tilnefna manninn.

Í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem félög leigusala og leigutaka starfa ekki, skal húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum. Skulu þá tveir kjörnir af sveitarstjórn hlutbundinni kosningu, en einn tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður.

Varamenn skulu jafnmargir og aðalmenn og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Húsaleigunefnd skal skipuð til sama tíma og fastanefndir sveitarstjórna.

51. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í húsaleigunefnd. Þó getur sá, sem átt hefur þar sæti eitt kjörtímabil, skorazt undan endurkosningu.

52. gr.

Húsaleigunefnd fer með öll þau mál í umdæmi sínu milli leigutaka og leigusala, sem henni ber að hafa afskipti af samkvæmt lögum þessum, nema útburðarmál, skaðabótamál og önnur mál, sem samkvæmt lögum eða venju heyra beint undir dómstóla.

53. gr.

Húsaleigunefnd er ályktunarhæf, ef meira en helmingur aðalmanna eða varamanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

54. gr.

Skylt er málsaðilum að mæta fyrir húsaleigunefnd, ef hún krefst þess, og gefa upplýsingar um málsatriði.

Um skyldu annarra manna til að mæta fyrir húsaleigunefnd fer sem um skyldu vitna í einkamálum, sbr. lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

55. gr.

Um rétt og skyldur húsaleigunefndarmanna til að víkja sæti í máli fer eftir sömu reglum og um sáttamenn, þegar þeir úrskurða mál, sbr. 6. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

56. gr.

Nú vill leigusali eða leigutaki ekki hlíta ákvörðun húsaleigunefndar um leigu eða flokkun húsnæðis, og getur hann þá beiðzt yfirmats.

57. gr.

Hæstiréttur skal skipa þrjá aðalmenn í yfirmatsnefnd og þrjá varamenn. Einn aðalmanna skipar hæstiréttur sérstaklega sem formann nefndarinnar og einn varamanna sem varaformann, og skulu þeir fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómarar. Hinir nefndarmennirnir skulu vera valdir með hliðsjón af því, að þeir hafi staðgóða þekkingu á húsnæðismálum. Nefndin skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Hlutverk yfirmatsnefndar er að ákveða endanlega leigu eftir húsnæði og úrskurða um flokkun þess.

58. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar, setja reglugerð um flokkun íbúðarhúsnæðis. Reglugerðina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

59. gr.

Húsaleigunefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn eru opinberir sýslunarmenn og njóta réttinda og eru háðir skyldum þeirra í starfi sínu.

60. gr.

Kostnaður við húsaleigunefndir greiðist úr ríkissjóði, og ákveður sveitarstjórn þóknun til húsaleigunefndarmanna. Kostnaður við yfirmatsnefnd greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þóknun yfirmatsnefndarmanna.

61. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beina línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini. Nær þetta einnig til tímabundinna leigusamninga, þó leigutaki hafi skuldbundið sig til að rýma húsnæðið á tilteknum tíma. Ákvæði 1. mgr. taka þó ekki til:

1. Íbúðarhúsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi býr á sjálfur og hefur sama ytridyrainngang.
2. Einstaklingsherbergja.
3. Atvinnuhúsnæðis.

Uppsögn er einnig heimil, ef leigutaki á sjálfur íbúð í sama sveitarfélagi, sem er honum nothæf að dómi húsaleigunefndar.

Uppsögn leiguhúsnæðis er ávallt heimil, ef leigutaki hefur brotið ákvæði 45. gr. laga þessara.

62. gr.

Nú hefur leigusali sagt leigutaka upp húsnæði og fært fram ástæður þær, sem tilgreindar eru í 61. gr., en síðar kemur í ljós, að um yfirskinsástæður hefur verið að ræða, og á leigutaki þá aftur rétt á hinu leigða húsnæði, og auk þess skal leigusali bæta honum að fullu tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna uppsagnarinnar. Leigutaki skal þó gera skaðabótakröfu sína eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því honum var kunnugt um yfirskinsástæður uppsagnarinnar.

63. gr.

Heimilt skal leigusala og leigutaka að semja um viðhaldsskyldu húsnæðis á þann hátt, að leigusali hafi viðhaldsskyldu eignarinnar að meira eða minna leyti. Má þá leiga eftir húsnæðið hækka frá því er 64. gr. ákveður, sem viðhaldinu nemur, þó aldrei meira en 15 af hundraði af hámarksleigu þeirri, sem tiltekin er í 64. gr.

Ef viðhaldsskylda skal að einhverju leyti hvíla á leigutaka, skal húsnæðið tekið út á sama hátt og 35. gr. gerir ráð fyrir.

64. gr.

Leiga eftir íbúðir, sem eru eitt herbergi og eldhús eða meira, skal frá 1. janúar 1953 ekki mega vera hærri en 11 krónur fyrir hvern fermetra íbúðarinnar, miðað við utanmál, gangar, innri og ytri forstofa meðtalin. Skal hámark þetta miðast við gott og vandað húsnæði, búið öllum venjulegum nýtízku þægindum, en leigan skal vera lægri eftir því sem skortir á gæði húsnæðisins að dómi húsaleigunefndar. Leiga fyrir afnot þvottahúss og fyrir geymslur skal ákveðin í samræmi við gæði þess húsnæðis, með hliðsjón af áðurgreindu hámarki, og skal þá m. a. hafa hliðsjón af því, hversu fullkomin tæki eru til afnota í þvottahúsi.

Leiga sú, sem ákveðin verður hinn 1. janúar 1953, skal teljast grunnleiga, og breytist hún til hækkunar eða lækkunar þriðja hvert ár samkvæmt meðalvísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir næstliðinn þriggja ára tíma. Skal vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út af Hagstofu Íslands, en félagsmálaráðuneytið auglýsir vísitöluna og jafnframt þá breytingu, sem verður á húsaleigu samkv. henni.

65. gr.

Nú telur leigusali eða leigutaki, að umsamin og greidd leiga eftir húsnæði sé í ósamræmi við fyrirmæli 64. gr., og getur hann þá krafizt þess, að húsaleigunefnd meti leiguna.

66. gr.

Nú hefur leigutaki greitt hærri húsaleigu en húsaleigunefnd eða yfirmatsnefnd telur hæfilega. Skal þá leigusala skylt að endurgreiða þá fjárhæð, sem leigutaki hefur ofgreitt. Heimilt skal leigutaka að láta hina ofgreiddu leigu ganga til greiðslu húsaleigunnar. Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein verður þó eigi krafin nema 3 ár aftur í tímann.

67. gr.

Íbúðarhúsnæði, sem ákvæði þessa kafla ná til, má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa. Húsaleigunefnd getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar í umdæminu.

Ef íbúðarhúsnæði, sem ákvæði þessa kafla ná til, er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd heimilt að knýja húseiganda að viðlögðum allt að 400 kr. dagsektum í sveitarsjóð til að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

68. gr.

Heimilt skal leigusala að skipta á íbúð sinni og íbúð leigutaka í húsi sínu, enda komi íbúð leigusala leigutaka að sömu eða svipuðum notum, að dómi húsaleigunefndar. Svo skal og leigusala, er býr í húsi annars undir sömu kringumstæðum, heimilt að skipta á íbúð við leigutaka í húsi sínu, enda samþykki leigusali hans skiptin. Skipti á íbúðum geta því aðeins farið fram, að leigusali hafi tilkynnt leigutaka vilja sinn þar um, með sama fyrirvara og um uppsögn væri að ræða.

69. gr.

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Sveitarsjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er leigunámi samkvæmt grein þessari, svo og hugsanlegt álag vegna skemmda eða vanunnins viðhalds.

70. gr.

Krafa leigutaka um endurgreiðslu fyrir ofgreidda leigu fyrnist á tveimur árum.

Aðrar fjárkröfur leigutaka á hendur leigusala svo og fjárkröfur leigusala á hendur leigutaka fyrnast á sama tíma, nema annað sé fram tekið í lögum þessum.

XI. KAFLI

Um húsaleigumiðstöð.

71. gr.

Nú er svo ástatt í kaupstað eða kauptúni með 500 íbúa eða fleiri sem segir í 49. gr. og heimildarákvæðum X. kafla hefur verið beitt, en þykja ekki koma að tilætluðum notum, og er þá sveitarstjórn heimilt með sérstakri samþykkt, gerðri á sama hátt og í 49. gr. getur, að ákveða, að komið skuli á fót húsaleigumiðstöð í umdæmi sínu.

Fela má húsaleigunefnd starfrækslu húsaleigumiðstöðvar.

72. gr.

Nú hefur húsaleigumiðstöð verið komið á fót samkv. 71. gr., og skal hún þá annast leigu á öllu nýju húsnæði og eldra húsnæði, sem losnar eftir að húsaleigumiðstöðin tekur til starfa.

Heimild leigumiðstöðvar til ráðstöfunar á húsnæði getur þó aldrei náð til þess leiguhúsnæðis, sem er í því sama húsi og húseigandi býr í sjálfur.

73. gr.

Áður en húsnæði er leigt af húsaleigumiðstöð, skal leita tillagna eiganda húsnæðisins um væntanlegan leigutaka.

Fjölskyldur, sem ómegð hafa, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um húsnæði, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð.

Nú hefur húsaleigumiðstöð leigt húsnæði öðrum en eigandi þess hefur óskað eftir, og skal honum þá heimilt, þrátt fyrir 61. gr. laga þessara, að segja leigutaka upp húsnæðinu eftir að leigutaki hefur verið í húsnæðinu í sex mánuði.

Sveitarstjórn ábyrgist eiganda húsnæðis, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð, greiðslu á leigu eftir húsnæðið, enda á hún endurkröfurétt á hendur leigutaka fyrir þeirri fjárhæð, sem hún greiðir hans vegna.

74. gr.

Með reglugerð, sem sveitarstjórn setur og félagsmálaráðherra staðfestir, skal kveða nánar á um fyrirkomulag og starfrækslu leigumiðstöðvar áður en hún tekur til starfa.

Allur kostnaður við starfrækslu húsaleigumiðstöðvar greiðist úr sveitarsjóði.

XII. KAFLI

Um áfrýjun, refsingar o. fl.

75. gr.

Úrskurðum húsaleigunefndar, öðrum en matsgerðum um leiguhæð, má skjóta til dómstólanna.

76. gr.

Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkvæmt lögum þessum, tekur við eða býður fram hærri leigu, eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum til ríkissjóðs allt að 50 þúsundum króna, eða, ef um meiri háttar brot er að ræða, varðhaldi.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber mál.

77. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, lög nr. 47 23. febrúar 1945, lög nr. 95 12. des. 1945 og lög nr. 56 25. maí 1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu, svo og lög nr. 30/1952, um hámark húsaleigu o. fl.

78. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1953.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frv. þetta að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndin í heild og einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins í heild og einstakra greina þess.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af allsherjarnefnd neðri deildar, og vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi því.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.

Greinargerð.

Á Alþingi 1945 var borið fram að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Í greinargerð frumvarpsins var m. a. komizt svo að orði:

„Nú á tímum mætti öllum vera orðið það ljóst, hversu miklu máli hagnýting jarðhita hér á landi skiptir og mun skipta um hag þjóðarinnar. Er hitaveita Reykjavíkur og hin mikla notkun hverahita í gróðurhúsum næg sönnun þess. Er því næsta áríðandi, að farið sé svo með þessar auðlindir, að þess sé gætt sem bezt, að þær komi að sem mestum notum, ekki aðeins fyrir einstaklinga, er nota þær, heldur og fyrir þjóðarheildina. En eftir því sem lögum um þetta efni er nú varið, brestur nokkuð á, að það sé fyllilega tryggt. Um þetta gilda nú lög nr. 98 14. maí 1940 og lög nr. 114 30. des. 1943, og heimila þau landeiganda hagnýtingu jarðhitans með nokkrum takmörkunum, en ýmis ákvæði vantar þar, sem nauðsynlega þurfa að vera í slíkum lögum, bæði um eftirlit af hálfu hins opinbera, skaðabótarétt, viðurlög o. fl., og því er frv. þetta flutt.“

Í þingnefnd þeirri, sem um málið fjallaði, varð að samkomulagi að fá rækilegri athugun verkfræðinga á málinu, og var frv. því afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Efri deild telur, að nauðsyn sé á, að sett verði lagafyrirmæli um eftirlit með jarðborunum og til tryggingar því, að virkjun jarðhita verði eigi skemmd að ófyrirsynju með síðari mannvirkjum, og skorar þess vegna á ríkisstjórnina að semja í samráði við sérfræðinga frv. til l. um notkun jarðhita, þar sem fullnægjandi ákvæði verði um þessi efni, og tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi frv. þetta fyrir næsta Alþingi.“

Slíkt frv. hefur enn ekki verið lagt fyrir Alþingi. Er þó ljóst, að mikil þörf er á því, að sett verði skýr löggjöf um þetta efni, svo að tryggt sé, að jarðhitinn verði hagnýttur þannig, að þjóðarheildinni komi að sem mestu gagni, og því er till. þessi fram borin.

Nd. 65. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Þá skal einnig á kostnað ríkisins reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um það er tæpast ágreiningur, að nauðsynlegt sé að koma á fót stofnunum til hjálpar drykkjusjúkum mönnum. Meðal þeirra stofnana er hæli fyrir þá, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar um langt skeið. Núgildandi lög um þessi mál, nr. 55 frá 1949, mæla svo fyrir, að vilji sveitarfélög reisa og reka á sinn kostnað slík hæli, fari um ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum um sjúkrahús, þ. e. ríkissjóður greiði ⅖ hluta stofnkostnaðar.

Sveitarsjóðir hafa þegar ærin útgjöld af drykkjusjúkum mönnum, bein og óbein, þótt kostnaður við stofnun og starfsemi slíkra hæla sé ekki einnig á þá lagður. Ríkissjóður hefur árlega tugmilljóna tekjur af áfengissölu, og er sá hagnaður áætlaður í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár 53 millj. kr. Virðist eðlilegt, að ríkið standi undir kostnaði við áfengishæli. Alþingi hefur og sýnt vilja sinn í þá átt. Í fyrrgreindum lögum frá 1949 er ákveðið að stofna gæzluvistarsjóð, og renni til hans 750 þús. kr. á ári hverju á árunum 1950—1956. Í þennan sjóð eru því komnar 2 millj. 250 þús. kr., og er sú fjárhæð að mestu ónotuð.

Það er efni þessa frv., að ríkið, þ. e. gæzluvistarsjóður, reisi og reki hæli fyrir þá áfengissjúklinga, sem þarfnast langrar dvalar.

Nd. 66. Frumvarp til laga [66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Rafnar, Emil Jónsson.

1. gr.

Allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort sem það eru fólks-, vöru- eða sendibifreiðar, skulu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnir skulu, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, hafa heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. málsgr.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal kveða nánar á um takmörkun skv. 1. gr. með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrætt. Fer hér á eftir greinargerð sú, er þá fylgdi frv.

„Frv. þetta er flutt að tilmælum stjórna bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og vörubílstjórafélagsins Þróttar. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Við undirritaðir höfum athugað, hvort nauðsyn bæri til þess að skipuleggja akstur leigubifreiða hér í bæ og annars staðar að því er snertir leigubifreiðar til fólksflutninga, sem taka allt að 8 farþega, svo og vörubifreiðar, sem leigðar eru almenningi og hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, aðallega með það fyrir augum, hvort nauðsynlegt væri að setja löggjöf um takmörkun þeirra.

Við athugun höfum við sannfærzt um það, að atvinnumöguleikar fyrir leigubifreiðar eru mjög takmarkaðir eins og nú er, miðað við þann fjölda bifreiða, sem notaðar eru í þessu efni nú.

Leigubifreiðar til fólksflutninga, sem taka allt að 8 farþega, eru nú um 450 hér í Reykjavík og um 250 vörubifreiðar, og virðist það vera mun fleiri bifreiðar en nokkur þörf er fyrir. Er því fyrirsjáanlegt, að brýn nauðsyn er til þess að takmarka fjölda leigubifreiða, eigi að vera nokkur möguleiki til þess að þeir menn, sem stunda akstur leigubifreiða sem aðalatvinnu, geti haft það sér og sínum til lífsframfæris, enda mun nú svo komið, að í flestum menningarlöndum er tala slíkra flutningatækja takmörkuð með löggjöf.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að með því að binda við þessi störf fleiri menn en nauðsyn krefur á hverjum tíma fer geysilega mikið vinnuafl til ónýtis, auk þess sem við þessa flutninga eru bundnar miklu fleiri bifreiðar en þörf er á, en það leiðir að sjálfsögðu af sér aukinn innflutning á alls konar rekstrarvörum til bifreiða.

Loks má benda á það, að fjöldi manna hefur lagt mikið fé í það að kaupa sér dýrar bifreiðar í þeirri von, að akstur vöru- og fólksflutningabifreiða sé mjög arðvænleg atvinnugrein, en margir þessara manna hafa síðan komizt í miklar fjárkröggur vegna þessa, en af því hefur oft og einatt leitt alls konar spillingu, sem hægt væri að komast hjá með því að takmarka tölu bifreiðanna við flutningaþörfina og tryggja þannig að fullu hagnýtingu vinnuafls og tækja í þessum starfsgreinum.

Í sambandi við setningu löggjafar um þessi mál, teljum við brýna nauðsyn bera til þess, að fyrrgreindar bifreiðar til almenningsnota hafi fasta afgreiðslu á bifreiðastöð, enda mundi allt eftirlit með slíkri löggjöf verða mjög erfitt, ef bifreiðarnar hefðu ekki skyldu til þess að vera í fastri afgreiðslu á bifreiðastöð.

Með tilvísun til framanritaðs erum við undirritaðir því sammála um, að nauðsyn beri til þess, að sett verði löggjöf um heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða til vöru- og mannflutninga í kaupstöðum landsins og að það gæti orðið á Alþingi því, sem nú situr.

Bergsteinn Guðjónsson, form. Hreyfils.
Friðleifur I. Friðriksson, form. V.B.S. Þróttar.“

Nd. 67. Frumvarp til laga [67. mál]

um afnám laga nr. 99 1933, um veitingaskatt.

Flm.: Jónas Rafnar, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, og öll lagaávæði um breyting á þeim lögum falla úr gildi 31. des. 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frumvarp samhljóða þessu, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 99 19. júní 1933 var ákveðið, að greiða skyldi 10% skatt til ríkissjóðs af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annarra neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum veitingastöðum.

Á sínum tíma var þessi skattur sniðinn eftir danskri fyrirmynd og þá einnig rökstuddur sem eins konar „luxus"-skattur.

Síðan hafa miklar breytingar á orðið, sem mæla eindregið með því, að þessi skattur verði nú afnuminn.

Veitingastarfsemi er orðin miklu almennari þáttur í atvinnulífinu og mikil þörf á því, að bætt séu skilyrði til gistihúsahalds og veitingastarfsemi, bæði vegna gerbreyttra samgönguskilyrða og almennra ferðalaga innanlands og eins vegna þess, hversu æskilegt er að stuðla að frekari heimsóknum erlendra ferðamanna.

Danir hafa fyrir löngu afnumið veitingaskattinn hjá sér nema á áfengum drykkjum, en hér á landi stendur hann fyrir þrifum eðlilegri þróun í gistihúsahaldi og veitingastarfsemi.

Ríkissjóð munar nú ekki miklu, þótt þessi skattur sé afnuminn, enda mundi um leið sparast töluvert fé, sem fer í innheimtu hans, og einnig skapast nýjar tekjur af fjölþættari starfsemi og bættum hag þess atvinnurekstrar, sem skatturinn hvílir þungt á."

Sþ. 68. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til heitaveitu á Sauðárkróki.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa og kynnt sér eftir föngum hitaveitumál Sauðárkróks.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin fékk — og meðal annars frá skrifstofu raforkumálastjóra — er útlit fyrir, að hitaveitan muni takast vel og verða gott fyrirtæki.

Viðbótarábyrgð þá, sem farið er fram á í tillögunni að ríkið veiti, telur nefndin rétt að veita og mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. okt. 1952.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Jónas G. Rafnar.
Hannibal Valdimarsson.	Ingólfur Jónsson.	Pétur Ottesen.

Ed. 69. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd efri deildar tók mál þetta fyrir til umræðu og afgreiðslu á fullskipuðum fundi 10. þ. m.

Frumvarpið er — eins og segir í athugasemdum, sem fylgja því frá ríkisstjórninni, sem ber það fram — flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er stjórnin gaf út fyrra ár. Lántakan, sem bráðabirgðalögin heimiluðu, hefur þegar verið framkvæmd, og þótt að réttu lagi hefði átt að leggja bráðabirgðalögin fyrir Alþingi 1951

til staðfestingar, þá telur nefndin enga ástæðu til, að þau mistök verði látin standa í vegi fyrir staðfestingu bráðabirgðalaganna nú.

Nauðsyn og réttmæti lántökunnar orka ekki tvímælis að áliti nefndarinnar. Leggur nefndin þar af leiðandi til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. okt. 1952.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Magnús Kjartansson.	

Ed. 70. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur í dag tekið mál þetta fyrir á fundi sínum og athugað það. Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum útg. 16. júní s. l. Var nefndin sammála um, að veðmálastarfsemi íþróttasjóðs kæmi ekki að fullum notum, ef greiða ætti af vinningum þar tekjuskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Leggur hún því til samhljóða, að frv. verði samþykkt óbreytt, þannig að af vinningunum verði ekki greidd önnur opinber gjöld en eignarskattur.

Alþingi, 13. okt. 1952.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Magnús Kjartansson.	

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um síldarleit fyrir Norður- og Norðausturlandi.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega hentugt skip til þess að annast síldarleit fyrir Norður- og Norðausturlandi næsta sumar og fram á haust. Kostnaður við leitina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur aflabresturinn á síldveiðunum síðastliðin sumur komið mjög hart niður á landsmönnum og þá ekki sízt Norðlendingum. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar að tilhlutun ríkisvaldsins til þess að draga úr afleiðingunum, en þær hafa náð skammt til þess að bæta tjónið. Ber því að leggja höfuðáherzlu á að leita síldarinnar og ná til hennar með hentugum veiðitækjum. Skiptir miklu fyrir þjóðarheildina, að unnið sé markvisst að því, að árangur náist í þessum efnum, og eðlilegt, að ríkisvaldið hafi þar forustu og fyrirgreiðslu.

Norðmönnum hefur gengið vel á síldveiðum undanfarandi ár, bæði heima fyrir og hér við strendur landsins. Er vitað, að aflabrögð Norðmanna hér við land í sumar

voru góð, enda mun hafrannsóknaskip þeirra, sem fylgdi síldarflotanum, hafa látið honum í sé ómetanlegar upplýsingar um göngu síldarinnar og annað, sem nauðsynlegt er fyrir veiðiskipin að fá vitenskju um.

Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í sambandi við síldveiðarnar undanfarna áratugi. Afkastamiklar verksmiðjur hafa verið reistar. Sama er að segja um margvíslegan undirbúning til að veita síldinni móttöku til söltunar. Þá er og vitað, að um eða yfir 200 fiskiskip hafa stundað síldveiðar fyrir Norðurlandi yfir sumarmánuðina. Því miður hafa þessar bættu aðstæður fyrir síldveiðarnar ekki komið að tilætluðum notum — og má ef til vill segja, að ekki hafi verið gert eins mikið og skyldi til þess að fylgjast með göngu síldarinnar undanfarandi aflaleysisár, þegar svo reyndist, að hún hagaði göngum sínum öðruvísi en áður.

Margir útgerðarmenn og sjómenn telja, að nauðsyn beri nú til að fá sérstakt skip, búið fullkomnustu tækjum, til þess að leita síldarinnar og rannsaka hætti hennar. Þyrfti leitin fyrir Norðurlandi að ná yfir langan tíma, eða allt frá því að vorinu og fram á haust.

Með tillögu þessari er ætlazt til, að ríkisstjórnin taki málið að sér og annist framkvæmd þess. — Nánar í framsögu.

Ed. 72. Frumvarp til laga [69. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Húsavík lán til kaupa á togara.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað — eða hlutafélag, sem kaupstaðurinn er þátttakandi í — lán til kaupa á einum togara. Ábyrgðin má vera fyrir upphæð, er nemur allt að 90% af kaupverði togarans, enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstjórnarinnar.

Togarinn sé veðsettur ríkinu eða til tryggingar lánsfénu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar.

Á Íslandi eru nú þrettán kaupstaðir. Ríkið hefur þegar veitt meiri og minni aðstoð til þess, að togarar fengjust til tíu þessara kaupstaða. Nokkur kauptún hafa einnig notið slíkrar aðstoðar.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita Húsavík ábyrgðaraðstoð í líkum mæli og ýmsum hinna áðurnefndu staða.

Hér með er prentað sem fylgiskjal bréf til flutningsmanns, dags. 8. þ. m., undirritað af bæjarstjóra Húsavíkur (Friðfinni Árnasyni) og þrem fulltrúum úr bæjarstjórninni, sínum frá hverjum stjórnmálaflokki: Alþýðuflokknum (Ingólfur Helgason), Sósialistaflokknum (Páll Kristjánsson) og Sjálfstæðisflokknum (Helena Líndal). Gerir bæjarstjórnin í bréfi þessu grein fyrir þörf Húsavíkur fyrir togara og skilyrðum staðarins til þess að hagnýta afla hans.

Nánar mun svo flutningsmaður skýra málið í framsögu.

Fylgiskjal.

Húsavík, 8. okt. 1952.

Herra alþingismaður Karl Kristjánsson, Reykjavík.

Um leið og bæjarstjórn Húsavíkur sendir yður, hr. alþingismaður, meðfylgjandi útskrift úr fundargerðarbók bæjarstjórnar, vill hún taka fram nokkur atriði, er hún telur mestu skipta í sambandi við mál það, er hún óskar, að þér flytjið á háttvirtu Alþingi.

Yfir vetrarmánuðina er hér jafnan atvinnuleysi í mjög stórum stíl, bæði meðal landverkamanna og þeirra, sem sjó sækja á smádekkbátum og trillubátum. Fá þessir smábátar venjulega mjög lítið sótt sjó yfir vetrarmánuðina, frá nóvemberbyrjun til aprílloka, en stærri bátar staðarins sækja frá verstöðvum sunnanlands á veturna. Tíminn frá októberlokum til aprílloka er því að mestu „dauður tími", ekki aðeins fyrir landverkamenn, heldur einnig fyrir sjómenn, sem róa á smábátum, enda bera atvinnuleysisskráningar, sem fram fóru í febrúar og marz í fyrra, þessu atvinnuástandi bezt vitni. Í febrúar voru skráðir rúmlega 100 og í marz rúml. 90 atvinnulausir verkamenn. Þó eru alltaf nokkrir atvinnulausir verkamenn, sem ekki láta skrá sig. Þetta atvinnuleysi er þrátt fyrir það, þótt hópur manna fari á hverjum vetri um áramót til verstöðvanna sunnanlands í atvinnuleit, auk þeirra manna, sem fylgja eftir þremur stórum bátum héðan á hverja vetrarvertíð.

Í sambandi við atvinnuleysi kvenna er rétt að geta þess, að þegar hraðfrystihúsið starfar, vinna þar 30 til 60 stúlkur. Þann tíma, sem hraðfrystihúsið hefur ekki hráefni, hafa þessar stúlkur enga atvinnu.

Í Húsavík eru nýbyggð tvö fiskiðnaðarhús, hraðfrystihús og saltfiskþurrkhús. Kostnaðarverð beggja húsanna með öllum vélum og tækjum er um kr. 2 350 000.00. — Af skuldum þeim, sem hvíla á frystihúsinu eru 750 þús. kr. með ábyrgð ríkissjóðs. Það er vitanlega mikið áhugamál, að þessi fiskiðnaðartæki séu ekki rekin með tapi og að þau geti staðið við sinar skuldbindingar. Afkoma þessara fyrirtækja verður varla tryggð betur með öðru en því, að þau hafi sem allra lengstan rekstrartíma úr árinu. Það ætti því að muna miklu, hvort þau eru rekin í 6 mánuði eða 10 til 11 mánuði, þegar um rekstrarafkomu er að ræða.

Hér á nærliggjandi miðum er venjulega sama sem engan fisk að fá yfir vetrarmánuðina, enda eru bátar þeir, sem hér eru heima á þeim tíma, ekki til vetrarsóknar. Hér er því ekki um neinn annan möguleika að ræða til að fá fisk en ef unnt væri að fá fisk úr togara. Fyrri hluta vetrar hafa íslenzkir togarar aðallega veitt á „Halanum", en það mun vera svipuð vegalengd frá Halanum til Húsavíkur og Reykjavíkur. Sem sagt, til þess að Húsvíkingar fái fisk á veturna, er aðeins um þann möguleika að gera að fá fisk úr togara.

Viðkomandi skilyrðum til að nýta söluhæfa togaraafla hér í Húsavík skal fram tekið, að hraðfrystihúsið getur, eins og sakir standa, hraðfryst 35—40 tonn af þorski á sólarhring, en hefur húsrýmisskilyrði til að auka það magn um ca. 25 tonn með auknum vélakosti. Enn fremur er hér saltfiskþurrkhús og beinamjölsverksmiðja. Þá er og um mikinn húsakost að ræða til fisksöltunar eða nánar tiltekið fjögur hús, er öll gætu verið tiltæk, a. m. k. yfir vetrarmánuðina.

Samkvæmt athugun, sem gerð hefur verið á því, hvað ein veiðiför togara, sem legði hér afla á land, skapaði mikla vinnu í landi, miðað við 250 tonna afla, er niðurstaðan þessi:

1. Löndun, 40 menn 14—18 stundir.
2. Hraðfrysting 100 tonn, 40 manns 6—9 átta stunda vaktir eftir aðferðum.
3. Flatning og söltun, 50 menn í 16 stundir.

Enn fremur mundi skapast atvinna við aflann að öðru leyti, svo sem við mat, pökkun, útskipun o. s. frv. Komið gæti til mála að setja upp netjaverkstæði, og mundi það þá skapa atvinnu.

Eins og sjá má af framansögðu, þarf mikill hluti Húsvíkinga, að óbreyttum atvinnuástæðum, að afla tekna yfir vor- og sumarmánuðina sér og fjölskyldum sínum til ársframfærslu og til greiðslu opinberra gjalda. Er augljóst, að við svo búið má ekki standa og að við slík atvinnuskilyrði fá menn ekki búið, nema verða annaðhvort óvirkir gjaldþegnar sveitarfélagsins eða beinlínis styrkþegar að meira eða minna leyti.

Er öllum Húsvíkingum ljóst að gera verður mikið átak til eflingar atvinnulífi staðarins, ef ekki á illa að fara. Sér bæjarstjórn Húsavíkur og Húsvíkingar í heild ekki annað ráð vænna til skjótra úrræða en að efna til togaraútgerðar, og er það von okkar hér, að slík útgerð muni mjög bæta hag einstaklinga og fyrirtækja.

Virðingarfyllst.

F. h. bæjarstjórnar Húsavíkur,

Ingólfur Helgason. Páll Kristjánsson.
Friðfinnur Árnason. Helena Líndal.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um lánveitingar út á smábáta og vátryggingar smábáta.

Flm.: Karl Kristjánsson, Eiríkur Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til þess, að fiskveiðasjóður veiti framvegis lán út á smábáta í samræmi við lán út á stærri báta, án þess að krefjast baktryggingar, enda séu smábátarnir vátryggðir í samræmi við vátryggingu hinna og tryggingarfélög skylduð, ef með þarf, til þess að taka þá í tryggingu.

Greinargerð.

Útgerð lítilla vélbáta hefur reynzt farsæl víða á landinu, þótt draumar um stórútgerð skyggðu á hana í hugum manna um skeið. Margir menn, sem eru ötulir til sjálfsbjargar, hafa nú hug á því að koma sér upp smábátaútgerð. Síldveiðarnar hafa brugðizt norðanlands í 8 ár samfleytt, svo að annað verður að reyna. Rýmkun landhelginnar gefur vonir um auknar fiskgöngur á veiðisvæði smábátanna, grunnmiðin.

En þeir fiskimenn, sem vilja kom sér upp litlum vélbátum, eiga mjög torvelt með að fá lán til þess út á bátana. Fiskveiðasjóður er helzta hjálparhellan, en hann lánar þó ekki út á þessa litlu báta, nema sett sé baktrygging, svo sem fasteignaveð eða ábyrgð sveitarfélags; telur, að vátrygging bátanna sé of ófullkomin til þess, að hægt sé að taka þá fullgilda sem veð.

Þetta er slæmur þröskuldur. Ýmsir, sem hafa bæði vilja og aðstöðu til þess að gera út smábát, eiga enga veðhæfa fasteign. Mörgum þessara manna er, sem betur fer, móti skapi að leita til sveitar um ábyrgð, og sneiða þeir hjá því í lengstu lög. Verður því oft ekki af framkvæmdum, og atvinnuleysingjum fækkar ekki, sem annars hefði orðið. Hér verður að ráða bót á. Stendur ríkisvaldinu næst að gera það, eins og málum er komið, hlutast til um, að fiskveiðasjóður veiti lán út á bátana án sérstakra baktrygginga, og koma því í kring, að vátryggingarfélögin taki bátana í þá tryggingu, að þeir verði veðhæfir og um leið áhættuminni eign fyrir sjómennina en nú er.

Nd. 74. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „með sömu kjörum og það er tekið“ í lok greinarinnar komi: með sömu kjörum og lögum samkvæmt gilda um útlán þessara sjóða.

Nd. 75. Frumvarp til iðnaðarlaga. [71. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar iðnreksturs, sem starfræktur er í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðn og verksmiðjuiðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru. Heimilisiðnaður skal undanskilinn ákvæðum laganna.

2. gr.

Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til þess að reka iðnað, handiðn og verksmiðjuiðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er íslenzkur ríkisborgari og búsettur hér á landi.
2. Er lögráður.
3. Hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Nú vill félag eða stofnun reka hér iðnað og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu allir, sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir.
2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar og stjórnendur félags skilyrðum 3. gr.

5. gr.

Leyfi glatast, ef leyfishafi missir einhverra þeirra skilyrða, sem í 3. gr. segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum. — Nú missir stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags skilyrða þeirra, er í 3. gr. segir, eða félag eða stofnun missir íslenzks heimilisfangs og skal þá aðili hafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því að breyting varð, en hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Leyfi er bundið við nafn. Rétt er ekkju að halda áfram iðnaði látins manns síns án nýs leyfis, enda fullnægi hún lögmæltum skilyrðum.

Bú aðila, er leyfi hafði, má reka iðnaðinn, að því leyti sem sá rekstur er þáttur

í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má reka iðnað arfleifanda án nýs leyfis, þar til hann til fjárráður, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

7. gr.

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðn og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum, skulu ávallt reknar undir iðnfræðilegri forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á, að öll vinna sé iðnfræðilega rétt og vel af hendi leyst.

Ekki má ráða til iðnstarfa í slíkum iðngreinum aðra en meistara, sveina og nemendur í iðngreininni. Þó getur hver og einn unnið slík störf fyrir sjálfan sig, fjölskyldu sína, opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um viðhald eða endurbætur á eignum þessara aðila er að ræða.

Ráða má sérverkamenn til aðstoðarstarfa.

8. gr.

Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er lokið hafa sveinsprófi í iðngreininni eða öðlast sambærileg réttindi á annan lögmætan hátt.

9. gr.

Hver maður getur leyst meistarabréf ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en 3 ár, eða lokið meistaraprófi.

Með reglugerð skal kveðið á um kröfur þær, sem gerðar skulu til meistaraprófs.

Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

10. gr.

Sá hefur fyrirgert meistarabréfi sínu, sem missir einhvers þeirra skilyrða, er fullnægja þarf til þess að öðlast það.

11. gr.

Ráðherra veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, iðnaðarleyfi og meistarabréf.

Í iðnaðarleyfi skal tekið fram, hvort það gildi fyrir handiðnað eða verksmiðjuiðnað.

Sá, sem leyfis beiðist, skal snúa sér þar um til lögreglustjóra, þar sem hann á heimilisfang. Lögreglustjóri rannsakar, hvort öll skilyrði séu fyrir hendi, og framsendir umsóknina síðan til ráðherra, er veitir leyfið, að uppfylltum öllum skilyrðum.

Nú er synjað um iðnaðarleyfi eða meistarabréf og er aðila þá heimilt að bera málið undir dómstóla.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir iðnaðarleyfi kr. 1000.00, fyrir meistarabréf kr. 500.00.

12. gr.

Halda skal skrá yfir iðnaðarleyfi og meistarabréf, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt.

Leyfishafar skulu jafnan tilkynna lögreglustjóra heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú og allar breytingar, er þar á verða. Lögreglustjóri framsendir síðan þær tilkynningar til skrár þeirrar, sem haldin er.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli um þessi efni.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um lágmarksgæði iðnaðarframleiðslu.

Nú vilja hagsmunasamtök þeirra aðila, er stunda iðnaðarframleiðslu, láta gera sérstök auðkenni fyrir framleiðslu sína eða tákna hana ákveðnum heitum og láta

löggilda þau einkenni eða heiti samkvæmt ákvæðum laga um gæðamerki, nr. 80 3. maí 1935, og skal þá sérstaklega tekið fram, hvort auðkenni eða heiti taki til framleiðslu handiðnaðar eða verksmiðjuiðnaðar, og má ekki nota hið sama auðkenni eða heiti yfir hvort tveggja.

14. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skal hlutverk þess vera að veita lögreglustjórum aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum laga þessara.

Iðnráð skulu kosin eftir löggiltum iðngreinum. Ráðherra setur reglugerð um kosningu til þeirra og starfssvið.

15. gr.

Ráðherra skal leita álits stjórnar Landssambands iðnaðarmanna eða stjórnar Félags íslenzkra iðnrekenda, eftir því sem við á hverju sinni, við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum og úrskurðun mála.

16. gr.

Það varðar sektum allt að kr. 40 000.00, ef maður rekur iðnað án þess að hafa leyst leyfi eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns, ef maður tekur að sér störf meistara án þess að hafa leyst meistarabréf, ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu, eða ræður starfsfólk að rekstri sínum gagnstætt ákvæðum 7. gr., ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 8. gr.

Sektir renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Dæma má mann, er sekur gerist um brot gegn lögum þessum, til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs.

18. gr.

Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum eldri laga.

Enn fremur skal óskert atvinnuheimild þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þeir kunna að eiga rýmri rétt en lög þessi ákveða.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, lög nr. 105 23. júní 1936, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 29 12. febrúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er iðnaðarmálaráðherra skipaði 10. febrúar 1950 til þess að endurskoða lög um iðju og iðnað, nr. 18 31. maí 1927, ásamt síðari breytingum. Í nefndinni áttu sæti: Ragnar Jónsson, hrl., sem var formaður nefndarinnar, Einar Gíslason, málarameistari, Snæbjörn G. Jónsson, húsgagnasmiður, Páll S. Pálsson hdl. og H. J. Hólmjárn, efnafræðingur.

Nefndin hefur afhent ráðuneytinu framangreint frumvarp og eftirfarandi greinargerð. Hefur iðnaðarmálaráðuneytið gert tvær breytingar á frumvarpi nefndarinnar, bætt inn í 7. gr. „Þó getur hver og einn unnið slík störf fyrir sjálfan sig, fjölskyldu sína, opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um viðhald eða endurbætur á eignum þessara aðila er að ræða“ og í 8. gr. „eða öðlast sambærileg réttindi á annan lögmætan hátt“.

Greinargerð.

Með lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, voru fyrst sett lög um iðnaðaratvinnu hér á landi. Voru þau sett í líkingu við lög um verzlunaratvinnu, er þá og ennþá eru í gildi.

Um framkvæmd þessara laga fór mjög með tvennum hætti. Ákvæði þeirra um verksmiðjuiðnað hafa svo að segja ekki verið framkvæmd, þ. e. a. s. ríkisvaldið hefur lítt eða ekki gengið eftir því, að iðnrekendur leystu áskilið leyfi eða uppfylltu þau skilyrði, sem fyrir leyfisveitingum eru sett. Er þó ekki síður ástæða til eftirlits í þeim efnum í iðnaði en verzlun.

Um handiðn gegndi öðru máli. Iðnaðarmenn sjálfir höfðu þar forystu um að halda uppi ákvæðum laganna og þá einkum þeim, er snertu iðnréttindi einstaklinga. Þeim kafla laganna, sem um þau efni fjallaði, var og síðar mjög breytt með lögum nr. 105 23. júní 1936, sem enn eru í gildi.

Hinn forni handiðnaður hefur algera sérstöðu innan iðnaðarins. Hann er rekinn með lærðum iðnaðarmönnum og innan hans hafa skapazt starfsvenjur og umgengnisvenjur, sem vert er að virða og halda uppi. Í 7. gr. frumvarps þessa er, svo sem verið hefur, byggt á því, að handiðnaður verði rekinn með iðnlærðu fólki, meisturum, sveinum og nemendum. Er það ákvæði sett vegna nauðsynjar viðskiptalífsins, en ekki út af fyrir sig til þess að veita þessum starfsmönnum einn eða annan einkarétt til starfa. Fólk, sem falast eftir störfum iðnaðarmanna, á, vegna ákvæða laganna, að hafa tryggingu fyrir því, að þau séu af hendi leyst á faglegan hátt. Fyrir því eru þau ákvæði sett, að einungis faglærðir menn geta boðið sig fram til slíkrar iðnaðarþjónustu. Á hinn bóginn er þessum fagmönnum tryggður einkaréttur til þess að kenna sig við iðngrein sína í stöðuheiti.

En við hlið þessara sérgreina innan iðnaðarins hefur vaxið og fer óðum vaxandi innlendur iðnrekstur, sem byggist á fjöldaframleiðslu og sérhæfni iðnaðarverkafólks. Verkefni iðnaðarlöggjafarinnar, að því er slíkan rekstur snertir, er það að halda uppi almennum skilyrðum og skrásetningum, svo sem í annarri atvinnulöggjöf. En út í sérstök hæfnisskilyrði þeirra, er þann rekstur annast, þykir ekki eðlilegt eða fært að fara.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að þær iðngreinar, sem reknar eru sem handiðn og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum, skuli njóta sérstöðu handiðnaðarins. Er framkvæmdavaldinu þar með fengin hlutdeild í því að ákveða mörkin milli handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, og er það í samræmi við það, sem raunverulega hefur verið hér á landi svo og það, sem tíðkast á Norðurlöndum.

Það er mjög mikilsvert, að löggildingu iðngreina verði hagað í samræmi við eðlilega þróun iðnaðarins, en verði ekki notuð til þess að leggja vissa þætti iðnaðarstarfsemi þjóðarinnar í kerfi, er ekki á að öllu við. Hlýtur sjónarmið framkvæmdavaldsins við þær ákvarðanir jafnan að vera það, hvort eðlilegt sé eða nauðsynlegt neytendanna vegna að færa nýja starfsemi undir hin ströngu ákvæði og form handiðnaðarins. Er þess einnig að gæta, að við ýmis iðnaðarstörf og iðnaðarþjónustu er komið upp sérstöku eftirliti, áhrifameira en trygging sú, er iðnaðarlöggjöfin getur veitt, og er þá, þar sem svo stendur á, þeim mun minni ástæða til að færa þau undir ákvæðin um handiðn.

Í gildandi iðnaðarlögum eru ákvæði um, að meistarar, sem veita húsbyggingum forstöðu, skuli hafa til þess löggildingu byggingarnefndar, enda sé svo ákveðið í byggingarsamþykkt. Þetta ákvæði er fellt niður úr frumvarpinu, þar sem það þykir betur eiga heima í löggjöfinni um byggingarsamþykktir.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ástæða til að taka þetta fram:

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er þess ekki krafizt, að þeir, sem reka handiðnaðarfyrirtæki, leysi sérstakt leyfi eða uppfylli nokkur skilyrði. Einungis er svo fyrir mælt, að

þeir hafi meistara til forstöðu fyrir rekstri sínum. Nú tíðkast það æ meir, að ófaglærðir menn eða félög manna reki handiðnaðarfyrirtæki, og eru alveg sömu ástæður til þess, að þeir leysi leyfisbréf og uppfylli almenn skilyrði, sem aðrir iðnrekendur. Samkvæmt 9. gr. eru þeir, sem leyst hafa meistarabréf, undanþegnir því að leysa sérstakt iðnaðarleyfi.

Um 7. gr.

Ákveðið er, að ráða megi sérverkamenn til aðstoðarstarfa innan löggiltra iðngreina. Þetta er í samræmi við það, sem tíðkazt hefur í mörgum iðngreinum, þótt ekki sé gert ráð fyrir því í núgildandi iðnaðarlöggjöf. Sem dæmi má nefna aðstoðarfólk í prentsmiðjum, á bókbandsvinnustofum og saumastofum.

Um 8. gr.

Þetta er nýmæli. Þykir sjálfsagt, að iðnlærðir menn hafi lögvernd um starfsheiti sitt, svo sem nú hafa t. d. verkfræðingar og húsameistarar, enda er slíkt almenningi til leiðbeiningar.

Um 11.—12. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að öll leyfi, iðnaðarleyfi og meistarabréf, verði veitt af ráðherra, og að haldin verði á einum stað skrá yfir slík leyfi fyrir land allt. Er og í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að leyfi gildi um allt land, en ekki eins og nú er, þar sem iðjuleyfi gildir einungis í ákveðnum lögsagnarumdæmum.

Eins og viðskiptum manna og samgöngum er nú háttað þykir alveg nauðsynlegt, að fullt samræmi sé um leyfisveitingar um allt land og greiður aðgangur að upplýsingum um þau á einum stað. Er þess og að vænta, að sá háttur verði upp tekinn um aðrar skráningar, eins og firmaskrá, áður en langt líður.

Um 13. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Er gert ráð fyrir því, að ráðherra geti sett með reglugerð ákvæði (norm) um framleiðslugæði iðnaðarvarnings. Er sérstaklega gert ráð fyrir því, að til þess komi, þar sem um fjöldaframleiðslu er að ræða. Hefur það komið fram, að bæði iðnframleiðendur og neytendur telja slíkar framleiðslureglur æskilegar og gagnlegar fyrir þróun íslenzks iðnaðar, og þykir því rétt, að almenn heimild sé í lögunum um setningu slíkra reglna.

Lög um gæðamerki, nr. 80 3. maí 1935, munu ekki hafa komið til framkvæmda enn þá. Iðnaðarframleiðendur munu þó hafa í undirbúningi að notfæra sér þá löggjöf. Þykir þá rétt, neytendanna vegna, að sett séu glögg mörk milli þess, hvort um handiðn eða verksmiðjuframleiðslu er að ræða.

Um 15. gr.

Hér er nýmæli á ferðinni, er miðar að auknu samstarfi iðnaðarmanna og framkvæmdavaldsins, sem ætti að auðvelda starf hins síðarnefnda í sambandi við framkvæmd laganna.

Ragnar Jónsson. Páll S. Pálsson. Snæbjörn Jónsson.
Einar Gíslason. H. J. Hólmjárn.

Nd. **76. Frumvarp til laga** [72. mál]

um byggingarsjóð kauptúna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1.gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður kauptúna. Félagsmálaráðuneytið annast bókhald sjóðsins og fjárreiður samkvæmt fyrirmælum sjóðsstjórnar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að byggja íbúðarhús í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, og að taka fé að láni til starfsemi sinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, og tveir menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Ríkissjóður lánar Byggingarsjóði kauptúna við stofnun hans fimm milljónir króna til 20 ára, með 5% ársvöxtum, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán til þess fyrir hönd ríkissjóðs.

5. gr.

Sjóðurinn veitir, eftir því sem honum endist fé til, efnalitlum mönnum og þá einkum fjölskyldumönnum í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, lán til að koma upp íbúðum til eigin nota. Lánsupphæð til íbúðar má nema allt að kaupverði efnis, sem til byggingarinnar þarf.

6. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt til 20 ára og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum. Sjóðsstjórnin getur þó ákveðið að veita lán til skemmri tíma. Ársvextir af lánunum eru 5½%.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu tryggð með 1. eða 2. veðrétti í íbúðum þeim, sem þau eru veitt til. Sé hús úr sjóðnum tryggt með 2. veðrétti, má 1. veðréttar lán eigi nema hærri upphæð en sem því nemur, að samanlögð 1. og 2. veðréttar lán fari ekki fram úr ⅔ af kostnaðarverði íbúðarinnar, eins og það er að dómi sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs skilvísa greiðslu lána þeirra, er sjóðurinn kann að taka til starfsemi sinnar, enda séu þau eigi tekin til skemmri tíma en 20 ára og með vöxtum, er ráðuneytið samþykkir.

9. gr.

Ef ⅔ hlutar sveitarstjórna í þeim hreppum, sem kauptún er í, samþykkja, getur félagsmálaráðherra ákveðið til fimm ára í senn, að hver þeirra hreppa skuli greiða í sjóðinn árlega allt að 5% álagðra útsvara í kauptúninu, og greiðir ríkissjóður þá jafnmikið á móti. Framlag þetta er óendurkræft og vaxtalaust. Hreppum, sem þess óska, skal þá jafnframt endurgreitt það fé, sem þeir hafa greitt byggingarsjóði verkamanna, enda hafi ekki verið veitt lán í hreppinn úr þeim sjóði.

10. gr.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst fimm fjölskyldur, sem ekki hafa svo mikið land til afnota, að talizt geti lögbýli.

11. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins setur félagsmálaráðherra með reglugerð. Skulu þar m. a. settar reglur til tryggingar því, að stærð íbúða, sem lán eru veitt til, fari ekki yfir tiltekið hámark.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er, að tilraun verði gerð til að bæta nokkuð úr húsnæðisþörf almennings í kauptúnum (eða þorpum), en íbúar þeirra kauptúna, sem frv. þetta tekur til, munu nú vera 17—18 þús. Starfsemi byggingarsjóðs verkamanna hefur hingað til komið kauptúnunum að litlu gagni, og hætt við, að svo verði fyrst um sinn. Sama er að segja um lánadeild smáíbúða, sem stofnuð var með lögum á síðasta þingi, svo og fé það, er veitt hefur verið bæjar- og sveitarfélögum til íbúðabygginga. Fé þetta hefur að mestu lent í kaupstöðunum, þar sem fjölmennið er mest. Það er og kunnugt, að af veðdeild Landsbankans hafa fámenn kauptún lítils góðs notið, enda hefur hún lengi verið févana. Hér verður því að grípa til nýrra ráða, ef hlutur þorpanna á ekki að vera með öllu fyrir borð borinn. Virðist þá ekki annað ráð vænna en að setja á fót sérstaka byggingarlánastofnun fyrir þorpin og freista þess að efla hana til sjálfstæðrar starfsemi, eftir því sem föng eru á.

Hlunnindum, sem kauptúnin kynnu að geta orðið aðnjótandi samkvæmt núgildandi lögum, er ekki afsalað, þótt frv. verði að lögum, en þau hlunnindi hafa, eins og áður er sagt, ekki reynzt mikils virði fyrir kauptúnin fram að þessu.

Ýmis rök eru til þess, að þjóðfélagið ætti að gefa hinum fámennu kauptúnum og þorpum meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Flest þeirra eru í öndverðu mestmegnis byggð upp af vanefnum, af fátækum fjölskyldumönnum. Fólk, sem af einhverjum ástæðum hverfur úr sveitunum, leggur oft leið sína til þorpanna í fyrsta áfanga, en margt af því hverfur þaðan aftur eftir stutta dvöl til hinna stóru kaupstaða, m. a. vegna þess, að viðunandi íbúðarhúsnæði skortir í þorpnum. En þar með hefur það að fullu yfirgefið hérað sitt og æskustöðvar og á þá yfirleitt ekki afturkvæmt þangað. Í sjávarþorpum eru þó víða mjög sæmileg afkomuskilyrði til sjós og lands og ekki óhugsandi, að þau skilyrði fari heldur batnandi, ef sá árangur verður af stækkun landhelginnar, sem margir hafa gert sér vonir um.

Ekki þykir ástæða til að setja mjög nákvæm ákvæði um starfsemi sjóðsins að svo stöddu. Þykir rétt, að ráðherra og stjórn sjóðsins hafi frjálsar hendur til að ákveða nánar en hér er gert skilyrði fyrir lánum, hámarksupphæðir lána o. fl., eftir því sem hagkvæmt kann að reynast. Gert er ráð fyrir, að lánskjör verði svipuð og í lánadeild smáíbúða, sem stofnuð var samkv. lögum frá síðasta þingi.

Frv. þetta tekur ekki til kauptúna, sem hafa fleiri en 1000 íbúa, enda má gera ráð fyrir, að aðrar lánsstofnanir veiti að jafnaði eitthvað af lánum til íbúða á þeim stöðum.

Fylgiskjal.

Mannfjöldi í árslok 1950 í 51 kauptúni, sem frv. þetta tekur til (samkv. skýrslum hagstofunnar):

Kauptún og þorp	Íbúafjöldi
Grindavík	492
Sandgerði	441
Borgarnes	740
Hellissandur	329
Ólafsvík	481

Kauptún og þorp	Íbúafjöldi
Grafarnes í Grundarfirði	229
Stykkishólmur	816
Búðardalur	87
Flatey á Breiðafirði	147
Patreksfjörður	858
Bíldudalur	397
Þingeyri	315
Flateyri	427
Suðureyri	349
Bolungavík	704
Hnífsdalur	300
Súðavík	238
Djúpavík	53
Drangsnes	216
Hólmavík	419
Hvammstangi	308
Blönduós	460
Höfðakaupstaður	570
Hofsós	255
Dalvík	639
Hrísey	327
Hjalteyri	140
Glerárþorp	527
Svalbarðseyri	56
Grenivík	113
Flatey á Skjálfanda	96
Kópasker	65
Raufarhöfn	362
Þórshöfn	381
Höfn í Bakkaf.	65
Vopnafjörður	309
Bakkagerði í Borgarfirði	150
Egilsstaðir	99
Eskifjörður	673
Búðareyri í Reyðarf.	401
Búðir í Fáskrúðsfirði	587
Kirkjubólsþorp í Stöðvarf.	151
Breiðdalsvík	70
Djúpivogur	284
Höfn í Hornafirði	434
Vík í Mýrdal	278
Hvolsvöllur	91
Hella	110
Stokkseyri	427
Eyrarbakki	513
Hveragerði	514

Sþ. 77. Breytingartillögur [68. mál]

við till. til þál. um síldarleit fyrir Norður- og Norðausturlandi.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega hentugt skip til þess að annast síldarleit við strendur landsins á næsta ári, þá mánuði, sem síldveiðar standa yfir. Kostnaður við leitina greiðist úr ríkissjóði.
2. Fyrirsögn till. hljóði þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um síldarleit.

Ed. 78. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyt. á l. nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Með lögum nr. 30 20. okt. 1913 var hreppstjórum, hverjum í sínum hreppi, falið umboð með þjóðjörðum. Þessu var þó aftur breytt og teknir upp sérstakir umboðsmenn í hinum gömlu Múlasýslna- og Arnarstapaumboðum.

Þegar umboðsmaður Múlasýslnaumboðs lézt, var það umboð lagt niður með lögum nr. 6 23. febr. 1949, og féll þá umboð jarðanna aftur til hreppstjóra.

Árið 1950 sagði umboðsmaður Arnarstapaumboðs, Ólafur Bjarnason, umboðsstarfi sínu lausu, og er nefndin á einu máli um það, að þá sé réttara, að hreppstjórar, hver í sínum hreppi, taki umboð jarðanna til sín eftir lögunum frá 1913, en að skipaður sé nýr umboðsmaður fyrir allt umboðið. Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Einn nefndarmaður (GÍG) var fjarstaddur.

Alþingi, 14. okt. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 79. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um manntal 16. október 1952.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við hagstofustjóra og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Einn nefndarmaður (GÍG) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 14. okt. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Sþ. 80. Breytingartillögur [47. mál]

við till. til þál. um að láta atvinnubílstjóra sitja fyrir innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi leggur fyrir ríkisstjórnina að sjá til þess, að fluttar verði inn árlega ekki færri en 50 fólksbifreiðar, 6—7 manna, og verði innflutningsleyfum fyrir þessum bifreiðum úthlutað eingöngu til atvinnubifreiðarstjóra, eftir tillögum viðkomandi stéttarfélaga.
2. Fyrirsögn till. verði þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um innflutning bifreiða handa atvinnubifreiðarstjórum.

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um rannsókn á jarðhita og undirbúning almennrar löggjafar um hagnýtingu hans.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jónas Rafnar, Jóhann Hafstein, Jón Sigurðsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara víðtæka rannsókn á því, hvernig jarðhiti hér á landi verði bezt hagnýttur, bæði til upphitunar, orkuframleiðslu, ræktunar og iðnaðar. Skal lögð áherzla á, að gerðar verði áætlanir um nýtingu jarðhitans á sem flestum stöðum á landinu, þannig að hann verði sem mestum hluta þjóðarinnar að gagni.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að undirbúa heildarlöggjöf um hagnýtingu jarðhitans, þar sem m. a. verði kveðið á um hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við hitaveitur, gufuorkuver og aðra nýtingu jarðhita. Skal löggjöf þessi við það miðuð, að bæjar- og sveitarfélögum, einstaklingum og félagssamtökum þeirra verði gert kleift að hagnýta þessar auðlindir íslenzkrar náttúru.

Greinargerð.

Þótt land vort sé því miður fátækt af þeim málmum og öðrum jarðefnum, sem eru hyrningarsteinar auðlegðar og velmegunar margra þjóða, þá á íslenzka þjóðin þó margvísleg verðmæti í landi sínu. Ein helzta auðlindin er tvímælalaust sú hitaorka, sem hér er víða í jörð. Sums staðar hefur orka þessi þegar verið beizluð til mikilla þæginda fyrir þá, sem hitans njóta, og til mikils sparnaðar fyrir þjóðarbúið. Mest þeirra fyrirtækja er hitaveitan í Reykjavík; hitaveitur eru einnig komnar í Ólafsfirði og á Selfossi, og unnið er að hitaveitu á Sauðárkróki. Þessi fyrirtæki spara þjóðinni árlega margar milljónir í torfengnum erlendum gjaldeyri, og vafalaust mundi enginn sá, sem þeirrar upphitunar nýtur, vilja vera án þessara miklu þæginda. Víða um land er einnig mikill áhugi á því að nýta hið heita vatn, sem víðast hvar er enn óhagnýtt.

Til þess að tryggja efnahagslegt sjálfstæði sitt og skapa þjóðfélagsborgurunum sem bezta lífsafkomu er höfuðnauðsyn fyrir þjóðina að leggja allt kapp á að hagnýta sem bezt öll þau verðmæti, sem landið geymir. Að undanförnu hefur réttilega verið lögð mikil áherzla á að beizla orku íslenzku fallvatnanna, en það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að tímabært sé að leggja eigi síður rækt við að hagnýta jarðhitann, enda eru þessi tvö verkefni meira og minna samtvinnuð. Var þetta sjónarmið ríkjandi á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var á s. l. hausti,

og gerð um það ályktun, að jafnframt því, sem unnið væri að raforkuframkvæmdum, bæri að rannsaka til hlítar þá möguleika, sem fyrir hendi eru til þess að hagnýta jarðhitann til hagsbóta fyrir þjóðina.

Með tillögu þessari er lagt til, að hafizt verði nú handa um víðtækar aðgerðir til þess að auðvelda sem almennasta notkun jarðhitans, þannig að hann verði í senn nýttur sem bezt í þágu atvinnuveganna, bæði iðnaðar og landbúnaðar, og að sem allra flestum landsmönnum verði gefinn kostur á að njóta þeirra miklu þæginda, sem jarðhitinn veitir. Vafalaust verður eigi á annan hátt betur stuðlað að gjaldeyrissparnaði, auk aukningar ýmiss konar framleiðsluverðmæta, um leið og beinlínis er dregið úr útgjöldum allra þeirra, sem nú þurfa að hita híbýli sín með kolum eða olíu.

Eðlilegast er, að ríkisstjórninni verði falin forusta um þann undirbúning, sem nauðsynlegt er að gera af hálfu þjóðarheildarinnar til allsherjaraðgerða í þessu mikla þjóðnytjamáli. Liggur þá fyrst fyrir að framkvæma sem víðtækasta rannsókn á því, hvar jarðhita er að finna í landinu, hvar hagkvæmast sé að hefjast fyrst handa um nýtingu hans og til hverra nota. Kemur þar bæði til athugunar nýting hans til upphitunar í venjulegri hitaveitu, nýting hans til orkuframleiðslu eða hagnýting hans til iðnaðarframleiðslu eða ræktunar. Þegar er að sjálfsögðu vitað um flest stærstu jarðhita svæðin, en mörg þessara svæða munu hvorki fullkönnuð né heldur hafa ýmis þau landsvæði verið rannsökuð, þar sem vel kann að vera, að hiti sé í jörðu, þótt eigi verði hans vart á yfirborði. Með nýjustu tækni mun vera auðið að finna auðveldlega hita í jörðu, og þarf að kanna til hlítar í öllum héruðum landsins, hvort eigi sé finnanlegur þar nýtanlegur jarðhiti, kortleggja öll jarðhitasvæðin, mæla hitann og gera áætlanir um nýtingu hans á öllum þeim stöðum, þar sem það verður talið hagkvæmt. Eðlilegt er að fylgja í þessu efni svipaðri stefnu og í raforkumálunum, að hagnýta jarðhitann fyrst á þeim svæðum, þar sem það er hagkvæmast frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, en greiða jafnframt fyrir því, að hin strjálbýlli byggðarlög geti fært sér þessi gæði í nyt, því að víða getur verið hagkvæmt fyrir smáþorp og einstök býli að nota jarðhita til upphitunar, auk þeirra miklu nota, sem bændur geta haft af jarðhitanum til ýmiss konar ræktunar. En víða kann einmitt að vera svo ástatt, að menn vita ekki um nýtanlegan jarðhita í landi sínu, þótt hann geti leynzt við bæjarvegginn. Allsherjarrannsókn og jarðhitaleit er því frumskilyrðið, sem fyrst þarf að leggja áherzlu á.

Taki ríkisvaldið í sínar hendur forustu um víðtækar aðgerðir í þessu máli, þá er um leið þörf almennrar löggjafar um nýtingu jarðhitans, stofnun og rekstur hitaveitna, hlutdeild ríkissjóðs í rannsóknarkostnaði og stofnkostnaði hitaveitna og annarra fyrirtækja til nýtingar jarðhita. Löggjöf er þegar til um þær einstöku hitaveitur, sem gerðar hafa verið, og um jarðboranir eftir heitu vatni og hlutdeild ríkissjóðs í þeim kostnaði, auk þeirra ákvæða vatnalaga, er um jarðhita gilda. En þessi lagaákvæði eru ófullnægjandi löggjöf, miðað við þær þarfir og verkefni, sem hér er um að ræða, enda nauðsynlegt að samræma gildandi lagaákvæði og setja heildarlöggjöf.

Það er eindregin skoðun okkar, að einmitt nú sé rétt að hefjast handa um víðtækar aðgerðir í þessu máli og nota í því skyni alla möguleika til öflunar erlends lánsfjár, því að hér er um framkvæmdir að ræða, sem fremur flestu eða jafnvel öllu öðru munu stuðla að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og gera þjóðinni auðvelt að standa straum af þeim erlendu lánum, sem kunna að verða tekin í þessu skyni. Við teljum nauðsynlegt, að löggjöf um nýtingu jarðhitans verði vel undirbúin, og er það mikill styrkur við undirbúning þeirrar löggjafar, að við Íslendingar eigum vel fróða menn, sem líklegt er að geti lagt gott til þessa máls. Væri einnig hugsanlegt, ef þess yrði talin þörf, að leita eftir sérfræðilegri aðstoð til Sameinuðu þjóðanna. Við flutningsmenn teljum því ekki á þessu stigi málsins tímabært að koma með tillögur um einstök atriði þeirrar löggjafar, sem við leggjum hér til að undirbúin verði, en teljum þó rétt, að sú löggjöf verði ekki miðuð við ríkisrekstur, heldur nauð-

synlega og eðlilega aðstoð við bæjar- og sveitarfélög, einstaklinga og félög þeirra til þess að hagnýta til hagsbóta fyrir þjóðarheildina hinar óbeizluðu jarðhitaauðlindir. Megin stefnan verður að vera sú, að sem fyrst verði nýttur allur sá jarðhiti, sem hagkvæmt er að nýta, og að sem allra flestum landsmönnum veitist hin miklu þægindi, sem fylgja notkun jarðhita til heimilisþarfa.

Nd. 82. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson, Jón Gíslason.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Auk þess fjár, sem áður er talið í þessari grein, skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1953 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1954. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefnast frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskjálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en ⅔ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nálega samhljóða frv., sem flm. báru fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu og er því flutt að nýju.

Ástæður í atvinnulífi þjóðarinnar hafa ekki breytzt til bóta á þessu ári. Nú er talað um atvinnuleysi í kaupstöðum og þorpum, og því miður mun það hafa við nokkur rök að styðjast, enda hefur íslenzka þjóðin á þessu ári fengið beizka reynslu af aflaleysi á síldveiðum og því, hve ótryggur er arður af því mikla fjármagni, sem fest hefur verið á fáum stöðum í von um auðfenginn gróða. Fluttar eru tillögur um atvinnuleysistryggingar og aðrar ráðstafanir til að vinna bug á atvinnuleysi. Bezt mun þó reynast og giftudrýgst að gera ráðstafanir til þess, að æ fleiri þegnar þjóðfélagsins geti komið fótum undir framleiðslu á eigin heimili. Það veitir einstaklingnum öryggi gegn skorti og eykur afurðamagn þjóðarbúsins. Verður næsta áhrifaríkt í þessu efni, í hvaða farvegi fjármagni er beint af hálfu ríkisvaldsins. Lánveitingar Landsbanka Íslands eru aðallega bundnar við sjávarútveg og verzlun. Hið sama gildir um Útvegsbankann. Enn fremur hefur átt sér stað allmikil lánastarfsemi af hálfu stofnana, sem hafa aðsetur í Reykjavík og fá í hendur almannafé. Því fjármagni hefur að langmestu leyti verið beint að ýmsum framkvæmdum við sjávarsíðuna.

Búnaðarbankinn er eina bankastofnunin í landinu, sem gegnir því hlutverki að veita lán til bygginga og ræktunar í sveitum. En fjármagn Búnaðarbankans er of takmarkað og vextir og afborganir þeirra lána, sem bankinn hefur að undanförnu fengið til starfsemi sinnar, leggjast á hann með auknum þunga, og er brýn nauðsyn, að á því verði bráðlega bót ráðin. Af þeim sökum hefur ræktunarsjóður ekki getað veitt lán til allra framkvæmda, sem honum er heimilt að styðja, og ekki er sjáanlegt, að sjóðurinn geti á næstunni sinnt að fullu því fjölþætta hlutverki, sem honum er þegar falið með lögum. Hér eru því enn að nýju bornar fram tillögur um aukið starfssvið veðdeildar Búnaðarbankans í því skyni, að frumbýlingar geti átt kost á fjárhagslegri aðstoð við að koma upp atvinnurekstri í sveitum landsins.

Meginefni greinargerðarinnar, sem fylgdi frv., er það var flutt á síðasta þingi, fer hér á eftir:

„Miklar framfarir hafa orðið í íslenzkum landbúnaði á síðari árum, ræktun aukin, húsakynni bætt og vélar fengnar til margháttaðra starfa. Þessi þróun hefur þó aldrei verið örari en um þessar mundir. — En örar og stórfelldar framfarir kosta mikið fjármagn.

Landbúnaðurinn fékk hlutfallslega lítið móts við sumar aðrar atvinnugreinar af þeim miklu fjármunum, sem þjóðin eignaðist á stríðsárunum. Af þeim hluta stríðsgróðans, sem lagður var á nýbyggingarreikning og nam jafnvirði 300 millj. kr., fór aðeins 21 millj. kr., þ. e. 7 af hundraði, fyrir landbúnaðartæki, en 93 af hundraði fyrir skip, vélar og efni til framkvæmda á öðrum sviðum. Af þessu leiðir, að þörf á fjármagni landbúnaðinum til handa er nú enn meiri en ella.

Að tilhlutun stéttarsambands bænda hefur verið gerð áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir í sveitum tíu næstu árin. Áætlað er, að bústofn landsmanna aukist að miklum mun næsta áratug. Sauðfé hefur fækkað mjög að undanförnu sökum sjúkdóma og niðurskurðar fjár af þeirra völdum. En vonir standa til, að sauðfjársjúkdómum verði útrýmt á fáum árum með fjárskiptum. Áætlað er, að sauðfé muni fjölga svo á næstu árum, að það verði eins margt í landinu og áður var, meðan það var flest. Enn fremur er áætlað, að nautgripum fjölgi um þriðjung frá því, sem nú er. Jafnframt því að búfé landsmanna fjölgar, þarf ræktun að aukast, svo að tryggt sé nægilegt fóður. Talið er, að til þess þyrfti að rækta 28 þús. ha lands til viðbótar því, sem nú er fullræktað. Kostnaður við það er áætlaður 140 millj. kr. Enn fremur þarf mikið fjármagn til kaupa á ýmsum vélum, stórum og smáum, fyrir landbúnaðinn. Talið er að endurbyggja þurfi kringum 2000 íbúðarhús í sveitum á næstu árum, og

er kostnaður við það áætlaður 270 millj. kr., en kostnaður við hlöður, peningshús, verkfærageymslur, mjólkurbú, sláturhús og frystihús er áætlaður yfir 300 millj. kr. Samkvæmt þessari áætlun Stéttarsambands bænda þarf að verja alls til fjárfestingar í sveitum 1000—1220 millj. kr. næstu 10 ár.

Að sjálfsögðu standa bændur sjálfir straum af þessum framkvæmdum að nokkru leyti með vinnu sinni og eigin fé. En hér er um svo mikið fjármagn að ræða og svo stórfelldar framkvæmdir, að áætlað er, að þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé nemi 53 millj. kr. næsta áratug.

Á það bera að líta, að í kjölfar þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, kemur aukin framleiðsla að sumu leyti til útflutnings og að öðru leyti til nota í landinu í stað varnings, sem inn er fluttur. Er talið, að hagnaður þjóðarbúsins gagnvart viðskiptum við útlönd geti numið rúmum 100 millj. kr. árlega vegna hinnar auknu framleiðslu í sveitum, sem miðað er við í áætlun Stéttarsambandsins.

Samkvæmt gildandi lögum hefur verið lagt fram af hálfu ríkisins allmikið fé til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs Búnaðarbankans. Þrátt fyrir það geta þessar deildir bankans nú ekki fullnægt þeirri þörf, sem fyrir hendi eru um lán til bygginga og ræktunar í sveitum, nema fjármagn þeirra verði aukið að miklum mun, og veðdeild bankans er algerlega fjárvana.

Samkvæmt manntali, sem fram fór 2. des. 1940 voru landsmenn þá 121474, en samkvæmt manntali 1. des. 1950, voru 144263 íbúar í landinu. Á síðastliðnum áratug hefur því mannfjöldinn vaxið um 22789 menn eða sem svarar 18.7 af hverju hundraði landsmanna. Öll fjölgun þjóðarinnar á þessum tíu árum hefur lent í kaupstöðum, því að í sýslum hefur fækkað um 750 menn á þessu tímabili. Frá 1940—1950 hefur fólki fjölgað í Reykjavík um 17900 eða um 47 af hundraði, í Hafnarfirði um 1379 eða 37 af hundraði, í Keflavík um 1045 eða 78 af hundraði og á Akranesi um 747 eða 41 af hundraði. Þessar tölur sýna, að í fjórum kaupstöðum við Faxaflóa hefur íbúatala vaxið svo á tíu árum, að það samsvarar nær allri fólksfjölgun í landinu á sama tíma. Orsakir þess eru af ýmsum toga spunnar, en sú er ekki veigaminnst, að til þessara staða, einkum Reykjavíkur, hefur dregizt miklu meira fjármagn en önnur héruð eiga yfir að ráða. En afleiðingin verður jafnvægisleysi, sem veldur miklum erfiðleikum og truflun á eðlilegum viðskiptum, skorti á húsnæði, kapphlaupi um þær íbúðir, sem á boðstólum eru, hærri húsaleigu en hóflegt er.

Gæði lands og sjávar eru ekki bundin við einn landshluta einvörðungu. Ef framhald verður á því, að æ fleira fólk sezt að í fáum kaupstöðum, en aðrar byggðir standa í stað eða dragast saman, leiðir það til þess, að fleiri og fleiri aðilar hverfa frá framleiðslustörfum, sem eru undirstaða þjóðarbúsins, og að öðrum atvinnugreinum. Tvísýnt verður og um atvinnuhorfur, þar sem fjölmennið er mest, ef að kreppir og samdráttur verður á erlendu fjármagni, sem þjóðin nýtur góðs af.

Allstór hluti af stríðsgróðanum fór til sjávarútvegsins. Um þær mundir var þeirri skoðun á loft haldið, að þjóðin ætti fyrst og fremst að kosta kapps um að efla sjávarútveginn. Framleiðslu landbúnaðarafurða ætti að miða við innlendan markað eingöngu. En reynslan sannar því miður, að svipull er sjávarafli. Síldveiði er stopul, verksmiðjur standa lítt notaðar, og aflaleysi er á miðum fiskibáta á stórum svæðum. Þrautaráðið er að sækja á fjarlæg mið, jafnvel til Grænlands, á stórum skipum með fullkomnum veiðitækjum. En því stórvirkari sem veiðarfærin verða og því víðara sem farið er til fanga, þeim mun meiri hætta er fiskstofninum búin.

Þegar á þetta er litið, er augljóst, að það er fyllilega tímabært að gera ráðstafanir, sem miða að því að auka jafnvægi í búsetu landsmanna og að því að efla landbúnaðinn, gera þeim fært, sem vilja hefja búskap í sveit, að fá hófleg lán með hagkvæmum kjörum til að koma fótum undir atvinnureksturinn. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.“

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um bann við ferðum og vist erlendra hermanna utan samningssvæða.

Flm.: Jónas Árnason, Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar, að á meðan erlendur her dvelst í landinu, skuli hermönnum óheimil öll ferðalög og vist í frítíma sínum utan yfirlýstra „samningssvæða“, og felur ríkisstjórninni að sjá um, að þessari ályktun sé framfylgt.

Greinargerð.

Laugardaginn 4. þ. m. gáfu yfirvöld bandarískra hersins á Keflavíkurflugvelli út tilkynningu þess efnis, að framvegis hefðu óbreyttir hermenn leyfi til að fara borgaralega klæddir til Reykjavíkur eða annarra þeirra staða, sem þeir eyða á frítíma sínum. Tveim eða þrem dögum síðar lét ríkisstjórnin blöð og útvarp flytja þá fregn, að Íslendingum hefðu verið tryggður mikill sigur í baráttu þeirri um þjóðerni sitt og menningu, sem þeir eru af sérstökum ástæðum neyddir til að heyja við eina svonefnda vinaþjóð sína; bandarísku heryfirvöldin mundu sjá til þess, að óbreyttir hermenn væru framvegis farnir burt úr höfuðstaðnum fyrir kl. 10 sex kvöld vikunnar og kl. 12 hið sjöunda.

Þetta gefur tilefni til margvíslegra hugleiðinga.

Er þá fyrst að athuga spillingu þá, sem viðgengizt hefur hér í Reykjavík á vegum hernámsins. — Á öndverðum síðastliðnum vetri brá svo við, að sjoppur og önnur veitingahús og danshúsin í Reykjavík tóku hvert af öðru að setja bann við aðgangi hermanna. Þótti flestum þetta horfa mjög til hins betra um siðferðið í bænum og verndun hinnar uppvaxandi kynslóðar gegn óhollum áhrifum En því miður leið ekki langur tími, unz banninu hafði verið aflétt víðast hvar, og álíta margir, að þar hafi valdið fyrirskipun eða tilmæli frá æðri stöðum. Innan skamms var svo komið, að allar sjoppur bæjarins og öll danshúsin að einu undanskildu stóðu hernum opin, — og þannig er þetta enn.

Í sjoppunum og danshúsunum hafa hermennirnir haft hina beztu aðstöðu til að komast í kynni við íslenzkan æskulýð og leiða hann í þá spillingu, sem allir virðast á einu máli um, að samfara sé slíkum kunningsskap, enda blasa fljótt við manni hin ljótu dæmin, þegar skyggnzt er ofurlítið inn í ástandið.

Fólk, sem fær sér kvöldkaffi í sjoppum, þar sem gestkvæmt er af hermönnum, hefur orðið vart við unga menn íslenzka, sem haga sér næsta grunsamlega. Menn þessir koma kannske á staðinn í fylgd með ungum stúlkum og leiða þær þar til borðs, en snúa svo jafnskjótt út aftur. Innan stundar má þó búast við, að þeir komi á nýjan leik og að þessu sinni í fylgd með hermönnum, jafnmörgum og stúlkurnar eru við borðið. Þeir kynna stúlkurnar fyrir hermönnunum, kveðja síðan og eru þar með horfnir.

Milligöngumenn um útvegun kvenna til saurlifnaðar hafa látið mikið til sín taka í stórborgum víða erlendis, en hér mun lengstum lítið hafa á þeim borið, sem betur fer. Með hernáminu breyttist þetta þó, eins og svo margt annað, mjög til hins verra, og nú mun orðinn æði stór hópur þeirra, sem gefa sig að slíkri milligöngu. Eflaust gerir lögreglan allt, sem í hennar valdi stendur, til að uppræta þennan ófögnuð, en þó er svo að sjá sem hún hafi ekki enn þá komið lögum yfir einn einasta þessara manna, hvað sem veldur.

Hermennirnir og ungu stúlkurnar hverfa burt af sjoppunni eftir stundarkorn. Hvert?

Það er á allra vitorði, að hér í bænum eru nokkur hús, þar sem bandarískir hermenn fá leigð herbergi til skamms tíma í senn. Bílstjórar margir kunna frá að segja, er þeir hafa verið látnir aka hermönnum og ungum stúlkum að einhverju

þessara húsa og beðnir að sækja sömu farþega aftur eftir nokkra hríð. Fullyrða þeir, að herbergi séu þarna stundum leigð aðeins 1—2 klukkustundir. Dæmi eru um svo mikinn hávaða frá drukknum hermönnum og lagskonum þeirra í húsum af þessu tagi, að nágrannarnir sáu sig tilneydda að hringja í lögregluna og biðja hana að skakka leikinn. En því miður virðist lögreglan ekki hafa tekið mál þetta nógu föstum tökum til að sanna sök á hendur neinum þeirra manna, sem nota hús sín í þessum líka þokkalega tilgangi, — og má það næsta furðulegt heita.

Í eitthvert þessara húsa gæti maður hugsað sér, að hermennirnir hafi farið með hinar nýju vinstúlkur sínar af sjoppunni. Einnig má vera, að þeir hafi farið með þær til gleðskapar suður á Keflavíkurflugvelli, og minnkar þá enn til muna vitneskja umheimsins um afdrif stúlknanna, eftir að þær eru þar alveg komnar inn fyrir gaddavírsgirðingar verndarinnar. Blöð segja að vísu stundum frá óhugnanlegri spillingu, sem barnungar stúlkur hafa lent í á Keflavíkurflugvelli, en opinberar upplýsingar um ástandið þar eru ekki miklar. Barnaverndarnefnd hefur til dæmis ekki fengið eina einustu skýrslu þaðan, síðan landið var hernumið fyrir hálfu öðru ári.

Já, en nú eiga hermennirnir að vera komnir úr bænum kl. 10 öll kvöld í viku nema eitt. Er ekki vandamál þetta þar með úr sögunni?

Þegar höfð eru í huga viðbrögð ríkisstjórnarinnar í sambandi við hina nýju reglugerð um dvalartíma hermanna í Reykjavík, mætti raunar halda, að hún teldi, að öll spilling í þessum efnum hæfist kl. 10 að kvöldi. Fyrir þann tíma væri allt saklaust. Þó mun hún skilja það eins og aðrir, að hin nýja reglugerð getur í hæsta lagi haft þau áhrif að flýta daglegri spillingu hér af völdum hersins um tvo tíma. Það, sem áður gerðist fyrir miðnætti, mun nú gerast fyrir kl. 10 — öll kvöld vikunnar nema eitt. Ákvæðið um þetta eina kvöld er hins vegar vert að athuga ofurlítið sér í lagi.

Í ljós hefur greinilega komið, að ríkisstjórnin telur það mikinn ávinning til verndar siðferði æskunnar og þjóðernisþreki að fá þessa nýju reglugerð um, að óbreyttir hermenn skuli vera horfnir úr bænum kl. 10, en ekki undir miðnætti, eins og áður viðgekkst, og þar með viðurkennir hún, að hinn fyrri háttur hafi haft í för með sér alvarlega spillingu. Engu að síður fellst hún á, að hermenn þessir fái leyfi til að vera áfram í bænum til miðnættis á miðvikudögum. Með öðrum orðum: Eitt kvöld í viku verður að leyfa hernum með sama hætti og áður að stofna í voða siðferði æskunnar. Á miðvikdögum má vera spilling.

Hér við bætist sú staðreynd, að í her er einn maður settur yfir annan, allt frá þeim, sem flysjar kartöflurnar, og upp í þann, sem öllu ræður, og margur ber þar einhvern titil, sem kann að veita honum tilkall til að heita yfirmaður, svo að útkoman getur orðið sú, að „óbreyttir hermenn“ verði í minni hluta fyrir hinum.

Þá er eftir að athuga það, sem á var minnzt í upphafi greinargerðarinnar, tilkynninguna um, að hermennirnir skuli framvegis hafa leyfi til að eyða frítíma sínum í Reykjavík og annars staðar óeinkennisbúnir. Síðan hún var gefin út, hafa þeir, sem vel fylgjast með á götum úti og í veitingahúsum, t. d. bílstjórar og framreiðslufólk, veitt því athygli, að stöðugt fjölgar í bænum andlitum borgaralega klæddra manna, sem áður höfðu oft sézt í bandarískum hermannabúningi. Að sjálfsögðu flytja menn þessir með sér jafnmikla spillingu, hvort heldur þeir klæðast borgaralegum fötum eða einkennisbúningi bandaríska hersins. Aftur á móti verður það miklu meiri erfiðleikum háð fyrir lögregluna að ganga eftir fullri hlýðni þeirra við settar reglur og brottför úr bænum og annað slíkt, eftir að þeir eru komnir í borgaraleg föt. Það mun tiltölulega auðvelt að láta einkennisbúna hermenn hlýða þessum reglum, en lögreglan getur ekki á sama hátt gengið að borgaralega klæddum manni og rekið hann suður á Keflavíkurflugvöll kl. 10. Þetta kann að vera Bandaríkjamaður af einhverju flutningaskipinu, frjáls af öllum heraga, þarf raunar ekki einu sinni að vera Bandaríkjamaður, kannske er þetta bara réttur og sléttur Íslendingur; það getur nefnilega orðið ótrúlega lítill útlitsmunur á vernduðum og verndara, þegar burtu eru gylltu hnapparnir.

Af öllu þessu má hver maður sjá, að lausn málsins hefur ekkert færzt nær við hina nýju reglugerð um dvalartíma hermanna í Reykjavík. Þó svo að hermennirnir væru ávallt í sínum réttu fötum, gæti hún engu breytt nema í hæsta lagi að flýta um tvo tíma daglegri spillingu af völdum þeirra. En með leyfi því, sem hermennirnir hafa fengið til að klæðast borgaralegum fötum, er þessi margrómaða reglugerð beinlínis gerð hlægileg. Að vísu hefur enn þá ekki nema nokkur hluti hermannanna getað notfært sér leyfið, og stafar það af því, að hinir eiga eftir að útvega sér borgaralegu fötin. En vissir klæðskerar eru nú sagðir önnum kafnir við að sauma á þá; og innan skamms má búast við, að enginn hermaður komi til bæjarins öðruvísi klæddur en eins og hver annar venjulegur borgari.

Niðurstaða þessara athugana getur sem sé ekki orðið önnur en sú, að setja verður algert bann við ferðum hermanna til Reykjavíkur eða annarra staða, þar sem návist þeirra ógnar siðferði æskunnar og særir þjóðarstolt Íslendinga. Og í samræmi við þessa staðreynd flytja sósíalistar ofanskráða þingsályktunartillögu. Má ætla, að Alþingi sé þegar orðið nægilega ljóst, hver alvara er hér á ferðum, og beri því gæfu til að samþykkja tillöguna. Jafnframt verður að ætlast til þess af ríkisstjórninni, að hún láti yfirvöld hersins afturkalla leyfið, sem hermenn hafa fengið til að eyða frítíma sínum óeinkennisbúnir, og mætti gjarnan í því sambandi vitna til þess, að hér á Íslandi hefur það ætíð verið kallað heldur lítilmótlegt, er menn koma ekki til dyranna eins og þeir eru klæddir.

Að lokum skal lögð áherzla á, að mál þetta þolir ekki mikla bið. Bandarískri herinn virðist nefnilega síður en svo hugsa sér að draga úr dvöl sinni í Reykjavík á næstunni og mun t. d. að undanförnu hafa verið að leita hér eftir lóð undir hús fyrir lögreglu sína. Hús þetta er tilbúið í flekum og yrði reist á örskömmum tíma. Þá væri komin bandarísk lögreglustöð í höfuðborg Íslands.

Sþ. 84. Þingályktun [52. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hitaveitu á Sauðárkróki.

(Afgreidd frá Sþ. 15. okt.)

Samhljóða þskj. 52.

Nd. 85. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyt. á l. nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

a) Einstaklinga: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa

fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.

b) Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.

c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.

d) Heil sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

3. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkvæmt 3. gr., ákveður vátryggandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattsmatsverð.

Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálft skattmatsverð.

Þeir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fái 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

4. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarsjóður bætir að fullu vátryggingarverð, en þó því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum. Frá bótum dragast nytjar vanhaldafénaðar eftir hæfilegu mati.

5. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.

6. gr.

Fyrir orðin „300 þúsund krónur“ í 9. gr. laganna kemur: 500 þúsund krónur.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 113 13. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur verið til athugunar á tveimur búnaðarþingum. Er frv. nú flutt að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð, samin af milliþinganefnd búnaðarþings:

Nefndin hefur kynnt sér eftir föngum hag og rekstur Búfjártryggingardeildar Brunabótafélags Íslands, bæði með athugun á reikningum hennar og með samtölum við skrifstofustjóra deildarinnar. Er ljóst af þeim upplýsingum, að rekstrarhorfur

hennar eru þannig, að með óbreyttum aðstæðum virðist útilokað, að hún geti starfað til frambúðar.

Þetta sést bezt á því, að árið 1949 varð tekjuhallinn kr. 123 072.11, árið 1950 kr. 78 245.83 og s. l. ár kr. 67 241.01. Samtals á þessum 3 árum kr. 268 558.95. Væri sjóðurinn þannig kominn í þrot nú þegar, ef framlag ríkisins (kr. 300 000.00), sem greitt hefur verið inn á þessu tímabili, hefði ekki staðið undir hallanum. Hallinn er að vísu stórum minni í krónutölu s. l. ár en áður, en það stafar að nokkru af hækkuðu tryggingargjaldi, t. d. hefur tryggingargjald á skyldutryggðar ær hækkað úr 1.5% í 3.5%, kýr í frjálsri tryggingu úr 2% í 7% og sauðfjárhópa 0.3—1.5% í 3—5%. Þetta olli aftur stórfelldum samdrætti í tölu þess búfjár, sem tryggt hefur verið í frjálsri tryggingu. Þetta sést bezt á því, að þrátt fyrir áðurtaldar hækkanir á iðgjöldum 1951 lækka tekjur sjóðsins það ár, á tryggðum kúm úr kr. 41 152.62 niður í kr. 27 657.95 og á sauðfé úr kr. 25 832.75 niður í kr. 12 113.10. Samhliða þessu má gera ráð fyrir, að einmitt þeir, sem reynslu hafa haft fyrir mestum vanhöldum í fénaði sínum, hafi aðallega setið eftir hjá tryggingunum, þegar svona var komið, og vanhöldin því hlutfallslega meiri eftir en áður. Hækkunin á iðgjöldunum hefur því ekki komið að eins miklu haldi og ætlað var.

Af framansögðu er ljóst, að eina úrræðið, sem séð verður að völ sé á, er að lækka kröfurétt tryggjenda til bóta og reyna að koma að nokkru til móts við þá, sem í reyndinni hafa vanhaldalítinn búfénað, með lækkun á iðgjöldum.

Breytingartillögur þær, sem við leggjum því hér til, eru byggðar á þessu viðhorfi. Kynbótafé, sem tryggt hefur verið fyrir ótakmarkaðar fjárhæðir, er sett í þrefalt skattmat sem hámark, og þótt það sé að vísu oft ekki fullar bætur, má þó segja, að „betri sé hálfur skaði en allur". Í hlutfalli við þetta eru svo aðrar tryggingar færðar niður frá því, sem nú er mælt fyrir um. Auk þess er þar tekið tillit til aldurs, rýrnunar og árstrygging ákveðin, þar sem á því hefur borið, að menn hafa gjarnan tryggt aðeins fyrir þann tíma, er mest hætta hefur verið á vanhöldum. Af sömu ástæðu höfum við lagt til, að aðeins væru heil kúabú (hvort sem þau eru stór eða lítil) tekin til tryggingar, þar sem annars mætti vænta, að einungis væru tryggðir af sumum kúaeigendum þeir gripir, sem helzt mætti vænta vanhalda á. Enn fremur er fellt niður, að kálfleysi sé bótaskylt, þar sem reynsla er fyrir, að það hefur orðið tryggingunum þungt í skauti og oft erfitt að segja um, hvað þar er bótaskylt með réttu. Þetta mundi draga nokkuð úr greiðsluskyldu sjóðsins án þess að skerða að mun bótarétt þeirra, er fyrir stóráföllum verða. Í sama tilgangi er lagt til, að bótaréttur á allt að 5% af vanhöldum sauðfjárbúa verði felldur niður.

Þá er bætt inn í nýrri málsgrein um afföll á iðgjöldum þeirra, sem hafa vanhaldalítinn búfénað. Hefur þetta tíðkazt í Noregi að sögn, er mjög sanngjarnt og mikil hvöt fyrir þá að tryggja, sem þó hafa vanhaldalítinn bústofn. Þá er og hagsmunaauki fyrir tryggjendur, að gert er ráð fyrir, að tryggingarupphæðin sé öll greidd, þar sem nú gildir nokkur frádráttur.

Svo sem áður er sagt, er framlag ríkisins nú þegar uppeytt að mestu og því ekki önnur úrræði fyrir hendi en leita á náðir ríkissjóðs um aukið framlag, eins og hér er gert með breytingartillögunni við 9. grein.

Þau meginatriði, sem verða að vera fyrir hendi, ef tryggingarnar eiga að geta haldið áfram starfsemi sinni, eru ríflegt framlag ríkissjóðs, hóflegar bótagreiðslur og mikil þátttaka.

Jón Sigurðsson. Gunnar Þórðarson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. **86. Frumvarp til laga** [77. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalitlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

3. gr.

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfærakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign, og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs og út á búpening og verkfæri ⅖ skattmats. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánum til bústofns- og búvélakaupa.

4. gr.

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 5 milljónir króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka á móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu og í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé sparifféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1953.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt af fyrra flutningsmanni á síðasta þingi og gekk í gegnum neðri deild nokkuð breytt, en var ekki afgreitt af efri deild. Hér er að miklu leyti fylgt þeim breytingum, sem gerðar voru á frumvarpinu í neðri deild.

Á síðasta þingi fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð, sem enn er jafnrík ástæða til að endurtaka:

Fyrr á tímum gátu ungir menn stofnað til búskapar með mjög lítið fé, ef þeir aðeins fengu jörð eða jarðarhluta til leigu. Fátækir menn ólu aldur sinn víða um land á afdala- og heiðajörðum, og margir þeirra björguðust ótrúlega vel. Þessir tímar eru löngu liðnir. Afdala- og heiðajarðirnar eru flestar komnar í eyði fyrir löngu. Fólkið hefur farið í kaupstaðina. Í sveitunum að öðru leyti hefur fólkinu fækkað mjög, og liggja til þess ýmsar orsakir. Nú á tímum er aftur að verða vaxandi áhugi meðal ungra manna á því að hefja búskap. Aðsókn að nýbýlaaðstoð er mjög

mikil og eftirspurn eftir byggðum jörðum hefur aukizt stórkostlega. En nú er af sem áður var. Nú er ekki hægt að byrja búskap með litlu stofnfé. Gildi peninganna er orðið lítið. Jarðir, búpeningur og verkfæri hefur allt margfaldazt í verði á fáum árum. Án verulegs lánsfjár er ekki unnt fátækum mönnum að byrja búskap, en þetta lánsfé er hvergi fáanlegt eins og nú er.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Þörfin fyrir framgang þess er ákaflega brýn og aðkallandi. Að því gæti orðið þýðingarmeiri og farsælli atvinnubót en atvinnubótavinnu bæjanna og öðru því, er nú um skeið hefur verið stofnað til í óvissu. Segja má, að óvíst sé, að stofnlánadeildin fái fjármagn til að gegna sínu hlutverki, og ef það tekst ekki, þá verður árangurinn lítill. En okkur þykir rétt, að gerð sé raunhæf tilraun með það, hver áhrif skattar og útsvör hafa á sparifjársöfnun í landinu. Reynslan ætti að skera úr um það á fáum árum, hvort þessi tilraun heppnast vel eða ekki.

Nd. 87. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skólanefnd hvers skóla ákveður með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, hvort skólinn starfar í 1 eða 2 ársdeildum; einnig hve langur skólatíminn sé árlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós á síðustu árum, að mörgum fátækum stúlkum er um megn að kosta sig á skóla í 9 mánuði á sama ári. Auk þess er mörgum sveitaheimilum mjög óþægilegt að missa stúlkurnar frá heimilisverkum svo langan tíma. Krafa laganna um 9 mánaða skólavist á ári hefur því orðið þess valdandi að bægja stúlkum frá húsmæðraskólunum og draga úr aðsókn þeirra. Alls vegna er líka krafan um 9 mánaða skólavist á ári fráleit. Getur og oft verið heppilegt, að húsmæðraskólarnir starfi meira en verið hefur með námskeiðum. Rétt er því, að skólanefndir og fræðslumálastjórnin hafi um þetta efni frjálsar hendur. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Ed. 88. Breytingartillögur [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Framan við 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

   1. gr. laganna orðist þannig:

   Ríkisstjórninni er heimilt að stofna til veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki. Ráðherra felur nefnd þriggja manna stjórn getraunanna, og skal einn tilnefndur af íþróttanefnd, annar af stjórnarnefnd ríkisspítalanna og sá þriðji af sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Nánari ákvæði um starfsemi þessa setur ráðherra með reglugerð.

2. 1. gr. (verður 2. gr.) orðist svo:
   2. gr. laganna orðist þannig:
   Nú hefur ráðherra stofnað til íþróttagetrauna samkvæmt 1. gr., og skal þá öllum óheimil slík starfsemi, að viðlögðum sektum, er nema 1000—10000 kr. og renna í sjóð íþróttagetrauna samkvæmt lögum þessum.
   Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.
3. Á eftir 1. gr. kemur ný gr. (verður 3. gr.), svo hljóðandi:
   Hreinn ágóði af íþróttagetraunum skal að ⅓ hluta renna í íþróttasjóð, en ⅔ hlutum hans skal varið til eflingar sjúkrahúsum í landinu. Hlut sjúkrahúsanna skal að hálfu varið til nýbygginga ríkissjúkrahúsa, en að hálfu til rekstrarstyrkja handa almennum sjúkrahúsum bæjar- og sveitarfélaga, og skal skipta styrkjum á milli þeirra í réttu hlutfalli við legudagafjölda sjúkrahúsanna á hverju liðnu ári.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um að greiða fyrir innflutningi á hráefnum til iðnaðarframleiðslu og að draga úr eða stöðva innflutning á fullunnum iðnaðarvörum.

Flm.: Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að greiða eins og unnt er fyrir innflutningi hráefna til iðnaðarframleiðslu, með því í fyrsta lagi að leggja fyrir fjárhagsráð að gefa þennan innflutning frjálsan og í öðru lagi með því að koma því til leiðar við bankana, að ekki þurfi að greiða vöruna fyrr en hún er komin til landsins.

Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að draga til muna úr innflutningi á öllum þeim iðnaðarvarningi, sem hægt er með góðu móti að framleiða hér á landi, og að taka til athugunar, hvort ekki sé rétt að stöðva þann innflutning að fullu.

Loks ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst undirbúa þær breytingar á tollalöggjöf landsins, að tollar á þessum vörum fari stighækkandi eftir því, sem þær eru meira unnar.

Greinargerð.

Það hefur ekki farið á milli mála, að síðustu tvö árin, eftir að stefna hæstv. ríkisstjórnar í viðskiptamálum kom til framkvæmda, hefur starfsemi fjölmargra iðngreina hér á landi dregizt verulega saman. Mun þetta ástand vera sérstaklega áberandi í alls konar fatagerð, skógerð, efnaiðnaði, veiðarfæragerð o. fl., þar sem fækkun starfsfólks mun á síðastliðnu ári einu skipta mörgum hundruðum. Hefur þessi öfugþróun komið hart niður bæði á verksmiðjueigendum, sem höfðu margir hverjir með nýjum og fullkomnum tækjum búið sig undir aukna framleiðslu, en ekki minnkaða, og hins vegar á verkafólki, sem við þessi fyrirtæki hefur unnið og nú hefur orðið að hrökklast frá störfum án þess að fá nokkra aðra vinnu við sitt hæfi. Er þetta þeim mun naprara, þar sem nú hefur komið í ljós svo greinilega, að ekki verður um deilt, á nýafstaðinni iðnsýningu, hverju íslenzkur iðnaður og iðustarfsemi getur afkastað.

Orsakanna til þessa ástands er ekki langt að leita. Takmarkalítill innflutningur á fullunnum iðnaðarvarningi, samfara því, að hömlur eru enn lagðar á innflutning ýmissa hráefna til iðnaðar, veldur miklu um þetta. Rekstrarfjárskortur og kröfur um fyrirframgreiðslu innflutnings annars vegar og óhagkvæm tollalöggjöf, þar sem ekki er nægilega tekið tillit til þarfa iðnaðarins, hins vegar valda einnig miklu. Úr

þessu er gerð tilraun til að bæta með flutningi þessarar tillögu. Ef greitt væri fyrir innflutningi hráefna og takmarkaður að einhverju leyti innflutningur á fullunnum varningi, má telja lítinn vafa á, að þessar iðngreinar mundu flestar ná sér á ný og framleiðslan í þeim aukast. Bætt tollalöggjöf mundi einnig hjálpa að verulegu leyti. Og síðast en ekki sízt mundi það létta verulega á rekstrarfjárörðugleikunum, ef hætt væri að krefjast fyrirframgreiðslu við kaup á nauðsynlegum hráefnum.

Ed. 90. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1950, um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

3. gr. laga nr. 53 frá 25. maí 1950 falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1953.

Greinargerð.

Lagagrein sú, sem hér er lagt til að fella niður, heimilar atvinnusveit að leggja útsvarsauka á utansveitarmann, ef útsvör eru hlutfallslega lægri í heimilissveit hans, enda þótt útsvar hans komi ekki til skipta samkv. 9. gr. útsvarslaganna né atvinnusveit hafi heimild til að leggja á hann útsvar samkv. 8. gr. sömu laga. Ákvæði þetta virðist óeðlilegt, þar sem útsvarið miðast þá ekki fyrst og fremst við þarfir þeirrar sveitar, sem leggur útsvarið á, heldur við það, hvað útsvör eru há í annarri sveit. Auk þess veldur þetta miklu misrétti gjaldenda í sömu sveit, þar sem tveir menn með sömu lífsafkomu og ástæður geta með þessu móti haft mjög mismunandi útsvör, og hefur það þegar átt sér stað. Þetta mun og ekki hafa stórvægilega fjárhagslega þýðingu fyrir neina sveit. Virðist og réttur atvinnusveita sæmilega tryggður með heimild í 8. gr. útsvarsl. til að að leggja útsvar á atvinnurekstur utansveitarmanna og fyrirmælum 9. gr. sömu laga um skiptingu útsvara. Þykir því rétt að fella þetta lagaákvæði niður.

Nd. 91. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og lögum nr. 39/1946, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 4 milljónum“ á tveimur stöðum í 3. gr. laga nr. 34/1943 komi: allt að 20 milljónum.

2. gr.

2. gr. laga nr. 39/1946 orðist svo:

5. gr. laga nr. 34/1943 orðist svo:

Til skipa, dráttarbrauta og olíugeyma má lána gegn fyrsta veðrétti allt að helmingi virðingarverðs, þó aldrei hærra lán en 500 þús. kr. Til stofnunar iðjufyrirtækja má lána allt að ⅔ virðingarverðs, þó ekki hærri upphæð en 1 milljón. Nú

stofnar sama iðjufyrirtæki fleiri en eina iðjugrein, og skal þá ákvæðið um hámark lánsfjár gilda um hverja um sig. Lengsti lánstími er 20 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu felast tvö nýmæli. Hið fyrra, að lánsheimild fiskveiðasjóðs Íslands verði hækkuð úr 4 millj. kr. upp í 20 millj. kr. Hið síðara, að lán úr sjóðnum til iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar megi nema allt að ⅔ virðingarverðs í stað helmings, eins og nú er í lögum, og að jafnframt megi einstakt lán til iðjufyrirtækis nema allt að 1 millj. kr. í stað 500 þús. kr. nú.

Víða um land er nú brýn þörf á að koma upp fiskiðjuverum ýmiss konar, svo sem frystihúsum, saltfiskverkunarstöðvum, lifrarbræðslustöðvum og fiskimjölsverksmiðjum (sem jafnframt gætu unnið úr síldarúrgangi). Margir stofnendur slíkra fyrirtækja komast ekki af með að fá helming kostnaðarverðs eða 500 þús. kr. út á 1. veðrétt, enda eru gildandi ákvæði um þetta efni sett 1946, og síðan hefur stofnkostnaður slíkra fyrirtækja hækkað til muna.

Ef fiskveiðasjóður á að geta gegnt hlutverki sínu, er nauðsynlegt að hækka til mikilla muna þá lánsheimild, sem hann hefur nú, því að vart er hugsanlegt, að hann geti framvegis sem hingað til starfað nær eingöngu með eigin fé.

Nd. 92. Frumvarp til laga [82. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna nýrra raforkuframkvæmda.

Flm.: Magnús Jónsson, Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 15 millj. kr. lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, og verja fé þessu til nýrra rafmagnsveitna, eftir nánari ákvörðun raforkumálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það viðfangsefnið, sem er hvað brýnust nauðsyn að leysa nú í náinni framtíð, er að leiða raforku um allar byggðir landsins. Raforkan veitir í senn ómetanleg lífsþægindi og er óhjákvæmilegt skilyrði margvíslegs atvinnurekstrar. Íslenzka þjóðin hefur orðið að byggja upp atvinnulíf sitt og skapa sér lífsskilyrði til menningarlífs á fáum áratugum. Slíkt er erfitt fyrir þjóð, sem ekki á mikinn veraldarauð, en þjóðin hefur trúað á mátt sinn og framtíðina, og hún hefur á mörgum sviðum lyft Grettistaki á fáum árum. Á það ekki hvað síst við á sviði raforkumálanna, þar sem einmitt nú er verið að byggja orkuver, sem eru hinar stærstu framkvæmdir, er unnið hefur verið að til þessa hér á landi.

En það er hér sem víðar, að ein framkvæmdin getur gert aðra enn nauðsynlegri en áður. Þau auknu lífsþægindi og bættu lífsskilyrði, sem hin nýju orkuver veita þeim, sem þeirra njóta, stuðla að sjálfsögðu að jafnvægisleysi í þjóðfélaginu, ef aðrir landsmenn eru um langan aldur dæmdir til að vera án þessara hlunninda,

Sjái þetta fólk ekki hilla undir sams konar þægindi sér til handa, þá er hætt við, að það hverfi á brott úr sínum byggðarlögum, enda ekki aðeins að það fari á mis þægindana, sem samborgararnir njóta, heldur er einnig öll aðstaða til lífsbjargar erfiðari á þeim stöðum, þar sem raforku skortir eða hana verður að kaupa svo dýru verði frá dieselrafstöðvum, að lítt viðráðanlegt er.

Þá er einnig þess að gæta, að til þess að hin stóru orkuver geti risið undir rekstrarkostnaði, er að sjálfsögðu brýn nauðsyn að hagnýta strax orku þeirra til hlítar og leiða hana í því skyni sem allra fyrst um þær byggðir, sem samkvæmt áætlun eiga að njóta hennar. Hins vegar er nú svo ástatt með fjárráð raforkusjóðs og rafmagnsveitna ríkisins, að nauðsynlegar framkvæmdir í þessu efni hljóta að taka mörg ár, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar.

Því hefur hvað eftir annað verið hreyft á Alþingi, að gera þyrfti verulegt átak í raforkumálunum, og í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á síðasta þingi bar einn af flm. þessa frv. ásamt öðrum þm. fram tillögu um 8 millj. kr. lántöku til rafveitna. Auðvitað er nú á okkar mælikvarða unnið að stórkostlegum framkvæmdum í raforkumálunum, en verði látið þar við sitja, er þegar komin hætta á jafnvægisröskun, sem hættuleg getur orðið, jafnframt þeirri óánægju, sem hlýtur að vakna hjá íbúum þeirra héraða, sem eru innan orkuveitusvæða hinna stóru virkjana, en verða að bíða eftir rafmagninu í mörg ár. Hlýtur sú óánægja að verða enn magnaðri vegna þess, að margt af þessu fólki hefur lagt fram verulegar fjárhæðir til skuldabréfakaupa í lánsútboðum virkjananna í trausti þess, að það fengi raforkuna til sín nokkurn veginn jafnskjótt og orkuverin nýju tækju til starfa.

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi frumvörp um lántökur til smáíbúða og landbúnaðarins, og kann sumum að virðast sem litlar séu líkur til þess, að auðið sé að auki að fá lán það, sem hér um ræðir. Okkur flutningsmönnum er ljóst, að svo sem ástatt er hag ríkissjóðs er ekki hægt að vænta mikillar hækkunar á beinum framlögum úr honum, þannig að vandinn verði leystur á þann hátt. Auknar raforkuframkvæmdir rafmagnsveitna ríkisins mundu hins vegar bæta afkomu hinna stóru orkuvera, og fjölgun rafveitna mundi bæta framleiðsluskilyrði og auka þannig þjóðfélagsverðmætin. Vatnsorkan er ein stærsta auðlind þjóðarinnar, og nýting hennar eykur möguleika hennar til efnahagslegs sjálfstæðis. Reynslan hefur einnig sýnt, að erlendar lánsstofnanir munu telja orkuver þær framkvæmdir, er skynsamlegast sé að lána til hér á landi, enda eykst gildi raforkunnar með ári hverju vegna síaukins iðnaðar, þar sem fyrst og fremst þarf raforku. Af þeim sökum virðist ekki fjarstætt að hugsa sér erlenda lántöku, þótt það sé síður en svo ætlun flutningsmanna að setja fótinn fyrir þær aðrar lántökur erlendis, sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum. Þar sem það hefur einnig komið greinilega í ljós, að fólk vill mikið á sig leggja til þess að fá rafmagnið, er líklegt, að töluverðs fjár mætti afla með innlendu lánsútboði í einhverju formi, þótt erlend lántaka verði sennilega óhjákvæmileg til efniskaupa.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum telja því flutningsmenn einmitt tímabært að hefjast nú þegar handa um öflun allverulegs fjár til áframhaldandi framkvæmda í raforkumálunum, þannig að þeim landsmönnum, sem ekki hafa enn fengið rafmagn í híbýli sín, verði ljóst, að ekki á að láta staðar numið við hin tvö stóru orkuver við Sog og Laxá. Okkur er ljóst, að hér er aðeins um að ræða lítinn hluta þess fjár, sem þarf til þess að leiða rafmagn um allar byggðir landsins, en það mikla verkefni býst enginn við að auðið sé að leysa til fulls með einu átaki.

Nd. **93. Frumvarp til laga** [83. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á eftir A. I. d. 31 í 1. gr. laganna kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu þingi var þetta frv. flutt. Við þm. Árnesinga höfum haft samráð um, að það sé flutt á ný. Svo hljóðandi greinargerð í höfuðatriðum fylgdi málinu:

Eins og kunnugt er, hefur fyrir nokkru verið hafin hafnargerð í Þorlákshöfn. Þó að mikið sé eftir að vinna af því verki, eins og ætlazt er til að höfnin verði, þegar hún er fullgerð, þá er því þó komið það mikið áleiðis, að nokkuð stór skip geta lagzt þar við bryggju. Það er ásetningur manna í héruðunum austanfjalls að flýta þessu mannvirki svo sem verða má. Ber margt til þess.

Um nokkurt skeið hefur orðið að flytja allar vörur til og frá Reykjavík á bílum, jafnt þungavörur sem annan flutning. Hefur þetta haft óhemju kostnað í för með sér. Nú hefur 1—2 síðustu árin verið flutt nokkuð af vörum til Þorlákshafnar, en meira mundi það þó hafa orðið, ef hafnargerðin hefði verið komin lengra áleiðis. Frá Þorlákshöfn hafa svo vörurnar verið fluttar á bílum austur um sveitir, og er það alllöng leið.

Um langt skeið var Þorlákshöfn ein af þekktustu verstöðvum landsins. Fiskimið, ein þau beztu, eru þar nærri. Þaðan gekk um langa tíð fjöldi skipa til fiskveiða. Sakir hafnleysisins og erfiðra lendingarskilyrða lagðist sjósókn þar niður að kalla um tíma. Nú er sjósókn hafin þaðan á ný og hefur gengið ágætlega. Skortir þó mikið á, að hafnargerðin sé það langt komin, að hægt sé að hafa þann bátafjölda, sem fljótlega mundi koma, ef hafnarrýmið væri meira.

Frá Stokkseyri og Eyrarbakka eru gerðir út nokkrir bátar. Er frá þeim stöðum báðum skammt á góð fiskimið. En stopul reynist sjósóknin oft og einatt frá þessum stöðum. Fram af báðum kauptúnunum er mikill skerjaklasi og brimar fljótt, þegar stormasamt er og vindur stendur af hafi. Hefur það og nokkrum sinnum komið fyrir, að þó að róið hafi verið í kyrrum sjó, þá hefur brimað svo skyndilega, að landtaka hefur reynzt torveld og stundum ófær, og hefur þá verið leitað til Þorlákshafnar. Verður slík lending örugg, þegar gerð hafnarinnar er lengra komin áleiðis en nú er.

Þrásinnis kemur það fyrir að vetrarlagi, að ekki verður komizt á sjó frá Stokkseyri og Eyrarbakka, þó að dágott sé í sjóinn þegar út er komið. Verða því oft og einatt margir landlegudagarnir á þessum stöðum aðeins fyrir hafnleysið. Hafa að vísu lendingarbæturnar, sem gerðar hafa verið, bætt mikið úr því, sem áður var, en samt sem áður má búast við, að sjór verði ekki sóttur frá þessum kauptúnum að staðaldri í umhleypingasamri tíð. Má fara nærri um það, hvernig atorkusömum og kappsfullum sjómönnum er innanbrjósts, er þeir komast ekki á sjóinn sakir illrar lendingar, en gnægð fiskjar á miðunum, ef á sjó verður komizt. Það er því alveg víst, að jafnskjótt og höfnin í Þorlákshöfn getur tekið á móti mörgum bátum, þá munu Stokkseyringar og Eyrbekkingar sækja sjó frá Þorlákshöfn, þegar gæftir eru illar til að sækja sjóinn að heiman.

Þá er það líka fullvíst, að Vestmannaeyingar munu oft og tíðum í framtíðinni leita til Þorlákshafnar, þegar tvísýnt er um siglingu heim til Eyja. Það getur því

fljótlega farið svo, að Þorlákshöfn verði ein af stærstu verstöðvum á landinu og landflutningar að og frá höfninni verði mjög miklir. Má gera ráð fyrir, að slíkir flutningar verði einmitt mjög miklir að Stokkseyri og Eyrarbakka. Frystihús eru bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka, og má gera ráð fyrir, að hagnýting aflans verði í nánum tengslum við starfsemi þeirra. Nú hafa kauptúnin (Stokkseyri og Eyrarbakki) komið sér saman um að reisa fiskimjölsverksmiðju. Síðastliðinn vetur var fiskúrgangurinn fluttur á bílum frá kauptúnunum út í Þorlákshöfn. Er sú vegalengd um 40—50 km, og kostaði flutningurinn rúmar 100 kr. á tonn. Um brú hjá Óseyrarnesi mun vegalengdin vera rúmir 12 km út í Þorlákshöfn frá Eyrarbakka. Skiptir því mjög miklu máli, að leið til landflutninga verði sem allra skemmst að hægt er til þessara staða og héraðanna í heild.

Þessi leið liggur frá Þorlákshöfn austur sandana, yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi, um Eyrarbakka og svo áfram til héraðanna fyrir austan, eftir því hvert farið er. En þá þarf að brúa Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Brúarstæði mun vera þarna gott á ánni, en talsvert mikið mannvirki verður brúin, en í slíkt er ekki horfandi, þar sem gagnsemi hennar mun verða afar mikil.

Þetta hafa menn líka komið auga á eystra, og hefur þetta verið rætt þar. Hafa t. d. Eyrbekkingar vakið máls á þessu og rætt það mál sín í milli. Hafa nokkrir þeirra átt tal við mig um þetta og óskað þess eindregið, að nú þegar yrði hafinn undirbúningur um fyrirgreiðslu fyrir málinu, svo að ekki yrði það því til tafar, þegar hægt væri að hefjast handa um framkvæmd þess.

Af þeim ástæðum, sem lauslega hefur verið drepið á hér að framan, er þetta frumvarp flutt. Vænti ég, að hver sá, er kynnir sér málið, sjái, hve afar mikla þýðingu það hefur fyrir framleiðsluna í öllum þessum verstöðvum, sem nefndar hafa verið. En líka getur vel svo farið, að kaupstaðirnir við Faxaflóa, t. d. Reykjavík og Hafnarfjörður, ef vetrarríki gerist mjög harðdrægt, eigi lífsviðurværi sitt mikið undir því, að greiðir og auðveldir flutningar verði úr héruðunum eystra til Þorlákshafnar og svo þaðan til Reykjavíkur. Má því segja, að þessi breyting á brúalögunum sé óhjákvæmileg.

Ed. 94. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 42. tölulið B-liðar 2. gr. laganna komi nýr töluliður:
Kópavogur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk hreppsnefndar Kópavogshrepps. Eins og kunnugt er, hefur byggð aukizt þar mjög ört hin síðustu ár. Íbúatala í hreppnum er nú komin á þriðja þúsund, og er hann því langfjölmennasti hreppur landsins. Þangað hefur fólk flutzt hvaðanæva af landinu, þó mest úr Reykjavík síðustu árin. Atvinnufyrirtæki eru nokkur, þó ekki svo mörg eða stór, að þau fullnægi íbúunum um atvinnu. Hraðfrystihús er í hreppnum, beinamjölsverksmiðja og fiskþurrkunarstöð, en fiskur, sem þar er unnið úr, er fluttur að landveg. Fáir stunda sjósókn sem aðalatvinnu, en margir eiga báta og róa til hrognkelsa á vorin. Með auknum vonum um vaxandi afla á handfæri og línu á nærliggjandi miðum hafa nú margir, bæði í

Reykjavík og Kópavogshreppi, hug á að leita út á sjóinn sér til ánægju og gagns og freista þess að afla á smáum fleytum þótt ekki væri nema nokkurs hluta þess fisks, sem bæjarbúar þarfnast til matar. Er þess full þörf, síðan togveiðar lögðust niður í Faxaflóa, góðu heilli. Trillubátaútgerð er ekki kostnaðarsöm, og mætti vel svo fara, að margir gætu haft af henni góða tómstundavinnu eða jafnvel fulla atvinnu.

Athugun hefur farið fram á hafnarskilyrðum í Kársnesi, milli Fossvogs og Kópavogs, og sýna mælingar, að þau eru allgóð í sunnanverðu nesinu, Kópavogsmegin. Er því fyrirhugað að gera þar nokkrar lendingarbætur, bátabryggju nægilega stóra fyrir trillubáta og smærri vélbáta. Er þetta auðvelt á þessum stað án mikils tilkostnaðar. Verður reynslan látin skera úr, hvort þörf gerist frekari lendingar- eða hafnarbóta á þessum slóðum.

Ed. 95. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Flm.: Magnús Kjartansson, Steingrímur Aðalsteinsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Fyrsti töluliður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það var bjart yfir þjóð og þingi 1946. Sjálfstæðisbaráttan við Dani hafði verið til lykta leidd. Sá einhugur hafði gagntekið Íslendinga, að andstæðar stéttir höfðu tekið höndum saman til að efla atvinnulíf og menningu. Mikilvirk framleiðslutæki voru keypt til að hagnýta auðlindir þjóðarinnar til lands og sjávar, stór iðjuver risu upp, nægileg vinna var tiltæk hverjum sem hafa vildi, almenn lífskjör höfðu aldrei verið slík, gróskumikill þróttur mótaði allt menningarlíf. Og þetta ár, 1946, ákvað Alþingi, að Íslendingar skyldu eftirleiðis allir búa í mannsæmandi húsnæði og þegar skyldu hafnar aðgerðir, sem tryggðu, að því markmiði yrði náð á skömmum tíma. Þessi ákvörðun fólst í lagakaflanum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, en samkvæmt honum skyldi allt ósæmilegt húsnæði talið og skrásett og annað sæmilegt byggt í staðinn á fjórum árum frá gildistöku laganna. Í þessu skyni tóku þing og stjórn að sér að tryggja bæjar- og sveitarfélögum að láni 75% af byggingarkostnaði þessara nýju íbúða með 3% ársvöxtum til 50 ára og til viðbótar 10% sem vaxtalaust lán til jafnlangs tíma. Þessi ákvörðun mátti kallast stórmannleg eftirmæli um nærfellt sjö alda nýlenduáþján, það tímabil, þegar þjóðin þraukaði í moldarhreysum, en danskir nýlendumangarar byggðu vegleg slot í kóngsins Kaupmannahöfn fyrir arðinn af striti landsmanna. Nú var runnin upp ný tíð; nú skyldu einnig íbúðirnar hæfa fornfrægri menningu þjóðarinnar.

En hér á landi skipast skjótt veður í lofti. Þetta sama ár, 1946, fóru fram kosningar til Alþingis. Að vísu breyttu þessar kosningar ekki miklu, það mátti heita, að sömu þingmennirnir settust í sömu stólana á Alþingi, en þó virtust flestir þeirra breyttir menn. Þeir höfðu allt í einu komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki skyldi sjálfstæð þjóð búa hér á landi enn um sinn, heldur afhentu erlendu stórveldi dýrmætustu réttindi kjósenda sinna. Þeir sögðu upp stéttargriðum og gerðu formann Alþýðuflokksins að forsætisráðherra í nýrri stjórn, en athafnir þeirrar stjórnar

urðu í fyllsta samræmi við upphaf hennar. Nýsköpunin var stöðvuð, gerðar voru sérstakar ráðstafanir til að hindra, að hin nýju framleiðslutæki væru hagnýtt nema að takmörkuðu leyti, þar til nú er svo komið, að atvinnuleysið er að verða einn nákomnasti lífsförunautur verkafólks og skorturinn hlutskipti þess, en bókaþjóðinni eru að verða bækur munaðarvara. Auðvitað þótti slíkri ríkisstjórn það flestu öðru fráleitara, að allir Íslendingar byggju í sæmilegu húsnæði, enda höfðu aðstandendur hennar komið sér vel fyrir sjálfir, og snemma árs 1948 var hleypt bandormi inn í Alþingi, og gekk hann af lagasetningunni dauðri um sinn. Það var vissulega ekki enn runninn sá tími, að fært væri að semja stórmannleg eftirmæli um þær aldir, þegar Íslendingar bjuggu í hreysum.

En þetta hrökk ekki til. Það kom brátt í ljós, að þessari ríkisstjórn nægði ekki, að opinberir aðilar hættu að beita sér fyrir því, að byggð væru hús á Íslandi, heldur skyldu húsbyggingar verða bannhelgur verknaður, sem jaðraði við glæp. Búin var til sérstök stofnun, fjárhagsráð, sem þrátt fyrir fögur fyrirmæli í lögum hafði það hlutverk að koma í veg fyrir, að byggð væru hús. Þá sjaldan að nefnd þessi gaf undanþágur frá banni sínu, sá hún svo fyrir, að húsbyggjendur þyrftu að hafa her manns á þönum til að leita að efnivöru, allt frá sementi til nagla, en tækist þrátt fyrir allt að koma upp húsum, voru eigendur þeirra ósjaldan dæmdir í tukthús fyrir að nota sementspoka á annan hátt en bannmennirnir höfðu gefið undanþágu til eða hafa risið á húsum sínum öðruvísi en einhverjum skriffinninum þóknaðist. Með þessu móti tókst um skeið að fella að mestu niður húsbyggingar á Íslandi, — og það stóðst á endum, að þegar Íslendingar voru hættir þessu bannfærða athæfi, upphófust á Keflavíkurflugvelli miklar húsbyggingar erlendrar þjóðar, líkt og áður í Kaupmannahöfn. Það reyndist þá þrátt fyrir allt kleift að byggja á Íslandi þau hús, sem eitt sinn áttu að koma í staðinn fyrir ósæmilegar vistarverur, — en þau voru ekki ætluð Íslendingum.

Þessi stefna stjórnarvaldanna hefur orðið til þess að magna að miklum mun húsnæðiseymdina, ekki sízt í Reykjavík. Það er staðreynd sem engum dylst, að þúsundir manna búa í húsnæði, sem ekki er samboðið nokkurri menningarþjóð, bröggum, skúrum, súðarkytrum, niðurgröfnum kjallaraholum. Hafa þingmönnum þrásinnis verið færðar skýrslur og tölur um það efni, og er haldlaust að endurprenta þær hér. Hins vegar má fá nærtækari hugmynd um ástandið af persónulegu dæmi, og skal þess freistað í staðinn. 25. sept. s. l. birti Þjóðviljinn frásögn um húsnæðisástandið í Reykjavík, sex árum eftir að Alþingi ákvað að útrýma heilsuspillandi vistarverum. Þessi frásögn hefur ekki verið vefengd, en þar er komizt svo að orði m. a.:

„Kona með þrjú börn, sem missti þakið ofan af sér og mikið af innanstokksmunum sínum í eldsvoða fyrir nokkrum vikum, hefur síðan orðið að hafast við í algerlega óíbúðarhæfum bragga inni í Laugarneskamp ásamt systur sinni og barni hennar. .... Konan, sem heitir Ester Valdimarsdóttir, bjó í bragga inni í Herskólakamp, sem brann ofan af henni. Fór hún þá með börnin, sem eru fimm, þriggja og tveggja ára, til systur sinnar Elínar, sem býr með þriggja ára barni í bragga 33 C í Laugarneskamp. .... Bragginn er mjög þröngur, eldhúskytra, tvö lítil herbergi og salerni. Fúagöt eru dottin á gólfið í eldhúsinu og öðru herberginu, og allt gólfið má heita að vera fúnað burt úr salerninu. Börnin eiga á hættu að fótbrjóta sig, er þau ganga um gólfið í bragganum. .... Enda þótt gert verði við braggann, gefur það auga leið, að hann er ekki forsvaranlegt húsnæði fyrir sex manns, þar af fjögur ungbörn. Svo litlir gluggar eru á bragganum, að þótt sólskin væri úti í gær, var hálfrökkur þar inni. .... Börn Esterar, sem áður var sjaldan misdægurt, hafa verið með sífellt kvef og oft hita, síðan hún varð að fara með þau í Laugarneskamp, og er það ekki að furða í því fúalofti, sem þar er. Ester er fyrirvinnulaus, og í fyrravetur varð hún að hálfsvelta til að hafa fyrir eldsneyti og mat handa börnunum sínum. .... Þegar blaðamaður frá Þjóðviljanum var staddur hjá þeim systrum, bar þar að konu úr næsta bragga. Hún hafði svipaða sögu að segja af skiptum sín-

um við bæjaryfirvöldin. Framfærsluskrifstofan hefur í nærri ár neitað henni um gólfdúk á gólfin. Hún getur ekki tekið yngra barnið sitt heim af vöggustofu, vegna þess að því væri hætta búin af tréflísum úr berum gólffjölunum."

Þetta er eitt dæmi um húsnæðiseymdina á Íslandi, en því miður ekkert einsdæmi. Má í því sambandi benda á raungóðar lýsingar, sem blað forsætisráðherrans, Tíminn, flutti kringum alþingiskosningarnar 1949 og bæjarstjórnarkosningarnar 1950. Við lestur þeirra ber þó að minnast þess, að síðan hefur ástandið versnað að miklum mun, ekki sízt fyrir tilverknað þeirra manna, sem að þeim skrifum stóðu.

Að vonum hefur andstaða almennings farið mjög harðnandi gegn þeirri stefnu í húsnæðismálum, sem hafin var 1947 af fyrstu stjórninni, sem Alþýðuflokkurinn hefur myndað, og góðu heilli hefur þess orðið vart, að þingmönnum ógni einnig afleiðingar þeirra verka. Í fyrra var dálítið rýmkað til um byggingarleyfi, og þá var einnig tekin á fjárlög nokkur upphæð til að byggja hús í staðinn fyrir ósæmileg híbýli. Fyrir þessu þingi liggja einnig ýmsar tillögur um úrbætur, sem sýna aukinn áhuga stjórnarþingmannanna, enda kosningar framundan. Það verður þó ekki séð, að þingmenn þessir geti horft óhvikulum augum framan í kjósendur sína án þess að reisa á ný það merki, sem dregið var að hún 1946, þegar bjart var yfir þjóð og þingi. Í trausti þess, að þingmenn hafi hug á slíku, er frumvarp þetta flutt í fjórða sinn, en skorti þingmennina þennan hug, mega kjósendur raunar nokkuð af því læra þann eina dag á fjögurra ára fresti, sem þeim er ætlað vald í landsmálum.

Ed. 96. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Sósíalistaflokkurinn hefur verið andvígur þeirri tekjuöflun, sem ráð er fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins, og nú er hún þungbærari fyrir almenning en nokkru sinni fyrr. Ég legg því til, að 1. gr. frumvarpsins verði felld. Hins vegar er ég samþykkur 3. gr., og verði 1. gr. frumvarpsins samþykkt, mun ég fylgja 2. gr.

Alþingi, 17. okt. 1952.

Magnús Kjartansson.

Nd. 97. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir undirritaður meiri hluti nefndarinnar með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. okt. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. | Sigurður Ágústsson, fundaskr. | Stefán Jóh. Stefánsson.

Jóhann Hafstein.

Nd. 98. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin samþykkti á fundi sínum í dag að mæla með frumvarpinu, en tveir nefndarmanna (StJSt og EOl) áskilja sér rétt til að koma með breytingartillögur.

Alþingi, 18. okt. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 99. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 18. okt. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson, með fyrirvara.
Jóhann Hafstein.

Ed. 100. Frumvarp til laga [86. mál]

um skemmtanaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins, er hafa 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemmtanir eftir reglum laga þessara.

2. gr.

Skatturinn reiknast af þeirri heildarupphæð, er inn kemur sem aðgangseyrir að skattskyldri skemmtun, hvort sem um er að ræða aðgangseyri að skemmtuninni í heild eða sérstökum skemmtiþáttum eða svæðum. Greiði þeir, sem aðgang kaupa, sérstaka upphæð til lúkningar á skattinum, telst hún til hinnar skattskyldu fjárhæðar.

Skyldugjald fyrir fatageymslu, skemmtiskrár eða annað, sem í té er látið, telst til aðgangseyris. Skyldugjald fyrir veitingar telst þó ekki til aðgangseyris, enda séu þær ekki reiknaðar hærra verði en fyrir þær er greitt og eðlilegt má teljast að dómi innheimtumanns.

Sé aðgangur að skemmtun bundinn því skilyrði, að auk tilgreinds verðs á aðgöngumiðum sé greitt gjald fyrir að taka frá aðgöngumiða, félagsgjald eða önnur slík gjöld, reiknast skemmtanaskatturinn einnig af þessum gjöldum.

Haldi félag dansleik og sé aðgangur ókeypis, skal innheimtumaður áætla skattinn m. a. með hliðsjón af kostnaði við skemmtunina.

3. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar, og flokkast þannig:

1. flokkur:
   a. Fyrirlestrar, upplestrar, skuggamyndasýningar, hljómleikar, söngskemmtanir, sjónleikir og listdanssýningar innlendra manna.
   b. Hlutaveltur, í hverju skyni, sem haldnar eru. Þó skulu hlutaveltur Slysavarnafélags Íslands vera skattfrjálsar.

   Af skemmtunum í þessum flokki greiðist 10% af aðgangseyri, svo og andvirði seldra happdrátta á hlutaveltum.
2. flokkur:
   a. Fyrirlestrar, upplestrar, skuggamyndasýningar, hljómleikar, söngskemmtanir, sjónleikir og listdanssýningar erlendra manna.
   b. Dansleikir allir, hvort sem þeir eru haldnir fyrir allan almenning, innan félaga eða dansskóla, svo og dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi.
   c. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og eigi eru taldar sérstaklega.

   Af skemmtunum í þessum flokki greiðist 15% af aðgangseyri.
3. flokkur:
   a. Loddarasýningar.
   b. Fjölleikasýningar.

   Aðgangseyrir að skemmtigörðum (Tivoli) skal skattlagður samkvæmt þessum lið og er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að skattur skuli greiddur af heildartekjum slíkra garða.

   Af skemmtunum í þessum flokki greiðist 20% af aðgangseyri.
4. flokkur: Kvikmyndasýningar.

   Í þessum flokki greiðist 30% skattur af aðgangseyri.

   Ef kvikmynd er sýnd með fyrirlestri, en fyrirlesturinn er aðalatriðið, skal greiða skatt í öðrum flokki.

   Ráðherra getur ákveðið, að skattur af kvikmyndasýningum í kaupstöðum og kauptúnum með undir 1500 íbúa skuli reiknast í 3. flokki.

   Ráðherra getur einnig ákveðið, að skattur af íslenzkum kvikmyndum og íþróttakvikmyndum, sem sýndar eru til ágóða fyrir íþróttafélög, skuli reiknast í 2. flokki. Íslenzkar teljast þær kvikmyndir, sem teknar eru hér á landi á kostnað íslenzkra manna eða félaga.
5. flokkur: Knattborð.

   Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning eða félög greiðist 100 kr. kr. skemmtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða félögum.

   Skattinn greiðir eigandi knattborðsins, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

   Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði og er þá nægilegt að eitt sé notað til þess að öll hin séu skattskyld.

4. gr.

Ef skemmtun samanstendur af skemmtiatriðum, sem út af fyrir sig eru skattskyld og skemmtiatriðum, sem út af fyrir sig eru skattfrjáls, er skemmtunin í heild skattskyld. Falli skemmtiatriði á skemmtun undir fleiri en einn framangreindra flokka, ber, þar sem ekki er öðruvísi ákveðið, að greiða af allri skemmtuninni sama

skatt og greiða ber af því skemmtiatriðinu, sem undir hæsta skattflokkinn fellur. Sé það skemmtiatriði, sem undir hæsta skattflokkinn fellur, mjög óverulegur hluti af skemmtuninni, má þó víkja frá þessu eftir reglum, er ráðherra setur.

5. gr.

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra, en sannist það að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðast sem brot á lögum þessum og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 3. gr. 3. flokki, nema skemmtanirnar falli undir hærri skattflokk.
b. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
c. Skemmtanir haldnar af Slysavarnafélagi Íslands eða deildum þess, enda renni allur ágóðinn til slysavarna.
d. Leiksýningar þjóðleikhússins.
e. Íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

6. gr.

Heimilt skal eftir reglum, sem ráðherra setur, að undanþiggja skemmtanaskatti ágóða af skemmtunum, sem rennur eingöngu til góðgerða eða styrktar málefnum, er miða að almenningsheill, þannig að skatturinn reiknist aðeins af kostnaði við skemmtunina.

Hafi af sérstökum óhöppum orðið tap á slíkri skemmtun, getur ráðherra heimilað frekari skatteftirgjöf.

Heimilt skal ráðherra að undanþiggja skemmtanaskatti jólatrésskemmtanir, enda sé aðgangur ekki seldur hærra en þarf til að standa straum af nauðsynlegum kostnaði við skemmtunina.

7. gr.

Kvikmyndasýningar kvikmyndahúsa eða kvikmyndafélaga skulu ekki njóta undanþágu frá skemmtanaskatti samkvæmt 5. og 6. gr.

8. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) innheimta skemmtanaskattinn og fá 2% í innheimtulaun í kaupstöðum, en 4% utan kaupstaða, er skiptist milli sýslumanns og hreppstjóra, ef hann aðstoðar sýslumann við skattheimtuna. Í Reykjavík ganga innheimtulaunin til greiðslu skrifstofukostnaðar, að frádregnu mistalningsfé samkv. 37. gr. launalaganna.

9. gr.

Til að halda skemmtun, er skatt ber að greiða af samkv. lögum þessum, þarf leyfi innheimtumanns.

Innheimtumanni skal heimill aðgangur að skattskyldum skemmtunum og bókhaldi um þær.

10. gr.

Gjalddagi skemmtanaskatts er næsti virkur dagur eftir að skemmtun hefur verið haldin.

Heimilt er þó að leyfa kvikmyndahúsum og öðrum skemmtistofnunum, sem rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, að greiða skattinn mánaðarlega.

11. gr.

Þeim, er skemmtun heldur eða lætur halda, ber að sjá um skilvísa greiðslu skattsins.

Eigandi húsnæðis þess, sem skemmtun er haldin í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

12. gr.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sker ráðherra úr honum, en bera má úrskurð hans undir dómstólana.

Deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skatturinn er lækkaður eða fellur niður með úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt er að framkvæmd laga þessara lýtur, svo sem um innheimtu og nauðsynlegt eftirlit með því, að skatturinn sé réttilega framtalinn og greiddur, þ. á m. um gerð og prentun aðgöngumiða.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

15. gr.

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum, skal varið sem hér segir:

1. 40% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, sbr. lög nr. 86 frá 1947.
2. 50% skattsins renni í félagsheimilasjóð, sbr. lög nr. 77 frá 1947.
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafns.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög:

Lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Lög nr. 1 21. janúar 1944, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, 2. mgr. 2. gr.

Lög nr. 85 5. júní 1947, um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Lög nr. 115 29. desember 1951 um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl.

Lög nr. 34 22. nóv. 1918, um skemmtanaskatt og reglugerðir, sem á þeim eru byggðar, að því leyti, er snertir kaupstaði og kauptún, sem hafa frá 500 til 1500 íbúa.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þar til byggingarskuldir þjóðleikhússins eru að fullu greiddar skal ákvæðum 15. gr. laga þessara frestað og skemmtanaskattinum varið sem hér segir:
   a. 38% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
   b. 23% skattsins renni í ríkissjóð, unz greiddar eru að fullu skuldir, er ríkissjóður tekur að sér að greiða vegna byggingarkostnaðar þjóðleikhússins. Heimilt er ráðherra að greiða sem svarar ⅕ hluta af tekjum þessum til Sinfóníuhljómsveitarinnar.
   c. 32% skattsins renni í félagsheimilasjóð og skal varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
   d. 7% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal helmingur þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en helmingur til kennslukvikmyndasafns.

2. Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1952—1956, að báðum meðtöldum, renni í ríkissjóð. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgreinar 14. gr. laga nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.
3. Ríkissjóður tekur að sér greiðslu skulda, er myndazt hafa vegna byggingar þjóðleikhússins, gegn endurgreiðslu á þann hátt, er greinir í 1. og 2. tölulið þessara bráðabirgðaákvæða. Heimilt er ríkissjóði að taka lán innanlands til greiðslu skuldanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34 22. nóv. 1918, um skemmtanaskatt, var bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilað að leggja skatt á skemmtanir fyrir almenning til hagsbóta fyrir bæjar- og hreppsfélög.

Með lögum nr. 40 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, voru lögin frá 1918 afnumin, að því er snertir kaupstaði með 1500 íbúa eða fleiri, og jafnframt sett ákvæði um skemmtanaskatt í þessum kaupstöðum, er renna skyldi í sjóð til að byggja fyrir þjóðleikhús í Reykjavík. Þessum lögum var svo breytt með lögum nr. 44 31. maí 1927 og voru þau felld inn í texta laganna frá 1923 og gefin út sem lög nr. 56 31. maí 1927. Eru lög þessi enn í gildi með þeim viðaukum og breytingum, sem um getur í 16. gr. frumvarps þessa.

Með lögum nr. 69 19. júní 1933 var ákveðið að innheimta skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 frá 1927 með 80% álagi, þó að undanteknum skatti af leiksýningum, hljómleikum og söngskemmtunum innlendra manna. Sams konar álag var ákveðið með lögum nr. 69 frá 1934, nr. 82 frá 1935, nr. 89 frá 1936, nr. 60 frá 1937 og nr. 48 frá 1938. Með lögum nr. 19 frá 1939 var heimilað að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi, þó að undanteknum leiksýningum, hljómleikum og söngskemmtunum innlendra manna. Sams konar heimild er í lögum nr. 74 frá 1940 og 6 frá 1942, en með lögum nr. 105 frá 1942 er heimild þessi framlengd með þeirri breytingu, að álagið á skatt af kvikmyndasýningum er hækkað upp í 200%. Heimildin er síðan endurnýjuð þannig með lögum nr. 66 frá 1943, nr. 6 frá 1944, nr. 116 frá 1945, nr. 92 frá 1946, nr. 129 frá 1947, nr. 84 frá 1948, nr. 108 frá 1949 og nr. 115 frá 1950, en hin síðast nefndu gilda til ársloka 1951. Loks hefur Alþingi endurnýjað heimildina fyrir árið 1952, og hlutu þau lög staðfestingu 17. nóv. 1951. Með lögum nr. 65 frá 1950 er auk þess heimilað að innheimta allan skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 1927 og viðaukum við þau með 10% álagi.

Loks var ákveðið með lögum nr. 57 frá 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, sbr. og lög nr. 75 frá 1942 og lög nr. 1 frá 1944, að skemmtanaskattur skuli innheimtur með 15% álagi, er renni til lestrarfélaga og kennslukvikmyndasafns.

Til 1. júní 1950 rann skemmtanaskatturinn, að undanteknu 15% álaginu til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, óskiptur í þjóðleikhússjóð. Með lögum nr. 85 frá 1947 er hins vegar ákveðið að skatturinn skuli skiptast þannig, að 40% renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, 50% í félagsheimilasjóð og 10% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Skiptingu þessari var breytt með lögum nr. 53 frá 1949, en með lögum nr. 65 frá 1950 er frestað framkvæmd laga nr. 68 frá 1947 og lögin nr. 53 frá 1949 afnumin frá 1. júní 1950 að telja, og er þá jafnframt ákveðið, að þar til skuld þjóðleikhússjóðs er greidd, skuli skatturinn skiptast þannig, að 25% renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, 32% í byggingarsjóð þjóðleikhússins, 35% í félagsheimilasjóð og 8% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Auk þess var ákveðið með lögunum, að 10% álagið, er þau heimiluðu, skyldi allt renna í byggingarsjóð þjóðleikhússins. Með lögum nr. 115 frá 1951 er svo skiptingunni enn breytt og þar ákveðið, að 42% skuli renna í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, 15% til ríkissjóðs, 35% í félagsheimilasjóð og 8% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Auk þess er þar ákveðið, að skemmtanaskatturinn skuli innheimtur með 10% álagi, er renni í

ríkissjóð, en heimilt sé ráðherra að láta helming þess ganga til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Í lögum nr. 85 frá 1947, 3. gr., er svo mælt, að þegar þau hafi öðlazt staðfestingu, skuli fella þau inn í meginmál laganna frá 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: „Lög um skemmtanaskatt, rekstarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.“ Þetta hefur enn ekki verið gert, enda var lögum nr. 85 frá 1947 frestað stuttu síðar, eins og fyrr segir. Auk þess þótti sýnt, að skemmtanaskattslögin frá 1927 voru orðin að ýmsu leyti úrelt og þurftu endurskoðunar við, enda hagkvæmara að fella hina ýmsu viðauka við skemmtanaskattinn efnislega inn í aðallögin er þau yrðu á ný gefin út í heild.

Ráðuneytið ákvað því, að láta fara fram endurskoðun á skemmtanaskattslögunum í heild. Hefur sú endurskoðun nú farið fram og er frumvarp þetta byggt á henni.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þar sem verulegur hluti skemmtanaskattsins rennur nú í félagsheimilasjóð til styrktar samkomuhúsabyggingum víðs vegar um land, þykir sjálfsagt að láta skattinn ná til fleiri byggðarlaga en áður, án þess þó að auka erfiðleika um félagslíf þar sem byggð er strjál og fámenn. Markið er því fært úr 1500 í 500 íbúa.

Þess má geta, að skemmtanaskattur samkv. lögunum frá 1918 er nú lagður á til innanhéraðsþarfa á mörgum þeim stöðum, sem hafa frá 500 til 1500 íbúa.

Um 2. gr.

Í grein þessari eru sett fyllri ákvæði en áður um hvað telja beri aðgangseyri.

Auk þess felst í greininni sú meginbreyting, að skatturinn skuli nú reiknaður af heildaraðgangseyrinum, en ekki af aðgangseyri, að skatti frádregnum, eins og nú er gert. Er regla þessi handhægari og ljósari öllum almenningi, enda hefur hún verið tekin upp bæði í Noregi og Danmörku.

Um 3. gr.

Í grein þessari er kveðið á um flokkun hinna skattskyldu skemmtana og hvaða skatt beri að greiða af þeim.

Á upphæð skattsins eru gerðar þessar breytingar:

1. Í 1. fl. a. lækkar skatturinn úr 12.65% nettó, sem samsvarar 11.23% brúttó, í 10% brúttó.
2. Í 1. fl. b. lækkar skatturinn úr 15.18% nettó, sem samsvarar 13.18% brúttó, í 10% brúttó.
3. Í 2. fl. a. hækkar skatturinn úr 15.18% nettó, sem samsvarar 13.18% brúttó í 15% brúttó.
4. Í 2. fl. b. og c. lækkar skatturinn úr 30.36% nettó, sem samsvarar 23.29% brúttó, í 15%brúttó.
5. Í 3. fl. a. og b. lækkar skatturinn úr 30.36% nettó, sem samsvarar 23.29% brúttó, í 20% brúttó.
6. Í 4. fl. hækkar skatturinn úr 37.95% nettó, sem samsvarar 27.51% brúttó, í 30% brúttó.
7. Í 5. fl. hækkar skatturinn úr kr. 68.31 á mánuði af hverju knattborði í kr. 100.00.

Af þeim skattlækkunum, sem að framan eru taldar, munar mestu um lækkunina á skatti af dansleikjum. Dansleikir eru að yfirgnæfandi meiri hluta haldnir af félögum, sem hafa á stefnuskrá sinni að vinna að framgangi ýmsra þarflegra mála. Hafa dansleikirnir oft verið aðaltekjuöflunarleið félaganna. Nú er hins vegar svo komið, að erfitt er að halda dansleik með ágóða, vegna þess hve húsnæðis- og hljómsveitarkostnaður er orðinn hár. Þykir rétt að hlynna að starfsemi félaganna

með því að lækka skattinn af dansleikjum, svo og öðrum skemmtunum, sem falla undir 2. fl. c., og einnig eru að verulegu leyti haldnar af félögum.

Um 4. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringa við, en meginefni hennar er í samræmi við þær venjur, sem fylgt hefur verið.

Um 5. gr.

Í grein þessari samsvarar a-liður c-lið 3. gr. núgildandi laga. b-liður greinarinnar samsvarar d-lið sömu greinar, þó með þeirri breytingu, að undanþágan er ekki bundin við skólahúsin. c.—e.-liðir greinarinnar eru efnislega í samræmi við framkvæmd núgildandi laga.

Um 6. gr.

Greinin kemur í stað b.-liðs 3. gr. núgildandi laga.

Í greininni felast þær tvær breytingar, að undanþágan er samkv. henni ekki lögbundin, heldur á valdi ráðherra, og að undanþágunni er aðeins ætlað að ná til þess hluta aðgangseyrisins, sem raunverulega rennur til góðgerða eða styrktar málefnum, er miða að almenningsheill, en ekki til þess hlutans, sem gengur til greiðslu á kostnaði við skemmtunina.

Í síðarnefndu breytingunni felst veruleg hvatning fyrir þá, sem halda skemmtanir til ágóða fyrir góð málefni, til að halda þær með sem minnstum kostnaði og láta sér ekki nægja ágóða, er svari rúmlega eða naumlega þeim skatti, er greiða hefði átt af skemmtunum, hefðu þær verið skattskyldar, en slíkt er nú ekki orðið ótítt.

Samsvarandi reglur hafa verið teknar upp í skemmtanaskattslög Dana.

Í sambandi við fyrrnefndu breytinguna skal þess getið, að réttara þykir að úrskurðarvaldið um undanþágurnar sé hjá ráðherra, í stað þess að dómstólar skera nú úr deilum um þær.

Um 7. gr.

Kvikmyndahúsin eru rekin sem föst og sjálfstæð atvinnufyrirtæki og hafa sýningar þeirra að því leyti sérstöðu gagnvart öðrum skemmtunum. Rekstur þeirra er auk þess svo stórfelldur, miðað við annað skemmtanahald, að meginhluti skemmtanaskattsins hlýtur jafnan að koma frá þeim. Nokkur kvikmyndahús hafa notið skattfrelsis að undanförnu samkv. b.-lið 3. gr. núgildandi laga. Væri skattfrelsi þetta látið haldast, má búast við að gengið yrði enn frekar á það lagið, að starfrækja skattfrjáls kvikmyndahús til hagsbóta fyrir einstök héruð eða stofnanir. Er augljóst að skattstofninum væri af því mikil hætta búin. Þykir því ekki rétt að láta undanþágur 5. og 6. gr. ná til kvikmyndahúsanna.

Samkvæmt a.-lið 5. gr. eru innanfélagsskemmtanir aðrar en dans skattfrjálsar. Óeðlilegt þykir að ákvæði þetta nái til félaga, er stofnuð kynnu að verða til þess að hafa um hönd kvikmyndasýningar fyrir félaga sína. Á orðið „kvikmyndafélög“ í 7. gr. við slík félög.

Um 8.—10. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa við.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 2. mgr. a.-lið 2. fl. 2. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu, að ábyrgð húseiganda, er nú nær aðeins til dansskemmtana, er í frumvarpinu látin ná til allra skemmtana.

Um 12.—14. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa við.

Um 15. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 85 frá 1947.

Um 16. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringa við.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða lögum nr. 115 frá 1951. 10% álag það, sem innheimt er samkvæmt heimild í 2. gr. nefndra laga, rennur allt í ríkissjóð, sbr. b-lið 1. töluliðs, og eru prósentutölur 1. gr. laganna reiknaðar um samkvæmt því.

Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir því, hvaða áhrif breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, kunna að hafa á heildarupphæð skemmtanaskattsins. Þó mun mega fullyrða, að skemmtanaskattur samkv. frumvarpinu gefi eigi minni tekjur en innheimtast samkvæmt núgildandi lögum, að meðtöldum öllum viðaukum við þau.

Nd. 101. Frumvarp til laga [87. mál]

um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja.

Um prófessor þenna gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Háskólaráð gerði hinn 5. október 1951 svofellda ályktun varðandi læknadeild háskólans:

„Háskólaráð hefur kynnt sér tillögur læknadeildar um nýja skipun embætta og féllst á, að mikil þörf sé nú á stofnun embættis í líffræði og sömuleiðis í lyfjafræði, en telur, að eðlilegt sé, að breytingar þær á embættum, sem að öðru leyti er gert ráð fyrir í tillögunum, komi til framkvæmda áður en langt um líður."

Ríkisstjórnin hefur orðið ásátt um að leggja til við Alþingi, að stofnað verði sérstakt prófessorsembætti í líffræði og lífefnafræði.

Embætti þetta veitist þó eigi fyrr en frá 15. september 1954 að telja, svo að þeim, sem við starfinu tekur, veitist tóm til að búa sig sem bezt undir það.

Hér fer á eftir greinargerð prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði til háskólaráðs um málið:

„Þegar núverandi prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði tók við kennslu 1937, voru kenndar 10 stundir á viku í líffæra- og lífeðlisfræði. Þá var engin kennsla í lífefnafræði og engin verkleg kennsla í lífeðlisfræði. Nemendafjöldinn í læknadeild hafði þá undanfarandi 5 ár (1932—37) verið að meðaltali um 69, og að jafnaði innrituðust á því árabili 16 á ári.

Nú er kennslan í ofangreindum fögum 19 stundir á viku. Síðustu 5 árin (1946—1951) voru að meðaltali 156 nemendur í læknadeild, og árlega innrituðust um 44 nýliðar. Hins vegar útskrifaðist líkur læknafjöldi bæði fimm ára bilin. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að nú sækja nær þrefalt fleiri nemendur kennslu í fyrsta hluta en 1937, og er nú svo komið, að nær ógerningur er að sjá þessum nemendafjölda fyrir verklegri kennslu, sökum skorts á nægum tækjafjölda og kennslukrafti. Verklega kennslan er þó minni en æskilegt væri.

Líffærafræði ásamt vefjafræði og fósturfræði annars vegar og lífeðlisfræði og lífefnafræði hins vegar eru hvort um sig það stór fög, að fullkomið starf er að kenna og halda sér við í einu þeirra. Enda þekki ég engan háskóla annan en okkar, sem ekki hefur aðalkennara í hverju þessara faga, auk eins eða fleiri aðstoðarkennara eftir nemendafjölda. Víðast í Norðurlöndunum eru prófessorarnir fjórir í þessum fögum, sá fjórði í vefjafræði og fósturfræði eða vefjafræði og erfðafræði mannsins.

Háskólinn er hvort tveggja í senn, undirbúningsskóli fyrir embættismenn og vísindastofnun. Það hlýtur því að vera krafa hans, engu síður en til hans, að þannig sé búið að starfsmönnum hans, að þeir eigi einhvern tíma aflögu til sjálfstæðra rannsókna.

Af ofansögðu má ljóst vera, að líffæra-, lífeðlis- og lífefnafræði eru umfangsmeiri og kennslufrekari fög en svo, að hægt sé að ætlast til, að einn kennari geti annað kennslu í þeim öllum svo viðunandi sé. Enda mun enginn kennari háskólans kenna jafnmargar stundir á viku og kennarinn í líffæra- og lífeðlisfræði, og mun 4—6 stunda kennsla á viku vera talin fullkominn kennslustundafjöldi í öðrum deildum háskólans en læknadeild og verkfræðideild. Hér við bætist svo, að kennarinn í líffærafræði þarf að halda við og auka líffærasafn deildarinnar. Það þarf naumast að taka það fram, að stundirnar, sem aflögu verða til að sinna safninu, eru allt of fáar fyrir jafn nauðsynlegt kennslutæki og safnið er.

Það verða því tilmæli mín, að kennslustörfum mínum verði skipt milli tveggja prófessora, þannig að ég hefði áfram kennslu í líffærafræði, vefjafræði og fósturfræði, en að stofnað yrði nýtt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði. Vegna þess að rannsóknarstofur þær, er ég hef nú til umráða, eru ekki til tvískiptanna, þá er nauðsynlegt að sjá hinum nýja kennara fyrir rannsóknarstofum. Enda var læknadeild fyrir löngu ljóst, að hún myndi þurfa á auknu húsnæði að halda á næstunni, því að þegar háskólinn var reistur, var gert ráð fyrir, að húsnæði það, sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands er nú í til bráðabirgða, yrði til ráðstöfunar fyrir læknadeild. Það liggur því beinast við, að tilvonandi kennari í lífeðlis- og lífefnafræði fái það húsnæði til afnota. Nú mun ekki völ á neinum manni, sem gæti tekið við hinu nýja embætti án frekari undirbúnings, og mun ekki ofætlað að gera ráð fyrir allt að tveggja ára undirbúningstíma. Þess er ekki að vænta, að nokkur læknir fáist til að leggja út í þennan aukakostnað, nema hann eigi að vísri atvinnu að hverfa að loknu námi.

Það er því áríðandi, að heimild fyrir þessu embætti fáist þegar á þessu þingi, með því yrði þó tíminn, þar til hinn nýi kennari gæti tekið til starfa, allt að því þrjú ár, og er það það lengsta, sem ég get hugsað mér að þrauka við óbreyttar aðstæður."

Nd. 102. Frumvarp til laga [88. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja innan umdæma sinna hitaveitur, sem annist dreifingu og sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa. Einkaleyfi þessi skulu þó eigi ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 250 kw.

2. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 1. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

3. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 1. og 2. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að þar til fengnu áliti sérfræðinga, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflunarlaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

4. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati.

5. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

6. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða hreppsnefnd koma upp hitaveitu innan lögsagnarumdæmis síns samkv. 1. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn sérfræðinga, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa,

sem einkaleyfisheimild samkv. 1. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

7. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 2. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 5. apríl 1948, um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1950 var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um hitaveitur utan Reykjavíkur.

Með bréfi, dags. 26. jan. 1951, sendi heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis frumvarpið aftur til félagsmálaráðuneytisins og óskaði eftir, að frekari athugun færi fram á málinu áður en því yrði ráðið til lykta.

Ráðuneytið hefur nú endursamið frumvarpið og tekið tillit til þeirra ábendinga, sem fram komu í þingnefndinni og hjá þeim aðilum, sem hún sendi það til umsagnar á sínum tíma. Ráðuneytið hefur notið aðstoðar Gunnars Böðvarssonar yfirverkfræðings Jarðborana ríkisins við samningu frumvarpsins.

Svo sem kunnugt er munu nú starfa 3 hitaveitur til almenningsþarfa hér á landi, en þær eru í Reykjavík, á Ólafsfirði og á Selfossi, og unnið er að byggingu þeirrar fjórðu á Sauðárkróki. Telja má líklegt, að fleiri verði byggðar á næstu árum.

Heildarlöggjöf hefur hins vegar ekki verið sett um þessi almenningsfyrirtæki, en í gildi eru aðeins lög um hitaveitu Reykjavíkur (nr. 38/1940) og lög um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði (nr. 47/1948), en lög þessi ná aðeins til lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Ísafjarðar. Hin síðar nefndu hafa enn ekki komið til framkvæmda.

Tilgangur þessa frumvarps er að leggja drög að heildarlöggjöf um hitaveitur utan Reykjavíkur, og þar með bæta úr framangreindri vöntun. Gert er ráð fyrir, að lögin nái til hitaveitna almennt, þ. e. jafnt til þeirra, sem reknar eru með jarðhita, og þeirra, sem reknar eru með gufu eða heitu vatni frá hitunarmiðstöðvum.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra heimilað að veita sveitarstjórnum einkarétt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitur í umdæmum sínum á svipaðan hátt og bæjarstjórn Reykjavíkur hefur haft samkvæmt lögum nr. 38/1940. Þar sem hér er átt við hitaveitur til almenningsþarfa, þótti rétt að undanskilja hitunarkerfi í stærri sambyggingum og hliðstæðar lagnir, en þær geta ekki talizt til hitaveitna í venjulegum skilningi. Virðist hagkvæmast að greina hér á milli með því að takmarka gildi laganna við hitaveitur með hámarksafli yfir 250 kílówött.

Hér er notuð einingin kílówatt fyrir varmaafl í stað einingarinnar kílógrammkaloríur á klukkustund. Það er að sjálfsögðu hagkvæmast að nota í daglegu máli aðeins eina afleiningu, óháð því, hvort átt er við rafafl eða varmaafl, og virðist

kílówatteiningin að öllu leyti hentugri, enda er hún í tæknilegu máli notuð í vaxandi mæli fyrir varmaafl. Til skýringar skal þess getið, að 250 kílówött jafngilda 215 000 kílógrammkaloríum á klukkustund. Við venjulegar aðstæður hér á landi er hámarksvarmanotkun með eldsneytishitun að jafnaði 2 til 2,5 kílówött á mann. Undanþágan í 1. gr. frumvarpsins tekur því aðeins til samhitunarkerfa, sem ætluð eru til afnota fyrir 100 til 125 manns.

Vegna þess hve stærð og byggingarkostnaður hitaveitna getur verið mismunandi, þótti ekki rétt að taka upp í frumvarpið almenn ákvæði um ríkisábyrgðir á lánum til hitaveitna sveitarfélaga. Virðist réttara að fela Alþingi að skera úr um þetta í hverju einstöku tilfelli.

Samkvæmt frumvarpinu skal samþykki ráðherra á einkaleyfi sveitarfélaga til þess að koma upp og reka hitaveitu innan lögsagnarumdæmis síns vera háð þeim sjálfsögðu skilyrðum, að um fjárhagslega og þjóðhagslega heilbrigt fyrirtæki sé að ræða. Einnig virðist rétt að sveitarstjórnin sé skuldbundin til þess að sjá um, að rekstur hitaveitunnar verði eðlilegur og truflunarlaus, eftir því sem aðstæður leyfa, og er þá meðal annars átt við, að séð sé um, að ekki komi fram óeðlilegar skemmdir á pípulögnum eða innanhússkerfum.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða að taka neitt sérstakt fram í athugasemdum þessum.

Nd. 103. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1953, sem hér segir:

   Tekjuskattur gjaldanda með 30 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður.

   Tekjuskattur gjaldanda með 30001—33000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að þrem fjórðu hlutum.

   Tekjuskattur gjaldanda með 33001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti.

   Tekjuskattur gjaldanda með 36001—40000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri miðað við Reykjavík, skal falla niður að fjórða hluta.

   Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frádregnum skatti skuli aldrei verða lægri en þess, er greiðir lægri skatt.

   Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

2. Við 4. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

   Á eftir 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

   Giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, er heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi að eða hluthafi í, og skal þá leggja á hana samkvæmt því.

   Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá heimild til sérsköttunar konunnar niður.

Er gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga lögboðinn persónufrádrátt, áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvarandi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns hennar.

Ed. 104. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. (MK) skila sérstöku nál.

Frumvarp þetta er framlenging um eitt ár á lagaákvæðum, sem gilt hafa undanfarin ár, og er meiri hlutinn sammála um, að enn beri nauðsyn til að framlengja þau.

Nokkuð var rætt í nefndinni um víðtækari breytingar á lögunum um tollskrá í sambandi við þetta frv., en við nánari athugun taldi þó meiri hlutinn rétt, að þetta frv., sem aðeins gerir bráðabirgðabreytingu á lögunum, sé afgreitt sérstaklega og að breytingar á tollskránni, sem menn kynnu að óska eftir til frambúðar, verði þá settar með sérstökum lögum.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (GJ) skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 18. okt. 1952.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Gísli Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorst. Þorsteinsson.

Karl Kristjánsson.

Nd. 105. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (E. Ol.).

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum sínum um afgreiðslu þessa máls. Það er að mínu áliti röng stefna að hækka útlánsvexti bankanna. Það þyrfti þvert á móti að gera hvort tveggja í senn, að auka mjög lánsfjárveltuna í landinu og lækka vextina. Og hvort tveggja er hægt, ef stjórnarvöldin vilja það. Ber þar hvort tveggja til, að efnahagur þjóðarinnar og afkastageta framleiðslunnar eru góð og fjárhagsleg afkoma bankanna sömuleiðis. Það væri því, ef vilji væri til þess að breyta um fjármálastefnu í þessum efnum, hægt að auka útlánin og lækka vextina.

Þetta frumvarp miðar hins vegar að því að halda áfram stefnu, sem er röng og skaðleg. Legg ég því til, að það sé fellt.

Alþingi, 20. okt. 1952.

Einar Olgeirsson.

Nd. 106. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn samþykkja frv. óbreytt, en ég tel, að breyta þurfi því í þá átt, sem felst í till. á þskj. 74, þ. e., að Búnaðarbankinn fái lán þetta með sömu kjörum og lögum samkvæmt gilda um útlán Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs.

Ef þess má vænta, að þetta lán verði tekið með sömu kjörum og það lán, sem á þessu ári er tekið hjá Alþjóðabankanum og endurlánað Búnaðarbanka Íslands, að upphæð 16 millj. kr., þá yrði hér um að ræða lán til 20 ára með 4½% vöxtum. Mun þess sízt að vænta, að betri kjör fáist við þessa lántöku, heldur þvert á móti hætta á hærri vöxtum. Nú eru útlánakjör umræddra sjóða þau, að Ræktunarsjóður lánar til 20 ára með 2½% vöxtum og Byggingarsjóður lánar til 42 ára með 2% vöxtum. Eigi bankinn að reka starfsemi sína á þannig löguðum grundvelli, veldur það vandræðum fyrr eða síðar. Að slíku má ekki stefna. Ég tel því, að Alþingi verði að tryggja bankanum umrætt lán með ekki lakari kjörum en gilda um útlán þeirra stofnlánadeilda, er fá það til starfsemi sinnar, og legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingu þeirri, sem fólgin er í till. á þskj. 74, að í stað orðanna „með sömu kjörum og það er tekið“ *komi:* með sömu kjörum og lögum samkvæmt gilda um útlán þessara sjóða. — Er þar með átt bæði við vaxtahæð og lánstíma.

Alþingi, 20. okt. 1952.

Einar Olgeirsson.

Ed. 107. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

A-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í tólf flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er orðast svo:

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 13 16. marz 1949 var Sambandi íslenzkra berklasjúklinga gefin heimild til þess að starfrækja vöruhappdrætti, og skyldi ágóðanum varið til byggingarframkvæmda að Reykjalundi. Var þar ákveðið, að hlutatalan skyldi skiptast í sex flokka, og dregið skyldi 5. dag annars hvers mánaðar. Mátti hlutatalan ekki fara yfir fimmtíu þúsund. Í lögunum var ekkert ákvæði um skattfrelsi vinninga. Tók happdrættið til starfa þegar á árinu 1949 og hefur starfað jafnan síðan með þeim árangri, er nú skal greina:

Árið 1949 urðu nettótekjur af vöruhappdrættinu 138655 kr., 1950 428500 kr. og 1951 339419 kr., eða alls á þessu tímabili 1096574 kr. Hefur öllu þessu fé verið varið til byggingarframkvæmda að Reykjalundi. Hefur þegar verið varið rúmum 10 millj. kr. til byggingarframkvæmda þar og ríkissjóður greitt af því fast að 2 millj. En eins og kunnugt er, er enn þörf mikilla framkvæmda þar, til þess að unnt sé að halda þar áfram nauðsynlegustu endurbótum á vinnuskilyrðum fyrir vistmennina.

Eins og sést á þessu yfirliti, minnkaði allverulega ágóðinn af happdrættinu 1951, og var það álitið stafa af því, að vinningarnir, sem keppt var um, væru eigi nógu verðmætir, en hæsti vinningur þá var 25 þús. kr. Hefur því hæsti vinningur á þessu ári verið hækkaður upp í 75 þús. kr., og m. a. vegna þess er nauðsynlegt, að skattfrelsi það fáist, sem farið er fram á í frv. þessu. Þá þykir einnig nauðsynlegt að fá leyfi til þess að skipta hlutatölunni í 12 flokka í stað sex áður og að draga 12 sinnum á ári í stað sex, án þess þó að raska hámarki hlutatölunnar frá því, sem nú er í lögum. 1. og 2. gr. frv. þessa lúta að þessum breytingum.

Á árunum 1950—51 hefur happdrættið greitt alls út í vinningum um 830 þús. kr.

Um nauðsyn á þróun þeirrar starfsemi, sem rekin er að Reykjalundi, þarf ekki að fjölyrða, svo mjög sem alþjóð hefur fylgzt með henni og metið hana að verðleikum. Ég vænti því, að frv. þetta nái sem fyrst samþykki hér á Alþingi.

Nd. 108. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. okt. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jónas G. Rafnar, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Emil Jónsson.

Nd. 109. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953“ komi: 1. nóv. og 1. des. 1952 og eftir það 1. dag hvers mánaðar allt árið 1953.

Nd. 110. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og á lögum nr. 20 1942, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

1. málsgr. 11. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 orðist svo:

Hvort hjóna um sig er sjálfstæður skattþegn, og skal við ákvörðun skatts þeirra hvors um sig farið eftir þessum reglum:

Hvort hjónanna greiðir skatt af þeim tekjum, sem það aflar. Hafi annað hjóna engar tekjur eða lægri tekjur en hitt, skal því reiknaður til skatts allt að helmingur tekna hins, en þó aldrei hærri upphæð en 25000 kr., miðað við meðalvísitölu ársins 1952, né heldur meira en svo, að tekjur þess fari fram úr tekjum hins. Breytist meðalvísitalan, skal fyrr nefnd upphæð hækka eða lækka í samræmi við það. Tekjur, sem annað hjóna aflar hjá hinu eða í fyrirtæki, sem það á eða er aðaleigandi að, skulu þó ekki taldar sértekjur í þessu sambandi. Í reglugerð skal setja um það nánari ákvæði, hvenær slík laun skuli ekki talin sértekjur.

2. gr.

Orðin „fyrir hjón kr. 1800“ á tveim stöðum í 5. gr. l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, falli niður.

Aftan við 1. málsgr. sömu lagagreinar bætist: Hjónum er í sjálfsvald sett, hvort þeirra skuli njóta barnafrádráttar vegna hvers um sig af börnum þeirra.

Greinargerð.

Fyrri flm. þessa frv. flutti á síðasta þingi frv., sem var í aðalatriðum samhljóða þessu frv. Minni hl. fjhn. mælti með frv., en meiri hl. lagði til, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af því, að endurskoðun skattalöggjafarinnar stæði fyrir dyrum. Þótt nefnd starfi nú að þeirri endurskoðun, þykir sýnt, að heildartillögur frá henni komi ekki fyrir þetta þing. Mál það, sem frv. þetta fjallar um, er hins vegar svo brýnt hagsmunamál fyrir skattgreiðendur, að flm. telja, að eigi megi dragast, að löggjöf sé um það sett.

Aðalatriði þessa frv. er, að giftar konur skuli vera sjálfstæðir skattþegnar. Gildandi lagaákvæði gera hins vegar ráð fyrir því, að skattur sé lagður sameiginlega á tekjur hjóna. Sú regla er gömul. Er hún frá þeim tíma, er það var sjaldgæft, að konur ynnu sjálfstæð störf utan heimilis, þótt giftar væru, og hefur vafalaust verið tekin upp í framhaldi af réttarreglunum um sameign hjóna. Þess ber að geta, að væri persónufrádráttur mjög hár og það tíðkaðist alls ekki, að giftar konur ynnu utan heimilis, væri með reglu þessari í raun og veru verið að ívilna hjónum og fjölskyldum miðað við einhleypinga, þar eð vinna eiginkonunnar í þágu heimilisins er ekki skattlögð sem tekjur. Sennilegt er, að í upphafi hafi samsköttunarreglan einmitt haft slík áhrif. En nú eru áhrif hennar orðin allt önnur, og ber þrennt til þess: 1) hve algengt það er orðið, að giftar konur vinni utan heimilis, 2) hve persónufrádráttur er lágur og 3) hve stighækkun skattstigans er mikil.

Skattgreiðsla af tekjum á auðvitað að engu leyti að vera háð því, hver er þjóðfélagsaðstaða skattgreiðandans. Allir einstaklingar greiða sama skatt af jafnháum tekjum, án tillits til þess, við hvaða atvinnu þeirra er aflað. En skattgreiðsla einstaklinga getur hins vegar verið misjöfn eftir því, hvort þeir eru giftir eða ógiftir. Má skýra þetta með dæmi.

Kvæntur maður hefur 30000 kr. árstekjur. Hann greiðir 3629 kr. í tekjuskatt og útsvar, miðað við reglur þær, sem nú gilda. Hjónunum nægja þessar tekjur

illa til lífsframfæris. Maðurinn getur ekki fengið meiri vinnu eða hærri laun. Konu hans býðst hins vegar starf utan heimilisins, og eru laun fyrir það 20000 kr. Konan tekur þetta starf að sér til viðbótar heimilisstörfunum og leggur þannig mikið að sér. Sameiginlegar tekjur þeirra verða 50000 kr. Skattur og útsvar af þeirri upphæð nemur 9478 kr. Skattar heimilisins hækka m. ö. o. um 5849 kr. vegna vinnu húsmóðurinnar utan heimilisins. Af tekjum húsmóðurinnar, sem nema 20000 kr., eru þannig raunverulega greiddar 5849 kr. í skatt og útsvar eða hvorki meira né minna en rúmlega fjórðungur teknanna. Ef þetta fólk hefði verið ógift, hefði konan átt að greiða 2075 kr. af tekjum sínum. Af tekjum giftu konunnar verður hins vegar að greiða 5849 kr. eða meira en tvöfalda upphæð. Ef þessir tveir einstaklingar hefðu verið ógiftir, hefðu þessi opinberu gjöld þeirra numið 6278 kr. Af því að þeir eru giftir, nema þau 9478 kr. vegna samsköttunarreglunnar.

Hér er um að ræða augljóst ranglæti, sem ráða verður bót á. Það má ekki leggja hærri skatt á atvinnutekjur giftrar konu en ógift mundi greiða. Hér er því að vísu til svarað af formælendum núgildandi skipunar, að skattarnir hefðu orðið 9478 kr., ef eiginmaðurinn hefði unnið viðbótarvinnuna, og fyrir heimilið komi það í sama stað niður, hvort hjónanna afli teknanna. Ekki er samt hægt að komast í kringum þá augljósu staðreynd, að hjón eru tveir einstaklingar, en ekki einn, og hefðu greitt lægri skatta, ef þau hefðu ekki gifzt. Maður, sem vinnur tvö störf, aðalstarf, sem greitt er með 30000 kr., og aukastarf, sem greitt er með 20000 kr., getur ekki talið sér tekjurnar í tvennu lagi. Það verður að skattleggja allar 50000 kr. hjá honum og þá auðvitað samkvæmt hinum stighækkandi skattstiga. En hjónin eru tveir einstaklingar, sem geta unnið hvort fyrir sínum tekjum. Einmitt þess vegna er fráleitt að láta þau greiða miklu hærri skatta en ella, aðeins vegna þess, að þau eru gift.

Núgildandi skattalög viðurkenna ranglæti samsköttunarreglunnar gagnvart giftum konum, sem vinna utan heimilis, að örlitlu leyti með því að leyfa þeim heimilum, sem þurfa að hafa ráðskonu, vegna þess að konan vinnur úti, mjög lágan frádrátt, svokallaðan ráðskonufrádrátt, jafnháan persónufrádrætti eða um 3700 kr. Upphæðin er að sjálfsögðu allt of lág, og auk þess kemur regla þessi þeim heimilum einum til góða, sem hafa efni á því að hafa ráðskonu, ef konan vinnur úti. Veldur þetta síðara atriði því, að ekki mundi nægja að hækka ráðskonufrádrættinn, þótt það sé að vísu sjálfsagt. Ef leysa ætti vandann allan með hækkuðum ráðskonufrádrætti, eins og einu sinni hefur verið lagt til á Alþingi, yrði afleiðingin sú, að heimili, þar sem húsmóðirin ynni bæði á heimilinu og utan þess, greiddi hærri skatta af sömu tekjum en heimili, þar sem væri ráðskona, og er það að sjálfsögðu ranglátt.

Á Alþingi hafa nokkrum sinnum komið fram tillögur um, að giftar konur, sem vinna utan heimilis, skuli greiða skatt sérstaklega af sínum tekjum. Lægri skattar yrðu þá greiddir af tekjum giftrar konu, sem vinnur utan heimilis, en konu, sem starfar að atvinnurekstri manns síns og eykur þannig sameiginlegar atvinnutekjur þeirra. Enn fremur greiddi það heimili lægri skatta, þar sem konan ynni úti, en annað, þar sem heimilisfaðirinn ynni fyrir jafnmiklum tekjum og bæði hjónin á hinu heimilinu. Þess vegna verður ekki bætt úr ágöllum samsköttunarreglunnar á annan hátt en þann að gera allar giftar konur að sjálfstæðum skattþegnum, ekki aðeins þær, sem vinna utan heimilis, heldur einnig hinar, sem vinna innan vébanda þess. Sannleikurinn er sá, að ranglæti samsköttunarreglunnar bitnar alls ekki á þeim konum einum, sem vinna utan heimilis, heldur einnig á hinum, sem vinna heimilisstörf. Má skýra það með dæmi.

Ógiftur maður stundar sjálfstæða atvinnu ásamt konu, sem hann greiðir kaup, en hún vinnur bæði að atvinnurekstri hans og heimilisstörfum. Hann hefur sjálfur 25000 kr. í tekjur og greiðir henni aðrar 25000 kr. í laun. Skattar og útsvar þeirra beggja nema 6146 kr. Nú gifta þau sig. Raunverulegar tekjur þeirra og raunveru-

leg afkoma er hin sama. En tekjurnar eru nú lagðar saman og skattur og útsvar hækka upp í 9478 kr. eða um 54,2%. Þetta er augljóslega ranglátt.

Sérhver gift kona á að halda áfram að vera sjálfstæður skattþegn, þótt hún giftist. Hún á sjálf að greiða skatt af þeim tekjum, sem hún aflar sérstaklega, og fá að draga frá þeim tekjum sínum sanngjarnan ráðskonufrádrátt, til þess að heimilisstörfin séu ekki skattlögð hjá þeim hjónum fremur en á því heimili, þar sem konan vinnur heima. Og þótt hún vinni einvörðungu innan vébanda heimilisins, á að reikna henni tekjur. Spurningin er, hvort reikna á henni tekjur fyrir vinnu sína til viðbótar tekjum manns síns og lækka skattstigann um leið eða reikna henni hluta af tekjum mannsins. Ef konunni væru reiknaðar tekjur til viðbótar tekjum mannsins vegna heimilisstarfa hennar, væri horfið frá þeirri mikilvægu grundvallarreglu skattalaganna, að vinna í eigin þágu sé ekki skattlögð. Einhleypu fólki þyrfti þá auðvitað einnig að reikna tekjur vegna hliðstæðra starfa, en slíkt yrði nær óframkvæmanlegt, auk þess sem ávallt er hæpið að gera mönnum að greiða skatt af reiknuðum tekjum, sem aldrei hafa verið peningatekjur. Í þeirri lækkun skattstigans, sem samþykkja yrði, fælist og óeðlileg ívilnun til handa atvinnutekjum og atvinnurekstri. Hin leiðin er því miklu eðlilegri, að reikna konunni ákveðinn hlut af tekjum mannsins fyrir starf hennar í þágu heimilisins og við sameiginleg atvinnustörf, ef um það er að ræða. Í þessu frv. er giftri konu, sem vinnur eingöngu á heimilinu, áætlaðar hálfar tekjur heimilisins, ef þær fara ekki fram úr 50000 kr., en 25000 kr. tekjur, ef tekjur þess eru meiri. Vinni hún utan heimilis, en þó ekki fyrir 25000 kr., skal henni reiknaður svo mikill hluti af tekjum manns síns, að hún hafi 25000 kr. tekjur, en hafi hún meira en 25000 kr. tekjur, greiðir hún sjálf skatt af þeim, að sjálfsögðu að frádregnum ráðskonufrádrætti, ef um það er að ræða.

Í þessu sambandi má geta þess, að þessar reglur eru hagkvæmari konu, sem vinnur launað starf utan heimilis, en þeirri, sem starfar að atvinnurekstri með manni sínum, þar eð sértekjur hinnar síðar nefndu geta aldrei orðið hærri en 25000 kr., en sú, sem vinnur fyrir launum, fær allar tekjur sínar reiknaðar sem sértekjur. Úr þessu yrði ekki bætt nema með því að skipta öllum hjónatekjum til helminga eða hækka tekjuhámark konunnar. Ástæðulaust er að skipta öllum hjónatekjum til helminga, hversu háar sem þær eru. Hins vegar má auðvitað alltaf deila um það, hvert skuli vera hámark tekna konunnar, sem vinnur heimilisstörf einvörðungu. Ekki virðist þó sanngjarnt að ákveða það lægra en 25000 kr.

Slíkar reglur mundu hafa í för með sér mikla lækkun á skattgreiðslum hjóna, miðað við einhleypt fólk, og á útsvarsgreiðslum, ef hliðstæðar reglur yrðu látnar gilda við niðurjöfnun útsvara, svo sem sjálfsagt væri. Lækkun á skatt- og útsvarsgreiðslum barnlausra hjóna með 30000 kr. tekjur yrði 1125 kr., lækkunin á 40000 kr. tekjum yrði 2005 kr., á 50000 kr. tekjum 3332 kr. og á 60000 kr. tekjum 4816 kr. Hjón með 30000 kr. tekjur greiða nú aðeins 577 kr. lægri skatta og útsvar en einhleypur maður með sömu tekjur. Hækkun persónufrádráttar ein bætti ekki úr þessu að fullu, þótt hún sé sjálfsögð. Það eitt að gera giftar konur að sjálfstæðum skattþegnum jafnaði metin svo sem réttmætt er.

Frv. það, sem fyrri flm. þessa frv. flutti um þetta efni á síðasta Alþingi, hlaut stuðning fjölmargra félagssamtaka, sem skoruðu á Alþingi að samþykkja það. Voru þau þessi: 1) Alþýðuflokksfélag Akureyrar, 2) bandalag kvenna í Reykjavík, 3) félag íslenzkra háskólakvenna, 4) kvenfélag Alþýðuflokksins í Hafnarfirði, 5) kvenfélag Alþýðuflokksins í Reykjavík, 6) kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, 7) kvenfélagið Hlíf, Ísafirði, 8) kvenfélag Húsavíkur, 9) kvenfélagið Njarðvík, 10) kvenréttindafélag Eskifjarðar, 11) kvenréttindafélag Íslands, 12) kvenstúdentafélag Íslands, 13) lestrarfélag kvenna, Reykjavík, 14) mæðrafélagið í Reykjavík, 15) sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt, 16) stjórn, varastjórn og kvenréttindanefnd verklýðsfélags Akraness, 17) verkakvennafélagið Eining, 18) verkakvennafélagið Framsókn, 19) verkakvennafélagið Snót í Vestmannaeyjum, 20) verkakvennafélagið Von, Húsavík.

Ed. 111. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem því er samfara.
2. Við 3. gr. 3. málsl. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.
3. Við 4. gr.
   a. Síðasti málsl. 3. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „og óinnsiglaðan skipsforða áfengis“ í 4. málsgr. falli niður.
   c. 5. málsgr. falli niður.
   d. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Fyrirmæli þessarar greinar ná einnig til flugvéla, sem hér hafa viðkomu, þó ekki til þeirra, sem hafa skamma viðdvöl, enda sé þá farangur og farmur eigi fluttur úr flugvélinni. Fyrirmælin ná eigi heldur til herskipa eða erlendra skemmtiferðaskipa.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Bannað er að búa til áfenga drykki eða áfengisvökva á Íslandi eða gera drykkjarhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Áður en leyft er að selja slíkt öl innanlands til annarra en hins erlenda varnarliðs, skal ríkisstjórnin bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess, að leyfið verði veitt. Nánari ákvæði um sölumeðferð þess öls skulu sett með reglugerð.
   Nú fer fram þjóðaratkvæði um leyfi til að selja öl í landinu samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og skal þá jafnframt og á sama hátt láta fara fram atkvæðagreiðslu um það, hvort þjóðin kýs frekar algert aðflutnings- og sölubann áfengis eða áframhaldandi innflutning og sölu þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi mæla fyrir um. Komi í ljós, að meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiða, aðhyllist algert aðflutnings- og sölubann áfengra drykkja, skal Alþingi það, sem saman kemur næst eftir að þetta er kunnugt, gera tillögur um nýja tekjustofna til ríkissjóðs, er komi í stað ágóðans af áfengissölunni og jafngildi þeim tekjum, og láta síðan fara fram þjóðaratkvæði um þær tillögur, á sama hátt og fyrir er mælt í þessum lögum. Verði þær tillögur samþykktar með meiri hluta greiddra atkvæða, ber samstundis að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna innflutning og sölu áfengis í landinu.
5. Við 8. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Andvirðið rennur í áfengisvarnasjóð.
6. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.
7. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en fara skal fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjar- eða sýslufélagi, sem í hlut á, áður en slík útsala er sett þar á stofn, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð. Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í viðkomandi bæjar- eða sýslufélagi.
   Atkvæðagreiðslur þær, sem um getur í þessari grein, skulu fara fram, er ríkisstjórn, meiri hluti í viðkomandi bæjarstjórnum og sýslunefndum eða ⅓ hluti kjósenda í viðkomandi bæjar- og sýslufélögum krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að

leggja niður útsölu samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

8. Við 12. gr.
   a. Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., er orðist svo:
   Þegar leyft hefur verið að setja á stofn útsölu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 10. gr. þessara laga, ákveður ríkisstjórnin tölu og staðsetningu útsölu- og veitingastaða í viðkomandi landshlutum. Leyfi til endursölu og veitinga áfengis skal þó ávallt háð þeim skilyrðum, að það sé selt í veitingahúsi, sem að dómi ríkisstjórnarinnar er fyrsta flokks um allan útbúnað, umgengni, þrifnað og reglusemi og selur auk þess mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
   Aldrei má reikna þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né launa starfsfólk með hundraðsgjaldi af sölu þeirra, né láta af hendi eða taka á móti sérstöku gjaldi fyrir að bera fram eða selja áfengi.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
   Áður en veitingaleyfi er veitt samkv. 1. málsgr. skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar eða sýslunefndar og áfengisvarnanefndar á þeim stað, sem í hlut á.
   c. 3. málsgr. falli niður.
   d. Orðin „í kaupstað“ í 5. málsgr. falli niður — og í stað orðanna „í þeim kaupstað“ síðar í sömu málsgr. komi: á þeim stað.
   e. Í stað orðanna „í ríkissjóð“ í lok 6. málsgr. komi: í áfengisvarnasjóð.
9. Við 15. gr. Fyrri málsl. 2. málsgr. falli niður.
10. Við 16. gr.
   a. Orðin „né veita“ í 1. málsgr. falli niður.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
   Áfengi má ekki veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður eða svo mjög undir áhrifum víns, að hann gæti ekki hófs í siðgæði eða brjóti almennar umgengnisvenjur á veitingastað. Skal viðkomandi veitingamaður, eftirlitsmaður með áfengisveitingum eða veizlustjóri láta þegar fjarlægja hvern þann, sem þannig er ástatt um, og ber að stöðva allar veitingar á staðnum, unz það hefur verið gert. Þessi ákvæði gilda einnig um áfengisveitingar samkvæmt 20. gr. þessara laga.
11. Á eftir 20. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Eftirlitsmaður með áfengisveitingum skal hafa aðgang að hverjum þeim stað, þar sem leyft hefur verið að veita áfengi, jafnt í félögum og veizlum sem á opinberum veitingastöðum, og ber honum að sjá um, að fyrirmælum þessara laga sé hlýtt, og kæra yfir, ef brotið er út af. Honum skal enn fremur heimill aðgangur að hvers konar mótum og samkomum, ef grunur leikur á, að þar sé haft vín um hönd, í því skyni að gæta þess, að ölvun eigi sér ekki stað, sem fer í bága við fyrirmæli og tilgang þessara laga. Heimilt er honum að afla sér þar hvers konar sönnunargagna, sem hann telur nauðsynleg til sönnunar brotum á lögum þessum.
12. Á eftir 25. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Sé það á almannavitorði, að fyrirmæli 21.—25. gr. þessara laga hafi verið brotin á ákveðnum samkomum, eða ef sterkur grunur liggur á því, að svo hafi verið, ber að láta fram fara réttarrannsókn á meintum brotum, þótt engin kæra hafi fram komið, svo að upplýst verði á þann hátt, hvort um meint brot hafi verið að ræða eða ekki.
13. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar sérstakan lækni, sem hefur þekkingu á drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra manna, til þess að hafa með höndum yfirumsjón þessara mála. Skal hann rækja starfið sem aðalstarf og tekur laun samkvæmt IV. flokki launalaga. Hann skal einnig vera áfengisvarnaráðunautur ríkisstjórnarinnar án sérstakra launa. Starfar hann samkvæmt erindisbréfi, er ríkisstjórnin setur honum.

14. Á eftir 27. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn með neyzlu og meðferð áfengis á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem leyfðar eru útsölur og veitingar áfengis, svo margra sem þurfa þykir að dómi áfengisvarnaráðs. Skal þeim skylt að fylgjast með því, að fyrirmælum laganna sé hlýtt í hvívetna, og bera fram kærur á hendur þeim, sem brotlegir hafa gerzt. Gerist eftirlitsmaður brotlegur um meðferð og sölu áfengis eða hylmar yfir með öðrum, er gerzt hafa brotlegir, eða vanrækir á einn eða annan hátt starf sitt, svo að lögbrot verði öðrum auðveldari, skal hann sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.
Að öðru jöfnu skulu meðlimir áfengisvarnanefndar ganga fyrir sem eftirlitsmenn, enda skal ávallt leita álits áfengisvarnaráðs, áður en ráðherra skipar slíkan starfsmann.
Á þeim stöðum, sem útsölur eða veitingar áfengis eru ekki leyfðar, skal eftirlitsstarfið falið áfengisvarnanefndum þar, og ber þeim þá að hafa eftirlit með mótum og samkomum, sem haldnar eru á því svæði, sem þeim tilheyrir.
Eftirlitsmenn geta hvenær sem er krafizt aðstoðar lögreglumanna, ef þeim þykir ástæða til í sambandi við brot á lögum þessum.
Ráðherra setur reglugerð um störf eftirlitsmanna og laun þeirra.
15. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.
Áfengisvarnaráði skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi, allt frá barnaskólum til háskóla. Ráðherra setur nánari fyrirmæli með reglugerð um kennslustundafjölda í hverjum skóla, prófstig o. fl., er að námsgreininni lýtur, að fengnum tillögum frá áfengisvarnaráði.
Skylt skal öllum sóknarprestum landsins að hafa eftirlit með því, að börn og unglingar hafi fengið þá fræðslu, sem ákveðin er í barnaskólum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og er það skilyrði fyrir fermingu barna, að þeim hafi verið kennd sú námsgrein.
16. Við 31. gr. Í stað 3. málsl. 1. málsgr. komi: Skulu í hann renna allar sektir samkvæmt ákvæðum þessara laga. Nægi þær ekki fyrir útgjöldum, skal sú upphæð, sem á vantar, greiðast af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.
17. Við 32. gr. Greinin falli niður.
18. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist: Sektarákvæði samkvæmt 34. og 35. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.
19. Við 37. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Brot gegn 1. málsl. 7. gr. og reglugerð samkvæmt síðasta málsl. 1. málsgr. sömu greinar ....
20. Við 42. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Brot gegn ákvæðum 2. málsgr. 12. gr. og ákvæðum 16. gr. ....
21. Við 43. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. og 1. málsgr. 28. gr. varða ....
22. Við 46. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo.
Brot gegn 22.—24. gr. og gegn 30. gr. varða ....
23. Við 48. gr. Í stað orðanna „í Menningarsjóð“ í 1. málsgr. komi: í áfengisvarnasjóð.
24. Við 51. gr. Greinin falli niður.

Nd. 112. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 24. des. 1951, um breyt. á l. nr. 17 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag og samþykkti samhljóða að mæla með því.

Alþingi, 21. okt. 1952.

Pétur Ottesen, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ágústsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Sþ. 113. Fyrirspurnir. [91. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um réttarrannsókn á starfsemi S. Í. F.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Er lokið réttarrannsókn þeirri, sem hafin var 1950 á saltfisksölu Sambands íslenzkra fiskframleiðenda, og ef svo er, hverjar voru niðurstöður þeirrar rannsóknar?
2. Verður mál höfðað á hendur ráðamönnum S. Í. F. í framhaldi af þessari rannsókn?

II. Til ríkisstjórnarinnar um rannsókn sjóslysa.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma þá rannsókn á sjóslysum, sem henni var falin með þingsályktunartillögu frá 12. des. 1951?
2. Hver hefur orðið niðurstaða þeirrar rannsóknar?
3. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin að gera í þessu efni?

III. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu uppbóta á sparifé.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna hefur sparifjáreigendum ekki verið greidd uppbót sú, sem ákveðið var í gengisskráningarlögunum frá 1950, að þeim skyldi greidd?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um launalög.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hefur nefnd sú, sem starfað hefur að endurskoðun launalaganna, lokið störfum?

2. Ef svo er, hyggst ríkisstjórnin þá að leggja tillögur hennar fyrir Alþingi það, sem nú situr, eða annað frv. til nýrra launalaga?
3. Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi það, sem nú situr, frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

V. Til ríkisstjórnarinnar um STEF og þátttöku Íslands í Bernarsambandinu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hverjar hafa verið heildartekjur STEFS, síðan það var stofnað:
   a. frá ríkisútvarpinu,
   b. frá öðrum aðilum?
2. Hversu mikið hefur það greitt fyrir höfundarrétt:
   a. íslenzkum mönnum,
   b. útlendum mönnum?
3. Hversu miklu nema greiðslur til hvers um sig af þeim 10 íslenzkum höfundum, sem hæstar greiðslur hafa fengið, og hversu miklu greiðslurnar til hvers um sig af þeim 10, sem lægstar greiðslur hafa fengið?
4. Hversu miklu hefur numið stjórnar- og skrifstofukostnaður STEFS, síðan það var stofnað?
5. Hversu mikið hefur verið yfirfært á vegum STEFS til erlendra manna vegna höfundarréttar, síðan Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu, og hversu mikið er óyfirfært af fé, sem greiða skal?
6. Hversu miklar gjaldeyristekjur á vegum STEFS hafa íslenzkir menn hlotið á sama tíma?

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela Þingvallanefnd að láta hætta allri bílaumferð um veginn eftir Almannagjá og leggja nýjan bílveg, er eigi liggi gegnum gjána.

Greinargerð.

Það er nauðsynlegt að láta hætta allri bílaumferð gegnum Almannagjá, ef sá staður á að vera raunverulega friðlýstur. Nú er svo komið, að illverandi er fyrir fólk í gjánni sakir bílaumferðar og þess ryks og ókyrrðar, sem af umferðinni stafar. Og ekki er ólíklegt, að umferð hinna þungu farartækja, sem sífellt verða fyrirferðarmeiri, valdi aukinni hættu á hruni úr gjárbarminum, — og með tímanum grefur rykið, sem upp er þyrlað, búðarústirnar, ef þannig er haldið áfram.

Almannagjá á að vera friðaður reitur, þar sem menn fara um fótgangandi, þar sem blóm og grös fá að vaxa í næði og þar sem fólk getur verið í friði við minjarnar um forna tíma og sérkennilega náttúrufegurð staðarins. Frekar mætti prýða gjána villtum blómum, án þess að fara samt að búa þar til nokkra blómareiti, í stað þess að ausa hana svo ryki sem nú er gert með bílaumferðinni.

Auðvelt er að tryggja betri samgöngur en nú eru í gegnum Almannagjá með vegalagningu til Valhallar af vegum þeim, sem nú liggja niður frá þjóðveginum fyrir neðan Kárastaði.

Tilgangur þessarar þáltill. er að fela Þingvallanefnd að láta framkvæma þetta í samráði við vegagerð ríkisins. Léti nefndin þá banna allan akstur gegnum Almannagjá, en hins vegar væri nefndinni í sjálfsvald sett, að hve miklu leyti hún leyfði farlama fólki, sem ella gæti ekki borið sig yfir, undanþágu til að aka inn í gjána frá Öxarárbrú og snúa síðan við nálægt Lögbergi.

Ed. 115. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, 18.—23. gr. (og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því):

III. Um merkingu gatna og húsa.

a. (18. gr.) Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum, sem eru skipulagsskyld samkv. lögum þessum, er skylt að merkja greinilega götur allar og vegi. Skulu skilti með greinilega áletruðum nöfnum viðkomandi gatna og vega fest upp á öllum gatna- og vegamótum.

b. (19. gr.) Á sömu stöðum og tilgreindir eru í næstu grein á undan er skylt að auðkenna öll hús, sem standa við skipulagðar götur eða vegi, með númerum, og skal númeratölunum þann veg fyrir komið, að þær verði auðveldlega lesnar utan frá götu- eða vegbrúninni.

Ef hús standa fjær götu eða vegi en 10 metra eða ef trjágróður eða annað skyggir á húsið, skal húsnúmerinu komið fyrir á inngönguhliði að lóð hússins.

Hús, sem standa það óreglulega, að ekki þykir fært að taka þau í númeraröð neinnar götu, skulu auðkennd með nafnheitum, og skal skilti með heiti viðkomandi húss komið fyrir með sama hætti og áður segir um númer húsa.

c. (20. gr.) Við ákvörðun um númeraröð húsa skal fylgja þeirri reglu, eftir því sem við verður komið, að hús til hægri handar við götu — þegar stefnt er frá miðbiki bæjar — sé tölusett með jöfnum tölum, þ. e. 2, 4 o. s. frv., en húsin til vinstri handar tölusett með oddatölunum. Við götur, sem liggja þvert á aðalgötur, skal beita sömu reglu, miðað við stefnu frá aðalgötu til útjaðars.

Ef hús eru sambyggð, skal vera númer fyrir hverjar götudyr.

Ekki má auðkenna hús með bókstaf — auk raðtölunnar — nema því aðeins að húsið sé bakhús, sem stendur ekki í neinni reglulegri húsalínu, eða sambygging, sem snýr stafni að götunni.

d. (21. gr.) Þar sem húsnúmeri er komið fyrir á húsinu sjálfu, skal hagað svo til, að lýsa megi númerið upp með útiljósi frá húsinu, og er skylt að láta útiljósið loga lögboðinn ljósatíma ökutækja.

e. (22. gr.) Bæjarstjórnum og hreppsnefndum ber að sjá um framkvæmd þeirra fyrirmæla, sem felast í þessum kafla.

Bæjarsjóður (hreppssjóður) ber kostnað, sem leiðir af merkingu gatna og vega. Húseigendur greiða kostnað við merkingu húsa sinna.

f. (23. gr.) Ef gera þarf breytingar á þinglesnum samningum eða skuldbindingum, vegna þess að númer húsa breytist við framkvæmd þessara laga, skulu hinir nýju samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en bæjarstjórnir (hreppsnefndir) skulu hafa frest til 30. sept. 1953 til þess að koma fyrirmælum þeirra til framkvæmda.

Greinargerð.

Í starfi mínu sem leigubifreiðarstjóri hef ég alveg sérstaklega komizt í kynni við þau óþægindi og þá erfiðleika, sem stafa af því, að götur og hús eru stundum ómerkt með öllu, en í ýmsum öðrum tilfellum ógreinilega og ruglingslega. Veldur þetta oft óþörfum akstri leigubifreiða og töfum, sem geta verið bagalegar fyrir þá, sem panta bifreið í því skyni að komast á ákvörðunarstað innan tiltekins tíma.

Ég tel þess vegna nauðsyn bera til, að lögfest séu fyrirmæli um glöggar merkingar á götum og húsum í þéttbýli, og tel eðlilegast, að fyrirmælin nái til allra þeirra staða, sem eru skipulagsskyldir að lögum.

Í frv. er mælt fyrir um meginreglu um röð húsnúmera, og er þar farið eftir því, sem mér virðist vera höfuðreglan hér í Reykjavík. Að sjálfsögðu koma fyrir afbrigði, sem ekki verða færð undir þessa reglu. En ég tel þó sjálfsagt að hafa regluna og mikinn kost að samræma þetta, svo sem verða má, á öllum þeim stöðum, sem lögin ná til.

Þá eru í frv. fyrirmæli um, að lýsa skuli húsnúmerin upp að næturlagi. — Ef til vill þykir þetta óþarfa kvöð á húseigendur og aðra íbúa húsanna. En ég vil benda á, að ef yfirleitt er nauðsynlegt að merkja húsin — og það vænti ég, að flestir fallist á — þá er engu minni, heldur þvert á móti öllu meiri nauðsyn, að þær merkingar sjáist að nóttu en degi. En svo verður ekki, ef næturmyrkrið fær að hylja húsnúmerið, oft mikinn meiri hluta sólarhringsins.

Fyrirmælin um skiptingu kostnaðar og framkvæmdaatriðin tel ég ekki þörf á að skýra sérstaklega.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um, að samræmi komist á um skipan leturborða á ritvélum þeim, sem til landsins eru fluttar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveim undanförnum þingum, en náði í hvorugt skiptið afgreiðslu. — Hins vegar hafa sézt gleðileg merki þess, að hún sækir á um hylli innan Alþingis, því að í hittiðfyrra entist henni ekki umhyggja góðra manna til þess einu sinni að komast aftur úr þeirri nefnd, sem henni var vísað til, en í fyrra var hún svo gæfusöm, að nefndin (þ. e. allsherjarnefnd) afgreiddi hana með fullu samkomulagi á þá leið, að þetta væri hið þarfasta mál, og lagði til, að tillagan yrði samþykkt. Aftur á móti tókst svo illa til, að frekari umræða um málið á Alþingi fórst fyrir, og lauk svo þingi.

Alþingismenn hafa eflaust þegar gert sér ljósa grein fyrir því, hvað í tillögunni felst, en þó þykir rétt að láta aftur fylgja henni bréf það varðandi málið, sem Elís Ó. Guðmundsson sendi að bón flutningsmanns í fyrra. — Tillagan er flutt í trausti á fullan sigur að þessu sinni, enda lofar um það góðu þróun málsins innan Alþingis. Og allt er þá þrennt er.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. október 1951.

Með tilvísun til viðtals, er þér, herra alþingismaður, áttuð við mig 25. þ. m., leyfi ég mér að staðfesta það, er ég tjáði yður í viðtalinu, að ég er yður sammála um,

að rétt sé, að hlutazt verði til um, að samræmt verði lyklaborðið á ritvélum þeim, er til landsins verða fluttar, þannig, að hinum einstöku stöfum og merkjum verði komið þar fyrir á einn og sama hátt, eftir því sem við verður komið.

Reynsla mín sem ritvélakennara hér í Reykjavík um meira en tuttugu ára skeið, aðallega við Verzlunarskóla Íslands, hefur fært mér heim sanninn um það, að það veldur nemendum, og síðar starfandi vélriturum, talsverðum örðugleikum, hve lyklaborðin eru frábrugðin hvert öðru að því er tekur til staðsetningar hinna svonefndu íslenzku stafa, svo og hinna ýmsu merkja.

Úr þessu tel ég að auðvelt sé að bæta með því einu, að innflytjendur ritvéla hér á landi komi sér saman um, eða fái um það fyrirmæli ríkisvaldsins, ef með þarf, að staðsetning allra bókstafa og merkja á ritvélunum, sem til landsins verða fluttar, sé samræmd í einu og öllu, á hinn hagkvæmasta hátt, að reyndra og sérfróðra manna ráði.

Ég vil geta þess, að ég hef átt tal um þetta við nokkra stærstu innflytjendur ritvéla hér, og er það samhljóða álit þeirra, að æskilegt sé, að þessi samræming komizt á, og telja þeir sig meðmælta því, að hafizt verði handa í þessum efnum.

Mér virðist á engan hátt ósanngjarnt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu í þessu máli og hafi heimild til ákvarðana í þessum efnum, eftir því sem hún kann að telja nauðsynlegt.

Virðingarfyllst,

Elís Ó. Guðmundsson.

Herra alþingismaður Jónas Árnason, Reykjavík.

Nd. 117. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 23. okt. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Kristín Sigurðardóttir.

Jónas Árnason. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 118. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 23. okt. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.

Jónas Árnason. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 119. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 41 26. okt. 1917, um breyt. á l. nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (ÁkJ) var fjarstaddur.

Alþingi, 23. okt. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Emil Jónsson, frsm.
Jónas G. Rafnar.

Nd. 120. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um manntal 16. okt. 1952.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta var gefið út sem bráðabirgðalög, og er nú leitað eftir samþykkt þeirra. Lögin hafa nú þegar komið til framkvæmda.
Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Emil Jónsson.
Jónas G. Rafnar. Áki Jakobsson.

Nd. 121. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „til forseta eða fundarins“ orðist greinin svo: Þegar þingmenn eru ávarpaðir, skulu þeir nefndir fullu nafni.

Ed. 122. Frumvarp til laga [95. mál]

um tilkynningar aðsetursskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórar (í Reykjavík Manntalsskrifstofan) og í hreppum oddvitar veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum þessum, og er átt við þessa aðila alls staðar þar, sem lögin kveða svo á, að slíkar tilkynningar skuli sendar sveitarstjórnum.

2. gr.

Hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað.

Einstaklingur, sem dvelst í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á heimilisfang, er tilkynningarskyldur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ef hann á sínum tíma var skyldur til að tilkynna komu sína í umdæmið, samkvæmt ákvæðum 3. eða 5. gr., eða hefði verið skyldur til þess, ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á þeim tíma.

3. gr.

Hver sá, sem flytur í annað sveitarfélag í því skyni að taka sér þar heimilisfang, skal tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til, áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að flutningurinn átti sér stað.

Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann er staddur, og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið. Ákvæði þetta tekur til vistmanna á hælum, sjúklinga í sjúkrahúsum, gesta í gistihúsum og fanga í fangelsum jafnt og til þeirra, sem hafa aðsetur í venjulegu húsnæði utan heimilissveitar sinnar.

Frá ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu gilda eftirfarandi undantekningar:

1. Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja lengri eða skemmri tíma við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang.
2. Barn, sem dvelur sumarlangt eða annað takmarkað tímabil á barnaheimili, í sveit eða annars staðar utan heimilissveitar sinnar. Hins vegar skal, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðsetursskipti fyrir barn, sem fyrirsjáanlega mun dvelja lengri tíma á barnahæli eða þ. u. l. stofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem það á heimilisfang.
3. Þeir, sem dvelja eingöngu eða að mestu leyti til náms í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang. Þó skulu iðnnemar við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, vera tilkynningarskyldir samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.
4. Þeir, sem dvelja í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, við störf, sem samkvæmt venju eru árstíðarbundin, svo sem við fiskveiðar á vertíð með tilheyrandi vinnslu afurða o. fl. Enn fremur við heyskap eða önnur sveitastörf að sumarlagi, við vegagerð utan kaupstaða, og þ. u. l.

Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem greindar eru í 3. mgr. þessarar greinar, gilda aðeins, meðan þau atvik, sem gefa tilefni til undantekningar, eru fyrir hendi, og verða aðilar tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið í viðkomandi umdæmi tvo mánuði eftir brottfall þess atviks, sem um ræðir hverju sinni. Skal þá aðili innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið.

4. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal við endurkomu til heimilissveitar sinnar, áður en 7 dagar eru liðnir, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

5. gr.

Nú kemur til landsins íslenzkur ríkisborgari, sem verið hefur búsettur erlendis, í því skyni að taka sér hér heimilisfang, og skal hann þá, áður en 7 dagar eru liðnir frá komunni í umdæmið, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Að öðru leyti eru íslenzkir ríkisborgarar og útlendingar, sem til landsins koma, tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum 2.—4. mgr. 3. gr., eftir því sem þau eiga við.

6. gr.

Nú fer úr landi maður — sem tilkynnt hefur verið aðsetur fyrir eða hefði átt að tilkynna aðsetur fyrir, ef lög þessi hefðu verið í gildi — til þess að taka sér bólfestu erlendis eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdvöl, og skal hann þá, áður en hann hverfur úr landi, tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann hefur aðsetur, þegar hann fer.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki fyrir þá, sem fara utan til náms, en þegar þeir koma til landsins að afloknu námi, skulu þeir tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem þeir setjast að, ef það er annað en það sveitarfélag, þar sem þeir hafa haft skráð aðsetur meðan þeir dvöldu erlendis.

7. gr.

Hver sá, sem tilkynnt hefur aðsetur í einhverju sveitarfélagi samkvæmt fyrirmælum laga þessara, eða hefði verið skyldur til að gera það, ef lög þessi hefðu verið í gildi á viðkomandi tíma, er samkvæmt 2. gr. skyldur til að tilkynna breytingar, sem verða kunna á aðsetri hans innan sama umdæmis. Fari hann í annað sveitarfélag, skal hann, ef ákvæði 3. gr. taka til dvalar hans þar, tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins, hvort sem hann á þar heimilisfang eða ekki.

8. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem lög þessi mæla fyrir um, gildir án tillits til fjölskyldutengsla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t. d. kvæntur maður, sem dvelur a. m. k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við konu hans eða ekki.

9. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvílir á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 18 ára aldur. Forráðamenn einstaklinga innan 18 ára aldurs og þeirra, sem sviptir hafa verið sjálfræði, skulu sjá um, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir skjólstæðinga þeirra.

Hver húsráðandi ber ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að því er tekur til tilkynningar aðseturs fyrir einstaklinga, sem hafast við á slíkum stöðum. Enn fremur ber hver húseigandi ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum, þ. e. a. s. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

Bæjarstjórar og oddvitar skulu kvitta skriflega fyrir móttöku tilkynninga um aðsetursskipti.

Heimilt er að krefjast þess, að tilkynningar um aðsetursskipti séu látnar í té í tvíriti.

10. gr.

Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við Hagstofu Íslands. Skal þar getið nafns þess eða þeirra, sem skipta um aðsetur, ásamt nákvæmum upplýsingum um það, hvar aðsetrið er, svo og um annað, sem greina þarf vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

11. gr.

Tilkynningar þær um aðsetursskipti, sem bæjarstjórar og oddvitar fá í hendur, skulu sendar Hagstofu Íslands, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem þær þarfnast vitneskju um.

Félagsmálaráðuneytið ákveður tilhögun á sendingu tilkynninga til Hagstofu Íslands, og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

12. gr.

Bæjarstjórum og oddvitum er heimilt að krefjast þess af skólastjórum og forstöðumönnum námsmannabústaða í sveitarfélaginu, að þeir láti hinum fyrr nefndu í té skrár, í tilteknu formi, yfir námsmenn, sem eiga heimilisfang utan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver í sínu umdæmi, stuðla að því með virkum aðgerðum, að menn fullnægi sem bezt ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu. M. a. skulu þær, einkum í fámennari sveitarfélögum, ef svo ber undir gangast fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir einstaklinga, sem láta undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu, eða eiga þess ekki kost einhverra hluta vegna.

14. gr.

Lögreglustjórar utan Reykjavíkur skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppstjóra eftir föngum við hana.

Útlendingaeftirlitið skal aðstoða við framkvæmd laga þessara eftir föngum, einkum í sambandi við eftirlit með því, að þeir, sem koma til landsins og fara frá landinu, fullnægi tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laganna.

15. gr.

Ákvæði laga þessara snerta á engan hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi.

16. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna, en þær bera allan annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu varða sektum 200—2000 kr., sem renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem aðili er tilkynningarskyldur. Skal fara með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó þannig að tilkynna ber, samkvæmt fyrirmælum laganna, öll aðsetursskipti, sem eiga sér stað frá og með 17. október 1952.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði um tilkynningu bústaðaskipta í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, og í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um þessar mundir er verið að vinna að stofnun spjaldskrár yfir alla landsmenn og standa eftirtaldir aðilar að því verki: Berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Hagstofa Íslands annast framkvæmd verksins fyrir hönd þessara aðila.

Spjaldskrárgerð þessari er hagað þannig, að fyrst er aðalmanntalið 1. des. 1950 tekið upp á svo nefnd vélspjöld. Þegar því verki lýkur, liggur fyrir fullkomin spjaldskrá yfir alla landsmenn eins og þeir voru 1. desember 1950, með nöfnum, heimilisfangi og öllum þeim upplýsingum öðrum, sem safnað var við það manntal. Síðan

verður sú spjaldskrá færð fram til 16. október 1952, eftir manntali því, er fram hefur farið miðað við þann dag, og eftir það þarf að taka inn í spjaldskrána, helzt jafnóðum eða því sem næst, allar breytingar mannfjöldans (fæðingar, giftingar, mannslát, bústaðaskipti o. fl.), sem máli skipta við starfrækslu spjaldskrárinnar, þannig að hún á hverjum tíma segi rétt til um sérhvern íbúa landsins.

Spjaldskráin er starfrækt með vélum, sem ekki aðeins láta í té margvíslegar tölulegar upplýsingar og útreikninga, heldur prenta vélarnar líka á sjálfvirkan hátt og með miklum hraða, nöfn og heimilisfang manna á þann hátt, sem þörf er fyrir hverju sinni.

Þegar búið verður að koma spjaldskrá þessari á fót og tryggja áframhaldandi viðhald hennar, eiga að geta orðið mikil og margháttuð not af henni í opinberri starfsemi og hún ætti að geta haft í för með sér mikinn vinnusparnað og stórbætt vinnubrögð á mörgum sviðum. Auk þess má búast við því, að vélarnar mundu, þegar frá líður, verða látnar vinna ýmis störf, sem hingað til hefur ekki þótt fært að ráðast í vegna kostnaðar. Sem dæmi um verksvið, þar sem spjaldskráin kemur til að hafa þýðingu, má nefna útreikning opinberra gjalda og tilsvarandi ritun reikninga, kjörskrárgerð, almannatryggingagreiðslur og ýmis rannsóknarstörf, svo sem berklarannsókir þær, sem til stendur að Berklavarnir ríkisins framkvæmi í samráði við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, o. m. fl.

Spjaldskráin mun og hafa það í för með sér, að mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar komist í fullkomið horf, þannig að fyrirvaralítið muni verða hægt að láta í té nýjar og nákvæmar upplýsingar um fólksfjöldann, bæði fyrir landið í heild og fyrir hin ýmsu umdæmi þess, og mun það hafa mikla þýðingu fyrir löggjöf og stjórnarstörf á mörgum sviðum. Loks má minna á, hversu miklu máli slík spjaldskrá muni skipta um hagsögu, ættfræði og mannfræði landsmanna.

Til þess að spjaldskráin geti orðið að æskilegum notum, verður að sjálfsögðu að koma málum þannig fyrir, að aðilinn, sem stjórnar spjaldskránni, fái öruggar upplýsingar um allar þær breytingar mannfjöldans, sem máli skipta í þessu sambandi, og auk þess er mjög mikilvægt, að upplýsingarnar berist reglulega og sem allra fyrst eftir að breytingar eiga sér stað. Hagstofan fær á ársfjórðungsfresti tilkynningar frá prestum landsins um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannslát, og á grundvelli þeirra semur Hagstofan og gefur út mannfjöldaskýrslur sínar. Þessar tilkynningar prestanna nægja til þess, að unnt sé að halda spjaldskránni við að því er tekur til umræddra breytinga á mannfjöldanum. En hins vegar hefur ekki enn verið komið á tilsvarandi öflun upplýsinga um aðsetursskipti, en það er skilyrði þess, að spjaldskrá geti komið að þeim notum, sem fyrr var lýst. Til þess þarf að tryggja reglulega öflun upplýsinga um aðsetursskipti á sama hátt og þegar á sér stað um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannslát.

Í öllum menningarlöndum er mönnum gert að skyldu að tilkynna bústaðaskipti, og er lagaákvæðum hér að lútandi fylgt fram til hins ýtrasta, því að án þess er ekki hægt að starfrækja hinar nákvæmu spjaldskrár, sem alls staðar eru til.

Hér á landi hefur ekki enn verið komið skipan á þessi mál. Í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, eru að vísu ákvæði um skyldu til að tilkynna bústaðaskipti, en þau hafa aldrei komið til framkvæmda og auk þess skortir mikið á, að þau séu nægilega ýtarleg og að öðru leyti þannig úr garði gerð, að þau séu nothæf til þessara hluta. Mun hvergi á landinu vera gengið eftir því, að menn tilkynni bústaðaskipti, nema í Reykjavík, en í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, eru sérstök ákvæði um tilkynningar bústaðaskipta þar, en þau eru mjög fáorð og ófullkomin.

Með frv. þessu er lagt til, að lögfest verði almennt skylda til að tilkynna aðsetursskipti og eru í frv. ýtarleg ákvæði um, hvenær og hvernig aðsetursskipti skuli tilkynnt og um annað það, er máli skiptir í þessu sambandi. Ber brýna nauðsyn til, að um þetta verði sett lög, sem komi til framkvæmda frá og með 17. október 1952, þ. e. a. s. strax eftir manntalið, sem fór fram miðað við 16. október 1952. Var

manntal þetta tekið samkvæmt bráðabirgðalögum 10. sept. 1952, en þau voru sett til þess að manntalið í ár yrði, vegna spjaldskrárgerðarinnar, tekið á sama tíma um allt land og miðað við gerð spjaldskrárinnar. Vegna þess hve tími er naumur til stefnu, hefur ekki verið unnt að athuga sem skyldi öll þau atriði, sem hafa þarf hliðsjón af við setningu löggjafar um tilkynningar aðsetursskipta, en frv. þessu er ekki ætlað að fela í sér frambúðarlausn þessara mála. Reynist sjálfsagt óhjákvæmilegt að endurskoða og breyta ýmsum ákvæðum, þegar reynsla hefur fengizt um þau í framkvæmd. Aðaltilgangur frv. er sá að reisa til bráðabirgða eina stoð, sem vantar til viðbótar því, sem fyrir er, til þess að starfræksla spjaldskrárinnar geti hafizt.

Samkvæmt frv. er mönnum í fyrsta lagi gert að skyldu að tilkynna aðsetursskipti, sem eiga sér stað innan viðkomandi sveitarfélags, svo og að tilkynna flutning heimilis til annars sveitarfélags, þegar menn sjálfir telja sig vera að taka þar nýtt heimilisfang. En af mörgum augljósum ástæðum er að öðru leyti ekki hægt að miða tilkynningarskyldu þessa við það, hvar menn teljast eiga heimilisfang (lögheimili), og hefur því sú leið verið farin við samningu frv. að binda tilkynningarskylduna við ákveðna tímadvöl í sveitarfélagi, þ. e. a. s. tvo mánuði, án tillits til, hvar menn teljast eiga heimilisfang (sbr. 2. mgr. 3. gr.). Þó eru, þegar vissar ástæður eru fyrir hendi, gerðar undantekningar frá reglunni um, að tveggja mánaða dvöl hafi í för með sér tilkynningarskyldu, og eru þær þessar (sbr. 3. mgr. 3. gr. frv.): 1) Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir eiga heimilisfang. 2) Börn, sem dvelja sumarlangt eða annað takmarkað tímabil utan heimilssveitar. 3) Þeir, sem dvelja við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir eiga heimilisfang. 4) Þeir, sem dvelja við árstíðarbundin störf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir eiga heimilisfang. Undantekning frá tilkynningarskyldu gildir þó aðeins meðan einhver slík ástæða er fyrir dvöl manns í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og verður hann tilkynningarskyldur, þegar dvöl hans þar hefur staðið tvo mánuði frá því, að skilyrði fyrir undantekningu hvarf úr sögunni. Hliðstæðar reglur gilda, þegar menn koma frá útlöndum til dvalar hér (sbr. 5. gr.).

Vegna þess að frv. miðar þannig tilkynningarskylduna aðallega við tímalengd dvalar, hefur þótt rétt að nota orðið aðsetur til þess að tákna það ástand, sem leiðir af sér, eða kann að leiða af sér, tilkynningarskyldu þá, sem mælt er fyrir um. Orðin bústaður, heimili eða heimilisfang eru óheppileg í þessu sambandi, vegna þess að þau eru í annarri löggjöf notuð í merkingunni lögheimili, enda snerta ákvæði þessa frv. ekki á neinn hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi, sbr. 15. gr. frv.

Skipan sú, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði á þessum málum, er í aðalatriðum eins og nú skal greina:

Félagsmálaráðuneytið skal, í samráði við Hagstofuna, láta gera eyðublöð undir tilkynningar um aðsetursskipti, er skulu í kaupstöðum afhentar bæjarstjórum (í Reykjavík Manntalsskrifstofunni) og í hreppum oddvitum. Verður að telja, að heppilegra sé að fela þetta sveitarstjórnum en öðrum aðilum, sem hér koma til greina, þar sem sveitarstjórnir hafa bezta aðstöðu til að fylgjast með fólksflutningum og margs konar hagsmuna að gæta í því sambandi. Frv. gerir ráð fyrir, að aðsetursskipti milli sveitarfélaga séu aðeins tilkynnt bæjarstjóra eða oddvita þess sveitarfélags, sem aðsetur er tekið í, enda á það að nægja, þar sem ákvæði frv. eru miðuð við það, að ein spjaldskrá sé fyrir allt landið, en ekki við það, að spjaldskrá sé fyrir hvert umdæmi. Auk þess er miklu hægara að fylgja tilkynningarskyldunni fram í því umdæmi, sem maður tekur sér aðsetur í, en í því umdæmi, sem farið er úr. — Algerlega tilsvarandi reglur gilda um tilkynningarskyldu þeirra, sem koma hingað til dvalar erlendis frá (sbr. 5. gr.), en þeir, sem fara úr landi til þess að taka sér bólfestu erlendis, eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdvöl, eiga að tilkynna það hlutaðeigandi bæjarstjórn eða oddvita (sbr. 6. gr.).

Ákveðnir frestir eru settir fyrir fullnægingu tilkynningarskyldu. Þegar menn við aðsetursskipti telja sig vera að taka nýtt heimilisfang, skal það tilkynnt áður en 7 dagar eru liðnir frá flutningnum. Annars er reglan sú, að menn verða tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið 2 mánuði í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá tilkynningarskyldunni fullnægt innan 7 daga. Frá þessu gilda þó undantekningar þær, er fyrr voru nefndar, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skyldan til að tilkynna aðsetursskipti hvíli á sérhverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 18 ára aldur, en forráðamenn einstaklinga innan 18 ára aldurs og ósjálfráða einstaklinga skulu fullnægja tilkynningarskyldu fyrir þá. Jafnframt þykir óhjákvæmilegt, að hver húsráðandi beri ábyrgð á, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og tilsvarandi skylda er lögð á herðar forstöðumanna ýmissa stofnana o. þ. h. Enn fremur er hver húseigandi, innan vissra takmarka, gerður ábyrgur fyrir því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum. Þá er og ákvæði um sektir fyrir brot gegn tilkynningarskyldunni (sbr. 17. gr.) og er, eins og beinast liggur við, gert ráð fyrir, að sektarfé renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Auk þessa, eru í 13. og 14. gr., ákvæði, sem er ætlað að tryggja framkvæmd laganna.

Til þess að undirstrika mikilvægi tilkynninga um aðsetursskipti, er svo fyrir mælt í 9. gr., að bæjarstjórar og oddvitar skuli kvitta skriflega fyrir móttöku þeirra. Slík kvittun auðveldar líka beitingu sektarákvæða, en þau þarf sennilega að nota allmikið í byrjun til þess að menn verði knúðir til að fullnægja tilkynningarskyldunni.

Í 11. gr. laganna er ákveðið, að tilkynningar um aðsetursskipti skuli sendar Hagstofunni, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem hún þarfnast vitneskju um.

Ekki er gert ráð fyrir, að kostnaður ríkissjóðs af framkvæmd laganna verði annar en sá, sem leiðir af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna. Að öðru leyti eiga sveitarstjórnir að bera kostnaðinn við framkvæmd laganna, og jafnframt er ákveðið, að sektir fyrir brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu skuli renna í viðkomandi sveitarsjóð.

Nd. 123. Frumvarp til laga [96. mál]

um útvegun stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja Búnaðarbanka Íslands óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr., er skiptist milli hinna þriggja aðaldeilda bankans, byggingarsjóðs, ræktunarsjóðs og veðdeildar, þannig, að byggingarsjóður fær 25 millj., ræktunarsjóður 23 millj. og veðdeild 12 millj.

2. gr.

Fé þetta fær ríkissjóður að láni hjá seðladeild Landsbankans, og skal það endurgreiðast á 40 árum án vaxta. Til tryggingar láninu skal ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs veðsetja Landsbankanum gegn 1. veðrétti þann hluta af jarðeignum hins opinbera, sem liggur utan kaupstaða og kauptúna.

3. gr.

Nú eru jarðeignir þær, sem um ræðir í 2. gr., veðsettar fyrir lánum, og skal þá viðkomandi lánsstofnun skylt að gefa veðrétt eftir, enda ábyrgist ríkisstjórnin fyrir

hönd ríkissjóðs lán þau, er á þeim hvíla. Séu slík lán við aðrar lánsstofnanir en Búnaðarbankann, er honum skylt að innleysa þau.

Enn fremur skal ríkissjóður ábyrgjast þau lán, er Búnaðarbankinn veitir framvegis til bygginga og ræktunar á umræddum jörðum.

4. gr.

Þeim stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, sem nú veita lán til bygginga aðeins gegn veði í fasteign, skal framvegis skylt að veita slík lán gegn ábyrgð ríkissjóðs (sbr. 2. málsgr. 3. gr.) á þeim jörðum hins opinbera, sem Landsbankinn hefur fengið að veði samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessara laga.

5. gr.

Lánum þeim, er Búnaðarbankinn hefur fengið samkvæmt 1. og 8. tölul. 1. gr. laga nr. 14 1952, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951, svo og láni ræktunarsjóðs samkv. 3. tölul. 2. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl., skal breytt í óafturkræft framlag.

6. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, skulu ákveðin með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með hinum nýju lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, er Alþingi samþykkti 1946, og lögum um ræktunarsjóð frá 1947 var mörkuð stefna til meiri og öruggari framfara og tækni í þróun landbúnaðarins en nokkru sinni fyrr. Sú löggjöf, sem áður hafði verið til um þau efni, var þá mjög úrelt orðin, því að í fyrsta lagi hafði hún verið samin á tímum kreppu og fjárhagsörðugleika og í öðru lagi vegna hinnar geysimiklu röskunar, er styrjöldin hafði valdið á verðlagi öllu. Það var því orðið augljóst, að ef landbúnaðurinn átti að þróast eðlilega, varð að stórauka fjármagn það, er honum var ætlað, einkum til fjárfestingar, bæði í byggingum, ræktun og véltækni. Það var enn fremur ljóst, að leggja yrði meiri áherzlu en áður á það, að fjármagnið nýttist sem bezt til framleiðsluaukningar.

Gert var ráð fyrir tvenns konar leiðum til fjáröflunar. Í fyrsta lagi nokkru framlagi frá ríkinu til stofnsjóðsmyndunar, ásamt því tiltölulega litla fjármagni, er fyrir var, og árlegu framlagi frá ríkinu næstu 10 ár, og í öðru lagi skyldi fjár aflað með lántökum eða vaxtabréfaútgáfu.

Nú er það ljóst, að til þess að Búnaðarbankinn geti rekið starfsemi sína á fullkomlega heilbrigðan hátt og þannig gegnt hlutverki sínu, þarf hann að hafa til umráða ákveðið stofnfé, þannig að afborganir lána nægi sem næst fyrir útlánaþörfinni. Samkvæmt lögum eru vextir fyrrnefndra sjóða mjög lágir, miðað við vaxtakjör í öðrum lánsstofnunum hér á landi, og er það gert með tilliti til þess, að sem framleiðsluatvinnuvegur er landbúnaðurinn þess eðlis, að hann skilar seint arði og þarf því löng lán og vaxtalág.

Nú liggur hins vegar sú staðreynd fyrir, að sá þáttur starfseminnar að tryggja bankanum nægilegt fé hefur aldrei verið leystur til neinnar hlítar. Fyrstu árin, meðan verðlag allt var miklu lægra en nú og framkvæmdir ekki komnar í fullan gang eftir styrjöldina, bar ekki mjög á lánsfjárskorti, þótt lánastarfsemin ykist að vísu strax, langt fram úr því, sem áður hefði verið. Fyrst í stað nægðu árleg framlög ríkissjóðs ásamt hinum upprunalegu stofnsjóðsmyndunum til að fullnægja nauðsynlegustu lánaþörf.

Fljótlega kom þó í ljós, að svo gat ekki gengið lengi. Annaðhvort varð að tryggja bankanum fjármagn á annan hátt, svo sem lögin gerðu ráð fyrir, eða kippa allri starfseminni aftur á bak og láta framkvæmd laganna að engu verða.

Með gengislækkuninni stórhækkaði verðlag og kostnaður allur, svo sem kunnugt er. Keyrði þá verulega um þverbak hvað fjárskortinn snerti, þar sem nú reyndist óhjákvæmilegt að hækka lánsupphæðir til hinna einstöku framkvæmda, og hefur það þó í sumum tilfellum a. m. k. ekki verið gert í fullu samræmi við hækkaðan kostnað.

Til þess að leysa úr þessum vandræðum hefur Alþingi samþykkt eftirtaldar lántökur handa bankanum á þessum tíma:

1. 13.75 millj. af gengishagnaði bankanna 1950.
2. 15 millj. af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.
3. 16 millj. kr. lán í alþjóðabankanum, tekið á yfirstandandi ári.

Um allar þessar fjárhæðir er það að segja, að engin þeirra hefur gert meira en að bæta úr brýnustu þörf í bili, enda yfirleitt ekki komið fyrr en sjóðirnir höfðu fengið meiri og minni bráðabirgðalán hjá sparisjóðsdeild bankans, til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun. Og um verulegan hluta þess fjármagns, sem Búnaðarbankinn hefur fengið með lánum þessum, gilda þau kjör, að hann þarf bæði að greiða miklu hærri vexti og endurgreiða þau á miklu styttri tíma en gildir um hans eigin útlán. Þannig er t. d. varið með það fé, sem byggingarsjóður fær að láni og þarf að greiða á 20 árum, en verður að lána út til endurgreiðslu á 42 árum. Hér má því segja, að tekið sé aftur með vinstri hendi það, sem rétt er með þeirri hægri. Á slíkum grundvelli er ekki hægt að reka heilbrigða lánastarfsemi.

Er nú svo komið enn þá einu sinni, að allar hinar þrjár stofnlánadeildir bankans eru mjög í fjárþröng. Er sýnilegt, að verði ekki bætt úr því hið bráðasta, eru mikil vandræði fyrir hendi. Að vísu hefur ríkisstjórnin nú lagt fram frumvarp um heimild til að taka 22 millj. kr. erlent lán og endurlána byggingarsjóði og ræktunarsjóði. En skýrt er fram tekið í greinargerð þess, að engin vissa sé fyrir, að það sé nokkurs staðar fáanlegt. Virðist því næsta lítið á þann möguleika að treysta.

Lög þau, sem gilda um starfsemi Búnaðarbankans og einstakra deilda hans, eru nægilega víðtæk hvað heimildir til útlánastarfsemi snertir. Sé fjármagn nægilegt fyrir hendi til að framkvæma gildandi lög, getur lánastarfsemin náð til nálega allra þeirra framkvæmda, sem íslenzkum landbúnaði tilheyra. Það er því aðeins útvegun fjármagnsins, sem hlýtur að verða aðalverkefnið í þessu sambandi, og á hana og hana eina þarf að leggja áherzlu enn sem komið er.

Þá skal vikið fáum orðum að einstökum atriðum frumvarpsins.

Aðalatriði 1. og 2. gr. eru þau, að ríkissjóður leggi Búnaðarbankanum óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr. og fái fé þetta að láni hjá seðladeild Landsbankans gegn veði í jarðeignum ríkisins utan kaupstaða og kauptúna.

Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að í 8. gr. laga um ræktunarsjóð er seðladeild Landsbankans gert skylt að lána sjóðnum allt að 10 millj. kr., ef ríkisstjórnin óskar þess, og skyldi það lán greiðast með jöfnum afborgunum á 20 árum. Þetta hefur aldrei verið framkvæmt, en því er á þetta bent, að hér er um að ræða sjötta hluta þeirrar upphæðar, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Þetta ákvæði hefur verið í lögum í rúm fimm ár án þess að vera framkvæmt.

Hvað snertir ákvæði 2. gr. um að veðsetja Landsbankanum umræddan hluta af jarðeignum ríkisins, er gert ráð fyrir að fara inn á nokkuð nýja braut. Er það gert til þess, að Landsbankinn hafi örugga tryggingu fyrir þessu láni, en aftur á móti eðlilegast, að Búnaðarbankinn innleysi öll þau lán, er á þessum jarðeignum kunna að hvíla við aðrar lánsstofnanir, enda munu þau nema mjög litlum upphæðum. En framvegis yrði að veita lán til framkvæmda á a. m. k. nokkrum hluta þessara jarða, án þess að fyrsti veðréttur verði tiltækur sem trygging, og mundi þá ríkið verða að hlaupa undir bagga og ábyrgjast slík lán (sbr. ákvæði 3. og 4. gr.).

Það, sem hér er farið fram á, er því aðeins það, að ríkið noti verðgildi þess hluta eigna sinna, sem er í eðli sínu grunnundirstaða allmikils hluta landbúnaðarframleiðslunnar, til að tryggja landbúnaðinum nauðsynlegt fjármagn.

Þá er í 5. gr. gert ráð fyrir, að lánum þeim, sem fyrr eru nefnd, af gengishagn-

aði bankanna og greiðsluafgangi ríkissjóðs, skuli breytt í óafturkræf framlög. Þetta skal rökstutt með því, að hér er um að ræða fé, sem komið hefur í hendur ríkisins vegna sérstakra ráðstafana, sem raunverulega voru gerðar í allt öðrum tilgangi en að afla ríkissjóði tekna. Gengishagnaðurinn skapaðist við það, að hrein gjaldeyriseign bankanna, eins og hún var fyrir gengislækkunina, var seld hærra verði eftir breytinguna. Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1951 stafaði af því, að eftir að fjárlög þess árs höfðu verið samþykkt, var gerð stórbreyting á verzlunarfyrirkomulaginu, innflutningur stóraukinn fyrir erlent láns- og gjafafé, sem stórhækkaði tekjur ríkissjóðs fram yfir áætlanir. Það er því fullkomlega eðlilegt, að ríkið leggi þetta fé óafturkræft til þessara lánsstofnana, sem hafa það hlutverk að skapa grundvöll að svo nauðsynlegum fjárfestingarframkvæmdum í sveitum landsins sem hér um ræðir.

Eins og sýnt hefur verið hér fram á, er ástandið í þessum málum þannig, að úrlausn þeirra þolir ekki bið. Alþingi það, er nú situr, verður að taka þetta mál til alvarlegrar meðferðar og fullkomnari úrlausnar en svo, að það greiði aðeins úr vandræðum líðandi stundar til bráðabirgða, svo sem hingað til hefur verið gert.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um stuðning við fiskveiðar á fjarlægum miðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga til hins ýtrasta, hvernig bætt verði aðstaða íslenzkra skipa og sjómanna, er stunda fiskveiðar á fjarlægum miðum, til þess að geta hagnýtt afla sinn sem bezt og notið sem bezts aðbúnaðar við störf sín.

Greinargerð.

Vegna þverrandi afla á fiskimiðunum hér við land hafa íslenzk fiskiskip neyðzt til þess í æ ríkari mæli hin síðari ár að leita á fjarlæg mið. Hafa hin auðugu fiskimið við Grænlandsstrendur þá orðið fyrst fyrir. Þangað hefur verulegur hluti togaraflotans sótt, einkum s. l. sumar. Enn fremur hafa verið gerðar tilraunir til fiskveiða þar á íslenzkum vélskipum. En veiðar íslenzkra skipa á þessum fjarlægu miðum hafa verið miklum erfiðleiðum bundnar. Má raunar segja, að ógerlegt sé fyrir vélbátaflota okkar að stunda veiðar þar við núverandi aðstæður.

Það, sem mestu máli skiptir fyrir íslenzk veiðiskip á þessum miðum, er að fá aðstöðu til þess að leggja afla sinn upp í grænlenzkri höfn. Enn fremur þurfa þau að fá leyfi til þess að kaupa þar nauðsynjar sínar, svo sem salt, olíur, kol og vistir. Slíka aðstöðu hafa norsk veiðiskip haft á Grænlandi um nokkurra ára skeið.

Ef samkomulag næðist við stjórnendur Grænlands um þessa fyrirgreiðslu við íslenzk veiðiskip, mundi af því leiða stóraukna möguleika fyrir íslenzka útgerð, sem mjög hefur orðið fyrir barði rányrkju erlendra veiðiskipa á heimamiðum.

Í tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að athuga til hins ýtrasta möguleika til samkomulags um þessi mál. Þar sem hér er við ágæta norræna frændþjóð að eiga, ætti að mega vænta þess, að samkomulag gæti náðst um viðunandi lausn þeirra.

Nd. 125. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásmundi Sigurðssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á undan A. I. d. 1 í 1. gr. laganna kemur nýr liður:
   Össurá í Lóni.
2. Á eftir A. I. d. 4 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Fjarðará í Lóni.
3. Á eftir A. I. d. 5 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Hólmsá á Mýrum.
4. Á eftir A. I. d. 9 í sömu gr. koma nýir liðir:
   a. Jökulsá á Breiðamerkursandi.
   b. Fjallsá.
5. Á eftir A. I. d. 10 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Gljúfursá í Öræfum.

Ed. 126. Frumvarp til laga [98. mál]

um að breyta ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna og lánadeildar smáíbúðarhúsa í óafturkræf framlög.

Flm.: Karl Kristjánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Eftirtalin lán, sem ríkissjóður hefur veitt Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa, skulu vera óafturkræf framlög:

1. Lán veitt Ræktunarsjóði Íslands:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6874946.51
   b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7500000.00
2. Lán veitt byggingarsjóði Búnaðarbankans:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6874946.51
   b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7500000.00
3. Lán veitt veðdeild Búnaðarbankans:
   Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... kr. 1000000.00
4. Lán veitt byggingarsjóði verkamanna:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6874946.51
   b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 4000000.00
5. Lán veitt lánadeild smáíbúðarhúsa:
   Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... kr. 4000000.00

Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessum lánum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og nú horfir, er ekki annað sýnt en að Búnaðarbanki Íslands verði á næstu árum að starfa að mjög miklu leyti með erlent lánsfé, eftir því sem fáanlegt er. En vextir af þessu erlenda fé eru svo háir, að bankinn hlýtur að verða

af þeim sökum fyrir miklu rekstrartapi, þar sem ræktunarsjóður og byggingarsjóður lána fé ð út aftur með 2—2½% vöxtum. Auk þessa er útlánstími byggingarsjóðs miklu lengri en endurgreiðslutími hinna erlendu lána, og myndast við það mikill greiðsluhalli umfram vaxtamuninn.

Halla þann, sem hér er um að ræða, verður ríkið að bæta bankanum á einhvern hátt, ella hlýtur starfsemi hans að stöðvast fyrr eða síðar. Virðist eðlilegast, að ríkið veiti bankanum aðstoð fyrst um sinn á þann hátt að breyta lánum þeim, sem það hefur veitt honum í innlendu fé á síðustu árum, í óafturkræf framlög. Sú ráðstöfun væri í samræmi við ályktanir, sem landssamtök bænda hafa gert á þessu ári.

Af svipuðum ástæðum þykir einnig rétt, að hliðstæðum lánum, sem veitt hafa verið byggingarlánastofnunum verkamanna, verði jafnframt breytt í óafturkræf framlög.

Allar þessar stofnanir: Búnaðarbankinn, byggingarsjóður verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa hafa óyfirsjáanleg verkefni fyrir umráðafé sitt til sínýrra útlána, þótt inn komi, og mega ekki við því, að það sé af þeim tekið.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um greiðslu á hlutafjárframlagi ríkissjóðs til Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða þegar allt hlutafjárframlag ríkissjóðs til Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Greinargerð.

Nú er verið að ganga frá stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f, en um hann voru sett lög á síðasta Alþingi. Mikil nauðsyn er á því, að bankinn geti tekið til starfa sem fyrst, og eru miklar vonir tengdar við starf hans. Iðnaðarmenn í landinu hafa sýnt mjög mikinn áhuga á stofnun bankans, og mun nú vera búið að safna því hlutafé, sem Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda var ætlað að safna. Þegar svo er komið, er engin ástæða til að draga það, að ríkissjóður greiði sitt hlutafjárframlag, enda mundi greiðsla þess gera bankanum kleift að hefja starfsemi. Fjármálaráðherra mun hafa færzt undan að greiða nema ¼ hlutafjárins að svo stöddu, eða 750 þús. kr. af 3 millj. kr. hlutafjárframlagi. Ef þessu fer fram, má búast við, að Iðnaðarbankinn geti ekki tekið til starfa fyrr en eftir 1—2 ár í fyrsta lagi.

Ég tel mikla nauðsyn, að Iðnaðarbankinn taki til starfa sem fyrst, en skilyrði þess er, að ríkisstjórnin leggi þegar fram allt það hlutafé, sem Alþingi hefur lofað að leggja bankanum.

Nd. 128. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna nýrra raforkuframkvæmda.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „allt að 15 millj. kr. lán“ komi: allt að 50 milljón króna lán.
b. Í stað orðsins „rafmagnsveitna“ síðar í greininni komi: raforkuframkvæmda.

Nd. 129. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir A. I. b. 11 í 1. gr. laganna komi nýr liður:
   Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
2. Liðurinn II. 4 í sömu lagagr. orðist þannig:
   Svartá hjá Reykjum í Skagafirði.

Nd. 130. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 20. ágúst s. l. Í því felast þrjú meginatriði:

1. Að heimilt sé að skerða stofnfé síldveiðideildar sjóðsins 1952, þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laganna, í síðustu málsgr., en stofnfé deildarinnar er 21½ millj. kr. Sams konar heimild var veitt í lögum árið 1950 og af sömu ástæðu og nú, þ. e. vegna aflabrests á sumarsíldveiðum.
2. Að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast lán, allt að 4 millj. kr., sem síldveiðideildin tekur hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum deildarinnar.
3. Að togarar, sem stunduðu sumarsíldveiðar 1952, njóti bóta úr sjóðnum.

Bráðabirgðalögin eru þegar komin til framkvæmda, eftir því sem efni stóðu til, og hefur fé því, sem síldveiðideild hlutatryggingasjóðs fékk til ráðstöfunar samkvæmt þeim, verið ráðstafað af stjórn sjóðsins. Úthlutað hefur verið vegna sumarsíldveiða 1952 bótum að upphæð 6.4 millj. kr. Lán síldveiðideildar, sem ríkissjóður greiðir vexti af samkvæmt bráðabirgðalögunum, eru rúml. 4 millj. kr., þar af um 2½ millj. kr. hjá almennu deildinni.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. okt. 1952.

Pétur Ottesen, form. — Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. — Lúðvík Jósefsson.
Eiríkur Þorsteinsson. — Sig. Ágústsson.

Nd. 131. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá

verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í opinberri lánsstofnun til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar.

Ef landsdrottinn vanrækir skyldur sínar um nauðsynleg jarðarhús og lætur leiguliða ekki í té veðleyfi samkvæmt framansögðu, skal hann sæta sektum, 1000—10000 krónum.

Landsdrottinn skal innan þriggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur þótt við brenna, að ýmsir jarðareigendur, og þar á meðal ríkið og opinberar stofnanir, vanræktu að byggja upp á leigujörðum sínum, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögunum. Hefur þetta fyrr og síðar valdið leiguliðum miklum óþægindum og erfiðleikum, er hús hafa verið komin að falli. Það hefur verið fangaráð þeirra leiguliða, er ekki vildu yfirgefa jarðirnar og nokkurs hafa verið megnugir, að fá leyfi jarðareigenda til að veðsetja jörðina fyrir láni, er leiguliði hefur tekið til að byggja upp á jörðinni. Leiguliði hefur þannig tekið á sig kostnað og áhættu, sem af þessu leiðir.

Því miður hefur það komið í ljós, að til eru jarðareigendur sem ekkert vilja gera til að halda jörðum sínum ábúðarhæfum. Þessir jarðareigendur neita leiguliðum sínum um hvort tveggja, að byggja upp á jörðunum og að láta þeim í té veðleyfi fyrir byggingarláni, svo að leiguliðinn geti byggt sjálfur á jörðinni.

Leiguliða, sem þannig er settur, eru allar bjargir bannaðar. Fyrir hann er ekki annað að gera en yfirgefa jörðina, venjulega með þeim afleiðingum, að jörðin fer í eyði. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gera á ábúðarlögunum, er að því stefnt að koma í veg fyrir, að einstakir jarðareigendur geti þannig áhættulaust og markvíst unnið að eyðingu býla í sveitunum.

Einn nefndarmanna (JPálm) er ekki samþykkur sektarákvæðum frv.

Nd. 132. Frumvarp til laga [101. mál]

um Lánasjóð fyrir íslenzka námsmenn erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Við Menntamálaráð Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið Lánasjóður fyrir íslenzka námsmenn erlendis. Skal sjóðnum varið til þess að veita námslán þeim námsmönnum, er stunda nám erlendis og eigi geta af eigin rammleik kostað námið.

2. gr.

Tekjur sjóðsins séu einn þriðji hluti af fjárveitingu þeirri, er hverju sinni er veitt á fjárlögum til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: einum tilnefndum af háskólaráði, einum af menntamálaráði og einum af menntamálaráðuneytinu og sé hann formaður stjórnarinnar. Stjórnarmennirnir skulu skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir tvö fyrstu árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti.

4. gr.

Meiri hluti sjóðsstjórnar ákveður um lánveitingar úr sjóðnum, en leita skal um þær álits menntamálaráðs, og skulu þeir námsmenn ganga fyrir, sem eru að ljúka námi.

Lán má því aðeins veita að upplýst sé, að lántakandi stundi vel nám sitt.

Við lánveitingar ber auk efnahags nemenda að taka tillit til mismunandi náms- og dvalarkostnaðar í löndum þar sem námsmenn dvelja.

Lánin eru bundin því skilyrði, að þeir, sem þau hljóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella fellur lánið allt þegar í gjalddaga.

5. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt gegn þeim tryggingum, er sjóðsstjórnin metur gildar.

6. gr.

Bókhald, innheimta og eftirlit með greiðslum skal vera í höndum skrifstofu menntamálaráðs. Reikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem um vexti, lánstíma o. fl.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fé það, sem Menntamálaráð úthlutar námsmönnum, hefur verið greitt sem styrkur þangað til á þessu ári að nokkuð af framlagi Alþingis til íslenzkra námsmanna erlendis var veitt sem lán. Með frv. þessu er stefnt að því, að lögbinda þá stefnu, að hluti af því fé, sem ríkissjóður leggur fram til íslenzkra námsmanna erlendis endurgreiði þeir að námi loknu með lágum vöxtum á mörgum árum eftir nánari ákvæðum, sem sett yrðu í reglugerð. Með þessum hætti myndast með tímanum sjóður, sem ætti að geta orðið ómetanlegur styrkur í framtíðinni þeim námsmönnum, sem verða að stunda nám erlendis.

Nd. 133. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Afskiptum háskólans af skrásettum stúdentum er lokið, er stúdent hefur hætt námi. Í reglugerð skal setja um það ákvæði, hvenær litið skuli svo á, að stúdent sé hættur námi.

2. gr.

22. gr. orðist svo:

Í reglugerð skólans skulu sett ákvæði um próf, bæði undirbúningspróf og fullnaðarpróf, um námsgreinar þær, er prófa skal í, um einkunnagjafir og hversu háa einkunn þurfi til að standast prófið, bæði í einstökum prófgreinum og aðaleinkunn. Skipta má fullnaðarprófi í fleiri hluta og kveða á um það, hvað líða megi lengstur eða skemmstur tími frá því að námið er hafið og til fyrsta prófs eða prófhluta og milli þess að einstakir hlutar prófsins eru teknir. Einnig má setja fyrirmæli um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða stundað tilteknar greinar á námskeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám.

Þá er og heimilt að kveða svo á, að stúdent skuli, áður en hann gengur til fullnaðarprófs eða prófhluta, hafa sótt ákveðinn fjölda eða hluta þeirra kennslustunda og fyrirlestra, sem haldnir eru í hverri einstakri námsgrein hans, og að hann hafi notið tilskilinnar kennslu í íþróttum.

Þótt stúdent fullnægi ekki skilyrðum síðustu málsgreinar, getur háskólaráð, að fengnum tillögum hlutaðeigandi deildar, veitt honum leyfi til að ganga til prófs, og skal þá gera til hans strangari prófkröfur en þeirra stúdenta, sem fullnægt hafa framangreindum skilyrðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt að beiðni háskólaráðs og miðar að því að auka aðhald og eftirlit með námi í háskólanum.

Sþ. 134. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um endurskoðun reglugerðar um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta endurskoða reglugerð frá 15. nóv. 1951, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins, og leita við þá endurskoðun umsagnar kunnugra manna í verstöðvum landsins, einkum á Norðausturlandi. Réttur manna til bóta úr sjóðnum fyrir árið 1951 geymist þar til þessi endurskoðun hefur farið fram, en henni skal lokið fyrir 1. maí n. k.

Greinargerð.

Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins gengu í gildi 25. maí 1949. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga skiptist sjóðurinn í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild. Tekjuöflun sjóðsins skyldi hefjast við gildistöku laganna, en ekki var gert ráð fyrir, að bótagreiðslur hæfust fyrr en a. m. k. ári eftir gildistökuna. Skyldi þá greiða bæturnar samkvæmt reglugerð eða reglugerðum, sem settar yrðu samkvæmt lögunum. Sjóðstjórninni, sem skipuð er þrem mönnum, var ætlað að semja reglugerðirnar, en jafnframt var staðfesting þeirra bundin við samþykki Landssambands ísl. útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands. Reglugerðin um síldveiðideildina var gefin út 26. okt. 1950, en reglugerðin um almennu fiskideildina (eða almennu deildina, eins og deildin er þar kölluð) kom ekki út fyrr en 15. nóv. 1951, eða nálægt hálfu þriðja ári eftir að lögin gengu í gildi, og var ekki hægt að greiða bætur samkvæmt henni vegna útgerðar á árinu 1950, þar sem það var fram

tekið, að ákvæði hennar „taka til tímabilsins frá 1. janúar 1951". Þeir, sem orðið höfðu fyrir aflabresti á sumar- og haustvertíð 1950, gátu því ekki orðið bóta aðnjótandi samkvæmt reglugerð þessari.

Enda þótt langan tíma tæki að búa reglugerð þessa til staðfestingar, ber hún því miður ekki vott um svo mikinn kunnugleika á staðháttum um land allt sem æskilegt væri. Að áliti flm. þessarar tillögu eru a. m. k. bátar af sumum stærðum á Norðausturlandi svo að segja útilokaðir frá bótum, ef reglugerðin á að standa óbreytt. Er því lagt til, að ríkisstjórnin láti endurskoða reglugerðina með aðstoð kunnugra manna, og sérstaklega bent á Norðausturland í því sambandi.

Ed. 135. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við hagstofustjóra og mælir með því, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.
Steingrímur Aðalsteinsson. Guðmundur Í. Guðmudssson.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um, að bifreiðar ríkisins verði auðkenndar.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að bifreiðar, sem kostaðar eru af ríkisfé, verði auðkenndar.

Greinargerð.

Flestar opinberar stofnanir hafa til umráða sérstakar bifreiðar, kostaðar af almannafé. Er í sjálfu sér ekki nema gott eitt um slíkt að segja, því að enginn getur ætlazt til, að í rekstri embætta frekar en á öðrum sviðum sé hægt að svara kröfum tímans um aukinn hraða án bíls. Hitt er verra, þegar einkaþarfir eru látnar sitja í fyrirrúmi fyrir embættisþörfum á þessu sviði, en slíks munu því miður dæmi og ekki allfá. Þannig hefur það komið fyrir, að bíll opinberrar stofnunar var hvergi nærri, þegar nauðsynlega þurfti á honum að halda, vegna þess að eiginkona forstjórans hafði fengið hann til að fara í búðir. Stundum sjást jafnvel bílar ríkisins bruna um fjarlæga landshluta með forstjóra, konur þeirra og börn í sumarleyfi. En þegar svo er komið, verður varla um það deilt, að bílar þessir eru farnir að svara næsta annarlegum kröfum um aukinn hraða, og öðrum en til var ætlazt.

Misnotkun opinberra bifreiða ber að sjálfsögðu að skoðast sem hver önnur óráðvendni í meðferð opinbers fjár og nauðsynlegt að koma í veg fyrir hana. Með ofanskráðri tillögu er bent á hæga leið til slíks: allar bifreiðar, sem reknar eru fyrir ríkisfé, verði merktar sérstaklega. Þessi háttur tíðkast víða um lönd, t. d. í einu nágrannalandi okkar, Svíþjóð, og þykir hafa gefizt vel. Bifreiðar ríkisins eru með þessu settar undir eftirlit almennings, hver maður getur séð, hvar þær

fara, og ráðamönnum þeirra þannig veitt það aðhald, sem að mestu fyrirbyggir, að þeir misnoti þær. — Framkvæmd málsins getur naumast orðið miklum erfiðleikum háð, en sjálfsagt virðist, að þeir, sem hana hefðu með höndum, leituðu um einstök atriði upplýsinga t. d. frá Svíþjóð, þar sem þegar er fengin alllöng reynsla í þessum efnum.

Af hálfu stjórnarvaldanna hefur því oft verið haldið fram, að þingmenn væru ekki sem skyldi uppfinningasamir á tillögur til sparnaðar í útgjöldum hins opinbera. Þarna er ein.

Ed. 137. Frumvarp til laga [105. mál]

um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árunum 1953—1956 tryggja sölu á skuldabréfum, er byggingarsjóður verkamanna gefur út samkvæmt 3. gr. laga nr. 44/1946, þannig að upphæð sú, sem sjóðurinn hefur til útlána á nefndum árum, verði 30 millj. kr. árlega, að meðtöldum þeim tekjum, sem hann hefur samkvæmt sömu grein nefndra laga. Í þessu skyni skulu m. a. gerðar ráðstafanir þær, sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglur um lánveitingar þeirra stofnana og tryggingarfélaga, sem ávaxta fé í verðbréfum eða útlánum á annan hátt. Er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að nefndum aðilum skuli skylt að ráðstafa ákveðnum hluta þess fjár, sem þeir verja til verðbréfakaupa á árunum 1953—1956, til kaupa á skuldabréfum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar ná þó ekki til banka né annarra peningastofnana.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samkomulags um það við banka og aðrar peningastofnanir, að þeir kaupi skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir ákveðinn hluta þess fjár, sem þeir verja til útlána.

4. gr.

Ríkissjóður kaupir skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir 4.5 millj. kr. árlega á árunum 1953—1956.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á seinasta þingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild frv., er var að mestu samhljóða þessu frv., og á þinginu 1949 fluttu þeir frv., er var í meginatriðum á sömu lund og þetta frv. Hvorugt þessara frv. fékk afgreiðslu.

Meginefni þessa frv. er að tryggja byggingu verkamannabústaða eins konar forgangsrétt að því fé, sem opinberar stofnanir, sjóðir og tryggingarfélög, sem samkvæmt eðli starfsemi sinnar kaupa árlega nokkuð af verðbréfum, ráðstafa til útlána á næstu fjórum árum. Á þetta við um t. d. Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóð barnakennara, Íslenzka endurtryggingu, Brunabótafélag Íslands, Sjóvátryggingarfélag Íslands, Almennar tryggingar og Samvinnutryggingar. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin leiti samkomulags við banka, sparisjóði og slíkar peningastofnanir um að tryggja þessum framkvæmdum ákveðinn hluta af því fé, sem þær verja til útlána. Ríkissjóður skal og kaupa umrædd skuldabréf fyrir 4.5 millj. kr. árlega, og verður það ekki talið

óeðlilegt, ef höfð er hliðsjón af þeim reglum, sem nú eru í lögum um fjárútvegun til byggingarsjóðs sveita.

Í frumvarpi því, sem þingmenn Alþýðuflokksins fluttu 1949, var gert ráð fyrir, að á árunum 1950—53 yrðu byggðir 200 nýir verkamannabústaðir á ári. Miðað við byggingarkostnað, eins og hann var þá, hefðu sjóðnum nægt 14 millj. kr. tekjur árlega til þess að byggja 200 íbúðir á ári, ef kaupendur hefðu greitt 30% byggingarkostnaðar. Þar eð árlegar nettótekjur byggingarsjóðsins eru um 2.5 millj. kr., hefði sala á skuldabréfum fyrir 11.5 millj. kr. árlega getað gert sjóðnum kleift að annast ofannefndar framkvæmdir. Enginn vafi er á því, að með reglum þeim, sem gert var ráð fyrir í frv., hefði verið hægt að tryggja sölu þessa verðbréfamagns, enda voru lánveitingar stofnana þeirra og sjóða, sem frv. tekur til, á næstliðnu ári, áður en frv. var flutt, um 36 millj. kr.

Því miður náði frv. þetta ekki fram að ganga, og á seinasta Alþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins málið á ný. Í greinargerð, er þá fylgdi frumvarpinu, var sýnt fram á, að vegna gífurlegrar hækkunar á byggingarkostnaði þyrfti byggingarsjóður nú á miklu meira fé að halda til að byggja 200 verkamannaíbúðir en hann hefði þurft 1949. 80 fermetra íbúðin, sem kostaði 108 þús. kr. að byggja árið 1949, kostaði 160 þús. kr. í byggingu árið 1951. Þær 14 millj. kr., sem nægt hefðu byggingarsjóði árið 1949 til að koma upp 200 íbúðum, hrukku nú skammt. Nú þurfti byggingarsjóður árlega 25 millj. kr. til að koma upp 200 íbúðum, miðað við verðlag 1951. Fyrirsjáanlegt var, að enn mundi síga á ógæfuhliðina, ef frestað yrði að veita byggingarsjóði verkamanna nægilega aðstoð til að hraða byggingarframkvæmdum. En málið fann ekki náð fyrir augum þingsins og hlaut ekki afgreiðslu.

Nú er þetta frv. borið fram í þriðja skiptið. 80 fermetra íbúðin kostar nú 220 þús. kr. í byggingu, og miðað við, að kaupendur íbúðanna greiði 30% af byggingarkostnaði, þarf byggingarsjóður nú árlega yfir 30 millj. kr. til að byggja 200 íbúðir. Svo mjög hefur byggingarkostnaðurinn vaxið, og engin ástæða er til að efast um, að hann mun enn halda áfram að vaxa.

Um land allt bíður nú mikill fjöldi fólks í byggingarfélögum verkamanna eftir að fá þar íbúðir. Byggingarfélagið í Reykjavík hefur byggt fyrir 220 fjölskyldur síðustu 12 árin, en yfir 600 bíða. Svipað er ástandið annars staðar á landinu. Eini möguleikinn, sem þorri þessa fólks hefur til að eignast íbúð, er að fá hana hjá byggingarfélögum verkamanna. Reynslan hefur sýnt, að þessi félög byggja öllum öðrum ódýrara, án þess að dregið sé úr kröfunum um frágang og þægindi, og allur almenningur ræður betur við mánaðarlegar greiðslur og útborganir með þeim kjörum, sem verkamannabústaðirnir bjóða, en annars staðar þekkist. Húsnæðisvandræðin eru svo alkunn, að um þau þarf ekki að ræða.

Þess er að vænta, að frv. eigi nú meira fylgi að fagna en í þau tvö skipti, er það hefur áður verið flutt, einkum þar sem ljóst er, að gífurlegum fjármunum hefur verið kastað á glæ með því að samþykkja ekki frv. hin fyrri skiptin.

Ed. 138. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1952.

Gísli Jónsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Steingrímur Aðalsteinsson.

Guðmundur Í. Guðmundsson. Bernharð Stefánsson.

Ed. **139. Frumvarp til laga** **[106. mál]**

um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

I. KAFLI
Dómsmálagjöld í einkamálum.

1. gr.

Dómsmálagjöld skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir héraðsdómi:

1.	Stefna (áritun eða útgáfa)	kr. 10.00
2.	Fyrirtekt máls (þingfesting, frestir og dómtaka)	— 100.00
3.	Úrskurður undir rekstri máls	— 25.00
4.	Vitni leitt	— 15.00
5.	Vitni gagnspurt	— 15.00
6.	Dómkvaðning (fyrir hvern mann)	— 25.00
7.	Staðfesting dómsgerða	— 20.00
8.	Kærugjald samkvæmt 199. gr. einkamálalaganna	— 100.00
9.	Sjóferðapróf	— 200.00

B. Fyrir hæstarétti:

1.	Stefna	kr. 20.00
2.	Fyrirtekt máls	— 200.00
3.	Úrskurður	— 50.00
4.	Vitni leitt	— 30.00
5.	Vitni gagnspurt	— 30.00
6.	Dómkvaðning (fyrir hvern mann)	— 50.00
7.	Staðfesting dómsgerða	— 40.00
8.	Útivistargjald (samkv. 54. gr. hæstaréttarlaga)	— 200.00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

II. KAFLI
Gjöld fyrir fógetagerðir.

3. gr.

Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu- og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem greinir í 3. kafla laga 4. nóv. 1887, um aðför — skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni 60 kr. og síðan 10 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund eða brot úr þúsundi af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

4. gr.

Gjald fyrir aðrar fógetagerðir skal greiða sem hér segir:

1. Kyrrsetning á manni ..... kr. 100.00
   Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 3. gr.
2. Útburður manns af jörð eða húsi ..... — 100.00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða ..... — 100.00
Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 100 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með 1% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera séreign annars hjónanna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en 100 kr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal, þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum, eigi undir 50 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hvers vegna það sé stimpilfrjálst.

38. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað, hversu aðalskjalið er stimplað, og varðar sektum, eigi undir 50 kr., ef út af er brugðið, og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef um staðfest eftirrit er að ræða, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

39. gr.

Ef stimpilskylt skjal er alls eigi stimplað eða eigi nægilega stimplað fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vangreidda stimpilgjaldi, þó eigi undir 50 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

40. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annarra, ábyrgð á réttri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektarábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyrr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur, til þess að losna við sektarábyrgð, að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefur sér stað á lögum þessum.

41. gr.

Það varðar sektum eigi undir 500 kr. að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörzlum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

42. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

43. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 41. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

44. gr.

Hver, sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem fjármálaráðuneytið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 161. gr. hinna alm. hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

45. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og ber að innheimta þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

46. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiptaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi séu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annarra en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og enn fremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rétti eða fylgir umsóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.

47. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá, er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sé eða álíta verði fullvíst, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

48. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af þeim skjölum, er hann varða.

49. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1953. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög um stimpilgjald, nr. 75/1921.

Lög um breytingu á þeim lögum, nr. 35/1933, nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 49/1942, nr. 41/1945.

Lög nr. 10/1928, síðari málsgrein 58. gr.

Lög nr. 62/1928, 2. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 7/1930, 9. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 78/1938, síðasta málsgr. 13. gr. og síðasta setning 19. gr.

Lög nr. 115/1941, síðari málsgr. 49. gr.

Lög nr. 91/1942, 3. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 34/1943, 16. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 41/1946, 1. málsgr. 18. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 66/1947, 15. gr., að því er stimpilgjald varðar.

Lög nr. 120/1950, 2. málsgr. 30. gr.

Svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan fasteignamat frá 1942 gildir og millimöt eru framkvæmd á grundvelli þess mats, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um stimplun kaupsamninga og afsalsbréfa og annarra heimildarbréfa:

1. Þegar ekkert söluverð er tilgreint, skal það áætlað af þeim, sem stimplun annast, það hátt, að víst sé, að það hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteignar, þegar svo stendur á, skal aldrei áætla lægra en tífalt fasteignamat hinnar seldu eignar.

   Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að margföldunartala fasteignamatsins skuli breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við verðlagsbreytingar í landinu.

2. Þegar söluverð er sett grunsamlega lágt, skal sá, er stimplun annast, ákveða stimpilskylda fjárhæð skjalsins. Við ákvörðun fjárhæðarinnar skal einkum taka tillit til fasteignamatsverðs eignarinnar, vátryggingarfjárhæðar og söluverðs sambærilegra eigna.

   Aldrei skal þó ákveða stimpilskylda fjárhæð skjals lægri en nemi fimmföldu fasteignamatsverði, ef eignin er í kaupstað, en þreföldu annars staðar á landinu. Þessu lágmarksákvæði má þó því aðeins beita, að vitað sé um verðfall á eigninni sökum ástands hennar eða staðhátta.

   Ákvörðun sína skal hlutaðeigandi embættismaður rita á skjalið og staðfesta með undirsskrift sinni.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundna afstöðu til málsins.

Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er fjármálaráðherra skipaði til þess að endurskoða lög um stimpilgjald. Í nefndinni áttu sæti Jón Steingrímsson, sýslumaður, formaður, Júlíus Havsteen, bæjarfógeti, og Þorlákur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi.

Ástæðan til nefndarskipunar þessarar var sú, að gagngerð endurskoðun hefur ekki farið fram á lögunum um stimpilgjald síðan þau voru sett árið 1921. Hafði ráðuneytinu borizt áskorun frá Félagi héraðsdómara um að láta endurskoða lögin, auk þess sem það var álit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins, að full þörf væri á slíkri endurskoðun. Hins vegar er frumvarp þetta ekki flutt í tekjuöflunarskyni, því eins og sjá má síðar í greinargerðinni, eru gerðar tilfærslur ýmist til hækkunar eða lækkunar frá gildandi ákvæðum, og er þar nánast um að ræða lagfæringar og samræmingar á einstökum gjaldaliðum.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi greinargerðar frá nefndinni, sem frumvarpið samdi, en hún er á þessa leið:

Lög nr. 75 frá 1921 eru lögð til grundvallar frumvarpi nefndarinnar. Kaflaskipting er látin haldast, en ýmsum greinum breytt, en aðrar niður felldar.

Við ákvörðun stimpilgjaldsins hefur nefndin leitazt við að raska sem minnst samræmi gjaldanna og hvergi hækkað eða lækkað þau til stórra muna, þegar tillit er tekið til þeirra hækkana, er Alþingi hefur samþykkt. Hins vegar hefur nefndin breytt ýmsum ákvæðum og fellt inn í ný til þess að tryggja og auðvelda innheimtu gjaldanna. Meginbreytingin, að því er gjöldin snertir, er sú, að felld eru niður ákvæði 41. gr. stimpillaganna frá 1921. Gjöld þau, sem þar um ræðir, eru yfirleitt fremur smávægileg. Þau eru í flestum tilfellum greidd samhliða aukatekjugjöldum til ríkissjóðs. Telur nefndin því heppilegt að sameina gjöldin í eitt gjald í væntanlegum aukatekjulögum.

Um einstaka kafla frumvarpsins vill nefndin taka þetta fram:

I. kafli.

Við 2. gr. — Tekin er upp heimild laga nr. 91 frá 1938, um notkun stimpilvéla í stað stimpilmerkja. Enn fremur heimilað að nota stimpla.

Við 3. gr. — Í a-lið er lágmark stimpilgjalds ákveðið 5 kr. Enn fremur að gjaldið skuli lækkað í næsta hálfan eða heilan tug króna. Af þessu leiðir, að gerðum stimpilmerkja fækkar mjög til stórra þæginda fyrir þá, sem stimplun annast, og sparnaðar fyrir ríkissjóð.

Í b-lið er orðið „ætíð“ sett í stað „jafnan“. Telur nefndin með því fengið vafalaust ákvæði um skyldu til að greina fjárhæð í stimpilskyldu skjali.

Næstsíðasta málsgrein, um tífalt árgjald miðað við ævitíð eins manns eða fleiri, leggur nefndin til, að felld sé niður.

II. kafli.

Við 12. gr. — Nefndin telur, að frestur sá til stimplunar, sem veittur er í gildandi stimpillögum — tveir mánuðir — hafi reynzt of stuttur, sérstaklega í dreifbýlinu. Leggur hún því til, að fresturinn sé ákveðinn sex mánuðir. Ætlast hún þá til, að niður séu fallnar ástæður fyrir því að falla frá stimpilsektum.

Við 13. gr. — Nefndin telur, að þessum aðilum beri að fela stimplun skjala:

1. Opinberum starfsmönnum, sem fjármálaráðuneytið felur vörzlu stimpilmerkja, þ. e. sýslumönnum og bæjarfógetum og hliðstæðum embættismönnum.
2. Bönkum og sparisjóðum. Takmarkist heimild þeirra og skylda við þau skjöl, sem þeir afgreiða, að undanskildum þinglestrarskjölum.
3. Félögum og stofnunum, er hafa með höndum rekstur, er gerir það eðlilegt, að þeim sé falin stimplun skjala sérstakra tegunda, svo sem tryggingarfélögum.

Fellt sé niður ákvæðið um 25 aura þóknun til lögreglustjóra og hreppstjóra fyrir stimplun skjala fyrir almenning. Enn fremur heimild til að fela einstökum mönnum stimplun skjala.

III. kafli.

Við 17. gr. — Nefndin leggur til, að stimpilgjald af afsali sé ákveðið 2% í stað 2.4%.

Lítur hún svo á, að hækkanir þær, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á þessum gjöldum, séu orðnar óhóflegar, þegar tekið er tillit til þess, að gjaldstofninn (kaupverð eignanna) hefur hækkað fyllilega í samræmi við vaxandi dýrtíð.

Skip eru tekin undir ákvæðið um tvöfalt stimpilgjald af afsali til hlutafélaga.

Felld eru við greinina ákvæði laga nr. 35 frá 1933, um stimpilfrelsi lóðseðla.

Við 18. gr. — Greinin er tekin orðrétt úr stimpillögunum frá 1921. En vegna ósamræmis þess, sem er milli gangverðs fasteigna og fasteignamatsins frá 1942, hefur nefndin talið nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði, er gilda skal um stundarsakir í stað ákvæðis greinarinnar um lágmarksgjaldstofn.

Við þessa grein er fellt ákvæði laga nr. 49 frá 1942, um skyldu embættismanns að gæta hagsmuna ríkisins, er hann áætlar stimpilgjald.

22. gr. stimpillaganna frá 1921 leggur nefndin til, að falli niður.

Við 22. gr. — Lagt er til, að gjaldið verði 2% sem af afsali.

Við 23. gr. — Lagt er til, að tilkynning um stofnun hlutafélags sé stimpluð í stað hlutabréfanna.

Bendir nefndin á, að með þessu verður gjaldið innheimt þegar við skrásetningu hlutafélags, í stað þess að áður munu greiðslur hafa dregizt eða jafnvel fallið niður.

Stjórn hlutafélags ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Lagt er til, að gjaldið verði 2.5% í stað 2.4%.

25. gr. stimpillaganna frá 1921 falli niður.

Við 25. gr. — 27. og 29. gr. stimpillaganna um félagssamninga eru felldar saman í þessa grein.

Lagt er til, að gjald sé ákveðið 1% í stað 1.2%, og 100 kr. í stað 24 kr.

30. grein stimpillaganna frá 1921 falli niður.

Við 27. gr. — Lagt er til, að gjald af skuldabréfum sé ákveðið 6‰ í stað 7.2‰, en 3‰ í stað 2.4 ‰, ef skuldin ber eigi vexti né er tryggð með veði. Síðar talin skuldabréf verði gjaldfrjáls, ef þau nema eigi meiru en 1000 kr. í stað 200 kr. áður.

Við 31. gr. Lagt er til, að gjald af víxlum verði 2‰ í stað 2.4‰.

Við 34. gr. — Lagt er til:

1. Að lífsábyrgðarskírteini stimplist með 2.5‰ í stað 2.4‰.
2. Að brunaábyrgðarskírteini stimplist með 0.5‰ í stað 0.6‰. Ýmsar aukatryggingar er gert ráð fyrir, að fylgi brunatryggingum og séu því aðeins stimpilskyldar, að eigi sé samhliða um brunatryggingu að ræða, eða aukatrygging sé hærri en aðaltrygging.
3. Að sjóvátryggingarskírteini stimplist með 0.25‰ í stað 24‰. Ferðatryggingarskírteini stimplist á sama hátt.
4. Að skyldutryggingarskírteini bifreiða stimplist með föstu gjaldi, kr. 25.

Við 35. gr. — Lagt er til, að gjaldið sé ákveðið 50 aurar af hverju hundraði leigunnar í stað 60 aura.

Hins vegar skal, ef leigutími er ótiltekinn, reikna gjaldið af ársleigunni tuttugu- og fimm-faldri í stað tí-faldri. Er það og í samræmi við ákvæði 3. gr.

Við 36. gr. — Lagt er til, að kaupmálar fyrir hjúskap stimplist með 100 kr. í stað 14 kr., en eftir hjúskap með 1% í stað 1,2%. Lægsta gjald 100 kr.

41. gr. stimpillaganna frá 1921 falli niður. Vísast til þess, sem áður er sagt um ástæður.

IV. kafli.

Við 39. gr. — Lagt er til, að sekt nemi einföldu í stað fimmföldu stimpilgjaldi, þó eigi minnu en 50 kr.

52. gr. stimpillaganna frá 1921 falli niður.

Við 48. gr. — Lagt er til, að fyrri málsgr. falli niður.

Nefndin getur ekki fallizt á, að ástæða sé til að veita bönkum eða öðrum lánsstofnunum undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds samkvæmt lögum þessum.

Við bráðabirgðaákvæðið. — Í athugasemd við 18. gr. hefur nefndin gert grein fyrir ástæðum til þess, að hún leggur til, að bráðabirgðaákvæðið verði sett.

Síðan 14. gr. stimpillaganna var breytt, með lögum nr. 49/1942 (sbr. lög 41/1945), hafa afsöl, þar sem eigi er tilgreint söluverð, verið stimpluð þannig, að lagt hefur verið til grundvallar fimmfalt fasteignamat fasteignar þeirrar, er afsalað hefur verið, en eigi gerð tilraun til að fara eftir ákvæðinu um, að áætla beri hina stimpilskyldu upphæð það háa, að víst sé, að söluverðið hafi eigi verið hærra.

Af þessu hefur leitt, þar sem fimmfalt fasteignamat er jafnaðarlega miklu lægra en söluverð, að þeir, er vanrækt hafa að tilgreina söluverðið, hafa greitt lægra gjald en þeir, sem samkvæmt fyrirmælum laganna hafa tilgreint rétt söluverð.

Nefndin lítur svo á, að ef eigi er horfið frá því að leggja söluverð eignar til grundvallar fyrir stimpilgjaldi, verði að ákveða lágmark þeirrar fjárhæðar, er stimpilgjaldið miðast við, þegar eigi fæst tilgreint söluverð, það hátt, að víst sé, að það sé jafnaðarlega hærra en söluverðið, því annars verður það aðalreglan, að söluverð sé eigi tilgreint.

Þá telur nefndin sjálfsagt, að þegar söluverð fasteignar er tilgreint grunsamlega lágt, sé þeim, er stimplun annast, gefin heimild til að ákveða stimpilskylda fjárhæð þess hærri en tilgreind er í skjalinu, en að sjálfsögðu verður þá sá, er greiða á gjaldið, að hafa heimild til að áfrýja þeirri ákvörðun til stjórnvalds eða leggja málið undir úrskurð dómstóla.

Um framkvæmd ákvæðisins vill nefndin taka fram:

1. Með tilliti til þess, að í lögunum eru engin sektarákvæði við brotum gegn b-lið 3. gr., ber hverjum þeim embættismanni, er tekur við afsali til stimplunar og verð er eigi tilgreint, að ákveða stimpilskylda fjárhæð þess það háa, að víst sé, að eigandi skjalsins hafi eigi hag af undanbrögðum sínum, og þó aldrei lægri en tífalt fasteignamat.

   Má að vísu ætla, að tífalt fasteignamat sé í mörgum tilfellum hærra en söluverð, en slíkt á eigi að koma að sök, því að gjaldandi getur ætíð leyst sig undan of hárri greiðslu með því að tilgreina rétt söluverð.
2. Þegar embættismaður tekur við afsali til stimplunar, og hann telur, að söluverð sé tilgreint grunsamlega lágt, skal hann athuga fasteignamat hinnar seldu eignar, brunabótamat, og söluverð sambærilegra eigna, og ákveða síðan stimpilskylda fjárhæð skjalsins með tilliti til alls þessa.

   Ákvæðið um fimmfalt og þrefalt fasteignamatsverð er aðeins hugsað sem lágmarksákvæði.

   Nefndin leggur áherzlu á, að ákvörðun embættismanns um stimpilskylda fjárhæð afsals sé rituð á skjalið sem úrskurður.

   Þegar um afsal fyrir skipi er að ræða, eiga að vísu ekki við reglur ákvæðisins um fasteignamat, en nefndinni virðist, að þá sé rétt að hafa hliðsjón af tryggingarfjárhæð skipsins og söluverði sambærilegra skipa við ákvörðun stimpilskyldrar fjárhæðar.

Reykjavík, 30. sept. 1952.

Jón Steingrímsson. Júl. Havsteen. Þorlákur Jónsson.

Ed. 141. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið þær upplýsingar, að forstöðumenn sambandsins telji breytingar þær, sem í frv. felast, mjög nauðsynlegar til tryggingar

áframhaldandi ágóða af happdrættinu. Og með því að unnið er að því að koma upp nýjum byggingum að Reykjalundi í sambandi við þau verkefni, sem þar er verið að vinna fyrir vistmennina, en mikið fé þarf enn til að greiða þann kostnað, sem því er samfara, leggur nefndin til einróma, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1952.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Magnús Kjartansson. Karl Kristjánsson.

Ed. 142. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd., og er efni þess það að framlengja gildandi ákvæði um breytingu verðlagsuppbótar til 1. des. 1953. Þykir nefndinni rétt, að frv. nái fram að ganga, og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarm. (MK) áskilur sér þó rétt til að bera fram breytingartill.

Alþingi, 27. okt. 1952.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson. Magnús Kjartansson.

Ed. 143. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953“ komi: 1. nóv. og 1. des. 1952 og eftir það 1. dag hvers mánaðar allt árið 1953.

Nd. 144. Frumvarp til laga [108. mál]

um endurgreiðslu tolla og skatta af efni til skipa, sem smíðuð eru innanlands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Nú hefur skip verið byggt í íslenzkri skipasmíðastöð, og skal þá endurgreiða alla þá tolla og skatta, sem greiddir hafa verið samkvæmt tollskrá af efni til

skips, svo og af vélum, vélahlutum og tækjum í skipinu. Einnig skal endurgreiða söluskatt og bátagjaldeyri að fullu, þannig að af þeim lögum leiði engar verðhækkanir í íslenzkum skipasmíðaiðnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur lengi þótt augljóst ranglæti, að skip, sem smíðuð eru erlendis og flutt hingað til lands fullbúin, eru tollfrjáls með öllu, þegar hins vegar eru lagðir háir tollar og skattar á efni til skipa, sem smíðuð eru innanlands, og þannig lagður steinn í götu íslenzkra skipasmíða. Sama er að segja um vél, sem erlendir iðnaðarmenn hafa sett niður í íslenzk skip. Hún nýtur tollfrelsis og skattfrelsis, en sé hún flutt inn sem verzlunarvara og íslenzkar hendur eigi síðar um hana að fjalla við að koma henni fyrir í skipi, þá er hún fallin í fordæmingu íslenzkra skattalaga, og af henni verður að greiða stórfé í tolla og skatta.

Þetta má ekki svo búið standa lengur. Hér verður að ráða bót á, því að núgildandi lagaákvæði í þessum efnum verka sem verndartollar fyrir erlendan skipasmíðaiðnað, og skyldu menn þó ætla, að Íslendingum væri það í senn metnaðarmál og augljóst hagsmunamál að smíða sjálfir eigin skip, eftir því sem við höfum aflað okkur aðstöðu og þekkingar til á hverjum tíma.

Af eftirfarandi upplýsingum, sem Fiskifélag Íslands hefur góðfúslega látið flutningsmönnum þessa frumvarps í té, kemur í ljós, að það eru engar smáupphæðir, sem samkvæmt gildandi löggjöf eru lagðar á íslenzkan skipasmíðaiðnað.

Í maí í vor gerði félagið athugun á efniskostnaði í 60 rúmlesta bát, og var heildarkostnaðinum skipt niður í 10 kostnaðarliði. Niðurstaða þessara athugana var sem hér segir:

Fob-verð efnis	kr.	236764.00
Farmgjald	—	41101.00
Uppskipun	—	6210.00
Heimflutningur	—	3111.00
Vörugjald	—	515.00
Verðtollur	—	19235.00
Vörumagnstollur	—	1834.00
Trygging	—	4047.00
Söluskattur	—	21172.00
Bátagjaldeyrir	—	18457.00
Samtals	kr.	352446.00

Í þessum verðútreikningum var aflvél ekki tekin með og engar hjálparvélar í vélarrúmi. Hins vegar eru lögboðin tæki og dýptarmælir tekin með í útreikningnum. Söluskattur var reiknaður af kaupverði efnis, en ekki af sölu efnis til verkkaupa. Engir vextir, enginn bankakostnaður, ekkert leyfisgjald og enginn smásöluskattur er reiknaður með.

Samanlagt reynist þá verðtollur, vörumagnstollur, söluskattur og „bátagjaldeyrir“ 60698 krónur af efnisverðinu í 60 tonna bát, eða rúmlega 17%, — þ. e. 1011.63 kr. á hverja rúmlest í bátnum.

Ef allur kostnaður, svo sem vextir, bankakostnaður, leyfisgjöld o. fl., er tekinn með í viðbót, mundi það allt verða um 20%, eða um fimmti hluti af efnisverðinu. — Í efniskostnaði 60 tonna báts nemur þetta þá alls 70489 krónum, eða 1175 krónum á rúmlest. Geta menn af þessu litla en ljósa dæmi gert sér í hugarlund, á hvaða upphæðum muni velta, er til skattgreiðslna kemur í stórskipaiðnaðinum, þegar um tugi þúsunda er að ræða í sambandi við byggingu á miðlungsstórum fiskibát.

Um það verður ekki deilt, að íslenzkir skipasmiðir eru fyllilega færir um að smíða alla okkar fiskibáta. Og þá á tvímælalaust alla að smíða innanlands. Reynslan hefur sýnt, að hvert sem leitað er, fáum við þá hvergi traustar byggða eða betur gerða, enda er þessi iðnaður löngu kominn af bernskuskeiði.

Á 5 ára tímabili, 1915—1920, voru smíðuð hér innanlands 157 skip, samtals 1728 rúmlestir.

Á árunum 1920—1930 voru smíðuð hér 199 skip, samtals 2201 smálest.

Á árunum 1930—1940 voru smíðuð innanlands 123 skip, samtals 1874 smálestir.

Á árunum 1940—1950 er um greinilega framför að ræða á þessu sviði. Þá eru smíðuð hér 120 skip, samtals 5044 smálestir, þ. e. rúmar 500 smálestir á ári að meðaltali. En Adam var ekki lengi í Paradís. Árið 1950 var ekkert skip smíðað, er skrásetningarskylt væri, og á árinu 1951 aðeins eitt skip 100 lestir að stærð.

Þetta er ekki ánægjuleg þróun, enda er ömurlegt til þess að vita, að ýmsar skipasmíðastöðvar, sem fyrir nokkrum árum höfðu tugi skipasmiða í þjónustu sinni, liggja nú í auðn og örtröð, og skipasmiðirnir ganga atvinnulitlir eða atvinnulausir, samtímis því sem bátaflotinn fyrnist og gengur úr sér.

Skipasmíðaiðnaðinn verður að vinna upp aftur. Til þess er sjálfsagt margvíslegra aðgerða þörf, en ein hin eðlilegasta og sjálfsagðasta ráðstöfun er sú að fella þegar niður alla tolla og skatta á efnivörum, vélum og tækjum til skipa og skipasmíða innanlands.

Ed. 145. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „12 af þúsundi“ í niðurlagi 1. gr. laganna komi: 36 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tekjur sýsluvegasjóða miðast við ákveðið hundraðsgjald af fasteignum í viðkomandi sveitarfélögum. Sýslunefndir ákveða upphæð þess árlega, þó með þeim takmörkunum, sem lög segja til um.

Þar sem kostnaður við vegagerð hefur vaxið ár frá ári, en mat fasteigna er hins vegar óbreytt um lengri tíma, þá virðist óhjákvæmilegt að hækka nokkuð álagningarheimild sýslunefndanna.

Ed. 146. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 9. gr. Í stað „18 ára“ tvisvar í 1. málsgr. komi: 16 ára.
2. Við 14. gr. Orðin „utan Reykjavíkur“ í 1. málsgr. falli niður.

Nd. 147. Frumvarp til laga [95. mál]

um tilkynningar aðsetursskipta.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórar (í Reykjavík Manntalsskrifstofan) og í hreppum oddvitar veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum þessum, og er átt við þessa aðila alls staðar þar, sem lögin kveða svo á, að slíkar tilkynningar skuli sendar sveitarstjórnum.

2. gr.

Hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað.

Einstaklingur, sem dvelst í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á heimilisfang, er tilkynningarskyldur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ef hann á sínum tíma var skyldur til að tilkynna komu sína í umdæmið, samkvæmt ákvæðum 3. eða 5. gr., eða hefði verið skyldur til þess, ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á þeim tíma.

3. gr.

Hver sá, sem flytur í annað sveitarfélag í því skyni að taka sér þar heimilisfang, skal tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til, áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að flutningurinn átti sér stað.

Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann er staddur, og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið. Ákvæði þetta tekur til vistmanna á hælum, sjúklinga í sjúkrahúsum, gesta í gistihúsum og fanga í fangelsum jafnt og til þeirra, sem hafa aðsetur í venjulegu húsnæði utan heimilissveitar sinnar.

Frá ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu gilda eftirfarandi undantekningar:

1. Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja lengri eða skemmri tíma við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang.
2. Barn, sem dvelur sumarlangt eða annað takmarkað tímabil á barnaheimili, í sveit eða annars staðar utan heimilissveitar sinnar. Hins vegar skal, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðsetursskipti fyrir barn, sem fyrirsjáanlega mun dvelja lengri tíma á barnahæli eða þ. u. l. stofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem það á heimilisfang.
3. Þeir, sem dvelja eingöngu eða að mestu leyti til náms í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang. Þó skulu iðnnemar við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, vera tilkynningarskyldir samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.
4. Þeir, sem dvelja í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, við störf, sem samkvæmt venju eru árstíðarbundin, svo sem við fiskveiðar á vertíð með tilheyrandi vinnslu afurða o. fl. Enn fremur við heyskap eða önnur sveitastörf að sumarlagi, við vegagerð utan kaupstaða, og þ. u. l.

Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem greindar eru í 3. mgr. þessarar greinar, gilda aðeins, meðan þau atvik, sem gefa tilefni til undantekningar, eru fyrir hendi, og verða aðilar tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið í viðkomandi umdæmi tvo mánuði eftir brottfall þess atviks, sem um ræðir hverju sinni. Skal þá aðili innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið.

4. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal við endurkomu til heimilissveitar sinnar, áður en 7 dagar eru liðnir, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

5. gr.

Nú kemur til landsins íslenzkur ríkisborgari, sem verið hefur búsettur erlendis, í því skyni að taka sér hér heimilisfang, og skal hann þá, áður en 7 dagar eru liðnir frá komunni í umdæmið, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Að öðru leyti eru íslenzkir ríkisborgarar og útlendingar, sem til landsins koma, tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum 2.—4. mgr. 3. gr., eftir því sem þau eiga við.

6. gr.

Nú fer úr landi maður — sem tilkynnt hefur verið aðsetur fyrir eða hefði átt að tilkynna aðsetur fyrir, ef lög þessi hefðu verið í gildi — til þess að taka sér bólfestu erlendis eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdvöl, og skal hann þá, áður en hann hverfur úr landi, tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann hefur aðsetur, þegar hann fer.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki fyrir þá, sem fara utan til náms, en þegar þeir koma til landsins að afloknu námi, skulu þeir tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem þeir setjast að, ef það er annað en það sveitarfélag, þar sem þeir hafa haft skráð aðsetur meðan þeir dvöldu erlendis.

7. gr.

Hver sá, sem tilkynnt hefur aðsetur í einhverju sveitarfélagi samkvæmt fyrirmælum laga þessara, eða hefði verið skyldur til að gera það, ef lög þessi hefðu verið í gildi á viðkomandi tíma, er samkvæmt 2. gr. skyldur til að tilkynna breytingar, sem verða kunna á aðsetri hans innan sama umdæmis. Fari hann í annað sveitarfélag, skal hann, ef ákvæði 3. gr. taka til dvalar hans þar, tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins, hvort sem hann á þar heimilisfang eða ekki.

8. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem lög þessi mæla fyrir um, gildir án tillits til fjölskyldutengsla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t. d. kvæntur maður, sem dvelur a. m. k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við konu hans eða ekki.

9. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvílir á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 16 ára aldur. Forráðamenn einstaklinga innan 16 ára aldurs og þeirra, sem sviptir hafa verið sjálfræði, skulu sjá um, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir skjólstæðinga þeirra.

Hver húsráðandi ber ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að því er tekur til tilkynningar aðseturs fyrir einstaklinga, sem hafast við á slíkum stöðum. Enn fremur ber hver húseigandi ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum, þ. e. a. s. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

Bæjarstjórar og oddvitar skulu kvitta skriflega fyrir móttöku tilkynninga um aðsetursskipti.

Heimilt er að krefjast þess, að tilkynningar um aðsetursskipti séu látnar í té í tvíriti.

10. gr.

Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við Hagstofu Íslands. Skal þar getið nafns þess eða þeirra, sem skipta um aðsetur, ásamt nákvæmum upplýsingum um það, hvar aðsetrið er, svo og um annað, sem greina þarf vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

11. gr.

Tilkynningar þær um aðsetursskipti, sem bæjarstjórar og oddvitar fá í hendur, skulu sendar Hagstofu Íslands, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem þær þarfnast vitneskju um.

Félagsmálaráðuneytið ákveður tilhögun á sendingu tilkynninga til Hagstofu Íslands, og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

12. gr.

Bæjarstjórum og oddvitum er heimilt að krefjast þess af skólastjórum og forstöðumönnum námsmannabústaða í sveitarfélaginu, að þeir láti hinum fyrr nefndu í té skrár, í tilteknu formi, yfir námsmenn, sem eiga heimilisfang utan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver í sínu umdæmi, stuðla að því með virkum aðgerðum, að menn fullnægi sem bezt ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu. M. a. skulu þær, einkum í fámennari sveitarfélögum, ef svo ber undir gangast fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir einstaklinga, sem láta undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu, eða eiga þess ekki kost einhverra hluta vegna.

14. gr.

Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppstjóra eftir föngum við hana.

Útlendingaeftirlitið skal aðstoða við framkvæmd laga þessara eftir föngum, einkum í sambandi við eftirlit með því, að þeir, sem koma til landsins og fara frá landinu, fullnægi tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laganna.

15. gr.

Ákvæði laga þessara snerta á engan hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi.

16. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna, en þær bera allan annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu varða sektum 200—2000 kr., sem renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem aðili er tilkynningarskyldur. Skal fara með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó þannig að tilkynna ber, samkvæmt fyrirmælum laganna, öll aðsetursskipti, sem eiga sér stað frá og með 17. október 1952.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði um tilkynningu bústaðaskipta í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, og í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Sþ. 148. Fyrirspurnir. [110. mál]

I. Til fjármálaráðherra um framlög til malbikunar vega.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Hvers vegna hefur fjármálaráðherra við samningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1953 ekki farið eftir fyrirmælum laga nr. 84 6. júlí 1932, um framlög til malbikunar þjóðvega og umferðarvega í kaupstöðum og verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúa?

II. Til viðskiptamálaráðherra um innflutning fólksbifreiða.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

a. Hversu margar fólksbifreiðar 6—7 manna hafa verið fluttar inn á árinu 1952?
b. Hverjir hafa fengið innflutningsleyfi fyrir slíkum bifreiðum?
c. Hversu mikinn erlendan gjaldeyri kosta þær fólksbifreiðar, sem hér um ræðir?

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um verðlaun til afreksmanna við framleiðslustörf.

Flm.: Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um verðlaunaveitingar til afreksmanna við framleiðslustörf.

Greinargerð.

Í þessari tillögu er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa löggjöf um verðlaun til þeirra manna, er vinna sérstök afrek við framleiðslustörf, þ. e. landbúnað, sjávarútveg og iðnað, og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp um þetta efni. Er svo til ætlazt, að með slíkri lagasetningu verði ákveðið að verðlauna á einhvern viðeigandi hátt þá menn, sem eru sérstaklega afkastamiklir og vandvirkir við störf, og einnig hugvitsmenn, er finna nýjar og hagkvæmar vinnuaðferðir, sem miða að því að bæta vöru þá, sem framleidd er, auka afköstin eða minnka kostnaðinn við framleiðsluna og hafa þannig hagnýta þýðingu fyrir atvinnuvegina.

Hér eiga þeir að koma jafnt til greina, sem vinna við eigin atvinnurekstur, og hinir, sem ganga að verki í annarra þjónustu. Slík verðlaun ætti t. d. að veita:

1) Bændum og öðrum, sem eru sérstaklega mikilvirkir og vandvirkir við ræktun jarðar og uppskera jarðargróða, eða eru öðrum fremri við búpeningsrækt og hirðingu búfjár.

2) Útvegsmönnum og sjómönnum, sem vegna atorku og aflasældar, góðrar meðferðar skipa og veiðarfæra og hagkvæmra vinnuaðferða ná óvenjulega góðri rekstrarútkomu við fiskveiðar. Einnig þeim, er skara fram úr að dugnaði og vandvirkni við sjómannsstörf og verkun sjávarafla.

3) Iðnaðarmönnum og öðrum, er vegna dugnaðar og hagsýni ná sérstaklega góðum árangri við framleiðslu á nauðsynlegum iðnaðarvörum og við byggingarstarfsemi.

Hér er að sjálfsögðu ekki tæmandi upptalning á því, sem telja mætti verðlaunavert, en dæmin nefnd til nánari skýringar á því, að hverju er stefnt með tillögunni.

Við undirbúning löggjafarinnar þarf m. a. að athuga, með hverjum hætti ætti að heiðra eða verðlauna þá menn, sem hljóta viðurkenningu samkvæmt lögunum. Kemur þar til álita, hvort veita skuli peningaverðlaun, verðlaunagripi eða heiðursmerki; enn fremur hverjum eigi að fela úthlutun verðlauna. Vel getur komið til mála að leita eftir tillögum frá félögum og einstökum mönnum um þessi og fleiri atriði, sem koma til álita og ákvörðunar við samningu frumvarpsins.

Í lögunum ætti að mæla svo fyrir, að ýtarlegar fréttir af verðlaunaveitingum og afrekum þeirra, er verðlaun hljóta, skuli birta opinberlega, t. d. í ríkisútvarpinu. Það er nú mjög tíðkað að útvarpa frásögnum af íþróttaafrekum. Ekki skal það lastað, að íþróttamanna sé getið, en sízt er minni ástæða til að skýra frá óvenjulegum afrekum manna, er vinna að framleiðslustörfum á sjó og landi, því að á þeirri starfsemi byggist efnaleg afkoma allrar þjóðarinnar.

Íslendingum er lífsnauðsyn að auka framleiðslu sína. Með aukinni framleiðslu vaxa þjóðartekjurnar og skilyrði til almennrar hagsældar. Er sannarlega tímabært, að þjóðfélagið heiðri þá menn, karla og konur, sem sýna yfirburði í verklegri menningu á sviði framleiðslunnar, og kynni afrek þeirra öðrum til fyrirmyndar og hvatningar.

Ed. 150. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það við verðgæzlustjóra. Leggur nefndin til, að frv. sé samþykkt, en einn nm. (GÍG) áskilur sér rétt til þess að bera fram brtt.

Alþingi, 29. okt. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Guðmundur Í. Guðmundsson. Steingrímur Aðalsteinsson.

Sþ. 151. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson, Magnús Jónsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á greiðslugetu og afkomu aðalatvinnuvega þjóðarinnar með það fyrir augum að fá úr því skorið, hversu hár rekstrarkostnaður atvinnutækjanna megi vera til þess, að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta hvers árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu.

Skal ríkisstjórnin leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd þessarar rannsóknar, er skal lokið fyrir 1. nóvember árið 1953.

Greinargerð.

Það er tilgangur þeirrar rannsóknar, er hér er lagt til, að fram skuli fara, að komast að niðurstöðu um það, á hvern hátt megi tryggja atvinnu í landinu, þannig að slíkt samrýmist jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Til þess að svo megi verða, má rekstrarkostaður fyrirtækjanna ekki verða svo hár, að taprekstur hljótist af, því að af taprekstri leiðir glundroða í fjármálalífinu, rýrnun framleiðsluafkasta og lífskjara almennings. Rannsókninni er ætlað að sýna, hvern rekstrarkostnað hinar ýmsu greinar atvinnulífsins geta borið. Ef niðurstöðurnar sýna, að rekstrarkostnaður í sumum atvinnugreinum sé svo hár, að taprekstur sé óhjákvæmilegur, er eðlilegt, að látin sé fara fram framhaldsrannsókn á því, með hverju móti taprekstri verði forðað, hvort unnt sé að lækka einhverja kostnaðarliði eða hverjar ráðstafanir aðrar séu tiltækilegar, til þess að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Ef rannsóknin á hinn bóginn sýnir, að um verulegan ágóða sé að ræða í atvinnugreininni, mundi eðlilegt, að hlutdeild vinnunnar í arði fyrirtækisins yrði aukin með kauphækkunum eða á annan hátt.

Það hefur orðið til þess að auka mjög á tortryggni í samskiptum atvinnurekenda og launþega, að allt hefur verið á huldu um, hvernig afkoma atvinnuveganna væri. Niðurstöður slíkrar rannsóknar sem þessarar ættu, er þær liggja fyrir, að geta haft nokkur áhrif í þá átt að eyða slíkri tortryggni og stuðlað þannig að betri vinnufriði í landinu.

Það ætti ekki að vera ágreiningsmál, að megináherzlu beri að leggja á það í efnahagsmálum þjóðarinnar, að atvinna megi vera næg og jöfn sem lengstan tíma af árinu. Slíkt verður þó ekki tryggt til lengdar, nema séð sé fyrir því, að ekki sé taprekstur í hinum mikilvægustu atvinnugreinum. Hafa ýmsar tillögur komið fram um það hér á landi og erlendis að finna einhvern grundvöll fyrir vísitölu, er sýndi afkomu þjóðarbúsins og atvinnuveganna, og yrði kaupgjald m. a. miðað við slíka vísitölu. Teljum við, flutningsmenn þessarar tillögu, einnig eðlilegt, að í sambandi við rannsókn þá, er hér er um að ræða, sé einnig athugað, hverjir möguleikar væru á útreikningi slíkrar vísitölu og hvort hugsanlegt væri, að kaupgjald yrði að einhverju eða öllu leyti við hana miðað. Að sjálfsögðu yrði um slíkt að hafa fullt samráð við hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda, enda er gert ráð fyrir því, að fullt samráð sé við þau höfð um fyrirkomulag og framkvæmd þessarar rannsóknar.

Ed. 152. Frumvarp til laga [113. mál]

um kennslu í vélfræði.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kennsla í vélfræði samkvæmt lögum þessum skal fara fram í fjórum stigum. Skal I. og II. stig kennslunnar fara fram á vegum Fiskifélags Íslands samkvæmt I. kafla laga þessara, en III. og IV. stig í vélskólanum í Reykjavík samkvæmt II. kafla laga þessara.

I. KAFLI
Um I. og II. stig.

2. gr.

Fiskifélag Íslands skal halda námskeið í mótorfræði til þess að búa menn undir I. og II. stigs vélstjóraprófs. Þau skulu haldin í tveim flokkum, I. stigs námskeið og II. stigs námskeið.

Fyrsta stigs námskeiðið skal haldið í Reykjavík og í veiðistöðvum úti um land, þar sem ráðuneytið ákveður, eftir tillögum Fiskifélags Íslands.

Annars stigs námskeiðið skal aðeins haldið í Reykjavík.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði eftir samningi við Fiskifélag Íslands.

3. gr.

Á námskeiðunum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði, rafmagnsfræði og hjúkrunarfræði. Í vélfræði og rafmagnsfræði skal námið vera bæði bóklegt og verklegt.

4. gr.

Inntökuskilyrði á I. stigs námskeið:

a. Að nemandinn sé 16 ára að aldri.
b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi og hafi ekki líkamsgalla, er geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
c. Að hann hafi óskert mannorð.
d. Að hann kunni sund.

Inntökuskilyrði á II. stigs námskeið:

a. Að nemandinn hafi staðizt I. stigs próf, eða lokið 4 ára námi á vélaverkstæði og iðnskólaprófi.
b. Að hann hafi óskert mannorð.
c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi og hafi ekki líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
d. Að hann hafi staðizt III. stigs sundpróf.

5. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma.

Til I. stigs prófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt.
2. Í reikningi: Þekkingu á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum og einföldum jöfnum.
3. Í eðlisfræði: Þekkingu á lögmálum loftkenndra efna, þrýstimælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
4. Í mótorfræði: Þekkingu á mótorvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn; þekkingu á sundurliðun mótorvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stillingu; þekkingu á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær; þekkingu á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra; þekkingu á hinum algengustu eldneytistegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldneytiseyðslu, slökkvitækjum, ryði og tæringu og vörnum gegn því; enn fremur þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar varðandi rakstraum og raftækjum mótorskipa, talstöðvum og dýptarmælum.

Prófið fullnægir þeirri vélfræðiþekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélstjórnar á mótorskipi með allt að 250 hestafla mótor.

Til II. stigs prófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekkingu á hinum fjórum reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum; þekkingu á þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmáls- og rúmmálsfræðinnar, og að kunna að nota logaritmatöflur við útreikninga.

3. Í eðlisfræði: Þekkingu á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi, þrýstimælum, eðliþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu; þekkingu á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; enn fremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótorfræði: Fyllri þekkingu á því, sem til I. stigs prófs er heimtað, og auk þess: Þekkingu á afl-línuritum og einföldum niðurstöðum, sem af þeim má draga, blöndun hleðslunnar og brennslu eldsneytisins; þekkingu á helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, hjálparvélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósvélum, vindum, kælivélum, slökkvitækjum o. s. frv. og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa; enn fremur að geta framkvæmt minni háttar viðgerðir á mótorum og hjálpartækjum þeirra; þekkingu á meðferð eimkatla með tilliti til hjálparkatla í mótorskipum.
5. Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum; þekkingu á rafölum, rafmagnsmótorum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra; enn fremur þekkingu á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósatækjum í skipum, dýptarmælum og talstöðvum.

Prófið fullnægir þeirri vélfræðiþekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélgæzlu á fiskiskipi og vöruflutningaskipi með allt að 900 hestafla mótor og farþegaskipi með 600 hestafla mótor.

6. gr.

Prófin eru bæði munnleg, skrifleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir; skulu þeir hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðin veita og annar þeirra vera vélsmiður, sem æfingu hefur í mótorviðgerðum.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til forstöðumanns námskeiðsins eigi síðar en mánuði áður en prófið byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann hafi lært það, sem til prófsins er heimtað, og að hann sé fær um að ganga undir prófið.

II. KAFLI
Um III. og IV. stig.

8. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir III. og IV. stigs vélstjórapróf ásamt prófi í rafmagnsfræði og vatnsvélafræði fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í tveim deildum:

1. Vélfræðideild.
2. Rafmagnsfræðideild.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

9. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði, vélateikningu, hjúkrunarfræði, bókhald og viðskiptafræði, leikfimi og sund.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður fastan vélfræðikennara, sem einnig er forstöðumaður skólans. Það ræður einnig fasta kennara í vélfræði, stærðfræði, eðlisfræði

og tungumálum, eftir tillögum forstöðumanns skólans, svo og stundakennara og aðstoðarkennara eftir þörfum, eftir tillögum forstöðumanns skólans.

11. gr.

Inntökupróf skal haldið í skólanum í byrjun október ár hvert í bóklegum fræðum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins, fyrir þá menn, sem ekki geta sýnt fullnægjandi skilríki fyrir lögákveðinni bóklegri þekkingu. Skal prófið samsvara inntökuskilyrðunum í þá deild, sem við á.

Þeir, sem staðizt hafa próf í sömu greinum við jafngilda skóla eða æðri, þurfa þó ekki að ganga undir inntökuprófið.

12. gr.

1. Inntökuskilyrði í III. stigs deild (vélfræðideild):
   a. Að nemandinn hafi staðizt II. stigs próf, eða meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands, eða lokið 4 ára námi á vélaverkstæði og staðizt burtfararpróf úr iðnskóla eða öðrum jafngildum eða æðri skóla í þeim greinum, sem þar þarf til undirbúnings skólanámsins.
   b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi.
   c. Að hann hafi óskert mannorð.
   d. Að hann hafi staðizt próf á smíðanámskeiði vélskólans samkv. 13. gr. Þetta tekur þó ekki til þeirra, sem lokið hafa 4 ára námstíma á vélaverkstæði.
2. Inntökuskilyrði í IV. stigs deild (rafmagnsfræðideild):
   a. Að nemandinn hafi staðizt III. stigs prófið, eða próf upp úr fyrsta bekk rafmagnsfræðideildar.
   b. Að hann sé ekki haldinn af næmum sjúkdómi.
   c. Að hann hafi óskert mannorð.
3. Inntökupróf í fyrsta bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina, eða fullnaðarpróf við iðnskóla eða annan jafngildan skóla eða æðri, í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúings skólanámsins.
   b. Að hann hafi stundað rafmagnsvirkja- eða rafmagnsvélavirkjanám í 4 ár hjá rafmagnsvirkja- eða rafmagnsvélavirkjameistara.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.

13. gr.

Áður en nemandi fær inngöngu í III. stigs deild, skal hann sækja 7 mánaða verklegt námskeið, er vélskólinn heldur, eða hafa staðizt próf við námskeiðið samkvæmt staflið d. í 1. lið 12. gr.

Inntökuskilyrði á þetta námskeið er, að nemandinn hafi staðizt II. stigs próf.

Þeir, sem lokið hafa 4 ára námstíma á vélaverkstæði, þurfa þó ekki að sækja þetta námskeið.

14. gr.

Próf skulu haldin í skólanum að loknum námstíma ár hvert.

15. gr.

Til millibekkjaprófs á milli 1. og 2. bekkjar III. stigs deildar þarf:

1. Í íslenzku: Að geta skrifað ritvillulítið eftir upplestri.
2. Í stærðfræði: Þekkingu á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, enn fremur þríliðu, prósentu- og rentureikning og logaritma.
3. Í teikningu: Að geta gert vinnuteikningar af ákveðnum vélahlutum.

16. gr.

Til III. stigs prófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega rithönd skýrt og nokkurn veginn rétt. — Að geta lesið kafla úr íslenzkri bók og endursagt hann og skýrt helztu málfræðiatriðin, sem fyrir koma í honum.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt kafla úr danskri bók, vélfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sama kunnátta og í dönsku.
4. Í stærðfræði:
   a. Í reikningi: Að kunna hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, þríliðu, prósentu- og rentureikning, veldi, rót og logaritma; að geta leyst líkingar af 1. gráðu með einni og tveimur óþekktum stærðum.
   b. Í flatarmálsfræði: Þekkingu á afstöðu beinna lína hvorrar til annarrar, hringum, hornum, marghyrningum, á reglum um hliðar og horn þríhyrninga og samsíðunga, á samfalla og einslaga þríhyrningum, rétthyrndum þríhyrningum, útreikningi flatarmáls og hinu rétthyrnda koordinat-kerfi; enn fremur að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar og þekkja almenn hjálpartæki til þess.
   c. Í rúmmálsfræði: Þekkingu á afstöðu beinnar línu til flata og flata hvors til annars, þrístrendingi, strýtu, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð; enn fremur þekkingu á flatarmáli og yfirborði þessara hluta og rúmtaki þeirra.
   d. Í þríhyrningafræði: Þekkingu á grundvallaratriðum þríhyrningafræðarinnar og notkun þeirra við útreikninga.
5. Í eðlisfræði: Þekkingu á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hlutanna, hreyfingu og jafnvægi fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, samsetningu og sundurliðun afla, vinnu og afli, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, skáborði, dragreipi o. s. frv., enn fremur á helztu lögmálum hitafræðinnar, hita og dreifingu hans, útþenslu hlutanna við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti og brennslu, segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna; enn fremur þekkingu á almennri hljóðfræði og ljósfræði.
6. Í vélfræði:
   a. Í eimvélafræði: Þekkingu á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra og samsetningu, eimkötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, hirðingu eimvéla og eimkatla, viðhaldi þeirra og eftirliti, smíði og efni eimvéla og eimkatla, vélbilun, ketilbilun og sprengingu, línuritum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, hestöflum eimvéla, stillingu vélanna, eldsneytiseyðslu; þekkingu á hjálparvélum skips og vélar (stýrisvél, ljósvél, kælivél, vindum, dælum o. s. frv.); þekkingu á byggingu skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, skipsdælum, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.
   b. Í mótorfræði: Þekkingu á mótorum í skipum og á landi, einkum dieselmótorum, á smíði þeirra og efni, viðhaldi, eftirliti, hirðingu og stjórn, gangtruflunum og lagfæringu þeirra, línuritum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, stillingu mótora, hestöflum mótora og nýtni, hitafræðilegum grundvallaratriðum, þjöppun og útþenslu, skolun og forþjöppun, blöndun hleðslunnar og brennslu, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, hjálparvélum mótora og skipa (ljósvél, kælivél, stýrisvél, vindum, dælum, loftþjöppum o. s. frv.), smurningu mótora og smurningsháttum, hömlun mótora og öðrum mótorraunum og þekkingu á lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa.
   c. Í burðarþolsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum um styrkleika efnis þess, sem notað er í vélar og katla, og byrjunarreglum um útreikning á styrkleika

hinna helztu hluta í vélum og kötlum.

7. Í hjúkrunarfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum og reglum um hjúkrun sjúkra, fyrstu hjálp, sem hægt er að veita, þegar slys ber að höndum, hreinlæti og á að notfæra sér hina lögskipuðu lækningabók og meðalakistu.
8. Í bókhaldi og viðskiptafræði: Þau atriði, er vélstjóra skipta og staða þeirra heimtar.
9. Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum, rakstraums-rafölum og mótorum, spennubreytum og geymum, vinnuháttum og gerð rakstraums rafmagnsvéla og tækja, uppsetningu, hirðu og viðhaldi þessara véla og tækja; enn fremur kunnáttu í rafmagnslögnum í skipum og að finna bilanir í lögnum og tækjum, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla; þekkingu á talstöðvum og dýptarmælum.

Prófið fullnægir þeirri vélfræðiþekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélgæzlu á fiskiskipi og flutningaskipi með allt að 1500 hestafla vél og farþegaskipi með allt að 1000 hestafla vél.

17. gr.

Til IV. stigs prófs þarf:

1. Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og spennubreyta, uppsetningu, hirðu og viðhaldi rafmagnsvéla og raftækja; enn fremur kunnáttu í alls konar raflögnum; þekkingu á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekkingu á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur; enn fremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir.

   Auk þess útheimtist í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.
2. Í kælitækni: Þekkingu á hinum algengustu kælivélum og kerfum í skipum og á landi, starfsháttum þeirra, byggingu og fyrirkomulagi, umhirðu þeirra og stjórn.
3. Í vatnsvélafræði: Þekkingu á algengustu vatnsaflsvélum, byggingu þeirra, aflframleiðslu, umhirðu og stjórn; enn fremur grundvallarþekkingu á útreikningi á orku í fallvötnum.

Prófið veitir þá vélfræðiþekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélgæzlu á öllum íslenzkum skipum.

18. gr.

Um leið og III. stigs prófið fer fram, skal halda smíðapróf í vélvirkjun.

Kröfur þær, sem gera skal til prófsveina á þessu prófi, skulu ekki vera minni en þær kröfur, sem gerðar eru til prófsveina á sveinsprófi í vélvirkjun.

19. gr.

Til 1. bekkjar prófs í rafmagnsdeild þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni skýrt og nokkurn veginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla úr danskri bók rafmagnsfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sams konar kröfur og í dönsku.
4. Stærðfræði: Þekkingu á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, á þríliðu og líkingum af 1. gráðu með einni óþekktri stærð; enn fremur á almennri flatarmálsfræði og rúmmálsfræði og á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.

5. Í eðlisfræði: Þekkingu á almennri aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði, rafmagni og segulmagni.
6. Í vélfræði: Þekkingu á frumatriðum mótorfræðinnar og vatnsvélafræðinnar, smíði þeirra og efni.
7. Í teikningu: Að geta teiknað vinnuteikningu af einföldum hlutum rafmagnsvéla og kerfa.

20. gr.

Til burtfararprófs úr rafmagnsdeild þarf: Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar, um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og spennubreyta, uppsetningu, hirðu og viðhaldi rafmagnsvéla og raftækja; enn fremur kunnáttu í alls konar raflögnum; þekkingu á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekkingu á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur, enn fremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir. — Auk þess útheimtist í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

21. gr.

Prófin eru skrifleg, munnleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa æðri vélfræðiþekkingu er skólinn veitir, og skal hann vera formaður prófnefndar, en hinn skal vera vélstjóri, sem hefur vélstjóraréttindi á íslenzt skip af ótakmarkaðri stærð. Auk þess skipar ráðuneytið sérfróða prófdómara í hinum ýmsu greinum eftir þörfum og varaprófdómara.

Enn fremur skal skipa sérstaka prófnefnd í rafmagnsfræði. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir rafmagnsfræðingar með æðri menntun en skólinn veitir í rafmagnsfræði.

Hin munnlegu próf skulu haldin í heyranda hljóði, þó mega ekki aðrir prófsveinar en sá, sem verið er að prófa, vera inni í prófstofunni.

22. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi skólans, að ganga undir próf, skal hann senda um það skriflega beiðni til forstöðumanns skólans eigi síðar en tveim mánuðum áður en próf er haldið. Skulu beiðninni fylgja vottorð, er sanni, að hann uppfylli inntökuskilyrðin í þá prófdeild, sem um er að ræða, og einnig vottorð frá þeim, sem hafa undirbúið hann undir prófið, um, að hann hafi lært það, sem til prófsins er heimtað, og að hann sé fær um að ganga undir prófið.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um það, hvernig kennslunni og prófunum skuli hagað, svo og um verklegan lærdóm nemenda og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

24. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur próf, fær skírteini um það. Skírteinið skal gefið út á íslenzku og ensku og ritað eftir fyrirmynd, sem menntamálaráðuneytið semur. Á skírteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem prófsveinninn hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal

tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til þess að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skírteinin.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum prófsveina, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar á þeim stöðum, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

25. gr.

Glati einhver prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá það endurnýjað, en greiða skal hann fyrir það kr. 25.00.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1953, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 71 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, svo og önnur lög og lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér algerlega óbundna afstöðu til málsins.

Samgöngumálaráðuneytið skipaði árið 1949 nefnd til þess að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar varðandi réttindi vélstjóra samkv. lögum nr. 66/1946, svo og tillögur um fyrirkomulag á kennslu fyrir þá, sem ætla að gerast vélstjórar.

Í nefndina voru skipaðir: Páll Pálmason, M. E. Jessen, Þorsteinn Loftsson, Þorsteinn Árnason og Lúther Grímsson. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Páll Pálmason, M. E. Jessen og Þorsteinn Loftsson, hefur sent menntamálaráðuneytinu frumvarp það, er hér liggur fyrir, ásamt eftirfarandi greinargerð:

Hin núgildandi lög um kennslu í vélfræði eru nr. 71 23. júní 1936.

Síðan lög þessi voru samin, hefur því oft verið hreyft, að þeim þurfi að breyta. Hafa komið fram óskir um að sameina kennsluna í einn skóla, en hún er nú bæði hjá vélskólanum og hjá Fiskifélagi Íslands.

Til þess að unnt sé að sameina kennsluna í einum skóla, vélskólanum, er nauðsynlegt, að hann fái mjög aukið húsnæði og ýmsar vélar og áhöld. Er sennilegt, að til aukins húsnæðis og véla þurfi að verja um 2 millj. króna, ef sameining færi nú fram. Yrði ríkissjóður að leggja það fé fram. Einnig mun þurfa að fjölga kennurum vélskólans.

Um 1. gr.

Um greinina er lítið að segja. Hún segir aðeins til um það, hvar kennsla skuli fara fram, og er þar engin breyting frá því, sem nú er. Taldi meiri hluti nefndarinnar ekki ástæður til að breyta því, meðal annars vegna þess, að vélskólinn skortir húsnæði o. fl. Þessar stofnanir hafa báðar haft kennsluna á hendi síðan árið 1915 og því búið að skapa aðstöðu til kennslunnar á báðum þessum stöðum, með því fyrirkomulagi, sem nú er, enda fullkomlega hægt að samræma kennsluna án nokkurra breytinga í þessum efnum. Það er að sjálfsögðu kostnaðarminnst að halda því fyrirkomulagi, sem nú er á þessu.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar að mestu leyti. Þar er ekki önnur breyting frá því, sem nú er, en sú, að í stað þess, að í núgildandi lögum eru námskeiðin nefnd hið minna og hið meira námskeið, teljum við rétt að kalla þau I. stigs og II. stigs námskeið. Er það greinilegra vegna samræmingar á kennslunni.

Um 4. gr.

Um greinina er það að segja, að þar er breytt ákvæðum um lágmarksaldur nemenda úr 18 ára í 16 ára. Er það gert með hliðsjón af gildandi fræðslulöggjöf, sem gerir ráð fyrir, að unglingar hafi lokið unglingaskólaprófi 16 ára gamlir. Heppilegast er fyrir unglingana að byrja framhaldsnám strax að unglingaskólanámi loknu, því að ella myndu árin frá 16—18 ára verða þeim ónýt og oftast gleymskutími og framhaldsnámið þar af leiðandi sækjast miklu seinna.

Ekki er ætlazt til, að unglingum verði veitt réttindi til sjálfstæðs vélstjórnarstarfs fyrr en hann hefur aldur til, því að hin verklega þjálfun á að sjálfsögðu að fara fram að loknu undirbúningsnámi, en ekki á undan því, eins og nú á sér stað í ýmsum tilfellum.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Það skal þó tekið fram, að það er nýtt ákvæði að taka það fram á eftir hverju prófi, hve mikilli þekkingu það fullnægi í hlutfalli við hestaflafjölda véla og verksvið skipa, en rétt álítum við, að þetta sé gert. Um fjölda hestafla má að sjálfsögðu deila, og viljum við því taka það fram, að þær tölur eru aðeins settar til þess að sýna, hvaða vélfræðiþekkingu við teljum að prófsveinar hafi, er þeir hafa staðizt prófið. Eftir er þá að sjálfsögðu öll verkleg þjálfun, og hve löng hún á að vera, eftir að prófi er náð, svo og hve gamlir menn skuli vera að árum og í starfi, þegar þeir öðlast ákveðin réttindi til vélstjórnar, verður að sjálfsögðu að ákveða nánar í lögum um atvinnu við siglingar, þegar þau verða endursamin.

Um 6. og 7. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarf ekki skýringa, hún er að mestu óbreytt frá núgildandi lögum og ekki ástæða til að breyta henni.

Um 9., 10. og 11. gr.

Greinarnar þurfi ekki skýringa við.

Um 12. og 13. gr.

Í þessum greinum er þeim mönnum, sem áður hafa lokið minni prófi í vélfræði, gefinn kostur á framhaldsnámi og þar með að njóta sömu aðstöðu og réttar til að auka þekkingu sína í vélfræði og öðlast aukin réttindi eins og öðrum nemendum skólans. Þetta er bráðnauðsynlegt vegna nauðsynlegs viðhalds og fjölgunar vélstjóraséttarinnar, því að eins og nú standa sakir, er hún allt of fámenn og takmörkun nemenda á vélaverkstæðum yfirvofandi, en hún mundi valda því, að aðsókn að skólanum yrði svo lítil, að þeir, sem útskrifast, yrðu varla til viðhalds stéttarinnar. Þetta hefur áður komið fyrir, svo að próf féllu niður í 2 ár. Slíkt væri í alla staði ófært, þar sem starfsvið stéttarinnar er svo víðtækt, að það nær til skipa, orkuvera, verksmiðja, frystihúsa og fjölmargra annarra greina iðnaðarins.

Auk þess hefur það komið í ljós, að þegar nemendur, sem höfðu lögákveðið smíðanám og meira mótorvélstjórapróf frá Fiskifélaginu, hafa sótt vélskólann, hafa þeir getað lokið námi á einum vetri, en þeir, sem aðeins hafa lögákveðið smíðanám og iðnskólapróf, hafa alltaf þurft 2 vetur til að ljúka sama námi.

Þegar athuguð er kennsla nemenda á verkstæðum, kemur í ljós, að menntun þeirra er orðin einhæfari en áður var, svo að nauðsynlegt er, að vélstjóraefni séu látin ganga undir verklegt próf, áður en þeir öðlast réttindi til vélgæzlu, eins og gert er víða erlendis. Þar hefur komið í ljós, að nemendurnir gátu ekki staðizt slíkt próf vegna þess, hve kennslan á verkstæðunum hafði verið einhliða, og var því nauðsynlegt að láta þá sækja sérstakt námskeið við skólann, eða aðra stofnun, áður en þeir gengu undir prófið.

Til þess að mæta þessu hér, teljum við nauðsynlegt að setja á stofn verklegt námskeið við vélskólann. Er ætlazt til, að það sé eins vetrar nám, sem þeim er gert að skyldu að sækja, er ekki hafa stundað smíðanám á verkstæði, og þeir, sem smíðanám hafa stundað, eiga kost á að sækja, áður en þeir ganga undir hið verklega próf.

Um 14.—22. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar; þó skal tekið fram, að um síðustu málsgrein 16. greinar gilda sömu skýringar og sagt er um 5. grein, varðandi hestaflafjölda véla og réttindi vélstjóra.

Enn fremur viljum við taka það fram, að prófkröfur eru nokkuð auknar við öll prófin. Er það gert með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa á vélum, skipum og búnaði þeirra, síðan síðustu lög voru samin.

Um 23.—26. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Ed. 153. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Efnismálsliður 1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. nóv. 1952 skal greiðast mánaðarlega verðlagsuppbót samkvæmt framfærsluvísitölu á fyrrnefnd grunnlaun allra launþega í landinu.

Ed. 154. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og skylt er honum að birta þau, ef álagning fer 50% fram úr því, sem var á meðan fjárhagsráð eða viðskiptaráð ákváðu hámarksálagningu. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd birtingarinnar.

Nd. 155. Lög [19. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.)

Samhljóða þskj. 19.

Nd. **156. Lög** [6. mál]

um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.)

Samhljóða þskj. 6.

Nd. **157. Lög** [61. mál]

um manntal 16. okt. 1952.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.)

Samhljóða þskj. 61.

Sþ. **158. Tillaga til þingsályktunar** [114. mál]

um hafrannsóknaskip.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna og fiskileitar.

Greinargerð.

Það er augljóst mál, hver höfuðnauðsyn það er Íslendingum, svo mjög sem afkoma þeirra er tengd fiskveiðunum, að hér séu framkvæmdar rannsóknir á lifnaðarháttum nytjafiska, jafnframt því sem leitað er nýrra fiskimiða.

Hér við land hafa að vísu verið framkvæmdar slíkar rannsóknir annað veifið um nær hálfrar aldar skeið. Lengst af voru það útlendingar einir, sem að rannsóknum þessum stóðu, og fyrsta þátttaka íslenzkra vísindamanna í þessum rannsóknum var á vegum þeirra. Þá er Íslendingar hófust handa um þessar rannsóknir á eigin spýtur, voru þær framkvæmdar á veiðiskipum við allsendis ófullnægjandi aðstæður, og ávallt hefur vísindamönnum vorum verið svo þröngur stakkur skorinn að þessu leyti við rannsóknirnar, að mikið skortir á, að þeir hafi getað náð þeim árangri, sem vænta hefði mátt, ef betur hefði verið í haginn búið. Fyrir tveimur árum var byggt skip, er notað skyldi til fiskirannsókna, en hvort tveggja er, að skip þetta uppfyllir engan veginn þær kröfur, sem gera verður til skips, sem nota á í þessum tilgangi á höfum úti, og að skipi þessu hefur jafnframt verið ætlað að sinna tveim öðrum hlutverkum, landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Á síðustu árum hafa orðið mjög miklar breytingar á hugmyndum manna um þær kröfur, sem gera verður til rannsóknaskips, jafnframt því sem reynslan hefur leitt í ljós, hve raunhæfa þýðingu þessar rannsóknir geta haft fyrir fiskveiðarnar, þegar rannsóknirnar eru framkvæmdar á hæfilega stórum skipum, sem búin eru hinum nýjustu tækjum. Ýmsar hinna stærri fiskveiðaþjóða hafa undanfarið lagt á það hið mesta kapp að búa sem bezt að rannsóknarstarfseminni, meðal annars að því er skipakost snertir. Hefur nágrannaþjóð okkar, Norðmenn, verið sérstaklega athafnasöm í þessu efni. Fyrir þremur árum tóku þeir í notkun nýtt og mjög fullkomið rannsóknaskip, G. O. Sars, og hafa auk þess látið hefja

smíði á öðru skipi af svipaðri gerð og stærð. Telja þeir, að rannsóknir þær, sem framkvæmdar hafa verið á G. O. Sars, hafi haft slíka þýðingu fyrir sjávarútveg þeirra, og þá aðallega síldveiðarnar, að nema muni 5—6-földu byggingarandvirði skipsins.

Það er ljóst, svo sem fyrr getur, að skip það, sem ætlað var til rannsóknastarfsemi hér, er allsendis ófullnægjandi til þeirra hluta, og er mjög fjarri því, að það fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til slíks skips, meðal annars af því að skipið er allt of lítið. Ber því til þess brýna nauðsyn, að gerðar verði hið fyrsta ráðstafanir til þess, að úr þessu verði bætt.

Á síðasta fiskiþingi kom fram mikill og ríkur áhugi fyrir úrbótum á þessu sviði, og var samþykkt um það tillaga, að byggt yrði, svo fljótt sem tök væru á, fullkomið skip til fiski- og hafrannsókna. Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, sem hverjum manni betur fylgist með öllum framförum og nýjungum á sviði sjávarútvegsins og mætir þráfaldlega af hálfu Íslendinga á alþjóðaráðstefnum um þessi mál, telur það vera hina mestu nauðsyn Íslendingum, að svo sé í haginn búið fyrir vísindamenn vora, er að fiski- og hafrannsóknum starfa, að hér sé ávallt fyrir hendi hin fullkomnasta tækni á þessu sviði, því eins og málum nú er komið sé það lykillinn að hagnýtingu þess auðs, er í sjávardjúpinu felst. Þá er vísindamönnum vorum, sem bezt finna, hvar skórinn kreppir, það eðlilega mikið kappsmál, að betur sé í hendur þeim búið. Mundum við örugglega mega vænta þess, ef þeir væru að þessu leyti svo vel úr garði gerðir sem starfsbræður þeirra, er að rannsóknum vinna í Norðurhöfum, að þeir gætu þá unnið landi sínu eigi minna gagn en fallið hefur í skaut frænda vorra, Norðmanna, vegna þess, hve þeir hafa verið framtakssamir um þessa hluti.

Ed. 159. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um íslenzk vegabréf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. okt. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Guðmundur Í. Guðmundsson, frsm.
Steingrímur Aðalsteinsson, með fyrirvara. Páll Zóphóníasson.

Ed. 160. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við c-lið 1. gr. (20. gr.). 2. málsl. 1. málsgr. falli niður.
2. Við d-lið sömu gr. (21. gr.). Greinin falli niður.
3. Á eftir f-lið sömu gr. (23. gr.) komi nýr stafliður (24. gr.), svo hljóðandi:
   Nú er byggð kauptúna og þorpa þann veg háttað, að erfitt er um framkvæmd þessa kafla laganna, og er ráðherra þá, að fengnum meðmælum skipulagsstjóra ríkisins, heimilt að undanþiggja slíka staði ákvæðum kaflans.

Ed. 161. Breytingartillaga [12. mál]

við brtt. á þskj. 153 [Gengisskráning o. fl.].

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Á eftir orðinu „framfærsluvísitölu“ kemur: næsta mánaðar á undan.

Ed. 162. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laganna af síld, sem lögð var á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

Nd. 163. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Í stað 2. og 3. efnismálsgr. komi ein málsgr. svo hljóðandi:

Landsdrottinn skal innan þriggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Ella telst hann brotlegur við lögin og skal sæta sektum samkvæmt 54. gr. þeirra.

Nd. 164. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Á sama hátt skal og verðlagsuppbót breytast 1. sept. og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953.

2. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laganna af síld, sem lögð var á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 165. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og skal þá jafnframt birta til samanburðar nöfn þeirra, sem vitað er, að lægsta hafa álagningu á sams konar vöru eða þjónustu á sama tíma. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

Nd. 166. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðið „þýzku“ falli niður.
2. Í stað orðsins „hjúkrunarfræði“ komi: heilsufræði.
3. Í stað orðsins „leikfimi“ komi: íþróttir.

2. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar eftirtaldar breytingar:

A. Á II.
   1. Orðin „og staðarákvarðanir með radiomiðunum“ í 2. tölulið falli niður.
   2. 4. töluliður orðist þannig:
      Þekking á skriðmæli, vegmæli og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, straumi og drift; að setja stefnu skipsins og finna stað skipsins á kortinu.

B. Á III. Á eftir orðinu „Sjómennska“ komi innan sviga: munnleg, skrifleg og verkleg.

C. Á V. Í stað orðanna „er snertir sjómennsku“ komi: er varðar sjómennsku.

D. VII. liður orðist þannig:
   Sjóréttur (skriflegur):
   Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjóra.

E. Í stað orðsins „Hjúkrunarfræði“ í fyrirsögn VIII. liðs komi: Heilsufræði.

F. Nýr liður, sem verður XI., bætist við 5. gr., svo hljóðandi:
   Veðurfræði:
   Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

3. gr.

Á 6. gr. laganna eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. A-liður greinar kaflans um stærðfræði orðist svo:
   Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritmum. Reikningur með jákvæðum og neikvæðum stærðum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar jöfnur.

2. Kafli greinarinnar um siglingafræði orðist þannig:
   Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
   Hið sama og krafizt er til fiskimannaprófsins og auk þess:
   Kompásleiðréttingar.
   Þekking á stefnumagnsmælinum (Deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir.
   Djúpmælar.
   Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.
   Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum byggðum á athugunum sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu. Lengdarathugun. Fyllri þekking á himintunglum.
   Þekking á notkun helztu raf- og radiotækja, sem notuð er við siglingar.
   Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.
3. Á eftir orðinu „Eðlisfræði" í upphafi greinarkaflans um eðlisfræði falli niður orðið „munnleg" innan sviganna, en í þess stað komi orðið: skrifleg.
   Í 2. mgr. sama greinarkafla fellur niður orðið „afla", en í stað þess komi: krafta.
4. Í greinarkaflanum um sjómennsku falli niður orðið „meira" á undan orðinu „fiskimannaprófsins" í 1. mgr. greinarkaflans og enn fremur setningin „Notkun leiðalýsinga o. fl. þ. h." í 2. mgr. b-liðs greinarkaflans.
5. Í stað orðanna „er snertir sjóferðir" í greinarkaflanum um íslenzku komi: er að sjóferðum lýtur.
6. Í stað orðanna „er sjómennsku snertir" í greinarkaflanum um dönsku komi: er sjómennsku varðar.
7. Í stað orðanna „er sjómennsku tilheyrir" í greinarkaflanum um ensku komi: er að sjómennsku lýtur.
8. Greinarkaflinn „þýzka" o. s. frv., aftur að orðinu „Sjóréttur", falli niður.
9. Greinarkaflinn um sjórétt orðist þannig:
   Sjóréttur (skriflegur):
   Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar.
10. Greinarkaflinn um hjúkrunarfræði orðist þannig:
    Heilsufræði (munnleg):
    Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.
11. Í greinarkaflanum um bókhald og viðskiptafræði falli niður orðin „og munnleg".
12. Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum „Ráðherra er heimilt" falli niður.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins er krafizt:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti ¾ þeirrar einkunnar, sem hæst verður gefin.
   Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa réttindi sem skipstjórar á varðskipum ríkisins, þegar lög þessi öðlast gildi; enn fremur má veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla eindregið með því.
2. **Siglingafræði og stærðfræði:**
   a. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Mismunur á land- og sjókortum.
   b. Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetningar í vaxandi kort.
   c. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.

d. Nokkru fyllri þekking en til farmannaprófs á notkun og meðferð nýjustu siglingatækja.
e. Nokkru fyllri stærðfræðikunnátta en til farmannaprófs.

3. **Alþjóðamerki:**
Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga.
4. **Alþjóðaréttur og skýrslugerð:**
a. Helztu ákvæði laga og milliríkjasamninga um gæzlu landhelginnar og fiskveiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.
b. Kunnátta í ýmiss konar skýrslugerð.
5. **Enska.**
Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en krafizt er til farmannaprófs.
6. **Þýzka.**
Undirstöðuatriði þýzkrar tungu.
7. **Líkamsæfingar:**
Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

5. gr.

Í stað orðanna „Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði" í 8. gr. laganna komi: Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður, og greinatalan þar á eftir breytist því til samræmis.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa þau svo út þannig breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk samgöngumálaráðuneytisins, og hafa nefndarmenn fyrirvara um einstök atriði þess.

Frá ráðuneytinu fylgdu frv. eftirfarandi athugasemdir:

Um frumvarp þetta vísast til bréfs skólastjóra stýrimannaskólans, dags. 11. júlí 1952, sem prentað er sem fylgiskjal, þar sem mælzt er til, að umræddar breytingar verði gerðar á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 11. júlí 1952.

Hér með leyfi ég mér að senda ráðuneytinu meðfylgjandi tillögur um breytingar á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, svo og tillögur um breytingar á reglugerðum þeim, sem byggðar eru á þeim lögum, en það eru:

1. Reglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík (alm. reglug.),
2. Prófreglugerð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík og
3. Reglugerð um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

Sem ástæður fyrir nauðsyn þessara lagabreytinga nú skal ég m. a. leyfa mér að taka þetta fram:

Síðan árið 1936 hefur í lögunum um stýrimannaskólann verið gert ráð fyrir prófi við skólann, sem nefnist Skipstjórapróf á varðskipum ríkisins. Undir þetta próf hefur þó aldrei verið lesið til þessa við skólann, en nú eru horfur á, að halda

verði deild fyrir það við skólann á næsta vetri, þar eð umsóknir hafa borizt um það frá nokkrum af stýrimönnum varðskipanna.

Síðan lögin voru samin upphaflega, hefur skoðun mín og annarra, sem þessum málum eru kunnugir, breytzt nokkuð varðandi þær kröfur, sem gera beri til þeirra, sem prófinu ætla að ljúka. Við álítum því nauðsynlegt, að lögunum og prófreglugerðinni verði breytt í samræmi við það, helzt áður en kennsla verður hafin við skólann í haust.

Ýmsar aðrar af þeim breytingum, sem hér er farið fram á, standa í sambandi við eðlilega þróun siglingafræðikennslunnar á undanförnum árum. Nokkrar hafa þegar verið gerðar, en ekki verið felldar inn í meginmál laganna, og loks eru allmargar orðalagsbreytingar, þar sem textinn er færður til betra máls.

Leyfi ég mér að beiðast þess, að frumvarp um breytingarnar verði lagt fyrir næsta Alþingi, þegar er það kemur saman.

Fr. Ólafsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.

Nd. 167. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til 4 ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt vegna ítrekaðra tilmæla Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og miðar að því að veita þessum aðilum nokkra íhlutun í stjórn væntanlegs Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Sþ. 168. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um rannsókn á náttúruauði landsins.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Jón Gíslason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera sem gleggst yfirlit um þær athuganir, sem gerðar hafa verið á náttúruauði landsins, og að láta fram fara að nýju víðtæka rannsókn á þeim náttúruauði, sem ætla má, að mikilvægur sé fyrir efnahagsafkomu þjóðarinnar, að svo miklu leyti sem fyrri rannsóknir eru ófullnægjandi. Skal við það miðað að leiða í ljós, hvort vinnsla jarðefna sé hagkvæm, hver af náttúruauðæfum landsins geti orðið undirstaða nýrra iðngreina og hvar nýjar iðnaðarstöðvar verði bezt settar.

Greinargerð.

Tillaga þessi felur í sér ákvæði um það, að ríkisstjórnin láti gera glöggt yfirlit um athuganir þær, sem fram hafa farið á náttúruauði landsins, og láti enn fremur framkvæma nýjar rannsóknir á náttúruauðæfum, sem ætla má, að séu mikilvæg fyrir efnahagsafkomu þjóðarinnar, en hafa ekki verið rannsökuð til hlítar.

Mannfjöldi eykst hér á landi með ári hverju. Síðustu árin hefur árleg mannfjölgun numið tuttugu af hverju þúsundi landsmanna. Af því leiðir, að atvinnuvegir þjóðarinnar þurfa að eflast og verða æ fjölbreyttari til þess að veita sem flestum landsmönnum aðstöðu til hagnýtra starfa. Fjölþættu atvinnulífi fylgir og aukið öryggi um afkomu þjóðarinnar.

Ísland er auðugt af orku. Í fallvötnum landsins og jarðhita eru mikil verðmæti fólgin. Orkan er undirstaða iðnaðar. Og enn er ekki að fullu rannsakað, að hve miklu leyti eru hér á landi verðmæt efni í jörðu, sem hagkvæmt sé að vinna. Með aukinni tækni og þekkingu getur verið mögulegt að hagnýta náttúruauðæfi, sem hafa verið ónotuð til þessa.

Nú er verið að reisa þrjú stór fyrirtæki, er kosta mikið fé, þ. e. virkjanir við Sog og Laxá og áburðarverksmiðju. Vonir standa til, að þeim framkvæmdum verði lokið innan skamms. Enn fremur hefur verið ákveðið að reisa sementsverksmiðju á næstu árum, og hefur henni þegar verið valinn staður.

Ákveða verður, hvaða stórframkvæmdir skuli sitja í fyrirrúmi, eftir að þeim verkefnum lýkur, sem nú eru á döfinni. En úrskurð um það þarf að grundvalla á rannsóknum á því, hverju völ er á og með hvaða hætti verðmæti þau, sem fólgin eru í landinu, verði bezt hagnýtt.

Að undanförnu hafa verið gerðar nokkrar athuganir á náttúruauði landsins, en ekki er fyrir hendi heildaryfirlit um niðurstöðu þeirra rannsókna. Hér er lagt til að fela ríkisstjórninni að láta gera slíkt yfirlit og að hafizt verði handa um víðtækari rannsóknir en þegar hafa verið gerðar á náttúruauðæfum með það fyrir augum, að þær verði undirstaða nýrra framkvæmda í landinu til eflingar íslenzku atvinnulífi.

Auk verkefna í sambandi við vatnsafl og jarðhita má nefna sem dæmi: Nauðsyn ber til að gera sér fulla grein fyrir því, hve mikil verðmæti eru fólgin í brennisteinsnámum og kolalögum, sem fundizt hafa. Rannsóknum á framleiðslu innlendra fóðurefna, svo sem heymjöls, er skammt á veg komið. Það mun ekki vera að fullu rannsakað, hvort hér á landi eru skilyrði til efnavinnslu úr þaragróðri eða vinnslu salts og fleiri efna úr sjó, og enn fremur, hvort hægt er að framleiða fjölbreytta muni úr íslenzkum leir. Með þeirri efnavinnslu, er fram fer í áburðarverksmiðjunni, þegar hún tekur til starfa, munu skapast skilyrði til þess að koma á fót ýmiss konar efnaiðnaði.

Það er tímabært, að þessi mál verði tekin til rækilegrar athugunar að tilhlutun ríkisvaldsins. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Nd. **169. Frumvarp til laga** [118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum í kauptúnum er heimilt að ákveða með reglugerð, er ráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann á um áramót og aðrir þeir, er hann hefur á framfæri sínu.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana oddvita í hreppnum, en bæjarstjóra í kaupstað.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, að innheimtur skuli skattur af hundum í sveitarfélaginu, er renni í sveitarsjóð:

Skattur þessi má vera:

1. Af hverjum hundi búenda eða annarra, sem búfé eiga, kr. 25.00—100.00.
2. Af öðrum hundum kr. 100.00—200.00.

Samþykkt sveitarstjórnar um hundaskatt gildir þar til henni er breytt með nýrri samþykkt eða hún felld niður.

Hreppsnefnd skal tilkynna sýslumanni, þá er hún hefur gert samþykkt um innheimtu hundaskatts, en bæjarstjórn ber að tilkynna það bæjarfógeta.

4. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullamengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að kr. 500.00 sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

5. gr.

Skylt er að setja reglugerðir um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hvernig hún skuli framkvæmd og af hverjum, um meðferð á sullum úr sauðfé og um annað, er þurfa þykir til varnar sullaveiki.

Sýslunefndir setja reglugerðir hver fyrir sitt umdæmi, en bæjarstjórnir í kaupstöðum, að fengnum tillögum heilbrigðisyfirvalda á viðkomandi stöðum.

Reglugerðanna skal getið í B-deild Stjórnartíðindanna. Kostnaður við framkvæmd þessa greiðist úr sveitarsjóði.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp eftir beiðni félagsmálaráðuneytisins, sem hefur látið semja það. Nefndin áskilur sér rétt til að breyta frumvarpinu og hefur óbundnar hendur um breytingartillögur annarra.

Frá ráðuneytinu fylgdi svo hljóðandi rökstuðningur:

Núgildandi lög um hundaskatt og varnir gegn sullaveiki eru frá árinu 1890. Síðan þau voru sett, hafa miklar breytingar orðið á hundahaldi Íslendinga. Um aldamótin voru hundar margir og sullaveiki í fólki talsverð. Nú eru hundar mun færri og sullaveiki næsta sjaldgæf. Hundaskatturinn, sem um 1890 nam verulegum hluta af tekjum sýslu- og hreppssjóða, skiptir nú engu máli fyrir fjárhagsafkomu þeirra.

Í lögunum frá 1890 er svo ákveðið, að hver heimilisráðandi skuli á vorhreppaskilaþingi telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, en á hausthreppaskilum skuli telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið. Þessi ákvæði eru mjög úrelt, og hefur því orðið misbrestur á framtali hunda. Hundaskatturinn er og orðinn allt of lágur, miðað við núverandi verðgildi peninga.

Af þessum sökum hafa komið fram réttmætar ábendingar um, að breyta þyrfti lögunum um hundaskatt og fleira. Þykir rétt að verða við þeim tilmælum, og því er frumvarp þetta fram komið.

Í lögum nr. 8 frá 1924 eru ákvæði um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir í kauptúnum að takmarka eða banna hundahald í umdæmum sínum. Eðlilegast virðist, að þessi heimild sé í sömu lögum og hundaskatturinn, og því er það tekið hér með. Enda þótt ákvæðin um varnir gegn sullaveiki eigi vart rétt á sér í þessum lögum, þykir þó ekki ástæða til að fella þau niður, og eru þau því tekin hér óbreytt upp úr núgildandi lögum.

Ed. 170. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Niðurlag greinarinnar á eftir orðunum „á ári hverju“ orðist svo: og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um að fella varahluta til bifreiða niður af skrá um bátagjaldeyrisvörur.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fella niður varahluta til bifreiða af skrá um bátagjaldeyrisvörur, en veita í staðinn samtökum bifreiðarstjóra og bifreiðaeigenda innflutningsleyfi fyrir nauðsynlegu magni bifreiðavarahluta.

Greinargerð.

Hinn 7. marz 1951 auglýsti fjárhagsráð eftir beiðni ríkisstjórnarinnar skrá yfir ýmsa vöruflokka, sem eftir það væri ekki heimilt að flytja til landsins nema fyrir hinn svokallaða bátagjaldeyri. Þó ekki muni vera stoð í lögum fyrir þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, er það staðreynd, að hún hefur verið framkvæmd á grundvelli fyrrnefndrar auglýsingar og með þeim afleiðingum, að verðlag á þeim vörum, sem undir þetta heyra, er orðið óheyrilega hátt.

Einn þeirra vöruflokka, sem með þessum hætti var bannað að flytja til landsins nema fyrir bátagjaldeyri, er varahlutar til bifreiða, enda er nú verðlag á þeim orðið svo hátt, að mjög torvelt er fyrir bifreiðaeigendur að halda bifreiðum sínum í því lagi, sem nauðsynlegt er og m. a. er krafizt lögum samkvæmt til öryggis í umferðinni. Gildir þetta að sjálfsögðu einkum um gamlar bifreiðar, en af þeim er orðið mjög mikið í umferð, eins og kunnugt er.

Til stuðnings þessari staðhæfingu læt ég fylgja þessari greinargerð tvö fylgiskjöl. Hið fyrra er erindi, sem vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík hefur sent Alþingi. Segir þar m. a., að afleiðingar af þessum verzlunarháttum séu orðnar þær, að „allur fjöldinn (af félagsmönnum Þróttar) sér nú engin ráð til að framkvæma nauðsynlegasta viðhald á bifreiðum sínum".

Síðara fylgiskjalið er samanburður á verðlagi ýmiss konar bifreiðavarahluta frá því fyrir gengisfellinguna og fram til febrúarmánaðar 1952, samkvæmt verðskrá, sem bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hefur fengið hjá h/f Ræsi, Reykjavík, á hinum tilgreindu tímum. Sá samanburður sýnir, að tilgreint magn af varahlutum til bifreiða, sem í maí 1949 — þ. e. síðasta árið fyrir gengisfellinguna — kostaði kr. 10986.20, kostaði í maí 1950, eftir að gengisfallið var farið að verka, kr. 21095.40, og í maí 1951, þegar áhrif bátagjaldeyrisins eru byrjuð, kr. 33170.40, en í febrúar 1952, þegar áhrif hvors tveggja eru komin fram að fullu, kr. 44180.03.

Í stuttu máli: Þetta tilgreinda magn bifreiðavarahluta hækkar í verði frá því í maí 1949 úr kr. 10986.20 upp í kr. 44180.03 í febr. 1952. Hækkunin nemur kr. 33193.83 — eða rúmlega 302%.

Þó að verðlagið í landinu sé yfirleitt mjög hátt, vænti ég þess, að ekki finnist önnur dæmi um það, að heill flokkur óhjákvæmilegs nauðsynjavarnings sé notaður til slíkrar fjárplógsstarfsemi sem í þessu efni er gert gagnvart bifreiðaeigendum, og ætti þingsályktunartillagan þá ekki að vera að ófyrirsynju flutt.

Fylgiskjal I.

VÖRUBÍLSTJÓRAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR

Eftirfarandi áskorun var einróma samþykkt á fjölmennum fundi í Vörubílstjórafélaginu „Þróttur" sunnudaginn 19. október 1952:

Fundurinn skorar á Alþingi það, er nú situr, að gefa frjálsan innflutning á varahlutum í vöruflutningabifreiðar.

Greinargerð.

Eins og nú er háttað, eru bifreiðavarahlutar meðal þeirra vara, sem fluttar eru til landsins fyrir bátagjaldeyri. Þetta hefur í för með sér svo geysilega verkhækkun, að atvinnubílstjórar, sem selja bifreiðar sínar á leigu, geta engan veginn undir henni risið. Afleiðingarnar eru nú þegar að koma í ljós hjá okkar félagsmeðlimum, þar sem allur fjöldinn sér nú engin ráð til að framkvæma nauðsynlegasta viðhald á bifreiðum sínum.

Það er ekki annað sjáanlegt, ef ekkert verður gert til að ráða bót á þessu, en að bifreiðar okkar haldi áfram að grotna niður, þar til þær eru algerlega ónothæfar, og þeir menn, sem hafa valið sér vöruakstur að atvinnugrein, gangi frá þessu starfi slyppir og snauðir.

Þar sem við hins vegar treystum því, að sá sé ekki tilgangur ríkisstjórnar né Alþingis með fyrrnefndum ráðstöfunum, þá væntum við þess, að Alþingi sjái sér fært að taka áskorun vora um frjálsan innflutning á varahlutum til greina.

Stjórnin.

Fylgiskjal II.

Skrá um verð á varahlutum til bifreiða, sem bifreiðastjórafélagið Hreyfill hefur fengið hjá h/f Ræsi, Reykjavík, í maí 1949, maí 1950, maí 1951 og febrúar 1952.

	Maí 1949	Maí 1950	Maí 1951	Febr. 1952
	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.
Spindilboltar og fóðringar, 1 sett	32.00	57.00	90.60	148.30
Stýrisendar, 4 stk.	66.20	140.40	223.24	364.80
Framgormar, 2 stk.	82.40	188.30	299.40	432.00
Slitboltar og fóðringar, 1 sett	52.60	101.40	161.23	665.25
Pakkdósir	43.00	95.65	152.08	219.85
Bremsugúmmí	35.85	51.15	81.33	109.45
Ljósakúlur og perur	25.00	34.20	54.38	93.10
Stuðdemparar, 4 stk.	320.00	561.80	893.26	1359.35
Hurðarskrár, 4 stk.	85.00	178.10	283.18	443.50
Handbremsubarki	24.50	51.15	49.53	98.90
Skiptibarki	20.00	51.15	81.33	103.65
Fjaðragúmmí, 3 sett	24.00	45.00	71.55	103.65
Afturöxull	41.10	107.15	170.37	269.25
Fjaðraklossar og hengsli	45.00	104.80	166.63	269.75
Rafgeymir	160.00	431.35	431.35	432.80
Háspennukefli	38.25	61.85	98.34	158.40
Vatnslás	12.70	23.60	37.52	63.35
Rafkerti, 2 sett	42.00	46.80	74.40	144.00
Kúplingsdiskur	75.00	144.20	229.28	315.35
Olíuhreinsari	35.00	69.30	110.19	85.90
Viftureim	16.70	21.70	34.50	73.40
Benzíndæla	48.55	69.30	110.19	244.80
Kveikjuhlutir	47.65	61.45	97.71	141.60
Stimpilhringir, 1 sett	68.20	116.40	183.08	265.60
Stimpilstangalegur, 1 sett	48.90	97.80	155.50	224.65
Mótorpakningar, 1 sett	30.75	64.00	101.76	149.75
Sveifaráspakkdós	4.85	14.80	23.53	27.35
Olíusikti	8.50	13.60	21.62	43.65
Snjókeðjur	68.00	143.00	143.00	258.00
Gormskálar og öxlar	151.50	302.50	480.98	789.16
Spindilarmar, 2 stk.	84.50	174.50	277.64	474.25
Efri-armar, 2 stk.	85.00	179.80	285.88	403.20
Stýrisarmur, sector og fóðring	98.00	183.50	291.77	610.55
Útblástursrör og hljóðdeyfir	95.00	291.30	463.17	557.75
Hjöruliðir, 2 sett	163.60	232.10	369.04	440.90
Fjaðraboltar og fóðringar, 2 sett	25.10	57.80	91.90	127.60
Afturfjaðrir, 2 stk.	160.00	528.40	840.16	1111.70
Gearkassahlutir	435.00	914.15	1453.50	2440.80
Handbremsuskál og borði	41.10	107.15	170.37	188.65
Stimplar með boltum, 6 stk.	217.80	389.70	619.62	1019.50
Stimpilstangafóðringar, 6 stk.	4.50	11.90	18.92	28.85
Sveifarásslegur, 1 sett	55.15	87.65	139.36	264.55
Kastásslegur, 1 sett	22.75	33.90	53.90	96.00

	Maí 1949 Kr.	Maí 1950 Kr.	Maí 1951 Kr.	Febr. 1952 Kr.
Ventlar, 1 sett	80.40	150.90	239.93	355.20
Ventilgormar, 1 sett	24.00	46.80	74.41	172.80
Ventilstýringar, 1 sett	13.80	67.20	106.70	138.25
Kambgearshjól, 2 stk.	24.00	51.75	82.28	158.40
Kambgearskeðja	41.15	85.05	135.23	188.65
Sveifarás	250.75	592.25	941.68	2115.35
Mótorfestingagúmmí, 1 sett	27.55	36.65	58.27	113.45
Stimpilstengur, 1 sett	171.00	299.30	475.89	900.50
Undirlyftur, 12 stk.	72.00	97.80	155.50	468.00
Sveifarásstrissa	61.20	87.90	139.90	139.90
Startkrans	15.10	25.20	40.07	40.07
Dínamóhlutir	113.00	184.20	292.86	292.86
Startarahlutir	81.40	151.55	240.96	240.96
Vatnspumpuhlutir	35.00	74.35	118.22	145.45
Olíudæla	29.00	92.90	147.71	276.00
Blöndungur	95.00	186.10	295.90	295.90
Kertaleiðslur	10.00	16.80	26.71	26.71
Vatnshosur og klemmur	12.00	22.00	36.25	36.25
Straumloka	61.20	146.25	232.54	232.54
Hurðarhúnar, ytri, 2 stk.	27.00	76.40	121.48	168.95
Hurðarhúnar, innri, 2 stk.	19.00	21.80	34.66	94.10
Upphalarasveifar, 2 stk.	16.00	21.80	34.66	94.10
Upphalarar, 2 stk.	32.30	43.70	69.48	171.85
Rúðusleðar, 2 stk.	23.00	42.00	66.78	81.60
Felga	55.00	106.75	169.73	264.95
Hurðarlás	35.00	45.90	72.98	103.20
Hjólkoppar, 2 stk.	27.00	56.30	89.52	158.40
Vatnskassi	350.00	695.00	1105.05	2040.95
Vatnskassahlíf	250.00	673.60	1071.02	1071.02
Þéttigúmmí á hurðir	35.00	72.00	114.48	184.20
Flauta	65.00	126.00	200.34	256.80
Rúðuþurrka	55.00	121.00	192.39	192.39
Frambretti, 2 stk.	391.00	883.10	1404.13	1425.60
Afturbretti, 2 stk.	271.00	520.00	826.80	988.80
Drifhlutir	294.70	581.65	924.82	924.82
Bremsuskálar, 4 stk.	160.00	352.00	559.68	777.60
Kistulok	184.95	546.00	868.14	901.90
Framstuðari	175.00	368.80	586.39	1075.20
Olíumælir	8.15	27.70	44.04	54.70
Hraðamælir	107.65	299.85	476.76	483.85
Ampermælir	14.25	27.70	44.04	48.00
Hitamælir	42.85	65.65	104.38	105.60
Ljósaleiðslur, 1 sett	67.50	131.00	208.29	208.29
Hurðarlamir, 4 sett	73.60	136.80	217.51	217.51
Framhurðarklæðning, ytri, 1 sett	400.00	572.80	910.75	910.75
Afturhurðarklæðning, ytri, 1 sett	350.00	424.40	674.80	674.80
Mótor	3000.00	5000.00	7950.00	8300.00
Alls kr.	10986.20	21095.40	33170.40	44180.03
Hækkun að krónutölu:		10109.20	12075.00	11009.63
Hækkun að hundraðshluta:		92%	57%	33%

Hækkun frá maí 1949 til febrúar 1952: kr. 33193.83 eða 302%.

Nd. 172. Lög [12. mál]

um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 3. nóv.)

Samhljóða þskj. 164.

Nd. 173. Frumvarp til laga [120. mál]

um vinnu unglinga og námsmanna.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Hver sá unglingur, sem orðinn er 16 ára og óskar eftir að stunda nám í framhaldsskólum, en foreldrar hans hafa ekki efni á að kosta hann til skólagöngu, á rétt á því, að þjóðfélagið gefi honum kost á að fá að vinna fyrir sér að sumrinu, til að stunda nám að vetrinum.

2. gr.

Unglingur, sem þarf þessarar aðstoðar þjóðfélagsins, skal hljóta fyrirgreiðslu fjárhagsráðs til þess, enda tilkynni hann ráðinu þessa þörf sína, þegar hann útskrifast, og hvaða vinnu hann (eða hún) sé bezt fær um að vinna.

Skal fjárhagsráð þá tryggja honum sumaratvinnu. Skal sú vinna greidd samkvæmt samningum verkalýðsfélaga eða taxta þeim, er vinnan heyrir undir.

Nú telur fjárhagsráð, að ekki sé hægt að útvega öllu því námsfólki vinnu, sem til þess sækir, án þess að ganga á rétt annars verkafólks, og er því þá heimilt að stofna til sérstakra atvinnuframkvæmda í því skyni, að allir námsmenn geti fengið sumaratvinnu.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal aðstoða þau bæjar- og sveitarfélög, sem koma upp vinnu fyrir unglinga allt að 16 ára aldri, með því að leggja fram til þeirra jafnmikið framlag og viðkomandi bæjar- og sveitafélög gera sjálf.

Ríkisstjórninni heimilast að verja allt að 2 milljónum króna í þessu skyni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vaxandi fátækt almennings veldur því, að margir efnilegir unglingar af alþýðustétt verða sakir efnaskorts foreldranna að hætta við nám, sem þá langar til að stunda, einkum þó þegar það bætist ofan á, að þeir geta ekki sjálfir fengið atvinnu að sumrinu til þess að vinna að miklu leyti fyrir námskostnaði sínum að vetrinum.

Það er skylda þjóðfélagsins að gera hvort tveggja í senn, að sjá þessum unglingum fyrir vinnu og aðstoða þá þar með til þess að afla sér meiri þekkingar og menntunar.

Samkvæmt núgildandi lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, nr. 70 5. júní 1947, er nefnd þeirri, er í umboði ríkisstjórnar hefur yfirstjórn íslenzks atvinnulífs, fjárhagsráði, fyrirskipað að miða störf sín við það, að „öllum verkfærum mönnum sé tryggð næg og örugg atvinna“ (2. gr., 1. liður).

Liggur því raunverulega sú lagaskylda á herðum ríkisstjórnar og fjárhagsráðs hennar að sjá um, að allir hafi fulla atvinnu. Hins vegar hefur reynslan orðið sú, að atvinnuleysi hefur vaxið ár frá ári. Hefur það sorfið að mörgum alþýðufjölskyldum í sumar og mun því miður ekki síður verða tilfinnanlegt í vetur. Verkalýðssamtökin berjast nú gegn þessu atvinnuleysi, sem ríkisstjórnin hefur leitt yfir almenning, og með tillögum þeim, sem Sósialistaflokkurinn flytur um að tryggja aukna atvinnu í landinu og með frv. um atvinnuleysistryggingar er miðað að því að bæta nokkuð úr þessu böli. Þetta frv. á hins vegar að tryggja efnilegum unglingum af alþýðustétt, að þeir verði aðnjótandi þess frumstæða réttar að fá að vinna fyrir sér til að afla sér menntunar. Virðist ekki mikils krafizt, en þó er það svo, að tugum saman hafa efnilegir unglingar orðið að hætta námi, af því að þeir hafa ekki fengið að vinna fyrir sér að sumrinu. Er það vissulega í senn harðbrjósta og óskynsamleg meðferð af hálfu valdhafa þjóðfélagsins á þeim borgurum þjóðarinnar, sem eru að byrja starfsferil sinn. Er þetta því verra sem vitanlegt er, að þjóðin býr yfir nægum atvinnutækjum og auðlindum til að tryggja öllum vinnu, en það eru aðeins valdhafarnir og þeir einir, sem banna þjóðinni með einokunarvaldi sínu að nota sér tæki sín og auðlindir, til þess að allir hafi næga vinnu og örugga afkomu. Siðferðisleg skylda þjóðfélagsins til þess að verða við þeim kröfum, sem gerðar eru til þess í þessu frv., er því ótvíræð.

Með 3. gr. er ætlazt til, að ríkið styðji að nokkru þau bæjar- og sveitarfélög, sem hefjast handa um vinnu fyrir unglinga innan 16 ára.

Nd. 174. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

A-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðast svo:

Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er orðast svo:

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 175. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Helgi Jónasson.

1. gr.

Fyrsti málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi, þriðja á Austurlandi og hið fjórða á Suðurlandsundirlendinu, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina breytingin, sem lagt er til í frv. þessu að gerð verði á gildandi lögum um þetta efni, er sú, að bætt verði við einu sjúkrahúsi á Suðurlandsundirlendinu við þau þrjú, sem um getur í 1. gr., laganna. Ekki held ég, að hægt verði að telja það ósanngjarnt, þótt fjórðungssjúkrahús verði reist á Suðurlandsundirlendinu; það nær yfir 3 sýslur, V.-Skaftafellssýslu með 1437 íbúa, Rangárvallasýslu með 2994 íbúa og Árnessýslu með 5848 manns, eða samtals 10 þúsund 279 manns samkvæmt manntali 1951. Fólki hefur fjölgað hin 2 síðustu ár í þessum héruðum, og allar líkur benda til þess, að fjölgun verði þar enn meiri á komandi árum.

Í þessu stóra og þéttbýla héraði er ekkert sjúkrahús, og hefur svo verið um skeið. Fyrir nokkru voru rekin sjúkraskýli bæði í Vík í nokkur ár og á Stórólfshvoli um alllangt skeið, allt til ársins 1942. En nú eru þau ekki lengur við líði, enda voru þau og mjög ófullkomin, miðað við þær kröfur, sem nú verður að gera til sjúkrahúsa, þótt þau á sínum tíma væru til mikilla bóta fyrir þau héruð, er nutu þeirra. Nú verður að senda alla sjúklinga, er þarfnast sjúkrahúsvistar, til Reykjavíkur og getur oft, sérstaklega á vetrum, verið miklum erfiðleikum bundið að komast þá leið með veikt fólk og oft illkleift að fá húsaskjól í yfirfylltum sjúkrahúsum höfuðborgarinnar. Það er því að vonum orðið mikið áhugamál fjölda manna í þessum héruðum, að ráðin verði bót á þessu og að á næstunni verði reist sjúkrahús austanfjalls við hæfi þessara héraða.

Nd. 176. Frumvarp til laga [122. mál]

um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka 50 milljón króna lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Til þess að gera tillögur um ráðstöfun þess fjár, er um ræðir í 1. gr., kýs Alþingi 5 manna nefnd. Skal hún gera tillögur til avinnumálaráðherra um lánveitingar af fé þessu, en ráðherra ákveður síðan um lánveitingar.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að lána bæjar- og sveitarfélögum fé það, sem um ræðir í 1. gr., til 20 ára með 4% ársvöxtum, enda samþykki nefnd sú, sem um getur í 2. gr., ráðstöfun fjárins og tryggingar þær, sem settar eru fyrir lánunum.

4. gr.

Lánum þessum skal fyrst og fremst varið til framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, til aukinna atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar, svo sem byggingar eða endurbóta á frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, bættrar aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa og annarra framkvæmda, sem miða að bættri aðstöðu við hagnýtingu sjávarafurða.

5. gr.

Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnum að endurlána einstaklingum eða félögum lán þessi, enda sé þá jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnuaukningar á staðnum.

6. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnuleysið fer sífellt vaxandi. Hvergi er það þó almennara og sárara en í þorpum og smærri kaupstöðum úti á landi. Þar er atvinnuástandið víða hið hörmulegasta og fyrirsjáanleg vandræði, ef ekki koma einhverjar úrbætur hins opinbera.

Sú nauðvörn, sem ýmsir fjölskyldufeður úti á landi hafa þurft að grípa til, að taka sig upp frá heimilum sínum og ráða sig til vinnu á Keflavíkurflugvelli, getur auðvitað ekki orðið til frambúðar, enda lítil hjálp fyrir flesta, þegar allt kemur til alls.

Það er fyrirsjáanlegt, að ríkisvaldið verður að koma þeim byggðarlögum til hjálpar, sem atvinnuleysið herjar nú. Atvinnuskilyrði þeirra staða verður að athuga, og þeim verður síðan að hjálpa til sjálfsbjargar.

Í flestum sjávarkauptúnum landsins er það sjávarútvegurinn og ýmis störf í sambandi við hann, sem leggja verður aðaláherzluna á. Útgerðarstaðir, sem vanta fiskibáta, hafa ónóg fiskvinnsluhús eða lélega hafnaraðstöðu, geta ekki lengur fylgzt með, og þar hlýtur atvinnuleysið óhjákvæmilega að vera landlægt. En þannig háttar einmitt víða í fiskiþorpum landsins. Til þess að þar geti hafizt að nýju þróttmikill atvinnurekstur, þarf að afla þangað fiskibáta, gera nauðsynlegar umbætur á hafnarmannvirkjum, einkum fyrir stærri fiskiskip, og reisa þar fiskvinnslustöðvar. En til þess að slíkt sé hægt, þarf mikið fjármagn, sem nú er ófáanlegt hjá lánsstofnunum.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ríkissjóður taki 50 milljón króna lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum, fyrst og fremst til þess að koma upp mest aðkallandi framkvæmdum til framtíðarúrbóta í atvinnumálunum. Gert er ráð fyrir, að hver bæjar- að sveitarstjórn geri sjálf tillögur um, hvað hún telur heppilegast að ráðast í. Framkvæmdir yrðu mjög mismunandi á hverjum stað, en fyrst og fremst eru þær hugsaðar til eflingar sjávarútvegi og iðnaði í sambandi við hann.

Margt bendir til, að hinn mikli og ágæti togarafloti landsmanna verði stöðugt meir og meir rekinn fyrir innlendar fiskverkunarstöðvar. Það rekstrarform, að togararnir sigli með afla sinn nýjan á erlendan markað, hefur farið stórlega minnkandi síðustu árin. Slíkur rekstur er í eðli sínu óheppilegur, þar sem mikill gjaldeyrir tapast þjóðinni við sölu á óunnum fiskaflanum, borið saman við vinnsluna

innanlands. Hið nýja rekstrarform togaranna, að leggja aflann upp nýjan hér heima til vinnslu í frystihúsum eða öðrum verkunarstöðvum, útheimtir margar hafnir víðs vegar um landið, vel útbúnar, til þess að taka við hinum stóru fiskförmum togaranna.

Vegna legu beztu fiskimiða togaraflotans væru hafnirnar á Vestfjörðum sérstaklega heppilegar til þess að taka við nýjum fiski frá togurum. Oft veiða togarar líka mikinn fiskafla úti fyrir Austurlandi og Norðurlandi. Þá væru hafnirnar í þeim landshlutum beztar. En flestar hafnir í þessum landshlutum eru nú ekki nægilega vel útbúnar til þess að geta tekið við afla togara til vinnslu, svo að vel sé. Fisklöndun togaranna krefst góðra og mikilla löndunartækja. Á löndunarstað þarf að vera hægt að fá olíu og ís í næstu veiðiför. Húsrými fyrir aflann verður að vera mikið í landi og afköst fiskvinnsluhúsanna mikil.

Augljóst er, að margir útgerðarstaðir mundu nú, ef þeir ættu þess kost fjárhagslega, gera hjá sér nauðsynlegar umbætur til þess að geta tryggt sér togarafisk til vinnslu.

Frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi gera mörgum stöðum kleift að ráðast í þær framkvæmdir, sem aðkallandi eru í þessu efni. Frumvarp þetta miðar að því að gera bæjar- og sveitarfélögum mögulegt að koma atvinnumálum sínum þannig fyrir, að atvinnuleysinu verði bægt í burtu. Það mundi, jafnhliða því að bægja atvinnuleysinu frá, skapa grundvöll að aukinni framleiðslu og aukinni gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Stækkun frystihúsa í útgerðarbæjum, bygging harðfiskverkunarstöðva, ný fiskþurrkunarhús og góð afgreiðsluskilyrði fyrir stór fiskiskip, slíkar framkvæmdir eru ekki aðeins málefni útgerðarbæjanna einna, þær eru líka málefni togaranna, sem verða að fá þessa aðstöðu með vaxandi innanlandslöndun. Slíkar framkvæmdir eru málefni þjóðarheildarinnar, því að þær eru stoðir undir framtíðarhag þjóðarinnar allrar.

Sþ. 177. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um lækkun farmgjalda olíuskipsins Þyrils.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Skipaútgerð ríkisins að lækka nú þegar farmgjöld á olíu, sem flutt er til innlendra aðila með olíuskipinu Þyrli. Lækkunin sé miðuð við, að rekstur skipsins sé sem næst hallalaus. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að hlutast til um, að lækkun farmgjaldanna komi olíunotendum til góða í lækkuðu olíuverði.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að olíuverð er allmiklu hærra úti á landi en í Reykjavík og nágrenni hennar. Þessi verðmunur hvílir sem mjög þungur skattur á ýmsum atvinnurekstri úti á landi, og má jafnvel í sumum tilfellum benda á, að atvinnurekstur þar hefur lagzt niður af þessum sökum. Hið háa olíuverð kemur ekki síður við almenning, sem hita verður upp hús sín með olíu og kaupa allt sitt rafmagn eftir verðlagi á olíum. En þannig er þetta víða úti á landi.

Hvergi verður þessi verðmunur á olíunni þó eins áberandi og hjá togurunum, sem veiðar stunda fyrir staði úti á landi. Verðmunurinn á olíutegund þeirri, sem togararnir nota, er meiri en verðmunurinn í annarri olíu. Í Reykjavík kostar togaraolía nú 455 kr. tonnið. Togaraolían á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum kostar víðast hvar 580—600 krónur tonnið. Nýsköpunartogari, sem veiðir fyrir

frystihús á Austfjörðum eða Norðurlandi mundi nota um 200 tonn af brennsluolíu á mánuði. Verðmunurinn á þessu magni er 26—28 þús. kr. Stundi skipið veiðar allt árið og taki olíu úti á landi, mundi verðmismunurinn nema yfir 300 þús. kr. Slíkur verðmismunur gerir það alveg ókleift að reka skipin sem heima eiga úti á landi frá heimahöfnum sínum. Þessi mikli verðmunur á olíunni knýr þau til þess að leita til Reykjavíkur og stunda veiðarnar fremur þaðan.

Ríkið á olíuflutningaskipið Þyril. Skipaútgerð ríkisins annast rekstur skipsins. Samkvæmt reikningum þess er gróði á rekstri skipsins nokkuð á aðra milljón króna árlega. S. l. ár græddi skipið samkvæmt reikningi kr. 1110283.34. Ríkið rekur fleiri skip, sem annast vöruflutninga út á land. Á þeim skipum öllum er stórtap. En á olíuflutningunum þykir sæmilegt að taka þennan mikla gróða á hverju ári. Fólkið úti á landi, sem nú greiðir tvöfalt og stundum þrefalt verð fyrir raforkuna, sem framleidd er í mótorstöðvum, borið saman við rafmagnsverðið í Reykjavík, getur ekki unað við það, að ríkið græði stórfé árlega á flutningi olíunnar út á land. Fólkið úti á landi, sem lagt hefur mikið á sig til þess að koma upp frystihúsum og eignast togara og fiskibáta, getur ekki unað við það, að rekstrarafkoma þessara fyrirtækja sé gerð nær ómöguleg með allt of háu olíuverði úti á landi. Með lækkun á farmgjöldum Þyrils á olíu mætti strax lækka olíuverðið allmikið. Sú lækkun á að koma strax. Sama verð á olíu um allt land hlýtur að koma áður en langt líður, en nú þegar er hægt að leiðrétta það ranglæti, sem felst í allt of háum farmgjöldum Þyrils til hafnanna úti á landi.

Nd. 178. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45/1950.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Helmingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið 11. gr. laganna komi: 7/10 rekstrarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar skurðgröfurnar fluttust hingað til landsins og tóku til starfa, kom skriður í framræsluna. Þessi tæki eru afkastamikil, eins og kunnugt er, þar sem landið er auðvelt til vinnslu. Hins vegar torveldar það mikið framræsluna, ef jarðvegur er mjög grýttur, eins og er því miður víða, og verður sú framræsla dýr, þótt með stórvirkum tækjum sé.

Allir vita, að langþýðingarmesta atriðið við túnrækt á votri jörð er að þurrka landið sem allra bezt. Þar sem jörð er mjög votlend og hallalítil, þarf skurðakerfið um landið að vera mikið og þétt. Slík framræsla hlýtur jafnan að verða dýr, en eigi að síður óhjákvæmileg, svo framarlega sem túnrækt á að verða möguleg á slíku landi. Nú er mjög víða um landið enginn möguleiki á að stækka túnin eða auka túnræktina, nema landþurrkun fari fyrst fram. Verulega aukin túnrækt byggist fyrst og fremst á því. Sé það ekki gert, verður lítið um aukna túnrækt að ræða. Það er þó áreiðanlega langþýðingarmesta umbótin í búskap landsmanna að auka túnræktina verulega frá því, sem enn er orðið.

Reynsla tveggja síðustu ára, sem verið hafa allhörð og erfið landbúnaðinum, sýnir ótvírætt, að vel ræktuð tún og vel hirt gefa allmikið gras hvernig sem viðrar, þó að það sé nokkuð háð veðráttunni, hvað tímanlega þau eru sprottin.

Ef túnræktin hefði ekki verið komin lengra áleiðis en var fyrir 12—15 árum, svo að ekki sé vitnað lengra aftur í tímann, mundi afkoma bænda hafa orðið afar ill tvö síðustu árin, og er ekki gott að gera sér grein fyrir, hvernig fram úr því hefði verið ráðið.

Þessi reynsla ætti að vera mönnum hvöt til að auka túnræktina svo sem frekast er unnt. Ríkissjóður styrkir framræsluna til helminga. Við leggjum til, að ríkið styrki skurðgröftinn að 7/10 hlutum (70% kostnaðar). Jöfnun ruðnings styrkir ríkið ekki að neinu leyti. Sá kostnaður er þó víða allmikill. Dæmi eru til um það, að styrkur sá, er ríkið greiðir á skurðagerðina, hefur nærri að ¾ farið í kostnað við að jafna ruðningnum við skurðina. Verður þá skurðagerðin bændum dýr, og mun mörgum þeirra reynast ókleift að halda slíkum verkum áfram, og er slíkt illa farið og hættulegt.

Á það ber líka að líta, að sá, er framkvæmir þessi verk, nýtur þeirra oft og einatt stutta stund, þótt hann leggi mikið fé og fyrirhöfn í slíkar umbætur. Aðrir njóta þessara verka miklu meira. Þetta er fyrir langa framtíð gert og er til gagns komandi kynslóðum. Með þessu er verið að gera landið betra og byggilegra og veita þjóðinni aukið öryggi í framtíðinni. Öllu, sem miðar að slíku, á að greiða fyrir, eftir því sem frekast eru tök til. Í ýmsum greinum þjóðlífsins virðast horfurnar nú iskyggilegar. Er þá ekki hyggilegt að greiða fyrir þeim umbótum, sem auka bjargræði þjóðarinnar í framtíðinni og öryggi?

Sþ. 179. Fyrirspurnir. [125. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um gæðamat iðnaðarvara.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að koma á gæðamati iðnaðarvara?

II. Til ríkisstjórnarinnar um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum, sem samþykkt var á síðasta þingi?

III. Til ríkisstjórnarinnar um kostnað við fjárhagsráð.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hvað margir menn unnu hjá fjárhagsráði, og hve miklu námu launagreiðslur þeirra:
   a. árið 1950,
   b. árið 1951?
2. Hvað margir menn unnu við verðgæzlu og verðlagseftirlit, og hve miklu námu greiðslur til þeirra:
   a. árið 1950,
   b. árið 1951?
3. Hversu mörgum mönnum var sagt upp starfi vegna afnáms verðlagseftirlits, og hve miklu nemur sparnaður af þeim sökum?

Nd. 180. Frumvarp til laga [126. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jónas Rafnar, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta Iðnaðarbanka Íslands h/f með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Í októbermánuði síðastliðnum var bankinn formlega stofnaður. Hlutverk hans er að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

Íslenzkur iðnaður er nú orðinn einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Hann þarf mikið starfsfé, bæði til stofnlána og rekstrarlána. Iðnaðarbankinn á að gegna fyrir iðnaðinn svipuðu hlutverki og Búnaðarbankinn fyrir landbúnaðinn. Á undanförnum árum hefur Alþingi gert margvíslegar ráðstafanir til þess að auka starfsfé Búnaðarbankans. Fyrir þessu þingi liggur stjórnarfrv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til 22 milljón króna lántöku í því skyni að lána Búnaðarbankanum það fé.

Flm. þessa frv. telja brýna nauðsyn að efla hinn nýja Iðnaðarbanka, til þess að gera honum kleift að bæta úr lánsfjárskorti iðnaðarins. Er ætlazt til þess með frv., að ríkisstjórnin fái heimild til og freisti þess eftir megni að útvega 15 milljón króna lán, innanlands eða utan, til þess að lána Iðnaðarbankanum.

Nd. 181. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Magnús Jónsson, Steingrímur Steinþórsson, Jónas Rafnar, Jón Pálmason, Eiríkur Þorsteinsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Sigurðsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fræðslumálastjórn er og heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessi er gert ráð fyrir, að fræðslumálastjórn geti heimilað miðskólakennslu við menntaskólana, ef aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Verður það að teljast óeðlilega ófrjálslegt, að bannað sé með lögum, að miðskólakennsla sé við menntaskóla, hversu sem á stendur. Mun það hvergi tíðkast í nágrannalöndum vorum. Þar eru menntaskólarnir 3—7 ára skólar, allt eftir aðstæðum á hverjum

stað, húsnæði og öðru. Virðist eðlilegt, að þetta sé fremur framkvæmdaratriði en laga og ráðherra geti úrskurðað, hversu með skuli fara.

Menntaskólarnir báðir, á Akureyri og í Reykjavík, hafa gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls. Telja þeir æskilegt, að miðskóladeildir fylgi menntaskólum, ef þess er kostur, það skapi skólunum meiri festu, er nemendur komi þangað ungir, og bindi þá traustari böndum við stofnunina. Eru slík tryggðabönd snar menningarþáttur. Enn fremur telja menntaskólarnir æskilegt, að þeir geti fylgzt sem bezt með undirbúningi þeirra nemenda, sem til þeirra ætla að sækja, og eigi skólarnir nokkra íhlutun um, hverjar kröfur séu til þeirra gerðar, en það gerist eðlilegast á þann hátt, að menntaskólarnir taki sjálfir einhvern þátt í undirbúningnum. Ætti slík samvinna við gagnfræðaskólana aðeins að skapa nánari kynni og aukinn skilning.

Eins og sakir standa, mun slík miðskóladeild við menntaskóla einkum koma til greina við menntaskólann á Akureyri. Þar mun á næstu árum verða nægilegt húsrúm fyrir miðskóladeild. Tvö síðustu árin hefur skólinn getað tekið í heimavist alla þá, sem um hafa sótt, einnig úr miðskóladeild. Í vetur búa þar í heimavistum 137 nemendur, þar af 22 úr miðskóladeild. Virðist sjálfsagt, að það húsrúm, sem um sinn er umfram þarfir menntaskólans sjálfs, verði notað fyrir miðskóladeild, einkum fyrir nemendur úr þeim héruðum, sem engan hafa héraðsskólann, eins og t. d. Eyjafjörður.

Sþ. 182. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um fiskileitarskip á djúpmiðum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta efna til skipulagðrar fiskileitar með vel útbúnu skipi til veiða á djúpmiðum við Ísland. Fiskileitin fari fram í nánu samráði við starfandi togaraskipstjóra. Árangur af leitinni skal birtur íslenzkum fiskiskipstjórum jafnóðum.

Allur kostnaður við fiskileitina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hin síðari ár hafa íslenzkir togarar stöðugt sótt meir og meir af afla sínum á djúpmiðin í kringum landið. Nú er svo komið, að togararnir veiða mjög mikið af afla sínum á yztu mörkum landgrunnsins, og æði oft veiða þeir á djúpi, sem er nokkuð fyrir utan 200 faðma dýptarlínuna. Á þessum djúpmiðum eru fiskisvæðin tiltölulega lítið þekkt. Hver skipstjóri um sig hefur þurft að leita sig áfram og oft án þess, að fyrir hendi væru sæmileg kort af hinum nýju veiðisvæðum.

Reynsla síðustu ára hefur þó sýnt, að víða eru álitleg fiskisvæði á djúpmiðum kringum landið, fiskisvæði, sem gefið hafa góðan afla.

Hinir nýju togarar eru dýr skip og þung í rekstri. Það er því ekki auðvelt að beita fiskiskipunum sjálfum, jafnhliða venjulegum rekstri, í leit að nýjum fiskimiðum. Slík leit er of dýr og ekki á færi einstakra útgerðarfélaga að standa undir henni.

Það er álit skipstjóra, að á djúpmiðum við landið séu enn ófundin ýmis góð fiskimið. Hagkvæmasta leiðin til þess að afla upplýsinga í þessu efni er, að rekið verði af hálfu hins opinbera fiskileitarskip, sem sérstaklega væri útbúið til veiða á djúpmiðum. Miklu máli skiptir, að rekstur fiskileitarskips fari vel úr hendi. Bezt mun reynast að haga rekstri þess í nánu samstarfi við starfandi togaraskipstjóra.

Íslendingar hafa gert minna að fiskileit og upplýsingaþjónustu fyrir fiskimenn

sína en flestar aðrar fiskveiðiþjóðir. Á meðan grunnmiðin við Ísland voru svo að segja full af fiski, reyndi ekki eins mikið á fiskileit eða upplýsingaþjónustu fyrir fiskimenn. En þessu er nú á annan hátt farið. Nú er leit að nýjum fiskimiðum orðin aðkallandi.

Íslendingar þurfa að sjálfsögðu að leita á fjarlæg fiskimið á hinum nýju og ágætu togurum sínum. Góð veiði á Grænlandsmiðum eða við Bjarnarey og í Hvítahafi er að vísu mikill fengur fyrir okkar stóru og vel búnu togara. Og þangað hefur verið sótt, og þangað mun verða sóttur afli. En auðvitað væri afli, sem fenginn væri á djúpmiðunum við Ísland, hagstæðari fyrir veiðiskip okkar. Og alveg sérstaklega væri sá afli mikilvægur, þegar hugsað er til að leggja aflann nýjan á land til vinnslu í frystihúsum. Margt bendir til þess, að víða í kringum landið séu á 200—300 faðma dýpi góð karfamið. Karfinn er nú eftirsóttur fiskur. Hann verður tæplega sóttur á fiskimið til annarra landa, vegna þess að hann þarf að vinnast nýr í frystihúsunum.

Rannsókn fiskiskips á djúpmiðunum í kringum landið gæti haft mikil og góð áhrif. Sennilegt er, að slík rannsókn mundi færa þjóðarbúinu milljónir króna í verðmæti.

Ed. 183. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frv. þetta allýtarlega. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess, og nefndin klofnaði. Meiri hl. nefndarinnar, fjórir undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með lítils háttar breytingu. Minni hl. (MK) leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Meiri hlutinn telur, að úr því að Landsbankinn hækkaði innlánsvexti og þar af leiðandi vexti af fasteigna- og handveðslánum, þá verði ekki hjá því komizt að veita sparisjóðum og öðrum heimild til þess að hækka í sama mæli vexti sína af slíkum útlánum.

Hins vegar lítur meiri hlutinn svo á, að ekki sé rétt að lögbjóða riftingu gerðra samninga um vexti af þess konar lánum, þótt Landsbankinn síðar kunni að lækka vextina hjá sér, svo sem síðasti málsl. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, heldur miða lækkunarskylduna þá við nýja samninga eingöngu.

Leggur meiri hluti nefndarinnar þar af leiðandi til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „Aldrei má samt taka hærri vexti“ í síðasta málsl. komi: Aldrei má samt semja um hærri vexti.

Alþingi, 5. nóv. 1952.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 184. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um endurskoðun á núgildandi frílistum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á þeim frílistum, er gefnir voru út með auglýsingum fjárhagsráðs 7. febrúar og 6. apríl 1951, og sé endurskoðunin einkum við það miðuð, að nauðsynlegt tillit verði tekið til núverandi aðstöðu hinnar innlendu iðnaðarframleiðslu.

Greinargerð.

Með útgáfu frílistanna snemma á árinu 1951 var ákveðið annars vegar, á hvaða vörum skyldi vera algerlega frjáls innflutningur og á hvaða vörum skyldi vera frjáls, en skilorðsbundinn innflutningur (bátalistinn), og svo hins vegar, hvaða innflutningur skyldi háður leyfisveitingum. Frílistarnir hafa þegar gilt um nokkurn tíma, þannig að nú er fengin á þeim allmikil reynsla, og ætti því að vera kominn tími til að endurskoða þá með tilliti til þessarar reynslu.

Eitt af því, sem komið hefur í ljós á þessu tímabili, er það, að mjög erfitt er að framkvæma frjálsan innflutning þannig, að við innflutning bæði á fullunnum iðnaðarvörum og hráefnum til iðnaðar sé tekið nauðsynlegt tillit til innlenda iðnaðarins. Þarf það mál sérstakrar athugunar við, og er lagt til, að það sé athugað við þá endurskoðun, sem hér er gert ráð fyrir.

Það vakti á sínum tíma mikla og almenna ánægju, þegar innflutningurinn var gefinn frjáls, því að á tímum haftanna kom vöruskorturinn hart niður á almenningi. Fyrir heimilin er mikill munur frá því, sem áður var, að geta nú fengið nauðsynlegan varning, sérstaklega vefnaðarvöru, til þess að á heimilunum sé hægt að vinna ýmislegt það, sem áður skorti efni til. Munu fáir óska þess, að þessi mál komist í sitt fyrra horf, hvað þetta snertir, ef hjá því verður komizt. Hitt er svo annað mál, að þótt frílistinn hafi á sínum tíma verið sjálfsögð úrbót á óviðunandi ástandi, þá er eðlilegt, að hann þurfi endurbóta við. Og þar sem það, hvaða vörur eru fluttar inn á hverjum tíma, hefur mikla þýðingu fyrir atvinnu manna í landinu, er sjálfsagt, að endurskoðun fari fram á því, hvernig málum þessum skuli hagað, þar sem það sé haft í huga, á hvern hátt sé hægt að vernda og styðja góðan, íslenzkan iðnað og stuðla með því að aukinni atvinnu og bættum kjörum, jafnframt því sem þess sé gætt að þrengja ekki kosti heimilanna með aðgerðum í sambandi við innflutninginn.

Sþ. 185. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um endurskoðun laga um veitingu prestakalla.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lögin um veitingu prestakalla, og verði í sambandi við þá endurskoðun sérstaklega tekið til athugunar, hvort heppilegra kunni að vera að taka upp nýja skipan á því máli, þannig að prestar verði skipaðir sem aðrir embættismenn, án kosningar.

Endurskoðun þessari skal lokið það snemma, að hægt verði að leggja frumvarp um veitingu prestakalla fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um skipun prestakalla. Lögin um veitingu prestakalla eru hins vegar frá 1915, og eru þau orðin mjög úrelt, og auk þess vantar í þau lög ýmis nauðsynleg ákvæði. Hefur að vísu verið reynt að fylla í eyðurnar með því að beita við prestskosningar ýmsum ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, en þau eiga þó ekki við nema að nokkru leyti. Má þar einkum nefna samningu kjörskrár og rétt manna til að vera á kjörskrá, en þessum atriðum er að ýmsu leyti mjög á annan veg háttað við prestskosningar en við alþingiskosningar. Er því orðin full þörf á að endurskoða þessa löggjöf.

Þá eru og margir þeirrar skoðunar, að rétt sé að afnema prestskosningar og skipa presta sem aðra embættismenn. Hefur fyrir nokkru verið borið fram á Alþingi frumvarp í þá átt, sem þó varð ekki að lögum. Hægt er að færa rök bæði með og móti núgildandi skipan á vali presta. Telja flutningsmenn þessarar tillögu sjálfsagt að taka þetta atriði til sérstakrar athugunar í sambandi við endurskoðun laganna um veitingu prestakalla, en telja heppilegt að láta málið koma til athugunar prestastefnu og almenns kirkjufundar, áður en endanleg ákvörðun er um það tekin, hvort hverfa eigi frá núverandi tilhögun á vali presta.

Ed. 186. Frumvarp til laga [131. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæðum laga um skipun prestakalla nr. 31 4. febr. 1952 hafa verið lögð niður prestssetur í Kollafjarðarnesi og Stað í Steingrímsfirði, og sóknir þeirra prestakalla lagðar til Hólmavíkurprestakalls og Prestsbakka í Hrútafirði. Er því nú lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja jarðir þessar.

Nd. 187. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til laga um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með, að það verði samþykkt með nokkurri breytingu á 17. gr. frv., sem Hagstofa Íslands hefur óskað eftir, að gerð yrði á greininni.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 17. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarféð skal renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem brotlegur aðili er tilkynningarskyldur. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Sveitarstjórnum er heimilt að taka tilboði brotlegs aðila um greiðslu hæfilegrar sektar innan þess hámarks og lágmarks sektar, sem um ræðir í 1. málsgr. Skal þá kæra falla niður, enda sé greiðsla sektarfjárins innt af hendi tafarlaust.

Alþingi, 6. nóv. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Emil Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 188. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp og fram borið til staðfestingar á bráðabirgðalögum um þetta efni, sem ríkisstjórnin gaf út á s. l. sumri.

Lögin um hafnarbótasjóð voru samþykkt á Alþingi árið 1943. Var sjóðurinn stofnaður með 3 millj. króna framlagi af tekjuafgangi þess árs og honum ákveðið 300 þús. kr. framlag á ári í fjárlögum upp frá því. Er í lögunum svo kveðið á, að eigi megi veita fé úr sjóðnum fyrr en Alþingi hafi sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum. Árið 1945 var lögunum breytt og upp í þau teknar reglur um úthlutun fjár úr sjóðnum, sem í aðalatriðum voru á þann veg, að til þess að flýta fyrir aðkallandi hafnarbótum á þeim stöðum, þar sem hafizt er handa um framkvæmdir og framlög úr ríkissjóði samkv. fjárlögum hverju sinni hrökkva ekki til að greiða þær að þeim hluta, sem ákveðið er í hafnarlögum viðkomandi staðar, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram. Slík framlög úr sjóðnum mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en ⅔ höfuðstóls hans. Framlög þessi skulu endurgreidd úr ríkissjóði á næstu þremur árum. Síðan þessi breyting var gerð á lögunum, hefur árlega verið varið fé úr hafnarbótasjóði á þennan hátt til þess að flýta fyrir hafnargerðum og lendingarbótum og sjóðurinn þannig orðið að miklu liði.

Höfuðstóll sjóðsins nemur nú 5.7 millj. kr. Hefur hann þróazt jafnt og þétt, sem nemur hinu árlega framlagi og vöxtum af ⅓ höfuðstólsins, sem lögin ákveða, að jafnan skuli standa óhreyft, en endurgreiðsluskyldan tryggir það, að sjóðurinn sé ekki skertur endanlega.

Í bráðabirgðalögum þeim um breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, er hér um ræðir, og leitað er staðfestingar á, er í verulegum atriðum vikið frá fyrirkomulagi því, er áður gilti og hér hefur verið lýst, um notkun á fé sjóðsins. Gæti ákvæði 1. töluliðar 1. gr. hæglega orðið þess valdandi, að sjóðurinn yrði verulega skertur, og jafnvel gæti svo að borið, þegar tímar liðu, að hann yrði með öllu uppétinn. Þetta liggur í því, að gert er ráð fyrir að veita úr sjóðnum styrki til hafnargerða og lendingarbóta, þegar svo stendur á sem þar greinir, án þess að fé þetta sé endurgreitt

sjóðnum úr ríkissjóði. Styrkveitingar þær, sem hér um ræðir, eru að vísu bundnar við sérstök fyrirbæri, sem þurfa að vera fyrir hendi hverju sinni. En þess þarf enginn að ganga dulinn, að mikil aðsókn mun gera vart við sig um að afla fjár án mótframlags heima fyrir og án alls efa farið á fremstu nöf í leit að leiðum til þess að reisa slíkar kröfur á innan vébanda hinna rúmu ákvæða, er um þetta gilda. — Í öðru lagi er í 2. tölulið greinarinnar gert ráð fyrir því að veita úr sjóðnum vaxtalaus lán, þegar svo stendur á sem þar greinir. Ákvæðin um þessar lánveitingar bera það engan veginn með sér, að ríkisábyrgð sé fyrir slíkum lánum, þótt það kunni að vera meiningin.

Þótt sjávarútvegsnefnd geti eftir atvikum mælt með samþykkt frv. þessa, þá er fylgi hennar við það því skilyrði bundið, að bætt sé inn í frv. ákvæðum, sem tryggja, að sjóðurinn verði ekki skertur eða svo nærri honum gengið, að heita mætti, að hann yrði óvirkur. Þessu hyggst nefndin að ná með því, að ákveðið sé, að hin fyrri ákvæði um endurgreiðsluskyldu ríkisins í sjóðinn gildi einnig um það fé, sem ráðstafað er úr honum sem styrk, og að lán þessi megi því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs komi til.

Eins og fyrr greinir, hefur reynslan sýnt, að hafnarbótasjóður hefur komið að góðu liði til þess að hrinda áfram ýmsum hafnargerðum og lendingarbótum, og jafnframt því sem höfuðstóll hans vex, ættu fleiri að geta orðið aðstoðar hans aðnjótandi. Á sviði hafnarmála eru fjölmörg verkefni enn óleyst með þjóð vorri. Mörgum hafnargerðum og lendingarbótum, sem byrjað hefur verið á, er enn ólokið, og alltaf bætast hér við ný og ný verkefni. Það má því ekki koma fyrir, að hafnarbótasjóðurinn, svo mjög sem á hann reynir nú orðið við þessar bráðnauðsynlegu framkvæmdir, verði skertur og því síður uppétinn. Sjávarútvegsnefnd leggur því til að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Aftan við 1. málsl. 2. tölul. 1. málsgr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til.

b. 2. málsgr. orðist svo:

Styrkir og framlög, sem greidd eru úr hafnarbótasjóði samkv. 1. og 3. lið, skulu endurgreidd sjóðnum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Alþingi, 5. nóv. 1952.

Pétur Ottesen, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sigurður Ágústsson.

Eiríkur Þorsteinsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 189. Frumvarp til laga [132. mál]

um lausn ítaka af jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörzlum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.

2. gr.

Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir.

3. gr.

Lög þessi taka eigi til skógaritaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum.

4. gr.

Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu og, eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið.

5. gr.

Nú hefur ítaki verið lýst samkvæmt 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður.

Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum.

6. gr.

Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans.

Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni.

7. gr.

Nú vill eigandi leysa ítak af jörðu sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítakshafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni.

8. gr.

Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni.

9. gr.

Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguábúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði, er ítak, sem ábýlisjörð hans fylgdi, hefur verið leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn.

10. gr.

Aðili, sem eigi vill una álits- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu af hvorum aðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundna afstöðu til málsins. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Fyrir síðasta Alþingi lá frumvarp til laga um rétt manna til kaupa á ítökum, og náði það eigi fram að ganga. Landbúnaðarráðherra lagði mál þetta fyrir búnaðarþing með tilmælum um, að það kysi tvo menn í nefnd til að athuga frumvarpið, en sjálfur mundi hann tilnefna þriðja manninn, er vera skyldi formaður nefndarinnar. Til þess nefndi ráðherra svo prófessor Ólaf Lárusson, en búnaðarþing kaus í nefndina þá Einar Ólafsson í Lækjarhvammi og Pál Zóphóníasson búnaðarmálastjóra. Nefnd þessi hefur samið frumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, er fjöldi ítaka í jarðir hér á landi. Flest þeirra eru margra alda gömul, og um mörg þeirra er nú svo komið, að þau eru ítakshafanum að litlu eða jafnvel engu gagni og um önnur er svo farið, að landsafnot þau, er þau veita heimild til, mundu miklu hagkvæmari í höndum þess manns, er býr á jörð þeirri, sem þau eru í, en í höndum ítakshafans. Þegar svo stendur á, virðist æskilegt, að ítaksþolinn geti leyst þau af jörð sinni og fengið sjálfur þau afnot jarðarinnar, sem ítakið veitir ítakshafa. Löggjafinn hefur og áður sett ákvæði, er miða að því að koma hlunnindum, sem frá jörðum hafa verið skilin, aftur undir þær. Þannig hefur lausn veiðiítaka í ám og vötnum verið heimiluð, sbr. l. nr. 61 23. júní 1932, 3. gr., l. nr. 28 13. jan. 1938, l. nr. 112 9. okt. 1941, 3. gr., og l. nr. 40 30. júní 1942, 1. gr. Sama er um skógarítök að segja, sbr. l. nr. 100 14. júní 1940. Það er og bannað með lögum að skilja sum hlunnindi, sem fasteign fylgja, frá henni, veiðirétt, sbr. tilsk. 20. júní 1849, 4. gr., veiðirétt í ám og vötnum, sbr. l. nr. 112 9. okt. 1941, 2. gr., rétt til vatns, sem á fasteign er, til heimilis- eða búsþarfa, eða jarðræktar á henni, sbr. l. nr. 15 20. júní 1923, og jarðhitaréttindi, sbr. l. nr. 98 14. maí 1940, og ber þetta allt vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra. Heimild sú, sem frumvarp þetta veitir til lausnar ítaka af jörðum, er spor í þessa sömu átt.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er fylgt hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því, hvað ítak sé. Að þess er getið sérstaklega, að afnotarétturinn skuli byggður á heimild einkaréttareðlis, er gert til að taka af allan vafa um það, að lögin taki eigi til afnota, sem almennar reglur laganna leyfa.

Um 2. gr.

Eigi þykir ástæða til að heimila lausn á ítökum í aðrar fasteignir en jarðir. Lögin taka því ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga.

Um 3. gr.

Um lausn ítaka þeirra, er hér greinir, eru sérstök lagaákvæði sett, sjá hér að framan, og þykir eigi ástæða til að hagga þeim.

Um 4. og 5. gr.

Með greinum þessum er stefnt að því að fá fullkomið yfirlit yfir ítök þau, sem talin eru vera í jarðir í landinu. Í landamerkjaskrám og öðrum jarðaskjölum eru oft greind ýmis ítök, sem jörðinni fylgi, en hætt er að nota, ef til vill fyrir löngu. Má búast við, að ítakshafarnir láti sig oft litlu skipta um þau og vanræki að lýsa þeim, og hverfa þau þá af jörðunum, og er slík hreinsun æskileg. Þessi leið var og farin, að því er skógarítök snerti, með l. nr. 100 14. júní 1940.

Um 6. gr.

Ætla má, að ítök, sem til þess að gera nýlega hafa stofnazt, eigi meiri rétt á sér en ítök, sem eldri eru, og því er lausnarheimildin bundin við, að ítakið hafi náð tilteknum aldri, sem hér er settur 25 ár. Að öðru leyti þarf greinin eigi skýringa við.

Um 7. gr.

Hér ræðir um, hversu ítök skuli leyst af jörðu. Skal í því sambandi sérstaklega lögð áherzla á hagsmunamat það, er greinin mælir fyrir um. Með því á að tryggja það, að ítaksnotin komi að sem mestu gagni, að ítakshafinn geti notið þess áfram, svo framarlega sem hagsmunir lausnarbeiðandans af notkun þess eru eigi mun meiri en hagsmunir hans.

Um 8. gr.

Hér er um gagnkvæm ítök að ræða, en það er eigi sjaldgæft, að ítök séu með þeim hætti. Svo getur staðið á, að engin þörf sé á því að leysa þau af báðum jörðunum samtímis, og er það því látið vera á valdi þess, sem lausn verður að sæta, hvort hann óskar, að ítakið sé einnig leyst af jörð hans.

Um 9. gr.

Lausn ítaka af leigujörð getur skipt máli fyrir leiguliðann. Ekki þótti samt ástæða til að binda lausnina við samþykki hans, en landeiganda eða leiguliða eftir atvikum veitt heimild til endurmats á landskuldinni.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 190. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

Síðasti málsl. 10. gr. laganna orðist svo:

Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr 25000 kr. Er upphæð þessi miðuð við meðalvísitölu ársins 1952 og skal breytast í réttu hlutfalli við breytingar, sem verða á meðalvísitölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu felst það, að hámark ráðskonufrádráttar, sem heimilaður er í gildandi lögum, er hækkað úr lögleyfðum persónufrádrætti, sem nú er um 3700 kr., í 25000 kr.

Í gildandi skattalögum er gert ráð fyrir því, að skattgreiðandi, sem þarf að greiða kostnað við heimilisstjórn, t. d. vegna þess að eiginkona hans vinnur utan heimilis eða hann hefur börn eða foreldra á framfæri, ef hann er ókvæntur, megi draga frá tekjum sínum svonefndan ráðskonufrádrátt, sem þó má aldrei vera hærri en persónufrádráttur.

Flm. þessa frv. hafa á þskj. 110 flutt frv. um, að allar konur skuli verða sjálfstæðir skattþegnar. Er þar gert ráð fyrir því, að giftri konu, sem vinnur á heimili, sé reiknaður hluti af tekjum manns síns, allt að 25000 kr., auk þess sem hún greiði skatt af þeim tekjum, sem hún aflar sér sjálf. Ef frv. þetta næði fram að ganga, væri komið í veg fyrir það ranglæti, sem nú hlýzt af þeirri reglu, að tekjur hjóna eru skattlagðar saman, og mundi þá skattgreiðsla hjóna minnka verulega frá því, sem nú á sér stað.

Nú er hins vegar ekki nóg að forða hjónum frá ranglæti samsköttunarreglunnar. Það verður og að koma í einn stað niður, hvort kona óskar að vinna á heimili eða hún vill fremur vinna utan heimilis og kaupa vinnu við heimilisstjórn, þ. e. ráða ráðskonu. Reglur þær, sem nú gilda, eru við það miðaðar, að enginn skattgreiðandi fái hærri frádrátt vegna heimilisstjórnar en kvæntur maður fær sem persónufrádrátt vegna konu sinnar. Ef tekið væri hins vegar að reikna giftri konu hluta af tekjum manns síns auk sértekna hennar, er eðlilegt að leyfa hærri ráðskonufrádrátt. Hann mundi að vísu hækka sjálfkrafa með hækkuðum persónufrádrætti, en frv. um hækkun persónufrádráttar liggur nú fyrir Alþingi, á þskj. 39. Slík hækkun væri þó ekki nægileg. Eðlilegt væri, að annað hvort hjóna mætti draga greitt ráðskonukaup frá tekjum sínum, en þó ekki hærri upphæð en nemur þeim hluta af sameiginlegum tekjum hjóna, sem eiginkonunni eru reiknaðar.

Nauðsyn þessa má skýra með dæmi: Kvæntur maður, A, hefur 30000 kr. árslaun. Ef tekjum væri skipt milli hjónanna, væru hvoru þeirra reiknaðar 15000 kr. tekjur. Annar kvæntur maður, B, hefur 30000 kr. árstekjur. Kona hans vinnur utan heimilis fyrir 15000 kr. tekjum, en þau hafa ráðskonu og greiða henni 15000 kr. kaup. Raunveruleg afkoma beggja hjónanna er því hin sama. Samkvæmt núgildandi reglum greiddi A skatt af 30000 kr., en B af 45000 kr. að frádregnum ráðskonufrádrætti, um 3700 kr. Ef eiginkonan yrði sjálfstæður skattborgari í skilningi frv. á þskj. 110, greiddu A og kona hans hvort um sig skatt af 15000 kr. B greiddi hins vegar skatt af 30000 kr. að frádregnum ráðskonufrádrættinum (nú 3700 kr.), en kona hans af 15000 kr. B greiddi því hærri skatt af sömu raunverulegum tekjum, vegna þess að greitt ráðskonukaup nemur 15000 kr., en honum er aðeins heimilt að draga persónufrádrátt einstaklings (3700 kr.) frá tekjum sínum vegna heimilisstjórnarinnar. Ef honum væri heimilt að draga allt greidda ráðskonukaupið frá tekjum sínum, yrði skattgreiðsla hans hin sama og A, og er það eðlilegt.

Hámark það, sem hinum frádráttarbæra heimiliskostnaði er sett (25000 kr.), er í samræmi við hámarkið, sem ákveðið er á hlutdeild eiginkonu í sameiginlegum tekjum hjóna í frv. á þskj. 110. Ef slíkt hámark væri ekki á frádráttarbæru ráðskonukaupi, gæti sá, sem hefur ráðskonu á heimili sínu, orðið betur settur en hjón, þar sem konan vinnur heimilisstörfin.

Mjög eðlilegt er, að þetta frv. yrði samþykkt, ef frv. á þskj. 110 næði fram að ganga, þar eð í því felst enn frekari leiðrétting á göllum gildandi skattalaga, að því er snertir greiðslu skatts af tekjum hjóna. Frv. á þskj. 110 mætti þó samþykkja, án þess að leiðrétting sú, sem í þessu frv. felst, næði fram að ganga samtímis, einkum þó, ef persónufrádráttur yrði hækkaður verulega, þótt ekki væri að vísu að slíku full bót. Hins vegar hefur ekki þýðingu að samþykkja þetta frv. eitt, þar eð það mundi ívilna óeðlilega þeim, sem hafa ráðskonu, miðað við þau heimili, þar sem eiginkonan vinnur að heimilisstörfum.

Nd. **191. Frumvarp til laga** [134. mál]

um aðstoð til holræsagerðar.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jóhann Hafstein, Magnús Jónsson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum aðstoð til þess að leggja holræsi, sem gerð eru samkæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarstjórn leggja holræsi fyrir skólp og afrennsli í sveitarfélaginu eða hluta úr því og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal hún þá að loknum undirbúningi, eins og fyrir er mælt í 91. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til að leggja holræsi, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu á allt að helmingi stofnkostnaðar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til framkvæmda þeirra, er um ræðir í lögum þessum. Má ábyrgðin og styrkurinn til hvers sveitarfélags þó aldrei nema meiru samtals en 85% af holræsakostnaði hverju sinni.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná til holræsafélaga fyrir hluta úr sveitarfélögum, ef þau eru stofnuð af a. m. k. helmingi eigenda fasteigna í því hverfi, er holræsin eru lögð um, án þess að sveitarfélag sé eigandi holræsanna, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til holræsafélagsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörg sveitarfélög og þorp hafa ekki enn treyst sér til að gera fullnægjandi skólpveitur vegna kostnaðar. Eru þetta einkum minni þorp, sem eiga við erfiðleika að stríða í þessu efni. Af heilbrigðisástæðum er nauðsynlegt, að skólpveitur verði fullkomnar. Ber því að stuðla að því, að svo geti orðið sem fyrst. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun gera þorpum og sveitarfélögum fært að gera fullnægjandi skólpveitur.

Aðstoð af ríkisins hálfu við skólpveitur er ekki síður nauðsynleg en við vatnsveitur, en eins og kunnugt er, hafa verið sett lög um aðstoð til vatnsveitna.

Nd. 192. Frumvarp til laga [135. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga og um viðauka við l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Flm.: Jóhann Hafstein, Jónas Rafnar, Magnús Jónsson,
Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 30 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfénu skal verja til þess að kaupa bankavaxtabréf af veðdeild Landsbanka Íslands. Vaxtabréf þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum bréfanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

3. gr.

Andvirði bankavaxtabréfanna, sem ríkisstjórnin kaupir samkvæmt 2. gr., skal veðdeildin lána til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

4. gr.

Heimilt er að lána gegn 1. veðrétti allt að 200.00 kr. á hvern rúmmetra byggingar.

Einnig má veita lán gegn 2. eða 3. veðrétti til að ljúka byggingu eða greiða eftirstöðvar byggingarkostnaðar, hafi 1. veðréttar lán úr veðdeildinni ekki verið veitt. Gegn 2. veðrétti má þá lána allt að 100.00 kr. á hvern rúmmetra, en gegn 3. veðrétti allt að 50.00 kr. á hvern rúmmetra.

5. gr.

Að öðru leyti en því, sem tekið er fram sérstaklega í lögum þessum, gilda ákvæði l. nr. 55 1945 um lánveitingarnar samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lánsfjárskorturinn hefur verið einn af tilfinnanlegustu örðugleikunum við að ráða bót á húsnæðisskortinum í kaupstöðum og kauptúnum hin síðari árin, og er með frumvarpi þessu að því stefnt að fá nokkuð úr þessu bætt.

Veðdeild Landsbanka Íslands sem stofnuð var með lögum nr. 1 árið 1900, var ætlað það hlutverk að vera almenn fasteignalánsstofnun landsmanna, og lengst af hefur hún sinnt þessu hlutverki. Þó hefur mjög svo dregið úr starfsemi hennar á köflum, og þannig má segja, að hin síðari ár hafi hún að verulegu leyti gefizt upp við að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Veðdeildin hefur verið févana, aðeins lánað 50—60 kr. á rúmmetra í íbúðarhúsum gegn 1. veðrétti og lánin ekki veitt í reiðufé, heldur veðdeildarbréfum, sem fæstir hafa átt nokkurn kost að selja, nema með miklum afföllum.

Þegar líkt stóð á fyrir veðdeildinni, á árunum 1926 og 1927, beitti þáverandi fjármálaráðherra, Jón Þorláksson, sér fyrir því, að Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til lántöku, allt að 4¾ millj. kr. Erlent lán var tekið og veðdeildinni sköpuð ný starfsskilyrði til hins mesta hagræðis fyrir byggingarstarfsemi landsmanna.

Lagt er til með þessu frv., að nú sé líkt að farið, ríkisstjórninni veitt heimild til allt að 30 millj. kr. lántöku. Lánsfénu sé varið til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar og andvirði þeirra lánað til húsabygginga.

Gert er ráð fyrir, samkvæmt 2. gr. þessa frv., að vaxtabréf þau, sem ríkisstjórnin mundi kaupa samkvæmt þessu frv., ef að lögum yrði, væru í sérstökum flokki og með þeim kjörum, að ríkissjóður væri skaðlaus af.

Samkvæmt 4. gr. er gert ráð fyrir, að fé það, sem veðdeildin fengi til útlána, sbr. 3. gr., yrði lánað með sérstökum kjörum að því leyti, að lánsfjárhæðin til hverrar byggingar væri í eðlilegu samræmi við byggingarkostnað, eins og hann nú gerist. Er þar höfð hliðsjón af því, hvað eðlilegt þótti í upphafi að lána mikinn hluta af raunverulegu kostnaðarverði. Einnig er það nýmæli um veðdeildarlán, að heimilt sé að lána út á 2. eða 3. veðrétt. Er þar miðað við augljósar þarfir margra í dag til smærri lána við að ljúka byggingum, en 1. veðréttur þá oft bundinn í óverulegum lánum, sem tekizt hefur að afla á hinum þrönga lánamarkaði.

Hér skal ekki fjölyrt um þá möguleika ríkisstjórnarinnar til þess að hagnýta þá heimild, sem hér er gert ráð fyrir að veita. Fer það m. a. eftir vilja og atorku. Hvort tveggja kemur til álita, að fá erlent lán eða innlent. Hæstv. fjármálaráðherra gerði í fjárlagaræðu sinni grein fyrir undirbúningi að stofnun fjárfestingarbanka í sambandi við ráðstöfun mótvirðissjóðs og aukna sparifjársöfnun. Við meðferð málsins hér í þinginu kæmi til athugunar, hvers vænta mætti úr þeirri átt.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki frekari skýringa hér, en málinu verða gerð nánari skil í framsögu.

Sþ. 193. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um strandferðir m/s Herðubreiðar.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að m/s Herðubreið verði eingöngu látið vera í strandferðum austur um land milli Reykjavíkur og Siglufjarðar.

Greinargerð.

Þegar strandferðaskipin Herðubreið og Skjaldbreið voru keypt til landsins, var almennt gengið út frá, að þau yrðu notuð til strandferða, aðallega á smærri hafnir landsins, annað á hafnir á Vestur- og Norðvesturlandi, en hitt á Austur- og Norðausturlandi. Rekstur skipanna hefur þó ekki orðið á þennan hátt. M/s Skjaldbreið hefur að vísu gengið nálega eingöngu á vesturhafnirnar og ekki farið til Austurlands nema þá í algerum forföllum. Herðubreið, sem átti að vera Austurlandsskipið, hefur aftur á móti jöfnum höndum verið í förum austur fyrir land og vestur fyrir land. Við flm. þessarar tillögu teljum, eins og Austfirðingar almennt, að þetta beri að leiðrétta.

Ætlunin var í upphafi, að Herðubreið annaðist ferðir frá Reykjavík til Austur- og Norðausturlandsins, a. m. k. til jafns við það, sem Skjaldbreið annast ferðir til Vesturlandsins. Þetta leggjum við til, að hæstv. ríkisstjórn geri nú þegar ráðstafanir til að verði framkvæmt. Um leið og ráðstafanir verða gerðar til þess, að Herðubreið taki eingöngu upp flutninga austur um land, þarf sérstaklega að gæta þess, að þetta skip, sem fyrst og fremst er ætlað hinum smærri höfnum, verði notað í þeirra þágu, þar sem stærri hafnirnar eiga fyrst og fremst að njóta Esju og Heklu, eins og upphaflega var ráðgert. En þráfaldlega hefur einmitt komið fyrir, að smærri hafnirnar hafa orðið útundan í sambandi við flutninga með m/s Herðubreið.

Þótt sú breyting yrði gerð á ferðum m/s Herðubreiðar, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, er okkur ljóst, að skipasamgöngurnar við Austurland yrðu áfram mjög ófullnægjandi. Skip Eimskipafél. Íslands annast svo að segja enga flutninga til Austurlands. Skip þess félags koma varla til Austurlandsins, nema til að sækja þangað útflutningsvörur. Aftur á móti fer skip félagsins margar ferðir á hverju ári frá Reykjavík vestur um land til Akureyrar.

Við höfum aflað okkur upplýsinga frá Skipaútgerð ríkisins um ferðir strandferðaskipanna s. l. ár og það sem af er þessu ári. Samkvæmt þeim upplýsingum hafa strandferðaskip ríkisins farið árið 1951 samtals 45 ferðir austur um land frá Reykjavík. En ferðirnar vestur um land frá Reykjavík voru 82. Það sem liðið er af þessu ári, hafa skipin farið alls 28 ferðir austur um land, en 52 vestur. Það er því augljóst, að ferðafjöldinn vestur um land er miklu meiri en austur hjá skipum ríkisins, en auk þess eru svo ferðir Eimskipafélagsskipanna.

Nú mun það sannast mála, að skipasamgöngurnar vestur þykja ekki góðar. En hvað mun þá vera um Austurlandsferðirnar.

Samþykkt þessarar tillögu er ekki nema réttlát leiðrétting á því misræmi, er nú ríkir í þessum efnum.

Sþ. 194. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um rannsókn á nýtingu vatns frá hitaveitum í kaupstöðum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að fram fari athugun á því, að hve miklu leyti megi spara erlendan gjaldeyri og framleiða verðmæti með aukinni nýtingu vatns frá hitaveitum í kaupstöðum.

Greinargerð.

Mál það, sem hér er borið fram, snertir allt landið, en þó sérstaklega þá staði, þar sem heitt vatn er nú notað til upphitunar samhliða því, sem notað er annað eldsneyti, þ. e. olía eða kol, keypt fyrir erlendan gjaldeyri. Af þeim stöðum, sem hér er um að ræða, hefur Reykjavík mesta þýðingu, bæði vegna stærðar sinnar og vegna þess, að hitaveitan nær ekki til nema hluta af bænum, og er því eðlilegt til skýringar þessu máli að miða við hana.

Í Reykjavík hagar þannig til, að mestan hluta ársins, eða 9—10 mánuði, er heita vatnið hvergi nærri fullnotað, en þegar sérstakir kuldar eru, gerir það ekki betur en að nægja fyrir þann hluta bæjarins, sem hitaveitan nær til. Nú hafa verið uppi umræður um það og áætlanir, að ýmis hverfi í Reykjavík, sem nota olíu eða kol til upphitunar, fái heita vatnið á þeim tíma ársins, sem það er ekki fullnotað, og að þessi hverfi hefðu svo jafnframt olíu- eða kolakyndingartæki til þess að hita upp með á þeim tíma, þegar nauðsynlegt er að takmarka notkun heita vatnsins við þann hluta bæjarins, þar sem það nú er. En enn þá hefur ekki orðið neitt úr framkvæmdum á þessu sviði. Mánuð eftir mánuð og ár eftir ár rennur heita vatnið ónotað til sjávar, þótt af því mætti hafa mikil not og m. a. spara með því erlendan gjaldeyri.

Að hér sé um gjaldeyrismál að ræða, sýnir eftirfarandi: Það er talið, að olía til þess að hita upp hús með 4 meðalstórum íbúðum kosti um kr. 14000.00 á ári. Þar af er erlendur gjaldeyrir um það bil kr. 10500.00, en það þýðir það, að upphitun á 100 slíkum húsum kostar í erlendum gjaldeyri kr. 1050000.00 á ári og upphitun 1000 slíkra húsa mundi kosta um 10500000.00 kr. á ári — *tíu milljónir og fimm hundruð* þúsund krónur —. Þess ber og að gæta í þessu sambandi, að olían er keypt fyrir torfenginn, frjálsan gjaldeyri, sterlingspund og dollara, og að erlend tankskip flytja

hana til landsins. Er af þessu augljóst, að þetta er þýðingarmikið mál þjóðhagslega séð og að sparnaður á þessum gjaldeyri þýðir raunverulega tilsvarandi unninn gjaldeyri. En þjóðin, sem er í erfiðleikum um öflun gjaldeyris, hefur ekki ráð á því að henda frá sér gjaldeyri, svo sem gert er með því að láta heita vatnið fara til ónýtis og kaupa eldsneytið inn, sízt ef með tiltölulega auðveldum hætti er hægt að láta hinn innlenda hitagjafa koma að notum.

En möguleikar til gernýtingar hitaveituvatnsins eru ekki eingöngu bundnir við venjulega upphitun húsa. Margt fleira kemur þar til greina, sem verður ekki rætt hér, en þarf rækilegrar athugunar við, og er í tillögunni gert ráð fyrir slíkri athugun.

Nd. 195. Frumvarp til laga [95. mál]

um tilkynningar aðsetursskipta.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarstjórar (í Reykjavík Manntalsskrifstofan) og í hreppum oddvitar veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum þessum, og er átt við þessa aðila alls staðar þar, sem lögin kveða svo á, að slíkar tilkynningar skuli sendar sveitarstjórnum.

2. gr.

Hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað.

Einstaklingur, sem dvelst í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á heimilisfang, er tilkynningarskyldur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ef hann á sínum tíma var skyldur til að tilkynna komu sína í umdæmið, samkvæmt ákvæðum 3. eða 5. gr., eða hefði verið skyldur til þess, ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á þeim tíma.

3. gr.

Hver sá, sem flytur í annað sveitarfélag í því skyni að taka sér þar heimilisfang, skal tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til, áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að flutningurinn átti sér stað.

Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann er staddur, og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið. Ákvæði þetta tekur til vistmanna á hælum, sjúklinga í sjúkrahúsum, gesta í gistihúsum og fanga í fangelsum jafnt og til þeirra, sem hafa aðsetur í venjulegu húsnæði utan heimilissveitar sinnar.

Frá ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu gilda eftirfarandi undantekningar:

1. Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja lengri eða skemmri tíma við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang.
2. Barn, sem dvelur sumarlangt eða annað takmarkað tímabil á barnaheimili, í sveit eða annars staðar utan heimilissveitar sinnar. Hins vegar skal, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðsetursskipti fyrir barn, sem fyrirsjáanlega mun dvelja lengri tíma á barnahæli eða þ. u. l. stofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem það á heimilisfang.
3. Þeir, sem dvelja eingöngu eða að mestu leyti til náms í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang. Þó skulu iðnnemar við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, vera tilkynningarskyldir samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

4. Þeir, sem dvelja í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, við störf, sem samkvæmt venju eru árstíðarbundin, svo sem við fiskveiðar á vertíð með tilheyrandi vinnslu afurða o. fl. Enn fremur við heyskap eða önnur sveitastörf að sumarlagi, við vegagerð utan kaupstaða, og þ. u. l.

Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem greindar eru í 3. mgr. þessarar greinar, gilda aðeins, meðan þau atvik, sem gefa tilefni til undantekningar, eru fyrir hendi, og verða aðilar tilkynningarskyldir, þegar þeir hafa dvalið í viðkomandi umdæmi tvo mánuði eftir brottfall þess atviks, sem um ræðir hverju sinni. Skal þá aðili innan 7 daga tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins og m. a. tilgreina, hvaða dag hann kom í umdæmið.

4. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal við endurkomu til heimilissveitar sinnar, áður en 7 dagar eru liðnir, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

5. gr.

Nú kemur til landsins íslenzkur ríkisborgari, sem verið hefur búsettur erlendis, í því skyni að taka sér hér heimilisfang, og skal hann þá, áður en 7 dagar eru liðnir frá komunni í umdæmið, tilkynna aðsetur sitt hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Að öðru leyti eru íslenzkir ríkisborgarar og útlendingar, sem til landsins koma, tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum 2.—4. mgr. 3. gr., eftir því sem þau eiga við.

6. gr.

Nú fer úr landi maður — sem tilkynnt hefur verið aðsetur fyrir eða hefði átt að tilkynna aðsetur fyrir, ef lög þessi hefðu verið í gildi — til þess að taka sér bólfestu erlendis eða til þess að dvelja þar 6 mánuði eða lengur, án þess að um sé að ræða námsdvöl, og skal hann þá, áður en hann hverfur úr landi, tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hann hefur aðsetur, þegar hann fer.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki fyrir þá, sem fara utan til náms, en þegar þeir koma til landsins að afloknu námi, skulu þeir tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem þeir setjast að, ef það er annað en það sveitarfélag, þar sem þeir hafa haft skráð aðsetur meðan þeir dvöldu erlendis.

7. gr.

Hver sá, sem tilkynnt hefur aðsetur í einhverju sveitarfélagi samkvæmt fyrirmælum laga þessara, eða hefði verið skyldur til að gera það, ef lög þessi hefðu verið í gildi á viðkomandi tíma, er samkvæmt 2. gr. skyldur til að tilkynna breytingar, sem verða kunna á aðsetri hans innan sama umdæmis. Fari hann í annað sveitarfélag, skal hann, ef ákvæði 3. gr. taka til dvalar hans þar, tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins, hvort sem hann á þar heimilisfang eða ekki.

8. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem lög þessi mæla fyrir um, gildir án tillits til fjölskyldutengsla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal t. d. kvæntur maður, sem dvelur a. m. k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við konu hans eða ekki.

9. gr.

Tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvílir á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 16 ára aldur. Forráðamenn einstaklinga innan 16 ára aldurs og þeirra, sem sviptir hafa verið sjálfræði, skulu sjá um, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir skjólstæðinga þeirra.

Hver húsráðandi ber ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum, og sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að því er tekur til tilkynningar aðseturs fyrir einstaklinga, sem hafast við á slíkum stöðum. Enn fremur ber hver húseigandi ábyrgð á því, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir þá, sem taka á leigu húsnæði hjá honum, þ. e. a. s. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

Bæjarstjórar og oddvitar skulu kvitta skriflega fyrir móttöku tilkynninga um aðsetursskipti.

Heimilt er að krefjast þess, að tilkynningar um aðsetursskipti séu látnar í té í tvíriti.

10. gr.

Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við Hagstofu Íslands. Skal þar getið nafns þess eða þeirra, sem skipta um aðsetur, ásamt nákvæmum upplýsingum um það, hvar aðsetrið er, svo og um annað, sem greina þarf vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

11. gr.

Tilkynningar þær um aðsetursskipti, sem bæjarstjórar og oddvitar fá í hendur, skulu sendar Hagstofu Íslands, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem þær þarfnast vitneskju um.

Félagsmálaráðuneytið ákveður tilhögun á sendingu tilkynninga til Hagstofu Íslands, og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

12. gr.

Bæjarstjórum og oddvitum er heimilt að krefjast þess af skólastjórum og forstöðumönnum námsmannabústaða í sveitarfélaginu, að þeir láti hinum fyrr nefndu í té skrár, í tilteknu formi, yfir námsmenn, sem eiga heimilisfang utan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver í sínu umdæmi, stuðla að því með virkum aðgerðum, að menn fullnægi sem bezt ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu. M. a. skulu þær, einkum í fámennari sveitarfélögum, ef svo ber undir gangast fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir einstaklinga, sem láta undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu, eða eiga þess ekki kost einhverra hluta vegna.

14. gr.

Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppstjóra eftir föngum við hana.

Útlendingaeftirlitið skal aðstoða við framkvæmd laga þessara eftir föngum, einkum í sambandi við eftirlit með því, að þeir, sem koma til landsins og fara frá landinu, fullnægi tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laganna.

15. gr.

Ákvæði laga þessara snerta á engan hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi.

16. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna, en þær bera allan annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé skal renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem brotlegur aðili er tilkynningarskyldur. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Sveitarstjórnum er heimilt að taka tilboði brotlegs aðila um greiðslu hæfilegrar sektar innan þess hámarks og lágmarks sektar, sem um ræðir í 1. málsgr. Skal þá kæra falla niður, enda sé greiðsla sektarfjárins innt af hendi tafarlaust.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó þannig að tilkynna ber, samkvæmt fyrirmælum laganna, öll aðsetursskipti, sem eiga sér stað frá og með 17. október 1952.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði um tilkynningu bústaðaskipta í lögum nr. 95/1936, um heimilisfang, og í lögum nr. 18/1901, um manntal í Reykjavík, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Ed. 196. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Húsavík lán til kaupa á togara.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin ræddi þetta mál á þrem fundum og sendi það atvinnumálanefnd ríkisins til umsagnar. Er umsögn hennar prentuð sem fskj. með nefndaráliti þessu.

Bernharð Stefánsson hefur lagt til, að upp í frv. verði tekin ábyrgðarheimild vegna Ólafsfjarðarkaupstaðar, og hefur nefndin að athuguðu máli fallizt á það.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað — eða fyrir hlutafélög, sem kaupstaðirnir, báðir eða hvor um sig, eru þátttakendur í — lán til kaupa á einum togara fyrir báða eða sínum togara fyrir hvorn. Ábyrgðirnar mega vera fyrir upphæðum, er nema allt að 90% af kaupverði togaranna, enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstjórnarinnar og tryggingar settar, sem hún metur gildar.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Alþingi, 7. nóv. 1952.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Magnús Kjartansson.	

Fylgiskjal.

ATVINNUMÁLANEFND RÍKISINS

Með bréfi, dags. 17. þ. m., sendi fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis atvinnumálanefnd ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað lán til kaupa á togara, þskj. 72, 69. mál.

Umsögn atvinnumálanefndar um greint frumvarp fer hér á eftir:

Telja má upplýst, að vélbátaútgerð frá Húsavík yfir vetrarmánuðina sé lítt framkvæmanleg, svo að nokkru nemi, nema mjög skipti um til hins betra um aflabrögð, enda hafa hinir stærri bátar Húsvíkinga flutt sig á Suðurlandsmið undanfarnar vetrarvertíðir. Afleiðingin er atvinnuleysi á Húsavík yfir þennan tíma, nema unnt reynist að fyrirbyggja það, annaðhvort með öflun hráefna úr sjónum eða með stofnun einhvers konar iðnfyrirtækja, sem fólkið gæti haft atvinnu við, meðan stærri vélbátarnir eru fjarri heimamiðum.

Eins og sakir standa, er eigi unnt að benda á iðnaðarmöguleika til þess að fylla þetta stóra skarð í atvinnu Húsvíkinga. Virðist þá eigi annað úrræði fyrir hendi en Húsvíkingar eignist umráð yfir veiðiskipi, sem sótt geti afla á fjarlægari mið og flutt hann til Húsavíkur, þótt að vetrarlagi sé, og verður að telja, að togari uppfylli bezt það hlutverk. Það er því skoðun nefndarinnar, að togari, sem legði afla sinn á land í Húsavík, sé líklegasta úrræðið til þess að draga úr árstíðabundnu atvinnuleysi þar.

Jafnframt því að láta í ljós þessa skoðun vill nefndin vekja athygli á, að hraðfrystihúsakostur Húsvíkinga er of lítill til þess að taka á móti heilum togarafarmi í einu til hraðfrystingar. Sú ætlun Húsvíkinga að skipta afla úr sömu veiðiför milli hraðfrystingar og söltunar, sbr. greinargerð bæjarstjórans á Húsavík um málið, fær varla staðizt, þar eð telja má, að fiskur, sem fyrst er ísaður og síðan tekinn til söltunar, verði tæplega — eða ekki — boðleg verzlunarvara. Virðast þá tveir kostir fyrir hendi. Annar er sá, að skipta aflamagni hverrar veiðiferðar milli Húsavíkur og kauptúna við Eyjafjörð, t. d. Dalvíkur og Ólafsfjarðar, sem að ýmsu leyti búa við sams konar árstíðabundið atvinnuleysi eins og Húsavík. Hitt úrræðið er að skipta afla sömu veiðiferðar milli söltunar og ísunar, á þann hátt að salta aflann í skipið framan af veiðiferðinni, en ísa til hraðfrystingar það, sem veiðist síðari hluta hennar.

Þessum úrræðum fylgja að vísu ýmis vandkvæði, en eru þó talin framkvæmanleg að sögn manna, er vel þekkja til togaraútgerðar.

Þótt nefndin hafi hér tekið jákvæða afstöðu til þessa máls, af því að engin önnur úrræði virðast nú fyrir hendi til þess að draga úr hinu árstíðabundna atvinnuleysi í allfjölmennum kaupstað eins og Húsavík verður að teljast, þá er henni vel ljóst, að fjárhagslegur grundvöllur fyrir togaraútgerð er hæpinn á Húsavík eins og annars staðar á landinu, eins og sakir standa nú.

Reykjavík, 26. okt. 1952.

Jens Hólmgeirsson. Hannibal Valdimarsson. Björgvin Sigurðsson.
Ragnar Lárusson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 197. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánum, og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6 af

hundraði, þó ekki yfir 7 af hundraði. Aldrei má samt semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 198. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Áki Jakobsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Lán seðlabankans til stofnlánadeildar samkv. 4. gr. skal vera fast framlag til áframhaldandi starfsemi deildarinnar. Þá fjárhæð, sem stofnlánadeildin hefur endurgreitt seðlabankanum, skal seðlabankinn að nýju greiða til deildarinnar.

Frá 1. janúar 1953 skal stofnlánadeildin starfa í einni deild. Lán út á fiskiskip, sem byggð eru innanlands, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir.

Framkvæmdastjórn Landsbankans annast stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um lánveitingar úr honum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Greinargerð.

Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann var stofnuð, var höfuðtilgangurinn sá að tryggja sjávarútveginum hagstæð stofnlán. Það ákvæði laganna, sem gerir ráð fyrir endurgreiðslu á árlegum afborgunum af lánum stofnlánadeildarinnar til seðlabankans, verður þess valdandi, að þau stofnlán, sem útveginum voru veitt með þessari löggjöf, hverfa nú til seðlabankans aftur og stofnfé sjávarútvegsins fer á þann hátt árlega minnkandi. Þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán fer þó ekki minnkandi, heldur fremur hið gagnstæða. Árlega þarf að endurnýja fiskiskipaflota landsmanna með byggingu nokkurra fiskibáta í stað þeirra, sem ganga úr sér og týnast. Einnig þarf árlega að byggja ný fiskiðjuver og önnur framleiðslutæki sjávarútvegsins.

Frv. þetta er flutt til þess að bæta úr brýnni þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán. Aðalbreytingar þær, sem frv. felur í sér, eru þessar:

1. Stofnlánadeildinni er breytt í varanlega lánastarfsemi í þágu sjávarútvegsins.
2. Deildin hættir að endurgreiða seðlabankanum það fé, sem hún innheimtir árlega.
3. Seðlabankinn greiðir deildinni aftur það fé, sem hún hefur greitt bankanum á undanförnum árum.
4. Frá 1. janúar 1953 byrjar stofnlánadeildin útlán að nýju og starfar þá í einni lánadeild.
5. Lán til skipa, sem byggð eru innanlands, skulu að jafnaði ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum.

Nd. 199. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „allt að 1000 kr.“ í 1. málsgr. 88. gr. komi: allt að 20000 kr.

2. gr.

Fyrir orðin „sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr.“ í 89. gr. komi: sektum frá 1500 kr. og allt að 20000 kr.

3. gr.

Fyrir orðin „sektum, ekki lægri en 500 kr.“ í 90. gr. komi: sektum, ekki lægri en 8000 kr.

4. gr.

Fyrir orðin „sektum allt að 500 kr.“ í 91. gr. komi: sektum allt að 8000 kr.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur landbúnaðarráðuneytið sent landbúnaðarnefnd með tilmælum um, að nefndin tæki frv. til flutnings. Frá ráðuneytinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Sektarákvæðin í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði hafa haldizt óbreytt allt frá árinu 1932, og verður því að telja þau úrelt orðin, þegar litið er á þá verðrýrnun, sem orðið hefur á peningum síðan.

Auk þess má benda á það, að á síðastliðnu sumri voru framin stórkostleg brot á laxveiðilöggjöfinni, og gætu hækkuð sektarákvæði laganna komið í veg fyrir, að slíkt endurtæki sig.

Nd. 200. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

a. 2. málsgr. 2. gr. laganna falli burt.
b. Í stað orðanna „ef um algeran skiptapa er að ræða“ í 6. málsgr. sömu lagagr. og málsgreinina út komi: með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, er hún kann að setja.

2. gr.

Aftan við 2. málsgr. 3. gr. laganna bætist: Heimilt skal með samþykki hlutaðeigandi vélbátatryggingarfélaga og Samábyrgðarinnar að vátryggja skip eða báta hjá öðrum vátryggingarfélögum, er starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Geti félögin ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, þó aldrei meira en 800000 kr.

Auk þess er heimilt að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum, er þau kunna að taka, þó svo, að sú ábyrgð nemi ekki meiru en einni milljón króna fyrir öll félögin.

Styrkur skv. 1. málsgr. er endurkræfur ásamt 4% ársvöxtum.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur að áliti Samábyrgðarinnar, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukagjald á vátryggðu, sem nemi allt að 1% af vátryggingarfjárhæð skipanna á ári. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt, og fer um innheimtu þess eftir sömu reglum og innheimtu iðgjalda.

4. gr.

Síðasta (4.) málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, ákveður ráðherra.

5. gr.

Síðasti málsl. 3. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo: Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæðin nemur 10000 kr. eða meiru.

6. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 7. gr. laganna falli burt.

7. gr.

a. Orðin „þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða“ í niðurlagi 5. málsgr. 8. gr. laganna falli burt.
b. 7. málsgr. sömu lagagr. falli burt.
c. Í stað orðanna: „á fundinum“ í 1. málsl. 8. málsgr. sömu lagagr. komi: í félaginu.

8. gr.

Í stað orðsins „skuldar“ í 10. gr. laganna komi: gjalda.

9. gr.

a. 5. málsgr. 11. gr. laganna falli burt.
b. 6. málsgr. sömu lagagr. verði 5. málsgr. og hljóði svo:
Vélbátatryggingarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum, sérfróðum mönnum.
c. 7. málsgr. sömu lagagr. verði 6. málsgr., 8. málsgr. verði 7. málsgr., 9. málsgr. verði 8. málsgr., og niðurlag hennar frá og með orðunum „fyrir ákveðið tímabil“ falli burt.
d. 10. málsgr. sömu lagagr. verði 9. málsgr. Niðurlag hennar frá og með orðunum „enda taki hann“ falli burt.
e. 11. málsgr. sömu lagagr. falli burt.

10. gr.

1. málsl. 12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og vélbátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það vátryggingarfélagi á því svæði, sem skipið flyzt á, og Samábyrgðinni.

11. gr.

a. 3. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:
Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bæta félögin aðeins þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveim dómkvöddum mönnum, nema öðruvísi semjist, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverðinu.

b. 6. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Skipaeigendur annist sjálfir aðgerðir skipa sinna, nema vátryggjendur ákveði annað.

12. gr.

Aftan við 2. málsgr. 17. gr. laganna bætist: Vátryggjandi hefur rétt til að ráðstafa leifunum.

13. gr.

Síðari málsl. 1. málsgr. og 2. og 3. málsgr. 24. gr. laganna falli burt.

14. gr.

Í stað orðanna „í sviksamlegum tilgangi“ í 1. málsl. 25. gr. laganna komi: af hirðuleysi.

15. gr.

Á eftir orðunum „þau tjón“ í niðurlagi 2. málsgr. 29. gr. laganna komi: á skipum hans.

16. gr.

Við 3. málsgr. 30. gr. laganna bætist: Krefjast skal lögtaks, ef ofangreind gjöld hafa ekki verið greidd áður en þrír mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, enda séu gjalddagar iðgjalda tvisvar á ári. Ákvæði þetta snertir þó ekki gildi lögveðs- og lögtaksréttar.

17. gr.

Eftir 2. málsgr. 31. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Krafa um endurgreiðslu iðgjalds verður því aðeins tekin til greina, að hún sé komin Samábyrgðinni í hendur áður en 4 mánuðir eru liðnir frá lokum vátryggingarársins.

18. gr.

34. gr. laganna orðist svo:
Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, eða Samábyrgðin tekur við tryggingunum, ganga eignir þeirra til þess aðila, sem tekur við tryggingarstarfseminni á félagssvæðinu.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk samgöngumálaráðuneytisins, og áskilur nefndin sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. Frv. fylgdu eftirfarandi skýringar:

Um 1. gr.

Greinin er breyt. við 2. gr. laganna. A-liður er því fólginn, að út er tekin úr greininni 2. málsgr. og hún aftur skeytt við 3. gr. laganna.
Í b-lið felst sú breyting, að heimild félaganna til að tryggja lausa muni og afla eru ekki settar jafnþröngar skorður og í lögunum. Þetta er nauðsynlegt, til þess að félögin geti á hverjum tíma verið samkeppnisfær við aðra tryggjendur á þessu sviði.

Um 2. gr.

Breyt. er sú ein, að 2. málsgr. 2. gr. laganna er flutt í 3. gr., af því að efni hennar á þar heima.

Um 3. gr.

Þessi breyt. er við 4. gr. laganna. Höfuðefni hennar er það, að ráðherra getur ákveðið, að félögin innheimti aukagjald af vátryggða, og nemur gjald þetta allt að

1% af vátryggingarfjárhæð hvers skips. Gjald þetta á að renna óskert til félaganna og á að innheimtast hjá hverju félagi, þar til fjárhagur þess telst öruggur, miðað við þá áhættu, sem félaginu er heimilt að hafa í tryggingunum.

Um nauðsyn þessa ákvæðis er það að segja, að félögin hafa nú starfað í 14 ár og engu þeirra tekizt með núverandi iðgjöldum að komast í viðunanleg efni. Réttara þótti að hafa þessa tekjuöflun félagsgjald, því að þá rennur það óskert í félagssjóð, heldur en að hækka iðgjöldin, því að með sömu iðgjaldshækkun hefðu félögin fengið aðeins lítinn hluta þeirra tekna, eða nánar tiltekið hæst 15%, sem er hámark þeirrar áhættu, sem þau hafa í hverju tryggingarnúmeri.

Annað atriði, sem felst í breytingunni, er það, að auk 800000 kr. ábyrgðar ríkissjóðs er veitt heimild til að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum allt að einni milljón kr. samtals fyrir öll félögin.

Um 4. gr.

Breytingin er við 5. gr. laganna og er aðeins orðabreyting.

Um 5. gr.

Breytingin er við 6. gr. laganna. Hún felur það eitt í sér, að ákvarðanir um bótagreiðslur verða að ná samþykki Samábyrgðarinnar, ef þær nema 10000 kr. eða meiru. Þetta er eðlilegt sökum þess, að Samábyrgðin greiðir aldrei minna en 85% af tjónbótum.

Um 6. gr.

Breytingin er við 7. gr. laganna. Reynslan hefur sannað, að nauðsynlegt er, að báðir matsmennirnir séu sérfróðir um byggingu skipa. Hins vegar leita þeir ætíð aðstoðar um mat á þeim hlutum, sem eru utan sérkunnáttusviðs þeirra.

Um 7. gr.

Breyt. eru við 8. gr. laganna og eru að mestu orðabreytingar. Niðurfelling 7. málsgr. er gerð að ósk félagsstjórna, en sú málsgr. er óeðlileg og hefur torveldað, að hægt sé að ná saman lögmætum fundum á stórum félagssvæðum.

Um 8. gr.

Breytingin er við 10. gr. laganna og er aðeins orðabreyting.

Um 9. gr.

Breytingarnar eru við 11. gr. laganna og eru aðeins lagfæring á niðurröðun efnis og orðabreytingar, að því viðbættu, að yfirmatsmenn skuli vera þrír, en reynslan hefur sýnt, að það er nauðsynlegt.

Um 10. gr.

Breytingin er við 12. gr. laganna. Grein þessi eða það efni, er hún fjallar um, er sífellt þrætuepli milli félaganna. Með breytingunni er reynt að koma í veg fyrir þennan ágreining.

Um 11. gr.

Breytingarnar eru við 13. gr. laganna. Í a-lið felst sú breyting, að fellt er niður 5000 kr. hámark bótanna. Sú fjárhæð er orðin úrelt, og þykir nægilegt að binda hámarkið við 50% af tjóninu, eins og raunar var tilgangur ákvæðisins.

B-liður felur í sér aðeins þá breyt., að vátryggjendur, þ. e. félagið og Samábyrgðin, koma í stað þess, að áður var það frumtryggjandi einn, sem gat tekið þann rétt af báteiganda að sjá sjálfur um aðgerð tjóns. Reynslan hefur sýnt, að þessi breyting er nauðsynleg.

Um 12. gr.

Breyt. er gerð til þess að koma í veg fyrir ágreining, sem stundum hefur orðið um það, hver eigi að sjá um og koma skipsleifunum í verð. Þykir réttara, að vátryggjendur, sem eiga 90% af skipsleifunum, geri þetta, heldur en fyrrverandi eigandi skipsins, sem á aðeins 10% af þeim.

Um 13. gr.

Breytingarnar eru við 24. gr. laganna. Málsgr. þær, sem felldar eru niður, eru með öllu óþarfar. Sérákvæðin um opna vélbáta eru engin önnur í framkvæmd en þau, sem felast í síðustu málsgreininni.

Um 14. gr.

Breytingin er við 25. gr. laganna. Hún skýrir sig sjálf.

Um 15. gr.

Breytingin er við 29. gr. laganna. Hún þarf ekki skýringa við.

Um 16. gr.

Breytingin er við 30. gr. laganna. Innheimta iðgjalda hefur verið í megnu ólagi. Þessi óreiða hefur valdið vandræðum, bæði fyrir vátryggjendur og veðhafa í skipunum. Það er sameiginlegt álit félaganna, Samábyrgðarinnar og veðhafa, að úr þessu verði að bæta. Brtt. er ætlað að bæta úr þessu.

Um 17. gr.

Breytingin er við 31. gr. laganna. Það hefur oftlega dregizt langt úr hófi fram, að vátryggðu lýstu kröfum um endurgreiðslu iðgjalda vegna hafnarlegu eða uppistöðu skipa. Af þessu hefur oftsinnis leitt, að glatazt hefur réttur til endurgreiðslu frá hinum erlenda endurtryggjanda. Breytingin á að koma í veg fyrir slík óhöpp.

Um 18. gr.

Breytingin er við 34. gr. laganna. Greinin, eins og hún er nú í lögunum, er ekki í samræmi við 11. gr. laganna, og er því breyting þessi nauðsynleg.

Nd. 201. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 8. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Stefán Jóh. Stefánsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 202. Nefndarálit [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt, en einn þeirra (StJSt) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.
EOl mun skila sérstöku áliti um málið.

Alþingi, 8. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Stefán Jóh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 203. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 204. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 8. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson, frsm.
Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 205. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts. Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til. Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.
3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.

Styrkir og framlög, sem greidd eru úr hafnarbótasjóði samkv. 1. og 3. lið, skulu endurgreidd sjóðnum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Nd. 206. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Við 2. málsgr. bætist:

Ríkisstjórnin skal fela lánsstofnun, er hún semur við um stjórn, reikningshald og starfrækslu deildarinnar, að hafa með höndum útlán lánsfjárins, að fengnum tillögum sveitarstjórnar á þeim stað, þar sem húsin eru reist, og skal sú úthlutun fara fram samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin setur í samræmi við lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, IV. kafla. Skal upphæð sú, er um getur í 1. málsgr., lánuð út að fullu á árinu 1953.

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um rannsókn á byggingarkostnaði í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa í kaupstöðum og kauptúnum. Sé rannsóknin við

það miðuð að leiða í ljós, hvað veldur þeim mismun, sem er á byggingarkostnaðinum, hvaða liðir hans eru óþarflega háir, hvernig megi lækka þá liði og hve mikil kostnaðarlækkun gæti orðið að því að taka upp nýjar byggingaraðferðir og notkun nýrra byggingarefna.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur hér á landi verið mikið um húsabyggingar. Byggt hefur verið af ríkri nauðsyn, sem orsakast annars vegar af því, að þjóðin bjó yfirleitt við lélegt húsnæði, sem þurft hefur að bæta um, og hins vegar af því, að fólkinu hefur fjölgað. Húsnæði er eitt af frumþörfum manna. Kostnaður við byggingar hefur að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir þá, sem hlut eiga að máli, en jafnframt almenna þýðingu, bæði á þeim tíma, sem byggt er á, og lengi eftir það.

Byggingarkostnaður hefur orðið mjög misjafn hér á landi. Í sveitum hefur þessi kostnaður yfirleitt verið lægri en í kaupstöðum. Kemur það m. a. af því, eins og með smáíbúðahúsin svonefndu, að menn hafa lagt eigin vinnu í hús sín og ekki reiknað hana sem bein útgjöld vegna bygginganna.

En nú hefur nýlega verið opinberlega skýrt frá húsabyggingum í kaupstað hér á landi, sem hafa kostað mun minna en yfirleitt þekkist á öðrum slíkum stöðum, og var þó verkið allt framkvæmt af fagmönnum, sem telja sig hafa haft sæmilegar tekjur af því. Þetta og margt fleira gefur tilefni til að ályktа, að það sé fullkomið rannsóknarefni, hvað kostnaður við byggingar getur minnstur orðið. Virðist eðlilegt, að það komi fram, hvernig á því stendur, að á einum stað á landinu er hægt að byggja hús, sem verða miklu ódýrari en á öðrum sambærilegum stöðum, og í hverju þessi kostnaðarmunur liggur. Ef hér reyndist vera um óeðlilega álagningu verktaka eða annarra að ræða, er sjálfsagt að gera ráðstafanir til að færa slíka álagningu og annan aukakostnað niður, þegar fyrir lægi rökstutt álit um það efni. Er gert ráð fyrir því, að rannsókn sú, sem hér er fyrirhuguð, miðist að nokkru leyti við þetta.

Jafnframt er gert ráð fyrir, að rannsóknin beinist að því að fá úr því skorið, hvort hagkvæmt sé að nota ný byggingarefni og nýjar aðferðir við byggingar. Á nýafstaðinni iðnsýningu var m. a. sýnt byggingarefni úr hraungrýti, en það mun lítið hafa verið notað enn þá. Fréttir berast um nýjar byggingaraðferðir, sem reynast vel í öðrum löndum og mætti gera tilraunir með hér. Enn fremur hefur byggingarkostnaður víða verið lækkaður með því að hafa margar byggingar af sömu gerð, þ. e. að reisa fjölda af smáhúsum, sem öll eru eins, eða stórar byggingar með mörgum sams konar íbúðum. Einhverjar tilraunir hafa verið gerðar hér á landi til að koma upp húsum úr tilbúnum hlerum, en sú aðferð hefur ekki verið fullreynd. Þessi dæmi eru nefnd því til sönnunar, að margt kemur til greina, þegar rætt er um ný byggingarefni og aðferðir, sem lítt eða ekki hafa verið notaðar við húsabyggingar hér á landi.

Hér er ærið verkefni fyrir höndum. Með þeim háa byggingarkostnaði, sem nú tíðkast, er torvelt að vinna bug á húsnæðisskortinum. En fyrsta skrefið til að lækka byggingarkostnaðinn hlýtur að vera í því fólgið að gera sér grein fyrir því, hvaða kostnaðarliðir séu of háir og hvaða nýjar aðferðir séu vænlegastar til þess að byggja ódýrara en nú er gert.

Nd. **208. Frumvarp til laga** [142. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir h/f Ísfirðing á Ísafirði — eða fyrir samtök, sem kynnu að verða mynduð af Ísfirðingum og útgerðarmönnum í Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík — lán til kaupa á einum togara. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán fyrir samtök útvegsmanna í Bolungarvík til kaupa á 200 tonna togveiðibát.

Ábyrgðirnar mega vera fyrir upphæðum, er nema allt að 90% af kaupverði skipanna, enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstjórnarinnar og tryggingar settar, sem hún metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rányrkja fiskimiðanna á undanförnum áratugum hefur ekki bitnað eins harkalega á neinum og vestfirzkum útgerðarmönnum og sjómönnum. Fyrir utan Vestfirði liggja ein beztu fiskimið togaraflotans. Þangað hafa hundruð togveiðiskipa sótt árlega og ausið þar upp geysilegum afla. Hefur þessi gífurlega ásókn erlendra og innlendra togara á hin vestfirzku mið haft í för með sér stöðugt minnkandi afla vélbátaflotans, en á honum hefur útgerð Vestfirðinga aðallega byggzt. Togaraútgerð hefur lengstum verið lítil í þessum landshluta. Þó er nú svo komið, að frá Ísafirði eru gerðir út 2 nýsköpunartogarar. Á Patreksfirði hefur einnig verið togaraútgerð með góðum árangri um alllangt skeið. Frá Þingeyri og Flateyri eru nú einnig gerðir út 2 gamlir togarar.

Vegna stöðugt versnandi afkomu vélbátaútvegsins vestra hefur fjöldi vestfirzkra sjómanna orðið að leita sér atvinnu í öðrum landshlutum, bæði á togurum og vélbátum. Er óhætt að fullyrða, að ef ekki verða fengin ný atvinnutæki til Ísafjarðar og sjávarþorpanna í nágrenni kaupstaðarins, muni fólk neyðast til að flytja þaðan. Í frv. þessu er lagt til, að snúizt verði á raunhæfan hátt gegn þessum vanda. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist nauðsynleg lán til kaupa á togara fyrir Ísafjörð og Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík. Enn fremur er lagt til, að ríkið ábyrgist lán til kaupa á 200 tonna togveiðiskipi fyrir Bolungarvík, en vegna erfiðra hafnarskilyrða þar á staðnum er skip af þeirri stærð talið henta bezt. Vegna þess að öll sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp eru verulegan hluta ársins í akvegasambandi við Ísafjörð, geta þessir staðir allir hagnýtt afla togara, sem hefur bækistöð sína á Ísafirði. Bolungarvík hefur erfiðasta aðstöðu til þess, vegna þess að vegurinn þangað er lengst lokaður. Þess vegna er lagt til, að greidd verði gata Bolvíkinga til þess að eignast sitt eigið togveiðiskip.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni sijórnar togaraútgerðarfélagsins Ísfirðings h/f og hreppsnefndar og útgerðarmanna í Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík. Munu þær ráðstafanir, sem í því eru ráðgerðar, stuðla að mjög verulegum atvinnubótum í þessum byggðarlögum, sem orðið hafa harkalega fyrir barði rányrkju hinna vestfirzku miða.

Nd. 209. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag. Samþykkti hún einróma að mæla með því, en tveir nefndarmanna (StJSt og EOl) áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem kunna að verða fluttar við það.

Alþingi, 8. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 210. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Heimilt er þó vélbátum að stunda rækjuveiðar og leturhumarveiðar með venjulegri rækjuvörpu og leturhumarvörpu.

Sþ. 211. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um Flóa- og Skeiðaáveiturnar.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka, hvernig hagfelldast sé að haga framræslu á Flóaáveitusvæðinu, með sérstöku tilliti til þurrkunar lands hinna ýmsu jarða svæðisins til túnræktar og með hliðsjón af viðhaldi áveitunnar á jörðum, er hennar hafa veruleg not.

Einnig athugi nefndin sérstaklega, hvort ástæða sé til þess að gera breytingar á Flóaáveitulögunum vegna aukinna framkvæmda á áveitusvæðinu og breytts viðhorfs hinna ýmsu jarða til þeirra.

Nefndin skal þannig skipuð, að stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Flóaáveitunnar tilnefna sinn manninn hvor, en landbúnaðarráðherra skipar þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur taki nefndin til athugunar á sama hátt ástand Skeiðaáveitunnar með tilliti til framræslu áveitusvæðisins og viðhalds áveitunnar.

Þegar nefndin vinnur að málefnum Skeiðaáveitunnar, leggi stjórn Skeiðaáveitunnar til einn mann í nefndina, er landbúnaðarráðherra samþykkir, enda taki nefndarmaður sá, er stjórn Flóaáveitunnar tilnefndi, ekki þátt í þeim störfum.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 100 þús. kr. lán, er stjórnir áveitnanna kunna að taka innanlands til framræslu og umbóta á áveitusvæðunum næsta sumar, og fari um þær framkvæmdir eftir tillögum nefndarinnar.

Nefndin skili tillögum sínum og áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Þegar Flóaáveitan var upphaflega gerð, var skurðakerfi hennar við það eitt miðað, að það nægði til að flytja nægilegt vatn til áveitusvæðisins og flytja það burt aftur af áveitulöndunum. Í raun og veru var þessu verki aldrei til fulls lokið, og hefur það valdið sums staðar nokkru tjóni og óþægindum. Nú hafa ýmsir bændur á áveitusvæðinu hafizt handa um aukna túnrækt. Til þess að nokkur möguleiki gæti á því orðið, varð að auka skurðakerfið mikið frá því, sem það áður var.

Nú leikur bændum hugur á að halda þessu ræktunarstarfi áfram og hraða því eftir föngum, en til þess að svo megi verða, þarf að ræsa löndin miklu meira fram en enn er orðið. Er nauðsynlegt að stækka aðalskurðina mikið frá því, sem er, og búast má við, að aukin túnrækt víðs vegar um áveitusvæðið geri breytingar á skurðakerfinu óhjákvæmilegar. Áður en hafizt er handa um slíkt verk, er nauðsynlegt, að nákvæm athugun á landinu fari fram. Þetta landsvæði er svo stórt, að það er engin von til þess, að menn geti gert sér ljósa grein fyrir, hvernig framræslunni verði bezt hagað, án nákvæmrar rannsóknar á öllum staðháttum og aðstöðu hinna ýmsu jarða á áveitusvæðinu.

Í höfuðatriðum á hið sama við um Skeiðaáveituna og það, er nú hefur verið sagt um Flóaáveituna. Sömu viðfangsefnin eru þar og sams konar þörf á, að þau verði leyst sem fyrst. Fer bezt á því, að athugun á löndum áveitujarðanna á Skeiðum fari fram um leið og Flóaáveitan er rannsökuð.

Ed. 212. Breytingartillaga [69. mál]

við brtt. á þskj. 196 [Togarakaup Húsvíkinga].

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. tölulið. Aftan við meginmálsgreinina bætist:

Þá skal lágmark tryggingar auk trygginga í skipinu sjálfu og ábyrgð sveitarsjóðs viðkomandi sveitarfélags aldrei nema minna en 500 þús. krónum fyrir hvert skip.

Nd. 213. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því miður ekki séð sér fært að mæla með frv. En við, sem minni hl. skipum, erum frv. eindregið fylgjandi og teljum mikla og vaxandi nauðsyn á því, að almenningur í landinu verði verndaður gegn okri eða óhóflegri álagningu á seldar vörur á þann veg, að fjárhagsráð ákveði hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti. Með því móti á að vera unnt að halda verðlagi meir í skefjum en nú er gert, og ber til þess brýna þörf. Við mælum því með, að frv. verði samþykkt, og verða nánari rök færð fyrir því í framsögu.

Alþingi, 11. nóv. 1952.

Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 214. Lög [43. mál]

um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 197.

Ed. 215. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og eru allir nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „opinberri lánsstofnun“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: Byggingarsjóði eða Ræktunarsjóði Íslands.
   b. Við 2. málsl. sömu málsgr. bætist: hinnar leigðu fasteignar.
   c. 2. málsgr. falli niður.
   d. Í stað „þriggja mánaða“ í 3. málsgr. komi: tveggja mánaða.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað „kr. 3000.00“ í 54. gr. laganna komi: kr. 6000.00.

Alþingi, 11. nóv. 1952.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Þorsteinn Þorsteinsson, frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 216. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

Ed. 217. Breytingartillaga [42. mál]

við brtt. á þskj. 216 [Verðlag].

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Efnismálsgr. brtt. orðist þannig:

Heimilt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vörur eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á, og skylt er honum að birta þau, ef álagning fer 50% fram úr því, sem var á meðan fjárhagsráð eða viðskiptaráð ákváðu hámarksálagningu. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd birtingarinnar.

Sþ. 218. Fyrirspurn [144. mál]

til ríkisstjórnarinnar um risnukostnað.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvaða starfsmenn ríkisins eða flokkar starfsmanna fá greitt risnufé?
2. Hversu miklu nam þetta risnufé árið 1951:
   a. í heild,
   b. til hvers flokks starfsmanna?
3. Gera þessir aðilar grein fyrir því, hvernig fé þetta er notað?
4. Hvaða starfsmenn ríkisins eða flokkar starfsmanna fá áfengi til risnu með sérstökum kjörum hjá Áfengisverzlun ríkisins?
5. Hversu miklu nam áfengissala til þessara aðila árið 1951, miðað við útsöluverð verzlunarinnar:
   a. í heild,
   b. til hvers flokks starfsmanna?
6. Gera þessir aðilar grein fyrir því, til hvaða risnu áfengið er notað?
7. Hversu miklu nam risnukostnaður ríkisstjórnarinnar árið 1951?
8. Hversu mikill hefði risnukostnaðurinn orðið, ef notað áfengi hefði verið keypt við útsöluverði?

Nd. 219. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta, sem er stjórnarfrv., er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin gaf út á s. l. sumri. Efni þessara bráðabirgðalaga er:

a) Að bannið gegn fiskveiðum með botnvörpu taki einnig til flotvörpu.
b) Að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampa- og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu.
c) Að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Undanþága þessi er þó bundin vissum skilyrðum.

Sjávarútvegsnefnd er þeirrar skoðunar, að varlega beri að fara um öll frávik frá höfuðstefnu hinna nýju friðunarákvæða. Er Íslendingum í því efni mikill vandi á höndum, bæði að því er til þess tekur að halda sem tryggilegast vörð um það, að hin aukna friðun fiskisvæða til verndar fiskistofninum geti orðið sem raunhæfust, og að ekkert sé aðhafzt í þessu efni, er gæfi erlendum fiskveiðaþjóðum átyllu til að bera brigður á, að friðunarráðstafanir vorar væru oss lífsnauðsyn.

Sjávarútvegsnefnd fellst á þá tilhögun, sem fylgt er í frv. um frávik frá friðunarákvæðunum, að þau séu höfð í heimildarformi. Lítur nefndin svo á, að eigi sé rétt eða hyggilegt að fara inn á þá braut að gera hér undantekningar án allra skilyrða. Að sjálfsögðu verður að hafa vakandi gát á því, að eigi séu í blóra við þær undanþágur, sem gefnar eru, hafnar ólöglegar botnvörpuveiðar innan hins friðlýsta svæðis. Verður eftirlit með þessu tvímælalaust auðveldara með heimildarforminu en að tilteknar veiðar séu gefnar alveg frjálsar. Allar undanþágur hér að lútandi þarf að gera að vel yfirlögðu ráði. Gert er ráð fyrir því í frv., að leitað skuli álits Fiskifélags Íslands, áður en leyfðar eru síldveiðar með flotvörpu. Fellst nefndin á, að þetta sé eðlileg öryggisráðstöfun. Telur hún, að hið sama ætti og að gilda um undanþágur fyrir kampalampa- og leturhumarveiðum. Flytur hún því brtt. um það.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við 2. málsgr. greinarinnar bætist: Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Alþingi, 10. nóv. 1952.

Pétur Ottesen, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson.
Sigurður Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 220. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta er stjórnarfrv., og er það borið fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin gaf út á s. l. sumri. Bráðabirgðalög þessi eru gefin út í sambandi við hina nýju reglugerð frá 19. marz 1952, um friðun landgrunnsins, og er efni þeirra það eitt, að sektarákvæði laga þeirra, er í 1. gr. getur, gildi á friðunarsvæðinu eins og það er nú ákveðið.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 10. nóv. 1952.

Pétur Ottesen, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson.
Sigurður Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 221. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu hver fyrir sitt umdæmi setja reglugerð um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Hafa skal samráð við héraðslækna á hverjum stað um ákvæði reglugerðar.
   Í reglugerð hverri skal ákveða:
   a. Um hreinsun hunda af bandormum, hvernig hún skuli framkvæmd, á hvaða tíma og af hverjum.
   b. Um meðferð á sullum og innyflum úr sullaveikum skepnum; einnig hausum af höfuðsóttarfé.
   Heimilt er í reglugerð að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.
   Heimilt er einnig með reglugerð að fela hreppsnefndum innan sýslu að annast hundahreinsun, enda borgi sýslusjóður þeim þá þann hundaskatt, sem til fellur frá hundaeigendum í hreppnum.
   Reglugerð skal staðfest af heilbrigðismálaráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.
2. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: og afhenda hana sýslumanni eða bæjarstjóra.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Til að bera kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða skatt af öllum hundum 4 mánaða og eldri. Rennur skatturinn í sýslusjóð eða bæjarsjóð.
   Skatturinn skal vera:
   a. Af hverjum hundi búenda eða annarra, sem búfé eiga, kr. 15.00 árlega.
   b. Af öðrum hundum kr. 100.00 árlega.
4. Við 4. gr. Greinin fellur burt.
5. Við 5. gr. Greinin fellur burt.
6. Við 6. gr. (verður 4. gr.) Á eftir orðunum „varða sektum“ orðist greinin svo: er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.
7. Við 7. gr. Greinin verður 5. grein.
8. Við 8. gr. Greinin verður 6. grein.

Alþingi, 12. nóv. 1952.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.	Andrés Eyjólfsson.

Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 222. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um lausn ítaka af jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur á fundi sínum í dag athugað frv. eins og það nú liggur fyrir á Alþingi, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því við deildina, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Á eftir orðinu „lýsingunni“ í 2. málsl. bætist: til héraðsdómara.
2. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er.
3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „hefur verið“ í 2. málsl. bætist: skilið frá jörðinni og.

Alþingi, 12. nóv. 1952.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Þorsteinn Þorsteinsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Nd. 223. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það til umsagnar fræðslumálastjóra og forstöðukonu húsmæðrakennaraskóla Íslands, og eru umsagnir þeirra prentaðar hér með sem fskj. — Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:

Skólanefnd hvers skóla ákveður, að fengnu áliti skólastjóra og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, hvort skólinn starfar í 1 eða 2 ársdeildum og hve langur skólatíminn sé árlega.

Alþingi, 12. nóv. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson, frsm.
Jónas Árnason. Kristín Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. október 1952.

Vegna frumvarps þess til laga á þskj. 87 um breytingu á lögum nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, sem háttvirt menntamálanefnd Nd. Alþingis sendi hingað til umsagnar 23. þ. m., skal tekið fram, að ég mæli með því, að frumvarpið verði

lögfest. Í frumvarpinu er raunverulega aðeins um þá breytingu frá núgildandi lögum að ræða, að 9 mánaða starfstími verður ekki lögboðinn, en hins vegar leyfilegur þar, sem það þykir henta.

Ég hef leitað álits námsstjóra húsmæðrafræðslunnar um frumvarpið, og hefur hún ekkert við það að athuga.

Helgi Elíasson.

Menntamálanefnd Nd. Alþingi.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 27. október 1952.

Hæstvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp hr. alþingismanns Jóns Pálmasonar um breytingu á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Ég er að nokkru leyti samþykk ofangreindu frumvarpi, en tel þó æskilegt, að nokkrir húsmæðraskólanna starfi ávallt í 9 mánuði, en get ekki fallizt á það, sem segir í greinargerðinni með frumvarpinu, að „alls vegna sé líka krafan um 9 mánaða skólavist á ári fráleit". Auðvitað er það mjög gott fyrir þær stúlkur, sem hafa efni og ástæður til þess, að dvelja svo lengi við nám á húsmæðraskólunum.

Til þess að gera sem flestum stúlkum kleift að stunda nám á húsmæðraskólum, finnst mér hins vegar að breyta mætti nokkrum skólum í tvö námstímabil, hið fyrra byrjaði fyrst í september og stæði fram í janúar, hið síðara hæfist þá og stæði fram á vor.

Ef námstíma yrði hagað eins og fyrr greinir, gætu nemendur valið um, hvort námstímabilið þeir kysu heldur, og gætu þá ráðið því, hvort þeir tækju námið allt á einum vetri eða létu t. d. ár líða milli námstímabila.

Námsefnið yrði þá einnig mismunandi. Á fyrra námstímabili yrði aðallega kennd matreiðsla, að haustinu geymsla berja, grænmetis og annarra matvæla til vetrarforða, en á síðara tímabilinu yrði einkum lögð stund á hannyrðir og að vorinu kennd garðyrkja og undirbúningur grænmetisræktunar.

Enn fremur mætti hafa í nokkrum skólum aðalnámsgreinar þær sömu á báðum námstímabilunum, sem sé matreiðslu og híbýlaumgengni, en mismunur yrði eingöngu í því, að fyrra tímabilið yrði kennd geymsla matvæla til vetrarforða, en síðara tímabilið kennd garðyrkja og undirbúningur grænmetisræktunar.

Þessa tilhögun mætti hafa í nokkrum húsmæðraskólunum til reynslu.

Fyrir tveim árum kom ég fram með ákveðnar tillögur um það á fundi í húsmæðrakennarafélaginu þess efnis, að nokkrum húsmæðraskólanna yrði breytt í 4½ til 5 mánaða skóla, svo að þetta samrýmist mjög vel skoðun minni á þessu, þótt ég hins vegar telji alls ekki, að breyta ætti öllum skólunum þannig. Hver skóli hefði sitt sérstaka fyrirkomulag, og gætu þá stúlkur valið um skóla eftir efnum og ástæðum.

Þá tel ég sjálfsagt, að forstöðukonur og skólanefndir hafi frjálsar hendur um að halda námskeið, t. d. fyrir húsmæður.

Ekki tel ég heppilegt, að skólanefndir hvers skóla geti ákveðið frá ári til árs, hvort skólinn skuli starfa í 9 mánuði eða 5, heldur skuli það ákveðið af forstöðukonu skólans, skólanefnd og fræðslumálastjórn, og gildi sú ákvörðun um nokkurt árabil fyrir hvern skóla, þannig að hver skóli verði þekktur fyrir sína námstilhögun.

Ég er mjög þakklát Alþingi fyrir þann skilning, sem það sýnir húsmæðrafræðslunni í landinu, og vona ég, að því takist að búa henni þau skilyrði og glæða

áhuga fyrir húsmæðrafræðslunni, að skólarnir verði aftur fullskipaðir, áður en langt um líður.

Virðingarfyllst,

Helga Sigurðardóttir.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 224. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [27. mál]

í málinu: Till. til þál. um stærð og gerð smáíbúðarhúsa.

Frá forsætisráðherra.

Með því að þegar hefur verið breytt reglum þeim, er fjárhagsráð setti á síðastliðnu ári um stærð smáíbúða, og málið hefur þar með verið leyst á þann hátt, sem þeir, er hafa slíkar íbúðir í smíðum, sætta sig við, telur þingið ekki ástæðu til þess að samþykkja þingsályktunartillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 225. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. laga nr. 8 1944 koma tvö ný héruð, þannig:

a. **Egilsstaðahérað vestra:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.
b. **Egilsstaðahérað eystra:** Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

2. gr.

Læknishéruðin starfrækja í félagi sjúkrahúsið á Egilsstöðum, og annast læknar beggja héraðanna læknastörfin, enda hafa báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklinga sína.

Sá læknirinn, sem á hverjum tíma hefur verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skal vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um.

3. gr.

Síðasti málsliður 7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Bráðabirgðaákvæði.

Núverandi héraðslæknir Egilsstaðahéraðs skal eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknabústaðnum.

Greinargerð.

Með lögum nr. 8 1944 voru tvö læknishéruð á Fljótsdalshéraði sameinuð með læknisbúsetu á Egilsstöðum, og var svo til ætlazt, að auk héraðslæknis skyldi ætíð vera þar einn aðstoðarlæknir. Frá upphafi voru margir héraðsbúar mjög á móti þessari breytingu, töldu, að lögin tryggðu Fljótsdalshéraði aðeins einn lækni í stað tveggja áður. Mundi slíkt hafa í för með sér óviðunandi afturför í heilbrigðismálum héraðsins, þar sem einum lækni væri algerlega ofvaxið að þjóna svo víðlendu héraði sem Fljótsdalshéraði, þar sem hátt á annað hundrað km væru á milli yztu bæja við sjó fram og efstu dalabyggða, auk þess sem það væri sundurskorið af mörgum stórvötnum. Þar að auki væri vegakerfi héraðsins ófullkomið og oft mikil snjóþyngsli, sem torvelduðu mjög öll vetrarferðalög. Margir töldu mjög lítilsverð ákvæði laganna um aðstoðarlækni að Egilsstöðum, því að óvíst væri, hvort maður fengist að staðaldri í það starf, og því líklegastir ungir og reynslulausir læknar um stuttan tíma í senn eða að jafnvel yrði að bjargast við læknanema.

Lögin nr. 8 1944 tóku gildi 1. janúar 1945, og var þá þegar unnið að því að koma upp myndarlegu sjúkraskýli á Egilsstöðum og íbúð fyrir héraðslækninn og aðstoðarlækni hans. Því miður reyndist sá ótti á rökum reistur, að þessi nýja skipan í læknamálum Fljótsdalshéraðs yrði óviðunandi. Byrjunin var ekki góð. Fyrsti aðstoðarlæknirinn kom ekki fyrr en á miðju ári 1946, en alls hafa sjö læknakandidatar sinnt aðstoðarlæknisstörfum á Egilsstöðum frá þeim tíma til þessa dags. Sá fyrsti dvaldi á Egilsstöðum 15 mánuði, en þurfti á þeim tíma að hverfa frá um skeið til að þjóna öðru læknishéraði vegna forfalla læknisins þar. Annars hafa flestir aðstoðarlæknarnir verið 6—10 mánuði í starfi, og hefur héraðið alloft verið aðstoðarlæknislaust — og tvisvar að vetrarlagi.

1948 var svo komið, að íbúum Fljótsdalshéraðs var yfirleitt orðið það ljóst, að ekki var lengur hægt að una við ríkjandi ástand í læknamálum héraðsins. Samþykktu þá oddvitar allra hreppanna áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að breyta svo lögum, að framvegis yrðu tveir læknar skipaðir í Egilsstaðahérað. Síðan hefur hver áskorunin rekið aðra um það efni og á síðustu árum ákveðin krafa um, að læknishéraðinu væri skipt í tvö héruð og báðir læknarnir búsettir á Egilsstöðum.

Á síðasta Alþingi var að tilhlutan heilbrigðisstjórnarinnar lagt fyrir neðri deild frv. til l. um skiptingu eins læknishéraðs á Norðurlandi. Við meðferð málsins í deildinni var samþykkt breytingartillaga við frv. um, að Egilsstaðahéraði skyldi einnig skipta í tvö læknishéruð, og fór málið þannig til efri deildar. Sú deild vék málinu frá með rökstuddri dagskrá, þar sem meðal annars kom fram, að ætlazt var til, að málið yrði, ef þörf krefði, tekið fyrir að nýju á þessu þingi. Skipting Egilsstaðalæknishéraðs er brýn nauðsyn, en hefur dregizt of lengi. Þess vegna er þetta frv. nú fram komið samkvæmt einróma ósk íbúa héraðsins, þar á meðal héraðslæknisins á Egilsstöðum.

Í frv. er gert ráð fyir, að Egilsstaðahéraði verði skipt í tvennt, þannig að fimm hreppar verði í hvoru læknishéraði, og verður íbúatala hvors héraðs milli átta og níu hundruð manns. Má fullyrða, ekki sízt með tilliti til allra aðstæðna á Fljótsdalshéraði, að báðir læknarnir fá næg verkefni. Kemur þar meðal annars til greina sameiginleg starfræksla sjúkrahússins á Egilsstöðum, sem aðeins getur komið að því liði, sem með þarf og til er ætlazt, þegar tveir reyndir fastalæknar sinna þar störfum. — Í frv. eru sérstök ákvæði um störf læknanna við sjúkrahúsið og lyfjasölu þeirra.

Sþ. **226. Skýrsla**

félagsmálaráðuneytisins um 34. Alþjóðavinnumálaþingið.

Þrítugasta og fjórða Alþjóðavinnumálaþingið var haldið í Genf dagana 6.—29. júní 1951. Þingsókn var að þessu sinni með mesta móti, og voru það einungis fjögur aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem engan fulltrúa áttu þar. Eitt þessara fjögurra ríkja var Ísland. Alls sátu þingið 603 fulltrúar og sérfræðingar, auk fjórtán félags- og vinnumálaráðherra, sem sátu þingið lengri eða skemmri tíma. Áheyrnarfulltrúar voru frá Japan og Saar. Þá sóttu þingið einnig fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum og ýmsum alþjóðasamtökum, sem eru í sambandi við þær, svo og fulltrúar alþjóðasambanda verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og samvinnumanna.

Eins og jafnan áður komu fram mótmæli gegn þingsetu einstakra fulltrúa, en þeim var öllum vísað á bug af kjörbréfanefnd þingsins. Mesta athygli vöktu mótmæli pólsku og tékknesku fulltrúanna gegn þingsetu kínversku Kuomintang-stjórnarinnar og urðu allhörð átök um það mál, sem enduðu eins og fyrr var sagt með því, að mótmælunum var vísað á bug á þeim forsendum, að þetta atriði snerti fyrst og fremst Sameinuðu þjóðirnar og ætti því að úrskurðast af þeim.

Á þinginu var samþykkt að veita Japan og Vestur-Þýzkalandi upptöku í Alþjóðavinnumálastofnunina og Júgóslavíu, sem áður hafði sagt sig úr stofnuninni, tók þá úrsögn nú aftur áður en hún kom til framkvæmda.

Forseti stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Belgíumaðurinn Leon-Eli Troclet, setti þingið og stjórnaði kjöri þingforseta, en fyrir því kjöri varð svissneski fulltrúinn, prófessor Rappard, sem um langt skeið hefur verið fulltrúi Svisslands á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur aðildarríkjana um framkvæmdir á samþykktum.
4. Markmið og lágmarkskröfur í tryggingamálum (fyrri umræða).
5. Samband atvinnurekenda og verkamanna þ. á m. heildarsamningar og frjálsar sættir og gerðir í vinnudeilum (síðari umræða).
6. Samvinna milli opinberra stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna (fyrri umræða).
7. Jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (síðari umræða).
8. Lágmarkslaun landbúnaðarfólks (síðari umræða).
9. Orlof landbúnaðarfólks (fyrri umræða).

Auk þessa fóru fram umræður á þinginu um nokkrar tillögur varðandi starfshætti stofnunarinnar o. fl. og einnig fór fram kosning stjórnar til næstu þriggja ára.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir gangi hvers einstaks máls á þinginu, og er þar stuðzt við skýrslu þá, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur gefið út um þingið, svo og skýrslur sendinefnda hinna Norðurlandanna.

Samþykktir þær og álitsgerðir, sem þingið afgreiddi, eru prentaðar sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.

Það hefur verið venja um nokkurt skeið, að skýrsla framkvæmdastjórans fjallaði um einhvern þátt félagsmála og hafa umræður þá einkum snúizt um það efni. Að þessu sinni fjallaði skýrslan um launamál og atvinnu. Dregin var upp mynd af þróuninni í launamálapólitík undanfarinna ára og gerð grein fyrir þeim mismunandi skoðunum, sem ríkt hafa um það, hvernig bezt yrði borgið hagsmunum verkamanna og þjóðfélagsins. Þá eru og í skýrslunni gerðar tillögur um

grundvöll að stefnuskrá í þessum málum. Í stuttu máli eru tillögur þessar sem hér segir: Ríkisstjórnir ættu að ganga úr skugga um það, að heildareftirspurnin sé ekki meiri (og heldur ekki minni) en þarf til þess að notfæra þá framleiðslu og þjónustu, sem fyrir hendi er, þegar framleiðslugetan er hagnýtt til fulls. Ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og verkamanna ættu jafnan að ræðast við um eðli launa- og verðlagsmálanna með fulla nýtingu vinnuaflsins fyrir augum. Ríkisstjórnir, verkamenn og atvinnurekendur ættu að koma sér saman um nokkur grundvallarmarkmið þ. e. stöðugleika verðlags, hækkun launa í hlutfalli við aukna framleiðslugetu og aðgerðir til þess að tryggja verkamönnum sanngjarnan hluta af iðnaðarframleiðslunni. Innan þessa ramma leggur framkvæmdastjórinn til, að ríkisstjórnir, verkamenn og atvinnurekendur vinni að þessum málum.

Auk þessa máls, sem nú hefur verið drepið á, fjallaði skýrsla framkvæmdastjórans um efnahagsástandið í heiminum og félagsmálaþróunina svo og um starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á liðnu ári.

Við umræðurnar um skýrsluna tóku fulltrúar frá 51 landi til máls. Mikill meiri hluti ræðumanna lét í ljós skoðanir sínar á því máli, sem skýrsla framkvæmdastjórans fjallaði sérstaklega um, en samkvæmt venju, sem myndazt hefur um þennan dagskrárlið, gerðu ýmsir ræðumenn grein fyrir nýrri lagasetningu og öðrum framförum á sviði félagsmála í sínum löndum.

Það gefur að skilja, að mjög mismunandi skoðanir komu fram hjá ræðumönnum um aðalmál skýrslunnar, enda ekki ráð fyrir því gert, að um það væri hægt að gera neinar ályktanir, en óhætt er að segja það, að meiri hluti ræðumanna aðhylltust þær tillögur, sem settar voru fram í skýrslunni, og getið er hér að framan. Þá kom fram nokkur gagnrýni á Alþjóðavinnumálastofnunina m. a. frá Austur-Evrópuríkjunum, sem ekki töldu hagkerfi þeirra nægilega mikill gaumur gefinn. Þau héldu því og fram, að vígbúnaður Vestur-Evrópuríkja hlyti að leiða það af sér, að framleiðslan til almennings þarfa drægist saman og kjör verkamanna rýrnuðu.

Í lok umræðnanna svaraði framkvæmdastjórinn þeirri gagnrýni, sem fram hafði komið og ræddi um ýmsa þætti í starfsemi stofnunarinnar svo sem um tæknilega aðstoð til ríkja, sem stutt eru á veg komin í þróun félagsmála, og um fólksflutninga milli landa. Þá ræddi hann og um verðbólgu, sem mjög hefur gætt í ýmsum ríkjum á síðari árum, og ráð við henni. Að endingu fórust framkvæmdastjóranum orð á þessa leið.

Öll ríki nú á dögum, hvers konar stjórnar- eða hagkerfi sem þau búa við, eiga eitt sameiginlegt markmið, þ. e. að bæta stöðugt lífs- og starfskjör þegna sinna. Þetta sameiginlega áhugamál tengdi þau saman í Alþjóðavinnumálastofnuninni, en hún leggur mikinn skerf til friðar í heiminum. Stofnunin verður jafnan að láta í té þjónustu við ríki, hvar sem þau eru stödd á þróunarbrautinni eða hvaða stefnu þau aðhyllast á sviði stjórnmála eða efnahagsmála.

2. Fjárhagsmál.

Framkvæmdastjórinn lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1952, og var hún samþykkt óbreytt. Heildarupphæð hennar var 6 470 639.00 dollarar, og var það nokkru hærra en næsta ár á undan. Nokkrar smávægilegar breytingar voru gerðar á hlutfalli því, sem tillögum aðildarríkjanna er skipt eftir. Ísland greiðir 0.12% heildarupphæðarinnar, og nam árgjald þess fyrir 1952 7 764.77 dollurum.

3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.

Einn þátturinn í starfsemi hvers Alþjóðavinnumálaþings er að rannsaka hvernig framfylgt sé ákvæðum þeirra samþykkta, sem þingið hefur áður gert, og yfirleitt hvernig aðildarríkin fullnægja skyldum sínum að því er snertir samþykktir þingsins.

Hverju aðildarríki er skylt að leggja allar samþykktir Alþjóðavinnumálaþings-

ins fyrir handhafa löggjafarvaldsins. Skal það yfirleitt gert innan eins árs frá slitum þess þings, sem þær gerði, en aldrei síðar en innan átján mánaða frá þingslitum.

Nokkur misbrestur er stundum á uppfyllingu þessa ákvæðis, og að því er tekur til samþykkta þingsins 1949 voru það einungis 17 ríki, sem fullnægðu þessari skyldu algerlega. Eitt þessara ríkja var Ísland. Lagði þingið á það mikla áherzlu, að úr þessu yrði bætt og beindi því til hlutaðeigandi ríkisstjórna, að þær gættu betur framvegis skyldu sinnar í þessu efni.

Þá er einnig nokkur misbrestur á því, að ríkisstjórnir gefi fyrirskipaðar skýrslur um, hversu þær framfylgja samþykktum, sem þær hafa fullgilt, en nokkuð er reynt að bæta úr því með því að þingnefndin, sem um þessi mál fjallar, kallar fulltrúa þeirra ríkja, sem ekki hafa sent skýrslur, á sinn fund til þess að gefa þær upplýsingar sem þurfa þykir.

Allar skýrslur um framkvæmdir á samþykktum eru fyrst lagðar fyrir sérstaka nefnd sérfræðinga, sem gefur skýrslu til þingsins.

4. Markmið og lágmarkskröfur í tryggingamálum.

Á tímabilinu milli heimsstyrjaldanna tveggja hafði Alþjóðavinnumálaþingið gert nokkrar samþykktir um einstakar greinar almannatrygginga. Eftir heimsstyrjöldina síðari voru samþykktir þessar orðnar úreltar í ýmsum atriðum og þurfti því að taka þær til endurskoðunar.

Var þá horfið að því ráði að gera eina allsherjarsamþykkt um almannatryggingar, er leysa skyldi hinar eldri samþykktir af hólmi. Samþykkt þessi átti að fjalla um allar greinar almannatrygginga, en heimilt átti að vera að fullgilda hana smátt og smátt. Hugmyndin var, að samþykktin skyldi tiltaka lágmarksákvæði og einnig strangari ákvæði, sem leitazt skyldi við að fullnægja. Alþjóðavinnumálaskrifstofan samdi drög að samþykkt í því formi, sem hér hefur stuttlega verið drepið á og lagði þau fyrir þingið 1951.

Það kom fljótlega í ljós við umræðurnar á þinginu, að fulltrúar verkamanna voru í aðalatriðum fylgjandi efni frumvarps skrifstofunnar, en atvinnurekendafulltrúarnir voru því andvígir. Töldu hinir síðarnefndu, að tryggingakerfi, sem næðu til allra, en ekki einungis launþega, væru fyrir utan verksvið þingsins. Einnig töldu þeir það ósamrýmanlegt grundvallarreglum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að heimila ríkisstjórnum að velja á milli ákvæða, sem gera mismunandi háar kröfur. Aðhylltust þeir þá aðferð, að gera sérstaka samþykkt um hverja grein trygginganna fyrir sig.

Það reyndist mjög erfitt að samrýma hin ólíku sjónarmið í þessu máli, og var því horfið að því ráði að ræða einungis um lágmarksákvæðin, en fresta hinum þætti málsins til síðara þings. Gengið var frá uppkasti um lágmarksreglurnar og ákveðið, að þær skyldu lagðar fyrir næsta þing til fullnaðarafgreiðslu. Uppkast þetta tók til átta greina trygginganna, þ. e. sjúkrastyrkja, sjúkradagpeninga, atvinnuleysisstyrkja, ellistyrkja, slysatrygginga, fjölskyldubóta, mæðrastyrkja og lífeyris til eftirlifenda. Hvert það aðildarríki, sem hefur komið á hjá sér einhverjum þremur framangreindum þáttum trygginga og fullnægja ákvæðum samþykktarinnar hvað þeim viðvíkur, getur fullgilt samþykktina. Að ýmsu leyti öðru er samþykktaruppkast þetta þannig orðað, að lítilfjörlegt misræmi milli hennar og lagaákvæða hlutaðeigandi lands getur ekki komið í veg fyrir að hægt sé að fullgilda hana.

5. Samband atvinnurekenda og verkamanna.

Fyrir þinginu lá uppkast að álitsgerð um heildarsamninga, sem gengið hafði verið frá á þinginu 1950 eins og getið er um í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um það þing. Fram komu tillögur um það, að gerð skyldi samþykkt um þetta efni og einnig, að um það yrði gerð samþykkt með álitsgerð til uppfyllingar. Báðar þessar tillögur voru felldar.

Fulltrúar atvinnurekenda voru andvígir setningu álitsgerðarinnar og töldu hana skerða frelsi það, sem ríkja ætti um gerð heildarsamninga. Þeir sátu því hjá við atkvæðagreiðslu um hana.

Ekki mun álitsgerð þessi hafa mikla þýðingu fyrir Ísland, og verður efni hennar ekki rakið hér, en hún er prentuð hér með í fylgiskjali.

Þá var undir þessum dagskrárlið rætt um frjálsar sættir og gerðir, og var samþykkt um það efni álitsgerð, sem byggð var á uppkasti, sem samið var á þinginu 1950. Álitsgerð þessi er birt í fylgiskjali með skýrslu þessari.

Að síðustu var svo fyrri umræða um samvinnu milli opinberra stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna. Lítill tími vannst til að ræða þennan lið, en gengið var þó frá nokkrum grundvallaratriðum og Alþjóðavinnumálaskrifstofunni falið að gera uppkast að álitsgerð um þetta mál.

6. Jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Þetta mál var til fyrri umræðu á Alþjóðavinnumálaþinginu 1951 og voru þá samþykkt nokkur atriði, er skyldu lögð til grundvallar við samningu væntanlegra alþjóðareglna um það. Var Alþjóðavinnumálaskrifstofunni falið að semja annars vegar frumvarp að samþykkt ásamt álitsgerð og hins vegar frumvarp að álitsgerð einni saman, en þingið 1951 skyldi ákveða, hvor hátturinn yrði hafður á afgreiðslu málsins. Nefndin, sem skipuð var á þinginu til þess að fjalla um þetta mál, ákvað, að gerð skyldi um það samþykkt, er fæli í sér aðalreglurnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, en um framkvæmdahætti skyldi nánar kveðið á í álitsgerð. Um þetta atriði urðu þó hörð átök í nefndinni, þar sem fulltrúar atvinnurekenda og nokkrir ríkisstjórnafulltrúar vildu aðeins samþykkja álitsgerð um málið. Fyrir nefndinni lágu frumvörp, sem skrifstofan hafði samið og byggðust á þeim grundvallarreglum, sem samþykktar voru á þinginu 1950, og athugasemdum, sem borizt höfðu frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna.

Samþykktin skilgreinir orðið „laun“ og kveður svo á, að með hugtakinu „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf“, sé átt við launataxta, sem ekki byggist á greinarmun á kynjum. Í sambandi við síðara atriðið vildu ýmsir fulltrúar atvinnurekenda, að sérstök skilgreining yrði gerð á orðunum „jafnverðmæt störf“ og gerðu ýmsar tillögur í þá átt, einkum að miðað væri við jöfn afköst við þau störf, sem unnin væru af körlum og konum og að mismunur á launatöxtum karla og kvenna, sem byggðist á öðru en kynferði, skyldi ekki talinn brjóta í bág við ákvæði samþykktarinnar um jöfn laun. Tillögur þessar voru felldar.

Samþykktin leggur þeim ríkjum, sem hana fullgilda, þá skyldu á herðar, að koma á samræmi í launagreiðslum til karla og kvenna, og skal beita til þess aðferðum, sem bezt hæfa aðstæðum í hverju landi.

Beitingu grundvallarreglna samþykktarinnar skal tryggja með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum eða með aðferðum þessum sameiginlega.

Þar sem það telst nauðsynlegt eða hentugt vegna framkvæmda ákvæða samþykktarinnar, skal framkvæma mat á störfum.

Nefndin leit svo á, að taka bæri tillit til þeirra mismunandi aðferða, sem hafðar eru við ákvörðun launa í hinum ýmsu löndum. Samþykktin ákveður því, að stjórnvöld þau, sem ákveða launataxta, geti ákveðið þær aðferðir, sem fylgja ber við mat á störfum. Séu launataxtarnir ákveðnir með heildarsamningum, geta samningsaðilarnir komið sér saman um þessar aðferðir.

Ríkisstjórnum þeim, sem fullgilda samþykktina, ber að hafa samstarf við félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna um framkvæmd ákvæða hennar.

Álitsgerðin fjallar um það, hversu framkvæma skuli reglur þær, sem samþykktin setur. Í henni er og kvatt til þess, að konum sé gefin jöfn tækifæri og körlum til að njóta starfsþjálfunar og ráðlegginga í sambandi við starfsval o. fl.

Að lokum er kveðið á um það, að lögð skuli áherzla á að glæða skilning almennings á reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Þegar skýrsla nefndarinnar kom til umræðu á almennum þingfundi, urðu enn miklar umræður um þetta mál. Kom þá enn fram tillaga frá stjórnarfulltrúum Ástralíu, Bretlands, Danmerkur, Indlands og Svíþjóðar um að breyta samþykktinni í álitsgerð, en sú tillaga var felld með 103 atkvæðum gegn 68. Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina greiddu 105 atkvæði með henni en 33 á móti, 40 sátu hjá. Álitsgerðin var samþykkt með 146 atkvæðum gegn 18, 19 sátu hjá.

8. Lágmarkslaun landbúnaðarfólks.

Á þinginu 1950 fór fram fyrri umræða um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun landbúnaðarfólks, en á þessu þingi var gengið frá samþykkt og álitsgerð um það mál, og byggðust þær á frumvörpum, sem samin höfðu verið í samráði við ríkisstjórnir aðildarríkjanna.

Allir flokkar þingsins voru á einu máli um nauðsyn þess, að setja alþjóðareglur um þetta mál, en þá greindi á um það, í hvaða formi þær skyldu settar. Niðurstaðan varð sú, að gerð var um þetta mál bæði samþykkt og álitsgerð, eins og áður segir.

Samþykktin kveður á um það, að komið sé á aðferðum til þess að ákveða lágmarkslaun þeirra, sem vinna við landbúnað eða skyld störf, en það er að miklu leyti lagt á vald löggjafans í hverju landi, að ákveða nánar hvernig þetta er framkvæmt. Sérstök áherzla er lögð á það, að samráð sé haft við atvinnurekendur og verkamenn um allar ákvarðanir í þessum málum.

Heimilað er innan vissra takmarka, að laun séu greidd í fríðu.

Álitsgerðin kveður nánar á um ýmis atriði í sambandi við beitingu grundvallarreglna samþykktarinnar.

Samþykktin var afgreidd með 116 atkvæðum gegn 31, 27 sátu hjá. Álitsgerðin var samþykkt með 131 atkvæði gegn 3, 44 sátu hjá.

9. Orlof landbúnaðarfólks.

Á þinginu fór fram fyrri umræða um orlof landbúnaðarfólks, og var gengið frá frumvörpum að samþykkt og álitsgerð um það efni.

Aðalefni frumvarpa þessara er, að fólk það, sem þau taka til, skuli eiga rétt á orlofi með launum, en það er lagt á vald þar til bærs stjórnvalds í hverju ríki, hve langt orlofið skuli vera og hve langa samfellda vinnu þurfi til að öðlast rétt til þess. Verkamanninum skulu greidd venjuleg laun hans meðan á orlofi stendur, og hvers konar samningur um afsal orlofsréttar skal vera ógildur.

Í álitsgerðinni er lagt til, að orlof sé aldrei skemmra en sem svari einni viku fyrir eins árs samfellt starf. Einnig er lagt til, að orlofið lengist með lengdum starfstíma.

10. Ályktanir.

Eins og venja er til var sérstök nefnd skipuð á þinginu til þess að fjalla um tillögur til ályktana, sem bornar eru fram af fulltrúunum utan dagskrár. Alls voru bornar fram níu tillögur til ályktana. Þrjár þessara tillagna voru teknar aftur, en þær fjölluðu um, að haldinn skyldi hátíðlegur dagur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skipun stjórnarinnar og að stjórnin gæfi þinginu árlega skýrslu.

Argentínski verkamannafulltrúinn bar fram tvær tillögur, aðra um það, að gefin yrði sérstök yfirlýsing um réttindi verkamanna og önnur um réttindi gamals fólks. Hvorug þessara tillagna hlaut samþykki þingsins, sem taldi þær óþarfar tvítekningar bæði á því, sem komið hefði áður fram í stefnuyfirlýsingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna.

Frá tékkneska fulltrúanum kom fram tillaga varðandi heimsfriðinn, en sú tillaga náði ekki samþykki, þar sem hún var talin pólitísks eðlis og því ekki falla undir verksvið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á sama veg fór um tillögu pólska stjórnarfulltrúans, er var um sama efni.

Fulltrúar ríkisstjórnar og verkamanna í Tékkóslóvakíu báru fram tillögu um að víta frönsku ríkisstjórnina fyrir að banna starfsemi Alþjóðasambands verkamanna (WFTU) í Frakklandi og töldu þeir það vera brot á rétti verkalýðsfélaga og félagafrelsi. Miklar umræður spunnust út af tillögu þessari, en hún var felld á þeim forsendum, að hér væri um mál að ræða, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefði ekki heimild til að láta til sín taka og varðaði einungis franska löggjöf, en væri ekki brot á neinum skuldbindingum, sem Frakkland hefði undirgengizt. Það, sem hér var um að ræða, var sú ákvörðun frönsku stjórnarinnar að meina nefndu sambandi að hafa aðalstöðvar sínar í Frakklandi. Hins vegar var frönskum verkalýðsfélögum eftir sem áður heimilt að vera í sambandinu og taka þátt í störfum þess og senda fulltrúa á þing, sem það héldi.

Þá bar pólski fulltrúinn fram tillögu um breytingar á 19. og 35. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að því er snerti skyldur sambandsríkja og nýlenduríkja í sambandi við fullgildingu samþykkta. Tillaga þessi var felld.

Að lokum skal hér getið einnar ályktunar, sem var samþykkt á þinginu. Fjallaði hún um alþjóðlegan frið og öryggi. Felst í henni staðfesting á þeim fasta ásetningi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að stuðla að friði með öllum þeim ráðum, sem hún býr yfir og að hún muni hafa samvinnu við Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Öryggisráðið til að vinna að þessu takmarki og gefa þeim allar þær upplýsingar og aðstoð í því sambandi, sem henni er unnt. Ályktun þessi var samþykkt með 132 atkvæðum gegn 8.

Fylgiskjal.

Samþykktir og álitsgerðir Alþjóðavinnumálaþingsins 1951.

I. Samþykkt nr. 99 um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, og hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi aðferðir til ákvörðunar lágmarkslauna við landbúnaðarstörf, sem er áttunda málið á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir í dag, tuttugasta og áttunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Lágmarkslaunasamþykktina (landbúnaður) frá 1951:

1. gr.

1. Sérhvert aðildarríki Alþjóðasamvinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir samþykkt þessa, tekur á sig þá skyldu, að koma á eða viðhalda viðeigandi ráðstöfunum til þess að hægt sé að ákveða lágmarkslaun starfsfólks, sem vinnur landbúnaðarstörf eða störf, sem þeim eru tengd.
2. Sérhverju aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal vera frjálst — að höfðu samráði við stærstu félagssamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til, — að ákveða hvaða fyrirtækja, starfa og flokka manna, ráðstafanir þær um ákvörðun lágmarkslauna, sem getið er í fyrri tölulið, skuli taka til.
3. Rétt stjórnarvöld geta undanþegið flokka manna öllum eða einhverjum ákvæðum þessarar samþykktar, þegar ráðningarkjör þeirra eru þannig, að ekki er hægt að beita þeim ákvæðum við þá, svo sem t. d. skyldmenni bóndans, sem hjá honum starfa.

2. gr.

1. Með landslögum, reglugerðum, heildarsamningum eða gerðardómum má heimila, að hluti lágmarkslauna sé greiddur í fríðu, þegar sá greiðslumáti er venjulegur eða æskilegur.

2. Þegar heimilað er að greiða hluta af lágmarkslaunum í fríðu, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því:
   a. að slíkar greiðslur komi starfsmanninum og fjölskyldu hans persónulega að notum og hæfi þörfum þeirra; og
   b. að matsverð slíkra greiðslna sé rétt og sanngjarnt.

3. gr.

1. Að teknu tilliti til skilyrða þeirra, sem sett eru í eftirfarandi málsgreinum, skal sérhverju aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, frjálst að ákveða þær aðferðir, sem hafðar eru við ákvörðun lágmarkslauna, svo og hvernig þessum aðferðum sé beitt í framkvæmd.
2. Áður en ákvörðun er tekin skulu fram fara undirbúningsviðræður við stærstu félagssamtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem slík félög eru til, og enn fremur við hverja þá menn aðra, sem til þess eru sérstaklega hæfir vegna starfa sinna eða stöðu og hið rétta stjórnvald telur gagnlegt að hafa samráð við.
3. Hlutaðeigandi vinnuveitendur og verkamenn skulu taka þátt í framkvæmd aðferðanna við ákvörðun lágmarkslauna, samráð haft við þá eða þeim leyft að láta álit sitt í ljós á þann hátt og í þeim mæli, sem ákveðið kann að vera með landslögum eða reglugerðum, en jafnan á jafnréttisgrundvelli.
4. Lágmarkslaunataxtar þeir, sem ákveðnir eru, skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi vinnuveitendur og verkamenn, þannig að ekki má fara niður fyrir þá.
5. Rétt stjórnvald getur leyft undanþágur frá ákvæðunum um lágmarkslaun í einstökum tilvikum, þar sem það er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir skerðingu á atvinnumöguleikum andlega og líkamlega fatlaðra verkamanna.

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að hlutaðeigandi vinnuveitendum og verkamönnum séu kunngerðir gildandi lágmarkslaunataxtar og laun séu ekki greidd undir þessum töxtum, þar sem þeir eiga við. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirlit, umsjón og refsingar, sem kunna að vera nauðsynlegar og hæfa aðstæðum í hlutaðeigandi landi.
2. Nú hefur verkamanni, sem lágmarkstaxtar taka til, verið greidd lægri laun en þessir taxtar ákveða, og skal honum þá, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðnir kunna að vera með landslögum eða reglugerðum, rétt að krefja hina vangreiddu upphæð með lögsókn eða með öðrum viðeigandi hætti.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal árlega senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni almenna skýrslu, er greini með hvaða hætti reglunum er beitt og árangurinn af þeim, yfirlit yfir þær starfsgreinar og áætlaðan fjölda starfsmanna, sem þær taka til, lágmarkslaunataxta, sem ákveðnir hafa verið, svo og aðrar mikilvægar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við lágmarkslaunataxta, ef einhverjar eru.

6. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

7. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar hjá framkvæmdastjóranum.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

8. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, skulu greina:
   a. landssvæði, þar sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst, að ákvæðum samþykktarinnar skuli beitt án takmarkana;
   b. landssvæði, þar sem það undirgengst að beita ákvæðum samþykktarinnar með takmörkunum ásamt upplýsingum um þær takmarkanir;
   c. landssvæði, sem samþykktin tekur ekki til og ástæður til þess;
   d. landssvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um að lokinni nánari athugun á aðstæðum.
2. Yfirlýsingar þær, sem nefndar eru í stafliðum a. og b. í 1. tölulið þessarar greinar, ber að skoða sem óskiptan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í 1. tölulið þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 10. greinar, getur sérhvert aðildarríki sent aðalframkvæmdastjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landssvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

9. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 4. eða 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landssvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilinn réttindi til takmarkana, sem fyrri yfirlýsing tiltók.
3. Jafnan þegar hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 10. greinar, geta aðildarríki þau, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, sent aðalframkvæmdastjóranum yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi að einhverju öðru leyti úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau jafnframt hvernig þá er ástatt um framkvæmd samþykktarinnar.

10. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en að ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri málsgrein, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni um annað tíu ára tímabil og upp frá því getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

11. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

12. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

13. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins umræður um breytingar á henni allri eða hluta hennar.

14. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju breytinga-samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 10. greinar hér að framan líður, ef hin nýja breytinga-samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
   b. aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja breytinga-samþykkt gekk í gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, vera áfram í gildi eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hafa fullgilt breytinga-samþykktina.

15. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

II. Álitsgerð nr. 89 um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnað.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur um aðferðir til þess að ákvarða lágmarkslaun í landbúnaði, sem er áttunda mál á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar til uppfyllingar samþykkt frá 1951 um aðferðir til þess að ákvarða lágmarkslaun í landbúnaði, samþykkir í dag, tuttugasta og áttunda júní nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Álitsgerð frá 1951 um aðferðir til þess að ákvarða lágmarkslaun í landbúnaði.

Þingið leggur til, að sérhvert aðildarríki beiti eftirfarandi ákvæðum eins fljótt og ástæður í hverju ríki leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, eftir beiðni stjórnarinnar, skýrslu um ráðstafanir, sem gerðar eru til að gefa þeim gildi.

I.

1. Þegar ákveða skal hversu hátt lágmark launa skuli vera, er æskilegt, að nefnd sú, sem það gerir, taki jafnan tillit til nauðsynjarinnar á því, að gera hlutaðeigandi verkamönnum kleift að búa við hæfileg lífskjör.
2. Meðal atriða þeirra, sem taka ber tillit til við ákvörðun lágmarkslauna, eru þessi: framfærslukostnaður; sanngjarnt og skynsamlegt mat á gildi þeirrar þjónustu, sem látin er í té; laun, sem greidd eru fyrir hliðstæð eða sambærileg störf samkvæmt heildarsamningum í landbúnaði, og það, hve há laun eru greidd fyrir störf í öðrum starfsgreinum, sem krefjast svipaðrar hæfni, á þeim stað, þar sem verkamennirnir hafa nægilega skipulagða félagsstarfsemi.

II.

3. Í hvaða formi, sem ákvarðanir lágmarkslauna í landbúnaði eru gerðar, skulu þær byggðar á rannsóknum á kjörum fólks, sem vinnur við landbúnað og skyldar atvinnugreinar, og samráðum við þá aðila, sem þær skipta mestu máli, þ. e. atvinnurekendur og verkamenn eða aðalfélagssamtök þeirra, þar sem þau eru til. Leita ætti álits beggja aðila á öllum þeim atriðum, sem snerta ákvörðun lágmarkslauna, og skulu álit þeirra tekin fyllilega og jafnt til yfirvegunar.
4. Til þess að tryggja það betur, að farið sé eftir ákvæðum þeim, sem sett kunna að vera um lágmarkslaun, ætti, þar sem aðferðir þær, sem hafðar eru við ákvörðun lágmarkslauna gera það kleift, að veita hlutaðeigandi verkamönnum og atvinnurekendum jafna aðstöðu til þess að taka beinan og jafnan þátt í framkvæmd þeirra reglna fyrir milligöngu umboðsmanna sinna, sem ættu að vera jafnmargir eða a. m. k. hafa jafnmikið atkvæðamagn.
5. Til þess að fulltrúar þeir, sem eiga að gæta hagsmuna verkamannanna og atvinnurekendanna, hvorra um sig, geti notið trausts þeirra, í því tilviki, sem ræðir um í 4. grein hér að framan, ættu hlutaðeigandi atvinnurekendur og verkamenn, eftir því sem ástæður leyfa, að hafa rétt til þess að taka þátt í tilnefningu fulltrúanna. Þar sem til eru félög atvinnurekenda og verkamanna, ætti jafnan að gefa þeim kost á að leggja fram nöfn þeirra manna, sem þau vildu mæla með, að tilnefndir yrðu í nefndir þær, sem ákveða eiga launin.
6. Nú kveða reglurnar um ákvörðun lágmarkslauna á um þátttöku óháðra manna annaðhvort í gerðardómi eða öðrum störfum og skulu þeir þá kosnir úr hópi karla eða kvenna, sem viðurkennt er að hafi hæfileika þá, sem nauðsynlegir eru til starfsins, og hafi engra þeirra hagsmuna að gæta í landbúnaði eða neinum greinum hans, sem leitt gætu til efasemda um hlutleysi þeirra.

III.

7. Ráðstafanir ætti að gera til þess, að endurskoðun á ákvæðunum um lágmarkslaun fari fram á hæfilegum fresti.

IV.

8. Til þess að laun hlutaðeigandi verkamanna séu vernduð á raunhæfan hátt, ættu ráðstafanir þær, sem gerðar eru til tryggingar því, að eigi séu greidd lægri laun en ákveðin hafa verið, að fela í sér:
   a. aðgerðir til að gera almenningi kunnar gildandi reglur um lágmarkslaun og sérstaklega að hlutaðeigandi atvinnurekendum og verkamönnum séu gerðar þær kunnar á þann hátt, sem bezt hæfir í hverju landi;
   b. opinbert eftirlit með því, að lágmarkslaunin séu raunverulega greidd; og
   c. viðurlög við brotum á gildandi lágmarksákvæðum svo og ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík brot.
9. Ráða ætti nægilega marga hæfa eftirlitsmenn með valdi, er samsvari því, sem kveðið er á um í samþykktinni frá 1947 um vinnueftirlit. Eftirlitsmenn þessir ættu að gera athuganir meðal hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna

til þess að fullvissa sig um það, hvort laun þau, sem raunverulega eru greidd, séu í samræmi við gildandi lágmarksákvæði og einnig ættu þeir, ef þess gerist þörf, að gera þær ráðstafanir, sem heimilaðar eru, þegar um brot á lágmarksákvæðunum er að ræða.

10. Með það fyrir augum, að gera eftirlitsmönnunum kleift að framkvæma skyldustörf sín á raunhæfan hátt, ætti, þar sem það á við, eða er nauðsynlegt, að áliti lögbærs stjórnvalds, að skylda atvinnurekendur til þess að halda fullkomnar og áreiðanlegar skýrslur um laun, sem þeir greiða. Einnig mætti krefjast þess, að þeir leggi fram launabækur verkamannanna eða hliðstæð gögn, er hafi að geyma upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að sannreyna það, hvort laun þau, sem raunverulega eru greidd, séu í samræmi við gildandi ákvæði.
11. Nú hafa verkamenn almennt ekki aðstæður til þess, hver í sínu lagi, að framfylgja, með lögsókn eða viðeigandi aðgerðum, rétti sínum til launa í samræmi við gildandi lágmarksákvæði, og ætti þá að gera þær ráðstafanir aðrar, sem kunna að verða taldar árangursríkar í þessum tilgangi.

III. Samþykkt nr. 100 um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, og hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem er sjöunda málið á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Jafnlaunasamþykktina frá 1951:

1. gr.

Í þessari samþykkt —

a. tekur orðið „laun" yfir hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur í fé eða fríðu, og vinnuveitandinn greiðir starfsmanninum fyrir vinnu hans;
b. eiga orðin „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf" við launataxta, sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

2. gr.

1. Með þeim ráðum, er hæfa þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, skal hvert aðildarríki stuðla að því og tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessum aðferðum, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks.
2. Þessari reglu skal komið til framkvæmda með:
   a. landslögum eða reglugerðum;
   b. ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum;
   c. heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, eða
   d. með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega.

3. gr.

1. Þar, sem slíkt mundi greiða fyrir því að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhöllu mati á störfum, sem byggist á því að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.
2. Reglur þær, sem fara ber eftir við þetta mat, geta stjórnvöld þau, sem hafa með höndum ákvörðun launataxta, ákveðið, en þegar taxtarnir eru ákveðnir með heildarsamningum, geta aðilar þeirra ákveðið þær.

3. Mismunur á launatöxtum, er samsvarar mismun, sem ákveðinn er með slíku óhlutdrægu mati á vinnu þeirri, sem leysa ber af hendi, skal ekki talinn fara í bága við regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, enda sé ekki greint á milli kynja.

4. gr.

Eftir því sem við á ætti hvert aðildarríki að hafa samvinnu við hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélög með það fyrir augum að koma ákvæðum þessarar samþykktar í framkvæmd.

5.—14. gr.

(Samhljóða 6.—15. gr. samþykktar nr. 99 hér að framan).

IV. Álitsgerð nr. 90 um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi grundvallarregluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem er sjöunda málið á dagskrá þingsins, hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar til uppfyllingar Jafnlauna-samþykktinni frá 1951, samþykkir í dag, tuttugasta og níunda júní nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Jafnlauna-álitsgerðina frá 1951:

Með því að Jafnlaunasamþykktin frá 1951 setur tilteknar almennar grundvallarreglur um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, og

með því að samþykktin kveður á um það, að framkvæmd grundvallarreglunnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf skuli efla og tryggja á þann hátt, sem hæfir þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launa í hlutaðeigandi löndum, og

með því að æskilegt er að benda á tilteknar aðferðir til aukinnar beitingar grundvallarreglna samþykktarinnar, og

með því að það er jafnframt æskilegt að öll aðildarríki hafi, við framkvæmd þessara grundvallarreglna, hliðsjón af framkvæmdaháttum, sem hafa reynzt vel í vissum löndum,

gerir þingið þá tillögu, að sérhvert aðildarríki, að teknu tilliti til ákvæða annarrar greinar samþykktarinnar, komi í framkvæmd hjá sér eftirfarandi ákvæðum og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndarinnar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að koma þeim í framkvæmd:

1. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi verkalýðsfélög eða hlutaðeigandi verkamenn, þar sem þau eru ekki til, ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:
   a. tryggja framkvæmd reglunnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf að því er tekur til starfsfólks alls á skrifstofum ríkisstjórnarinnar og skrifstofum embættismanna og
   b. hvetja til þess, að reglan sé látin gilda um þá, sem eru í þjónustu ríkisins, fylkis- eða sveitarstjórna, eða umboðsmanna, þar sem þessir aðilar ráða launatöxtum.
2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi atvinnurekenda- og verkalýðsfélög, ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf sé komið á svo fljótt sem auðið er í öllum starfsgreinum, öðrum en þeim, sem nefndar eru í fyrstu grein, þar sem launataxtar eru háðir reglugerðum eða opinberu eftirliti, einkum að því, er snertir:
   a. setningu lágmarkslaunataxta eða annarra launataxta í iðngreinum eða þjónustugreinum, þar sem slíkir taxtar eru ákveðnir af stjórnvöldum;

b. iðngreinar og fyrirtæki, sem rekin eru af því opinbera eða eru undir eftirliti þess; og
c. verk, sem framkvæmd eru samkvæmt ákvæðum í samningum hins opinbera, þar sem það á við.

3. (1) Þar sem það á við með hliðsjón af þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, ætti með lagasetningu að gera ráðstafanir til þess, að reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf sé almennt framfylgt.
(2) Rétt stjórnvöld ættu að gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að atvinnurekendur og verkamenn fái fulla vitnesku um slík lagaákvæði og leiðbeiningar um framkvæmd þeirra, þar sem það á við.

4. Þegar það, að loknum viðræðum við félagssamtök hlutaðeigandi verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru til, er ekki talið framkvæmanlegt að beita þegar í stað reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf að því er snertir atvinnu, sem tilgreind er í 1., 2. eða 3. grein, ætti, svo fljótt sem auðið er, að gera eða láta gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hún verði smám saman látin koma til framkvæmda, t. d. með því að:
a. draga úr mismun á launatöxtum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,
b. láta launahækkanir til karla og kvenna, sem vinna jafnverðmæt störf, vera hinar sömu, þar sem stighækkun launa tíðkast.

5. Þar sem það hentar til þess að auðvelda ákvörðun launataxtanna í samræmi við regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, ætti hvert aðildarríki, í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekenda- og verkamannafélög, að koma á eða hvetja til þess að komið verði á aðferðum til þess að meta óvilhallt verk það, er framkvæma á, annaðhvort með greiningu á verkinu eða öðrum hætti, með það fyrir augum að störfin séu flokkuð án tillits til þess, hvort þau eru unnin af körlum eða konum. Þessum aðferðum ætti að beita í samræmi við ákvæði 2. greinar samþykktarinnar.

6. Til þess að auðvelda framkvæmd reglunnar um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, ætti, þar sem það er nauðsynlegt, að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að auka afköst kvenna t. d. með því að:
a. tryggja það, að starfsfólk af báðum kynjum eigi kost sömu eða samsvarandi leiðbeininga um val á starfi eða sömu ráðgefandi aðstoð í sambandi við atvinnu, sama faglærdómi og sömu atvinnumöguleikum;
b. gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja konur til þess að færa sér í nyt möguleika á leiðbeiningum um val á starfi eða ráðgefandi aðstoð í sambandi við atvinnu, faglærdómi og útvegun atvinnu;
c. láta í té þá umönnun og félagslega þjónustu, sem vinnandi konur þarfnast, einkum þær, sem hafa húsmóðurskyldum að gegna, og sé slík þjónusta kostuð af almannafé eða af tryggingasjóðum eða sjóðum til umönnunar vinnandi fólki, sem aflað sé fjár með greiðslum, sem inntar eru af hendi vegna starfsfólks án greinarmunar á kynjum; og
d. stuðla að jafnrétti karla og kvenna til atvinnu eða stöðu án þess að ganga á móti alþjóðlegum reglum, landslögum eða reglugerðum um verndun á heilbrigði og velferð kvenna.

7. Fyllstu áherzlu ætti að leggja á það, að glæða skilning almennings á ástæðunum, sem liggja til þess að koma ætti á reglunni um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

8. Gera ætti þær rannsóknir, sem æskilegar kunna að vera til þess að stuðla að því, að þessi regla komist í framkvæmd.

V. Álitsgerð nr. 91 um heildarsamninga.

Allherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera tilteknar tillögur varðandi heildarsamninga, sem er þáttur fimmta dagskrárliðs þingsins, hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi álitsgerðar, sem ætlazt er til að komið sé í framkvæmd af hlutaðeigandi aðilum eða stjórnvöldum eftir því sem við á í hverju ríki, samþykkir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Álitsgerðina frá 1951 um heildarsamninga:

I. Fyrirkomulag heildarsamninga.

1. (1) Með samningum eða lögum eða reglugerðum, eftir því hvað við á í hverju landi, ætti að setja reglur um fyrirkomulag á undirbúningi og gerð heildarsamninga, breytingum á þeim og endurnýjun þeirra, eða veita aðilum aðstöðu til að njóta góðs af slíku fyrirkomulagi við undirbúning og gerð heildarsamninga, breytingar á þeim eða endurnýjun þeirra.
   (2) Tilhögun, framkvæmdahættir og hlutverk slíks fyrirkomulags ættu að ákveðast með samkomulagi milli aðilanna, lögum eða reglugerðum, eftir því sem við kann að eiga í hverju einstöku landi.

II. Skilgreining á heildarsamningum.

2. (1) Að því er tekur til þessarar álitsgerðar merkir hugtakið „heildarsamningur“ alla skriflega samninga varðandi starfs- og ráðningarkjör, sem gerðir eru af atvinnurekanda, hópi atvinnurekenda eða einu eða fleiri atvinnurekendafélögum annars vegar og hins vegar af einu eða fleirum verkalýðsfélögum eða þegar slík félög eru ekki til, af fulltrúum verkamanna, sem eru rétt kjörnir til þess af þeim og hafa gild umboð þeirra, hvoru tveggja í samræmi við landslög og reglugerðir.
   (2) Ekkert í þessari skilgreiningu má skilja á þann veg, að það feli í sér viðurkenningu á neinu verkalýðsfélagi, sem atvinnurekendur eða fulltrúar þeirra hafa stofnað, ráða yfir eða halda uppi fjárhagslega.

III. Áhrif heildarsamninga.

3. (1) Heildarsamningar ættu að binda þá, sem undirrita þá, og einnig umbjóðendur þeirra manna, sem samningana gera. Atvinnurekendur og verkafólk, sem bundið er af heildarsamningi, ætti ekki að geta sett í vinnusamninga ákvæði, sem eru andstæð ákvæðum heildarsamningsins.
   (2) Ákvæði slíks vinnusamnings, sem eru andstæð heildarsamningi, ætti að telja ógild og í stað þeirra ættu hliðstæð ákvæði heildarsamningsins að koma af sjálfu sér.
   (3) Ákvæði vinnusamnings, sem eru verkamanninum hagstæðari en þau, sem fólgin eru í heildarsamningi, ætti ekki að telja andstæð heildarsamningi.
   (4) Nú tryggja aðilar heildarsamnings, að farið sé raunverulega eftir ákvæðum hans, og skal þá ekki litið svo á, að ákvæði undanfarandi töluliða krefjist lagalegra aðgerða.
4. Ákvæði heildarsamnings ættu að taka til alls starfsfólks í hlutaðeigandi stétt, sem vinnur í fyrirtækjum, sem samningurinn tekur til, nema annað sé beinlínis ákveðið í honum.

IV. Útfærsla á gildissviði heildarsamninga.

5. (1) Þar sem það á við með tilliti til ríkjandi venju um gerð heildarsamninga, ætti að gera ráðstafanir, sem ákveðnar væru með lögum eða reglugerðum og hæfa aðstæðum í hverju landi, til að færa út öll eða nokkur ákvæði

heildarsamninga, þannig að þau nái til allra atvinnurekenda og starfsfólks innan þeirrar starfsgreinar og þess svæðis, sem samningurinn tekur til.

(2) Með landslögum eða reglugerðum má binda slíka útfærslu eftirfarandi skilyrðum meðal annarra:

a. að heildarsamningurinn taki þegar til nægilega mikils hluta hlutaðeigandi atvinurekenda og starfsfólks að dómi þar til bærs stjórnvalds;
b. að yfirleitt komi krafan um útfærslu á samningnum frá einu eða fleiri félögum verkamanna eða atvinnurekenda, sem eru aðilar að samningnum;
c. að atvinnurekendum þeim og verkamönnum, sem samningurinn mundi taka til, ef hann yrði færður út, sé gefið færi á að gera sínar athugasemdir áður en til útfærslunnar kemur.

V. Skýring heildarsamninga.

6. Deilur, sem rísa út af skýringu á heildarsamningum, skal leggja til sátta á þann hátt, sem við á og ákveðinn er annaðhvort með samkomulagi samningsaðila eða með lögum eða reglugerðum, eftir því hvað bezt á við aðstæður í hverju landi.

VI. Eftirlit með framkvæmd heildarsamninga.

7. Eftirlit með framkvæmd heildarsamninga ættu þau félög atvinnurekenda og verkamanna, sem eru aðilar slíkra samninga, að tryggja, en ef svo er ekki, ætti það að vera tryggt af nefndum, sem til væru í hverju landi eða settar væru á stofn í þessu skyni.

VII. Ýmis ákvæði.

8. Með lögum og reglugerðum má meðal annars setja ákvæði:

a. sem gera atvinnurekendum, sem bundnir eru af heildarsamningi, að skyldu að kunngera hlutaðeigandi verkamönnum efni þeirra heildarsamninga, sem taka til atvinnurekstrar þeirra;
b. um skráningu og varðveizlu heildarsamninga og allra síðari breytinga, sem á þeim eru gerðar;
c. um lágmarkstíma þann, sem talið skal að samningurinn sé bindandi, ef aðilarnir hafa ekki breytt honum eða fellt hann úr gildi áður, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í samningnum sjálfum.

VI. Álitsgerð nr. 92 um frjálsar sættir og gerðir í vinnudeilum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, hefur ákveðið að gera tilteknar tillögur varðandi frjálsar sættir og gerðir, sem er þáttur fimmta dagskrárliðs þingsins, hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi álitsgerðar, sem ætlazt er til að farið sé eftir af hlutaðeigandi aðilum eða stjórnvöldum, eftir því hvort á við í hverju landi, samþykkir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi álitsgerð, sem nefna má Álitsgerð frá 1951 um frjálsar sættir og gerðir:

I. Frjálsar sættir.

1. Koma ætti á ráðstöfunum, sem hæfa í hverju landi, til þess að aðstoða við að koma í veg fyrir og leiða til lykta vinnudeilur milli atvinnurekenda og verkamanna.
2. Þegar ráðstafanir um frjálsar sættir eru byggðar á sameiginlegum grundvelli, ættu atvinnurekendur og verkamenn að eiga jafnmarga fulltrúa við framkvæmd þeirra.

3. (1) Ráðstafanir þær, sem gerðar eru, ættu að vera ókeypis og framkvæmast skjótt. Frestir þeir, sem landslög kunna að ákveða til sáttaumleitana, skulu ákveðnir fyrirfram og hafðir sem skemmstir.
   (2) Ráðstafanir ætti að gera til þess að greiða fyrir því, að sáttaumleitanir hefjast annaðhvort að frumkvæði annars hvors deiluaðila eða stjórnvalds þess, sem fer með frjálsar sættir, ex officio.
4. Nú hefur deila verið lögð til sátta með samþykki allra aðila, sem hlut eiga að máli, og ætti þá að hvetja þá til að gera ekki verkföll eða verkbönn meðan sáttatilraunir fara fram.
5. Sérhvert samkomulag, sem aðilarnir kunna að komast að meðan á sáttatilraunum stendur eða leiða af þeim, ætti að gera skriflegt, og líta ber á það sem sé það jafngilt samningum, sem gerðir eru með venjulegum hætti.

II. Frjálsar gerðir.

6. Nú er deila lögð í gerð með samþykki allra aðila, sem hlut eiga að máli, í því skyni, að henni sé þar ráðið til lykta, og ætti þá að hvetja aðila til þess að gera ekki verkföll eða verkbönn meðan gerðin fer fram og hlíta henni.

III. Almenn ákvæði.

7. Ekkert ákvæði þessarar álitsgerðar má skýra þannig, að það skerði á nokkurn hátt réttinn til að gera verkföll.

Sþ. 227. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um verðtryggingu sparifjár.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar til gaumgæfilegrar rannsóknar, hvort eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á þeirri skipan, að bankar og sparisjóðir taki fé til ávöxtunar með skuldbindingu um að greiða uppbætur á það, samsvarandi þeirri hækkun, sem verða kann á kaupgjaldsvísitölu eða vísitölu framfærslukostnaðar á þeim tíma, sem féð er geymt óhreyft á sama reikningi, en það sé eigi skemur en 5 ár, enda verði lántakendum þessa fjár sett það skilyrði, að þeir greiði bönkum og sparisjóðum verðuppbætur á lánsféð samkvæmt framangreindri reglu, ef vísitalan hækkar á lánstímanum.

Þá er ríkisstjórninni og falið að vinna að því, að þetta fyrirkomulag um ávöxtun sparifjár og útlán þess verði upp tekið, ef jákvæður árangur verður af rannsókninni.

Greinargerð.

Um mörg undanfarin ár hefur verðgildi íslenzkra peninga stöðugt farið lækkandi. Er nú svo komið, að kaupmáttur þeirra er aðeins lítill hluti þess, sem var fyrir 12—15 árum. Mikið og ört verðfall peninganna hefur valdið því, að sú skoðun hefur orðið almenn, að flestar aðrar eignir séu öruggari en peningar. Má telja vafalaust, að af þeirri ástæðu hafi safnazt miklu minna sparifé í bönkum og sjóðum en orðið hefði, ef þær eignir hefðu reynzt jafntryggar öðrum verðmætum, og á þetta sinn þátt í skorti á lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda og atvinnurekstrar.

Verðgildisrýrnun peninganna hefur komið mjög illa við sparifjáreigendur, jafnt einstaklinga sem aðra aðila. Eignir margra sjóða, sem stofnaðir hafa verið fyrr á tímum, hafa rýrnað mjög vegna verðfalls krónunnar. En hér eru til margir sjóðir, stofnaðir á ýmsum tímum af góðviljuðu og fórnfúsu fólki, sem gaf eignir sínar til

stuðnings ýmiss konar líknarstarfsemi og menningarlegum eða efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Er illt til þess að vita, að slíkir gjafasjóðir skuli hafa verið svo mjög rýrðir, að þeir geta nú ekki komið að þeim notum, sem að var stefnt og til ætlazt af stofnendum þeirra.

Um það hefur verið rætt að veita undanþágu frá skattgreiðslum af sparifé, í því skyni að hvetja til aukinnar sparifjársöfnunar. En víst er, að trygging gegn verðfalli peninganna hefði miklu meiri fjárhagslega þýðingu fyrir sparifjáreigendur og er því áhrifameiri aðferð til þess að auka spariféð.

Tillagan, sem hér er flutt, er um það að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar til rækilegrar rannsóknar, hvort eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á verðtryggingu sparifjár með þeim hætti, að bankar og sparisjóðir greiði verðuppbætur á sparifé, sem þeir hafa til ávöxtunar ákveðinn lágmarkstíma, ef hækkun verður á vísitölu á því tímabili, enda sé þá jafnframt þeim aðilum, sem fá þetta fé að láni, gert skylt að greiða verðuppbót á það, samsvarandi þeirri vísitöluhækkun, sem verða kann yfir lánstímann. Tillagan gerir ráð fyrir, að uppbæturnar á spariféð verði látnar fylgja hækkun kaupgjaldsvísitölu — eða vísitölu framfærslukostnaðar. Er þetta byggt á því, að líklegt megi telja, að haldið verði áfram að reikna út verðlagsbreytingar á þann hátt, sem gert hefur verið um nokkur undanfarin ár. Hins vegar getur einnig komið til álita, hvort nota eigi annan mælikvarða á verðlagsbreytingar, sem sparifjáruppbætur séu miðaðar við, og er það eitt af því, sem ástæða er til að athuga, áður en það mál, sem tillagan fjallar um, kemur til framkvæmda.

Ef peningastofnanir veita innstæðueigendum tryggingu gegn verðfalli á innieignum þeirra, hljóta þær jafnframt að setja það skilyrði fyrir útlánum á því verðtryggða fé, að lántakendur skuldbindi sig til þess að borga verðuppbætur á lánsfé, ef verðgildi krónunnar minnkar á lánstímanum. Þetta hvort tveggja virðist sanngjarnt og eðlilegt. Þeir, sem fela peningastofnunum að geyma og ávaxta fé sitt, eiga að fá jafnmikið verðmæti endurgreitt, þegar þeir taka féð þaðan, auk vaxta af því. Á sama hátt eiga þeir, sem fá fé að láni, að skila aftur að lánstímanum loknum raunverulega jafnverðmætum höfuðstól, auk vaxta af lánsfénu.

Verðtrygging sparifjárins væri um leið réttlætismál, og sé hún framkvæmanleg, telja flutningsmenn till. slíka tryggingu vænlegasta ráðið til þess að auka sparnað og vinna gegn lánsfjárskortinum, sem þjóðin á nú við að búa.

Nd. 228. Lög [89. mál]

um breyting á lögum nr. 13. 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd. 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 174.

Nd. 229. Lög [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

(Afgreidd frá Nd. 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 8.

Nd. **230. Frumvarp til laga** [147. mál]

um Skipaútgerð ríkisins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Skipaútgerð ríkisins, í lögum þessum nefnd Skipaútgerðin, sem starfað hefur síðan á árinu 1929, er eign ríkissjóðs og skal rekin sem ríkisstofnun undir yfirstjórn samgöngumálaráðherra.

2. gr.

Skipaútgerðin skal hafa með höndum útgerðarstjórn allra strandferðaskipa og varðskipa ríkisins, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að verða falin. Um réttindi og skyldur Skipaútgerðarinnar sem útgerðaraðila fer eftir hinum almennu sjómannalögum og lögum um varðskip ríkisins og skipverja á þeim.

3. gr.

Útgerðarstjóri ríkisins stjórnar Skipaútgerðinni. Forseti Íslands skipar útgerðarstjórann, en ráðherra setur honum erindisbréf. Skal skipunarbréfi núverandi útgerðarstjóra breytt samkvæmt því. Um laun útgerðarstjórans fer eftir launalögum.

4. gr.

Nú hefur Skipaútgerðin á hendi útgerðarstjórn skipa, sem notuð eru til starfsemi, er heyrir undir annað ráðuneyti en samgöngumálaráðuneytið, og ber þá Skipaútgerðinni að haga þeirri starfsemi eftir fyrirmælum hlutaðeigandi ráðuneytis, að því er viðkemur verkefni skipanna.

5. gr.

Ráðherra ákveður starfsmannahald Skipaútgerðarinnar, að fengnum tillögum útgerðarstjóra ríkisins, en útgerðarstjóri ræður starfsmenn, nema annað sé ákveðið í lögum. Núverandi starfsmenn halda störfum sínum og launakjörum með sama hætti og fyrir gildistöku laga þessara. Ráðherra ákveður laun fastra starfsmanna, að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Starfsemi ríkisins er svo margþætt, að verkaskipting er óhjákvæmileg, enda hefur þeirri skipan verið komið á, að sérstakar ríkisstofnanir annist framkvæmd vissra starfsgreina. Ákvæði eru í lögum um flestar þessar ríkisstofnanir, þar sem mælt er fyrir um stjórn þeirra, verksvið, réttindi og skyldur. Þannig er því háttað um vegamál, vita- og hafnarmál, flugmál, póst- og símamál, raforkumál, landssmiðju og ýmsar heilbrigðis- og menntastofnanir. Skipaútgerð ríkisins hefur starfað síðan 1929. Hefur þegar fengizt góð reynsla af störfum hennar, og er tími til þess kominn að ákveða með lögum verksvið þeirrar ríkisstofnunar.

Ákvæði þessa frv. eru í samræmi við starfshætti Skipaútgerðarinnar og þá reynslu, sem fengizt hefur í þessu efni.

Ed. 231. Lög [95. mál]

um tilkynningar aðsetursskipta.

(Afgreidd frá Ed. 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 195.

Ed. 232. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á þriggja mánaða fresti skal verðgæzlustjóri birta, til leiðbeiningar fyrir almenning, skýrslu um verð á helztu nauðsynjavörum almennings. Skal skýrslan fela í sér, eftir því sem við verður komið, samanburð á verði hinna ýmsu verzlana á sams konar vörum.

Ed. 233. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Giftri konu, sem aflar heimili sínu skattskyldra tekna, er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, er hún aflar, jafnháa upphæð (kaupgjald og fríðindi) og það kostar samkvæmt meðalútreikningi Hagstofu Íslands eða annarrar slíkrar stofnunar að hafa heimilishjálp jafnlengi og samtímis því, að tekjuöflunin stendur yfir. Frádráttur fyrir heimilishjálp vegna öflunar skattskyldra tekna má þó aldrei vera hærri en vinnulaun konunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan skattamálanefndar Kvenréttindafélags Íslands og er í samræmi við ályktanir landsfundar félagsins á síðastliðnu sumri.

Efni frumvarpsins er það að heimila giftri konu, sem aflar heimili sínu skattskyldra tekna, að draga frá skattskyldum tekjum sínum upphæð, sem svarar til kostnaðar við að hafa ráðskonu eða aðra hjálp til þess að annast heimilisstörfin. Upphæð þessi á að miðast við það, hvað það kostar í kaupgjaldi, fæði og húsnæði að hafa ráðskonu á heimilinu, og á að reikna með árskostnaði, ef konan vinnur fullt ársstarf. Ef konan vinnur ekki fullt ársstarf, skal frádráttur þessi vera í hlutfalli við þann tíma, sem það tekur konuna að afla þeirra tekna, sem henni eru reiknaðar.

Konur, sem afla heimili sínu skattskyldra tekna og þurfa vegna vinnu sinnar að kaupa hjálp til heimilisstarfa, fá nú mest tvöfaldan persónufrádrátt fyrir það, en verða að leggja heildartekjur sínar við tekjur manna sinna og komast við það

flestar í miklu hærri skattstiga en þær mundu gera, ef einstaklingur ætti í hlut. Hjálp til heimilisstarfa getur verið með ýmsu móti. Hún getur verið í því fólgin að hafa stúlku og veita henni fæði og húsnæði, auk launa. Hún getur líka verið í því fólgin að taka stúlku til heimilisstarfanna að nokkrum hluta og greiða henni tímakaup fyrir vinnu sína. Einnig getur kona látið vinna utan heimilisins það, sem annars mundi unnið heima. Sem dæmi um þetta má nefna það, ef þvottur er sendur í þvottahús, keypt er vinna á öllum saumaskap og viðgerðum og matur að meira eða minna leyti keyptur tilbúinn. En hvern hátt sem konan hefur á því að létta sér störfin, þá kostar það bein útgjöld, sem henni er gert að greiða skatt og útsvar af að háum hundraðshluta vegna samsköttunarinnar. Það hefur ætíð verið álitið rétt, að hvert heimili hefði skattfrjálsa vinnu einnar konu. En á þeim heimilum, þar sem konan vinnur að öflun skattskyldra tekna að einhverju leyti eða með fullu starfi, eru heimilin svipt þessum hefðbundnu fríðindum. Í þessu felst augljóst ranglæti, og af þessum sökum er það, að samþykktir landsfundar Kvenréttindafélags Íslands á síðastliðnu sumri stefndu svo mjög að því að fá því framgengt, að konur gætu fengið frádrátt frá skattskyldum tekjum sínum vegna þessara útgjalda.

Ed. 234. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

B-liður 9. gr. laganna orðist svo:

Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, barnsmeðlaga eða hvers konar bóta eða lífeyris samkvæmt lögum nr. 50 7. maí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ræðir um ýmis tilvik eignarauka og útborgana, sem eru þess eðlis, að ekki skuli teljast til tekna í skilningi skattalaganna. Er í b-lið greinarinnar m. a. talað um „útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar". Hins vegar virðist mér augljóst mál, að sama eigi í þessu efni að gilda um allar bætur samkvæmt lögunum um almannatryggingar og um barnsmeðlög, og felur frumvarpið í sér það eitt, að svo skuli vera.

Ég tel alveg fráleitt, að fólk, sem hefur ekki aðrar tekjur en t. d. ellilífeyri eða örorkubætur, geti þar af orðið skattskylt til ríkisins. Og ekki er það síður fráleitt, að ríkið dragi sér einhvern hlut af bótum sjúkra manna eða sárnaumum barnsmeðlögum til einstæðra mæðra.

Samkv. gildandi lögum er þetta þó svo. Þótt örorkubætur, lífeyrisgreiðslur og barnsmeðlög séu langt frá því að vera nægur framfærslueyrir viðkomandi fólks, verður samt nokkur hluti þessara bótagreiðslna skattskyldur, vegna þess að persónufrádráttur samkv. skattalögunum er ekki nema lítill hluti framfærslukostnaðarins. Það er sjálfsagt réttlætismál að bæta úr þessu án frekari tafar.

Ed. 235. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í Byggingarsjóði eða Ræktunarsjóði Íslands til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar.

Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.

2. gr.

Í stað „kr. 3000.00“ í 54. gr. laganna komi: kr. 6000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 236. Frumvarp til laga [2. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **237. Frumvarp til laga** [150. mál]

um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um markmið og stjórn skógræktar ríkisins.

1. gr.

Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði:

1) að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
2) að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
3) að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum. Hann skipar skógræktarstjóra, er annast framkvæmd þessara mála. Skal hann hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði, að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Skulu þeir að jafnaði vera einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir skulu hafa aflað sér verklegrar kunnáttu í skógrækt og hafa staðizt próf, sem stjórn skógræktarmála kveður á um.

4. gr.

Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skóggræðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin.

5. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugerð, sem ráðherra setur.

II. KAFLI

Um meðferð skóga og kjarrs, friðun á lyngi o. fl.

6. gr.

Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig að skógurinn eða kjarrið sé grisjað. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að græða upp skóg að nýju á landinu eða á öðru jafnstóru svæði.

7. gr.

Viðarrætur má ekki rífa upp eða skerða á neinn hátt. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði, mel eða annan hlífðargróður, heldur klippa eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hristekju og að banna að skerða hvers konar gróður, þar sem ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri eða landsspjöllum. Bannað er að stinga upp og flytja á brott tré og hvers konar ungviði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða.

8. gr.

Í skógum þeim og kjarrlöndum, sem í afréttum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll beit bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní. Nú hagar svo til á einstökum landssvæðum, að skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í sýnilegri hættu sökum óhóflegrar beitar að dómi skógræktarstjóra, og er ráðherra þá heimilt að banna eða takmarka beit á skóginn eða kjarrið um lengri eða skemmri tíma, enda komi bætur fyrir slíka skerðingu á landsnytjum eftir mati dómkvaddra manna. Bætur þessar skal greiða úr ríkissjóði. Ráðherra getur bannað með öllu að beita geitfé á skóg eða kjarr, enda telji skógræktarstjóri, að skóginum stafi bersýnileg hætta af beitinni.

9. gr.

Í þeim skógum og kjarri, sem er sameign fleiri manna eða jarða á óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli.

10. gr.

Óheimilt er öllum, sem eiga skóg eða kjarr eða hafa umráðarétt yfir slíku, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess.

11. gr.

Sé skógur eða kjarr í yfirvofandi hættu að dómi skógræktarstjóra, fyrir örtröð eða annað það, er kann að valda háskalegum skemmdum á skógi eða skóglendi, er ráðherra heimilt að taka slík landssvæði eignar- eða leigunámi. Um slíkt eignar- eða leigunám fer eftir fyrirmælum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur fyrir afnotamissi.

12. gr.

Skógræktarstjóri eða skógarverðir skulu fara eins oft og þörf krefur um sveitir þær, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar og kjarrs um framkvæmd alla á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorazt undan að fylgja þeim í skóginn eða kjarrið. Hann er og skyldur til þess að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á allt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu til þess að kynnast, hvernig höggva skuli.

13. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra, skógarvörðum, hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kann að vera falið, að fara um land sitt, hvort sem girt er eða ógirt.

14. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir til þess að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sér fyrirskipanir þeirra um meðferð skóga og kjarrs, sem þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar dagpeninga, sem greiðast af skógræktarfé.

15. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal þeim útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur eða kjarr er.

III. KAFLI
Um friðun og ræktun skóga.

16. gr.

Á land það, sem skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

17. gr.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru, svo að öruggt sé, að þau opnist ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til að leita þess vandlega.

Heimilt er ráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi skógræktarstjóra, að fyrirskipa, að þau sveitarfélög, er fjárvon eiga innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað.

18. gr.

Til þess að girðing um skógræktarsvæði megi teljast löggirðing, þ. e., að hún veiti örugga vörn gegn ágangi búfjár, skal hún minnst vera 110 sentimetrar að hæð og gerð með 6 strengjum gaddavírs og undirhleðslu eða úr öðru efni, sem sé ekki minni vörn (t. d. vírnet eða vírnet ásamt gaddavír). Bil milli jarðfastra staura má lengst vera 12 metrar, og skulu þá minnst tvær styttur koma þar á milli. Séu einungis jarðfastir staurar í girðingunni, má millibil mest vera 6 metrar. Hornstaurar skulu standa minnst 1.25 metra í jörðu, nema unnt sé að festa þá í jarðfasta klöpp. Skulu þeir steyptir niður eða púkkaðir og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt og hornstaurar.

19. gr.

Komist sauðfé eða geitfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins taka féð í gæzlu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir séu eigendur fjárins og hvernig féð sé merkt. Hreppstjóri skal tilkynna þetta eigendum eða umráðamönnum fjárins og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma.

Komist sömu skepnur aftur inn á sama svæði, án þess að göllum á girðingu eða óvenjulegum snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður afhent hreppstjóra fénaðinn með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunni og koma afurðum í verð. Hreppstjóra er skylt að verða við þeirri kröfu, en skógareiganda ber að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir fé sitt. Hreppstjóra er og skylt að tilkynna fjáreigendum þessa ráðstöfun, og skal hann og, ef þess er óskað, láta rannsaka ástand girðingarinnar.

Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi að dómi úttektarmanna, að fé komst í hana.

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt fjáreigendum í nágrenni hennar, á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn, og ber þá fjáreigendum að hafa gætur á fé sínu og halda því frá þessum svæðum, unz girðingin telst fjárheld á ný.

Ef um stutt höft á girðingu er að ræða, sem eru í kafi sakir aðfennis, geta fjáreigendur krafizt þess, að girðingareigandi láti gera höftin fjárheld, ef þess er kostur án óhæfilegs kostnaðar. Rísi ágreiningur um þetta, hafa úttektarmenn úrskurðarvald í slíkum málum, og geta þeir látið gera slíka girðingu fjárhelda á ný á kostnað eiganda, ef þörf krefur.

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær. Aðilar hafa rétt til að krefjast yfirmats, er þrír dómkvaddir menn

framkvæma. Ákvörðun yfirmatsmanna um bætur og kostnað verður eigi skotið til dómstóla.

Sé hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækturreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

21. gr.

Taka skal fram í byggingarbréfi gagnvart ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að þeim sé skylt að hlífa svo skógi og kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rýrni eða eyðist af völdum þeirra, á meðan ábúðartími þeirra stendur. Enn fremur það, að ráðherra sé heimilt að taka til friðunar einstök skóg- eða kjarrlendi á jörðum þessum, á meðan ábúð þeirra stendur, enda lækki þá afgjald jarðanna vegna afnotamissis ábúenda af hinu friðaða landi eftir mati dómkvaddra manna.

22. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum eða notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfé til þess að girða bæði skóglendi og skóglaust land til þess að rækta á skóg, með þeim skilyrðum, er hér greinir:

Skógrækt ríkisins leggur til girðingarefni og kemur því á næstu höfn við svæði það, er girða skal. Hún leggur til verkstjóra við uppsetningu girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið að girðingarstæði á sinn kostnað og leggur til allan þann vinnukraft, sem þarf til þess að setja upp girðinguna; skulu þeir og fæða og hýsa verkstjóra endurgjaldslaust. Gera skal samning um girðinguna milli skógræktar ríkisins annars vegar, en eiganda eða nothafa hins vegar. Skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í, sem kvöð á jörðinni, á kostnað eiganda eða notanda. Skógrækt ríkisins greiði ⅓, en eigandi eða nothafi ⅔ viðhaldskostnaðar á girðingunni fyrstu 15 árin, en að þeim tíma liðnum stendur eigandi eða nothafi straum af öllu viðhaldi hennar. Sé skóglaust land tekið til skóggræðslu, greiðir skógrækt ríkisins helming kostnaðar við gróðursetningu eða sáningu í fyrsta sinn, en eigandi eða nothafi helming á móti. Ef ný gróðursetning er nauðsynleg eða sáning, skal eigandi eða nothafi framkvæma það á sinn kostnað samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra eða skógarvarðar.

Um friðun þessara svæða gilda sömu reglur og um friðun skóglendis, sem um getur í 16.—19. gr.

23. gr.

Nú er verðmætt skóglendi í bersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðarsöm, að eigendur og notendur landsins treystast eigi til þess samkv. þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 22. gr., og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 22. gr., enda taka ákvæði síðustu málsgreinar þeirrar greinar einnig til þess skóglendis.

Verði eigandi eða nothafi sannur að sök um endurtekna vanrækslu, getur ríkið tekið hið girta skóglendi til fullrar umsjár í allt að 20 ár á kostnað eiganda.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun.

24. gr.

Með samþykki ráðherra er skógræktarstjóra heimilt að leigja einstaklingum, félögum eða stofnunum lönd á erfðafestu innan girðinga skógræktar ríkisins, gegn því að leigutakar gróðursetji barrskóg í landið samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og samningi þeim, sem gera skal við sérhvern leigutaka um gróðursetningu, hirðingu og meðferð lands.

Sá skógur, sem upp vex á landinu, verður eign leigutaka, en meðferð hans öll og grisjun skal háð fyrirmælum skógræktarstjóra.

Vanefndir á samningi um gróðursetningu og meðferð skógar, sem ekki stafa af ástæðum, sem leigutaka eru óviðráðanlegar, varða missi á erfðafesturéttindum, og fellur þá skógur leigutaka til skógræktar ríkisins án endurgjalds.

25. gr.

Þeir, sem koma vilja upp trjálundum við bæi sína, en fá ekki til þess styrk samkv. 22. gr., eiga rétt á að fá greiddan sama styrk til girðingar um slíka lundi og aðrar fullkomnar girðingar samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaga, nr. 45 frá 17. maí 1950, gegn þessum skilyrðum:

1) að land innan girðingar sé minnst hektari;
2) að áður en úttekt fer fram, skal liggja fyrir yfirlýsing skógarvarðar um, að landið sé vel fallið til skógræktar.

26. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað skógræktarinnar, rjúfa þann samning, sem gerður hefur verið um friðun eða ræktun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt, með samþykki ráðherra, að taka burt girðinguna á kostnað eiganda eða notanda.

27. gr.

Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðunarákvæðum samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt 15. gr. laganna. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um þetta til skógræktarstjóra, sem ákveður, hvað frekar skuli gert í málinu.

IV. KAFLI
Um Skógræktarfélag Íslands.

28. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

29. gr.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði, að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

30. gr.

Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

V. KAFLI
Um skógarítök.

31. gr.

Ákvæði V. kafla laga nr. 100 frá 1940, um skógarítök og afléttingu þeirra, skulu gilda áfram til ársloka 1955.

32. gr.

Eftir staðfestingu þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri, án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

VI. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o. fl.

33. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200— 10000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, og lög nr. 10 frá 13. febr. 1943, um breytingu á lögum nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt, og lög nr. 58 frá 25. maí 1950, um breytingu á sömu lögum.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frumvarp eftir beiðni hæstvirts landbúnaðarráðherra, og hafa allir nefndarmenn óbundna afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð, samin af skógræktarstjóra:

Hér með sendi ég yður, hæstvirtur landbúnaðarráðherra, uppkast að lögum um skógrækt, þar sem upp eru tekin þrjú nýmæli. Með því að gerðar hafa verið tvær breytingar á skógræktarlögunum frá 1940 og líklegt má telja, að þessi nýmæli bætist við, er eðlilegt, að lagabálkurinn verði samþykktur af Alþingi í heild.

Um hina einstöku kafla og greinar skal þetta tekið fram:

I. kafli er óbreyttur að öðru leyti en því, að felld hefur verið niður síðasta málsgrein 5. greinar, þar sem hún er óþörf, eftir að nýju launalögin voru sett. Til athugunar gæti komið, að 3. gr. yrði breytt þannig, að forseti skipaði skógræktarstjóra, ef yður eða hinu háa Alþingi sýndist svo. Þess má geta, að menntun sú, sem skógræktarstjóri þarf að hafa samkvæmt lögum þessum, er eigi minni en krafizt er af menntuðustu embættismönnum landsins.

II. kafli er óbreyttur.

III. kafli. Með lögum nr. 58 frá 25. maí 1950 var bætt inn í kafla þennan sérstakri grein, er fjallaði um rétt skógareigenda til að láta lóga sauðfé eða geitfé, er sækti sérstaklega á girðingar. Sú grein var mjög þunglamaleg, er til framkvæmda kom, og sætti auk þess gagnrýni af hálfu búnaðarþings. Gerði búnaðarþing ályktun um, að æskilegt væri, að upp yrðu tekin í lög um skógrækt ákvæði um gerð skógargirðinga og girðing yrði ekki talin fullgild vörn eða löggirðing, nema þeim ákvæðum væri hlýtt. Orðalag greinarinnar, um rétt skógareigenda til að láta lóga fé, hlýtur þá að breytast samkvæmt þessu. Búnaðarþing óskaði einnig nokkurra breytinga að því er varðaði snjóalög og girðingarvörzlu. Ályktun búnaðarþings var rædd á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands nú í sumar, og féllst fundurinn á hana með nokkrum breytingum.

Fyrir því hefur verið bætt inn nýrri grein, sem yrði 18. gr., um löggirðingar um skógræktarsvæði, og er þar að mestu farið eftir óskum búnaðarþings. Þó þótti ekki ástæða til að lögbjóða 7-þættar gaddavírsgirðingar, enda þótt flestar nýjar girðingar séu þannig gerðar. Meðan mæðiveikigirðingar þurfa ekki að vera nema 6-þættar, þykir ekki ástæða til að heimta meira af öðrum aðilum, auk þess sem þá þyrfti að leggja einn streng á allar gamlar skógræktargirðingar, en þær eru flestar ágæt vörn, þótt 6-þættar séu.

19. gr., sem áður var 18. gr., fjallar um, hvernig ráðstafa skuli áleitnu sauðfé og geitfé. Sú grein er í aðalatriðum samkvæmt óskum búnaðarþings. Samt þótti

ekki fært að skylda skógaeigendur til að girða lausagirðingar á snjó, nema þegar um stutt höft væri að ræða, enda mun það tæplega hafa verið hugmynd búnaðarþings, að svo yrði.

24. gr. er nýmæli. Þar er lagt til, að ráðstafa megi löndum skógræktar ríkisins á erfðafestu til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana, sem vilja taka að sér að rækta barrskóg á landinu. Sá skógur, sem upp vex, á að verða eign þeirra, sem gróðursetja í landið, eða erfingja þeirra. Tilgangurinn með grein þessari er fyrst og fremst að hvetja þá, sem hafa efni og ástæður til að leggja eitthvað af mörkum til skógræktar, til þess að koma upp nytjaskógum. Skógrækt ríkisins á víða afgirt skóglendi, sem ekki mun vinnast tími til að gróðursetja barrvið í á næstu áratugum, en aðalatriðið er, að hér rísi upp barrskógur sem allra fyrst.

Á síðari árum hafa margir einstaklingar sýnt mikinn og mjög lofsverðan áhuga fyrir gróðursetningu barrviða, en þá hefur flesta skort hentug lönd til að gróðursetja í, auk þess sem kostnaður við að girða og halda við girðingum er oft umfram það, sem efnahagur manna leyfir. Ódýrast er að girða stór samfelld svæði og skipta þeim svo milli þeirra aðila, sem vilja gróðursetja skóg. Ef 24. gr. yrði að lögum, mundi skógrækt á Íslandi án efa fá marga nýja liðsmenn.

25. gr. Á síðari árum hefur fjöldi manna óskað þess að fá styrk til þess að koma upp smálundum við bæi sína. Ómögulegt hefur verið að sinna beiðnum þessum, enda tæplega unnt að telja þetta til skógræktar. Hins vegar eru slíkir reitir til mikils menningarauka og heimilisprýði. Hér er aðeins ætlazt til, að girðingar þessar verði settar til jafns við aðrar jarðræktargirðingar og njóti sömu kjara samkvæmt lögum um jarðræktarstyrk, að uppfylltum tveim skilyrðum, sem getið er í greininni.

V. kafli, um skógarítök, er framlengdur til ársloka 1955. Þess má þó geta, að flest skógarítök eru fallin niður, þar sem þeim var ekki lýst á tilsettum tíma. Er unnið að því að aflétta hinum, en mjög hefur gengið treglega að fá upplýsingar um flest þeirra. Stafar það einkum af því, hve menn nú telja þau orðin lítils virði.

VI. kafli. Í 33. gr. hafa sektir fyrir brot á lögunum verið hækkaðar nokkuð sakir lækkunar krónunnar.

Nd. 238. Breytingartillaga [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Jóni Pálmasyni.

a. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laga nr. 44 1932 verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. **Blönduóshérað:** Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis Höfðahéraðs.

26. **Höfðahérað:** Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.

b. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 8 1944, um breyt. á þeim lögum.

Ed. **239. Frumvarp til laga** [132. mál]

um lausn ítaka af jörðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörzlum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.

2. gr.

Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir.

3. gr.

Lög þessi taka eigi til skógarítaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum.

4. gr.

Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni til héraðsdómara skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu og, eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið.

5. gr.

Nú hefur ítaki verið lýst samkvæmt 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður.

Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum.

6. gr.

Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans.

Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni.

7. gr.

Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítakshafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er.

8. gr.

Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni.

9. gr.

Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguábúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði, er ítak, sem ábýlisjörð hans fylgdi, hefur verið skilið frá jörðinni og leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn.

10. gr.

Aðili, sem eigi vill una álits- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu af hvorum aðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 240. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum og
6. er héraðsdómlögmaður og hefur enn fremur samtals 10 ár gegnt föstu dómaraembætti eða opinberu starfi, sem þarf til þess að verða skipaður í fast dómarasæti, eða verið héraðsdómslögmaður eigi skemur en fimm ár og flutt eigi færri en 30 mál fyrir dómstólum, þar af séu að minnsta kosti 20 munnlega flutt.

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá þessum skilyrðum um starfstíma, ef dóminum er það kunnugt, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni barst frv. þetta með tilmælum um að flytja það. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að verða bornar.

Þegar lög um hæstarétt, nr. 22 6. okt. 1919, voru sett, munu þau hafa verið sniðin eftir dönskum lögum. Þá kom inn í íslenzk lög það ákvæði, að ekki gætu

aðrir orðið málflutningsmenn við hæstarétt en þeir, er hlotið hefðu fyrstu einkunn við embættispróf og auk þess lokið sérstöku málflutningsprófi. Þessi skilyrði höfðu ekki verið sett um málflutning fyrir yfirdómi, sem var skipaður 3 dómurum eins og hæstiréttur var í fyrstu. Samkvæmt lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, eru skilyrði til að öðlast rétt til að flytja mál fyrir hæstarétti að mestu leyti þau sömu og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, að öðru leyti en því, að ákvæðin um flutning prófmála í 6. tölulið eru felld burt, en þess aftur á móti krafizt, að viðkomandi hafi 10 ár samtals gegnt föstu dómaraembætti eða opinberu starfi sem þarf til þess að verða skipaður í fast dómaraembætti, eða verið héraðsdómslögmaður í 5 ár — í stað þriggja áður — og hafi auk þess flutt eigi færri en 30 mál fyrir dómstólum og þar af séu að minnsta kosti 20 munnlega flutt.

Reynslan hefur sýnt, að næstum ógerningur er að fá prófmál fyrir hæstarétti, er rétturinn telur hæf til prófflutnings. En enn meiri erfiðleikum veldur það, er hæstiréttur mælti svo fyrir, að framvegis verði eigi önnur mál tekin gild sem prófmál fyrir hæstarétti en þau, er þeir héraðsdómslögmenn, er próf vilja taka, hafi sjálfir flutt fyrir undirrétti. Þá er það og skilyrði, að prófmál séu vandasöm í flutningi og veigamikil. Slíkum málum er allajafna í öndverðu ætlað að fara fyrir hæstarétt, en af því leiðir, að hæstaréttarlögmönnum er yfirleitt falinn flutningur þessara mála fyrir undirrétti. Er það út af fyrir sig mjög eðlilegt, að aðilar máls óski fremur eftir því, að sami lögmaður flytji málið fyrir báðum dómstigum. Samband aðila og málflutningsmanns er jafnan reist á gagnkvæmu trausti og er á sinn hátt eins og samband sjúklings og læknis, enda er þetta gagnkvæma traustsamband viðurkennt í íslenzkri löggjöf. Má í því sambandi benda á þagnarskyldu lögmanna um þau mál, er þeim er trúað fyrir í starfa sínum. Þá er það og staðreynd, að starfsheitið hæstaréttarlögmaður eitt út af fyrir sig hefur þau áhrif á almenning, að hann telur málum sínum betur borgið í höndum hæstaréttarlögmanna en héraðsdómslögmanna.

Af framangreindri tilhögun leiðir, að mjög erfitt er að öðlast rétt til málflutnings fyrir hæstarétti. Er nær útilokað, að menn geti náð þessu takmarki með eðlilegum hætti. Slíkar hindranir eru óþekktar í öðrum hliðstæðum atvinnugreinum og verða að teljast ósamboðnar þjóðfélagi, þar sem atvinnufrelsi manna er viðurkennt.

Áherzla skal lögð á það, að með breytingum þeim á núgildandi lögum, sem frumvarp þetta felur í sér, er réttaröryggi í engu rýrt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að lögmaður hafi náð 30 ára aldri og auk þess öðlazt allmikla reynslu í málflutningi fyrir héraðsdómi, eða 10 ár samtals gegnt föstu dómaraembætti eða opinberu starfi, sem þarf til þess að verða skipaður í fast dómaraembætti. Ákveðinn starfstími og sú reynsla, sem lífið sjálft færir mönnum, er lærdómsríkari, vænlegri til þroska og varðar meiru en þótt menn standist prófraunir.

Það er alkunna, að vandasamasti þáttur málsmeðferðarinnar fer fram fyrir héraðsdómi. Þar er lagður grundvöllur málsins, kröfur gerðar og reifaðar. Þar fara fram vitna- og aðilayfirheyrslur, og þar á yfirleitt að fara fram öflun allra gagna málsins og síðast en ekki sízt allajafna munnlegur málflutningur þess.

Það er og athyglisvert í þessu sambandi, að menn þurfa ekki umfram embættispróf í lögum að þreyta neins konar prófraunir til þess að verða dómarar í héraðsdómi eða hæstarétti. Verða vandfundin rök fyrir því að gera strangari kröfur til þeirra, er flytja mál fyrir dómi, en þeirra, sem dæma mál.

Ed. 241. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 2. gr. kemur ný grein (3. gr.), er orðast svo:

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á.

Sþ. 242. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um verðmiða á vörum í sýningargluggum verzlana.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að verzlanir séu skyldaðar til þess að hafa verðmiða á þeim varningi, sem settur er til sýnis í búðarglugga, sýningarkassa eða á annan hátt.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, þá er verðlag á vörum mjög breytilegt í verzlunum. Veldur því bæði misjafnlega há álagning og misjafnlega hagstæð innkaup verzlananna. Það tekur langan tíma fyrir þá, sem vilja tryggja sér hagkvæmustu kaupin, að þurfa ætíð að spyrjast fyrir um það, hvað varan kosti, og væri hægt að spara bæði kaupendum og verzlunarfólki mikla vinnu með því að verðmerkja þann varning, sem er til sýnis í gluggum verzlananna. Nokkrar verzlanir hafa þá reglu, að verðmerkja þær vörur, sem þær hafa til sýnis, en fæstar verzlananna gera það, nema um sérstaklega ódýra vöru sé að ræða. Víðast hvar er varningurinn til sýnis í búðargluggunum án þess að hann sé verðmerktur, nema þá einn og einn hlutur.

Erlendis eru vörur yfirleitt verðmerktar í sýningargluggum, og einnig er það algengt, að spjöld, er sýna verðið, séu á öllum vörum, sem til sýnis eru inni í verzlunarhúsunum, þannig að kaupandinn þarf ekki að leita til afgreiðslufólksins, fyrr en hann hefur að mestu ráðið það við sig, hvað hann ætlar að kaupa. Gerir þetta alla afgreiðslu auðveldari en annars mundi vera og er kaupandanum á allan hátt þægilegra og hagkvæmara.

Ekki mun þurfa að setja sérstök lög um verðmerkingu vara, en með reglugerðarákvæði ætti að vera hægt að koma því á hér, að vörur í sýningargluggum verzlana verði greinilega verðmerktar, þannig að auðvelt sé utan frá að átta sig á því, hvað þær kosta. Er tilgangur þessarar þingsályktunartillögu að fá slíkt ákvæði sett með reglugerð.

Nd. 243. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin gaf út í sumar, um heimild henni til handa að taka lán handa áburðarverksmiðjunni. Ekki hafa fengizt upplýsingar um, með hvaða kjörum lánið er veitt Áburðarverksmiðjunni h/f né hvaða tryggingar Áburðarverksmiðjan h/f veitir. Þetta lán er að vísu aðeins lítill hluti af þeim lánum, sem ríkið tekur og veitir áburðarverksmiðjunni, en það er hins vegar nauðsynlegt, að tryggilega sé gengið frá eignarafstöðu áburðarverksmiðjunnar til ríkisins, þegar annað eins stórfé er veitt til þess fyrirtækis og nú er gert.

Áburðarverksmiðjan á að kosta 108 milljónir króna. Af því fé leggja einstakir hluthafar fram 4 milljónir kr. sem hlutafé. Ríkið á hins vegar að leggja fram 104 milljónir króna, 6 milljónir sem hlutafé, en 98 milljónir króna sem lán. Engar upplýsingar hafa fengizt um, hvaða tryggingar verksmiðjan lætur og hvort hinir einstöku hluthafar láta nokkrar tryggingar fyrir þessum háu lánum, nema sitt litla hlutafé. Samband ísl. samvinnufélaga mun eiga 2 milljónir króna af hlutafénu. Auk þess er forstjóri S. Í. S. kosinn af Framsóknarflokknum á Alþingi í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f og tilnefndur formaður hennar af ríkisstjórn.

Ég hef haldið því fram, að áburðarverksmiðjan væri samkvæmt lögum um hana sjálfseignarstofnun, eign ríkisins, eins og lagagreinarnar 1.—12. bera með sér, en að hlutafélag það, sem myndað væri samkvæmt 13. gr., væri aðeins til að reka verksmiðjuna, eins og það er ákveðið. Ráðherrar Framsóknarflokksins hafa hins vegar haldið því fram, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélagsins. En það mundi þýða, að ef rekstur hennar gengi vel og hún væri eftir tvo áratugi búin að borga sig, þá væri þetta 108 milljón króna fyrirtæki að $^{9}/_{10}$ hlutum eign ríkisins, en að $^{1}/_{10}$ hlutum eign hluthafa, er legðu fram 4 milljónir króna, en eignuðust þá rúmar 40 milljónir króna í staðinn.

Ég hef álitið það óeðlilegt, að ríkið veitti slík stórlán sem hér er um að ræða til þess að veita nokkrum einstökum aðilum möguleika til yfirdrottnunar og auðsöfnunar, ef fyrirtækið gengi vel, en ríkið hins vegar tæki á sig allan skellinn, ef fyrirtækið gengi illa. Þess vegna hef ég reynt að knýja fram ákvarðanir um það nú, hvort áburðarverksmiðjan væri eign ríkisins (sjálfseignarstofnun, háð lögum frá Alþingi), eins og ég hef haldið fram, eða hvort hún væri eign hlutafélags með 10 millj. kr. höfuðstól, þar af 4 millj. kr. framlag frá einstökum hluthöfum, er hafa a. m. k. hvað 2 milljónir af því snertir fengið þær að láni frá bönkum ríkisins til þess að leggja fram. Álít ég, að ríkisstjórninni beri að leggja fram á þessu þingi frv. til breytinga á lögum um áburðarverksmiðjuna, svo að Alþingi fái úr því skorið, hvernig eignarrétturinn á því fyrirtæki á að vera.

Þá er enn fremur nauðsynlegt, að Alþingi geri sér ljóst, hverjar ráðstafanir af þess hálfu eru nauðsynlegar vegna þess, að áburðarverksmiðjan fær megnið af því *rafmagni*, sem Írafossstöðin framleiðir. Eins og kunnugt er, mun hin nýja Sogsvirkjun, Írafossstöðin, kosta með raflagningum um 190 millj. kr. Af orkumagni hennar fær áburðarverksmiðjan um $^{2}/_{3}$ hluta, en af grunnorku hennar $^{1}/_{8}$. Ef reist hefði verið nýtt orkuver fyrir áburðarverksmiðjuna til að framleiða það orkumagn, sem hún á að fá, hefði það kostað á annað hundrað milljónir króna. Það er vart hægt að telja það ósanngjarnt að áætla, að helmingurinn af stofnkostnaði Írafossstöðvarinnar, eða um 100 milljónir króna, sé í þjónustu áburðarverksmiðjunnar. Og vissulega er þrengt að almenningi, bæði fjárhagslega og hvað örugga rafmagnsnotkun snertir, með því að láta áburðarverksmiðjunni í té allt rafmagn, er hún fær, fyrir t. d. 3—4 milljónir króna á ári. En aðalatriðið fyrir almenning

er þó, að innan 3—4 ára, í síðasta lagi 1956, sé þriðja virkjun Sogsins fullgerð, ef ekki er ráðizt í stærri virkjanir, því að ella verður 1956 sami herfilegi rafmagnsskorturinn í Reykjavík og sunnanlands og nú er og varastöðin rekin með dýrri, erlendri orku mestallan sólarhringinn. En þetta þýðir, að ríkið verður strax að útvega upp undir 100 milljónir króna til þriðju virkjunar Sogsins og láta hefja framkvæmdir við hana næsta sumar.

Það liggur því í augum uppi, að þegar lagt er fram af almannafé að láni og framlagi alls um 200 milljónir króna, til þess að hægt sé að koma áburðarverksmiðjunni upp og reka hana, og þrengt að almenningi á annan hátt líka, til þess að áburðarverksmiðjan geti starfað, þá er nauðsynlegt, að það sé að fullu tryggt, að verið sé að gera þetta vegna hagsmuna almennings, en ekki í þágu einstakra fyrirtækja. Og þegar áburðarverksmiðjan eftir lögunum á að vera sjálfseignarstofnun og búið er að henni eins og hún væri almenningseign, þá verður sannarlega að gjalda varhuga við þeim tilraunum stjórnarvaldanna, sem nú eru gerðar til þess að gera hana að eign lítils hlutafélags. Það ber Alþingi að gera, og því mun ég reyna við umræðu um þetta frv. að vekja athygli Alþingis á því, sem nú er að gerast með áburðarverksmiðjuna.

Hvað snertir frv. það um lánsheimildina, sem fyrir liggur, þá mun ég leggja fram ýtarlegri brtt. við 3. umr., eftir því hvers konar yfirlýsingar nú verða gefnar af ríkisstj., en legg til, að það sé nú samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Síðari málsliður 1. gr. orðist svo:

Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána áburðarverksmiðjunni alla lánsupphæðina með sömu vöxtum og afborgunarskilmálum og lánið var tekið og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Alþingi, 14. nóv. 1952.

Einar Olgeirsson.

Ed. 244. Frumvarp til laga [153. mál]

um eignarnámsheimild á 5 hndr. úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi 5 hundruð úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi.

2. gr.

Framkvæma skal eignarnámið samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu vori ákvað ríkisstjórnin, að komið skyldi upp vistheimili fyrir afvegaleidda unglinga á jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi. Var þegar hafizt handa um byggingu húsa á jörðinni, og er búizt við, að þeim byggingum verði lokið á næsta ári. Ríkissjóður er eigandi jarðarinnar, að undanskildum fyrrnefndum 5 hndr., sem eru í einkaeign. Hafa verið gerðar tilraunir til að fá samkomulag við jarðareig-

anda um kaup á þeim parti, sem hér um ræðir, en árangurslaust. Vistheimilinu er hins vegar mikil þörf á því að fá alla jörðina til umráða og afnota nú þegar, og því er farið fram á það, að heimilað sé eignarnám á þessum hluta hennar, sem er í einkaeign.

Jörðin öll hefur verið í eyði um nokkur ár. Eru tún, girðingar og hús öll í hinni mestu niðurníðslu. Eigandi að þeim hundruðum, sem hér um ræðir, á engar byggingar á jarðarpartinum, sem að fasteignamati er metinn á 1100 krónur.

Gömul og mjög léleg kirkja er á jörðinni, og hvílir sú skylda á jarðeiganda að halda henni við og byggja hana að nýju, þegar þess er þörf, en um það hafa þegar verið gerðar margítrekaðar kröfur frá söfnuðinum, sem hefur verið fús til þess að taka kirkjuna að sér, eftir að búið er að endurbyggja hana. Er litið svo á, að allt jarðarverðið fari til endurbyggingar á kirkjunni, og muni þó engan veginn duga til. Ber að taka tillit til þessarar áhvílandi kvaðar, þegar meta skal verð jarðarhundraðanna við eignarnámið, er það verður látið fram fara.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um heyforðabúr.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um heyforðabúr, einkum í því skyni, að komið verði upp nokkrum stórum heyforðabúrum við hafnir, t. d. í helztu engjahéruðum landsins, til tryggingar búpeningi, þegar harðindi og almennan fóðurskort ber að höndum.

Greinargerð.

Lögin um heyforðabúr eru frá 11. júlí 1911 og því á ýmsan hátt orðin úrelt, þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin 40 ár á mörgu því, er landbúnaðinn varðar. Er því lagt til, að þau lög verði endurskoðuð, og þá jafnframt bent á tiltekin atriði, sem sérstaklega beri að hafa í huga við endurskoðunina, þ. e. stofnun nokkurra stórra heyforðabúra, einkum þar sem náttúruskilyrði eru bezt til heyöflunar.

Íslenzkir bændur hafa oft orðið fyrir þungum búsifjum af völdum óþurrka og harðinda. Í því sambandi er skemmst að minnast áranna 1949—51. Viðnámsþróttur bændastéttarinnar gegn slíkri óáran er þó meiri nú en fyrr. Er það einkum að þakka auknum samgöngum og ræktun, svo og fóðurbætisframleiðslu í landinu, sem áður var engin. Þrátt fyrir þetta hafa harðindi síðustu ára valdið bændum miklu tjóni. Hefði án efa mátt draga mjög úr því tjóni, ef nægar birgðir af góðu heyi hefðu verið falar á hentugum stöðum og hægt að taka þær til flutnings án fyrirvara, í stað þess að tína heyið saman á löngum tíma með mikilli fyrirhöfn og kostnaði. Rétt er að geta þess, að flest ár er nú orðið einhver þörf heyflutninga milli héraða, þótt ekki sé beinlínis um harðindi að ræða, og þá einkum til tryggingar mjólkurframleiðslu í kauptúnum við sjávarsíðuna, sem ekki eiga nóg af ræktuðu landi til þess að fullnægja fóðurþörf sinni.

Í harðindunum undanfarin ár hefur það aðallega komið í hlut Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda að útvega hey og sjá um flutning á því til harðindasvæðanna. Hafa þessir aðilar síðan 1949 útvegað hey sem næst því sem hér segir:

Seinni hluta vetrar og vorið 1949	1300— 1400	hestburðir.
Veturinn 1950—51	16000—17000	—
Veturinn 1951—52	um 800	—

Samtals eru þetta um 19000 hestburðir, og eru þá talin 100 kg í hestburði. Veturinn 1950—51, þegar heyflutningarnir voru mestir, stóð svo á, að allmiklar heybirgðir voru til í Borgarfirði vegna niðurskurðar sauðfjár, og er tæpast hægt að gera ráð fyrir slíkum heybirgðum að jafnaði. Mikið af heyi var og útvegað annars staðar, þar sem heyskapartíð hafði verið hagstæð sumarið áður. Heyflutningar þessir hefðu þó þurft að vera mun meiri og hefðu án efa orðið það, ef bændur, sem í heyþröng voru, hefðu vitað um örugga möguleika til að afla þess með viðráðanlegum kjörum og hægt hefði verið að hvetja menn og e. t. v. styrkja til að gera ráðstafanir til þess í tíma. Það er gömul venja, að þeir, er betur eru settir með hey í sveit hverri, hjálpa öðrum yfirleitt, eftir því sem geta leyfir og um er beðið, en möguleikar fyrir bráðabirgðahjálp á þennan hátt eru þó miklu meiri, ef öruggt er um heyöflun í staðinn á skömmum tíma úr öðrum héruðum. Er þetta eigi sízt nauðsynlegt vegna þess, að í harðindum er löngum tafsamt að koma heyi til þeirra, sem verst eru staddir, t. d. á jörðum fjarri sjó, þar sem hætt er við jarðbönnum og seint leysir snjó.

Í tillögu þessari er, eins og fyrr var sagt, gert ráð fyrir, að komið verði upp heyforðabúrum á nokkrum stöðum í landinu, sem grípa megi til, er harðindi ber að höndum. Gert er ráð fyrir, að forðabúrin verði nálægt höfnum, svo að ekki verði teljandi töf að landflutningum til skips. Sennilega yrðu slík forðabúr bezt sett í nágrenni við mestu engjasveitir landsins, en eins mætti gera ráð fyrir sérstakri ræktun vegna forðabúranna. Vel mætti hugsa sér, að eitthvað af heybirgðum yrði flutt að hausti til hafna, þar sem óþurrkasamt hefði verið að sumri eða grasbrestur og bændur þættu heytæpir, en þá yrði að gæta þess vel, að eigi væri beinlínis sett á forðabúrin og að í engu væri slakað á eftirliti því, sem nú er með ásetningi í landinu.

Eðlilegt má telja, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafi með höndum skipulagningu þessara mála, en sýslufélög eða búnaðarsambönd komi upp forðabúrunum og reki þau, en ríkissjóður aðstoði þessa aðila við útvegun stofnfjár, e. t. v. með því að leggja fram fé í fyrstu eða veita ábyrgð fyrir lánum. Stjórnendur forðabúrs mundu þá sjálfir ákveða, á hvern hátt heyjanna yrði aflað. Gæti þá ýmist komið til mála, að stjórnendur forðabúra önnuðust það sjálfir eða keyptu heyin af bændum eða öðrum, sem aðstöðu hefði til að afla þeirra. Rétt er að gera ráð fyrir, að borðabúrin beri sig fjárhagslega, en þó geti komið til mála, að styrkur yrði veittur af hinu opinbera, ef sýnt þætti, að þess yrði þörf, t. d. vegna kostnaðar við geymslu, vaxtagreiðslu af lánum og affalla á birgðum. Það verður að teljast eðlilegt að selja heybirgðirnar eða skipta á þeim, ef langt líður á milli þess, sem þær eru notaðar vegna harðinda. Áríðandi er að leggja höfuðáherzlu á að afla góðra heya, þar sem geymsluþol þeirra er miklu meira en heyja, sem aflað er í óhagstæðri heyskapartíð.

Sjálfsagt þykir, eins og fyrr er sagt, að samvinna sé um þessi mál milli ríkisvaldsins og landssamtaka bændastéttarinnar, þannig að ríkið komi eingöngu fram sem styrktaraðili, en framkvæmdir verði sem mest í höndum bændanna sjálfra, þ. e. héraðssamtaka þeirra eða sýslufélaga.

Ed. 246. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á tveimur fundum og borið frumvarpið saman við gildandi lög um búfjártryggingar. Þá barst nefndinni bréf frá Búfjártryggingardeild Brunabótafélags Íslands ásamt greinargerð um rekstur tryggingardeildarinnar.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 8. gr. komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:
   Ríkissjóður greiðir í Búfjártryggingarsjóð sem óafturkræft framlag 300 þús. kr. með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári.

Alþingi, 17. nóv. 1952.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Fr. R. Valdimarsson.

Nd. 247. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skólanefnd hvers skóla ákveður, að fengnu áliti skólastjóra og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, hvort skólinn starfar í 1 eða 2 ársdeildum og hve langur skólatíminn sé árlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 248. Frumvarp til laga [118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu hver fyrir sitt umdæmi setja reglugerð um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Hafa skal samráð við héraðslækna á hverjum stað um ákvæði reglugerðar.

Í reglugerð hverri skal ákveða:

a. Um hreinsun hunda af bandormum, hvernig hún skuli framkvæmd, á hvaða tíma og af hverjum.
b. Um meðferð á sullum og innyflum úr sullaveikum skepnum; einnig hausum af höfuðsóttarfé.

Heimilt er í reglugerð að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

Heimilt er einnig með reglugerð að fela hreppsnefndum innan sýslu að annast hundahreinsun, enda borgi sýslusjóður þeim þá þann hundaskatt, sem til fellur frá hundaeigendum í hreppnum.

Reglugerð skal staðfest af heilbrigðismálaráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann á um áramót og aðrir þeir, er hann hefur á framfæri sínu.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarstjóra.

3. gr.

Til að bera kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða skatt af öllum hundum 4 mánaða og eldri. Rennur skatturinn í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Skatturinn skal vera:

a. Af hverjum hundi búenda eða annarra, sem búfé eiga, kr. 15.00 árlega.
b. Af öðrum hundum kr. 100.00 árlega.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

5. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Ed. 249. Breytingartillaga [69. mál]

við brtt. á þskj. 196 (Togarakaup Húsvíkinga).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. tölul. Í stað orðanna „og tryggingar settar, sem hún metur gildar“ komi: Auk veðs í togurunum skulu settar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Nd. 250. Frumvarp til laga [155. mál]

um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Ríkið kaupir og gerir sjálft út eigi færri en fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna eru taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem nú eru illa hagnýtt vegna hráefnaskorts.

2. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar atvinnu hverju sinni.

3. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins skal falin stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og hefur framkvæmdastjóri verksmiðjanna einnig framkvæmdastjórn togaraútgerðarinnar á hendi.

4. gr.

Að svo miklu leyti sem það samrýmist höfuðmarkmiði togaraútgerðar ríkisins samkvæmt 2. gr., ber að stuðla að því með rekstri togaranna, að síldarverksmiðjur ríkisins fái aukið hráefni til vinnslu, svo að vinnslutími þeirra geti þannig náð yfir lengri tíma ársins en hingað til hefur verið.

5. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

6. gr.

Reikningsár togaraútgerðarinnar skal vera almanaksárið. Skal stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem annast bókhaldið, gera reikningsskil svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur verksmiðjanna geti lokið störfum sínum fyrir 1. maí ár hvert. Að þeim tíma liðnum skal verksmiðjustjórnin tafarlaust senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og í ríkisreikningunum.

7. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal það sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að megintilgangi laganna — jöfnun atvinnunnar — verði sem bezt náð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar hefur verið flutt á tveim seinustu þingum, en hefur ekki náð samþykki Alþingis.

Með sívaxandi atvinnuleysi verður þó alltaf augljósara og augljósara, að ekki verður hjá því komizt að gera víðtækar ráðstafanir til að draga úr atvinnuskortinum með einhverju móti.

Þeim fer sífellt fækkandi, sem trúa því, að ófrjó atvinnubótavinna leysi vandamál atvinnuleysisins í kauptúnum og kaupstöðum til nokkurrar hlítar. — Hitt sé rétta leiðin, að ríkið veiti aðstoð til öflunar atvinnutækja og hafi áhrif á, að atvinnutækin séu hagnýtt svo sem bezt má verða.

Nú er það staðreynd, að flest hinna þýðingarmestu atvinnutækja við sjávarsíðuna, svo sem hraðfrystihús, fiskþurrkunarhús og fiskimjölsverksmiðjur, standa víða lítt eða ekki notuð, samtímis því að fólkið gengur atvinnulaust. Verður slíkt að teljast óþolandi ástand.

Til þessa liggja ýmsar ástæður. Á nokkrum stöðum þarf stóraukinn vélbátakost, er fullnægi hráefnisþörf hinna ónotuðu atvinnutækja. Á öðrum stöðum er

orðið svo langsótt til fiskjar, m. a. vegna ágengni erlendra og innlendra togara á grunnmiðum, að vélbátaflotinn reynist þess ekki megnugur að annast hráefnisöflunina. En þegar frá eru teknir einn eða tveir staðir, hefur rekstri hinna stóru og fullkomnu nýsköpunartogara verið hagað þannig, að hverfandi lítil atvinna hefur skapazt í landi við vinnslu aflans. Hann hefur verið fluttur sem óverkaður saltfiskur til Danmerkur eða sem ísfiskur til Englands og Þýzkalands. Gjaldeyrisþörf þjóðarinnar og vinnuþörf landsmanna hafa ekki megnað að fá þessum furðulegu útgerðarháttum breytt til betri vegar. Að svo miklu leyti sem nokkrar skýringar hafa á þessu fengizt, hefur því verið borið við, að þetta yrði svo að vera vegna rekstrarfjárskorts togaranna. Þeir fengju ekki fjármagn til þess að geta legið með fiskinn og því síður til þess að geta kostað vinnslu hans hér innanlands og margfaldað þannig gjaldeyrisverðmæti hans. — Ef þetta er rétta ástæðan, ber brýna nauðsyn til, að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til breytinga á svo skammsýnni bankapólitík.

En þó að þessu yrði að einhverju leyti kippt í lag, er það víst, að nýsköpunartogararnir munu að mjög miklu leyti sækja afla á fjarlæg mið og flytja hann óunninn á erlendan markað. Þeir eru að nokkru leyti byggðir sem flutningaskip og þannig — stærðar vegna — sennilega of dýrir í rekstri til að leita oft til hafnar og leggja aflann upp á nokkurra daga fresti til vinnslu í hraðfrystihúsum. En það mundi vera nauðsynlegt til að tryggja vörugæðin.

Þeirri skoðun hefur því vaxið mjög fylgi á seinni árum, að við Íslendingar verðum að eignast nokkra nýtízku dieseltogara, er eigi séu meira en 200—300 smálestir að stærð, — togara, sem séu ódýrari í rekstri en nýsköpunartogararnir svokölluðu, séu beinlínis til þess ætlaðir að stunda veiðar á heimamiðum og leggja aflann á land til verkunar og vinnslu, en ekki til að sigla sjálfir með afla sinn til markaðslandanna.

Skip af þessari stærð mundu víða hafa aðstöðu til afgreiðslu, þar sem nú er ógerlegt að afgreiða nýsköpunartogara vegna ónógra hafnarskilyrða. Slík skip hefðu skemmri útivist í veiðiför og tryggðu þannig betri vöru til hraðfrystingar. Nýting og vinnsla fiskúrgangs í landi yrði vafalaust hagkvæmari í sambandi við rekstur slíkra skipa en sú tilhögun, sem reynd hefur verið í stórum togurum og gefizt misjafnlega, að hafa fiskimjölsverksmiðjur í skipunum sjálfum. Þá væru skip af slíkri stærð einnig ágæt síldarskip.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru sannfærðir um, að jafnframt vélbátaflotanum er mikil nauðsyn slíkra skipa til hráefnisöflunar fyrir hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur og aðrar fiskvinnslustöðvar, ef vinnsluafköst þeirra eiga að notast til nokkurrar hlítar. En gernýting þeirra væri tvímælalaust þýðingarmesta aðgerðin til útrýmingar atvinnuleysi í kaupstöðum og kauptúnum, auk þess sem við það ynnist mikil aukning gjaldeyrisverðmæta og gerbreytt fjárhagsafkoma margra fiskiðnaðarfyrirtækja, sem komin eru í kröggur sökum verkefnaskorts.

Í fyrstu grein þessa frumvarps er lagt til, að ríkið kaupi og geri sjálft út fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna verði taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur illa hagnýtt fiskiðjuver. Telja flutningsmenn, að með tilliti til þessa hlutverks sé hagkvæmast, að skipin séu ekki stærri en 200—300 lestir.

Eins og segir í annarri grein frumvarpsins, er þessum togurum ekki ætlað það hlutverk að bæta úr atvinnuástandi neins eins ákveðins staðar. Ef svo væri, hefði mátt hugsa sér að bæta úr því með togurum í einkaeign eða í bæjarrekstri. — Þeim togurum, sem um ræðir í frumvarpinu, er sérstaklega ætlað það hlutverk að jafna atvinnu í landinu, fyrirbyggja atvinnuleysi, hvar í landinu sem það gerir vart við sig, og leggja þar afla á land, sem vinnuafl og vinnustöðvar skortir verkefni. Sá hreyfanleiki, sem nauðsynlegur er til að ná þessu marki, verður aðeins tryggður með ríkisrekstri togaranna, og þess vegna er lagt til, að það rekstrarform verði viðhaft.

Það sýnist blasa nokkuð beint við, að síldarverksmiðjustjórn verði falið að stjórna slíkri ríkisútgerð. Þar hefur ríkið á að skipa reyndum útgerðarmönnum, þaulkunnugum stórrekstri og hvers konar fiskveiðum, hagnýtingu sjávarafurða og markaðsmálum. Með því er líka hægt að komast hjá verulegum kostnaði við stjórn, framkvæmdastjóra og skrifstofuhald. Auk þess verður að teljast líklegt, að með samhæfingu togaraútgerðar og verksmiðjurekstrar undir einni stjórn megi bæta rekstrarafkomu verksmiðjanna.

Rétt sýnist, að öll smáatriði í sambandi við daglega framkvæmd slíkrar togaraútgerðar verði ákveðin með reglugerð, og er í 7. gr. frumvarpsins lagt til, að svo verði gert.

Þá er þess að geta að lokum, að tillögur atvinnumálanefnda og sveitarstjórna víðs vegar um land hafa mjög víða hnigið í þá átt, að bezta leiðin til að draga úr árstíðabundnu atvinnuleysi sé sú að láta togara leggja afla á land til vinnslu.

Með afstöðu sinni til þessa frumvarps gefst alþingismönnum kostur á að sýna það í verki, að þeir viðurkenni þau augljósu sannindi, að ekkert sé þjóðfélaginu eins dýrt og það að láta menn ganga atvinnulausa.

Nd. 251. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar ferðaskrifstofanna þriggja, sem starfandi eru í Reykjavík, og einnig umsagnar Sambands veitingahúsa- og gistihúsaeigenda. Umsögn hefur ekki borizt frá síðastnefnda aðilanum, en tvær ferðaskrifstofurnar, Orlof og Ferðaskrifstofa Geirs H. Zoëga, mæla með frv. Hins vegar vill Ferðaskrifstofa ríkisins láta fella frv.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála í afstöðu sinni til málsins. Tveir nefndarmanna (ÁB og JG) vilja láta fella frv., en undirritaðir telja rétt að samþykkja það.

Meiri hl. nefndarinnar telur ástæðulaust, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi einkarétt til að taka á móti erlendum ferðamönnum. Í gildandi lögum er heimild fyrir ráðherra að veita undanþágu frá einkaréttarákvæðinu, ef um er að ræða aðila, er starfrækt hafa ferðaskrifstofu áður en einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins var lögfestur, en sú undanþága er bundin við umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa. Úr því að beinlínis er þannig ráð fyrir því gert, að fleiri ferðaskrifstofur annist fyrirgreiðslu útlendra ferðamanna en Ferðaskrifstofa ríkisins, þá telur meiri hl. nefndarinnar ástæðulaust að útiloka aðra, sem kunna að hafa góða aðstöðu til að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir útlenda ferðamenn, þótt þeir hafi eigi rækt þá þjónustu fyrir þann tíma, er Ferðaskrifstofa ríkisins fékk einkarétt sinn.

Einn nefndarmanna (LJós) tekur sérstaklega fram, að meðmæli hans með frv. feli ekki í sér neitt vantraust á Ferðaskrifstofu ríkisins, enda telur hann sjálfsagt, að hún starfi áfram að sömu verkefnum og hingað til. Aðrir í meiri hl. n. telja hins vegar nauðsynlegt að taka til athugunar, hvort ekki sé rétt að breyta starfsháttum Ferðaskrifstofu ríkisins eða jafnvel leggja hana niður.

Alþingi, 14. nóv. 1952.

Sigurður Bjarnason, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 252. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta allýtarlega og ekki getað orðið sammála um það. Leggur meiri hlutinn (SB, MJ og LJós) til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (LJós) hefur þó óbundnar hendur um að flytja eða styðja breytingartillögur, sem fram kunna að koma við frv.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal enn fremur, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, hafa heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. mgr.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

Alþingi, 17. nóv. 1952.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Magnús Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 253. Lög [100. mál]

um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

(Afgreidd frá Nd. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 235.

Sþ. 254. Fyrirspurnir. [156. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Emil Jónssyni.

1. Hafa lög nr. 23 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, komið til framkvæmda?
2. Ef svo er ekki, hver er þá ástæðan?

II. Til fjármálaráðherra um skattmat eigin húsnæðis til tekna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Eftir hvaða reglum er eigin húsnæði metið til tekna við álagningu skatta og útsvara:

a. í Reykjavík,
b. í öðrum kaupstöðum,
c. annars staðar á landinu?

III. Til ríkisstjórnarinnar um sölunefnd setuliðseigna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Er sölunefnd setuliðeigna starfandi enn þá, eða hefur önnur nefnd tekið við störfum hennar eða hliðstæðum störfum?
2. Ef slík nefnd er starfandi, hvernig er hún þá skipuð og hversu marga menn hefur hún í þjónustu sinni?
3. Hversu miklu hefur numið hagnaður ríkissjóðs af viðskiptum þessarar nefndar eða nefnda:
   a. frá upphafi,
   b. árið 1951?
4. Hver hefur orðið kostnaður af störfum þessum:
   a. frá upphafi,
   b. árið 1951?
5. Hver er áætlaður kostnaður af störfum þessum á yfirstandandi ári?
6. Samkvæmt hvaða heimild eru þessi viðskipti stunduð, og hvers vegna er þeirra ekki getið í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi?

Sþ. 255. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um eftirlitsbát fyrir Norðurlandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og eru allir nefndarmenn á einu máli um það, að efla þurfi landhelgisgæzlu og eftirlit með fiskiskipum fyrir Norðurlandi, eftir því sem aðstæður frekast leyfa.

Nefndin hefur leitað umsagnar forstjóra landhelgisgæzlunnar um tillöguna, og fylgir álit hans hér með.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að starfsemi varðskipanna verði þannig hagað, að innt verði af hendi fyrir Norðurlandi í vetur nauðsynleg landhelgisgæzla og aðstoð við fiskiskip og sé það samrýmt heildaráætlun um örugga gæzlu og eftirlit við strendur landsins.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um landhelgisgæzlu og björgunarstarf fyrir Norðurlandi.

Alþingi, 18. nóv. 1952.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Ásmundur Sigurðsson.	Hannibal Valdimarsson.	Pétur Ottesen.
Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.	Ingólfur Jónsson.

Fylgiskjal.

FORSTJÓRI ÍSLENZKU LANDHELGISGÆZLUNNAR

Reykjavík, 15. október 1952.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Með bréfi, dags. 10. okt. þ. á., sendi hæstvirt fjárveitinganefnd Alþingis mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar, þskj. 41, mál 41, um eftirlitsbát fyrir Norðurlandi. Í því sambandi vil ég leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Í meðfylgjandi skýrslu Fiskifélags Íslands um fiskiskip, sem gerð voru út frá Norðurlandi 1951, sést, að þaðan er nú allmikil útgerð mestan hluta ársins, — sérstaklega þó opinna vélbáta. Yfir aðalvetrarmánuðina, desember til marz, er útgerðin þó mjög lítil og í mánuðunum febrúar og marz minni en skýrslan sýnir, vegna þess að allmargir þilfarsbátanna taldir þar sækja þá sjó frá verstöðvum sunnan- og vestanlands. Hins vegar eiga þeir bátar, sem þá stunda veiðar fyrir Norðurlandi, ekki mikla möguleika á aðstoð stærri skipa, vegna þess að þau eru yfirleitt fá á þessum slóðum á þeim tíma.

Það er þess vegna mjög eðlilegt, að fiskimenn fyrir Norðurlandi óski þess, að þar sé á öllum árstímum tiltækt skip, sem geti veitt þeim aðstoð, ef á þarf að halda, eins og tíðkast í öðrum landshlutum, og hefur landhelgisgæzlan þess vegna allt frá því í vor og þar til nú að staðaldri haft þar varðskip. Er ætlunin, að svo verði einnig áfram í vetur, og með þeim fjölda varðskipa, sem nú er fyrir hendi, ætti það að vera hægt, þar til aðalvertíðin byrjar fyrir Suður- og Vesturlandi.

Að öllu forfallalausu munu 6 varðskip, 3 lítil og 3 stór, geta verið við gæzlu á næstu vertíð, og er gert ráð fyrir útgerð þeirra allra í fjárlagafrumvarpinu. Eitt þessara skipa er þó leiguskip, nefnilega vitaskipið Hermóður, en það hefur þó, í samkomulagi við vitamálastjóra, annazt gæzlustörf jafnhliða öðrum störfum sínum í allt sumar og haust, landhelgisgæzlunni að kostnaðarlausu.

Af þessum skipum má búast við, að hin 3 litlu og 1—2 stór varðskip þurfi á vertíðinni að vera nokkuð staðbundin vegna báta- og veiðarfæragæzlu, en þá ættu að vera 1—2 varðskip tiltæk til annarra þarfa, þar sem á þeim þarf að halda í hvert sinn. Er það fulllítið, en ætti þó að geta gengið, ef ekkert skipanna forfallast um lengri tíma. Ræður þar einnig mjög miklu, hve vel hin nýju fiskveiðitakmörk verða virt við Vestmannaeyjar og í Faxaflóa, en þá mun fyrst fyrir alvöru reyna á þau þar.

Hins vegar ber því ekki að leyna, að á nokkrum varðskipanna hafa komið í ljós alvarlegir gallar, og hefur enn þá ekki tekizt að lagfæra suma þeirra algerlega. Má því alltaf búast við, að þessi skip geti tafizt um lengri eða skemmri tíma frá gæzlustörfum vegna viðgerða, — og það jafnvel þegar verst gegnir.

Slíkar stöðvanir varðskipanna eru, eins og nærri má geta, mjög óheppilegar fyrir gæzluna sem heild, m. a. vegna þess, að meðan á viðgerð skipsins stendur er mjög lítið að gera fyrir mestalla áhöfn skipsins, auk þess sem skip vantar til gæzlunnar. Hingað til hefur verið reynt að láta skipverja taka frí eða segja þeim upp, þegar um lengri viðgerðir er að ræða, en það leysir ekki vandræðin nema að hálfu leyti.

Til þess að bæta úr þessu á sem hagkvæmastan hátt fyrir alla aðila, er nú í athugun, hvort ekki sé hægt að fá v/s Fanney, RE. 4, til gæzlustarfa, þegar eitthvert varðskipanna forfallast, og manna hana með áhöfn hins bilaða skips. V/s Fanney er sem kunnugt er eign fiskimálasjóðs og síldarverksmiðja ríkisins og hefur reynzt bæði traust og ganggott sjóskip. Hefur skipið undanfarin ár verið notað til síldveiða og síldarrannsókna, en auk þess oft verið leigt til gæzlustarfa. Efast ég ekki um, að slík eða frekari sameiginleg notkun skipsins gæti orðið til hagsbóta fyrir alla aðila. Eigendur v/s Fanney mundu fá gott viðhald á skipinu sér að kostnaðarlausu og landhelgisgæzlan raunverulega eitt varðskip til viðbótar án verulegs tilkostnaðar.

Takist áfram hagkvæmir samningar um notkun á v/s Fanney sem varðskips í viðlögum, tel ég nokkurn veginn öruggt, að hægt verði að hafa eftirlitsskip við Norðurland í allan vetur.

Pétur Sigurðsson.

Nd. 256. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og sent það til umsagnar þeim ferðaskrifstofum, sem nú eru starfandi hér. Um afgreiðslu málsins hefur nefndin ekki orðið sammála. Meiri hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Við, sem erum í minni hluta, teljum, að enn sem komið er sé ekki svo mikið um ferðalög erlendra ferðamanna hingað til lands, að það sé verkefni fyrir margar skrifstofur að annast móttöku þeirra og fyrirgreiðslu. Undanfarin ár hefur Ferðaskrifstofa ríkisins annast ýmiss konar upplýsingar og fyrirgreiðslu, bæði innlendra og erlendra ferðamanna, og hefur ekki orðið annars vart en sú þjónusta væri sómasamlega af hendi leyst og kæmi að góðum notum. Hefur Ferðaskrifstofan að mestu staðið sjálf straum af þeim kostnaði, er af starfseminni hefur leitt, aðeins fengið lítils háttar mismun greiddan úr sérleyfissjóði. — Ef fyrirgreiðsla erlendra ferðamanna væri gefin frjáls öllum, sem við það vildu fást, og margir aðilar gæfu sig við því starfi, teljum við, að það yrði til þess, að engir hefðu af því tekjur, sem nokkru næmi, en skiptingin yrði þó til þess, að ríkið yrði að leggja fram nokkurt fé til rekstrar Ferðaskrifstofunnar, sem áfram yrði að annast um margs konar landkynningu með útgáfu ferðarita, upplýsingabæklinga o. fl.

Leggjum við því til, sem erum í minni hl. í nefndinni, að frumvarpið verði fellt.

Umsögn forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins um frumvarpið fylgir hér með.

Alþingi, 18. nóv. 1952.

Jón Gíslason, fundaskr., frsm. Ásgeir Bjarnason.

Fylgiskjal.

FERÐASKRIFSTOFA RÍKISINS

Reykjavík, 4. nóv. 1952.

Vér viðurkennum móttöku bréfs samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, þar sem beðizt er umsagnar um frumvarp hr. alþingism. Skúla Guðmundssonar til laga um breytingu á lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins frá 1936.

Vér þökkum hæstvirtri samgöngumálanefnd fyrir að gefa oss tækifæri til að láta skoðun vora í ljós í sambandi við frumvarp þetta.

Frumvarp og greinargerð.

Samkv. frv. hr. Skúla Guðmundssonar alþingism. skulu ákvæðin í lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins, sem hljóða svo: „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn", falla burt, svo og að sjálfsögðu næsta málsgrein í sömu lögum, sem er undanþáguheimild frá þessum fyrirmælum.

Eins og áður greinir, er lagt til, að numin verði úr lögum einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins til þess að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, og breyting-

artillagan, sem fyrirspurnin fjallar um, er rökstudd með því, að ríkiseinokun, á þessu sviði sem öðrum, sé misjafnlega séð í viðskiptalöndum okkar, og enn fremur með þessum orðum: „og er mjög sennilegt, að ferðalög útlendra manna mundu aukast, ef fleiri aðilar en Ferðaskrifstofa ríkisins hefðu möguleika til þess að reka ferðaskrifstofur og veita útlendingum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu á ferðalögum þeirra hér á landi".

Athugasemdir við rök flutningsmanns.

Í lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins er undanþáguheimild, og hefur ráðherra, sem farið hefur með málefni Ferðaskrifstofu ríkisins, veitt þeim, sem áður hafa verið umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa, heimild til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, svo að það er því ekki með öllu rétt, að Ferðaskrifstofan sé ein um það að rækja þetta starf. Og í sambandi við einokunargrýluna skal þess getið, að sá, er þetta ritar, hefur aldrei orðið þess var, að forráðamenn erlendra ferðaskrifstofa teldu það óvænlegra til samskipta, að ábyrgur opinber aðili stæði að Ferðaskrifstofunni. Þvert á móti hefur það oft aukið á tiltrú og flýtt fyrir því, að gagnkvæm viðskipti kæmust á.

Sú spá flutningsmanns, að fjölgun ferðaskrifstofa mundi hafa í för með sér aukinn ferðamannastraum til landsins, er ekki líkleg til að rætast. Málið er ekki svo einfalt og auðleyst sem flutningsmaður vill hér vera láta. **Það, sem stendur framþróun ferðamálanna fyrir þrifum, er fyrst og fremst gistihúsaskorturinn. Frumvarp gistihúsamálunum til lausnar væri því vel þegið, og það væri tvímælalaust skref í rétta átt.** En þar sem flutningsmaður telur það mestu varða, að aðilum, sem reka ferðaskrifstofur, fjölgi, þá þykir rétt að rifja upp, hvernig ástandið í þessum málum var, þegar Ferðaskrifstofa ríkisins hóf starfsemi sína, og athuga nokkuð, hvers vegna umrædd ákvæði voru sett í lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins. Enn fremur er rétt að gera sér grein fyrir því, hvers væri að vænta og hvaða afleiðingar það hefði í för með sér, ef starfsemi þessi væri gefin alfrjáls aftur.

Um móttöku erlendra ferðamanna fyrr og nú.

Þegar lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins gengu í gildi og hún hóf starfsemi sína, var ástandið, hvað fyrirgreiðslu og móttökur erlendra ferðamanna snertir, vægast sagt bágborið. Upplýsingar um ferðaskilyrði og ferðakostnað voru mjög af skornum skammti. Hvernig tiltókst hverju sinni, hvers konar upplýsingar voru gefnar og hvort ferðamönnum væri sýnd sanngirni í viðskiptum, var oft tilviljun háð. Einnig munu vera dæmi fyrir því, að menn þutu um borð í skipin og jafnvel rifust um farþegana og niðurbuðu verð. Öll fyrirgreiðsla var rækt í ígripavinnu, og virtist fljóttekinn gróði vera takmark margra.

Með tilliti til þessa ástands og vegna þess setti löggjafinn — vitandi það, að hér var ekki verið að svipta einn eða neinn lífsafkomu — ákvæðin í lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins, að hún skyldi starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn ásamt þeim, er áður hefðu unnið hér fyrir erlendar ferðaskrifstofur og ráðherra samþykkti.

Ferðaskrifstofa ríkisins hefur nú um árabil framkvæmt þessi fyrirmæli laganna. Hvort vel eða illa hefur tekizt, er ekki mitt að dæma, til þess er ég of nákominn stofnuninni. En hitt er mér kunnugt um, og það ber að upplýsa, að sú skoðun hefur ríkt frá öndverðu innan veggja stofnunarinnar, að heilladrýgsta landkynning væri einmitt fólgin í því, að þeir, sem sæktu okkur heim, kveddu ánægðir og með hlýhug til lands og þjóðar. Einnig er vert að geta þess, að Ferðaskrifstofan hefur nokkrar tekjur af skipulagningu ferðalaga fyrir erlenda menn, og þar með er aukið á möguleikana að gera landkynningarmálum viðunandi skil.

Nú komum við að spurningunni, hvað mundi taka við og hvernig mundi þessum málum reiða af, ef þau væru nú gefin alfrjáls aftur.

Það mundi að ýmsu leyti sækja í sama gamla horfið. Þessi eða hinn mundi setja upp ferðaskrifstofu með það fyrir augum að græða á ferðamönnum og afla sér gjaldeyris. Óeðlilega hátt verðlag á ferðalögum mundi þó tæpast geta þrifizt lengur, en niðurboð yrðu tíð og kapphlaup yrði háð um hverja sál, er að garði bæri, gestum til hneykslunar og þjóðinni til vansæmdar.

Ísland er enn ekki það fjölsótt ferðamannaland, að fyrirgreiðslustarf geti þrifizt sem sjálfstæð atvinnugrein.

Enda þótt hingaðkomur erlendra ferðamanna hafi aukizt nokkuð með ári hverju, er ekki enn um svo mikinn ferðamannastraum að ræða, að hann sé til margskiptanna, hvað fyrirgreiðslu snertir. Við verðum að vera þess minnug, að við erum ekki umkringd milljónaþjóðum, þar sem tugir þúsunda ferðast frá landi til lands á ýmsum tímum árs, og enn fremur megum við ekki gleyma því, að hér eru fá og yfirleitt léleg gistihús. Værum við aftur á móti undir það búin að veita ferðamönnum viðunandi beina og hingað beindist mikill ferðamannastraumur, þrifist áreiðanlega hér sem annars staðar fyrirgreiðsla sem sjálfstæð atvinnugrein. Um leið og þetta verður að veruleika, er sjálfsagt að setja reglur og gefa ábyrgum einstaklingum tækifæri til þess að njóta sín í þessari starfsgrein.

En á meðan Ferðaskrifstofa ríkisins getur annazt þetta og ekki kemur annað fram í málinu en að hún leysi verkið sómasamlega af hendi, tel ég ekki tímabært að breyta lögunum, öllum til óhagræðis, ferðamönnum einnig. Það er dýrt að ferðast um landið okkar. Ferðalög og fyrirgreiðsla öll verður þeim mun dýrari á hvern einstakling sem færri taka þátt í hverri ferð. Ég vil leyfa mér að taka dæmi þessu til stuðnings. Hugsum okkur, að með flugvél eða skipi kæmu 9 ferðamenn. 3 ferðaskrifstofur eða fleiri aðilar, er fást við móttöku ferðamanna, taka á móti hinum 9 ferðalöngum. Skiptist hópurinn þannig, og verður ferðalagið dýrt og lítið eða ekkert í aðra hönd fyrir þá, er fyrirgreiðsluna annast. En aftur á móti gæti ferðalagið orðið hagkvæmt fyrir alla aðila, sæi einn og sami aðilinn um það.

Mér ber skylda til þess að gera löggjöfum það ljóst, að verði sú breyting, sem frumvarp hr. alþingismanns Skúla Guðmundssonar gerir ráð fyrir, á lögunum um Ferðaskrifstofu ríkisins, fjarlægist hún það takmark að geta í náinni framtíð með eigin tekjuöflun staðið undir landkynningar- og þjónustustarfi því, sem henni lögum samkvæmt er gert að leysa af hendi. Og það skal undirstrika, **að verði frumvarpið samþykkt, hækka útgjöld ríkisins vegna starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins óhjákvæmilega.**

Með skírskotun til framanritaðs leyfi ég mér að ráðleggja afdráttarlaust, að frumvarpið verði fellt og lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins verði látin standa óbreytt, þar til ástæður til breytinga eru fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Ferðaskrifstofa ríkisins
Þorleifur Þórðarson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. **257. Tillaga til þingsályktunar** [157. mál]

um smíði 10 fiskibáta innanlands.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta hefja smíði innanlands á 10 fiskibátum, að stærð 25—60 tonn brúttó, er seldir verði útvegsmönnum með góðum greiðsluskilmálum og vaxtakjörum.

Er jafnframt skorað á ríkisstjórnina að afla sér lagaheimilda, sem hún telur þurfa til lántöku í sambandi við smíðina og til veitingar stofnlána út á bátana.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég þáltill. samhljóða þessari, en hún varð ekki útrædd. Mikill áhugi er fyrir máli þessu, enda hefur Landssamband iðnaðarmanna vegna skipasmíðastöðvanna í landinu hafið viðræður við sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir beggja deilda þingsins um það nauðsynjamál að hefja á ný smíði fiskibáta hér á landi. Er ég frétti af þessum viðræðum, taldi ég rétt að bíða með endurflutning þáltill. minnar frá síðasta þingi, ef ske kynni, að samkomulag gæti orðið um málið, sem leiddi til þess, að það yrði flutt á þinginu, annaðhvort af ríkisstjórninni eða þeim nefndum, sem hafa haft það til athugunar. Nú er hins vegar nokkuð liðið á þingtímann og enginn sýnilegur árangur af viðræðum þeim, sem fram hafa farið, og vil ég því ekki draga það lengur að flytja þáltill mína á ný.

Tillögunni fylgdi svo hljóðandi grg., er hún var flutt á síðasta þingi:

„Nýsköpunarstjórnin hóf smíði á bátum innanlands, og var ætlun hennar að smíða alls 50 báta, 35 tonna og 55 tonna. Þegar hún fór frá í febrúar 1947, var smíði þessari ekki lokið, og var þá smíðinni hætt af stjórn Stefáns Jóhanns, sem tók við völdum. Þó var lokið smíði þeirra báta, sem þá var hafin smíði á. Lokið var smíði 26 báta af þeim 50, sem fyrirhugaðir voru. Bátar þessir hafa allir reynzt mjög vel og útgerð þeirra yfirleitt gengið vel. Smíði þessara báta sannaði, að bátar, sem smíðaðir eru innanlands, reynast betur en bátar keyptir erlendis, jafnvel þótt þeir séu smíðaðir samkv. íslenzkum teikningum. Íslendingar gera yfirleitt hærri kröfur um styrkleika báta en nágrannaþjóðirnar, enda hafa íslenzk-byggðir bátar reynzt betur en erlendir bátar í ofviðrum og stórsjóum. Sérstaklega hafa gamlir bátar keyptir erlendis frá, svo sem gamlir sænskir og danskir bátar, reynzt illa, og hafa sumir þeirra farizt — að því er séð verður — af því, að yfirbyggingar þeirra hafa ekki reynzt nægilega traustar.

Á síðustu 2—3 árum hefur nær alveg tekið fyrir nýsmíði báta hér á landi, þrátt fyrir það þótt ekkert ár líði svo, að ekki gangi margir bátar úr sér. Hefur þetta orðið til þess, að enn hafa verið fluttir inn erlendir bátar til að fylla í skörðin. Það er að sjálfsögðu ótækt að leggja niður smíði báta innanlands, eins og gert hefur verið, einkum vegna þess, hvað íslenzkir bátar hafa reynzt miklu betri en erlendir bátar, og enn fremur og ekki síður vegna þess, að það er því nær ókleift að reka skipasmíðastöðvar til viðgerða á bátaflotanum, sem þó er óhjákvæmilegt, nema þær hafi jafnframt með höndum nýsmíði báta, sem hægt er að láta vinna við milli þess, sem unnið er að viðgerðum, sem getur orðið allt að þrem mánuðum og það oft bezta vinnutíma ársins, þ. e. sumartímann.

Íslenzkir bátar hafa stundum orðið dýrari en bátar byggðir erlendis, en verulega orsök að því eru há aðflutningsgjöld á efni í þá og vélum og tækjum þeirra. Hins vegar hafa þeir yfirleitt orðið miklu ódýrari í rekstri, vegna þess að þeir eru byggðir svo rammbyggilega, að viðhaldskostnaður þeirra er sáralítill sem enginn fyrstu 10 árin, og þegar tekið er tillit til þessa, verða þeir í reyndinni ódýrari en erlendir bátar, sem reynzt hafa dýrir í viðhaldi frá upphafi.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er að koma í veg fyrir, að felldar verði alveg niður innlendar bátasmíðar, sem væri þjóðhagslega mjög skaðlegt. Þörf fyrir nýja báta er mikil eins og nú er og hlýtur ætíð að verða nokkur vegna þess, hve fiskibátar landsmanna týna ört tölunni.“

Sþ. 258. Greinargerð

félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir.

Árið 1950 var á Alþingi samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, og gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar svo fljótt sem verða má.“

Félagsmálaráðuneytinu var send ályktun þessi og því falið að framkvæma athugunina.

Félagsmálaráðuneytið lét þegar athuga, hvort unnt mundi að gefa slíka skýrslu með því að byggja á upplýsingum þeim, sem tiltækar eru í gögnum embættismanna ríkisins. Leiddi sú athugun í ljós, að þau gögn, sem þar eru, væru ófullnægjandi og að óhjákvæmilegt væri, að safna skýrslunum beint frá oddvitum og bæjarstjórum. Í febrúarmánuði 1951 ritaði félagsmálaráðuneytið því öllum bæjarstjórum og oddvitum bréf og bað um upplýsingar um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir í umdæmum þeirra. Í maímánuði 1952 höfðu loks borizt svör af öllu landinu. Svör oddvita og bæjarstjóra voru mjög misjafnlega ýtarleg. Nokkrir oddvitar töldu engar þær jarðir, sem um var spurt, vera í umdæmum þeirra, en athuganir ráðuneytisins leiddu síðar annað í ljós. Þar sem á greindi eða ófullnægjandi svör bárust, var leitað til sýslumanna, sem þá upplýstu málið svo sem kostur var. Þá voru og gerðar athuganir í eldri jarðabókum, skrám og öðrum gögnum, sem til upplýsinga máttu verða, svo sem Íslenzku fornbréfasafni, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Johnsensjarðatali og Fasteignabókum.

„Kristfé“ og „fátækra eign“.

„Kristfé“ eða „fátækrafé“ voru dánargjafir, jarðir, jarðapartar eða aðrar arðberandi eignir, sem gefnar voru til framfærslu fátækra, oftast sálugjafir.

Gjafir þessar voru í upphafi kallaðar sælugjafir, sælubú eða kristbú, og virðast þær hafa verið eins konar framfærslustofnanir fyrir fátækt, umkomulaust fólk, síðar hafi þetta breytzt þannig, að framfærsla fátækra hafi orðið að kvöð á jörðinni; var þá venjulega um einn ómaga að ræða; gjaldið, sem gekk til ómagans, var kallað kristfé og jarðir með slíkum kvöðum kristfjárjarðir. Jarðir þessar voru að jafnaði eða urðu síðar nokkurs konar sjálfseignarstofnanir. Fram að siðaskiptum eru gjafir þessar yfirleitt ekki nefndar öðrum nöfnum en fyrr greinir, en eftir siðaskipti er farið að kalla jarðir þessar „fátækraeign“ og „fátækrajarðir“, og er svo komið 1847, að í Johnsens jarðatali eru kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðir kallaðar „fátækra eign“. Í bænaskrá til Alþingis 1859, frá Þinghöfðafundi í Múlasýslu (Alþt. 1859, I, 924), eru kristfjárjarðir aðgreindar frá fátækra jörðum „og með þeim meintar, eins og venjulegt er, einkum þær jarðir, þar sem, í stað jarðarafgjalds, er haldinn einn ómagi, sem kallast kristfjármaður“, eins og segir í bænaskránni. Af þessu má ráða, að jarðir í „fátækra eign“ hafi verið eins konar gjafasjóðir til framfærslu fátækra. Jarðir þessar voru að jafnaði ekki sjálfseignarstofnanir, heldur í eign ákveðinnar sýslu eða hrepps, og gekk afgjaldið til framfærslu fátækra innan þeirrar sýslu eða hrepps. Flestar ef ekki allar jarðir, sem gefnar voru eftir siðaskipti til framfærslu fátækra, voru slíkar, enda þótt gjafir

þessar séu oft nefndar kristfé í gjafabréfunum sjálfum. Nú er svo komið, að afgjald kristfjárjarða rennur yfirleitt í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og samkvæmt 14. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12/1927, skulu kristfjárjarðir vera í umsjón hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Þegar félagsmálaráðuneytið fékk ályktun Alþingis varðandi kristfjárjarðir og sambærilegar eignir til fyrirgreiðslu, taldi ráðuneytið rétt, að ekki yrði aðeins gerð grein fyrir því, hvernig eignum þessum væri varið í dag, heldur yrði einnig gerð sem ýtarlegust grein fyrir uppruna þeirra og eðli. Guðbrandur prófessor Jónsson, sem er manna fróðastur um þau efni, hefur að tilhlutan ráðuneytisins dregið saman ýmsan fróðleik um þessi efni, og er sú greinargerð prófessorsins prentuð aftan við skýrslu ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur leitazt við að afla sem nákvæmastra upplýsinga um eignarheimildir fyrir jörðum þeim, sem í Jarðabókum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og öðrum opinberum heimildum eru taldar kristfjárjarðir, þannig að öruggt yrði, að allar kristfjárjarðir, sem enn eru til, kæmu fram. Í sama tilgangi hefur ráðuneytið gengið úr skugga um eignarheimild fyrir jörðum þeim, sem í Johnsens jarðatali eru taldar vera í „fátækra eign", en svo sem áður segir, þá var kristfjárjarða ekki getið þar sérstaklega, heldur voru þær hafðar í flokki með „fátækrajörðum". Til fróðleiks og glöggvunar þykir rétt að birta hér á eftir skrá um allar „fátækrajarðir" í Johnsens jarðatali, og síðan er gerð grein fyrir, hverjar breytingar hafi á orðið um eignarrétt fyrir þeim kristfjárjörðum, sem taldar eru í „fátækra eign", svo og gerð grein fyrir hverri einstakri jörð. Í sérstökum kafla er svo vikið að sambærilegum jörðum í eign ýmissa sjóða, gjafasjóða og einkasjóða.

Skrá um jarðir í „fátækra eign" 1847.

1. Kambshóll, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.
2. Reynir (efri og neðri), Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
3. Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu.
4. Slétta, Sléttuhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
5. Hestfjörður (Hestfjarðarkot), Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
6.—9. Marðargnúpur, Gilá, Kötlustaðir og Hof í Áshreppi, Húnavatnssýslu.
10. Másstaðir, Sveinsstaðahreppi, Húnavatnssýslu.
11. Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu.
12. Hamar, Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
13. Meyjarland, Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.
14. Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
15. Utanverðunes, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.
16. Auðnir, Svarfaðardalshreppi, Eyjafjarðarsýslu.
17. Kotamýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
18. Ferjubakki, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
19. Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
20.—21. Ytri-Hlíð og Syðri-Vík, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
22. Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
23. Fossvellir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
24. Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
25. Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
26. Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
27. Kóreksstaðir, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
28. Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
29. Þórarinsstaðir, Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
30. Fossgerði, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu.
31. Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
32. Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
33. Dísastaðir (½), Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
34. Búlandsnes, Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.

35. Borgargarður, Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu (hjáleiga frá Búlandsnesi).
36. Borgarrétt, Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu (hjáleiga frá Búlandsnesi).
37. Geithellur (1/6 eða 1/15 hluti fátækrafé), Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
38. Keldunúpur, Kleifahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
39. Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
40. Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
41. Efra-Apavatn (1/3), Grímsneshreppi, Árnessýslu.

Í skrá þessa vantar jarðirnar Innri-Drápuhlíð og Efri-Hlíð í Helgafellssveit, enda var þá ekki alveg ljóst um eignarrétt á þeim jörðum, en þær eru taldar kirkjujarðir í Johnsens jarðatali.

Af fyrrgreindum jörðum virðast nr. 5, 18, 19, 22—32, 34—36 og 38—40 raunverulega hafa verið kristfjárjarðir, eða 21 jörð alls.

Þess má geta, að í bænaskrá Alþingis til konungs frá 1859 eru eftirtaldar jarðir taldar vera kristfjárjarðir, og er þar stuðzt við skýrslu, sem gerð var að konungsboði 1820:

1. Ketilsstaðir í Jökulsárhlíð, með hjáleigunum Eyjaseli og Bakkagerði.
2. Fossvellir í Jökulsárhlíð.
3. Kóreksstaðir, með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla.
4. 3/4 Arnheiðarstaða, með hjáleigunum Geitagerði og Merki.
5. Sómastaðir, með hjáleigunni Sómastaðagerði.
6. Búlandsnes, með hjáleigunum Borgarrétt og Borgargarði.
7. Keldugnúpur á Síðu.
8. Kolsholt (1/2), með hjáleigunum Jaðarkoti og Kolsholtshelli.

Á árunum frá 1847 til 1932 er „Fasteignabók 1932“ kom út, bættust fjórar fátækrajarðir í hópinn, jarðirnar Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu; Syðri-Hraundalur, Álftaneshreppi, Mýrasýslu; Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu og 1/2 jörðin Sæunnarstaðir, Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu. Á sama tíma hverfa fimm jarðir úr tölu kristfjárjarða, nr. 10, 18, 29, 30 og 38, og 11 jarðir úr tölu fátækrajarða, nr. 1, 4, 6, 7, 8, 9, 20, 21, 33, 37 og 41 hér að framan. Fyrir andvirði jarðanna nr. 1, 6—9 og 29 voru stofnaðir sérstakir styrktarsjóðir í samræmi við upphaflegan tilgang gjafanna.

Í „Fasteignabók 1932“ eru 14 jarðir taldar vera „kristfé“, af þeim eru raunverulega 11 slíkar jarðir, en hinar 3 jarðirnar í „fátækra eign“, en jarða í „fátækra eign“ er alls ekki getið í fasteignabókinni. Hins vegar eru nokkrar jarðir taldar eign gjafasjóða. Síðan 1932 hafa 2 kristfjárjarðir verið seldar, nr. 23 og hálf jörðin nr. 28 hér að framan, og tvær fátækrajarðir, nr. 13 og 16. Á stundum hefur sumum kristfjárjörðum verið skipt í fleiri jarðir eða nýjar jarðir byggðar úr þeim, og verður að ætla, að sama gildi um eignarheimild hinna nýju jarða og jarða þeirra, sem þær voru áður hluti af, nema beinlínis hafi verið um sölu að ræða.

Í árslok 1951 virðast hafa verið 20 raunverulegar kristfjárjarðir á öllu landinu og 13 jarðir í „fátækra eign“. Í sviga aftan við nafn hverrar kristfjárjarðar eða jarðar í „fátækra eign“, er þess getið hvernig eignarrétti þeirra er talið varið í „Fasteignabók 1942“. Jarðir þessar eru:

Kristfjárjarðir 1952.

1. Hestfjörður, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu (hreppseign).
2. Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu (hreppseign).
3. Bakkagerði I og II, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu (hreppseign).
4. Eyjasel, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu (hreppseign).
5. Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu (hreppseign).
6. Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu (kristfé).
7. Droplaugarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu (kristfé).
8. Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu (kristfé).
9. Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu (kristfé).

10. Kóreksstaðir II, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu (kristfé).
11. Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu (kristfé).
12. Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu (þjóðjörð).
13. Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu (þjóðjörð).
14. Búlandsnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu (kristfé).
15. Borgargarður, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu (kristfé).
16. Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu (kristfé).
17. Ræktunarland, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu (kristfé).
18. Merki, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu (kristfé).
19. Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnessýslu (hreppseign).
20. Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnessýslu (hreppseign).

Jarðir í „fátækra eign" 1952.

1. Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu (gjafasjóður).
2. Reynir (efri og neðri), Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðars. (hreppseign).
3. Syðri-Hraundalur ½, Álftaneshreppi, Mýrasýslu (hreppseign).
4. Innri-Drápuhlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu (kristfé).
5. Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu (kristfé).
6. Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu (kristfé).
7. Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu (hreppseign).
8. Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu (sýslueign).
9. Hamar, Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu (sýslueign).
10. Sæunnarstaðir (½), Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu (hreppseign).
11. Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu (gjafasjóðsjörð).
12. Utanverðunes, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu (gjafasjóðsjörð).
13. Kotmýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu (hreppseign).

Lýsing á einstökum kristfjárjörðum og jörðum í „fátækra eign".

Hér er stuðst við upplýsingar hlutaðeigandi oddvita, svo og „Fasteignabók 1942".

1. KRISTFJÁRJARÐIR.

Hestfjörður (Hestfjarðarkot), Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Í Íslenzku fornbréfasafni, XV. bindi, bls. 569 og 708 (Máldagi Gísla biskups Jónssonar frá um 1570), er jarðar þessarar getið sem kristfjárjarðar, og mun svo hafa verið síðan.

Í Jarðabók Árna Magnússonar, VII, bls. 186, segir: „er jörðin gefin að fornu til uppheldis þessarar sveitar guðsþakkarmönnum, og hefur sá góður maður innan hrepps haft byggingarráð yfir jörðinni, sem biskupinn í Skálholti hefur tilskipað".

Í jarðatali Árna Magnússonar er jörðin talin hafa farið í eyði í bólunni, og mun hún hafa verið í eyði síðan.

Engin hús eða nokkurt mannvirki er á jörðinni, og fyrir afréttarbeit er ekkert goldið. Hreppurinn hefur því nú hvorki tekjur né útgjöld af téðri jörð. Fasteignamat kr. 500.00.

Arnheiðarstaðir, Geitagerði og Droplaugarstaðir í Fljótsdalshreppi og Merki í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Gjafabréf fyrir jörðunum eru glötuð, en jarðarinnar Arnheiðarstaða er getið sem kristfjárjarðar í Fornbréfasafninu III, bls. 240 (Máldagi frá 1367), X, bls. 690 (Minnisgrein Gizurar biskups frá 1541), XII, bls. 95—96 (Bréf frá 1544), og XV, bls. 707 (Gíslamáldagi). Jarðirnar Geitagerði og Merki munu hafa byggzt sem hjáleigur úr Arnheiðarstöðum eftir siðaskipti, og jörðin Droplaugarstaðir er nýbýli úr sömu jörð, og ber að líta á þær sem kristfjárjarðir sem slíkar.

Samkvæmt sögn fróðra manna eru Arnheiðarstaðir gefnir sem kristfjárjörð með þeirri kvöð, að á eftir gjaldi heimajarðarinnar skyldi framfleytt svonefndum hundraðsómaga og eftirgjaldið metið 1 hundrað á landsvísu. Prestinum á Valþjófsstað var falin umsjá eignarinnar, og skyldi hann hafa fyrir það eftirgjald hjáleiganna Geitagerðis og Merkis, sem er í Jökuldalshreppi. Var sú skipan óbreytt þar til nú fyrir um það bil 10 árum, að kirkjumálaráðuneytið tók í sínar hendur umráð eignarinnar allrar, en leitar þó umsagnar og tillagna Fljótsdalshrepps um ábúendur. Nýtur Fljótsdalshreppur síðan eftirgjalds þeirra þriggja jarða í hreppnum, sem nefndar eru hér að framan, án allra kvaða, en eftirgjald Merkis gengur til kirkjumálaráðuneytisins og leggst þar í sjóð til hagsmuna fyrir jörðina. Þess skal getið, að þegar sóknarpresturinn á Valþjófsstað lét af umsjá Arnheiðarstaða, var þar nýbyggt steinhús, sem metið er á kr. 4000.00 til skatts. Húseign þessa keypti svo hreppurinn og tók um leið að sér að greiða áhvílandi lán og hefur síðan látið eftirgjaldið renna til þess. Hefur hreppsnefndin gert ráð fyrir, að húseign þessi yrði eftirleiðis talin til kristfjáreignarinnar, en þó í trausti þess, að engin sú skipan sé gerð í þessum málum, er hefði það í för með sér, að hreppurinn hætti að njóta eftirgjaldsins.

Landskuld af Arnheiðarstöðum er kr. 346.65. Erfðaábúð. Fasteignamat alls kr. 11300.00. Landverð kr. 5600.00. Húsaverð kr. 5700.00. Á jörðinni er steinhús og torfbær. Skolpleiðsla og neyzluvatn. Tún og hagi girt. Hlöðurúm 400 m³ þurrhey. Garðávextir 23 tunnur, 250 hestar taða. 150 hestar annað hey. Áhöfn: 4 nautgripir, 300 kindur, 6 hross. Jörðinni fylgja skógarhöggsítök í Hallormsstaðaskógi.

Landskuld af nýbýlinu Droplaugarstöðum kr. 85.00, erfðafestuábúð. Fasteignamat alls kr. 5000.00. Landverð kr. 2000.00. Húsaverð kr. 3000.00. Íbúðarhúsið er steinhús. Skolpleiðsla, neyzluvatn og vatnsselerni. Túnið er girt. Hlöðurúm 40 m³ þurrhey. Garðávextir 6 tunnur. 300 hestar taða. 100 hestar annað hey. Áhöfn: 1 nautgripur, 100 kindur, 2 hross.

Landskuld af jörðinni Geitagerði er kr. 100.00. Fasteignamat alls kr. 8900.00. Landverð kr. 3700.00. Húsaverð kr. 5100.00. Fylgifé í landi kr. 100.00. Íbúðarhúsið er steinhús. Miðstöð, skolpleiðsla, neyzluvatn og vatnssalerni. Niðurfært húsaverð kr. 3100.00. Tún, engi og hagi girt. Hlöðurúm 300 m³. 14 tunnur garðávextir. 125 hestar taða. 200 hestar annað hey. 50 hestar ónotað engi. Áhöfn: 3 nautgripir, 200 kindur, 10 hross.

Landskuld af jörðinni Merki í Jökuldalshreppi er kr. 60.00, erfðaábúð. Ábúandinn á öll hús og mannvirki á jörðinni. Fasteignamat alls kr. 6000.00. Landverð kr. 3400.00. Húsaverð kr. 2600.00. Bygging úr torfi og grjóti. Rafmagn og neyzluvatn í íbúðinni. Tún og engi girt. Mótekja. Hlöðurúm 410 m³ þurrhey. Garðávextir 12 tunnur. 170 hestar taða. 200 hestar annað hey. Áhöfn: 5 nautgripir, 200 kindur, 8 hross.

Kóreksstaðir II og Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

Gjafabréf eru glötuð, en jarðanna er getið sem kristfjárjarða í Fornbréfasafninu III., bls. 232 (Máldagi frá 1367), IV., bls. 221 (Máldagi Vilchins biskups frá 1397), og XV., bls. 708.

Oddviti Hjaltastaðahrepps segir: „Það hefur almennt verið talið, að jarðirnar Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði hér í hreppi væru kristfjárjarðir. En þær hafa svo lengi sem elztu menn muna verið meðhöndlaðar af hreppsnefndum hér sem eignarjarðir hreppsins, enda hafa afgjöldin gengið til sveitarsjóðsins. Sú kvöð hefur hvílt á þessari eign hreppsins, að hreppurinn hefur greitt árlega til Eiðahrepps 15 og til Vallahrepps 55 pund tólgar. En hreppurinn hefur nú nýverðið keypt þessar kvaðir af hlutaðeigandi hreppum.“

Árið 1942 var Kóreksstöðum skipt í tvær jarðir: Kóreksstaði I og Kóreksstaði II. Landskipti fóru þannig fram, að túni, engjum og heimahögum var skipt að jöfnu milli jarðanna, en afréttarlönd óskipt. Jarðarhús öll fylgja Kóreksstöðum I, en Kóreksstaðir II voru byggðir til stofnunar nýbýlis. Hefur nýbýlisbóndinn nú komið

upp öllum nauðsynlegum byggingum á landinu. Árið 1947 urðu ábúendaskipti á Kóreksstaðagerði. Hafði fráfarandi ábúandi þá reist íbúðarhús úr steinsteypu á jörðinni, en þar sem enginn ábúandi fékkst á jörðina, sem vildi leysa húseignina til sín, varð sveitarsjóður að leggja fram kr. 11242.00 til kaupa á húsunum þar.

Árið 1949 var Kóreksstöðum I sagt lausum úr ábúð, og fékkst þá enginn ábúandi á jörðina, og hefur hún verið í eyði síðan. Þar sem hreppurinn hefur alltaf haft kauptilboð í jörðina, hefur hann nú selt hana fyrir kr. 25000.00.

En samkvæmt framansögðu hefur hreppurinn keypt:

Afgjaldskvaðir af Eiða- og Vallahreppum fyrir samtals	kr.	4404.80
Húseignir í Kóreksstaðagerði fyrir	—	11242.00
	Kr.	15646.80

Upphæð þessa hyggst hann að fá endurgreidda af söluverði á Kóreksstöðum I, en hafa afganginn tiltækan, ef hann þyrfti að leysa til sín húseignina á Kóreksstöðum II.

Oddviti Hjaltastaðahrepps segir enn fremur:

„Það verður að ætla, að Kóreksstaðajarðirnar séu komnar í eign hreppsins sem kristfjárjarðir, en húsakostur, sem fylgir þeim að lögum, það lítill, að ekki er í samræmi við nútímakröfur. Jarðirnar eru ekki byggilegar, nema þeim séu lögð hús, annaðhvort frá ábúendum eða eigendum. Nú hefur Hjaltastaðahreppur ekki það rúm fjárráð, að hann megi við því að festa fé í jarðeignum. Það virðist því eina færa leiðin að selja einhvern hluta eignarinnar til þess að geta húsað hinn hlutann, svo að hann yrði íbúðarhæfur, ella má búast við, að jarðirnar færu allar í eyði.“

Jörðinni Kóreksstöðum II fylgir hálfur Kóreksstaðareki og eitt ærkúgildi. Landskuld er kr. 109.68.

Jörðin Kóreksstaðir óskipt er að fasteignamati alls kr. 7200.00. Landverð kr. 5500.00. Húsaverð kr. 1700.00. Íbúðarhúsveggirnir úr timbri, en sumir úr torfi og grjóti. Tún, engi og hagi girt. Hlöðurúm 230 m³ þurrhey og 25 m³ vothey. Garðávextir 7 tunnur. 200 hestar taða. 250 hestar flæðihey. 100 hestar annað hey. 350 hestar ónotað engi. Áhöfn: 3 nautgripir, 135 kindur, 5 hross.

Jörðin Kóreksstaðagerði hefur byggzt sem hjáleiga frá Kóreksstöðum eftir siðaskipti. Hún er að fasteignamati alls kr. 6100.00. Landverð 2500.00. Húsverð kr. 2800.00. Fylgifé í landi kr. 100.00, fylgifé í húsum kr. 700.00. Íbúðarhúsið er steinhús. Miðstöð, skolpleiðsla og neyzluvatn. Niðurfærsla á húsverði er kr. 600.00. Tún og hagi girt. Mótekja. Hlöðurúm 100 m³ þurrhey. Garðávextir 15 tunnur. 100 hestar taða. 150 hestar flæðihey, 40 hestar annað hey. Áhöfn: 3 nautgripir, 120 kindur, 4 hross.

Ketilsstaðir, Bakkagerði I og II og Eyjasel, Hliðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Gjafabréf fyrir jörðunum eru glötuð, en í Fornbréfasafninu, III. bindi, bls. 232 (Máldagi Odds biskups Þorsteinssonar frá 1367, „Hítardalsbók“), er jarðarinnar Ketilsstaðar getið sem kristfjárjarðar, og mun hún hafa verið það síðan. Jörð þessari var síðar skipt í 3 jarðir, þ. e. Ketilsstaði, Bakkagerði og Eyjasel, sem nú eru allar taldar eign Hliðarhrepps sem kristfé og hafa verið síðan hreppsskipti urðu milli Jökuldals og Hlíðar. Tekjur af jörðunum renna inn í annað rekstrarfé sveitarinnar, og hefur sveitarstjórn alla umsjón með jörðunum. Útgjöld af jörðunum eru engin.

Ketilsstaðir eru í lífstíðarábúð. Landskuld er kr. 160.00. Fasteignamat alls kr. 14900.00. Landverð kr. 8200.00. Húsaverð kr. 6700.00. Íbúðarhús úr steini. Sími, skolpleiðsla og neyzluvatn er í íbúðarhúsinu. Girðing um tún og haga. Mótak, reki, selveiði og útræði. Hlöðurúm 290 m³ þurrhey. Garðávextir 7 tunnur. 140 hestar taða. 300 hestar annað hey. Áhöfn: 5 nautgripir, 250 kindur, 8 hross.

Jörðin Bakkagerði er tvíbýli. Lífstíðarábúð. Landskuld af Bakkagerði I kr. 85.00 og af Bakkagerði II kr. 95.00.

Fasteignamat kr. 6700.00. Landverð kr. 4800.00. Húsaverð kr. 1800.00. Fylgifé í húsum kr. 100.00. Íbúðarhúsið er úr timbri, torfi og grjóti. Neyzluvatn er í bænum. Túnið er girt. Reki og selveiði. Hlöðurúm 300 m³ þurrhey. Garðávextir 4 tunnur. 100 hestar taða. 380 hestar annað hey. 100 hestar ónotað engi. Áhöfn: 4 kýr, 200 kindur, 8 hross.

Jörðin Eyjasel er að fasteignamati alls um kr. 7600.00. Landverð kr. 4100 00. Húsaverð kr. 2800.00. Fylgifé í húsum kr. 700.00. Íbúðarhúsið úr timbri. Miðstöð og skolpleiðsla í íbúðarhúsinu. Túnið girt. Reki og selveiði. Hlöðurúm 200 m³ þurrhey. Garðávextir 11 tunnur. 100 hestar taða. 300 hestar annað hey. Áhöfn: 4 nautgripir, 225 kindur, 7 hross.

Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Gjafabréf fyrir jörðinni er glatað, en jörðin hefur verið talin kristfjárjörð svo lengi sem elztu menn muna.

Jörðina segir oddviti vera í ófremdarástandi. Þar hafi brunnið húsin og bygging verið þar léleg síðan. Jörðina telur oddviti afbragðs sauðjörð. Þar hafi oftast búið tveir bændur.

Landskuld af jörðinni er kr. 590.00. Rennur hún í hreppssjóð. Sveitarsjóður hefur séð um útgjöld af jörðinni. Jörðin er talin gefin með því skilyrði, að í stað landskuldar skuli ábúendinn eða ábúendur hafa á framfæri fátækasta einstakling sveitarinnar, eða eins og sumir orða það þyngsta ómaga sveitarinnar, og skal hann ekki teljast sveitlægur. Þessu ákvæði hefur eflaust þótt erfitt að fylgja, því að enginn man eftir neinum framfærslumanni þar, og ekki er hægt að sjá það í bókum hreppsins.

Fasteignamat alls kr. 9200.00. Landverð kr. 5500.00. Húsaverð kr. 3700.00. — Byggingin er með suma útveggi úr timbri, en aðra úr torfi og grjóti. Túnið girt. Jarðhiti, mótekja, lax- og silungsveiði. Hlöðurúm 340 m³ þurrhey. Garðávextir 8 tunnur. 190 hestar taða. 400 hestar annað hey (úthey). 200 hestar ónotað engi. Áhöfn 4 nautgripir, 240 kindur, 8 hross.

Sómastaðir og Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu

Gjafabréf fyrir jörðunum Sómastöðum og Sómastaðagerði er glatað, en þeirra er getið sem kristfjárjarða í Fornbréfasafninu III., bls. 233 (Máldagi frá 1367), IV., bls. 227 (Vilchinsmáldagi), X., bls. 690 (Samningur frá 1541), og XV., bls. 708, og munu hafa verið kristfjárjarðir síðan.

Afgjaldið fyrir jarðirnar er árlega kr. 72.00, sem Helgustaða-, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppar fá. Tekjur eftir jarðirnar eru nú engar, voru áður notaðar til framfærslu þyngsta ómaga hreppsins.

Sómastaðir eru að fasteignamati alls kr. 5600.00. Landverð kr. 2700.00. Húsaverð kr. 2600.00. Fylgifé í landi vegna prestmötu kr. 300.00. Steinhús og torfbær. Girðing um tún og engi. Mótekja. Hlöðurúm 216 m³ þurrhey. Garðávextir 20 tunnur. 120 hestar taða. Annað hey 80 hestar. Áhöfn: 2 nautgripir, 120 kindur, 2 hross.

Sómastaðagerði er að fasteignamati alls kr. 4000.00. Landverð kr. 2600.00. Húsaverð kr. 1200.00. Fylgifé í landi vegna prestmötu kr. 200.00. Steinhús. Tún og engi girt. Mótekja. Hlöðurúm 160 m³ þurrhey. Garðávextir 11 tunnur. 125 hestar taða. 60 hestar annað hey. Áhöfn: 3 nautgripir, 100 kindur, 2 hross.

Búlandsnes, Borgargarður, Merki, Ræktunarland og nýbýlið Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.

Gjafabréf er glatað, en jarðarinnar Búlandsness er getið sem kristfjárjarðar í Fornbréfasafninu X., bls. 342 og 655 (Minnisgrein Gizurar biskups frá 1541), og XV., bls. 708 (Gíslamáldagi), og mun hafa verið síðan. Að sögn eldri manna hafði bóndi

sá, sem jörðina átti, gefið hana til fátæklinga í hreppnum, þó með því skilyrði, að hreppurinn skyldi hafa umráð yfir eigninni, en tekjurnar ganga til þeirra, sem ekki væru sjálfbjarga. Jörðin Búlandsnes hefur sennilega verið kristfjárjörð frá því löngu fyrir siðaskipti; eru því vafasamar upplýsingar þær, sem hér að framan getur, um skilmála þá, sem jörðin er talin gefin með.

Árlegar tekjur eru um kr. 4500.00 og renna í sveitarsjóð.

Útgjöld eru greiðsla til Geithellnahrepps vegna hreppaskipta (sjá Stjórnartíðindi 1940, B. 10) og fasteignaskattur. Tekjunum er varið til að mæta útgjöldum hreppsins án nokkurrar sérstakrar ákvörðunar. Enginn ábúandi. Nytjar jarðarinnar eru leigðar íbúum hreppsins.

Búlandsnes er að fasteignamati kr. 15600.00. Landverð kr. 12000.00. Húsaverð kr. 3600.00. Hús úr járni og timbri, sími, skolpleiðsla, vatnsleiðsla. Girðing um tún og haga. Dúntekja, eggjatekja, fuglatekja, mótekja, reki og útræði. Hlöðurúm 177 m³ þurrhey. 18 tunnur garðávextir. 180 hestar taða. 120 hestar annað hey. Áhöfn: 4 nautgripir, 90 kindur, 2 hross.

Jörðin Borgargarður hefur komið til sem nýbýli úr Búlandsnesi löngu eftir siðaskipti. Hún er að fasteignamati kr. 6000.00. Landverð kr. 5000.00. Húsverð kr. 1000.00 Húsin úr járni, timbri og torfi. Girðing um tún og haga. Dúntekja, eggjatekja, fuglatekja, mótekja, reki, útræði. Hlöðurúm 60 m³ þurrhey. Garðávextir 5 tunnur. Taða 90 hestar. Annað hey 16 hestar. Áhöfn: 2 nautgripir, 70 kindur, 1 hross.

Nýbýlið Framnes er að fasteignamati kr. 4500.00. Landverð kr. 2000.00. Húsaverð kr. 1900.00. Fylgifé í landi kr. 600.00. Hús úr járni og timbri. Vatnsleiðsla. Túnið girt. Hlöðurúm 60 m³ þurrhey. 30 hestar taða. Áhöfn: 1 kýr, 10 kindur.

Ræktunarland er nýbýli, að fasteignamati kr. 7000.00. Landverð kr. 7000.00. Túnið er girt. Garðávextir 170 tunnur. 180 hestar þurrhey.

Jörðin Merki er nýbýli frá því eftir 1847. Hún er að fasteignamati kr. 2000.00. Landverð kr. 1000.00. Húsaverð kr. 500.00. Fylgifé kr. 500.00. Túnið girt. Íbúðarhúsið er timburhús. Útræði. Hlöðurúm 70 m³ þurrhey. Áhöfn: 1 kýr, 42 kindur.

Kolsholt og Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

Hálf jörðin Kolsholt og jörðin Jaðarkot hafa frá ónumatið verið eign Biskupstungnahrepps. Forráðamenn hreppsins telja, að jarðir þessar hafi á sínum tíma verið gefnar hreppnum sem kristfé, enda er þeirra getið sem kristfjárjarða í Jarðabókum Árna Magnússonar og „fátækra eigna“ í Johnsens jarðatali.

Jörðin Kolsholt er að fasteignamati kr. 9700.00. Húsaverð kr. 3500.00. Landverð kr. 6000.00. Fylgifé kr. 200.00. Járnvarið timburhús, vatnsleiðsla. Mótekja. Hlöðurúm 484 m³. Garðávextir 18 tunnur. Heyfengur: Taða 125 hestar, úthey 700 hestar. Áhöfn: 15 nautgripir, 60 kindur, 9 hross.

Jaðarkot er að fasteignamati alls kr. 7300.00. Landverð kr. 4300.00. Húsaverð kr. 3000.00. Járnvarið timburhús. Vatnsleiðsla. Hlöðurúm 420 m³. Garðávextir 11 tunnur. Taða 65 hestar. Úthey 500 hestar. Áhöfn: 7 nautgripir, 65 kindur, 12 hross.

2. JARÐIR Í „FÁTÆKRA EIGN“.

Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Með bréfi, dags. 10. marz 1883, gaf Magnús Jónsson medalíumaður, Reykholtsdalshreppi, eignarjörð sína Hurðarbak í Strandarhr. Gjafabréfið er í vörzlu sóknarprestsins í Reykholtsprestakalli, í því segir m. a.: „þá gef ég hér með .... að mér látnum eignarjörð mína Hurðarbak liggjandi í Strandarhreppi og Borgarfjarðarsýslu með 2½ kúgildi og 50 álna landskuld Reykholtsdalshreppi og áskil, að einhver fátæk, guðhrædd og ráðsett ekkja, sem hefur barn að annast, eitt eða fleiri, og er hér (í Reykholtsdalshreppi) heimilisföst, njóti afgjaldsins, og standi eign þessi óhögguð undir umsjón prestsins í Reykholti, hreppstjórans og oddvita

sveitarnefndarinnar, sem ákveði í hvert sinn og breyting verður, hver njóta skuli afgjalds af eigninni, og sjái um, að jörðin sé í góðri byggingu.“

Jörðin er að fasteignamati kr. 5400.00. Landverð kr. 3000.00. Húsaverð kr. 2100.00. Fylgifé í landi kr. 300.00. Járnvarið timburhús. Vatnsleiðsla. Girðingar um tún, engi og haga. Eggjataka, silungsveiði og skógarhögg. Hlöðurúm 130 m³. Garðávextir 17 tunnur. 160 hestar taða og 140 hestar annað hey. Ónotað engi 20 hestar. Áhöfn: 7 nautgripir, 35 sauðkindur og 7 hestar.

Reynir, Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Gjafabréf fyrir jörðinni, dags. 26. júní 1662, sjá Lovsamling for Island I., bls. 271. Gefandi Brynjólfur biskup Sveinsson.

Jörðin er gefin fátækum, og samkvæmt gjafabréfinu skyldi afgjald af jörðinni renna til fátækrar ekkju, sem ætti þrjú skilgetin börn í ómegð og væri búsett á Akranesi, en fyndist þar engin, sem þannig væri ástatt fyrir, skyldu ekkjur, sem eins væri ástatt fyrir í Skilmanna-, Strandar- og Skorradalshreppi koma til greina. Í gjafabréfinu segir, að jörðin skuli vera í umsjón prófasta í Borgarfjarðarprófastsdæmi og „skulu þeir æfinlega jörðina byggja skilvísum rækslumanni, sem henni heldur við alla góða bygging, hefð og makt“.

Árlegar tekjur af jörðinni eru nú kr. 144.00, og rennur helmingur þeirra til fátækra á Akranesi, ¼ af tekjunum er lagður til hliðar og ¼ gengur til umráðamanns jarðarinnar. Sveitarsjóður hefur engin útgjöld í sambandi við jörðina.

Fasteignamat alls kr. 9900.00. Landverð kr. 5900.00. Húsaverð kr. 4000.00. Timburhús, útveggir úr timbri. Skolpleiðsla. Neyzluvatn er í húsinu. Túngirðing og engjagirðing er á jörðinni. Mótekja. Hlöðurúm 160 m³ þurrhey. Garðávextir 21 tunna. 340 hestar taða. 200 hestar annað hey. 100 hestar ónotað engi. Áhöfn: 8 nautgripir, 45 sauðkindur, 9 hross.

Syðri-Hraundalur, Álftaneshreppi, Mýrum.

Hálf jörðin Syðri-Hraundalur var með gjafabréfi, dags. 1. jan. 1851, gefin Álftaneshreppi til ævinlegrar eignar. Gefandi var Jón Sigurðsson hreppstjóri og dannebrogsmaður.

Jörðin er hreppseign, gefin til að standa straum af framfærslu fátækra, ber að skoða hana sem slíka sem „fátækra eign“. Um það segir svo í gjafabréfinu, (sjá Lovsamling for Island XV., bls. 2): „Hálflendu þessari fylgja 2½ (hálft þriðja) ásauðar kúgildi, eptir hvern að árlega gjaldast 5 (fimm) fjórðúngar smjörs og 2 (tvær) vættir í landskuld í gildum óframfærðum landaurum, og skal nefnt leigna- og landskuldargjald að mér látnum, þegar regluleg skipti hafa farið fram á búi mínu — leggjast fátækum til framfæris í nefndum hrepp. Enn fremur áskil ég með þessu mínu gjafabréfi, að hreppstjórinn í Álptaneshreppi kauplaust sjá um, með aðstoð hlutaðeigandi sóknarpresta, að nefnd jarðarhálflenda verði ávallt byggð einhverjum fullveðja manni, er hvorki spilli gæðum hennar né kostum, eða láti neitt undan henni ganga, sem henni að lögum og rétti fylgja ber.“

Hreppurinn hefur fyrir alllöngu keypt hinn helming jarðarinnar, og rennur allt afgjaldið í hreppssjóð, án þess að nokkru sé sérstaklega úthlutað í samræmi við fyrirmæli bréfsins.

Jörðin er öll að fasteignamati kr. 11200.00. Landverð kr. 4800.00. Húsaverð kr. 5700.00. Fylgifé í landi kr. 700.00. Steinhús. Miðstöðvarhitun, vatnsveita og skolpleiðsla. Girðing um tún, engi og haga. Mótekja og skógarhögg. Hlöðurúm 529 m³ þurrhey og 27 m³ vothey. Taða 326 hestar og 225 úthey. Ónotað engi 75 hestar. Áhöfn: 6 nautgripir, 300 kindur og 6 hross.

Innri-Drápuhlíð og Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.

Gjafabréf fyrir jörðunum Innri-Drápuhlíð og Efri-Hlíð, dags. 14. sept. 1655, sjá Lovsamling I., bls. 250. Jarðir þessar voru þá ein jörð, Drápuhlíð. Gefandi

séra Þorlákur Bjarnason prófastur og kona hans Ólöf Guðmundsdóttir. Í gjafabréfi fyrir jörðunum segir m. a.: „gáfu nú almáttugum guði til lofs og dýrðar, og hans heilaga orði og þjónustugjörð orðsins til eflingar undir Helgafells kirkju til eignar, en eptirkomandi kennimönnum til Helgafells kirkju þjónandi til uppheldis nota og landskyldar aftekta, XXV (25 hundruð) í jörðinni Drápuhlíð“ — og enn fremur „Item tilskyldu þau, að kúgildi, sem þar skyldu með vera, skyldi í umsjón og ábyrgð prestsins að Helgafelli, svo aldrei úr félli, en fátækir guðs ölmusumenn í Helgafellssveit skyldu þau eignast, og árlegar leigur af þeim upp bera í réttan tíma að Michaelismessu, refju- og undansláttarlaust æfinlega“.

Jarðirnar hafa þannig í upphafi samkvæmt gjafabréfinu verið eign Helgafellskirkju, kúgildi á jörðunum hins vegar kristfé. Síðan hefur kristfjáreignin í kúgildunum færzt yfir á jarðirnar, og í vitund manna hafa þær þannig orðið að kristfjárjörðum, eða réttara sagt fátækrajörðum í eign Helgafellssveitar og Stykkishólmshrepps, því að líkur eru fyrir því, að þeir hreppar hafi eignazt jarðir þessar fyrir hefð. Í Fasteignabók 1932 eru báðar jarðirnar taldar kristfé, og í Fasteignabók 1942 er Innri-Drápuhlíð talin kristfjárjörð, en Efri-Hlíð kirkjujörð. Oddviti Helgafellssveitar upplýsir, að þegar Helgafellssveit, árið 1896, var skipt í tvö hreppsfélög, var leigum af jörðum þessum skipt á milli Helgafellssveitar og Stykkishólmshrepps í sömu hlutföllum og öðrum tekjur og eignum, þannig að Stykkishólmshreppur fékk $^{9}/_{13}$, en Helgafellssveit $^{4}/_{13}$, enn fremur að nefnd sveitarfélög hafi orðið að taka við umboði jarða þessara, þegar presturinn í Helgafellsprestakalli sagði því af sér. Ber þetta allt því vitni, að nefnd sveitarfélög hafi talið jarðir þessar kristfjárjarðir í sinni eign.

Byggingarskilmálar í Innri-Drápuhlíð hafa verið þessir: Landskuld 40 meðalálnaleiga, eftir 3 kúgildi, 60 smjörálnir. Á síðari árum var leiguliðum gefinn eftir $^{1}/_{3}$ af smjörleigum, eftir að sauðfé þar sem annars staðar tók að falla úr mæðiveiki.

Afgjaldi jarðarinnar hefur verið varið sem næst anda gjafabréfsins, til einhvers fátæklings eða þess, sem hefur orðið fyrir heilsubresti.

Innri-Drápuhlíð er að fasteignamati kr. 2600.00. Landverð kr. 2000.00. Húsverð kr. 600.00. Bygging úr torfi og grjóti. Túnið girt. Hlöðurúm 139 m³ þurrhey. Garðávextir 3 tunnur. 100 hestar tað. 60 hestar annað hey (úthey). Ónotað engi um 60 hestar. Áhöfn: 4 nautgripir, 15 kindur, 2 hross.

Efri-Hlíð er að fasteignamati alls kr. 2700.00. Landverð kr. 1400.00. Húsaverð kr. 1200.00. Fylgifé í húsum kr. 100.00. Útveggir úr timbri, járnvarðir, en þó eitthvað af þeim úr torfi og grjóti. Túnið girt. Mótak. Hlöðurúm 90 m³ þurrhey og 38 m³ vothey. Garðávextir 5 tunnur. 80 hestar tað. 70 hestar annað hey. Áhöfn: 3 nautgripir, 50 kindur, 4 hross.

Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.

Gjafabréf Gísla Árnasonar fyrir jörðinni til Miklaholtshrepps sem kristfé, dags. 21. júní 1880, sjá veðmálabækur sýslunnar.

Jörðin hefur nú um langan tíma verið rekin sem eign hreppsins, og hefur hann byggt öll hús á henni, annars mundi hún vera komin í eyði fyrir löngu. Hefur hún því verið þung byrði fyrir sveitarfélagið, því að hún hefur alltaf verið lágt leigð. Árlegt afgjald kr. 285.00.

Fasteignamat alls kr. 4000.00. Landverð kr. 1700.00. Húsaverð kr. 2300.00. Steinhús. Niðurfært húsaverð kr. 1400.00. Túnið girt. Mótak. Hlöðurúm 190 m³. Garðávextir 1 tunna. 90 hestar tað. 100 hestar flæðihey. 50 hestar annað hey. Áhöfn: 2 nautgripir, 130 kindur, 6 hross.

Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

Gjafabréf fyrir jörðinni, dags. 4. júní 1677, sjá Lovsamling I., bls. 364. Gefendur bræðurnir Magnús og Þorleifur Magnússynir.

Jörðin er gefin til eignar voluðum og fátækum í Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslu.

Samkvæmt því, sem oddviti upplýsir, er jörðin svo arfurðarýr, hvað beit og grasnytjar snertir, að ekki mun hægt að fá ábúanda á hana, nema í sambandi við aðra jörð, er hún því í lífstíðarábúð ásamt jörðinni Neðra-Vaðli, sem er eign hreppsins. Sameiginlegt eftirgjald beggja jarðanna er kr. 994.00. Afgjaldi jarðanna er varið til greiðslu á útgjöldum hreppsins almennt.

Fasteignamat kr. 3900.00. Landverð kr. 1800.00. Húsaverð kr. 2100.00. Húsin eru úr torfi og grjóti. Túnið er girt. Mótekja. Hlöðurúm 357 m³ þurrhey. Garðávextir 10 tunnur. 100 hestar tað. 70 hestar annað hey. Áhöfn: 2 nautgripir, 120 kindur, 3 hross.

Hamar, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Gjafabréf fyrir jörðinni, dags. 15. febr. 1656, sjá Lovsamling I., bls. 251. Gefandi Guðmundur Hákonarson sýslumaður.

Jörðin er gefin fátækum í Húnavatnssýslu. Afgjald af jörðinni rann til allra hreppa í sýslunni, 12 að tölu, og jörðin í umsjón sýslumanns, sem fékk hluta af afgjaldinu fyrir eftirlitið. Sérstök skipulagsskrá um jörð þessa: Skipulagsskrá fyrir afgjaldasjóð kristfjárjarða í Húnavatnssýlu (Hamars og Meðalheims), sjá Stjórnartíðindi 1919 B., bls. 265. Jarðirnar eru báðar í umsjón sýslunefndar Húnavatnssýslu.

Fasteignamat alls kr. 7500.00. Landverð kr. 3800.00. Húsaverð kr. 3700.00. Íbúðarhús úr steini. Miðstöðvarhitun og rafvirkjun. Girðing um tún og engi. Mótekja. Garðávextir 6 tunnur. 300 hestar af töðu. 150 hestar annað hey. Áhöfn: 3 nautgripir, 180 kindur, 30 hross.

Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Gjafabréf fyrir jörðinni, dags. 10. maí 1763, sjá Lovsamling III., bls. 460. Gefandi er Bjarni Halldórsson sýslumaður. Jörðin er gefin fátækum í Húnavatnssýslu, og skyldi afgjald hennar renna til allra hreppa sýslunnar, 12 að tölu. Skipulagsskrá um afgjald jarðarinnar, sjá Stjórnartíðindi 1919, B., bls. 265. Jörðin er í umsjón sýslunefndar. Landskuld af jörðinni er rúmar kr. 360.00 á ári. Jörðin er í lífstíðarábúð.

Fasteignamat alls kr. 5200.00. Landverð kr. 3100.00. Húsaverð kr. 2000.00. Fylgifé (land) kr. 100.00. Timburhús með útveggi úr timbri, torfi og grjóti Rafmagn, sími og neyzluvatn í húsum. Girðing um tún og haga. Mótekja. Hlöðurúm 172 m³ þurrhey. Garðávextir 5 tunnur. 270 hestar tað. 35 hestar annað hey. 65 hestar ónotað land. Áhöfn: 3 nautgripir, 170 kindur, 16 hross.

Sæunnarstaðir, Vindhælishreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Með gjafabréfi, dags. 18. júní 1886, var hálf jörðin Sæunnarstaðir gefin Vindhælishreppi. Gefendur voru hjónin Elín Pétursdóttir og Frímann Þorbergsson. Jarðarparturinn er í umsjón sóknarprestsins að Hofi á Skagaströnd og hreppstjóra Vindhælishrepps, og er gjafabréfið í vörzlu þeirra. Við skiptingu Vindhælishrepps 1938 var eignarhluta og tekjum skipt þannig, að Vindhælishreppur fær 22%, Höfðahreppur 46% og Skagahreppur 32%. Jörðin hefur verið í eyði síðan 1944, en beitilönd og slægjur jarðarinnar eru nytjaðar frá Vindhæli. Árlegt eftirgjald hefur verið kr. 300.00 síðustu 6 árin.

Fasteignamat alls kr. 5400.00. Landverð kr. 5400.00. Hús eru fallin og rifin. Garðávextir 6 tunnur. 250 hestar tað. 700 hestar flæðihey.

Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Gjafabréf fyrir jörðinni, dags. 20. júlí 1693, sjá Lovsamling for Island I., bls. 508—509. Gefandi Þórður Þorlaksson biskup.

Í gjafabréfinu fyrir jörðinni segir m. a.: „Skal jörðin, með kúgildum og öllu því, sem henni réttu tilheyrir, vera æfinlegt kristfé héðan í frá.“ Samkvæmt gjafabréfinu er jörðin gefin fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum börnum í Hegranesþingi.

Jörðin er í erfðafestu, árlegt eftirgjald hefur verið kr. 175.00. Umráðamaður jarðarinnar er prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi.

Fasteignamat kr. 12200.00. Landverð kr. 8300.00. Húsaverð kr. 3900.00. Bygging úr timbri, torfi og grjóti. Tún og hagi girt. Jarðhiti. Hlöðurúm 645 m³ þurrhey. Garðávextir 3 tunnur. 376 hestar taða. 350 hestar flæðihey. 340 hestar annað hey. 10 hestar ónotað engi. Áhöfn: 12 nautgripir, 389 kindur, 69 hross.

Utanverðunes, Ripurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Gjafabréf, dags. 7. maí 1839, sjá Lovsamling, XI. bindi, bls. 352—355. Gefandi Benedikt Vigfússon prófastur.

Í gjafabréfinu fyrir jörðinni segir m. a.: „(Jörðin) skuli frá næstkomandi fardögum 1838 og síðan verða kristfjárjörð og njóta þóknanlegra byggingarumráða viðkomandi sýslumanns eða prófasts, en afgjald hennar verjast til uppeldis styrks munaðarlausu barni innan Skagafjarðarsýslu, einkum í Hólahreppi.“

Fasteignamat kr. 10000.00. Landverð kr. 6800.00. Húsaverð kr. 3100.00. Fylgifé í landi kr. 100.00. Steinhús. Miðstöð, rafvirkjun. Girðingar um tún, engi og haga. Dúntekja, eggjatekja, mótekja, reki, silungsveiði. Hlöðurúm 330 m³ þurrhey. Garðávextir 6 tunnur. 210 hestar taða. 220 hestar annað hey. Ónotað engi 374 hestar. Áhöfn: 4 nautgripir, 82 kindur, 29 hross.

Kotamýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Gjafabréf, dags. 25. sept. 1775, sjá Lovsamling IV., bls. 179. Gefandi Jón Benediktsson sýslumaður.

Í gjafabréfinu segir m. a.: „Kotamýrar .... 10 hundruð að dýrleik, ... gef ég til fullkominnar eignar fátækum guðs voluðum þurfamönnum, sem bornir og barnfæddir eru í Reykjadalshreppi af frómum og erlegum foreldrum, með svo móti: að höfuðstóllinn skal altið standa óraskaður, en rentan og afgjaldið leggjast til forsorgunar og uppheldis árlega þeim aumasta og nauðstaddasta þurfalimi í Reykjadalshreppi, einkum föður- og móðurlausu barni, ef til er. Jarðarinnar byggingarráð hafa Reykjadals hreppstjórar að sér að taka, og afgjaldinu anvenda eptir áður mæltu.“

Jörðin Kotamýrar hefur verið í eyði um 30 ár eða meira og var áður en mæðiveikin kom til sögunnar notuð sem beitiland af Aðaldælahreppi.

Fasteignamat alls kr. 400.00.

3. GJAFASJÓÐSJARÐIR.

Auk kristfjárjarða þeirra og jarða í „fátækra eign“, sem hér að framan eru taldar, eru um 30 jarðir á landinu, sem eru í eigu gjafasjóða eða einkasjóða, sem stofnaðir hafa verið í ýmsum tilgangi, svo sem til að styrkja ýmis menningarmál, framfarir í landbúnaði o. fl., en aðeins einn gjafasjóður virðist vera til, sem ætlað er svipað hlutverk og kristfjárjörðunum og jörðum í „fátækra eign“, en það er Jóns Sigurðssonar Legat.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir sjóðum þessum, hverjum um sig, og jörðum, sem þeir eiga.

Jóns Sigurðssonar Legat til þurfamanna innan Eyjafjarðarsýslu.

Með gjafabréfi, dags. 8. júlí 1830, stofnaði Jón Sigurðsson, bóndi að Böggversstöðum, gjafasjóð. Í gjafabréfinu (sjá Lovsamling IX., bls. 798) segir m. a.:

„En þó að legatið svoleiðis sé lagt til amtsfátækrakassans, og standi undir stjórn amtmanns (og amtsprófasts), skal þó einasta Eyjafjarðar sýsla njóta góðs þaraf, í almennum neyðartilfellum, á þann hátt, að ársrentum höfuðstólsins, eða ársafgjaldi jarðanna, skal þá verja til að koma fátækustu eða nauðstöddustu hreppum eða sveitum sýslunnar til hjálpar með innkaupi matarvöru í stórum almennum harðindum (hallæri), þegar liggur við manndauða, allt eptir amtmanns (og amtsprófasts) ákvörðun og ráðstöfun; en í góðum árum, og á meðan engin almenn neyð ber til, skulu renturnar upp leggjast til viðurauka höfuðstólsins. Jarðirnar mega aldrei seljast, eða á neinn hátt lógast."

Gjafasjóðurinn á eftirtaldar jarðir í Eyjafjarðarsýslu:

Sílastaði, Efri-Vindheima, Neðri-Vindheima og Laugaland, allar í Glæsibæjarhreppi, Miðland og hálfa jörðina Gloppu í Öxnadalshreppi, og Kristnes og Hvamm í Hrafnagilshreppi.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu segir í bréfi sínu til félagsmálaráðuneytisins, dags. 24. marz 1951, varðandi gjafasjóð þennan: „Eins og stofnbréf gjafasjóðsins ber með sér, er sjóður þessi eins konar bjargráðasjóður fyrir sýsluna. Hins vegar hefur það verið svo um langa hríð, að jarðeignir sjóðsins hafa staðið honum stórlega fyrir þrifum og sjóðurinn hefur ekki haft tök á að fullnægja þeim kvöðum, sem á honum hvíla um endurbyggingu o. fl. á jörðum þessum. Má því með sanni segja, að sjóðurinn hefur engan veginn getað svarað upphaflegum tilgangi sínum vegna þess, að hann hefur átt jarðir þessar.

Ég hef skrifað dómsmálaráðuneytinu allýtarlega um mál þetta, og að tilhlutun þess eða fjármálaráðuneytisins kom fram á Alþingi 1951 frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með opinberum sjóðum, sem fól í sér heimild til sölu þessara jarða. Frumvarp þetta dagaði uppi, og var það að mínum dómi illa farið."

Kambshóls-gjafasjóður.

Gjafasjóður þessi er stofnaður af séra Þorvarði Auðunssyni, 12. október 1767.

Í gjafabréfinu, Lovsamling III., bls. 594, segir m. a.: „gef hér með eftir minn dag hans vesælingum, nefnilega frómum og fátækum börnum hér í Saurbæjar kirkjusókn, mína fyrstu keypta fasteign með verði, sem er jörðin Kambshóll 10 hundr. að dýrleika, liggjandi í Strandar hrepp og Saurbæjar kirkjusókn, að hennar afgjald árlega og æfinlega hér skiptist á millum úngmenna hér í sveit, þeim til uppfræðingarbótar í þeirra kristindómi."

Gjafasjóðurinn á jörðina Kambshól í Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Gjöf Einars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur, Steindórsstaðahjóna.

Gjöfin er dánargjöf Ástríðar Pálsdóttur, dags. 9. febr. 1917. Gjafabréfið er í vörzlu stjórnarnefndar gjafasjóðsins, og fer hér á eftir upphaf gjafabréfsins: „Ég undirrituð Ástríður Pálsdóttir, ekkja á Steindórsstöðum, gjöri með þessu bréfi þá ráðstöfun að jarðirnar:

Kross með Krosskoti, Lundarreykjadalshreppi,
Eyri, Andakílshreppi,
Brúsholt í Reykholtsdalshreppi,
Búrfell í Hálsahreppi (að undanskildu hálfu fjalllandinu) og
þriðjungur Hallkelsstaða í Hvítársíðuhreppi,

skulu að mér látinni verða sérstök eign tilheyrandi Reykholtsdals- og Hálsahreppum, gefin í þeim tilgangi, og falin þeirri stjórn, sem síðar segir."

Stjórn sjóðsins er falin fimm manna nefnd, sem kosin er til þriggja ára, þrír af Reykholtsdalshreppi, en tveir af Hálsahreppi. Yfirstjórn gjafarinnar er í höndum Búnaðarfélags Íslands.

Tilgangur gjafarinnar er að efla jarðræktarframkvæmdir í tveim fyrrgreindum hreppum, og þegar tekjur sjóðsins, ársafgjöld og vextir hafa náð tiltekinni upphæð, má veita fé „til annarra menningarfyrirtækja".

Í gjafabréfinu eru ákvæði, sem heimila að selja ábúanda einhverrar jarðarinnar umrædda jörð, ef stjórnarnefndin telur það hagkvæmt fyrir gjöfina og er öll sammála um það. Til sölu jarðarinnar þarf einnig samþykki Búnaðarfélags Íslands. Samkvæmt þessari heimild hefur jarðarpartur í Hallkelsstaðalandi verið seldur, og mun einnig í ráði að selja jörðina Búrfell. Jörðin Kollslækur í Hálsahreppi var í eigu gjafasjóðsins um skeið, en hefur nú verið seld.

Steinunnararfur.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Steinunni Björnsdóttur frá Vatnshorni í Skorradal af erfingjum hennar árið 1922. Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúkling í Landsspítalanum, enda mun sjóðurinn gefinn Minningargjafasjóði Landsspítalans.

Starfsákvæði um sjóðinn eru útgefin 22. okt. 1922 af Birni Bjarnarsyni í Grafarholti, bróður Steinunnar, sem var aðalhvatamaður að því, að gjöfin var gefin.

Sjóðurinn á hálfa jörðina Haga í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu.

Jarðasjóður Vestur-Húnavatnssýslu.

Sjóðurinn er eign sýslunnar. Hann er stofnaður af Skúla Guðmundssyni, kaupfélagsstjóra á Hvammstanga, 10. jan. 1940, til minningar um foreldra hans, Guðrúnu Einarsdóttur og Guðmund Sigurðsson. Skipulagsskrá sjóðsins er í Stjórnartíðindum 1940, B-deild, nr. 73.

Hluti af tekjum sjóðsins, ⅓, rennur til jarðabóta á jörð sjóðsins. Þegar hrein eign sjóðsins er orðin 200 þúsund krónur, má sjóðstjórnin verja ¼ af hreinum tekjum hans til eflingar hvers konar framförum í landbúnaði í Vestur-Húnavatnssýslu.

Sjóðurinn á jörðina Syðri-Velli og má aldrei selja hana.

Gjafasjóður Þórarins Jónssonar.

Gjafasjóðurinn er í eigu Háskóla Íslands, stofnaður af Þórarni Jónssyni bónda á Halldórsstöðum. Gjafabréf er ekki til fyrir gjöfinni, einungis drög að erfðaskrá. Skipulagsskrá hefur ekki verið gerð um gjöfina, en tilgangur hennar mun vera að verðlauna ritsmíðar á íslenzku.

Gjafasjóðurinn á jörðina Halldórsstaði III í Laxárdal, Suður-Þingeyjarsýslu.

Gjafasjóður Guðmundar Snorrasonar.

Stofnaður samkvæmt erfðafyrirmælum Guðmundar Snorrasonar, fyrrum bónda á Stuðlafossi, er lézt 27. janúar 1936.

Skipulagsskrá fyrir sjóðinn er í Stjórnartíðindum 1940, B., nr. 88. Aðalumsjón sjóðsins hefur sýslunefnd Norður-Múlasýslu.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að eflingu landbúnaðar í Norður-Múlasýslu.

Sjóðurinn á jörðina Stuðlafoss, sem var hluti af stofnfé sjóðsins.

Minningarsjóður hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur og dætra þeirra Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

Sjóðurinn er stofnaður af erfingjum þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til minningar um, þeim Jóni og Ólafi Halldórssyni, í janúar 1927.

Hluti af stofnfé sjóðsins er jörðin Suður-Hvammur í Mýrdal, og er ætlazt til, að elliheimili verði reist á þeirri jörð, þegar nægilegt fé verður í sjóði til þess.

Skipulagsskrá sjóðsins er í Stjórnartíðindum 1929, B., nr. 79.

Minningarsjóður hjónanna Þorsteins Árnasonar hreppstjóra og Matthildar Guðmundsdóttur ljósmóður, sem bjuggu á Dyrhólum 1872 til 1905.

Stofnfé sjóðsins er jörðin Dyrhólar (Vesturhús) í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu. Jörðin var eign hjóna þeirra, sem hún var gefin til minningar um, og gekk að þeim látum til barna þeirra, sem með gjafabréfi gáfu Dyrhólahreppi hana til ævarandi eignar.

Árlegt eftirgjald með ársrentu af innistæðu á sjóði, er gjöfinni fylgdi, skal renna að nokkru til verðlaunaveitingar þeim til handa, sem skara fram úr í skóg-, trjá- og blómarækt í Dyrhólahreppi, svo og fyrir sandgræðslu á sjóðsjörðinni.

Skipulagsskrá sjóðsins er í Stjórnartíðindum 1944, B., nr. 56.

Þykkvibær I, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Hálf jörðin var gefin Kirkjubæjarhreppi til ævarandi eignar 1914. Gefendur voru hjónin Helgi Þórarinsson og Halla Einarsdóttir. ¾ hlutum af árlegu afgjaldi skal varið til sjóðsmyndunar, Ræktunarsjóðs ½ Þykkvabæjar I, Landbroti. ¼ hluti árlegs afgjalds rennur í sveitarsjóð Kirkjubæjarhrepps.

Gjafabréf og skipulagsskrá fyrir ræktunarsjóðinn er í Stjórnartíðindum 1914, B., nr. 86.

Styrktarsjóður fátækra skólabarna í Stokkseyrarhreppi hinum forna.

Með gjafabréfi, dags. 7. ágúst 1854, gáfu hjónin Þorleifur Kolbeinsson hreppstjóri og kona hans, Sigríður Jónsdóttir, barnaskólanum á Eyrarbakka eignarjörð sína Efri-Vallarhjáleigu, nú Vallarhjáleigu, í Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.

Gjafabréfið er í Lovsamling XV., bls. 687—68. Í því segir m. a.: „Afgjald jarðarinnar Efrivallarhjáleigu, sem nú er tíutíu álnir, skal að okkur báðum frá föllnum árlega, þegar kennsla fram fer í barnaskólanum, brúkast hálft í kennslulaun gáfaðra, námfúsra og velsiðaðra fátækisbarna úr Stokkseyrar hreppi, sem annaðhvort alast á fátækra fé, eður eru þeim við hönd, sem þiggja sveitarstyrk, eður og ekki geta komið barni í skólann án hans. Hinn helming afgjaldsins skal setja á vöxtu árlega utanlands eða innan, og má öldúngis ekki, hvernig sem á stendur, breyta út af þeirri reglu, og aldrei eyða meiru en hálfu afgjaldinu árlega.“ Síðar í gjafabréfinu segir: „Aldrei má jörðin Vallarhjáleiga seljast, heldur á hún um aldur og æfi að vera eign barnaskólans á Eyrarbakka. Þar að auki sýnist okkur, að kaupa ætti góða jörð, eða jarðir, fyrir peninga höfuðstóls skólans, þegar hann er orðinn svo mikill, að hann nemur því.“

Styrktarsjóðurinn mun nú vera í sameiginlegri umsjá hreppsnefndar á Eyrarbakka og Stokkseyri og talinn eign barnaskólanna á þessum stöðum.

Þorleifsgjafasjóður.

Með gjafabréfi, dags. 16. febrúar 1861, gaf Þorleifur Kolbeinsson, hreppstjóri í Stokkseyrarhreppi, nefndum hreppi (þ. e. núverandi Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppi) hálfa jörðina Hæringsstaði ásamt helmingi hjáleigna, til ævarandi eignar, og er hvorki sala né makaskipti heimil samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins. Gjafabréfið er í fórum umsjónarmanns sjóðsins. Upphaf þess er svo hljóðandi:

„Ég undirskrifaður, Þorleifur Kolbeinsson, hreppstjóri í Stokkseyrarhreppi, geri hér með kunnugt: að ég hefi gefið og með þessu bréfi gef eptir minn dag Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, til jarðabóta, samt til að bæta búnaðarháttu alla til sjós og lands í téðum hreppi eignarjörð mína: hálfa heimajörðina Hæringstaði, ásamt með helmingi allra undirliggjandi hjáleigna, Hæringsstaðahjáleigu eður Norðurkots, Lölukots, Gljákots, Oddagarða og Brúar, — en helmingur téðra jarða nú talinn 15 hndr. 20 áln. að dýrleika, með 5½ kúgildi og 1 hndr. 50 al. landskuldar, — samt öllu því, er nefndri jarðartorfu, að helmingi, fylgt hefur og fylgja ber, að engu undanskildu, — með eptirfylgjandi skilmálum.“

Eins og sakir standa eru þrjár af jörðum sjóðsins í eyði, Brú, Oddagarðar og Lölukot, en Gljákot að nafninu til í ábúð.

Sjóðurinn á engin mannvirki á jörðum sínum og stendur þar af leiðandi verr að vígi en ella með að ráða byggingu á þeim.

Erfingjasjóður Sigríðar Melsted.

Með gjafabréfi, dags. 18. ágúst 1914, gaf Bogi Th. Melsted jörðina Hlíð í Grafningi í Árnessýslu til stofnunar sjóðs, „Erfingjasjóðs Sigríðar Melsted". Jörðin skal ævarandi vera í eigu sjóðsins. Tilgangur sjóðsins er að styrkja unglinga, sem eru afkomendur gefandans og systkina hans, til menntunar og góðs uppeldis.

Skipulagsskrá er í Stjórnartíðindum 1914, B., nr. 99.

Líknarsjóður Sigríðar Melsted.

Með gjafabréfi, dags. 18. ágúst 1914, gaf Bogi Th. Melsted jörðina Keldnakot í Stokkseyrarhreppi til stofnunar sjóðs, „Líknarsjóðs Sigríðar Melsted". Jörðin skal vera ævarandi eign sjóðsins. Sjóðurinn er stofnaður handa ógiftum, heilsuveilum og bágstöddum konum, sem aldar hafa verið upp á siðprúðum heimilum, sjá skipulagsskrá sjóðsins, Stjórnartíðindi 1914, B., nr. 100.

Gjafasjóður Flensborgarskólans.

Með gjafabréfi, dags. 10. ágúst 1877 og 1. júní 1882, gáfu hjónin Þórarinn Böðvarsson og Þórunn Jónsdóttir húseign sína að Flensborg í Hafnarfirði með tilheyrandi lóð og eignarjörð sína Hvaleyri til stofnunar alþýðu- og gagnfræðaskóla.

Jörðin Hvaleyri og lóðir þær, er lágu undir og umhverfis gamla Flensborgarskólann, hafa síðan verið í eigu gjafasjóðs Flensborgarskólans. Sjóðsstjórn skipa: bæjarfógetinn og bæjarstjórinn í Hafnarfirði og landlæknir.

Hér hefur þá verið gerð grein fyrir upplýsingum þeim, sem ráðuneytinu hafa borizt eða það hefur aflað um kristfjárjarðir þær og aðrar sambærilegar jarðeignir, sem nú eru til hér á landi. Sé skýrslunni í einhverju verulegu áfátt er það af því að haldið hefur verið fyrir ráðuneytinu upplýsingum um slíkar eignir af einhverjum ástæðum, en tæpast er gerandi ráð fyrir að svo sé.

Ástæðan fyrir því, að Alþingi ákvað að láta safna skýrslum þessum, virðist aðallega hafa verið sú, að ýmis ákvæði í löggjöf síðari ára gera það mun örðugra að hýsa þær jarðir, sem kristfjár- eða fátækra-kvöð hvílir á, þar sem óheimilt er talið að veðsetja jarðirnar, svo og að dugmiklir bændur, sem verið hafa ábúendur á ýmsum þessara jarða hafa veigrað sér við að leggja í mikinn kostnað við hýsingu þeirra og jarðabætur á þeim, þar sem allt var á huldu um, hvort þeir fengju þann kostnað endurgreiddan hjá fátæku sveitarfélagi, ef þeir yrðu af einhverjum ástæðum að standa upp af jörðinni.

Þar sem hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í þingsályktuninni, að ráðuneytið geri tillögur um hvernig málum þessum skuli skipað framvegis, heldur einungis rannsakað hvernig þeim nú er fyrir komið, hefur ekki þótt ástæða til að bera hér fram neinar ákveðnar tillögur um það efni, enda eðlilegast að Alþingi ákveði hvort frekar skuli að málum þessum unnið, eftir að skýrsla um jarðeignir þessar hefur nú verið tekin saman.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1952.

Fylgiskjal.

Um Kristfé, Kristfjárjarðir, sælubú og sælugjafir.

Tekið hefur saman prófessor *Guðbrandur Jónsson.*

Fyrr á tíð, á þeim dögum, sem nú eru kallaðar miðaldir, var allt hér á landi og annars staðar stjórnarfarslega með gersamlega öðrum blæ en nú er, svo ólíkum, að allur samanburður þar á milli er fullkomlega villandi. Nú á dögum er ríkisvaldið ákaflega margþætt og afskipti þess af högum og háttum hvers einstaks borgara svo mikil, að sumum þykir meira en nóg um, en í fyrri daga var þetta þveröfugt, því að heita má, að hið opinbera, sem svo er nefnt, skipti sér naumast af mönnum. Framkvæmdarvaldið, sem nú er talið einn mest ómissandi liður í stjórn landsins, var bókstaflega ekki til, svo að menn urðu jafnvel að framkvæma sjálfir dóma, er þeim höfðu gengið í vil, og valt þá mjög um framkvæmdirnar á bolmagni þeirra, er við áttust, en smælingjum reyndist auðvitað ógreitt að ná rétti sínum. Þetta losaralega stjórnarfar stafaði að vísu nokkuð af gagnkvæmri tortryggni valdsmanna landsins, er allsherjarríki var komið á hér 930, en var þó í öllu verulegu tekið að erfðum frá forfeðrum okkar fyrir vestan haf — á Skotlandi, Írlandi og eyjunum þar — eftir hinu svonefnda clan-kerfi þeirra, er virðist að mörgu leyti vera fyrirmyndin fyrir goðaskipulagi okkar, enda þótt það sé enn ekki nægilega rannsakað mál. Clan-kerfið var, líkt og goðakerfi okkar, byggt á ættstofni og skjólstæðingsskap, svo að í clan voru menn einnar ættar og skjólstæðingar þeirra, og ættarhöfðinginn, the laird, svaraði til goðans. Innan hvers clan var gagnkvæm framfærsluskylda.

Hér á landi er allt að vísu ókunnugt um það, hvernig þurfamönnum var framfleytt áður en ómagabálkur Grágásar var settur, sem ekki getur hafa verið fyrr en eftir 1117. En ekki ber að skilja það svo, að landið hafi verið lagalaust fram að því að Grágás var skrásett, því að hver lögsögumaður sagði fram hin gildandi lög á Lögbergi á þrem árum. Það verður því að gera ráð fyrir, að fyrirmæli Grágásar á þessu sem á öðrum sviðum hafi í öllum verulegum atriðum verið hin sömu, er giltu áður en hún var skráð, og þá um fátækramálin líka. Þá veit maður það, að fátækraframfærslan hafði, þegar áður en Grágás var skrásett, úr fjármunum að spila, því að 1096 hafði verið lögtekin hér tíundargreiðsla, og skiptist tíundin í fjóra jafna parta, en einn hlutinn gekk til fátækra.

Það má vel orða það svo, að fátækraframfærslan hafi á þessum öldum verið eitt hið fáa af borgaralegum málum, sem komið var svo föstu skipulagi á, að framkvæmdir gátu naumast brugðizt.

Samkvæmt ómagabálki Grágásar voru frændur fyrstir skyldir til þess, þeir sem til þess voru færir, að framfæra ómaga innan ættar, nánast eftir reglum arfaþáttar, og færðist framfærslan í fjærskylda liði, ef nánustu ættingjar reyndust ófærir, en þó voru fleiri menn en ættingjar, sem hver maður átti að framfæra, t. d. leysingja sína. Er ættmennin þraut, tók við sveitin — hreppurinn — og voru þurfamenn hjá honum framfærðir á þann hátt, að þeir voru látnir ganga rétta boðleið milli bæja og dvelja um skeið á hverjum.

Árið 1271 gekk Grágás úr gildi hér, þar eð hún í mjög mörgum atriðum samrýmdist ekki stjórnarfari því, er leiddi af að Ísland gekk undir Noregskonung, og tók þá við lögbók sú, er Járnsíða nefndist, en óþarfi er að rekja löggjöf hennar, því að hún gilti hér aðeins í 10 ár, eða til 1281. Þá var lögleidd hér lögbók sú, er kölluð var Jónsbók, og gildir hún hér enn um ýmis veigamikil atriði, enda þótt hún í flestum meginþáttum sé úr lögum numin. Var þurfamannaframfæri þar skipað með framfærslubálki, og skyldu menn, ef til voru færir, samkvæmt honum

framfæra nánustu ættmenn sína, en væru menn vanmáttugir til þess, færðist framfærsluskyldan eftir reglum erfðatals í útliði, unz fyrirfundust þeir frændur, er fé höfðu til þess að færa fram þurfamanninn. Framfærslulaus var maður talinn, ef hann átti engan þremenning eða nánara skyldmenni, og tók þá hreppurinn við honum. Var hann þá látinn ganga á bæ af bæ rétta boðleið, og var houm veitt húsaskjól og uppeldi þar sem hann dvaldi í hvern svip, en hann var nú orðinn förumaður. Kallað var, að förumenn gengju, er þeir voru í þessum ferðum sínum, og er til erindi í Hávamálum, er bendir til þess, að slík framfærsla fátækra sé ævagömul og miklu eldri en ákvæði Grágásar, en erindið er svona:

Ganga skal,
skal-a gestur vesa
æ í einum stað;
ljúfur verður leiður,
ef lengi situr
annars fletjum á.

Það voru ýmsar tegundir þessara förumanna, hreppsómagar, sem gengu um hreppinn, fjórðungsómagar, sem gengu um landsfjórðunginn, og landsómagar, sem gengu „lands of ringi“ eða um land allt — landshornamenn. Með þessu, í augum nútíðarmanna einkennilega framfærslufyrirkomulagi, var flakkið leitt í garð, því þótt lögskyldum framfærendum væri að vísu bannað að láta skylduómaga sína ganga, að við lögðum sektum, gat ekki hjá því farið, þegar hreppnum var heimilt að láta ómaga sína gera það, að einstaklingar seildust til þess að hafa á framfærslu sinni sama hátt; var því fljótt komin hér á landi föst flakkandi öreigastétt, sem lifði á ölmusum. Er þetta alkunnugt úr sögu Guðmundar biskups góða, og um miðja 14. öld segir Arngrímur ábóti Brandsson á Þingeyrum svo í Guðmundar sögu sinni: „Það er kynfylgja í því landi (þ. e. Ísandi), að þar gengur með öreign múgur manns hús af húsi á vetur og sumar, og hefur engva næring, nema ölmusugerðir góðra manna“ (B. S., Kbh. II, 44). Auðvitað voru ölmusugæði almennings í og með undirstaða undir þessu flakki, en heilög kirkja hvatti menn mjög til þeirra, og segir svo í kristinrétti Árna biskups: „Hver sem gerir þetta réttilega (þ. e. gefur ölmusu), þá biður hún (þ. e. ölmusan) og þiggur af Guði miskun sínum gjafara, og slökkvir svo hans syndir sem vatn slökkvir eld“ (Kristinréttur Árna biskups í Noregs Gamle Love, 20). Þetta skapaði með árum og öldum sérstakt hugarfar hjá þjóðinni, svo að förumennskuflakkið hélzt alveg fram í byrjun þessarar aldar, og enn eimir eftir af því í hinni margrómuðu gestrisni þjóðar okkar. En sjálft framfærslukerfið hélzt svo að segja óbreytt fram til 1834, og skyldi þangað til hver maður, er þess var megnugur, framfæra frændur sína að fjórmenningsskyldleika eða nánari.

Svo sem getið var, gengust landsmenn undir það 1096 að greiða tíund, og gerðist það hér með mesta friði og algerlega stórslysalaust, en svo hafði ekki orðið annars staðar. Í Noregi komst tíundargreiðsla á allmiklu síðar en hér á landi, en aldrei komst hún þó fyrir siðaskiptin á um Noreg allan. Í Danmörku komst hún löngu síðar á en hér, og fékkst því ekki framgengt, nema með bardögum og blóðsúthellingum. Í öðrum löndum stóðu tíundardeilur öldum saman og fóru ærið ófriðsamlega fram. Víðast hvar komst ekki á nema prests- og biskupstíund, og lenti þá venjulega partur af preststíundinni til kirkjunnar, en sums staðar komst á þrískipt tíund, til kirkju, prests og biskups, og nam þá prests- og kirkjutíund samanlagt tveim þriðju hlutum allrar tíundarinnar, og svo var í Danmörku. En hér á landi og í Noregi, þar sem tíundin komst á þar, var hún fjórskipt í jafna staði milli kirkju, prests, biskups og fátækra. Það má því segja, að tíundin hafi hér og í Noregi orðið að því leyti fullkomnust og nýtust, að hún sá fyrir þörfum fátækra.

Skattstofninn undir tíundargreiðslunni var með afarmargvíslegu móti í hinum ýmsu löndum og biskupsdæmum, þar sem hún komst á, allt eftir stað- og framfærsluháttum og hentisemi hinna einstöku héraða, og það svo, að í heild sinni verður ekki saman jafnað. Hér á landi var tíundargreiðslan miðuð við skuldlausa eign umfram hversdagsföt manna, og fór hún hlutfallslega minnkandi eftir því, sem eignin varð meiri, en greidd skyldi tíundin í vaðmálum.

Svo telja frásögur, að það hafi mátt þakka vinsældum Gizurar biskups Ísleifssonar, að tíundargreiðsla hafi verið lögtekin hér vandræðalaust. Vinsældir biskups er sízt að efa, og þá ekki síður óeigingirni hans, klerkastéttarinnar og kirkjueigenda, því að fjórskipting tíundarinnar hlaut eðlilega að rýra tíundarhlut hvers hinna þriggja venjulegu tíundartaka um 25%, og gat ekki að slíku hafa verið gengið af öðru en umhyggju fyrir fátækum. Það verður því að gera fastlega ráð fyrir öðrum orsökum tíundarsamþykktarinnar en óefuðum vinsældum biskups, því að ef gert væri ráð fyrir, að þær hafi valdið einhverju um samþykkt tíundarlaganna, þá hefðu áhrifum þeirra verið algerlega fullnægt með því að samþykkja þrískipta tíund. Hinu má sennilega gera ráð fyrir, að það sé lagni biskups að þakka, að samþykkt tíundarlaganna hafi farið sæmilega friðsamlega fram. Samþykkt fátækratíundarinnar hlýtur að eiga rót sína að rekja til annarra orsaka, því að þar með voru jafnt klerkar sem mjög voldugir leikmenn að rýra hagsmuni sína innan skorða tíundarlaganna í þágu fátækra manna, en slíkt gera menn naumast af vinsemd við einstakan mann.

Fyrst eftir kristnitökuna hér hafa menn, eins og gefur að skilja, verið allblendnir í trúnni, þar sem mönnum með löggjöf var þröngvað til nýrra trúarbragða, er öllum hefur ekki verið ljúft að taka, enda þótt kristnitakan sjálf beri þess allljósan vott, að hinn heiðni siður hafi þá átt tiltölulega ótraust tök í almenningi. En með nýrri uppvaxandi kynslóð, sem alin var upp af klerkdómi, er hlaut að hafa það sem aðalmarkmið að koma föstum fótum undir hinn nýja sið og skipulag hans, verður að gera ráð fyrir, að sterk trú, ef ekki beinlínis trúar- og vakningaralda, hafi risið. Það var, og er enn, einn aðalþátturinn í siðakenningum kaþólsku kirkjunnar, að trúin sé fányt, nema hún birtist í verkunum, og virkur náunganskærleiki var og er enn talin verkið, er ber trúnni ljósastan vottinn. Slík vakning virðist efalítið hafa átt sér stað þarna, og er ekki annað sjáanlegt, en að hún hafi meira og minna enzt fram yfir daga Guðmundar biskups góða (d. 1237). Bera nöfn manna eins og Sveins Jónssonar, sem kallaður var sveitarbót, og Arons Hjörleifssonar því mjög greinilega vitni, að hér var um sterka trúarhreyfingu að ræða, og athafnir Guðmundar biskups sýndu það ljóslega, að umhyggjan fyrir olnbogabörnum mannlífsins, förumönnum og fátækum lýð, var honum ríkust í huga. Það má því telja miklu sennilegra, að þakka beri þessum trúaráhuga samþykkt tíundarlaganna, en að menn hafi samþykkt þau af einskærri vináttu við Gizur biskup.

Það mátti nú segja, að hagsmunum fátæklinga hér á landi hafi verið allsæmilega borgið með tíundinni, miðað við það, hvernig nútíðaraugum mundi sýnast hafa verið búið að öðrum málefnum ríkisins. En það var mun meira fé, sem lagt var til fátækra, en hún. Er fyrst að telja matgjafir, en þær voru fólgnar í því, að húsbændur urðu að leggja kvöldverð sinn og hjúa sinna á tilteknum dögum, er fasta skyldi, til fátækra, og var þetta meðal annars gert til þess, að húsbændur skyldu ekki ábatast af slíkri föstu. Þá voru fátækrafiskar, Maríufiskar, fátækrahlutir í hvalrekum og ýmislegt fleira, er lagt var til fátækra, svo að mjög sæmilega mætti sýnast hafa verið búið að fátækum, þótt auðvitað komi ekki heim við nútíðarskoðanir um það, hvernig skuli snúast við böli fátæktarinnar. Fjármunum þessum skiptu hreppstjórnarmenn milli fátækra eftir þörfum þeirra, svo að sumir fengu meira, sumir minna. Tillög þessi miðuðu fyrst og fremst að því að hindra það, að menn yrðu ómagar á frændum sínum og síðar á hreppnum og væru þar

með komnir á verðgang, og urðu þau því bæði beint og óbeint til þess að firra frændur og hreppsbúa útgjöldum.

Tíundin hafði aldrei komizt á á Ítalíu og öðrum Suðurlöndum, og komst ekki á fyrr en eftir siðaskiptin. Þar þurfti því að hafa önnur úrræði fyrir fátækum, sem kirkjan alltaf bar fyrir brjóstinu og hér á landi voru nefndir „Guðs fátækir", en á þeim fáu stöðum þar sem fátækratíund var greidd. Úrræðin urðu þau að leggja fast að öllum almenningi og einstaklingum að láta drjúgum af hendi rakna við fátæka, og svo er gert enn, enda má vafalaust rekja tilefni þess mikla förumanna- og betlarasægs, sem fyrir manni verður einmitt í rómönsku löndunum enn þann dag í dag, til þessara eggjana kirkjunnar. Studdi kirkjan þessa viðleitni sína með ríkum aflátsveitingum, sem voru, og eru, mjög eftirsóttar. Gafst fátækum mönnum þar því ríkulegt fé, sumpart í ölmusum til einstakra fátæklinga, sumpart með því, að komið var á fátækrastofnunum eða settir voru stofnar undir fastar greiðslur, sem inntar voru af hendi með föstu millibili og haldast skyldu um aldur og ævi. Róm, sem var og er miðdepill kirkjunnar og því hafði forustuna í þessum sem öðrum efnum, hafði það til á þessum öldum, vegna ókunnugleika á háttum fjarlægari kristinna landa, að miða ráðstafanir sínar fullmikið eða jafnvel einhliða við þarfir sínar og næsta nágrennis síns, svo að fyrirmæli þaðan, sem í sjálfu sér voru fullgóð, áttu oft ekki við alls staðar. Því var það og, að ráðstafanir hennar um þessi efni, sem féllu við allt annað fyrirkomulag fátækramálanna en hér á landi var, áttu hér frekar illa við, þar sem þessum málum var sæmilega borgið hér með tíundargreiðslunni. Þar eð það var Róm, sem hafði forustuna, var samt eftir þessu farið hér, og forvígismenn kirkjunnar lögðu fast að mönnum að leggja fram fé, ekki aðeins í beinum ölmusum, heldur og með því að leggja til stofna undir ævinlegar greiðslur beint og óbeint í þágu Guðs fátækra manna.

Þær ráðstafanir, er forráðamenn íslenzku kirkjunnar gerðu til þess, að menn yrðu við þessum óskum, voru margar, en helzt nokkur lagaákvæði. Fyrst og fremst varð eftirfarandi ákvæði tíundarlaganna: „Það fé þarf eigi til tíundar að telja, er áður er til Guðs þakka lagit, hvort er það er til kirkna lagið eða til brúa eða til sæluskipa, hvort es það fé er í löndum eða lausum aurum", til þess að ýta undir menn í þessu efni, og ekki sízt það, að svo var fyrir mælt í lögum, að menn máttu ánafna eftir sinn dag eins miklu af eignum sínum til slíkra þarfa og menn lysti, án þess að erfingjar gætu átalið það. Langmestu réð þó sjálfsagt trúaráhugi sá, sem þá var ríkjandi manna á meðal hér á landi, um það, að menn brugðust vel undir þetta. Var lagt talsvert fram, og hefur framlag þetta hér á landi verið nefnt *Kristfé*, því að talið var, að það væri góð gjöf til sjálfs Krists — Guðs, sem var eigandi fáækra manna.

Kristfé var lagt til ákaflega margvíslegra og misjafnra þarfa, og sumra sem nútíðinni er ekki ljóst, nema eftir vandlega athugun, að kæmi fátækum mönnum að liði, enda þótt svo væri í samtíðinni. Nú á dögum mundi enginn kalla *brúarbyggingu* eða *ferjuhald* (sáluskipahald) á á eða fljóti vera beinlínis í þágu fátækra manna, enda mundu menn nú telja, að hið opinbera ætti að annast mál eins og þessi, sem nú eru kölluð samgöngumál, og að rekstur þeirra ætti ekki að vera einkafyrirtæki. Eftir þessu skyldi mega ætla, að vegamál hefðu líka verið falin einkaframtakinu á hendur, en svo var ekki, því að með réttarbót Eiríks konungs Magnússonar frá 1294 var bændum gert að skyldu að annast vegalagningar eftir sýslumanna og lögmanna ráði (Jónsbók 1904, bls. 286). Í Jónsbók sjálfri eru að vísu í landsleigubálki, kap. 45, mjög losaraleg ákvæði um vegagerð, en þau eru hersýnilega tekin orðrétt upp úr einhverjum norskum lögum, og það er mjög greinilegt, að þau eiga ekki við hér.

Þá eru *sælubúin* og *Kristbúin* einnig liðir í þessu fátækrahjálparkerfi og lúta að minnsta kosti framan af til samgöngubóta.

Aðaluppistaðan í þessu einkakerfi fátækrahjálparinnar varð þó þegar í upphafi framfærsla fátækra, ýmist á *sælubúunum, Kristfjárbúunum* eða *ómagavistum*.

Skal nú athugað nokkuð eðli og starfshættir Kristfjárins. Það er augljóst, að það hnígur greinilega í tvo flokka, og er þó ein ráðstöfunin, er lendir í báðum flokkunum.

Fyrst eru samgöngubæturnar, þ. e. *brýr, ferjur* og *sælubú* (sálubú) og *Kristbú*. Hagræði vegfarandi manna af brúnum og ferjunum, hvort sem fátækir voru eða ekki, er augljóst, en að það var Guðs þakka verk að koma á brú eða ferju, byggðist ekki á almennu umferðahagræði, heldur af hagræðinu fyrir hina fátæku, fyrir förumennina, göngumennina — flakkarana. Það eru þeir, sem þurfa að komast áfram, þar sem afkoma þeirra veltur á því, að þeir geti gengið af bæ á bæ eftir ráðstöfun hreppstjórnarmanna. Þeir gengu, og er af því orðatiltæki ljóst, að þeir hafa almennt ekki haft reiðskjóta, og fyrir bragðið var þeim fyrirmunað að ríða stórvötnin. Tengslin milli brúa og ferju annars vegar og sælubúa — þau drógu nafn af því, að þau voru gefin fyrir sálu gefanda — og Kristbúa hins vegar, og að þetta voru liðir í einu kerfi, kemur ljóslega fram í elzta Kristfjármáldaga, sem til er — máldaga sælubúsins á Bakka í Borgarfirði, sem síðar var nefndur Ferjubakki, vegna ferjunnar, sem þar var á Hvítá. Í máldaga þessum er ferjan ekki nefnd á nafn, og þó virðist það mjög augljóst, að ferjan hefur verið sett þá, því að annars er efni máldagans lítt skiljanlegt. Sá maður, segir máldaginn, er þar býr, skal ala menn alla þá, er hann hyggur til góðs að alnir sé. Hér er berlega verið að koma upp sæluhúsi til þess að veita þeim, er um fara, beina, og af öðrum sælubúsmáldögum er greinilegt, að ekki hefur átt að ala menn lengur en nótt. Þetta kemur mjög heim við þá skyldu, sem þá og enn í dag hvílir á öllum Benediktsklaustrum, enda þótt kvöðin megi nú heita úrelt og eiginlega þýðingarlaus, og má telja víst, að hugmyndin um gestakvöðina á sælubúunum hér sé lánuð beint úr reglu heilags Benedikts, en Benediktsreglan var einmitt um þessar mundir mjög áhrifarík. — Sælubúin stóðust á við gistihæli þau, sem á miðöldunum voru um alla Evrópu og flest voru rekin af kanokum af Augústínusareglu, og nú eru, vegna þess, að þeirra gerist ekki þörf, horfin hér öll, nema hælið í Stóra Bernhardsskarði í Sviss. En þá vaknar spurningin, hvaðan komu gestir að Bakka, þeir er sérstaklega þurftu aðhlynningar við. Það virðist naumast hafa getað verið nema yfir ána, og hefur ferjan því verið sjálfsögð þarna, enda þótt máldaginn geti hennar ekki. Ekki var lögð nema hálf jörðin til sælubúsins, sem því hefur verið kvöð á jörðinni. Sandhólaferja á Þjórsá var komin á löngu fyrir kristni, og er því ekki von, að hún hafi verið sæluferja; fyrir uppihaldi hennar mun þegar hafa verið séð löngu áður. Máldagi Kotferju á Ölfusá sýnir greinilega, að þar er fátækraferja, því að í máldaga hennar segir, að þar skuli flytja alla menn „óleigis“, en af búpeningi og hrossum megi taka toll, það er að segja, að tollurinn er aðeins lagður á þá, sem efnum eru búnir.

Eftirtakanleg er ferjan á Vaði í Öxarfjarðarhreppi yfir Jökulsá í Axarfirði. Var jörðin Kristfé og stóð ásamt kúgildum sínum undir ferjunni, sem því hefur verið sjálfseignarstofnun. Árið 1402 var ferjan komin í niðurníðslu og jörðin í eyði, og skipar lögmaður því hreppstjórunum í Öxarfirði að byggja jörðina og leggja gjald á hreppsbúa til þess að halda ferjunni uppi. Þetta mun þó ekki hafa komið að neinu haldi, því að jörðin hefur að öllum líkindum aldrei byggzt aftur. En þegar Árni Magnússon gerir jarðabók sína um Þingeyjarsýslu, segir svo: „Ferjubakki. Þessi jörð hefur verið gefin og til flutnings lögð yfir Jökulsá í fyrndinni með því skilyrði, að ábúandi hefði hér jafnan ferju, meðan áin er þíð, og flytti ókeypis fátæka menn alla, sem komi að austan og vestan, en ekki vita nálægir, hver jörðina hefur gefið, en hreppstjórar hér í sveit byggja hana.“ Nú er Ferjubakki næsti bær við eyðijörðina Vað, og er því auðséð, að hann hefur verið lagður til ferju í stað Vaðs, en ógerningur er að vita, hvort það hefur orðið fyrir eða eftir siðaskiptin, og því er jörðin ekki í skránni í viðbætinum talin með Kristfjárjörðum, ekki sízt vegna þess, að ferjan virðist, með hliðsjón af lögmannsskip-

aninni frá 1402, hafa verið komin á hendur hreppsbúum og Ferjubakki undir stjórn hreppsins. Þó kallar Johnsen í jarðatali sínu jörðina vera eign fátækra.

Það kemur mjög glögglega fram í ýmsum máldögum sælubúa og Kristfjárbúa, að í almenningsálitinu hafa þau verið skyndigistihús fyrir fátæka, og að það hafi beinlínis verið skilyrði fyrir því, að þau gætu nefnzt því nafni. Stundum segir nefnilega í máldögum slíkra stofnana: „Þar er ekki gestaskyld," en svo mundi naumast að orði kveðið, nema hugtakið sjálft, sælubú, Kristfjárbú, bindi í sér þá skyldu.

Hinn Kristfjárflokkurinn er *framfærsla ómaga.*

Enda þótt hinn upprunalegi tilgangur sælubúa og Kristfjárbúa væri að vera gistihús fyrir förumenn, sem voru á löglegri göngu sinni milli góðbúanna, var þessari kvöð oft samfara ómagakvöð, og á hinum yngri búum með þessu heiti var eingöngu ómagakvöð, en engin gestaskylda, svo að nafnið á þeim var villandi. En svo fór allfljótlega, að gestaskyldan hvarf þegjandi og hljóðalaust af hinum eiginlegu sælubúum og Kristbúum, svo að þá var hvergi gestaskylda lengur. Verður þetta naumast skýrt á annan veg en þann, að upprunalega hafi bændur verið lítt fúsir til þess að veita förumönnum gistingu og úthýst þeim, svo að brýn þörf til þess að sjá þeim fyrir þessari nauðsyn hafi orðið til þess, að sælubú með gistingu voru reist, en þar var gistingin að sjálfrsögðu ókeypis. Með tímanum, þegar kristnar hugmyndir og siðir voru búin að ryðja sér til rúms, hafa menn svo orðið fúsir til þess að veita Guðs fátækum mönnum gistingu og húsaskjól á ferðum þeirra, og var þörfin fyrir sælubúin þar með horfin, svo að þau gengu í sjálf sig af þeirri ástæðu, rétt eins og þrælahald hér á landi var aldrei numið úr lögum, heldur féll um sjálft sig vegna þess, að þrælahaldsbúskapurinn reyndist óhentugur og óarðvænn.

Jafnhliða þessum stofnunum voru hin almennu Kristfé, og lentu sælubúin og Kristbúin fljótlega í flokki þeirra. Þeim fylgdi alltaf kvöð á Kristfénu um, að af því væri einn eða fleiri ómagar aldir að öllu eða einhverju leyti, og var venjulega til tekið, hvers kyns ómaginn skyldi vera og jafnvel hvernig á sig kominn að því er til vinnugetu tók. Þá var mjög oft tiltekið, hvað eldið skyldi vera mikið. T. d. eru nefndir 6 álna ómagar, þriggja marka ómagar og hundraðs ómagar, eftir því, hve framfærslan skyldi vera dýr, og var stundum svo, að ekki var um eldi í eiginlegum skilningi að ræða, heldur aðeins um eitthvert smávegis tillag til ómagans, án þess að hann dveldist á Kristfénu. Þá var oft tiltekið, hvað ómagarnir skyldu hafa til skæða og klæða auk framfærslunnar, en stundum var það líka til, að alls ekki var um ómagavist að ræða, heldur um beina útborgun á jafnvirði fullrar framfærslu í nánar tilteknum landaurum. Þá var framfærslan oftsinnis aðeins tímabundin á þann veg, að Kristfjárkvöðin féll niður eftir visst árabil, en stundum var hún, þótt ævinleg væri, bundin við vissa tíma ársins, svo sem tímana um stórhátíðir, en aðra tíma ársins var engin kvöð. Stundum var kvöðin aðeins fólgin í því, að á vissum dögum ársins — ártíðardögum látinna manna eða stórhátíðum ársins — var fátækum gefin nyt úr tilteknum skepnufjölda — kúm, ám —, en var að öðru leyti engin. Svo sem sjá má, voru kvaðirnar á Kristfjánum ærið misjafnar.

Af því, sem að framan er greint, er augljóst, að nokkur breyting eða þróun varð á þessum málum fyrst framan af. Hún var aðallega fólgin í því, að upphaflega var fyrst og fremst reynt að sjá fyrir þörfum förumannsins, mannsins, sem þegar var kominn á náðir hreppsins, en síðar var farið að hugsa fyrir þeim, sem ekki voru á hans vegum, með ómagavistunum, sem bersýnilega áttu að forða mönnum frá því að þurfa að lenda á framfærslu hjá hreppnum. Svona var það meðan eigingirnislaus góðvilji — kristilegur kærleiki — réð Kristfjárframlögunum, enda voru þau þá oftast ekki bundin við neina tiltekna ómaga, heldur hvern þann, er þurfandi var og hendi næst. En þegar hin mikla trúarvakning frá lokum 11. til miðrar 13. aldar var dofnuð, eins og slíkar hreyfingar alltaf gera, þá fór að

slæðast nokkur eigingirni inn í góðvild manna á þessu sviði, og nú fór það að verða algengt og fljótt algengast, að Kristfjárframlögin fóru að verða bundin því skilyrði, að ómagar þeir, er á Kristfén voru teknir, væru af ætt þess, er lagði til Kristféð, eða honum á einhvern hátt ávarðir, og var jafnvel smávegis farið að bóla á þessu, áður en hin mikla vakning var sjötnuð. Það mátti því svo heita, að Kristfén á síðustu öldunum fyrir siðaskiptin væru orðin nokkurs konar ævinleg ættingjapróventa fyrir skyldmenni þess manns, er lagði þau fram. Til þess hafa aðallega getað legið tvær orsakir — ættrækni, eða vilji til þess að firra frændur sína, sérstaklega afkomendurna, því, að fátækir ættingjar settust upp á þá. En hvort heldur sem var, er það víst, að hinum upprunalega fagra tilgangi Kristfjárins var algerlega umbylt, þegar að siðaskiptunum rekur.

Það er mjög erfitt að gera fullnægjandi grein fyrir eignarréttinum á Kristfénu og forræði þess. Það er enginn vafi á því, að það var til, að Kristfjárkvöðin ætti sjálf þann stofn, er hún var reist á, og að hún því væri sjálfseignarstofnun, en í skrám þeim, sem fylgja í viðbæti, eru tiltölulega örfá Kristfé, þar sem það er augljóst, að svo hafi verið. Það munu vera slík Kristfé, sem Ólafur biskup Rögnvaldsson kallar al-Kristfé í máldaga sínum (D. I. V., bls. 285). Stofninn undir Kristfjárkvöðinni var oft jörð, en langoftast þó ekki nema jarðarpartur, stundum ekki nema ítak, sem lá til þeirrar jarðar, er kvöðin var í, en hún var nefnd Kristfjárjörð, svo sem slægjuland, reka, upprekstur og þar fram eftir götunum, en stundum var það innstæða, er jörðinni fylgdi, og varð ábúandinn þá að endurnýja hana. Langalgengast sýnist hafa verið, að stofninn undir Kristfjárkvöðinni, Kristféð sjálft, hafi aðeins verið nokkurs konar trygging fyrir kvöðinni, að hún héldist, og að afraksturinn hafi gengið til þess, er kvöðin hvíldi á — venjulega ábúanda jarðarinnar —, og að afraksturinn hafi alltaf staðið ríflega fyrir útgjöldum þeim, er kvöðin bakaði, en hafi þó hér um bil alltaf eftir sem áður verið eign þess, er Kristféð lagði fram. Þetta virðist vera glöggt af því, að þess eru ýmisleg dæmi, að stofninn undir Kristfjárkvöðinni hafi gengið kaupum og sölum. Um 1343 segir t. d. í máldaga Hoffellskirkju í Hornafirði, að hún eigi hálft heimaland jarðarinnar, „utan Páll bóndi á þar ómagavist, er hann keypti af Magnúsi bónda í Skál fyrir 12 hundruð“ (D. I. II., 770). Hoffell er í jarðatali Johnsens talin 37 hdr. að dýrleika, og hafi svo verið á 14. öld, hefur kirkjan átt 12½ hdr. í jörðinni. Þá gefur Gottskálk biskup Nikulásson Hóladómkirkju með testamentisbréfi sínu 1520 jörðina „Hól í Höfðahverfi, 16 hdr., 6 kúgildi. Landskyld fimmtán aurar og *keypt fyrir fulla peninga,* og er þó Kristfé“ (D. I. VIII., 727). Hér er ekki um að villast, að Kristféð á sig ekki sjálft, heldur sá, er lagði það fram eða hafði tekið það að erfðum, og þetta mun hafa verið reglan. Það kemur að vísu fyrir (1529), að talað er um kaupahluta í Kristfjárjörð (D. I. IX., 487), og verður að skilja það svo, að það sé andvirði jarðarinnar að frádegnu Kristfé. Það er eftirtektarvert um þá jörð, er hér er um að ræða, að kaupahlutinn var þá 24 hdr., en í jarðatali Johnsens (1848) er hún talin 24 hdr. að dýrleika. Það er því naumast að efa, að í heild sinni hafa Kristfén ekki verið gjafir, heldur eins og hér er talið tryggingarframlög, nema annað sé beinlínis tekið fram. Það virðist í heild sinni hafa verið svo, að sá er á Kristfjárjörðinni bjó, ráðstafaði ómagavistinni eða öðru, sem á Kristfénu var, en stundum kemur það fyrir, að hreppstjórum sé falið þetta, annaðhvort einum eða með prófasts ráði eða biskups, en öll slík góðgerðasemi lá að sjálfsögðu undir eftirliti biskups. Er það ljóst af því, að gerðir hafa verið sjálfstæðir máldagar fyrir sælubú og Kristfjárbú, og hljóta biskupar því að hafa vísiterað þau.

Enda þótt telja megi það, sem hér er haldið fram um eignarrétt og forræði Kristfjárins, vera líklegast, er ekki óhugsandi, að það hafi að einhverju leyti verið á annan veg. Heimildir um það eru svo óljósar, að ekki er hægt að gera örugglega grein fyrir þessu.

Hlutskipti Kristfjárjarða hefur þegar fyrir siðaskiptin verið margvíslegt. Hefur allmikið af því orðið klaustraeign eða biskupsstóla, og hefur þeim þótt mis-

jafnlega gott að hafa Kristfjárkvaðir í jörðum sínum og reynt að losna við þær, eins og dæmið af jörðum Helgafellsklausturs í Bervík, Hólahólum, Görðum og Þæfusteini (sjá skrána í viðbætinum) sýnir. Þá gátu biskupar haft til að gerast nokkuð djarftækir til Kristfjárins. Því kærðu lögmenn það til konungs 1320, að Auðunn biskup Þorbergsson tæki það af fátækum mönnum sér til ábata, og lagði konungur bann við því (D. I. II., 495—496). Dæmið af jörðinni Björk í Eyjafirði er nokkuð greinargott um það, hver umráð biskupar þóttust hafa yfir Kristfjárjörðum. Var jörðin al-Kristfé, og átti herra Jón Arason hana og seldi hana 1535. Hefur kaupandinn að líkindum ekki viljað kaupa jörðina með Kristfjárkvöðinni, en biskupi verið áhugamál, annaðhvort að losna við jörðina eða að eignast jarðir þær, er á móti voru goldnar, því að hann tók Kristfé úr Björk og setti það niður á Myrká, auðvitað án þess að það rýrnaði (D. I. IX., 747). Það voru þó ekki klerkar einir, sem gerðust nærgöngulir við Kristfé. Árið 1481 kvarta 12 Hólaprestar til erkibiskups yfir leikmönnum og segja: „Eru og gefin að fornu í Hólabiskupsdæmi testamentagjafir í mörgum jörðum, er hér kallast Kristfé, og fátækir menn skuli fæðast upp á, einn eða tveir ævinlega, fyrir þeirra sál, er gefið hafa, og það vilja þeir ekki halda, sem nú eiga jarðirnar, eftir biskupsins skipan“ (D. I. V., 383). Það má því segja, að Kristfé hafi verið milli tveggja elda.

Skrá sú, er hér er látin fylgja í viðbæti um Kristfé fyrir siðaskiptin, er að sjálfsögðu ekki tæmandi, þegar af þeirri ástæðu, að fleiri hafa verið Kristfjárjarðir en heimildir nú sýna. Samt er ekki líklegt, að þær jarðir hafi verið mjög margar. Þá verður að gera ráð fyrir, að ekki hafi náðst til allra þeirra jarða, er heimildir eru fyrir að hafi verið Kristfjárjarðir, á svo ólíklegum stöðum geta þær verið, að þær finnast ekki nema af helberri tilviljun. Þær jarðir geta þó heldur ekki verið margar. Skráin ætti því að gefa nothæfa mynd af tölu Kristfjárjarða hér við siðaskiptin, en hún nær til 108 jarða.

Ef treysta má þessu, þá er skráin eftirtektarverð um fleira en eitt. Er þar fyrst, hve Kristfjárjörðunum er ójafnt skipt á landinu. Frá Vestur-Skaftafellssýslu að Húnavatnssýslu eru Kristfjárjarðir aðeins 42, en í tveim sýslum á því svæði, Strandasýslu og Vestmannaeyjasýslu (sem þá var að vísu partur úr Rangárvallasýslu), voru engar Kristfjárjarðir, en á öllu Norður- og Austurlandi voru 66 Kristfjárjarðir, og þó voru aðeins 2 þeirra í Skagafjarðarsýslu. Má furða sig á því, að ekki teljast fleiri í sjálfu héraðinu, þar sem Hólastóll stóð. Vera má þó, að rökin til þess séu einmitt lega stólsins og það, að Reynistaðaklaustur lá þar líka, og að sú góðgerðasemi, sem þaðan var veitt, hafi fullnægt þörfum héraðsins. Þá er það og eftirtektarvert, að í Múla- og Skaftafellssýslum einum voru 27 Kristfjárjarðir, eða réttur fjórði partur allra þeirra jarða, er skráin tekur yfir. Manni gæti að vísu í fljótu bragði dottið í hug, að þetta stafaði af áhrifum frá klaustrunum í Þykkvabæ og Kirkjubæ, en það fær ekki staðizt, því að allmikið af Kristfjárjörðum eystra var komið til áður en klaustur voru stofnuð þar.

Í viðbætinum er skrá úr máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 um 19 Kristfé norðan Öxnadalsheiðar, og er með því átt við Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur. Segir þar, að Kristfjártalið sé „eftir því, sem sagt er“. Það kemur auðvitað undarlega fyrir, að biskup skuli ekki vita nákvæmlega um Kristfén, en hitt má þykja enn furðulegra, að í þessa skrá vantar fjöldann allan af Kristfjárjörðum í þessum sýslum, sem til voru komnar drjúgum tíma áður en skráin. Er ómögulegt nú að gera sér í hugarlund, hvernig á þessu misræmi stendur.

Áður en skilizt er við Kristfén fyrir siðaskiptin, er rétt að geta tveggja stofnana, sem eru á mótum þess að vera Kristfjárstofnanir. Árið 1308 settu þeir Árni biskup Helgason og Haukur lögmaður Erlendsson „lærðra manna spítal“ í Gaulverjabæ í Flóa (Storm: Islandske Annaler, bls. 149), og var það ætlað til uppeldis uppgjafaprestum. Fara mjög litlar sögur af þessari stofnun, en þó virðist hún að minnsta kosti hafa hjarað 14. öldina út, því að 1345 mælir Jón biskup Sigurðsson svo fyrir í skipan sinni, að „hver prestur leggi til spítals mörk“ (D. I. II.,

792), og 1397 segir svo í máldaga Gaulverjabæjar: „Hefur sira Hrafn tekið 4 merkur í spítalatoll“ (D. I. IV., 58). Eftirtakanlegt er það, að samkvæmt máldaga Gaulverjabæjar 1500 (D. I. VII., 455) eru eignir kirkjunnar svo ótrúlega miklar, að manni verður ósjálfrátt hugsað til prestaspítalans. Það var alltaf nokkur metingur milli syðra og nyrðra biskupsdæmisins, og það leið því ekki á löngu unz nyrðra biskupsdæmið kom sér upp prestaspítala á Kvíabekk í Ólafsfirði. Stofnaði Laurentius biskup Kálfsson hann 1332. Er saga hans sögð svo, að Laurentius „reisti spítala að Kvíabekk í Ólafsfirði prestum öllum til viðurværis, þeim sem þrotna kunnu að elli eður krankleika, og eigi voru embættisfærir. Hann reisti þar sæmilegan búnað, svo að þar skorti engan hlut, og fékk þar til margar jarðir og lambeldi. Hefði sú skipan staðið langan tíma, ef þeirri hefði eigi breytt verið og sú skipan niðurbrotin og brottskutlað búnaðinum og miklu gózi af hans eftirkomanda Hólabiskupi“. (Storm: Islandske Annaler, bls. 270—271). Eftirmaður Laurentiusar var Egill Eyjólfsson, og er þessi raunasaga sögð enn átakanlegri í ævisögu biskups (B. S., Kbh., II., 853—54).

Þá er rétt að athuga, hver aðstaða Kristfjár var að hér gildandi kirkjulögum fyrir siðaskiptin. Árið 1253 var corpus juris canonici — hin almennu kirkjulög — lögtekin á Alþingi. Samkvæmt þeim heitir Kristfé sjálft res religiosa, Kristfjárkvöðin causa pia. Skilyrðið fyrir því, að causa pia væri lögleg, var, að res religiosa nægði til þess að standa undir causa pia (Corpus juris C. 3, 4 X h. t. III, 36). Causa pia laut eftirliti biskups (sama tilvitnun og áður, C. 2 in Clem. h. t. III, 11). Skyldi af fremsta megni reyna að fara eftir fyrirmælum stofnanda (sama tilvitnun í Clem. og áður). Færi svo, að tilgangi Kristfjárins væri þegar náð að fullu, eða hann væri úr sögunni vegna breyttra aðstæðna, þá gat biskup breytt tilganginum í samræmi við tímann (commutatio) eða lagt Kristfé niður. Ef arður Kristfjárins rýrnaði, gat biskup rýrt kvöðina, og færi það með öllu forgörðum, var kvöðin og að fullu úr sögunni (Corpus juris C. 6, 12, X, de reb. ecclesiae alien. III, 13; C. in Extrav. comm. h. t. III, 4).

Það er þegar eftir siðaskiptin ljóst, að Kristfén eru í heild sinni úr sögunni, og virðast Kristfjárjarðirnar hafa runnið til konungs með klaustra- og biskupsstóla-fjám, enda þótt skotizt hafi undan fáeinar þeirra. Brúar- og ferjumál eru nú og komin undan góðvilja manna í hendur hreppstjórum 1573 (Alþingisbækur I., 199). Ólafur Jansen Bagge fógeti á Bessastöðum er því í vandræðum með ómagana og leggur til 1579, að stofnuð séu 4 fátækrahæli, sitt í hverjum landsfjórðungi.

Ber úr þessu fjarska lítið á Kristfé og Kristfjárjörðum, og þær ber sjaldan á góma. Þó bregður þeim fyrir. 1590 kærir síra Stefán Gíslason í Gaulverjabæ yfir því, að búendur í Biskupstungum telji jörð hans, hálft Kolsholt, Kristfjárjörð og vilji setja ómaga á hana, en síra Stefán aftekur, og eru búendurnir dæmdir til að sanna mál sitt (Alþingisbækur II., 162—63). Manni flýgur ósjálfrátt í þessu sambandi í hug, hvort einhverjir hafi ekki orðið til þess að nota siðaskiptin til þess að smeygja sér undan slíkum skyldum.

Árið 1592 fæst bein játning fyrir því, að Kristfjárjarðirnar hafi lent til krúnunnar. Þá fara Oddur biskup Einarsson og 15 prestar fram á, að Kristfjárjarðir þær eða Kristfé, sem fyrrum hafi verið gefin fátækum, „hvar sem þær liggja á milli krúnunnar eða kirknanna jarða“, megi leggjast til fátækra aftur (Alþingisbækur II., 285—286).

Þetta hefur berlega engan árangur borið, því að 1601 spyrzt Oddur biskup Einarsson fyrir um það á Alþingi, hvernig biskuparnir eigi að fullnægja skyldum sínum gagnvart fátækum samkvæmt ordinantiunni, og leggur síðan til, að „ómagar séu hafðir á kirkjum, þar sem ómagavistir eru skipaðar og á öðrum Kristfjárjörðum“ (Alþingisbækur III., 227). Sennilega hefur biskup stöðugt verið að nudda um þetta og þreytt með því konungsvaldið, því að 1619 snýr konungurinn málinu á hendur biskupi í bréfi til höfuðsmanns, þar sem hann segist hafa heyrt, að til

séu á Íslandi jarðir, sem fátækir eiga og kallast Kristfjárjarðir, og hafi Oddur biskup dregið þær undir sig. Skuli höfuðsmaður sjá um, að fátækir séu ekki sviptir því, sem þeim ber. Biskup ber þetta auðvitað af sér á þingi 1619. Sést þá, að Kristfjárjarðirnar eru Arneiðarstaðir, Fossvöllur, Ketilsstaðir, Kóreksstaðir og Þórarinsstaðir í Múlasýslu, og hafi alltaf sömu menn mátt búa á þessum jörðum meðan þeir vildu, og hafi ómagar verið á þeim sem að fornu. Leiðir hann 4 lögréttumenn úr Múlaþingi sem vitni að þessu (Alþingisbækur IV. 502—503), og á næsta þingi, 1620, vottar Andrés Hansson fógeti á Bessastöðum, að biskupar og prófastar hafi alltaf haft umsjón með þessum Kristfjárjörðum með hreppstjóraráði (Alþingisbækur V., 36). Fór og svo, að úrskurðað var, að jarðirnar skyldu byggjast á sama hátt og áður. (Sama stað, bls. 39).

Árið 1636 spyr Pros Mundt biskupana, hvernig höndlað sé með Kristfjárjarðirnar (Alþingisbækur V., 427), en 1639 krefur hann þá um jarðabækur yfir þær (Sama stað, 562), og síðar á sama þingi skipar hann, að allar Kristfjárjarðir skuli leggjast til Viðeyjarspítala (Sama stað, 563).

Árið 1652 skipar konungur höfuðsmanni að skyggnast eftir Kristfjárjörðum þeim, sem fátækir eigi, svo að meðhöndla megi þær eftir tilskipuninni frá 1619 (Lovsaml. for Island I., 244).

Nú líður svo heil öld, að ekki er minnzt á Kristfjárjarðirnar, en þá er með konungsbréfi 1766 skipað svo fyrir, að ekkjur Valþjófsstaðapresta skuli hafa aðsetur á Kristfjárjörðinni Arneiðarstöðum og annast ómagann, en þegar engin ekkja sé, skuli ómaginn alast á Valþjófsstað (Lovsaml. III., 535).

Loks ritar Kansellíið stiftamtmönnum og amtmönnum 1826 og heimtar skýrslu um Kristfjárjarðir, án þess að vitað verði, hvert tilefnið hafi verið.

Árið 1859 var Alþingi send sérstök bænarskrá frá Þinghöfðafundi í Norður-Múlasýslu, varðandi Kristfjárjarðir. Alþingi fjallaði nokkuð um málið (Alþt. 1859, I., 173—179, 508—524 og 697—699) og sendi síðan konungi bænarskrá um betri afnot Kristfjárjarða (Alþt. 1859, I., 924—6), þar sem þess var beiðzt, að ómagahald á Kristfjárjörðum yrði aftekið, en að afgjald þeirra væri látið renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð, þess og beiðzt, að umsjón jarða þessara yrði falin hlutaðeigandi sveitarfélögum. Í bænarskránni segir svo m. a. varðandi framtíðarskipan Kristfjárjarða (Alþt. 1859, I., 924—5):

„Að vísu viðurkennir þingið, eins og af sumum þingmönnum var tekið fram, að alla varúð bæri við að hafa, þegar talað er um að breyta meðferð og afnotum þvílíkra gjafa ad usus pios et publicos, og að tilgángur gjafarinnar sé helgur og órjúfanlegur. En aptur verður þingið að álíta, að full heimild sé til þeirrar breytingar, sem grundvölluð sé á breyttu ásigkomulagi tímanna, og haldi fast því sama augnamiði, sem gjafararnir megi álítast að hafa haft, og stuðli til þess, að tilgángi þeirra verði sem fullkomlegast framgeingt, eða að gjafir þeirra gjöri sem mest gagn í sömu stefnu og þeir til ætluðust."

Bænarskráin virðist ekki hafa borið neinn árangur, sbr. Alþt. 1865, II., 353, I., 505—506.

Hið síðasta, sem gerðist, er máli skiptir, að því er Kristfjárjarðir snertir, er ekki með öllu óskemmtilegt. Árið 1873 stefna hreppstjórar í Helgastaðahreppi samkvæmt skipun amtsins sóknarprestinum á Grenjaðarstöðum, síra Magnúsi Jónssyni, til þess að ala 3 marka ómaga eða greiða hreppnum 144 álnir árlega samkvæmt verðlagsskrá. Það er rétt (sbr. skrá í viðbæti), að þessi Kristfjárkvöð hvíldi að fornu á staðnum, og undir henni stóð Geitafell, en hvorugur getur neinnar Kristfjárkvaðar á staðnum, Árni Magnússon í jarðabók sinni eða Johnsen í jarðatali sínu. Var prestur því sýknaður í undirrétti, en árið 1874 var málið dæmt í landsyfirrétti og féll á prest, og var honum gert að greiða 144 álnir á ári til hreppsins eða ala ómagann. Var það gert með þeim rökum, að Geitafell væri nú partur úr Grenjaðarstaðajörðu og nýtt af presti, og hlyti kvöðin því að vera við líði. Loks var málið dæmt í hæstarétti 1878 og landsyfirréttardómurinn staðfestur, en ekki

með rökum landsyfirréttarins, heldur þeim, að fyrirfarandi prestar á staðnum hefðu í framkvæmdinni viðurkennt ómagaskylduna (Landsyfir- og hæstaréttardómar I., Rvík 1882, bls. 262—271).

Hvort dómur þessi hafi almennt gildi skal látið ósagt, en hitt er víst, að til Kristfjánna var ekki stofnað til þess að létta byrðum af hreppunum.

Þegar litið er yfir skrána í viðbætinum um afdrif þeirra Kristfjárjarða, sem kunnugt er að verið hafi Kristfjárjarðir fyrir siðaskiptin, eins og þau birtast í jarðabók Árna Magnússonar og jarðatali Johnsens, kemur í ljós, að einar 9 þeirra, af 108, eru við líði með nafninu Kristfjárjarðir enn í dag, og nefnir Árni Magnússon einar 4 þeirra, Johnsen hinar 5 og eru þá hjáleigur og nýbýli úr jörðum þessum ekki talin með. Verður því ekki annað sagt, en að Kristfjárjarðir eins og þær voru áður fyrr séu með öllu úr sögunni. Þær hinna fornu Kristfjárjarða, sem enn eru við líði með því nafni, hafa haldizt aðeins af einhverri óskiljanlegri tilviljun. Aðrar Kristfjárjarðir, sem nú eru kallaðar því nafni, eru allar komnar til eftir siðaskiptin.

Í heild sinni hafa jarðir þessar á síðari árum alls ekki verið hagnýttar til þeirra þarfa, sem Kristfjárjarðir stóðu undir.

Um jörðina Kolsholt vísast til þess, sem sagt er að framan.

Í viðbæti fylgir afskrift af skrá yfir Kristfjárjarðir í Skálholtsstifti á dögum Gísla biskups Jónssonar.

VIÐBÆTIR

I.

Skrá um Kristfé í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum 1461 samkvæmt máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar.

Svo mörg eru Kristfé fyrir norðan Yxnadalsheiði, eftir því sagt er:
In primis á Tjörn (í Svarfaðardal),
í Fagraskógi (á Árskógarströnd),
í Kleif (í Arnarneshreppi),
í Teigi (í Hrafnagilsþingum),
í Kristnesi,
á Grund (í Eyjafirði) 2 Kristfé,
á Möðrufelli,
í Saurbæ (í Eyjafirði),
Björk (í Eyjafirði) al-Kristfé,
í Þórustöðum (í Kaupangssveit),
í Fagrabæ (í Höfðahverfi),
í Uppsölum (í Eyjafirði),
Hóll (í Helgastaðaþingum) al-Kristfé,
í Presthvammi,
á Grenjaðarstöðum,
á Bakka á Tjörnesi,
á Grænavatni (við Mývatn) og Kroppi (í Eyjafirði) 15 hundruð,
á Auðbrekku (í Hörgárdal) Kristfé 15 hundruð.

(D. I. V., 285—286).

II.

Skrá um Kristfjárjarðir í Skálholtsstifti á dögum Gísla biskups Jónssonar, rituð 1639 (Lbs. 492, 4to, bl. 89 a — 95 a).

Kristfjárjarðir í Austfirðingafjórðungi.

Kristfjárjörðin *Ketilstaðir* í Kirkjubæjarþinghá, er 12 hundruð að dýrleika. Hún á 2 kýr. Þar skal vera ómagi af sveitinni, sem hreppstjórar vilja.

Kristfjárjörðin á *Fossvöllum* á 2 kýr og 7 ær. Landgildi hundrað. Þar skal vera sá fátækur maður af sveitinni, sem hreppstjórar vilja.

Kristfjárjörðin á *Kóreksstöðum* á 4 kúgildi og reka 4 hundruð faðma.

Kristfjárjörðin á *Arneiðarstöðum* á 2 kúgildi og naut fjögra vetra fyrir 1 hundrað, item 5 sauði gamla og hrosskapal.

Kristfjárjörðin *Sómastaðir.*

Kristfjárjörðin *Þórarinsstaðir* er 6 hundruð. Hún á góðan reka.

Kristfjárjörðin á *Búlandsnesi* (eða Búlandshöfða).

Kristbúið á *Keldugnúpi.*

Kristfjárjörðin á *Breiðabólstað;* fylgir Geirlandsheiður með merkjum 5-tigi og 3 hundruð fjöru meðal Þykkvabæinga fjöru og Hauksdæla.

Þessar jarðir léntar fátækum prestum í Sunnlendingafjórðungi og Skálholti.

Fellsmúli, þar með 8 kúgildi. Leiga 2 hundruð.

Villingaholt, þar með 6 kúgildi, hestur og þrevett hross. Leiga hundrað.

Guttormshagi, þar með 6 kúgildi, leiga 7 ærgildi.

Arnarbæli, þar með 6 kýr og 1 ásauðarkúgildi.

Þessar jarðir:

Eigilsstaðir, leiga hdr.

Bulkhús, leiga 5 ærgildi.

Ósgerði, leiga 4 ærgildi.

Og hefur kóngurinn leiguna, því hann á 10 hdr. í jörðunni.

Fastagóz 70.

Krísuvík, 6 kýr, 5 ásauðarkúgildi, 2 hestar og ein hestamóðir. Leiga 2 hdr.

Nýibær, leiga 4 ærgildi.

Útskálar. Kirkjan þar á 11 kúgildi og skip.

Registur upp á Kristfjárjarðir í Skálholts stipti.

Þessar liggja fyrir austan í Múlasýslu: *Ketilsstaðir, Arnheiðarstaðir, Þórarinsstaðir, Fossvöllur, Kóreksstaðir, Sómastaðir.*

Búlandsnes, sem til forna hefur verið kallað Búlandshöfði.

Og hafa Skálholts biskupar og prófastar Múlasýslu alltíð haft ráð og umsjón yfir þeim jörðum og byggt þær með hreppstjóranna ráði og samþykki eftir gömlum siðvana, utan sá prestur, sem hélt Hólmastað í Reyðarfirði hefur í margt ár haft ráð yfir sömu stöðum.

Þessar Kristfjárjarðir liggja í Síðusýslu:

Keldugnúpur og *Breiðabólstaður,* og hefur héraðsprófasturinn í sömu sýslu ráð yfir Keldugnúpi, en klausturhaldararnir vita, hver ráð hefur yfir Breiðabólstað. (Minn (þ. e. Gísla biskups Oddssonar) sálugi herra faðir, Oddur Einarsson, hefur aldrei haft þar með.

Sú Kristfjárjörð *Ferjubakki* liggur fyrir vestan í Borgarfjarðarsýslu; hún er lént þeim presti, er þar býr.

Hestfjörð á Vestfjörðum hefur presturinn í Vatnsfirði haft ráð yfir til forna, en nú hefur hann þar ekki með, heldur bændur og hreppstjórar í Seyðisfirði, svo mér er ekki annað vitanlegt.

Enn er ein hálf Kristfjárjörð liggjandi í Árnessýslu, 18 eða 20 (hdr.) að dýrleika, að nafni *Kolsholt.* Þar á alltíð að vera ómagi úr Biskupstungum, einn eftir annan, og svo er enn. En hver sem jörðina á á móts við, ræður alltíð byggingu eftir gömlum kaupbréfum.

Máldagar sömu Kristfjárjarða eftir visitatíubók sál. herra Gísla Jónssonar.

Kristbúið að *Keldunúpi* á selsetur í Seltungur, en hálfan mánuð í Hörgsland.

Kristfjárjörðunni á *Breiðabólstað* fylgir Geirlandsheiður með merkjum, 24 hdr. fjöru meðal Þykkvabæinga fjöru og Hörgsdæla. Skógarteigar 5 í Súlufelli og 3 í Fljótsdalnum vestra. Þaðan er afrétt í Lambatungur og á millum á. Fiskveiðar í Hörgsá upp til merkjagarðs og útí ós fyrir Breiðabólstað.

Kristbúið á *Fossvöllum* á 4 kúgildi, 2 kýr og 7 ær, er jörðin 7 hdr. — landskyld 1 hdr. Sá guðstakamaður, sem hreppstjórar vilja af sveitinni.

Kristfjárjörðin að *Arneiðarstöðum* á 2 kúgildi og naut fjögurra vetra gamalt fyrir hundrað, 5 sauðir geldir 1 hundrað. Item klukka og bjalla og hrosskapall, 10, skjólnakerald og pottur 1 hundrað.

Kristfjárjörðin *Þórarinsstaðir* 6 hdr. á reka góðan.

Kristfjárjörðin á *Kóreksstöðum* á 6 kúgildi og 4 hundruð faðma reka.

Kristfjárjörðin *Ketilsstaðir* í Kirkjubæjarþinghá, 7 hdr. að dýrleika. Item 2 kýr landgildið. Ómagi af sveitinni, sem hreppstjórar vilja. Þessi Skálholtsreki er fyrir þessari jörðu frá innri Bjarglaug og svo langt austur sem akhlíð er á milli Harðs og Bjarneyjar.

Kristfjárjörðin að *Búlandshöfða.*

Kristfjárjörðin *Sómastaðir.*

Kristfjárjörðin að *Ferjubakka.*

Kristfjárjörðin að *Hestfirði* á Vestfjörðum.

(Prentað í D. I. XV., bls. 707—8).

Þetta vona ég enn nú haldist, svo og ekki veit ég annað fyrr en þar um verður betur rannsakað.

Ekki fannst hér meira um Kristfjárjarðir í fyrrnefndum Skálholtskirkju máldagabókum, og ekki veit ég annað en ómagarnir séu haldnir í hverjum stað á þeim jörðum, sem biskuparnir hafa haft umsjón yfir, eftir því sem það verður gjört og máldagarnir uppá hljóða.

III.

Skrá um Kristfé (Kristfjárjarðir), sem kunnug eru fram til siðaskipta (1550), og kvaðir á þeim.

Skammstafanir: óm., ómagi; ómv., ómagavist; kg. óm., karlgildur ómagi; kvg. óm., kvengildur ómagi.

Gullbringusýsla.

Nes, Grindavíkurhr. eða Melaborg (Melaberg), Miðneshr. } 1445 ómv. (D. I. IV., 666).

Kirkjuból, Miðneshr., 1397, 1477, ef ekki djákn kvg. óm. (D. I. IV., 104; VI., 126).

Bessastaðir, Bessastaðahr., 1352, kvg. óm. (D. I. III., 69).

Kjósarsýsla.

Saurbær, Kjalarneshr., 1220, 1315, 1379, 1397, brú á Blikadalsá, eða kvg. óm. (D. I. I., 402; III., 32, 342; IV., 115; IX., 17).

Þerney, Kjalarneshr., 1269, kvg. óm. um langaföstu og páskaviku (D. I. II., 64).

Borgarfjarðarsýsla.

Saurbær, Strandarhr., 1180, kg. og kvg. óm. og þurfamenn jafnmargir heimamönnum aldir á stórhátíðum (D. I. I., 265).

Melar, Leirár- og Melahr., 1181, 1220, 1397, kvg. óm. (D. I. I., 272, 419; IV., 193).

Reykholt, Reykholtsdalshr., 1206, 1224, kvg. óm., sem Háfsland í Hálsasveit, er Reykholtsbóndi heldur, stendur undir (D. I. I., 350, 471).
Húsafell, Hálsahr., 1170, 1397, kvg. óm. (D. I. I., 218; IV., 123).

Mýrasýsla.

Bakki (Ferjubakki), Borgarhr., 1100, sælubú (sálubú), er skyldi ala gangandi menn, ásamt ferju, og stóð hálf jörðin undir sælubúinu (D. I. I., 169).
Staðarhraun, Hraunhr., 1120, prestur, djákn og kvg. óm., en fengist djákn ekki, kæmi kg. óm. í hans stað; sælubú, er skyldi ala hvern mann gangandi eina nótt (D. I. I., 174); 1185 getur hvorki ómaga- né sælubúskvaðar, heldur kvaðar til þess að halda brú á Hítará og Grjótá (D. I. I., 279).
Hítardalur, Hraunhr., 1375, 2 ómv., og skyldi önnur gjaldast út eða sitjast (D. I. III., 303—4).
Stafholt, Stafholtstungnahr., 1140, 2 kvg. óm. (D. I. I., 180).
Krossnes, Álftaneshr. } , 1500, ómv. (D. I. VII., 473—74).
Geldingaeyjar, Álftaneshr. }

Hnappadalssýsla.

Hítarnes, Kolbeinsstaðahr., um 1181, 2 kvg. óm. (D. I. I., 273).
Kolbeinsstaðir, Kolbeinsstaðahr., um 1181, kvg. óm. (D. I., I., 275), fyrir 1300 bætist við kvg. óm. og skylda til að gefa fátækum 12 álnir tvisvar á ári og mjólk undan einni kú hvern laugardag í annað mál (D. I. IV., 181).
Miklaholt, Miklaholtshr., um 1181, 2 kvg. óm. (D. I. I., 273).

Snæfellsnessýsla.

Hólar (Hólahólar), Breiðavíkurhr., 1371, ómv. aftekin þetta ár (D. I. III., 201; VI., 16, 26). Jörðin nú í eyði.[1])
Garðar, Breiðavíkurhr., 1371, ómv. aftekin það ár (D. I. III., 201; VI., 16, 26). Jörðin nú í eyði.[1])
Þæfusteinn, Neshr., 1371, ómv. aftekin það ár (D. I. III., 201; VI., 16, 26).[1])
Ókunn jörð í Bervík, 1371, ómv. aftekin það ár (D. I. VI., 26).[1])
Hraunsfjörður, Helgafellshr., 1362, ómv. (D. I. III., 182).
Hofstaðir, Helgafellshr., 1378, kvg. óm. (D. I. III., 327).

Dalasýsla.

Staðarhóll, Saurbæjarhr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).
Vatnshorn, Haukadalshr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).
Galtardalstunga (Stóra-Tunga), 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Barðastrandarsýsla.

Garpsdalur, Geiradalshr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).
Reykhólar, Reykhólahr., 1274, 1397, kvg. óm. (D. I. II., 53; IV., 153).
Flatey, Flateyjarhr., 1430, kvg. óm. (D. I. IV., 406).

Ísafjarðarsýsla.

Hestfjörður, Súðavíkurhr., um 1570, kölluð Kristfjárjörð, en ókunnugt er, hvernig kvöðinni var varið (D. I. XV., 569).
Vatnsfjörður, Reykjarfjarðarhr., 1433, ómv. um 15 ár, eða forlagseyririnn greiðist fátækum (D. I. IV., 529—30).

---

1) Kona nokkur hafði gefið Helgafellsklaustri þessar 4 jarðir í próventu sína og lagt á þær ómagakvöð, en tók hana síðan af með samningi við ábótann og væntanlega að ósk hans. Aðeins 3 jarðanna eru kunnar með nafni.

Húnavatnssýsla.

Þingeyraklaustur, Sveinsstaðahr., 1525, Kristfé, sem Karl auðgi gaf að upphæð 9 hdr., er standa í Hvammi í Vatnsdal. Ókunnugt er, hverjar kvaðirnar voru (D. I. IX., 315).

Hvammur, Áshr., 1300, Kristfé, sem Karl auðgi gaf, og er kvaðanna ekki getið, en féð var alls 60 hdr., og stóðu undir því 5 hdr. í rekum á Vatnsnesi og Harðbeituhólmur 10 hdr., svo og eftirfarandi jarðir og jarðarpartar:

Flaga, Áshr., öll jörðin, 30 hdr.,

Brekka, Sveinsstaðahr., úr henni 15 hdr.,

Bergstaðir, Vindhælishr., ⅙ úr fjórðungi jarðarinnar,

Illugastaðir, Kirkjuhvammshr., ⅓ úr allri jörðinni, og

Vík, Áshr.(?), ⅙ úr þriðjungi hennar. Er þetta allt mun meira en 60 hdr., sem greinir í upphafi, líklega um 12 hdr., hvernig sem á stendur. Ókunnugt er, hverjar kvaðirnar á jörðunum voru. Óvíst er, hvað jörðin Vík muni vera, og er hún sjálfsagt nú í eyði (D. I. II., 330).

Undirfell, Áshr., 1318, 1360, 1394, 1461, ómv. (D. I. II., 478; III., 163, 541; V., 334).

Vesturhópshólar, Þverárhr., 1429, ómagaprestur (D. I. IV., 382).

Höskuldsstaðir, Vindhælishr., 1394, skal lúka 1½ hdr. í Kristfé, og stendur Hóll í Vindhælishr. undir því (D. I. III., 533, sbr. 539).

Spákonufell, Vindhælishr., 1318, 1394, kvg. óm. frá Þorláksmessu og fram yfir jól, frá pálmadegi, unz páskaviku lýkur og frá hvítadögum (hvítasunnu), unz liður sú vika (D. I. II., 469—70; III., 552).

Mársstaðir, Sveinsstaðahr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Ásgeirsá, Þorkelshólshr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Skagafjarðarsýsla.

Sjávarborg, Skarðshr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Ásgarðsbrekka (Ásgeirsbrekka), Viðvíkurhr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Eyjafjarðarsýsla.

Kvíabekkur, Ólafsfjarðarhr., 1461, prestur og 2 ölmusuprestar, eða 3 ölmusuprestar og þá djákn (D. I. V., 257). Hin háa ölmusuprestatala gæti verið leifar prestaspítalans, er þar var.

Grund, Svarfaðardalshr., 1386, kg. óm., en undir honum standa 8 ásauðarkúgildi og 8 kýr (D. I. III., 392).

Tjörn, Svarfaðardalshr., 1318, kirkjan á hálft land jarðarinnar með Kristfé því, er í henni stendur. 1394, 1461 er Kristfé í öllu landinu, og lúkast af 2 hdr. í slátrum og hafnarvoð (þ. e. voð í yfirhöfn) (D. I. III., 514; V., 258, 285). 1520 er kirkjan búin að eignast allt land jarðarinnar, og er Kristfé í því öllu. — 1318, 1394, 1461 er kirkjunni skylt að halda brú á læk og árferju (D. I. II., 457; III., 514; V., 258). Að öðru leyti eru kvaðirnar ókunnar, en ólíklegt, að þær hafi ekki verið meiri en brúin og ferjan.

Fagriskógur, Arnarnesshr., 1461, Kristfé í jörðinni, en kvaðir ókunnar (D. I. V., 285).

Kleif, Arnarneshr., 1461, Kristfé í jörðinni, en kvaðir ókunnar (D. I. V., 285).

Auðbrekka, Skriðuhr., 1461, Kristfé í jörðinni, en kvaðir ókunnar (D. I. V., 285).

Myrká, Skriðuhr., 1535, Kristfé, er verið hafði í Björk í Saurbæjarhr., var flutt þaðan í Myrká, en kvaðir eru ókunnar (D. I. IX., 747).

Lögmannshlíð, Glæsibæjarhr., 1430, ómv. (D I. IV., 406).

Laugaland ið syðra, Glæsibæjarhr., 1318; í jörðinni, sem var eign Munkaþverárklausturs, var Kristfé, 2 hdr., og skyldu gjaldast af 2 vættir smjörs. Eðli kvaðarinnar ókunnugt (D. I. II., 485).

Kristnes, Glæsibæjarhr., 1393, 1461, 1473, 1532, kvg. óm. (D. I. III., 486; V. 225, 285; IX., 612; XII., 54).

Grund, Hrafnagilshr., 1395, kvg. óm. (D. I. III., 605, 623) og 1461 voru þar 2 Kristfé (D. I. V., 285). Verður það ekki skilið á annan veg en að bætzt hafi við ný kvöð, líklega annar ómagi.

Teigur, Hrafnagilshr., 1434, 1461, Kristfjáróm. (D. I. IV., 537; V., 285).

Kroppur, Hrafnagilshr., 1461, Kristfé í jörðinni 15 hdr. (D. I. V., 285).

Saurbær, Saurbæjarhr., 1394, 1461, Kristfjáróm. og standa undir 15 hdr. í heimalandi jarðarinnar (D. I. III., 525; V., 311, 285).

Möðruvellir, Saurbæjarhr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Björk, Saurbæjarhr., 1461, Kristfé í jörðinni, en eðli kvaðarinnar ókunnugt. Er jörðin talin al-Kristfé, sem mun merkja, að öll jörðin standi undir kvöðinni (D. I. V., 285). 1535 er Jón biskup Arason eigandi jarðarinnar og selur hana, en færir Kristféð í henni í jörðina Myrká í Skriðuhr. (D. I. IX., 747).

Núpufell, Saurbæjarhr., 1318; jörðinni fylgir kúgildi í Kristfé (D. I. II., 450).

Uppsalir, Öngulsstaðahr., 1461 eru þar 2 Kristfé, er merkir, að kvaðirnar séu tvær, ómagar eða annað (D. I. V., 286). 1467 er hálf jörðin gefin Munkaþverárklaustri með því skilyrði, að þar sé ómagi, og hefur það þá verið þriðja kvöðin (D. I. V., 471).

Þórustaðir, Öngulsstaðahr., 1461, Kristfé í jörðinni, en kvöðin ókunnug (D. I. V., 285).

Þingeyjarsýsla.

Hóll, Grýtubakkahr., 1429 veitir Jón Vilhjálmsson biskup Eiríki Upplending jörðina, og skyldi hann hafa þetta Kristfé sér og sínum til framfæris. Hefur jörðin eftir því öll verið Kristfé (D. I. IV., 391). 1486 er jörðin kölluð al-Kristfé (D. I. V., 286), og 1520 ánafnar Gottskálk biskup Nikulásson hana Hóladómkirkju, segir hana 15 hdr. að dýrleika með 5 kúgildum, en landskuld 15 aura, og hafi hann jörðina „keypt fyrir fulla peninga, og er þó Kristfé“ (D. I. VII., 727). Eðli kvaðarinnar er ókunnugt.

Fagribær, Grýtubakkahr., 1461, Kristfé, en kvöð ókunnug (D. I. V., 286).

Grænavatn, Skútustaðahr., 1461, Kristfé í jörðinni 15 hdr. (D. I. V., 286), 1561 er Kristféð talið 3 hdr. (D. I. XIII., 595), en 1562 6 hdr. (D. I. XIII., 709).

Grenjaðarstaðir, Aðaldælahr., 1318; skyldi þar vera einn veizlumaður kvengildur, en við er hnýtt ákvæði um það, að Aðaldælir skyldu hafa kvg. óm. óslitið um jól, en Reykdælingar um langaföstu, án þess að séð verði, hvernig það gæti verið Kristfjárkvöð á Grenjaðarstöðum (D. I. II., 433). 1394 eru kvaðirnar hinar sömu og fyrr, svo og ákvæðin um skyldur Aðaldæla og Reykhverfinga, en ómaginn er nú kallaður 3 marka ómagi, og Geitafell í Aðaldælahr. sagt standa undir honum, en þar hafði, auk kvengilda ómagans á Grenjaðarstöðum 1318, verið 3 marka ómagi (sjá Geitafell). Sýnist því hinn upprunalegi óm. á staðnum hafa fallið niður (D. I. III., 582). 1461 eru ákvæðin hin sömu og 1394 (D. I. V., 282—83, 286). — Hinn 25. jan. 1878 var sóknarpresturinn á Grenjaðarstöðum í hæstarétti dæmdur til þess að ala 3 marka ómaga eða gjalda þáverandi Helgastaðahreppi 144 álnir á ári. Var það staðfesting á landsyfirréttardómi 1. júní 1874, en með allt öðrum forsendum. Í undirrétti hafði prestur verið sýknaður (Landsyfirréttar- og hæstaréttardómar I., Rvík 1882, bls. 262—271).

Geitafell, Aðaldælahr., 1318 skyldi landseti ala 3 marka ómaga (D. I. III., 433), en 1394 er óm. þar fallinn burt og Geitafell látið standa undir sams konar kvöð á Grenjaðarstöðum, en þá var kvöð, er var þar fyrir, felld niður (D. I. III., 582).

Presthvammur, Aðaldælahr., 1461, 1463 er þar óm., er undir stendur hálf jörðin (D. I. V., 286, 392, 397), en 1493 eru báðar hálflendurnar seldar Ólafi biskupi Rögnvaldssyni „fyrir 15 hdr. með Kristfé“ (D. I. VII., 197), og verður að skilja það svo, að þetta sé verð allrar jarðarinnar, og að Kristféð því hafi verið 7½ hdr. Hefur

jörðin eftir þetta gengið kaupum og sölum, en 1529 var hún seld Jóni biskupi Arasyni og sagt til Kristfjár í henni, en kaupahluti talinn 4 hdr. og 20 álnir (D. I. IX., 488). Verður þetta naumast skilið á annan veg en að Kristféð hafi numið 15 hdr. að frádregnum 4 hdr. og 2 álnum, sem er 10 hdr. og 100 álnir. 1535 lagði Jón biskup Arason Grenjaðarstaðakirkju þann hluta Presthvamms, er umfram var Kristféð (D. I. IX., 735).

Garður, Keldunesshr., 1394, 1461 kvg. óm. (D. I. III., 585; V., 275). Síðari staðurinn talar um ómagavistir, en það mun vera misritun.

Vað, Öxarfjarðarhr., 1402 var það Kristfé, er stóð undir ferju, er var á Jökulsá í Axarfirði, og fylgdu henni Kristfjárkúgildi í sama augnamiða (D. I. III., 675). Jörðin er nú tekin af.

Grímsstaðir, Fjallahr., 1367, Kristfé 15 ær, 1 kýr og hross (D. I. III., 232).

Múlasýslur.

Fossvöllur, Hlíðarhr., 1367 í Oddgeirsmáldögum hefur jörðin máldaga sér, og fylgja henni þá 7 kýr og 12 ær (D. I. III., 232). Eins er í Vilkinsmáldaga 1397, en þá fylgja henni aðeins 7 ær og 1 kýr (D. I. IV., 220). Kvaðirnar eru ókunnar.

Kirkjubær, Tunguhr., 1397, kvg. óm. (D. I. IV., 219).

Ás, Fellnahr., 1397; þar skyldi fæða fátækan mann frá pálmadegi fram yfir páskaviku (D. I. IV., 213).

Bessastaðir, Fljótsdalshr., 1203, þar skyldi vera hundrað (þ. e. 120) álna óm., og mátti bóndinn, ef hann vildi, greiða ómaganum álnirnar í vaðmálum, mat eða skæðum, ef hann vildi ekki hafa hann á heimilinu, en væri hann ókominn í dvölina á réttum tíma, skyldi greiða fátækum álnirnar eða láta syngja hundrað (þ. e. 120) sálumessur (D. I. I., 342). 1397 virðist ómagakvöðinni hafa verið snúið upp í nokkurs konar sælubú, því að nú skyldi þar veita öllum fátækum mönnum hús hvert laugardagskvöld og fyrir postulamessur og allar stærri hátíðir (D. I. IV., 212). 1500 virðist sálubúskvöðin vera horfin, en búið að vekja upp hundrað álna ómagann aftur (D. I. VII., 446). Í visitatíu Brynjólfs biskups Sveinssonar er jörðin talin eign Skriðuklausturs, og er hundrað álna ómaginn orðinn að því, að það skuli „forsorgast heima á klaustrinu 8 ærgilda ómagi“ (D. I. I., 341).

Valþjófsstaður, Fljótsdalshr., 1397, 1471, þriggja marka ómagi (D. I. IV., 210; V., 633).

Arneiðarstaðir, Fljótsdalshr., 1541 byggði Gizur biskup Einarsson Jóni smásveiti Jónssyni jörðina, sem er Kristfjárjörð, fyrir 10 aura, en ómaginn skyldi hafa hundrað (D. I. X., 690). Á hreppstjórnarþingi á Bessastöðum 1544 kvaðst Jón þessi hafa lofað Gizuri leigu af Arneiðarstöðum, en hreppstjórum leizt á annan veg og skipuðu með löglegum samtalsgerningi, að Guðs ölmusur skyldi inntakast og framfærast á leigunni (D. I. XII., 96).

Ketilsstaðir, Hjaltastaðahr., 1367 fylgja Kristfjárjörðinni 12 ær og 3 kýr, og þar á að vera 3 marka ómagi, og eins er 1397 (D. I. III., 232; IV., 220). 1430 bætist við ómagi (D. I. IV., 406).

Kóreksstaðir, Hjaltastaðahr., 1367 fylgja Kristfénu þar 8 ær og 2 kýr, en kvaðarinnar getur ekki (D. I. III., 232).

Húsavík, Borgarfjarðarhr., 1397, hundraðs óm. (D. I. IV., 223).

Njarðvík, Borgarfjarðarhr., 1430, ómv. (D. I. IV., 406).

Þingmúli, Skriðdalshr., 1397, óm. (D. I. IV., 204).

Sómastaðir, Reyðarfjarðarhr., 1367, 1397 fylgja Kristfjárjörðinni 4 kýr, 24 ær og 2 hdr. í ófríðu, en kvaðanna er ekki getið, hins vegar hefur jörðin sjálfstæðan máldaga (D. I. III., 233; IV., 227). 1544 setur Gizur biskup Einarsson hana í ábúð leigulaust og lofar, að landsetinn þurfi ekki að annast ómagann eða greiða til hans (D. I. X., 690).

Stöð, Stöðvarhr., 1397, 20 aura óm. (D. I. IV., 228).

Streiti, Breiðdalshr., 1179, kvg. óm. (D. I. I., 250), en síðar eignaðist Eydalakirkja Streiti, og fluttist ómagakvöðin þá þangað.

Eydalir, Breiðdalshr., 1397 skal þar vera „þriggja marka ómagi, er fylgt hefur Streiti" (D. I. IV., 229).

Háls, Geithellnahr., 1397, ómv., en að auki skal greiða fátækum mönnum 6 aura toll (D. I. IV., 231).

Þvottá, Geithellnahr., 1397; þar skal annaðhvort greiða 18 aura „í matskap" (þ. e. fyrir kost) skyldmennis tiltekins manns eða fæða ómaga eftir því sem mátulegt þykir; enn fremur skal veita 2 málsverði 2 tiltekna daga ár hvert (D. I. IV., 232).

Búlandsnes, Geithellnahr., 1541 leigir Gizur Einarsson jörðina með sama skilmála og Ögmundur biskup Pálsson hafði gert, og skyldi landsetinn fæða ómaga (D. I. X., 655—56).

Skaftafellssýslur.

Hoffell, Nesjahr., 1343, 1367, um 1491; kirkjan átti hálft heimaland jarðarinnar með öllum gögnum og gæðum, „utan Páll bóndi á þar í ómagavist, en hann keypti af Magnúsi bónda í Skál fyrir 12 hdr." (D. I. II., 770; III., 243; VII., 36).

Flatey vestri, Mýrahr., um 1480, 1570, þar var ómagavist, og átti Einholtskirkja þriðjung í henni (D. I. VI., 335; XV., 236).

Kálfafell, Borgarhafnarhr., 1397, þar skyldi lúka fátækum 12 aura á langaföstu (D. I. IV., 236).

Uppsalir, Borgarhafnarhr., 1150; Kristbúið þar átti jörðina með ýmsum hlunnindum og ítökum. Þar skyldi vera kvg. óm., en „þar er ekki gestaeldi mælt". Grafa skyldi legkaupslaust hvern mann, sekan og ósekan, sem í landareigninni dæi. Hreppstjórar byggðu jörðina, og landseti galt ekki þingfararkaup (D. I. I., 200). 1369 hafði Kristbúið sérstakan máldaga, og skyldi þar vera 3 kvg. óm., og skyldi hver fá eyri til fata árlega. Aðrar kvaðir eru ekki nefndar (D. I. III., 245).

Breiðabólstaður, Borgarhafnarhr., 1150; Kristbúið átti jörðina alla og ýmis ítök og hlunnindi, og þar skyldu vera 2 kvg. óm., en „þar er ekki gestaeldi skylt". Búið hafði sjálfstæðan máldaga (D. I. I., 203). Svo var enn 1397, og voru óm. 3 sem fyrr, en við höfðu bætzt matgjafir og málsverðagjafir á tilteknum dögum ársins (D. I. IV., 236—37).

Þverá, Hörgslandshr., 1367; Kristbúið hafði sérstakan máldaga, og þar skyldu 3 kvg. óm. og hafa eyri til fata hver árlega (D. I. III., 244).

Keldugnúpur, Hörgslandshr., 1150, 1367, 1397; Kristbúinu var gefin jörðin með allri áhöfn, ýmsu lausafé og matvælum. Kvg. óm., matgjafir á stórhátíðum o. fl., „Þar skal ala þurfamenn og þá er fara skyldra erinda" (D. I. I., 201; III., 234; IV., 236).

Ásgarður, Kirkjubæjarhr., 1218; eign Kirkjubæjarklausturs, og skyldi hafa þar ómaga 3 mánuði ársins (D. I. I., 394).

Dalbær, Kirkjubæjarhr., 1150, 1367; Kristbúinu var gefin jörðin og Hraungerði í Álftavershr. með ýmsum ítökum og fríðindum, matvælum og búslóð. Kg. óm. og kvg. óm., og skyldi hver hafa mörk hver missiri (eyri árlega) til klæða. Gestaeldi var ekki skylt. Hreppstjórar byggðu jörðina (D. I. I., 198—199; III., 245).

Rangárvallasýsla.

Mið(Arnar)bæli, Austur-Eyjafjallahr., 1179, 1392; þar skyldi vera prestur og djákn, en kvg. óm., ef enginn væri djákninn (D. I. I., 255; II. 679).

Borg., Vestur-Eyjafjallahr., 1371; þar voru 36 kúgildi, arðuruxi, graðungur tævetur, 3 hross roskin og 11 gæsir. „Á þessum kvikfjám skal vera ómagi (D. I. III., 259).

Mörk, V.-Eyjafjallahr., 1332; skyldi ábúandinn halda manngenga brú á Seljalandsá (D. I. II., 684). 1430 bættist ómagi á jörðina (D. I. IV., 406).

Dalur, Vestur-Eyjafjallahr., 1430, ómv., (D. I. IV., 406).

Árnessýsla.

Gaulverjabær, Gaulverjabæjarhr., 1220, „þar skal fá til bryggju (þ. e. brúar) á Gerðalæk" (D. I. I., 404). 1331, 1356, 1397, 1500, 1553 hljóðar ákvæðið um það, að staðurinn skuli leggja til eitt tré til brúar á læknum (D. I. II., 671; III. 114; IV., 57; VII., 455; XII., 658).

Kotferja, Sandvíkurhr., 1200. Þar lá allt landið til ferjunnar, og skyldi þar flytja alla menn ókeypis (D. I. I., 319—20).

Villingaholt, Villingaholtshr., 1269, 1331. Þar skyldi vera djákn 7 vikur um langaföstu, en annars kvg. óm. (D. I. II., 63, 661). 1397 skyldi þar vera kvg. óm. og gefa 2 daga í viku mjólk undan einni kú (D. I. IV., 59).

Hamrar, Grímsneshr., um 1491; kirkjan átti 10 hdr. í heimalandi, og stóðu 20 hdr. í jörðinni undir ómv. (D. I. VII., 47).

Hof, Gnúpverjahr., 1198 skyldi þar vera kvg. óm. og hafa allt, það er hún með þyrfti (D. I. I., 303).

IV.

Yfirlit yfir afdrif þeirra Kristfjárjarða eftir siðaskiptin, sem kunnar voru fyrir þau, gerð samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar (AM), jarðatali Johnsens 1847 (Joh.) og jarðabók Ísleifs Einarssonar yfir Austur-Skaftafellssýslu í umboði Árna Magnússonar, sem prentuð er í Blöndu I., bls. 1—38 (Bl.).[1])

(Skammstafanir: Á.,.Árnessýsla; Bf., Borgarfjarðarsýsla; Bst., Barðastrandarsýsla; D., Dalasýsla; Ef., Eyjafjarðarsýsla; Gb., Gullbringusýsla; Hn., Hnappadalssýsla; Hv., Húnavatnssýsla; Ís., Ísafjarðarsýsla; Kj., Kjósarsýsla; Mú., Múlasýslur; Mý., Mýrasýsla; R. Rangárvallasýsla; Skf., Skaftafellssýslur; Skg., Skagafjarðarsýsla;; Sn., Snæfellsnessýsla; Þg., Þingeyjarsýsla.)

Arneiðarstaðir, Fljótsdalshr., Mú.: Joh.: Eign Valþjófsstaðar að ¼, ¾ eign Fljótsdalshr., *fátækraeign.*

Ás, Fellnahr., Mú.: Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Ásgarðsbrekka (Ásgeirsbrekka), Viðvíkurhr., Skg.: AM: Engar Kristfjárkvaðir nefndar. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Ásgarður, Kirkjubæjarhr., Skf.: Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Ásgeirsá, Þorkelshólshr., Hv.: AM: Engar Kristfjárkvaðir nefndar. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Auðbrekka, Skriðuhr., Ef.: AM: Engar Kristfjárkvaðir nefndar. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Bakki (Ferjubakki), Borgarhr., Mý.: AM: Konungseign. Engar Kristfjárkvaðir nefndar. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Bergstaðir, Vindhælishr., Hv.: AM: Hólastólsjörð, í eyði. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Bessastaðir, Bessastaðahr., Gb.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Bessastaðir, Fljótsdalshr., Mú.: Joh.: Skriðuklausturseign. Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

---

1) Í jarðabók Árna Magnússonar vantar Múla- og Skaftafellssýslur.

Björk, Saurbæjarhr., Ef.: AM: Selland jarðanna Miðhúss og Kambs. Joh.: Möðruvallaklausturseign. Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Borg, Vestur-Eyjafjallahr., R.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Breiðabólstaður, Borgarhafnarhr., Skf.: Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Brekka, Sveinsstaðahr., Hv.: AM: Konungseign. Engar Kristfjárkvaðir. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Búlandsnes, Geithellnahr., Mú.: Joh.: Eigandi Geithellnahr., *fátækraeign.*

Dalbær, Kirkjubæjarhr., Skf.: Joh.: Dalbær eystri eign Kirkjubæjarklausturs, Dalbær ytri eign Þykkvabæjarklausturs. Kristfjárkvaðir engar.

Dalur, Vestur-Eyjafjallahr., R.: AM: „Kvaðir engar og hafa ei verið svo menn viti". Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Eydalir, Breiðdalshr., Mú.: Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Fagribær, Grýtubakkahr., Þg.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Flatey, Flateyjarhr., Bst.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Flatey vestri, Mýrahr., Skf.: Bl.: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Fossvöllur, Hlíðarhr., Mú.: Joh.: Eigandi Hlíðarhr., *fátækraeign.*

Galtardalstunga (Stóra-Tunga), Fellsstrandarhr., D.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Garðar, Breiðuvíkurhr., Sn.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Garður, Kelduneshr., Þg.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Garpsdalur, Geiradalshr., Bst.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Geitafell, Aðaldælahr., Þg.: AM: Mun vera sama og þar er kallað Geitagerði og sagt í eyði. Joh.: Hjáleiga frá Grenjaðarstöðum. Kristfjárkvaðir engar.

Geldingaeyjar, Álftaneshr., Mý.: AM: Þar nefnt Geldingaey, og talin hafa verið byggð til forna. Joh.: Getur neðanmáls eyðieyjarinnar Geldingaey.

Grenjaðarstaðir, Aðaldælahr., Þg.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Engra Kristfjárkvaða getið.

Grímsstaðir, Fjallahr., Þg.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Grund, Hrafnagilshr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Grund, Svarfaðardalshr., Ef.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Grænavatn, Skútustaðahr., Þg.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaða getur ekki.

Gaulverjabær, Gaulverjabæjarhr., Á.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Háls, Geithellnahr., Mú.: Joh.: Engar Kristfjárkvaðir nefndar.

Hamrar, Grímsnesshr., Á.: AM: Skálholtsjörð. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hestfjörður, Súðavíkurhr., Ís.: AM: „*Kristfjárjörð* gefin að fornu til uppeldis þessarar sveitar guðsþakkarmönnum; biskup byggir jörðina." Í eyði síðan bóluna (1706). Joh.: Eign Súðavíkurhrepps.

Hítardalur, Hraunhr., Mý.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hítarnes, Kolbeinsstaðahr., Hn.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hof, Gnúpverjahr., Á.: AM: Engar Kristfjárkvaðir nefndar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hoffell, Nesjahr., Skf.: Bl.: Kristfjárkvaðir ekki nefndar. Joh.: Kristfjárkvaðir ekki nefndar.

Hofstaðir, Helgafellshr., Sn.: AM: Engar Kristfjárkvaðir. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hólar (Hólahólar), Breiðuvíkurhr., Sn.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hóll, Grýtubakkahr., Þg.: AM: *Kristfjárjörð.* Kvöðin ekki tilgreind. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hraunsfjörður, Helgafellshr., Sn.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Húsafell, Hálsahr., Bf.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Húsavík, Borgarfjarðarhr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Hvammur, Áshr., Hv.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Höskuldsstaðir, Vindhælishr., Hv.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Illugastaðir, Kirkjuhvammshr., Hv.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kálfafell, Borgarhafnarhr., Skf.: Bl.: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Keldugnúpur, Hörgslandshr., Skf.: Joh.: *Fátækraeign.*

Ketilsstaðir, Hjaltastaðahr.: Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kirkjuból, Miðneshr., Gb.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kirkjubær, Tunguhr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kleif, Arnarneshr., Ef.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar.

Kolbeinsstaðir, Kolbeinsstaðahr., Hn.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kóreksstaðir, Hjaltastaðahr., Mú.: Joh.: *Fátækraeign.*

Kotferja, Sandvíkurhr., Á.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kristnes, Glæsibæjarhr., Ef.: AM: „Fimmtungur allrar jarðarinnar er *Kristfé.* Kristfé liggur í þessari jörðu fyrir einn kvengildan ómaga, svo sem skiljanlegt er af gömlum bréfum, en nú er þetta Kristfé kallað 20 hdr. eign, sem liggi í allri jörðinni, bæði heima og kotinu (þ. e. Reykhús)." Jörðin er tíutíu hdr. og eign margra, og kaupahluti er því 80 hdr. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Krossnes, Álftaneshr., Mý.: AM: Engar Kristfjárkvaðir. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kroppur, Hrafnagilshr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Kvíabekkur, Ólafsfjarðarhr., Ef.: AM.: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Laugaland ið syðra, Glæsibæjarhr., Ef.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Lögmannshlíð, Glæsibæjarhr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Mársstaðir, Sveinsstaðahr., Hv.: AM: Fornt eyðiból. Joh.: *Fátækraeign.*

Melaborg (Melaberg), Miðneshr., Gb.: AM: Konungseign. „Eyðijörð, hefur legið í auðn yfir hundrað ár". Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Melar, Leirár- og Melahr., Bf.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Mið(Arnar)bæli, Austur-Eyjafjallahr., R.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Miklaholt, Miklaholtshr., Hn.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Myrká, Skriðuhr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Möðruvellir, Saurbæjarhr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Mörk, Vestur-Eyjafjallahr., R.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Nes, Grindavíkurhr., Gb.: AM: Nefnir ekki jörðina. Joh.: Jörðin ekki nefnd þessu nafni, en sennilega sama og þar er kallað Merkines, og þá eru Kristfjárkvaðir engar.

Njarðvík, Borgarfjarðarhr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Núpufell, Saurbæjarhr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Presthvammur, Aðaldælahr., Þg.: AM: *Kristfé* er í jörðinni, en óvíst hve mikið. Af því greiðast 35 álnir til hospítalahaldarans. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Reykholt, Reykholtsdalshr., Bf.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Reykhólar, Reykhólahr., Bst.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Saurbær, Kjalarneshr., Kj.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Saurbær, Saurbæjarhr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Saurbær, Strandarhr., Bf.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Sjávarborg, Skarðshr., Skg.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Engar Kristfjárkvaðir.

Sómastaðir, Reyðarfjarðarhr., Mú.: Joh.: Eign Reyðarfjarðarhrepps, *fátækraeign.*

Spákonufell, Vindhælishr., Hv.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Staðarhóll, Saurbæjarhr., D.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Staðarhraun, Hraunhr., Mý.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Stafholt, Stafholtstungnahr., Mý.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Stóra-Tunga, sjá Galtardalstunga.

Streiti, Breiðdalshr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Stöð, Stöðvarhr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Teigur, Hrafnagilshr., Ef.: AM: Konungseign. Engar Kristfjárkvaðir. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Tjörn, Svarfaðardalshr., Ef.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Undirfell, Áshr., Hv.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Uppsalir, Öngulstaðahr., Ef.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Vað, Öxarfjarðarhr., Þg.: AM: „Hefur legið í eyði í manna minni.“ Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Valþjófsstaður, Fljótsdalshr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Vatnsfjörður, Reykjarfjarðarhr., Ís.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Vatnshorn, Haukadalshr., D.: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Vík, Áshr.(?), Hv.: AM.: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Villingaholt, Villingaholtshr., Á.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Þerney, Kjalarneshr., Kj.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Þingeyraklaustur, Sveinsstaðahr., Hv.: AM: Konungseign. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Þórustaðir, Öngulsstaðahr., Ef.: AM: Mun vera sama og Árni Magnússon kallar Þóroddsstaði. Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Þverá, Hörgslandshr., Skf.: Joh.: Eign Kirkjubæjarklausturs. Kristfjárkvaðir engar.
Þvottá, Geithellnahr., Mú.: Joh.: Kristfjárkvaðir engar.
Þæfusteinn, Neshr., Sn.: AM: Kristfjárkvaðir engar. Joh.: Kristfjárkvaðir engar.

Sþ. 259. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir samningum á milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu um, að Glerárþorp verði sameinað Akureyrarkaupstað, og leggja síðan frv. um sameininguna fyrir næsta Alþingi, ef samningar hafa þá tekizt.

Greinargerð.

Glerárþorp er að legu til greinilega úthverfi Akureyrar, enda halda flestir ókunnugir, sem til bæjarins koma, að þorpið tilheyri kaupstaðnum. Akureyrarkaupstaður á landið, sem þorpið stendur á, og ber a. m. k. siðferðislega ábyrgð á, að það hefur vaxið þarna upp. Afkoma flestra þorpsbúa byggist og á atvinnu á Akureyri

eða við atvinnufyrirtæki, sem Akureyrarkaupstaður rekur í nágrenni þess (í Krossanesi). Flestir, bæði í bæ og þorpi, munu vera sammála um það, að þorpið eigi og hljóti að sameinast kaupstaðnum í framtíðinni, þó að sumir hafi ekki talið það tímabært enn þá. Samningatilraunir um sameiningu hafa farið fram, en ekki borið árangur enn þá, og mun það að mestu stafa af ágreiningi um ýmis aukaatriði. Telja má, að sameiningin sé sameiginlegt hagsmunamál þorpsins og kaupstaðarins, þótt samningar um hana hafi ekki tekizt enn þá. Eins og kunnugt er, greiðir það oft fyrir samningum, að hlutlaus aðila beiti sér fyrir þeim sem sáttasemjari. Er eðlilegt, að félagsmálaráðuneytið taki að sér slíkt hlutverk í þessu efni.

Ed. 260. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr.

a. Fyrir „Einstaklinga“ í upphafi a-liðar kemur: Einstaka gripi.
b. Aftan við d-lið greinarinnar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Umboðsmönnum tryggingarinnar er þó ekki heimilt að taka í tryggingu fjárhópa, sem hafðir eru í óbyggðum eyjum, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi, að fengnum tillögum hreppsnefndar þess hrepps, sem eyjarnar liggja í.

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um aðstoð til hafnarsjóðs Ísafjarðar vegna skemmda og tafa á framkvæmd hafnarmannvirkja þar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða Ísafjarðarhöfn allt að 400 þús. krónur án mótframlags vegna skemmda, sem orðið hafa á hafnarmannvirkjum á Ísafirði, og mikilla tafa við framkvæmd verksins.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni hafnarnefndar og bæjarstjórnar Ísafjarðar. Þann 6. okt. s. l. samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðar einróma svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á Alþingi að veita á næstu fjárlögum nægilegt fé til að ljúka byggingu hafnarbakkans í Neðstakaupstað, sem verið hefur í smíðum síðustu sex árin og liggur undir stórskemmdum af ástæðum, sem telja verður að séu á ábyrgð hafnarmálastjórnarinnar.“

Aðalatriðin í sögu málsins eru þessi: Ísafjarðarhöfn hefur á undanförnum árum haft í smíðum ca. 220 metra langan hafnarbakka úr stáli. Að baki honum koma uppfyllingar, sem veita rúmgott og verðmætt athafnasvæði við höfnina.

Haustið 1947 þegar farið var að ramma niður járnþilið og verkpallar höfðu verið byggðir, vakti verkstjóri hafnargerðarinnar, Marzelíus Bernharðsson, athygli vitamálastjórnarinnar á, að botninn mundi ekki vera traustur á kafla, og lagði hann til, að fyrirhuguð lína hafnarbakkans yrði færð nær landi, en á það var ekki fallizt af vitamálastjórninni. Það reyndist á rökum reist, að botninn var ótraustur, og var það staðfest með athugun, sem þáverandi vitamálastjóri, Axel Sveinsson, og Albert

Kindt verkfræðingar framkvæmdu á botnlaginu við hafnarbakkann. Sögðu þeir þá, að um tvær færar leiðir til úrbóta væri að ræða. Var önnur sú að taka upp verkpallana framan við Neðstakaupstaðarbryggju á um 60 metra svæði, grafa burt hið ótrausta botnlag og fylla síðan aftur með traustu malarlagi. Síðan skyldu verkpallarnir byggðir aftur og járnþilið rekið niður í sömu línu og upphaflega var ákveðið.

Dýpkunarskipið Grettir gróf hið ótrausta botnlag í burtu, og var svo fyllt upp með möl í staðinn, allt eftir fyrirmælum vitamálastjóra. Er þetta mál allt saman rakið nákvæmlega í útskrift úr gerðabók hafnarnefndar Ísafjarðar, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

En þegar járnþilið hafði verið rammað niður og þungi uppfyllingarinnar lagðist á það innan frá, kom í ljós, að þilið seig smám saman fram og niður á ca. 80 metra kafla. Urðu af þessu miklar tafir á verkinu. Nú í haust, þegar verkfræðingur vitamálastjórnarinnar mældi, hversu mikið þilið hefði sigið, kom í ljós, að það hafði lækkað um 110 cm, þar sem mest var, og hafði því enn munað frá því árið áður.

Þá er það annað meginatriði þessa máls, að í fyrrahaust tilkynnti verkfræðingur vitamálastjórnarinnar, að nauðsynlegt væri að hækka allan hafnarbakkann a. m. k. um 25 cm frá því, sem áður hafði verið ákveðið af vitamálaskrifstofunni. Verður sú hækkun byggð úr járnbentri steinsteypu ofan á járnþilið, og veldur þetta verulegum aukakostnaði. Með sama hætti verður steypt ofan á járnþilið, þar sem það hefur sigið, og verður hæð steypubitans, þar sem mest er, nokkuð á annan metra, eins og fyrr segir.

Telur hafnarnefnd, að kostnaður við verkið hafi aukizt mjög mikið. Í fyrsta lagi vegna upptöku á verkpöllum, burtmoksturs á ótrausta laginu, uppfyllingar malar í staðinn og niðursetningar verkpalla á ný. Í öðru lagi vegna steyptrar viðbótar ofan á þilið á ca. 80 m svæði. Í þriðja lagi vegna hækkunar alls kantsins eftir á um 25 cm. Í fjórða lagi vegna malaruppfyllingar utan járnþils, þar sem sigið átti sér stað. Í fimmta lagi vegna þess, að framkvæmdin á öllum síðari hluta verksins hefur nú komið á miklu dýrari tíma en ella mundi. Þá er í sjötta lagi um mikið vaxtatap að ræða hjá höfninni, bæði vegna aukins kostnaðar og mikils dráttar á verkinu, sem nú hefur staðið yfir í sex ár vegna skemmdanna.

Enn um sinn hefur þótt ráðlegast að bíða með að ganga frá þeim hluta hafnarbakkans, sem sigið hefur, og sjá til í vetur, hvort hreyfing sé enn á þilinu. Hins vegar hefur verið gengið að fullu frá þeim hluta bakkans, sem ekki hefur orðið fyrir skemmdum (ca. 100 m), og er hann nú tekinn í notkun.

Verkfræðingar vitamálaskrifstofunnar hafa áætlað, að það muni kosta um 900 þús. krónur að ljúka verkinu, og ber brýna nauðsyn til, að það megi takast á næsta sumri. Fer því fjarri, að hafnarsjóður Ísafjarðar sé fær um að bera þann kostnað að sínum hluta. Þess vegna er nú leitað til ríkissjóðs um sérstaka fjárhagsaðstoð til þess að komast fram úr þessum erfiðleikum.

Þess eru nokkur dæmi, að ríkið hafi tekið á sig allan kostnað við að bæta úr tjóni, sem hafnargerðir hafa orðið fyrir. Í því kemur fram skilningur stjórnvalda á því, að einstökum stöðum getur orðið gersamlega ofviða að bera kostnað af slíkum áföllum í sambandi við dýr hafnarmannvirki. Þannig er ástatt í þessu tilfelli, og verður að vænta þess, að Ísafjörður verði nú sams konar aðstoðar aðnjótandi. Þótti mér hreinlegast að bera fram tillögu til þingsályktunar um málið, svo að þinginu væri gerð fyrir því full grein.

Það er mikil nauðsyn vegna atvinnulífsins í Ísafjarðarkaupstað, að unnt verði að ljúka byggingu hafnarbakkans á næsta sumri, en fullyrða má, að það takist ekki, nema tillaga þessi verði samþykkt og hafnarsjóði Ísafjarðar veittar 400 þús. krónur án mótframlags vegna þess tjóns, sem hér hefur átt sér stað af óvenjulegum ástæðum, sem vafasamt er, að hægt hafi verið að komast hjá. Svo mikið er víst, að hafnarnefnd og bæjarstjórn Ísafjarðar eiga á þessu enga sök.

Þess skal að lokum getið, að þýðingarmikið atvinnufyrirtæki á Ísafirði, togarafélagið Ísfirðingur h/f, hefur þegar ákveðið að hefja byggingu mikils útgerðar- og

fiskverkunarhúss á hafnarbakkanum nýja strax á næsta vori. Þessi framkvæmd má ekki verða fyrir töfum, og nægir það eitt til að sýna, hversu aðkallandi það er, að Ísafjarðarbæ verði gert kleift að ljúka þessu milljónamannvirki. — Hér á eftir birti ég svo útskrift úr fundargerðabók hafnarnefndar Ísafjarðar, sem sýnir glögglega, hvernig verkinu miðaði áfram og hvernig í einu og öllu var farið eftir fyrirmælum sérfræðinga við framkvæmd verksins.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerðabók hafnarnefndar Ísafjarðar.

Ár 1947, þriðjudaginn 23. september.

Fyrir tekið:

I. Albert Kindt var sendur hingað vestur af vitamálastjóra til að rannsaka botnlagið við hafnarbakkann, en Marzelíus hafði bent á, að botninn mundi ekki vera nægilega traustur á kafla, og lagt til, að fyrirhuguð lína yrði flutt nær landi, en á það var ekki fallizt af vitamálastjórninni. Athugun Kindts leiddi í ljós, að botnlagið á kafla er mjög lélegt. Mun hann leggja athuganir sínar fyrir vitamálastjóra og hafa samráð við hann um þær leiðir, sem líklegastar eru til úrbóta. Umtalað svæði er ca. 60—80 m fyrir framan syðri hluta gömlu bryggjunnar.

Hafnarnefnd óskar þess, að tillögur eða ályktanir vitamálastjóra til úrbóta fáist sem allra fyrst.

Ár 1947, mánudaginn 13. október.

Fyrir tekið:

I. Albert Kindt, verkfræðingur hjá vitamálastjóra, skýrði frá athugunum sínum og vitamálastjóra á botnlaginu við hafnarbakkann. Taldi Kindt, að um tvær leiðir til úrbóta væri að ræða:

a. að færa járnþilið um 60 metra norðar og upp með bátahöfninni, og styttist þá járnþilið að sama skapi við Neðstakaupstaðarbryggju, eða
b. að taka upp verkpallana framan við Neðstakaupstaðarbryggju á um 60 metra svæði, grafa burt hið ótrausta botnlag og fylla síðan aftur með traustu malarlagi. Síðan eru verkpallarnir byggðir aftur og járnþil rekið niður í sömu línu og ráðgert hefur verið.

Hafnarnefnd telur ekki ráðlegt að stytta járnþilið til suðurs framan við Neðstakaupstaðarbryggju og leggur því til, að síðari leiðin, um að treysta botnlagið, verði farin og að skipsskrokkar þeir, sem nú eru þarna, verði rifnir burt, en það telur Kindt nauðsynlegt. Þá samþykkir hafnarnefnd að óska þess við vitamálastjóra, að „Grettir" fáist nú þegar til að grafa upp hið ónýta botnlag og fylla upp að nýju með nothæfu efni, og leggur áherzlu á, að báðir prammarnir fylgi skipinu.

Hafnarnefnd vill benda á í sambandi við þessar breytingar, sem munu hafa nokkurn kostnað í för með sér, að vitamálastjóri áleit, er hann var staddur hér 23. júní 1945, að ekki væri nauðsynlegt að taka skipsskrokkana í Neðstakaupstaðarbryggjunni burt. Þvert á móti taldi hann heppilegast að innibyrgja bæði skipsskrokkana og bryggjuna í uppfyllinguna.

Ár 1947, mánudaginn 27. okt.

Fyrir tekið:

III. Gunnar Gíslason, skipstjóri á Gretti, mætti á fundinum og skýrði frá því, að Grettir hefði nú lokið við að grafa burt hið ótrausta botnlag við Neðstakaupstaðarbryggjuna, að svo miklu leyti sem skipið nær til vegna dýpis. Er þá lokið að grafa burt allt hið ótrausta lag bak við járnþilið, hins vegar er ekki búið að grafa nægilega framan við járnþilið.

Hafnarnefnd samþykkir að leita álits vitamálaskrifstofunnar um, hvað gera skal.

Ár 1947, fimmtudaginn 6. nóv.

Fyrir tekið:

I. Marzelíus Bernharðsson bað bókað: Að hann að afstöðnum síðasta hafnarnefndarfundi hafi sent vitamálastjóra eftirfarandi skeyti 27. okt. s. l.:

„Axel Sveinsson, vitamálastjóri, Reykjavík.

Grettir hefur grafið eins og hann getur stop Vegna dýpis nær hann ekki ónýta laginu framan við stálþilið stop Allt ónýta lagið ofan við er farið á ⅔ þeirrar lengdar, sem Kindt ákvað, og gamli skipsskrokkurinn stop Á ⅓ lengdarinnar nást vinnupallastaurarnir ekki upp vegna festu vegna hve langt þeir eru rammaðir stop Vantar heyra frá þér hvað nú á að gera stop Má byrja fylla upp svæðið. Marzelíus."

Þessu skeyti svaraði vitamálastjóri þannig 28. okt. s. l.:

„Hef talað við Kindt og verkfræðinginn ykkar og okkur hefur komið saman um að óhætt sé að fara að fylla upp. Vitamálastjóri."

Þá barst honum einnig 29. okt. svo hljóðandi skeyti frá bæjarverkfræðingnum, en hann fór til Reykjavíkur til viðræðna við vitamálastjórnina:

„Fyld op langs hele omraadet saa pæle kan staa fast selv om blöd bund er under ikke nödvendigt at fjerne de sidste pæle. Högh."

Á fundi þeirra verkfræðinganna kom þeim saman um, að engin hætta væri á ferðum, ef dýpið yrði aðeins 6½ metri og fylgzt væri með því næstu ár, hvort lagið væri að skríða fram. Mætti þá fylla aftur og halda dýpinu í 6½ metra á hinu ótrygga svæði.

Ár 1947, laugardaginn 28. nóv.

Fyrir tekið:

I. Skipstjóri dýpkunarskipsins skýrði frá því, að hann hafi nú verið kallaður til Reykjavíkur með skipið, þar sem hann nú gæti notið fylgdar og aðstoðar vitaskipsins „Hermóður". Enn fremur að landfyllt hafi nú verið 92 prammar, eða 10120 cub.metrar, en magnið, sem grafið hafi verið burt við Neðstakaupstaðarbryggjuna, hafi verið 10 prammar, eða 1100 cub.metrar. Af þessu magni voru 44 prammar, eða 4840 cub.metrar, grafnir burt úr bátahöfninni.

Hafnarnefndin telur mjög óheppilegt, að skipið sé nú látið hætta, án þess að landfyllingu væri lokið, eins og verkfræðingur vitamálstjóra hefur ákveðið, framan við Neðstakaupstaðarbryggju.

Marzelíus Bernharðsson upplýsir, að hann hafi rætt við vitamálastjóra í síma í gærkvöldi og hafi hann verið ófáanlegur til að breyta þeirri ákvörðun að láta skipið hætta nú.

Ár 1951, föstudaginn 7. sept.

Fyrir tekið:

II. Guðmundur Þorsteinsson skýrði frá tillögum vitamálastjóra um framhald framkvæmda við hafnarbakkann í Neðstakaupstað, og eru þær í aðalatriðum sem hér segir:

Í fyrsta áfanganum, sem væntanlega yrði unninn í haust, sé gengið frá og fyllt upp ofan við nyrðri helming stálþilsins og síðan grafið framan við það niður á 6.5 m dýpi. Með uppgreftinum sé svo fyllt upp framan við syðri helming þilsins, þann sem sigið hefur, þannig að þar verði 6.5 m jafndýpi á svo breiðu svæði sem uppgröftur hrekkur til.

Að þessum áfanga loknum yrði þá bundinn endir á það, að nyrðri hluti þilsins standi lengur óbundinn og gangi til undan ölduhreyfingu, auk þess sem þá mætti taka hann í notkun sem viðlegupláss. Við syðri helminginn fengist aftur á móti viðspyrna fyrir þilið, og lengri tími til að fá úr því skorið, hvort um frekara sig yrði að ræða.

Að forfallalausu getur dýpkunarskipið „Grettir" komið til Ísafjarðar síðast í september og grafið frá nyrðri hluta þilsins.

Hafnarnefnd leggur til, að fallizt verði á tilhögun þessa vegna öryggis járnþilsins.

Hafnarnefnd leggur einnig til, að óskað verði eftir því við vitamálastjóra, að „Grettir" verði sendur hingað til uppmoksturs við hafnarbakkann.

Jafnframt felur hafnarnefnd hafnarstjóra að leita eftir framlagi úr hafnarbótasjóði í þessu skyni.

IV. Guðmundur Þorsteinsson upplýsti, að nauðsynlegt mundi vera að hækka hafnarbakkann um a. m. k. 25 cm frá því, sem áður var ákveðið af vitamálaskrifstofunni.

Hafnarnefnd leggur til, að þessi breyting verði gerð.

Nd. 262. Frumvarp til laga [160. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám laga um lagagildi hans.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ásmundur Sigurðsson, Jónas Árnason, Sigurður Guðnason, Lúðvík Jósefsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal tilkynna ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, þegar eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, að Ísland hafi ákveðið að segja varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna upp með tilskildum fyrirvara og endurskoðun sé aðeins formsatriði. Sex mánuðum eftir þá tilkynningu til nefnds ráðs skal ríkisstjórnin tilkynna stjórn Bandaríkja Norður-Ameríku uppsögn samningsins og sjá svo um, að tólf mánuðum eftir það hafi Bandaríkin flutt allt sitt lið af landi brott.

2. gr.

Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. des. 1951, falla úr gildi um leið og varnarsamningurinn fellur niður samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan „varnarsamningurinn" milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður, hinn 5. maí 1951, og Ísland var aftur hernumið af amerískum her, er nú liðið eitt og hálft ár.

Höfuðástæður þess, að flm. þessa frv. telja fullkomlega tímabært að segja honum upp, eru þessar:

I. Það hefur sýnt sig, að sá ótti, sem kann að hafa verið ríkjandi í hugum allmargra þingmanna, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni og hernáminu, sem henni fylgdi, um, að ný heimsstyrjöld væri að skella á í maí 1951 og mundi hún hefjast með vopnaðri árás á Ísland, var ástæðulaus með öllu, heilaspuni einn og blekking, sem viss öfl höfðu reynt að ala á og koma inn hjá þingmönnum, er voru kallaðir saman til leynifunda til þess að samþykkja hernámið að þjóðinni forspurðri, þvert ofan í stjórnarskrá landsins og þvert ofan í allar þær yfirlýsingar, sem þjóðinni voru gefnar 1949 og áður, um, að aldrei skyldi koma til hersetu á Íslandi á friðartímum.

Það er því ljóst nú, að samningurinn var gerður á fölskum forsendum. Þingmenn voru fengnir til að samþykkja hann með blekkingum um yfirvofandi heimsstyrjöld, sem ekki hefur komið og er nú ólíklegri en nokkru sinni fyrr vegna sívaxandi máttar og áhrifa friðaraflanna í heiminum.

II. Það hefur sýnt sig svo átakanlega, að ekki þarf að lýsa því, að sá ægilegi háski, sem sjálfstæði þjóðarinnar, íslenzkri menningu og tungu og siðferði uppvaxandi æskulýðs er búinn af hernámi Íslands af hálfu erlends stórveldis og setu þúsunda erlendra hermanna rétt við bæjardyr höfuðborgarinnar og í henni sjálfri, er jafnvel miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir, áður en hið nýja hernám hófst fyrir einu og hálfu ári.

III. Samningurinn sjálfur og viðbótarsamningur sá, sem honum fylgdi, hefur verið vanefndur og þverbrotinn af hálfu hins erlenda samningsaðila, Bandaríkjanna. Í honum og málamyndaákvæðum hans hefur ekki reynzt neitt hald gegn þeim hættum, sem af hersetunni stafa.

Bandaríkin lofuðu því hátíðlega í samningnum sjálfum að framkvæma skyldur sínar samkvæmt honum þannig að stuðla svo sem frekast mætti verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar og hafa ávallt í huga, hve fámennir Íslendingar eru. Og enn fremur lofuðu þeir, að ekkert ákvæði samningsins skyldi skýrt þannig, að það raskaði úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum (8. gr. samningsins).

Þessi loforð hafa verið efnd þannig, að íslenzkir menn og konur geta ekki lengur verið örugg fyrir árásum, líkamsmeiðingum og nauðgunartilraunum amerískra hermanna á opinberum skemmtistöðum, á götum úti eða jafnvel í híbýlum sínum.

Bandaríkin sýna tillitssemi sína til fámennis Íslendinga með þeim hætti að láta þúsundir hermanna flæða yfir Reykjavík á nótt sem degi, stórauka húsnæðisvandræðin þar með því að yfirkaupa leiguhúsnæði handa yfirmönnum hersins, sem þykir þægilegra að búa hér með fjölskyldur sínar en á Keflavíkurflugvelli, taka heilar hæðir íbúðarhúsa eða heil hús á leigu fyrir einkaskemmtistaði hermanna og ólifnaðarbæli og koma þannig því óorði á höfuðborg Íslands úti um heim, að spilling og ólifnaður sé hér meiri en dæmi séu til, þar sem verst er í stórborgum (sbr. ummæli amerískra herprestsins á Keflavíkurflugvelli í viðtali við erlent blað).

Í 4. gr. viðbótarsamningsins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra er ákveðið að hermenn í hernámsliðinu skuli vera einkennisklæddir.

Þetta ákvæði hefur verið þverbrotið af sjálfri yfirstjórn hernámsliðsins, beinlínis í þeim tilgangi að auka varnarleysi og öryggisleysi Íslendinga fyrir hættum hernámsins.

Þegar allt framferði hernámsliðsins og yfirgangur hér í bænum keyrði svo úr hófi, að það hafði vakið réttmæta reiði og fordæmingu alls almennings í landinu og alveg sérstaklega Reykvíkskra borgara, sem urðu að horfa upp á það og þola daglega, greip herstjórnin sjálf til þess ráðs að birta auglýsingu í aðalstöðvum hersins þess efnis, að hermenn skyldu afklæðast einkennisbúningum sínum á ferðum sínum í Reykjavík.

Þetta tiltæki herstjórnarinnar hér mun vera algert einsdæmi og ekki eiga sér nein fordæmi jafnvel þar, sem ameríkst hernámslið dvelur í sigruðum löndum, en það er alkunn staðreynd, að ameríkskir hermenn eru alls staðar óvinsælir og illa liðnir, hvar sem þeir dveljast utan heimalands síns, og hafa alls staðar fulla ástæðu til að dylja einkenni hers síns og þjóðernis. En hér á að heita svo, að þeir dveljist samkvæmt gerðum samningi við varnarlausa smáþjóð, allsendis óvana hermennsku og vopnaburði. Í samninginn vantar að vísu öll skýr ákvæði til verndar Íslendingum sjálfum í viðskiptum þeirra við hernámsliðið, og var rækilega bent á það af sósíalistum í umræðum um samninginn hér á Alþingi. En þegar samningsákvæði eins og það, að hermenn í hernumdu landi skuli bera einkennisbúning hers síns til aðgreiningar frá innlendum mönnum, er jafnvel þverbrotið opinberlega af yfirstjórn hersins, einmitt þegar það er orðin krafa alþjóðar, að reglur séu settar til

að reisa rönd við spillingaráhrifum, sem af hernum stafa, þá er það augljóst, að í slíkum samningi er engin vörn eða vernd og að hann er óþolandi, enda hefur því meira að segja verið haldið fram af þeim, sem lengst ganga í þjónustuseminni, — Alþýðublaðinu og utanríkisráðherranum, — að engin íslenzk lög séu til og engin lög heldur hægt að setja(!), sem reisi fullnægjandi skorður við flakki óeinkennisbúinna amerískra dáta utan samningssvæðanna svokölluðu, t. d. í höfuðstað Íslands.

En sú vörn er þó til, eftir að öll þjóðin hefur fordæmt framkomu hernámsliðsins og reynslan hefur fært henni heim sanninn um hina geigvænlegu hættu af dvöl þess hér á landi og þá ómótmælanlegu staðreynd, að hún er jafnóþörf sem hún er háskaleg, að segja upp þessum samningi, sem gerður var á fölskum forsendum, með blekkingum og í blekkingaskyni, en auk þess hefur reynzt gersamlega haldlaus gagnvart hinum erlenda samningsaðila.

Sá samningsaðili, Bandaríki Norður-Ameríku, hefur nú sýnt Íslendingum það með framkvæmd fjögurra milliríkjasamninga, hvernig hann heldur gefin loforð og gerða samninga við eina af minnstu og varnarlausustu þjóðum heimsins:

I. Í herverndarsamningnum frá 1941 lofuðu Bandaríkin að hverfa burt frá Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó þegar að ófriðnum loknum.

Bandaríkin sviku þetta hátíðlega loforð, neituðu að hverfa burt héðan með her sinn og kröfðust árið 1945 herstöðva á Íslandi til 100 ára.

II. Þau neituðu að falla frá herstöðvakröfunum og fengu Keflavíkursamninginn árið 1946. Hver einasta grein þess samnings, sem til framkvæmda gat komið, var þverbrotin þau 5 ár, sem hann gilti.

III. Árið 1949, þegar Ísland var tekið í Atlantshafsbandalagið, gaf utanríkisráðherra Bandaríkjanna út hátíðlega yfirlýsingu „í embættisnafni fyrir hönd Bandaríkjanna og fyrir hönd allra bandalagsþjóðanna“, þess efnis, að „það skyldi aldrei koma til mála, að fram á það yrði farið við Íslendinga að hafa erlendar herstöðvar á Íslandi á friðartímum“. Þannig orðað flutti utanríkisráðherra Íslands (einnig í embættisnafni) þetta hátíðlega loforð Bandaríkjanna til Alþingis og íslenzku þjóðarinnar, þegar verið var að fá okkur í Atlantshafsbandalagið í marz 1949.

Þetta loforð, sem auðvitað átti að hafa samningsgildi og var samningur í sjálfu sér, var haldið svo, að í maí 1951, var herstöðvanna krafizt og þær teknar.

IV. Um það var gerður „varnarsamningurinn“, sem nú er í gildi og hefur verið haldinn svo sem alþjóð er kunnugt og nokkuð hefur verið drepið á hér að framan.

Þessi er reynsla Íslendinga af samningum við Bandaríkin.

Það er grundvallaratriði, sem allir milliríkjasamningar og allur þjóðaréttur byggist á, að „samninga ber að halda“.

Þetta grundvallaratriði og þessi forsenda allra ríkjasamninga hefur sannanlega brostið í öllum hinum þýðingarmestu samningsviðskiptum Íslands og Bandaríkjanna, eins og hér hefur verið sýnt, og er Íslendingum auðvelt að sanna þetta fyrir öllum heimi, hvenær sem er.

Efndir þeirra fjögurra samninga, sem hér er minnt á, sýna, að Bandaríkin hafa ekki hirt um að halda orð eða anda þeirra samninga, sem þeir hafa gert við Ísland.

Framkvæmd þessa samnings sýnir þó allra skýrast, að það er ekki vernd eða öryggi Íslendinga sem smáþjóðar, sem fyrir þeim vakir, heldur hernám Íslands í anda amerískrar hernaðarstefnu og vegna hernaðarþarfa Bandaríkjanna án minnsta tillits til smæðar og veikrar aðstöðu íslenzku þjóðarinnar. Með öðrum orðum, það er framkvæmd hinna ógrímuklæddu herstöðvakrafna frá 1945 og ekkert annað.

Það var ekki vilji eða tilætlun íslenzku þjóðarinnar 1945 né 1951. Þess vegna ber að segja þessum samningi upp þegar í stað.

Ed. 263. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Húsavík lán til kaupa á togara.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Ef ábyrgð samkv. 1. mgr. á að veita til kaupa á skipi, sem skrásett er á öðrum stað innlendum, og það hefur verið gert út þaðan, þá skal ríkisstjórnin leita eftir því, hvort einhver aðili, sem hún metur til þess hæfan, er fús til að gera skipið þaðan út, og gefa honum þá kost á sams konar ábyrgð til kaupanna. Skal á þann hátt tryggja, að íbúar þess staðar, sem skipið hefur verið gert út frá, verði ekki sviptir atvinnumöguleikum með því, að meiri hlunnindi séu veitt af hálfu ríkisins til hagnýtingar atvinnutækjanna annars staðar.

Nd. 264. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. Við 1. gr. Önnur málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 265. Breytingartillaga [41. mál]

við brtt. á þskj. 255 [Eftirlitsbátur fyrir Norðurlandi].

Frá Áka Jakobssyni.

Við 1. tölulið. Aftan við till. bætist: enda verði ávallt eitt eftirlitsskip fyrir Norðurlandi.

Ed. 266. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

a) Einstaka gripi: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.
b) Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.
d) Heil sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

3. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkvæmt 3. gr., ákveður vátryggjandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattsmatsverð.

Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálft skattmatsverð.

Þeir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fái 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

4. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarsjóður bætir að fullu vátryggingarverð, en þó því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum. Frá bótum dragast nytjar vanhaldafénaðar eftir hæfilegu mati.

5. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 113 13. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkissjóður greiðir í Búfjártryggingarsjóð sem óafturkræft framlag 300 þús. kr. með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári.

Nd. 267. Breytingartillögur [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 90 milljónum króna eða jafnvirði þess í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni upphæðina til framkvæmda á fullvirkjun Sogsins með þeim kjörum, er lánið er tekið, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar.
2. Fyrirsögn frv. verði svo hljóðandi:
   Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til fullvirkjunar Sogsins og vegna byggingar áburðarverksmiðju.

Nd. 268. Frumvarp til laga [42. mál]

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

3. gr.

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á.

4. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

5. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 269. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. nái fram að ganga með nokkurri breytingu. Minni hl. n. telur, að það sé ekki heppilegt að skapa stéttarfélögum eða bæjarstjórnum aðstöðu til að takmarka starfsmannafjölda á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem slíkt getur smám saman leitt til einokunar og þar af leiðandi til óþæginda fyrir þjóðarheildina. Með frv. þessu er skertur atvinnuréttur bifreiðarstjóra, og leggur minni hl. því til, að frv. verði fellt.

Þá þykir minni hl. einkennilegt, að í frv. skuli vera lagt til, að leitað sé samþykkis dómsmálaráðuneytisins, en ekki samgöngumálaráðuneytisins, um tölu leigubifreiða, en sér þó ekki ástæðu til að flytja breytingartillögu um það atriði frv. við þessa umræðu.

Alþingi, 20. nóv. 1952.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Jón Gíslason, fundaskr.

Ed. 270. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Steingr. Aðalsteinsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 271. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson, frsm.

Bernh. Stefánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 272. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. Steingr. Aðalsteinsson.
Bernh. Stefánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 273. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. Steingr. Aðalsteinsson.
Bernh. Stefánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 274. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál, sem upphaflega voru bráðabirgðalög, útgefin 19. marz s. l., og leggur hún til, að frumvarpið sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.
Steingr. Aðalsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 275. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til laga um íslenzkan ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Ákvæði þessa frv. er allmikið á annan veg en ákvæði gildandi laga um þetta efni. Skal nú stuttlega vikað að nokkrum þeirra.

Í lögum um ríkisborgararétt er ákveðið, að eiginkona eigi ríkisborgararétt með manni sínum. Þannig tapaði íslenzk kona íslenzkum ríkisborgararétti, ef hún giftist erlendum manni og fluttist úr landi. Samkvæmt þessu frv. heldur hún ríkisborgararétti sínum, þótt hún giftist slíkum manni.

Í gildandi lögum er ákveðið, að börnin eigi ríkisborgararétt með föðurnum, séu þau skilgetin, en annars með móður. Samkvæmt frv. eiga þau það einnig, nema móðurinni séu falin forráð þeirra, þá eiga þau ríkisborgararétt með henni. Samkvæmt frv. hefur eiginkona því í þessu efni að kalla sama rétt og eiginmaður.

Eiginkona hefur samkvæmt þessu frv. sjálfstæðan ríkisborgararétt.

Eftir gildandi lögum fylgja börn til 16 ára aldurs foreldri um ríkisborgararétt, en eftir frv. til 18 ára aldurs, og er það í samræmi við það, er gildir á Norðurlöndum.

Samkvæmt gildandi lögum um ríkisborgararétt er ætlazt til, að útlendingur, er æskir að fá íslenzkan ríkisborgararétt, hafi átt hér heima óslitið minnst í 10 ár, áður en hann öðlast ríkisborgararéttinn. Þetta ákvæði er ekki í þessu frv. Í sjálfu sér skiptir það ekki miklu máli. Jafnan gat Alþingi með lögum veitt ríkisborgararétt, þótt búsetan væri skemmri, og fyrir hefur það komið, þótt hitt væri aðalreglan.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa komið á hjá sér nær sams konar löggjöf um ríkisborgararétt og veitingu hans. Höfðu þessi lönd sett nefnd til að undirbúa þessa löggjöf. Íslandi var boðið að taka þátt í nefndarstörfunum, en af því varð þó ekki. — Frv. þetta er sniðið eftir lögum þessara þjóða og er um margt nær samhljóða. Þó er það meiri takmörkunum bundið eftir frv. að öðlast ríkisborgararétt hér á landi en samkvæmt lögum hinna Norðurlandaþjóðanna, og er það sjálfsögð varfærni, þar sem við erum svo fámenn þjóð. Nú getur sá, er óskar að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt og uppfyllir öll þau skilyrði, er frv. setur, fengið hann með yfirlýsingu einni, ef dómsmálaráðherra samþykkir. En eftir ákvæðum gildandi laga öðlast enginn ríkisborgararétt í slíkum tilfellum nema samkvæmt lagaboði.

Þótt telja megi að vísu, að nokkru auðveldara sé að öðlast hér ríkisborgararétt eftir þessu frv. en eftir gildandi lögum, þá ætti að mega treysta því, að dómsmálaráðherra, sem hefur umsjón þessara mála, hafi fulla gát á, að þeir einir öðlist ríkisborgararétt, sem verðskulda það og trúandi er til að reynast þjóðinni góðir þegnar. Útlendingaeftirlitið ætti jafnan að hafa glöggar gætur á háttsemi útlendra manna, svo að það geti ætíð gefið fullnægjandi vitneskju um hegðun þeirra, þegar slíkra upplýsinga væri leitað.

Samkvæmt ákvæði 68 gr. stjórnarskrárinnar má veita íslenzkan ríkisborgararétt með sérstökum lögum. Við samþykkt slíkrar lagasetningar ætti jafnan að vera regla, að full aðgæzla sé viðhöfð, þegar slík þegnréttindi eru veitt.

ÁkJ áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með lítils háttar orðalagsbreytingu á 11. gr.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 11. gr. Síðustu málsgr. skal orða svo:

Nú verða þær aðstæður fyrir hendi eftir gildistöku laga þessara, er nægja til þess að öðlast ríkisborgararétt eða varða missi hans, og skal þá fara eftir ákvæðum laga þessara eins og þau hefðu áður gilt.

Alþingi, 20. nóv. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar.

Emil Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 276. Frumvarp til laga [161. mál]

um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jörðina Svínadal í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Þegar eignarnám hefur farið fram samkvæmt 1. gr., skal ríkisstjórnin selja Kelduneshreppi jörðina fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

3. gr.

Heimaland jarðarinnar er Kelduneshreppi skylt að leigja eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Enn fremur er hreppsnefndinni skylt að gefa bændum í hreppnum kost á afnotum af afréttarlandi jarðarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við hreppsnefnd Kelduneshrepps. Samkvæmt veðmálabókum virðist jörðin Svínadalur síðan á árinu 1914 hafa verið eign félags í Englandi. En í seinni tíð hefur þetta félag engin afskipti haft af jörðinni og tilvera þess jafnvel dregin í efa. Eðlilegt þykir, að hreppurinn fái eignarhald á jörðinni, m. a. vegna þess, að mikill hluti af henni er afréttarland, sem bændur í hreppnum þurfa til sameiginlegra afnota.

Nd. 277. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Endurskoða skal lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og þeirri endurskoðun lokið áður en reglulegt Alþingi 1953 kemur saman.

Nd. 278. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur eigi orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. (EmJ, GTh og SG) mælir með frv. óbreyttu vegna hinnar brýnu þarfar á að útvega iðnaðinum aukið starfsfé. Minni hl. (PÞ og SkG) vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 21. nóv. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 279. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um endurskoðun laga nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og verði þeirri endurskoðun lokið áður en reglulegt Alþingi 1953 kemur saman.

Greinargerð.

Þegar lögin um áburðarverksmiðju voru samþykkt á Alþingi 1949, var á síðustu stundu gerð á þeim breyting í þá átt að veita ríkisstjórninni heimild til að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstarsjóði áburðasölu ríkisins, og ef úr þessari hlutafjársöfnun yrði, skyldi verksmiðjan rekin sem hlutafélag (13. gr.). Ríkisstjórnin notaði þessa heimild. Hins vegar er svo ákveðið í 1., 2. og 3. gr. laga nr. 40/1949, að ríkisstjórninni sé heimilt að láta reisa og reka áburðarverksmiðju og að ríkissjóður legði fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju og sé fé þetta óafturkræft og að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, er lúti sérstakri stjórn.

Þegar þannig eru athuguð annars vegar ákvæði 1.—3. gr. laga nr. 40/1949 og fyrirmæli 13. gr. sömu laga hins vegar, kemur sýnilega í ljós verulegt ósamræmi, er á rót sína að rekja til þess, að breytingar, er gerðar voru á þessum lögum. á síðasta stigi meðferðar þeirra á Alþingi, rufu kerfi það, er lögin að öðru leyti ætluðu að byggja upp. Er því nauðsyn, að endurskoðun fari fram á lögum þessum, og í því skyni er þingsályktunartillaga þessi flutt.

Nd. 280. Frumvarp til laga [163. mál]

um lán úr mótvirðissjóði til Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána Búnaðarbanka Íslands allt að 3 millj. kr. úr mótvirðissjóði, og fái Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður fé þetta til umráða með sömu vöxtum og lögum samkvæmt gilda um útlán þessara sjóða.

Skal fé þetta eingöngu lánað til framkvæmda, sem gerðar voru fyrir 1. nóv. 1951 og lögum samkvæmt skulu njóta lána úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, en þeir hafa ekki enn þá getað lánað til sökum fjárskorts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sem kunnugt er hefur fjárskortur mjög hamlað því, að stofnlánadeildir Búnaðarbankans hafi getað fullnægt þeirri lánsfjárþörf landbúnaðarins, sem þeim lögum samkvæmt ber að gera. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum, og skyldi fé endurlánað Búnaðar-

bankanum handa Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði. Þetta lán hefur nú verið tekið og mun vera það eina fé, sem þessir sjóðir báðir hafa nú úr að spila til útlána.

En þessu láni fylgdi það skilyrði frá Alþjóðabankanum, að ekkert af þessu fé mætti lána til framkvæmda, er unnar voru fyrir 1. nóv. 1951. Nú hefur reynslan sýnt, að það fjármagn, sem sjóðirnir höfðu áður, nægði ekki til að fullnægja lánaþörfinni fram að þessum tíma, þótt aðeins sé miðað við þær tiltölulega þröngu takmarkanir, er bankinn hefur neyðzt til að fylgja. Hér hefur því skapazt óeðlilegt bil, þar sem þetta bitnar eingöngu á vissum mönnum, er svo óheppnir urðu að vinna framkvæmdir sínar á því tímabili, er að verulegu leyti er dautt í útlánastarfsemi bankans. Sérstaklega mun þetta koma sér illa gagnvart ýmsum framkvæmdum, er lán eiga að fást til úr Ræktunarsjóði, þar sem um þau lán gilda þær reglur, að verkinu verður að vera fullokið, áður en lánin eru veitt. Þessum mönnum er því beinn óréttur ger, samanborið við aðra, enda er flutningsmanni þessa frv. kunnugt, að margir þeirra hafa lent í vandræðum vegna þessa, þar sem þeir hafa treyst á, að þeir nytu sama réttar og aðrir, en síðan lent í vanskilum, vegna þess að þær vonir brugðust. Það er því óhjákvæmilegt að kippa þessu í lag hið allra bráðasta.

Mótvirðissjóður er nú orðinn hátt á fjórða hundrað milljónir. Samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar mun fyrirhugað, að hann gangi í fyrstu umferð a. m. k. til Sogs- og Laxárvirkjana og áburðarverksmiðju sem lánsfé. En því verður ekki neitað, að þar sem um svo mikinn kostnað er að ræða við byggingu þessara fyrirtækja sem verða mun, þá skiptir sú litla upphæð, sem nefnd er í þessu frv., ekki miklu máli. Þótt hún væri lánuð Búnaðarbankanum, getur það engin úrslitaáhrif haft á byggingarmöguleika þessara fyrirtækja. Hins vegar mundi samþykkt frumvarpsins leysa úr vandamáli, sem brýn þörf er að leysa, og bæta úr óréttti, sem allmargir aðilar búa nú við, svo að ekki getur talizt viðunandi.

Ed. 281. Frumvarp til laga [164. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Guðrún Guðmundsdóttir, barnfóstra á Akureyri, fædd 12. desember 1919 á Íslandi.
2. Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, Lambastöðum í Garði, Gullbringusýslu, fædd þar 9. maí 1926.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Báðir þessir umsækjendur misstu íslenzkan ríkisborgararétt, er þær höfðu frá fæðingu, við það að giftast erlendum ríkisborgurum og flytja af landi brott. Hafa þær báðar fengið lögskilnað frá eiginmönnum sínum og hafa dvalið nokkur ár hér á landi eftir dvöl sína í útlöndum.

Sþ. **282. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 10. (Aukatekjur).
Fyrir „3 300 000“ kemur 3 500 000
2. — 2. — 11. (Stimpilgjald).
Fyrir „8 200 000“ kemur 9 000 000
3. — 2. — 14. (Erfðafjárskattur).
Liðurinn fellur niður.
4. — 2. — 17. (Söluskattur).
Fyrir „77 000 000“ kemur 83 000 000
5. — 3. — A. 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur).
Fyrir „33 790 582“ kemur 35 790 582
6. — 5. — (Óvissar tekjur).
Fyrir „2 000 000“ kemur 3 000 000
7. — 10. — III. 3. (Sendiráðið í London).
a. Við b. (Aðrir starfsmenn). Fyrir „37 100“ kemur .. 82 800
b. Við c. (Annar kostnaður). Fyrir „170 000“ kemur .. 178 300
8. — 10. — III. 7.
a. Fyrir „Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg“ kemur: Sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi.
b. Fyrir „aðalræðismanns“ kemur: sendiherra.
9. — 11. — B. 2. (Verksmiðjueftirlit).
Fyrir c.—f.-liði kemur einn liður:
Annar kostnaður 130 000
10. — 11. — C. I. a. 3. (Tollstjóraembættið, húsaleiga o. fl.).
Fyrir „190 000“ kemur 170 000
11. — 11. — C. II. a. 2. (Ríkisskattanefnd, annar kostnaður).
Fyrir „25 000“ kemur 45 000
12. — 12. — IX. (Læknisbústaðir og sjúkrahús).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000

13. Við 13. gr. A. II. a. Liðurinn orðist svo:

Til nýrra akvega:

1.	Reynivallavegur	75 000
2.	Hafnavegur	25 000
3.	Grindavíkurvegur	25 000
4.	Andakílsfossavegur	75 000
5.	Melasveitarvegur	20 000
6.	Mófellsstaðavegur	20 000
7.	Lundarreykjadalsvegur	60 000
8.	Skálpastaðavegur	40 000
9.	Flókadalsvegur	10 000
10.	Reykdælavegur	50 000
11.	Hálsasveitarvegur	75 000
12.	Hvalfjörður	165 000
13.	Þverárhlíðarvegur	50 000
14.	Hvítársíðuvegur	90 000
15.	Álftárósvegur	40 000
16.	Grímsstaðavegur	40 000
17.	Hraunhreppsvegur	110 000

18.	Hnappadalsvegur	30 000
19.	Kolviðarnesvegur	20 000
20.	Hítarnesvegur	10 000
21.	Skógarnesvegur	10 000
22.	Stakkhamarsvegur	10 000
23.	Lýsuhólsvegur	10 000
24.	Ólafsvíkurvegur	20 000
25.	Útnesvegur	60 000
26.	Hellnavegur	10 000
27.	Fróðárheiðarvegur	180 000
28.	Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur	90 000
29.	Framsveitarvegur	10 000
30.	Bjarnarhafnarvegur	10 000
31.	Helgafellssveitarvegur	35 000
32.	Skógarstrandarvegur	110 000
33.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
34.	Vesturlandsvegur (sunnan Saurbæjar)	150 000
35.	Miðdalavegur (fyrir ofan Fell)	15 000
36.	Haukadalsvegur	25 000
37.	Hörðudalsvegur	15 000
38.	Laxárdalsvegur	25 000
39.	Laugavegur	10 000
40.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	105 000
41.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	25 000
42.	Staðarhólsvegur	30 000
43.	Reykhólavegur	100 000
44.	Gautsdalsvegur	20 000
45.	Gufudalsvegur	150 000
46.	Fjarðarhlíðarvegur	40 000
47.	Barðastrandarvegur	100 000
48.	Rauðasandsvegur	20 000
49.	Örlygshafnarvegur	200 000
50.	Bíldudalsvegur Arnarfjarðarmegin	45 000
51.	Tálknafjarðarvegur	45 000
52.	Suðurfjarðavegur	30 000
53.	Dalahreppsvegur	30 000
54.	Súgandafjarðarvegur	70 000
55.	Hjarðardalsvegur	20 000
56.	Ingjaldssandsvegur	45 000
57.	Álftamýrarvegur	20 000
58.	Dýrafjarðarvegur	200 000
59.	Ögurvegur	160 000
60.	Vatnsfjarðarvegur	150 000
61.	Fjarðavegur	100 000
62.	Snæfjallastrandarvegur	40 000
63.	Jökulfjarðavegur	40 000
64.	Ármúlavegur	20 000
65.	Selstrandarvegur	35 000
66.	Kaldrananesvegur	35 000
67.	Strandavegur	235 000
68.	Reykjarfjarðarvegur	95 000
69.	Reykjarfjarðarvegur frá Veiðileysu til Djúpavíkur	30 000
70.	Vatnsnesvegur	80 000

71.	Vesturárdalsvegur		40 000
72.	Miðfjarðarvegur		30 000
73.	Austurárdalsvegur		30 000
74.	Austursíðuvegur		40 000
75.	Vesturhópsvegur		30 000
76.	Ásabæjavegur		15 000
77.	Vatnsdalsvegur vestan og austan		160 000
78.	Skagastrandar- og Skagavegur		100 000
79.	Svínadalsvegur		60 000
80.	Svínvetningabraut		10 000
81.	Norðurárdalsvegur		15 000
82.	Gönguskarðsvegur		70 000
83.	Skagavegur		10 000
84.	Reykjastrandarvegur		30 000
85.	Sauðárkróksbraut		40 000
86.	Sæmundarhlíðarvegur		10 000
87.	Skagafjarðarvegur		70 000
88.	Út-Blönduhlíðarvegur		20 000
89.	Hólavegur		40 000
90.	Hofsósvegur		30 000
91.	Siglufjarðarvegur		190 000
92.	Flókadalsvegur		25 000
93.	Ólafsfjarðarvegur		100 000
94.	Hörgárdalsvegur ytri		35 000
95.	Vatnsendavegur		30 000
96.	Eyjafjarðarbraut		100 000
97.	Laugalandsvegur		30 000
98.	Öxnadalsheiði		100 000
99.	Svalbarðsstrandarvegur		20 000
100.	Grýtubakkahreppsvegir		85 000
101.	Fnjóskadalsvegir		90 000
102.	Kinnar- og Ljósavatnsskarðsvegir		80 000
103.	Bárðardalsvegir		50 000
104.	Laxárdalsvegur		30 000
105.	Reykjahverfisvegur		35 000
106.	Mývatnssveitarvegir		45 000
107.	Þingeyjarsýslubraut á Tjörnesi		30 000
108.	Kelduhverfisvegur		100 000
109.	Hólsfjallavegur		65 000
110.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		90 000
111.	Sandsvegur		10 000
112.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		65 000
113.	Langanesvegur og Ytralónsvegur		50 000
114.	Eiðisvegur		20 000
115.	Bakkafjarðarvegur		70 000
116.	Sandvíkurheiði		30 000
117.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Strandavegur	20 000	
	b. Vesturdalsvegur	20 000	
	c. Fjallasíðuvegur	30 000	
	d. Sunnudalsvegur	20 000	
			90 000
118.	Jökuldalsvegur		30 000
119.	Hlíðarvegur		25 000

120.	Hróarstunguvegur nyrðri	20 000
121.	Hróarstunguvegur eystri	20 000
122.	Kirkjubæjarvegur	20 000
123.	Fellavegur efri	20 000
124.	Fljótsdalsvegur	40 000
125.	Upphéraðsvegur	30 000
126.	Úthéraðsvegur	30 000
127.	Hjaltastaðarvegur	20 000
128.	Borgarfjarðarvegur	150 000
129.	Seyðisfjarðarvegur nyrðri	20 000
130.	Fjarðarheiðarvegur	125 000
131.	Skógavegur	10 000
132.	Norðurbyggðavegur í Skriðdal	60 000
133.	Mjóafjarðarvegur	40 000
134.	Eskifjarðarvegur	10 000
135.	Vaðlavíkurvegur	15 000
136.	Fáskrúðsfjarðarvegur	300 000
137.	Vattarnesvegur	15 000
138.	Stöðvarfjarðarvegur	90 000
139.	Breiðdalsvíkurvegur	50 000
140.	Berufjarðarvegur	80 000
141.	Geithellnavegur	60 000
142.	Austurlandsvegur	220 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 70 þús. kr.	
143.	Lónsheiðarvegur	125 000
144.	Almannaskarðsvegur	75 000
145.	Nesjavegur	25 000
146.	Hornsvegur	20 000
147.	Mýravegur	25 000
148.	Suðursveitarvegur	30 000
149.	Öræfavegur	50 000
150.	Síðuvegur	30 000
151.	Suðurlandsvegur um Landbrot	55 000
152.	Landbrotsvegur	50 000
153.	Búlandsvegur	25 000
154.	Meðallandsvegur	40 000
155.	Mýrdalssandsvegur	50 000
156.	Mýrdalsvegur	50 000
157.	Dyrhólavegur	25 000
158.	Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum	50 000
159.	Eyjafjallavegur	25 000
160.	Landeyjavegur	70 000
161.	Sandhólmavegur	20 000
162.	Hólmavegur	10 000
163.	Landeyjavegur syðri	40 000
164.	Út-Landeyjavegur	30 000
165.	Bakkabæjavegur	30 000
166.	Vallarvegur	10 000
167.	Rangárvallavegur	25 000
168.	Oddavegur	10 000
169.	Þykkvabæjarvegur	70 000
	Þar af vegurinn Miðkot — Unhóll 20 þús. kr.	
170.	Árbæjarvegur	70 000

171.	Landvegur	70 000	
172.	Vetleifsholtsvegur	35 000	
173.	Ásvegur	55 000	
174.	Heiðarvegur	40 000	
175.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000	
176.	Grafningsvegur	55 000	
177.	Hrunamannahreppsvegur	45 000	
178.	Laugardalsvegur	70 000	
179.	Skálholtsvegur	30 000	
180.	Partavegur	25 000	
181.	Þorlákshafnarvegur	50 000	
182.	Bræðratunguvegur	30 000	
183.	Hamarsvegur	20 000	
184.	Auðsholtsvegur	20 000	
185.	Selvogsvegur	100 000	
			10 065 000

14. Við 13. gr. A. II. b. (Viðhald akvega).
Fyrir „18 400 000“ kemur 21 000 000

15. — 13. — A. III. Liðurinn orðist svo:
Brúargerðir:

1.	Hvítá við Barnafoss	100 000	
2.	Norðlingafljót	100 000	
3.	Stóra-Langadalsá	295 000	
4.	Hvolsá	150 000	
5.	Gufudalsá	225 000	
6.	Skápadalsá	100 000	
7.	Lambadalsá	200 000	
8.	Ísafjarðará	250 000	
9.	Ósá	150 000	
10.	Víðidalsá	75 000	
11.	Vatnsdalsá	100 000	
12.	Norðurá	200 000	
13.	Glerá	50 000	
14.	Jökulsá á Brú	50 000	
15.	Staðará í Bakkafirði	230 000	
16.	Sléttuá	360 000	
17.	Fossá	100 000	
18.	Skaftafellsá	250 000	
19.	Kerlingardalsá	150 000	
20.	Laugará	100 000	
21.	Torfustaðaá	80 000	
22.	Smábrýr	750 000	
			4 065 000

16. — 13. — A. VIII. Nýr (rómv.) liður:
Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 60 000

17. — 13. — C. VIII. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1.	Akranes	250 000
2.	Akureyri	200 000
3.	Arnarstapi	15 000
4.	Bakkafjörður	30 000
5.	Blönduós	15 000
6.	Bolungavík	60 000
7.	Borgarfjörður eystri	40 000

8.	Borgarnes	45 000	
9.	Breiðdalsvík	30 000	
10.	Dalvík	60 000	
11.	Drangsnes	27 000	
12.	Eskifjörður	70 000	
13.	Eyrarbakki	50 000	
14.	Fáskrúðsfjörður	175 000	
15.	Flatey á Skjálfanda	11 000	
16.	Flateyri	200 000	
17.	Grafarnes	60 000	
18.	Grenivík	50 000	
19.	Grímsey	25 000	
20.	Grunnavík	15 000	
21.	Hafnarfjörður	250 000	
22.	Hafnir	85 000	
23.	Haganesvík	35 000	
24.	Hnífsdalur	10 000	
25.	Hofsós	60 000	
26.	Hólmavík	25 000	
27.	Hrísey	30 000	
28.	Ísafjörður	125 000	
29.	Járngerðarstaðir	175 000	
30	Kaldrananes	7 000	
31.	Kópasker	80 000	
32.	Neskaupstaður	80 000	
33.	Ólafsfjörður	175 000	
34.	Ólafsvík	70 000	
35.	Patreksfjörður	200 000	
36.	Raufarhöfn	100 000	
37.	Sandgerði	180 000	
38.	Sauðárkrókur	250 000	
39.	Seyðisfjörður	110 000	
40.	Siglufjörður	150 000	
41.	Skagaströnd	70 000	
42.	Stokkseyri	30 000	
43.	Stykkishólmur	100 000	
44.	Súðavík	30 000	
45.	Suðureyri	60 000	
46.	Svalbarðseyri	25 500	
47.	Tálknafjörður	100 000	
48.	Vestmannaeyjar	250 000	
49.	Vogar	70 000	
50.	Vopnafjörður	50 000	
51.	Þorlákshöfn	200 000	
52.	Gjögur	30 000	
53.	Krossar (í eitt skipti fyrir öll, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að)	5 000	
54.	Landshöfnin í Keflavík og Njarðvíkum	250 000	
55.	Landshöfnin á Rifi á Snæfellsnesi	500 000	
			5 395 500

18.	Við 13. gr.	C. X. (Ferjuhöfn að Arngerðareyri).		
		a. Liðurinn fellur niður.		
		b. Nýr (rómv.) liður:		
		Til ferjuhafna:		
		1. Í Hornafirði	.....	250 000
		2. Á Brjánslæk	.....	135 000
19.	— 14. —	B. VIII.		
		Fyrir „Sjómannaskólinn“ kemur: Stýrimannaskólinn.		
20.	— 14. —	B. XI. 3. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum).		
		a. Við c. (Kennsluáhöld og verkfæri). Fyrir „25 000“ kemur	.....	50 000
		b. Við f. (Garðyrkjutilraunir). Fyrir „20 000“ kemur	.	25 000
21.	— 15. —	A. III. 5. (Viðhald gamalla bygginga).		
		Fyrir „60 000“ kemur	.....	80 000
22.	— 15. —	A. VIII. 12. Liðurinn orðist svo:		
		Til bókasafna á Vífilsstöðum, Kristnesi, Reykjalundi og landsspítalanum, 2 þús. kr. til hvers	.....	8 000
23.	— 15. —	A. XVI. (Halldór Halldórsson).		
		Liðurinn fellur niður.		
24.	— 15. —	A. XXIII. 16. (Bandalag ísl. leikfélaga).		
		Fyrir „20 000“ kemur	.....	50 000
25.	— 15. —	A. XXV. 14. Kirkjukórasamband Íslands).		
		a. Fyrir „25 000“ kemur	.....	35 000
		b. Nýr (rómv.) liður:		
		Til Gerðar Helgadóttur, til náms í höggmyndalist í Frakklandi	.....	8 000
26.	— 15. —	A. XXVIII. Nýir (rómv) liðir:		
		a. Til Guðmundu Elíasdóttur, til söng- og leiklistarnáms í Bandaríkjum Norður-Ameríku	.....	8 000
		b. Til Guðrúnar Á. Símonardóttur, til söngnáms erlendis		8 000
		c. Til Gunnars Óskarssonar, til söngnáms á Ítalíu	....	8 000
		d. Til Ketils Jenssonar, til söngnáms á Ítalíu	.....	8 000
27.	— 15. —	A. XXXIV. Nýr (rómv.) liður:		
		Til Þuríðar Pálsdóttur, til söngnáms á Ítalíu	.....	8 000
28.	— 15. —	B. XXXVI. Nýir (rómv.) liðir:		
		a. Vegna móts norrænna lögfræðinga	.....	15 000
		b. Vegna stjórnarfundar norrænna embættismannasambandsins	.....	15 000
29.	— 15. —	A. XLIV.		
		Fyrir „Til minnismerkis Jóns biskups Arasonar“ kemur: Til minnisvarða Stephans G. Stephanssonar.		
30.	— 16. —	A. 7.		
		Fyrir „Kostnaður við framleiðsluráð landbúnaðarins samkv. lögum“ kemur: Til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða samkv. 9. gr. l. nr. 94 5. júní 1947.		
31.	— 16. —	A. II. Nýr liður:		
		Til umbóta á Reykhólum vegna skipulags staðarins	..	25 000
32.	— 16. —	A. 19. Nýir liðir:		
		a. Til landþurrkunar á Eyrarbakka	.....	20 000
		b. Til landþurrkunar á Stokkseyri	.....	20 000
		c. Til landþurrkunar í Austur- og Vestur-Landeyjum, 20 þús. til hvorra	.....	40 000
33.	— 17. —	6. Nýr liður:		
		Til elliheimilisins í Skjaldarvík, byggingarstyrkur	....	25 000

Sþ. **283. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Leggur meiri hl. til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann ber fram á sérstöku þingskjali, en á þetta getur minni hl., þeir HV og ÁS, ekki fallizt. Gefa þeir því út minnihl.-nefndarálit. Minni hl. hefur allan tímann tekið þátt í umræðum í n. um hin ýmsu mál og greitt um þau atkvæði og verið samþykkur mörgum þeim breytingartillögum, sem meiri hl. ber fram, eins og hann hefur einnig verið samþykkur mörgu af því, sem meiri hl. leggur til, að verði óbreytt í frumvarpinu.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1953 var útbýtt á Alþingi 2. okt. og vísað til nefndar þ. 9. s. m. Hélt nefndin fyrsta fund sinn þ. 7. okt., en frv. tók hún fyrst fyrir til umræðu á 2. fundi sínum þ. 10. s. m. Hélt hún eftir það fundi daglega og oft tvisvar á dag til 22. þ. m. og hafði þá alls haldið 35 fundi og tekið til meðferðar og rætt 346 erindi, sem henni höfðu borizt.

Nefndin hefur að venju lagt mikla vinnu í að afla upplýsinga um rekstur ríkisstofnana og rætt við marga þá menn, sem veita þeim forstöðu, en fengið skýrslur frá þeim, sem ekki var rætt við. Af þeim viðræðum, sem þannig hafa farið fram, og af þeim gögnum, sem nefndinni bárust, kom greinilega í ljós, að mjög mikil ásókn er frá ýmsum starfsmönnum ríkisins um að fá laun sín hækkuð frá því, sem ákveðið er í launalögunum, til þess m. a. að búa ekki við lakari launakjör en margir samstarfsmenn þeirra, sem að ýmsum leiðum hafa fengið laun sín bætt, svo sem með verulegri greiðslu fyrir aukavinnu eða með því að láta þeim í té margvísleg launuð aukastörf samfara aðalstarfinu. Fær þannig fjöldi starfsmanna miklar launabætur og sumir hverjir allt að tvöföldum embættislaunum. Vekur þetta að vonum mikla óánægju í starfsliði ríkisins, enda er sótt fast á að fá kjörin bætt til samræmis við þá, sem hærra hafa komizt í launum, þótt í sambærilegum embættum séu. Það er jafnvel ekki fátítt að sjá aukagreiðslur til forstjóranna og skrifstofustjóra þeirra, sem sýnilega eru gerðar beinlínis með tilliti til þess að samræma laun þeirra launum undirmannanna, er fengið hafa launabætur á þann hátt, sem fyrr greinir. Af þessum ástæðum er svo komið, að margar stofnanir greiða óeðlilega háar upphæðir fyrir aukavinnu. Væntir meiri hl. nefndarinnar þess, að um þetta verði safnað skýrslum samkvæmt fyrirmælum laga frá síðasta þingi, en slíkar skýrslur hafa enn ekki borizt nefndinni. Og með því að nauðsynlegt er, að slíkar skýrslur liggi fyrir, til þess að unnt sé að fá heildaryfirlit um þessi mál, ef koma á þar á einhverjum umbótum, en það telur meiri hl. nefndarinnar mjög aðkallandi, mun verða gengið fast eftir því, að skýrslur þessar liggi fyrir, áður en þingi lýkur á þ. á.

Í sambandi við aukavinnugreiðslurnar þykir meiri hl. n. rétt að taka nokkur dæmi, er sýna, hvernig þessum málum er komið, en hann vill hins vegar taka það fram, að slíkar greiðslur eiga sér stað í mörgum öðrum stofnunum ríkisins, þótt ekki sé á þær minnzt sérstaklega, þar sem það yrði of langt mál, ef taka ætti það allt upp í nál. Hitt vill meiri hl. n. leggja áherzlu á, að hann telur nauðsynlegt að veita stofnunum í heild miklu meira aðhald á þessu sviði en verið hefur.

Skal nú vikið hér nokkuð að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og þeim breytingum, sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði á því.

TEKJURNAR.

Samkvæmt frv. eru heildartekjurnar áætlaðar á árinu 1953 tæpar 388 millj. kr. Er það um 12 millj. kr. hærra en tekjurnar voru áætlaðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Samkvæmt ríkisreikningi 1951 reyndust tekjurnar alls 413.5 millj. kr., eða 115.5 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárlögum það ár. Rekstrargjöldin urðu

á því ári 304.5 millj. kr. og rekstrarhagnaðurinn því rúmlega 109 milljónir. Greiðslujöfnuður varð hagstæður á árinu um rúmar 59.3 millj. kr.

Í lok októbermánaðar 1951 voru tekjur ríkissjóðs orðnar 318 millj. kr., en voru á sama tíma í ár 316 millj. Má því gera ráð fyrir, að heildartekjurnar verði um 411 millj. kr. á þessu ári, eða um 35 millj. kr. fram yfir áætlun. Veltur þetta þó nokkuð á því, hvort tollur verður greiddur fyrir árslok af öllum þeim vörum, sem þegar hafa verið fluttar til landsins, eða hvort eitthvað kann að dragast fram yfir áramótin, að hann verði greiddur.

Í lok októbermánaðar s. l. voru rekstrargjöld ríkissjóðs orðin 263. millj., eða tæpum 30 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra, en 47 millj. lægri en tekjurnar á sama tíma. Er því sýnilegt, að fjárhagsafkoman á yfirstandandi ári verður engan veginn eins hagstæð og á síðasta ári, þótt ekki sé unnt að segja um það með vissu nú, hver hún kann að verða. Má fara nokkru nær um þetta, þegar fyrir liggur yfirlit yfir reksturinn til loka þessa mánaðar.

2. gr.

Eins og greinin ber með sér, er ekki gert hér ráð fyrir neinum nýjum tekjustofnum. Hins vegar hafa verið teknar inn á þessa grein tekjur af erfðafjárskatti, að upphæð 300 þús. kr., sbr. 14. tölulið gr. Með sérstökum lögum var þessum tekjustofni ráðstafað til annarra þarfa, og leggur því meiri hl. n. til, að liðurinn verði felldur niður. Meiri hl. leggur hins vegar til, að eftirfarandi töluliðir greinarinnar verði hækkaðir sem hér segir: Tölul. 10, aukatekjur, hækki um 200 þús., tölul. 11, stimpilgjöld, hækki um 800 þús. og tölul. 17, söluskattur, hækki um 6 millj. kr. — Verði tillögur þessar samþykktar, hækkar tekjuáætlun þessarar greinar alls um 6.7 millj. kr.

3. gr.

Nefndin ræddi ýtarlega við póst- og símamálastjórnina um rekstur póstmálanna. Samkvæmt yfirliti yfir tekjur og gjöld póstsins frá 1930—1951 hefur póstsjóður haft hagstæða fjárhagsafkomu öll árin frá 1930—1945, að undanskildum árunum 1940 og 1943, en nokkur halli er þá á rekstrinum. Hins vegar er rekstrarhalli á póstinum öll árin frá 1945—1951, að undanskildu árinu 1950, að reksturinn er hagstæður um rúmar 4 þús. kr. Aftur á móti er nærri 2 millj. kr. rekstrarhalli á síðasta ári, og eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, er búizt við, að rekstrarhallinn á þessu ári verði eigi minni en gert er ráð fyrir í fjárlögunum, eða 600 þús. kr.

Yfir- og aukavinna í þessari stofnun hefur numið um 479 þús. kr. á síðasta ári og nærri 300 þús. kr. til 1. okt. á þessu ári. Er sýnilegt, að gera verður sérstakar ráðstafanir til þess að færa rekstur stofnunarinnar í betra horf. Kemur þá tvennt til athugunar: annað að hækka enn burðargjöld, einkum fyrir prentað mál, enda er það í engu samræmi við önnur burðargjöld póstsins, og jafnframt því að taka upp hagkvæmari samninga um flutning á pósti með flugvélum; hitt er að draga úr kostnaði, eftir því sem unnt er, m. a. með því að draga mjög verulega úr aukagreiðslum í rekstrinum.

Nefndin ræddi einnig við póst- og símamálastjórnina um rekstur landssímans. Samkvæmt rekstrarreikningi urðu tekjur landssímans á síðastliðnu ári alls 35 millj. kr., en gjöldin tæpar 32 milljónir. Rekstrarhagnaður reyndist því vera um 3.4 millj. kr. Hefur fé þessu öllu og auk þess 1.8 millj. kr. verið varið til fjárfestingar, enda er símanum mjög mikil nauðsyn á því að auka símakerfið. Einkum mundi það bæta mjög hag rekstrarins, ef hægt væri að fjölga símum í bæjunum, en þar hefur engan veginn verið unnt að fullnægja eftirspurninni — frekar en annars staðar — til mikils tjóns fyrir afkomu símans. Í rekstrargjöldum landssímans á s. l. ári er greiðsla fyrir aukavinnu að upphæð 1.8 millj. kr. Má ætla, að þessar greiðslur verði engu minni á þessu ári. Sýna þessar tölur glöggt, hversu mikils virði það væri fyrir stofnunina, ef unnt væri að draga allverulega úr þessum greiðslum.

Meiri hl. n. gerir engar tillögur til breytinga á eignabreytingaliðum greinarinnar.

Þá ræddi nefndin við forstjóra Áfengisverzlunarinnar. Upplýsti hann, að rekstrarhagnaður stofnunarinnar á s. l. ári hefði orðið 56.6 millj. kr. og að rekstrarhagnaður til 30. sept. á þessu ári hefði orðið 35.5 millj., en 36.5 millj. á sama tíma 1951. Til septemberloka á þessu ári hefði heildarsala áfengis verið 813 þús. kr. lægri en á sama tíma á s. l. ári. Með tilvísun til þessara upplýsinga þykir ekki rétt að leggja til, að áætlun tekna af áfengissölunni verði hækkuð frá því, sem er í frv.

Nefndin ræddi einnig við skrifstofustjóra Tóbakseinkasölunnar. Upplýsti hann, að rekstrarhagnaður stofnunarinnar á s. l. ári hefði orðið 34 millj. kr. og rekstrarhagnaður til septemberloka þ. á. hefði orðið 29 millj. kr. Með tilvísun til þessara upplýsinga þykir rétt að leggja til, að áætlaðar tekjur af tóbakseinkasölu verði hækkaðar um 2 millj. kr.

Þá ræddi nefndin einnig við útvarpsstjóra, formann útvarpsráðs og menntamálaráðherra um rekstur útvarpsins. Hafði nefndin fengið ýmis gögn í sambandi við rekstur stofnunarinnar, sem sýndu m. a., að rekstrarhalli hafði orðið á útvarpinu á s. l. ári að upphæð rúmlega 500 þús. kr. Gert var ráð fyrir því, að hann yrði enn meiri á yfirstandandi ári. Í áætlun útvarpsstjóra um tekjur og gjöld á árinu 1953 var gert ráð fyirr rúmlega 1200 þús. kr. rekstrarhalla, ef reikna ætti með óbreyttum afnotagjöldum. Af þessum ástæðum þótti óhjákvæmilegt að hækka afnotagjöldin úr 125 kr. í 200 kr., og hafa þegar verið gefin fyrirmæli um það, en samkvæmt lögum er það á valdi ráðherra og útvarpsstjóra að ákveða gjaldið. Það vekur athygli, að innheimtukostnaður afnotagjalda hefur á s. l. ári verið 535 þús. kr. og greiðslur fyrir aukavinnu tæpar 300 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir því í áætluninni, að breytingar verði gerðar á þessu fyrirkomulagi til hagsbóta fyrir stofnunina.

Lögð hefur verið fram áætlun yfir sjóðgreiðslur á tímabili frá 1. sept. 1952 til 1. apríl 1953, miðað við óbreytt afnotagjöld. Er þar gert ráð fyrir 2.6 millj. kr. greiðsluhalla. Hefði því verið full ástæða til að endurskoða gjaldabálkinn á ný, áður en hækkun á afnotagjöldum var látin fara fram. Benti nefndin útvarpsstjóra á þessi atriði. Með því að ákveðið væri, að hann léti af störfum snemma á næsta ári, kvaðst hann ekki mundu beita sér fyrir neinum breytingum á rekstri frá því, sem verið hefur, þann stutta tíma, sem hann ætti eftir að starfa við stofnunina. Vill meiri hl. nefndarinnar vænta þess, að þessi atriði verði tekin til athugunar, er nýr forstjóri kemur að stofnuninni í byrjun næsta árs, þar sem líta verður svo á, að unnt sé að koma þessum atriðum fyrir á hagkvæmari hátt en verið hefur. Núverandi stjórnarfyrirkomulag á stofnuninni virðist vera þannig, að ábyrgðinni er skipt á milli tveggja aðila, útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Sýnist þetta fyrirkomulag veikja mjög möguleikana fyrir heilsteyptri, öruggri stjórn á fyrirtækinu, þar sem saman færi hagur stofnunarinnar og notenda. Telur meiri hl. nefndarinnar, að athuga beri, hvort ekki sé unnt að sameina þetta betur en nú er gert. Má t. d. benda á, að dagskrárkostnaðurinn hefur á s. l. ári orðið um 1.2 millj. kr., en yfir þeim útgjöldum ræður útvarpsstjóri ekki, heldur útvarpsráð. Af þessu fé hefur verið varið 200 þús. kr. til Þjóðleikhússins og 462 þús. kr. til Sinfóníuhljómsveitarinnar, en í þeirri upphæð eru innifalin laun fastra hljómleikara, sem nema um 326 þús. kr. Þykir ástæða til að ætla, að einn aðili, sem bæri fulla ábyrgð á öllum rekstrinum, gæti komið þessu fyrir með meiri hagsýni fyrir stofnunina. Er þess vænzt, að þetta verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Af framkvæmdasjóði stofnunarinnar eru nú í útlánum 3.6 millj. kr. Mest af þessu fé er bundið í byggingarlánum með miklu lægri vöxtum en nú verður að greiða fyrir fé til rekstrarins. Sýnist svo sem hér hafi ekki verið viðhöfð nægileg fyrirhyggja í sambandi við fjármál stofnunarinnar.

Þótt meiri hl. nefndarinnar geri ekki tillögur til breytinga á þessum lið fjárlagafrv., er þess þó vænzt, að athugaður verði allur rekstur stofnunarinnar og

gerðar ráðstafanir til að bæta úr því, sem hér hefur verið bent á og betur mætti fara.

Í áætlun um rekstur ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg er gert ráð fyrir, að fyrirtækið skili 300 þús. kr. rekstrarhagnaði á næsta ári. Rekstrarhagnaður prentsmiðjunnar á s. l. ári var rúmlega 445 þús. kr. Fé þetta er þó ekki greitt beint í ríkissjóðinn, heldur sumpart notað sem rekstrarfé í fyrirtækinu og sumpart til fjárfestingar vegna nýrra framkvæmda. Meiri hl. nefndarinnar vill benda á, að eðlilegt væri, að fyrirtækið greiddi ríkissjóði árlega upphæð, sem svaraði til skatts af rekstrarhagnaði, ef það væri skattlagt sem einkafyrirtæki; einnig væri rétt að færa jafnan eignabreytingar þess á fjárlagafrv. líkt og gert er við landssímann. Væntir meiri hl. nefndarinnar þess, að þetta verði tekið til athugunar.

Nefndin ræddi við forstjóra Landssmiðjunnar og fékk frá honum margvíslegar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins. Rekstrarhagnaður á s. l. ári hafði orðið rúmlega 220 þús. kr., þegar búið var að afskrifa eignir um 356 þús. kr. og tapaðar skuldir um 145 þús. kr. — 70 þús. kr. áætlaður hagnaður af rekstri þessa fyrirtækis sýnist því mjög varlega áætlaður. Hafður er sami háttur á hér og í ríkisprentsmiðjunni, að rekstrarhagnaðinum er haldið fyrirtækinu sem rekstrarfé og til fjárfestingar, án þess að færðar séu á frv. eignabreytingar á sama hátt og hjá landssímanum. Þessari stofnun er skylt samkvæmt lögum að greiða ríkissjóði skatt eins og um einkafyrirtæki væri að ræða, en reikningar fyrirtækisins sýna, að ekki einasta er ógreiddur í árslok s. l. skattur frá fyrri árum, sem nemur um 700 þús. kr., heldur einnig söluskattur, sem nemur yfir 260 þús. kr. Í þessari stofnun, eins og svo mörgum öðrum, eru færðar aukagreiðslur til fastra starfsmanna, sem ekki er unnt að líta öðruvísi á en beinar launahækkanir. — Þykir rétt að láta þessar athugasemdir koma fram, þótt ekki séu gerðar tillögur til breytinga á áætluninni.

Í rekstrargjöldum Tunnuverksmiðju ríkisins, sem áætluð eru 5 millj. kr., er ekki gert ráð fyrir neinum söluskatti af framleiðslunni. Þykir rétt að benda á þetta til athugunar fyrir ráðuneytið. Hefur nefndin fengið upplýst, að fyrirtækið reikni ekki söluskatt af framleiðslu sinni til viðskiptamanna sinna.

Í áætlunum yfir rekstur Áburðarsölu ríkisins, Grænmetisverzlun ríkisins og Innkaupastofnun ríkisins er ekki gert ráð fyrir söluskatti. Þykir rétt að benda á þetta til athugunar fyrir ríkisstjórnina.

Þá skal einnig bent á, að greitt hefur verið á s. l. ári óeðlilega mikið fyrir aukavinnu í Innkaupastofnun ríkisins, er ekki verður skýrt á annan hátt en sem bein launauppbót.

Ríkisbúið á Bessastöðum hefur eitt allra ríkisbúanna verið tekið inn á fjárlagafrv. Hefur þetta verið svo um nokkurt skeið. Þykir rétt að benda á, hvort ekki sé eðlilegt að taka öll ríkisbúin inn á fjárlög framvegis. Nefndin hefur fengið upplýsingar um það, að bústjórinn fyrir Bessastaðabúi hafi einnig á hendi kennslu í ríkisskóla allt að 14 st. á viku. Þykir ástæða til að spyrja um, hvort slíkt samræmist starfi bústjóra og hvort þetta sé með vilja og vitund yfirboðara hans.

Í októberlok þ. á. eru óvissar tekjur ríkissjóðs orðnar 2.37 millj. kr. á móti 1.25 millj. kr. á sama tíma á s. l. ári. Er því sýnilegt, að tekjur þessar verða allmiklu meiri en áætlað var. Með tilvísun til þess þykir rétt að leggja til að hækka áætlun óvissra tekna samkvæmt 5. gr. í 3 millj. kr., eða um eina milljón.

Verði allar tillögur meiri hl. n. samþykktar, hækkar tekjuáætlunin um 9.7 millj. kr.

GJALDABÁLKURINN

10. gr.

Af gögnum þeim, sem nefndin hefur haft til athugunar, sést, að í ráðuneytunum og þeim öðrum stofnunum, sem færðar eru á þessa grein, hefur engin greiðsla fyrir aukavinnu átt sér stað á s. l. ári. Hins vegar hafa ýmsir þeir starfsmenn, sem þar starfa, haft aðstöðu til að öðlast kjarabætur að öðrum leiðum, og sumir all-

verulegar. Hefur sumt af þessu verið fært áður á sérliði sem beinar launahækkanir, svo sem risna og mistalningarfé, en nú eru þessar upphæðir færðar undir annan kostnað og greiddar viðkomandi aðilum sem fyrr, þó án verðlagsuppbóta. Er risnuféð greitt án fyrirmæla í launalögum. Þá er einnig upplýst, að ýmsir af þeim starfsmönnum, sem hér starfa, hafa margvísleg önnur störf með höndum fyrir ríkið, sem þeir taka sérstaklega greiðslur fyrir. Veldur þetta allt því, að aðrir starfsmenn sækja fast á, að þeirra kjör séu bætt á einn eða annan hátt.

Allverulegar hækkanir hafa orðið á rekstri sendiráðanna. Stafar þetta af vaxandi dýrtíð í viðkomandi löndum. Með tilvísun til þess ástands, sem nú ríkir almennt í viðskiptamálum, fjárhagsmálum og öryggismálum, þykir ekki rétt, að dregið sé úr utanríkisþjónustunni. Vill meiri hl. nefndarinnar því ekki leggja til, að framlög til þessara mála verði lækkuð frá því, sem ákveðið er í frv.

Fyrir nefndinni lá erindi um framlag vegna kostnaðar við fiskimálaráðunaut við sendiráðið í London, að upphæð 54 700 kr. Hafði Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda greitt þennan kostnað að undanförnu, en taldi nú, að störf þessa manns væru orðin þess eðlis, að ríkissjóður ætti að bera kostnaðinn. Með tilvísun til þess, að telja má öruggt, að þessi fulltrúi sé nauðsynlegur og alveg sérstaklega vegna þeirrar deilu, sem upp hefur risið í Englandi út af stækkun landhelginnar við Ísland, þykir rétt að leggja til, að tekið verði upp í 10. gr. fyrrnefnd upphæð til þess að mæta þessum kostnaði.

Með því að þegar hefur verið skipaður sendiherra í Þýzkalandi í stað aðalræðismanns áður, þykir rétt að breyta fyrirsögnum á þessum liðum. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um hærri framlög til þjónustunnar, þótt þessi breyting hafi orðið á starfinu, og er þess ekki talin þörf.

11. gr.

A. Dómgæzla og lögreglustjórn.

Meiri hl. n. gerir engar tillögur til breytinga á þessum kafla greinarinnar á þessu stigi málsins. Nefndinni hefur borizt erindi frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem farið er fram á að hækka ýmsa liði í þessum kafla greinarinnar, en sams konar erindi hafa einnig borizt frá öðrum ráðuneytum og ýmsum stofnunum. Mun nefndin athuga þetta fyrir 3. umræðu.

Allmikil aukavinna er greidd einstökum aðilum, er starfa við embætti sakadómara og lögreglustjóra, er viðkomandi forstjórar telja, að ekki sé hægt að komast hjá.

Nefndin ræddi við forstjóra landhelgisgæzlunnar um rekstur hennar á n. á., einkum með tilliti til stækkunar landhelginnar og þeirra krafna, sem alls staðar frá koma um aukna gæzlu og aðstoð við báta á hafinu. Taldi forstjórinn, að ef treysta mætti því, að varðskipin þyrftu eigi að tefjast óeðlilega langan tíma frá störfum vegna viðgerða, þá mundi skipakostur sá, sem gert er ráð fyrir í tillögunum, geta annazt gæzluna, svo sem til væri ætlazt. Hitt væri vitað, að sum af þessum skipum væru í því ástandi, að óvíst væri, hvort því mætti treysta, að þau yrðu starfhæf allt árið. Væru það einkum Þór, Sæbjörg og María Júlía. Með því að draga úr áætluðum kostnaði við fluggæzlu að einhverju leyti, en hún væri enn á reynslustigi, taldi hann, að áætlunarupphæðin mundi nægja, ef ekki þyrfti að bæta við skipum af ástæðum, sem fyrr greinir. Bent var á, að samkv. gögnum, sem fyrir lægju, hefði verið greitt yfir 200 þús. kr. í yfirvinnu á skipunum á s. l. ári og að 368 þús. kr., sem ætlað væri til að greiða fyrir skrifstofuhald, virtist nokkuð há upphæð, miðað við skipastólinn og verkefni hans. Kvaðst forstjórinn mundu láta athuga bæði þessi atriði og gera ráðstafanir til sparnaðar á þeim, ef sýnt væri, að slíkt mætti verða. Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, er ekki lagt til, að framlag til landhelgisgæzlunnar verði hækkað frá því, sem það er í frv.

B. Eftirlit.

Fyrir nefndinni hefur legið erindi um hækkun launa starfsmanns við skipaeftirlitið. Með því að slíkar beiðnir hafa komið fram víðar og með því að einnig hafa komið til nefndarinnar erindi um fjölgun starfsmanna í ýmsum embættum, þykir rétt að taka fram, að launalögin kveða skýrt á um það, hvaða laun skuli greiða og hvar í flokki starfsmenn ríkisins skuli vera. Hitt, hvort embætti þarf á að halda auknu starfsliði, er atriði, sem eðlilegast er, að ráðuneytin hafi frumkvæði að, þar sem daglegur embættisrekstur er gerður á þeirra ábyrgð og undir þeirra eftirliti.

Skipaeftirlitið er nú rekið með allverulegum halla fyrir ríkissjóð. Mun n. ræða um það við skipaskoðunarstjóra fyrir 3. umr., hvort ekki sé ástæða til að breyta gjaldskránni þannig, að þessi kostnaður verði minni fyrir ríkissjóðinn en gert er ráð fyrir í frv.

Lagt er til, að annar kostnaður en laun við eftirlit með verksmiðjum og vélum verði lækkaður um 65 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld standist á. Þrátt fyrir þessa lækkun hefur stofnunin 130 þús. krónur í annan kostnað, en það er 71 þús. kr. meira en skipaskoðun ríkisins hefur. Er þess því vænzt, að svo verði haldið á þessum málum, að jafnvel sé ekki þörf á að nota alla þá upphæð.

Nefndin hefur á undanförnum árum bent forstjóra þessarar stofnunar á, að það hljóti óhjákvæmilega að hafa áhrif á eftirlitið, að starfsmenn stofnunarinnar vinni einnig önnur óskyld störf fyrir ríkið. Vill nefndin enn ítreka þetta, einkum þegar verksvið stofnunarinnar hefur nú verið aukið.

Nefndin hefur fengið upplýst, að tekjur til eftirlits með skipulagi bæja og sjávarþorpa hafi á s. l. ári verið nægilegar til að mæta útgjöldum. Væntir nefndin þess, að svo megi verða framvegis, og er því lagt til, að tekjuliðurinn á frv. verði hækkaður um 59188 kr.

C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.

Tollstjóraembættið í Reykjavík hefur greitt á s. l. ári um 175 þús. kr. í aukavinnu, tollgæzlan um 170 þús. kr., ríkisskattanefndin rúmlega 8 þús., skattstofan í Reykjavík um 233 þús. auk rúmlega 561 þús. kr. fyrir tíma- og lausavinnu, skattstofan á Akureyri rúmlega 14 þús. og skattstofan í Vestmannaeyjum rúmlega 18 þús. Í þessum stofnunum hafa því verið greiddar alls í aukavinnu á árinu tæpar 620 þús. kr. auk þeirra 561 þús. kr., sem greitt er fyrir tíma- og lausavinnu. Er hér um svo háar upphæðir að ræða, að full ástæða er til að vekja á því athygli, enda er sýnilegt, að margar af þessum greiðslum eru beinlínis launahækkanir til viðkomandi manna. Er þess vænzt, að þessi atriði verði mjög athuguð og reynt að færa reksturinn í hagkvæmara horf.

12. gr.

Rætt hefur verið við landlækni og aðra þá aðila, sem fara með heilbrigðismálin. Skýrðu þeir nefndinni frá hinum mest aðkallandi þörfum í þessum málum. Er sýnilegt, að af tekjum ríkissjóðs verður ekki hægt að leggja fram á einu ári þær fjárhæðir, sem til þess þarf að mæta þeim þörfum. Nefndinni hafði einnig borizt erindi um sérstök framlög til sjúkrahúsbygginga í Hafnarfirði og á Blönduósi. Gat nefndin ekki fallizt á að leggja til, að teknar væru upp sérstakar fjárveitingar til þessara sjúkrahúsa, þar sem hún hefur ekki að undanförnu haft þann hátt á að skipta því fé, sem fram er lagt til sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa, og vill þá ekki heldur taka upp þá reglu nú, en með því að nefndin lítur svo á, að ekki verið komizt hjá því að sinna að einhverju leyti þessum erindum, er lagt til, að framlag til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa, verði hækkað um 500 þús. kr. Verði þessi till. meiri hl. n. samþykkt, hækka rekstrargjöldin á þessari grein um þá upphæð.

13. gr.

A. Vegamál.

Nefndin ræddi að venju við vegamálastjóra um vega- og brúaframkvæmdir. Upplýsti hann, að alls hefðu verið teknir 970 km af nýjum vegum á þessu ári upp í þjóðvegakerfið. Margir af þessum vegum hefðu áður verið í sýsluvegatölu og væri því nauðsynlegt að leggja eitthvert fé til þeirra, svo að viðkomandi héruð yrðu þó ekki lakara sett með vegaframkvæmdir en áður. Er því lagt til, að framlag til nýrra vega hækki um 1 millj. 965 þús. kr. og að því verði skipt á þann hátt, sem greinir í brtt.

Með tilvísun til þess, að kostnaður við vegaviðhaldið hafði orðið rúmar 20 millj. kr. á s. l. ári og mundi á þessu ári verða allmiklu hærri, lagði nefndin áherzlu á, að athugað yrði gaumgæfilega, hvort ekki væri unnt að taka upp einhverja nýbreytni í sambandi við vegaviðhaldið, þar sem hér er orðið um stórar fjárfúlgur að ræða, sem fara árlega hækkandi. Er sýnilegt, að með óbreyttum aðferðum nægir engan veginn sú upphæð til vegaviðhalds á næsta ári, sem tekin hefur verið inn á frv. Lagt er til, að þessi upphæð verði hækkuð um 2.6 millj. kr.

Þá upplýsti vegamálastjóri, hvaða brúaframkvæmdir hefðu átt sér stað á þessu ári, og gerði tillögur um nýsmíði brúa á næsta ári. Með því að mjög er nauðsynlegt, að ekki sé dregið úr þessum framkvæmdum, er lagt til, að framlag til brúa verði hækkað um 965 þús. kr. frá því, sem áætlað er á frv., og því skipt á þann hátt, sem lagt er til í brtt. Auk þessarar fjárhæðar er búizt við, að um 1.8 millj. kr. verði handbærar í brúasjóði til framkvæmda á næsta ári.

Lagt er til, að framlag til fjallvega verði hækkað um 150 þús. kr. frá því, sem lagt er til í frv. Er sýnilegt, að upphæð sú, sem nú er í frv., hrekkur engan veginn til þess að mæta nauðsynlegustu þörfum.

Framlög til ræktunarvega hafa engin verið tekin inn á frv. Er því lagt til, að til þeirra verði varið alls 68 þús. kr. og því fé skipt eins og lagt er til í brtt.

Fellt hafði verið niður framlag til vegagerðar í Kópavogi, 60 þús. kr., og er lagt til, að sú upphæð verði tekin inn í frv.

Vegamálastjóri upplýsti, að benzínnotkun, sem brúasjóður hefur tekjur af, hafi minnkað frá 1949 úr 29 þús. lítrum í 27 þús. lítra, sem hún hefði verið á s. l. ári. Tekjur brúasjóðs hefðu af þessum ástæðum farið minnkandi í hlutfalli við minnkandi sölu á benzíni.

Á það skal bent, að í þessari stofnun hefur á síðasta ári verið greitt fyrir aukavinnu alls rúmlega 64 þús. kr., og verður að líta svo á, að megnið af þessum greiðslum sé launahækkanir.

B. Samgöngur.

Nefndin ræddi við forstjóra Skiptaútgerðar ríkisins um rekstur strandferðaskipanna. Upplýst er, að á strandferðaskipunum, að undanskildu olíuskipinu Þyrli, hefur orðið á s. l. ári 5.8 millj. kr. rekstrarhalli, en rekstrarhagnaður á Þyrli um 1.1 millj. Búizt er við, að reksturinn á þessu ári verði eitthvað óhagstæðari, einkum á Þyrli. Upplýst var einnig, að nokkur halli hefði orðið á þessu ári á Heklu í Skotlandsferðum og ferðum til Norðurlanda, en hins vegar nokkur hagur af Spánarferð skipsins, svo að vænta má, að millilandasiglingarnar samanlagt skili nokkrum arði.

Í þessari stofnun hefur verið greitt í aukavinnu á s. l. ári um 1.2 millj. kr., þar af 62 þús. kr. fyrir aukavinnu í landi, en mismunurinn fyrir aukavinnu í skipum útgerðarinnar. Má segja sama um þessar greiðslur og áður er sagt, að margar þeirra verður að skoða sem launauppbætur.

Nefndin gerir ráð fyrir því, að samvinnunefnd samgöngumála geri, eins og venja er til, tillögur um framlög til flóabáta. Eru því engar tillögur gerðar um skiptingu á þessum lið.

C. Vitamál og hafnargerðir.

Þá ræddi nefndin við vita- og hafnarmálastjóra um rekstur vita- og hafnarmála og framkvæmdir á þessu ári, svo og um væntanlegar framkvæmdir á næsta ári.

Upplýst var, að ríkissjóður ætti vangreidd framlög til ýmissa hafnargerða, að upphæð 3.6 millj. kr., og að áætlað væri að vinna að nýjum framkvæmdum á næsta ári fyrir yfir 20 millj. kr., og væri áætlaður hluti ríkissjóðs af þeirri upphæð um 10 millj. kr. Lagði vita- og hafnarmálastjóri fram tillögur um skiptingu á framlagi til hafnarframkvæmdanna á næsta ári. Á yfirstandandi ári hafði verið veitt alls rúml. 2.8 millj. króna úr hafnarbótasjóði, og var nefndinni afhent sundurliðun á þeim greiðslum.

Lagt er til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 1 millj. og 10 þús. kr. og allri upphæðinni skipt á þann hátt, sem lagt er til í brtt.

Þá er enn fremur lagt til, að liðurinn C. X., til ferjuhafnar á Arngerðareyri, verði felldur niður. Samkvæmt V. kafla vegalaganna ber að reikna kostnað við ferjuhafnir með vegafé. Upplýst er, að hér sé um viðhald á bryggjunni að ræða, og ber því að greiða það af viðhaldi vega.

Lagt er til, að teknar séu inn á frv. 385 þús. kr. til ferjuhafna og skipt á þann hátt, sem sagt er í tillögunni.

Stofnunin hefur á síðasta ára greitt rúmlega 11 þús. fyrir aukavinnu. Meiri en helmingur þeirrar upphæðar er þó greiðslur vegna sjómælinga.

Lagt er til, að tekinn sé inn á þessa grein nýr liður, til viðhalds og endurbóta á róðrarmerkjum í Faxaflóa 60 þús. kr. Þykir óhjákvæmilegt að halda þeim við vegna þess fjölda báta víðs vegar að af landinu, sem not hafa af þeim.

Nefndin fékk til athugunar rekstrarreikning frá s. l. ári yfir vitaskipið Hermóð. Er rekstrarkostnaður skipsins um 1.2 millj. kr., en tekjur af leigu o. fl. 512 þús. kr. Rekstur vegna vitanna er því 754 þús. kr. Af launaupphæð, 604 þús. kr., sést ekki, hve mikið er greitt fyrir aukavinnu.

Þá fékk nefndin einnig rekstrarreikning dýpkunarskipsins Grettis. Heildarkostnaður, að upphæð 1 millj. 442 þús., er reiknaður hinum ýmsu hafnargerðum, og er skipinu þá reiknaðar tæpar 30 þús. kr. í rekstrarhagnað. Af 522 þús. kr. launagreiðslum eru greiddar 138 þús. kr. í aukavinnu.

D. Flugmál.

Nefndin ræddi við flugvallastjóra um rekstur flugmálanna. Með því að engin gögn liggja fyrir um launagreiðslur stofnunarinnar á s. l. ári, er nefndinni ókunnugt um aukavinnugreiðslur þar, en hún mun leita sér upplýsinga um þetta atriði fyrir 3. umr.

Í liðnum II. 6. er misritun, 100 þús. fyrir 1 millj., og samlagningarskekkja um 40 þús. kr. Er gerð tillaga til leiðréttingar á þessu. — Þá er einnig gerð tillaga um, að við lið XIII. verði bætt orðunum „í eitt skipti fyrir öll“, þar sem upplýst er, að ekki þarf að gera ráð fyrir þessum kostnaði nema í eitt skipti.

Verði allar þessar tillögur meiri hl. nefndarinnar samþykktar, hækkar framlag á 13. gr. um 8 millj. 540 þús. kr.

14. gr.

Nefndin hefur kynnt sér þau gögn, sem til hennar hafa verið send og snerta fræðslumálin í landinu, og rætt þau við fræðslumálastjóra.

Af bréfi frá rektor menntaskólans í Reykjavík er upplýst, að við skólann starfa 14 fastir kennarar. Skyldukennsla þeirra er 304 kennslustundir á viku, eða að meðaltali tæpar 22 kennslustundir á hvern kennara. Hins vegar er skólanum þörf á 768 kennslustundum á viku, og verður því að ráðstafa með stundakennslu 464 kennslustundum, eða rúmlega 16 þús. stundum á skólaárinu. Á síðasta ári er greitt fyrir aukakennslu til fastra kennara 277 þús. kr., eða nærri 20 þús. kr. til

hvers, ef reiknaðar væru jafnar greiðslur til allra, en svo hefur þó eigi verið, því að sumir fastir kennarar hafa fengið greiddar s. l. ár nærri 42 þús. kr. fyrir aukakennslu fram yfir föstu launin. Ýmsir aðrir stundakennarar við skólann, sem þar fá háar greiðslur fyrir kennslu, eru auk þess á fullum launum hjá ríkinu við önnur störf eða við sams konar störf í öðrum skólum, eins og sumir hverjir fastakennarar við skólann gegna jafnframt launuðum störfum við aðrar ríkisstofnanir. — Við menntaskólann á Akureyri hafa verið greiddar 336 þús. kr. fyrir stundakennslu á s. l. ári. Af þeirri upphæð eru 150 þús. greiddar föstum kennurum skólans auk föstu launanna. Vitað er einnig, að sumir þeirra hafa og önnur launuð störf hjá ríkinu, eins og hitt er einnig vitað, að sumir af þeim, sem kenna við skólann, aðrir en fastir kennarar, eru jafnframt á fullum launum hjá ríkinu. — Við Laugarvatnsskólann er aukakennslan nærri 60 þús. kr., hjá Kennaraskólanum 23 þús. kr., hjá Stýrimannaskólanum 60 þús. kr., og þannig mætti halda áfram um flesta skóla ríkisins, þótt í smærri stíl sé. Framlög til fræðslumálanna eru þegar langstærsti liður fjárlaganna og sívaxandi. Verður ekki komizt hjá því að athuga þegar, hvort ekki er unnt að koma hér á betra skipulagi. Tölur þær, sem hér eru birtar, benda til þess, að hér þurfi margvíslegra umbóta við í þessum málum.

Lagt er til, að framlag til Garðyrkjuskólans á Reykjum verði hækkað um 30 þús. kr. til kaupa á verkfærum og til tilrauna. Er það eina hækkunin, sem lagt er til að gerð verði á þessari grein.

15. gr.

Nefndin ræddi við fornminjavörð um viðhald gamalla bygginga. Taldi hann óhjákvæmilegt að hækka framlag til viðhalds, ef forða ætti frekari skemmdum á sumum þeirra. Hann taldi einnig mjög mikilsvert, ef unnt væri að hækka framlag til örnefnasöfnunar, svo að hægt væri að bjarga örnefnum frá gleymsku og tryggja áfram til þessara starfa mjög hæfan mann, sem við þetta hefur fengizt. Leggur meiri hl. n. til, að framlag til viðhalds gamalla bygginga verði hækkað um 20 þús. kr. og framlag til örnefnasöfnunar um 10 þús. kr.

Lagt er til að taka upp framlag til héraðsbókasafns Borgfirðinga, 3 þús. kr., en fella niður framlag til bókasafnsins í Borgarnesi, 1 þús. kr., þar sem bókasafn þetta hefur verið gert að héraðsbókasafni. — Þá er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, til bókasafns landsspítalans, 2 þús. kr. — Lagt er til, að felldur verði niður úr frv. styrkur til Halldórs Halldórssonar, 15 þús. kr. Verki því, er styrkurinn var veittur til á fjárlögum yfirstandandi árs, er lokið og upphæðin tekin á frv. af vangá.

Lagt er til að taka upp nýjan lið í gr., til byggðasafns Rangæinga til þess að koma upp skýli yfir skipið Pétursey 5 þús. kr., — og enn fremur annan nýjan lið, til rannsóknar á kirkjugrunni í Skálholti 40 þús. kr.

Þá er lagt til, að hækkað sé framlag til Bandalags ísl. leikfélaga um 30 þús. kr. og að tekinn sé upp styrkur til Ingibjargar Steinsdóttur leikkonu í viðurkenningarskyni fyrir farkennslu í leiklist og framsögn, 5 þús. kr. — Þá er enn fremur lagt til, að teknir séu upp styrkir til nokkurra listamanna, sem nám stunda erlendis, alls 48 þús. kr. — Lagt er til að hækka framlag til Kirkjukórasambandsins um 10 þús. kr. — Lagt er og til, að framlag til landmælinga sé hækkað um 30 þús. kr. Er verið að vinna að þessu verki og mjög nauðsynlegt að koma því áfram svo fljótt sem verða má.

Verði allar þessar tillögur samþykktar, hækka gjöld á þessari grein um 147 þús. kr. — Á það skal bent, að húsverði þjóðminjasafnsins hafa verið greiddar á s. l. ári 9 þús. kr. fyrir aukavinnu. Verður að líta svo á, að hér sé um beina launahækkun að ræða.

Nefndin ræddi við forstjóra Veðurstofunnar um rekstur stofnunarinnar, og var m. a. bent á, að í þessari stofnun hafa verið greiddar fyrir aukavinnu á s. l.

ári nærri 170 þús. kr. Væntir nefndin þess, að athugað verði, hvort ekki sé unnt að draga úr þessum kostnaði.

16. gr.

Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður, til umbóta á Reykhólum 25 þús. kr. Hefur þetta verið áður á fjárlögum, og er verkinu enn ekki lokið. — Þá er einnig lagt til, að teknar séu upp 80 þús. kr. til landþurrkunar, sem skiptist á þá staði, sem greint er í tillögunum. — Einnig er lagt til að taka upp nýjan lið, byggingarstyrk vegna sjóvinnunámskeiða á Akureyri 20 þús. kr.

Nefndin ræddi við raforkumálastjóra um raforkuframkvæmdir og kostnað við rekstur raforkumálanna. Var m. a. bent á, að þessi stofnun hefur á s. l. ári greitt rúmlega 140 þús. kr. fyrir aukavinnu. Þykir ástæða til þess, að athugað verði, hvort ekki mætti spara eitthvað á þeim lið.

Ef breytingartill. meiri hl. nefndarinnar við þessa grein verða allar samþykktar, hækka útgjöld á henni um 125 þús. kr.

17. gr.

Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður, byggingarstyrkur til elliheimilisins í Skjaldarvík 25 þús. kr. Hér er um svo einstæðar framkvæmdir að ræða af hálfu einstaklings, að rétt þótti að viðurkenna þær á þennan hátt. — Þá er einnig lagt til, að framlag til vatnsveitna verði hækkað um 100 þús. kr. frá því, sem er í frv. Hefur nefndin fengið upplýsingar um þær framkvæmdir, sem fyrir liggja, og telur óhjákvæmilegt með tilliti til þeirra að hækka framlagið um þessa upphæð. — Lagt er einnig til, að framlag til Sambands ísl. berklasjúklinga verði hækkað um 50 þús. kr. Starf þessara manna er svo frábært og þýðingarmikið og þörfin fyrir að koma sem fyrst upp vinnuskálum svo mikil, að rétt þótti að hækka framlagið um þessa upphæð. — Þá er einnig lagt til, að felldur sé niður 17. liður gr., bætur fyrir handtöku 50 þús. kr. Nefndinni hefur þegar borizt erindi frá tveimur öðrum aðilum, sem telja sig eiga sama rétt til bóta, ef Alþingi viðurkennir bótaskyldu yfirleitt vegna fangelsisvistar eða meiðsla íslenzkra þegna á styrjaldarárunum. Auk þess lítur meiri hl. nefndarinnar svo á, að það sé á engan hátt séð fyrir endann á þeim kröfum, sem gerðar kunna að verða á hendur ríkissjóði, ef þessi skylda er viðurkennd á þann hátt að greiða bætur svo sem gert er ráð fyrir í frv.

Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður, til alþjóðabarnahjálparsjóðsins 50 þús. kr. Er þetta gert samkvæmt sameiginlegri ósk frá ríkisstjórninni.

Verði allar þessar till. meiri hl. nefndarinnar samþykktar, hækka framlög samkvæmt þessari grein um 175 þús. kr.

Rétt þykir að benda á, að Tryggingastofnun ríkisins hefur á s. l. ári greitt fyrir aukavinnu, eftir því sem nefndin hefur fengið upplýst, 40 þús. kr. Þykir ástæða til þess, að athugað verði, hvort ekki mætti draga úr þessum kostnaði. Rétt þykir og að benda á, að samanlögð greidd aukavinna í hinum ýmsu stofnunum nemur á s. l. ári talsvert á sjöundu milljón króna eftir þeim skýrslum, sem nefndin hefur fengið hér um. Þessar skýrslur eru þó á engan hátt tæmandi. Sýna þessar tölur, hversu það er aðkallandi að fá heildaryfirlit yfir þessi mál og gera raunverulegar umbætur hér á.

Nefndin hefur ekki að fullu lokið tillögum sínum um breytingar við 18. og 20. gr. eða við 22. gr., en mun athuga þetta fyrir 3. umræðu.

Hér er að síðustu heildaryfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, að gerðar verði:

1. Hækkun tekna alls	kr.	10 000 000
÷ Lækkun tekna	—	300 000
Tekjuhækkun alls	kr.	9 700 000

2. Hækkun gjalda alls	kr.	8 409 000
÷ Lækkun gjalda	—	282 188
Gjaldahækkun alls	kr.	8 126 812

Ef allar breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar verða samþ., munu niðurstöðutölur fjárlaga verða sem hér segir:

Rekstraryfirlit.

Tekjur samkv. frv.		kr.	387 984 750
+ Tekjuhækkun		—	9 700 000
Tekjur alls		kr.	397 684 750
Gjöld samkv. frv.	kr.	351 955 159	
+ Gjaldahækkun	—	8 126 812	
Gjöld alls	kr.	360 081 971	
Rekstrarhagnaður	—	37 602 779	
Alls	kr.	397 684 750	397 684 750

Sjóðsyfirlit.

Innborganir		kr.	402 644 750
Útborganir	kr.	400 513 641	
Hagstæður greiðslujöfnuður	—	2 131 109	
	Kr.	402 644 750	kr. 402 644 750

Fyrir öllum breytingartillögum er meiri hluti í nefndinni.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Ingólfur Jónsson. Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson. Pétur Ottesen. Jónas G. Rafnar.

Nd. 284. Frumvarp til laga [66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal enn fremur, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, hafa heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. mgr.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal kveða nánar á um takmörkun skv. 1. gr. með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 285. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Umboðsmönnum tryggínganna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi.

Nd. 286. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

a) Einstaka gripi: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.
b) Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.
d) Heil sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

Umboðsmönnum tryggínganna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi.

3. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkvæmt 3. gr., ákveður vátryggjandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattsmatsverð.

Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálft skattmatsverð.

Þeir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fái 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

4. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarsjóður bætir að fullu vátryggingarverð, en þó því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum. Frá bótum dragast nytjar vanhaldafénaðar eftir hæfilegu mati.

5. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 113 13. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkissjóður greiðir í Búfjártryggingarsjóð sem óafturkræft framlag 300 þús. kr. með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári.

Ed. 287. Frumvarp til laga [165. mál]

um innflutning og sölu ríkisins á olíu og benzíni.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal árlega annast innflutning á nokkrum stórum förmum af olíu og benzíni í því skyni að fá þessar vörur til landsins með sem hagkvæmustum kjörum og lækka verð þeirra í landinu.

2. gr.

Olíu þá og benzín, sem ríkisstjórnin annast innflutning á samkv. 1. gr., skal hún selja í heildsölu og á sama verði alls staðar þar, sem olíuskip getur landað í olíu- og benzíngeyma. Skal það verð vera kostnaðarverð olíunnar og benzínsins í aðalbirgðastöð, að viðbættum áætluðum meðalflutningskostnaði með olíuflutningaskipi ríkisins.

3. gr.

Nú hagar svo til, að samtök útvegsmanna, sem öllum útvegsmönnum á viðkomandi stað er heimil þátttaka í, óska að kaupa olíu í heildsölu af ríkisstjórninni, en hafa ekki né geta fengið afnot af olíugeymi, og er ríkisstjórninni þá heimilt, ef einstaklingur eða félag á olíugeymi á viðkomandi stað, að taka hann leigunámi eða eignarnámi og framleigja hann eða selja fyrrgreindum samtökum útvegsmanna.

4. gr.

Ef stéttarsamtök bifreiðarstjóra eða samvinnufélög bifreiðaeigenda, sem hafa akstur bifreiða sinna að aðalatvinnu, óska að kaupa í heildsölu benzín af ríkisstjórninni og þau geta ekki komið því við með öðrum hætti, er ríkisstjórninni heimilt að taka leigunámi eða eignarnámi benzíngeyma og benzínflutningabifreiðar olíufélaga, svo sem hún telur nauðsyn bera til, og framleigja eða selja fyrrgreindum samtökum bifreiðarstjóra eða bifreiðareigenda.

5. gr.

Ef ríkisstjórnin telur ástæðu til að ætla — eða kemst að raun um, að einhver sá aðili, sem hún selur olíu eða benzín í heildsölu, leggi óhæfilega á vöruna við sölu til notendanna getur hún mælt fyrir um hámarksálagningu á vöruna.

6. gr.

Ráðuneyti það, sem sér um samninga um sölu á aðalútflutningsvörum landsins, skal annast framkvæmd á fyrirmælum þessara laga, og er ríkisstjórninni heimilt að taka rekstrarlán til framkvæmdanna, eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Olíunotkun Íslendinga hefur vaxið mjög á undanförnum árum, og mun olíuinnflutningurinn vera orðinn einn allra stærsti liðurinn í innflutningsverzlun landsins. Þannig hefur á þremur ársfjórðungum þessa árs verið flutt inn olía og benzín fyrir um það bil 100 millj. kr. Það skiptir því mjög miklu máli fyrir landsmenn, að þessi vara sé fengin til landsins með sem hagkvæmustum kjörum, og að henni sé komið til notendanna — á hafnir víðs vegar um landið — með eðlilegum hætti.

Hitt er svo aftur kunnara en um þurfi að ræða, að verzlun með þessa vöru hefur yfirleitt verið í höndum auðhringa, sem lagt hafa meiri áherzlu á það að safna fé í eigin hirzlur heldur en hitt að sjá atvinnuvegum og einstaklingum, sem olíuna eða benzínið þurfa að kaupa, fyrir hagkvæmum kjörum.

Eins og hér hagar til, mundi vera mjög auðvelt fyrir ríkisvaldið að grípa inn í og „kontrolera“ verðið á þessari vöru. Ríkið á feikistóra olíustöð í Hvalfirði, sem að nokkrum hluta er leigð einu olíufélaganna hér, en að miklu leyti er þó ónotuð. Aðalbirgðastöð fyrir olíuinnflutning ríkisins er þannig fyrir hendi og bíður ónotuð. Olíu- og benzínflutningur til landsins er framkvæmdur með erlendum leiguskipum, og ætti ríkisstjórninni ekki að vera torveldara en öðrum að fá skip til flutninganna. Ríkið á olíuskip, sem á vegum Skipaútgerðar ríkisins hefur annazt olíu- og benzínflutninga á hafnir úti um land og mun að sjálfsögðu gera það áfram.

Það þarf sem sagt enga nýja fjárfestingu til þess, að ríkisstjórnin geti annazt þann þátt í öflun og dreifingu olíunnar, sem frumvarpið mælir fyrir um.

Ég tel alveg sjálfsagðan hlut, að ríkisvaldið noti þessa ágætu aðstöðu til þess að gerast þátttakandi í olíuinnflutningnum — í því skyni að afla aðþrengdum sjávarútvegi okkar og öðrum olíunotendum þessarar nauðsynjavöru með sem hagkvæmustum kjörum, og vænti ég, ef vel er á haldið, að unnt muni að stórlækka verð á olíu og benzíni í landinu með þessum hætti. Mundi mörgum sýnast það nærtækari

aðgerð til aðstoðar við útveginn heldur en t. d. bátagjaldeyriskerfið, sem ríkisstjórnin hefur tekið upp að Alþingi fornspurðu og að meiri hluta verður að milliliðagróða í mynd okurálagningar á ýmsar nauðsynjavörur landsmanna.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, að ríkið annist dreifingu olíunnar í smásölu, heldur aðeins að það selji í heildsölu það magn, sem ríkisstjórnin annast innflutning á, og láti olíuskip ríkisins eða önnur tankskip flytja vöruna til þeirra staða, sem óska að kaupa hana í heildsölu og hafa aðstöðu til að veita henni viðtöku í geyma, sem olíuskipið getur landað í. Selja skal olíuna og benzínið á sama verði á öllum slíkum stöðum — og gert ráð fyrir því, að ríkið leggi ekki á verðið nema fyrir þeim kostnaði, sem leiðir af innflutningi þess á vörunni og flutningi hennar í olíugeyma á höfnum úti um land, svo sem áður segir.

Þessi starfsemi er þannig ekki hugsuð sem tekjulind fyrir ríkissjóðinn, heldur einvörðungu, hvað þetta snertir, sem kröftugt átak til þess að lækka olíuverðið í landinu — og til þess að koma á eðlilegum jöfnuði á verði olíu og benzíns á þeim stöðum, sem fyrrgreind skilyrði uppfylla.

Á undanförnum árum hafa víða í verstöðvum landsins verið mynduð olíusamlög, sem hafa komið sér upp olíugeymum og kaupa olíu í heildsölu fyrir félagsmenn sína. Slík olíusamlög yrðu sjálfsagðir viðskiptavinir ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Hið sama yrði um síldarverksmiðjurnar og aðrar stórar verksmiðjur og iðjuver, sem nota olíu sem orkugjafa; einnig olíurafstöðvar þær, sem allvíða eru á landinu og hafa sannarlega þörf fyrir að fá olíuna ódýrari en nú er til þess að geta dregið úr þeim mikla mun, sem er á rafmagnsverði þeirra og vatnsaflsstöðvanna.

En þótt þegar séu margir slíkir aðilar, sem hafa aðstöðu til að neyta viðskiptanna við ríkisstjórnina — ef þessi háttur yrði upp tekinn — mundu þó vafalaust margir fleiri vilja bindast samtökum til að afla sér nauðsynlegrar aðstöðu í þessu efni.

Ég hef þess vegna tekið inn í frumvarpið ákvæði, sem heimila ríkisstjórninni að taka leigunámi eða eignarnámi olíugeyma og nauðsynleg dreyfingartæki, ef fyrir hendi eru, og framleigja eða selja samtökum, sem olíu- eða benzínnotendur á viðkomandi stað hafa myndið í því skyni að taka upp viðskipti við ríkisstjórnina.

Varðandi þá staði, sem engin slík tæki hafa og þyrftu því að byggja af grunni, vil ég minna á lög nr. 110 30. des. 1943, um olíugeyma o. fl., en samkv. þeim er heimilt að veita bæði beinan styrk og lán til að byggja olíugeyma.

Sá rökstuðningur, sem ég hef hér að framan flutt fyrir nauðsyn þessa máls, er allur út frá því sjónarmiði, að olíu- og benzínnotendur eigi þess kost að fá þessa nauðsynjavöru með lægra verði en nú er. En á þessu máli er einnig önnur hlið, sem getur varðað atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar mjög miklu.

Ég gat þess í upphafi greinargerðarinnar, að olía og benzín væru orðin einn stærsti liðurinn í innflutningi til landsins, þ. e. nokkuð á annað hundrað milljónir yfir árið. Er þá ekki auðsætt, að það væri ríkisstjórninni mikið vopn í hendi í sambandi við viðskiptasamninga við aðrar þjóðir að geta boðizt til að kaupa m. a. þessa einu vöru fyrir tugi milljóna króna? Væri ekki nær að reyna að nota slíkt innkaupamagn til vöruskipta við aðrar þjóðir, frekar en að taka í skiptin fullunnar iðnaðarvörur í stórum stíl til niðurdreps fyrir innlenda iðnaðarframleiðslu — og láta svo olíufélögin kaupa olíuna fyrir frjálsan gjaldeyri?

Þessu mun verða svarað því, að ekki séu sjávarafurðir okkar jafneftirsóttar á heimsmarkaðinum og olían, og er það að vísu rétt. En við það, að fleiri og fleiri lönd brjóta af sér einokun olíuhringanna, skapast nýir möguleikar til slíkra viðskipta, og þá möguleika á að rannsaka og nota svo sem framast er unnt.

Ég taldi því rétt að setja í frumvarpið fyrirmæli um það, að framkvæmdin á innflutningi olíunnar skyldi heyra undir það ráðuneyti, sem annast samninga um sölu á aðalútflutningsvörum landsins — og ættu þá olíukaupin ekki að gleymast, þegar viðskiptasamningar eru gerðir.

Nd. 288. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til laga um ættleiðingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt með lítils háttar breytingum.

Við veitingu ættleiðingarleyfa hefur til þessa verið farið eftir konungsúrskurðum frá 13. des. 1815 og 23. des. 1864, sem þó voru aldrei birtir hér á landi. Í nefndum heimildum eru fáar reglur settar um skilyrði og verkanir ættleiðinga, og hafa því ýmsar reglur skapazt í þessu efni við venjur í stjórnvaldsmeðferð, eins og segir í greinargerð fyrir frumvarpinu. En svo sem vænta má, eru hinar ólögboðnu reglur óákveðnar og teygjanlegar. Hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa fyrir alllöngu síðan gengið frá löggjöf um ættleiðingu.

Nefndin telur rétt að lögfesta fyrirmæli varðandi ættleiðingu, ekki sízt vegna þess að ættleiðingar tíðkast nú meir en áður.

Nefndin hefur leitað umsagnar barnaverndarráðs. Hefur ráðið mælt með nokkrum breytingum á frumvarpinu. Tekur nefndin upp þær breytingar að mestu leyti.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. koma tveir nýir málsl., svo hljóðandi:
   Eldri manni en 65 ára má þó ekki veita leyfi til að ættleiða yngra barn en 16 ára. Ef um hjón er að ræða, má þó annað þeirra vera eldra en 65 ára.
2. Við 8. gr.
   Síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Einnig skal leita umsagnar sóknarprests og barnaverndarnefndar.
3. Við 19. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 24. nóv. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Emil Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 289. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Í frumvarpi þessu, sem borið er fram af 3 hv. þingm., er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán, 15 milljónir króna, og endurlána það iðnaðarbankanum.

Fleiri þingmannafrumvörp um útvegun lánsfjár til ýmissa stofnana og framkvæmda liggja nú fyrir Alþingi. Þannig hefur komið fram þingmannafrumvarp um byggingarsjóð kauptúna, þar sem gert er ráð fyrir 5 millj. kr. ríkislántöku, annað um 15 millj. kr. lán til raforkuframkvæmda og eitt enn um 30 millj. kr. lántöku vegna íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum.

Ríkisstjórnin vinnur nú að því að útvega lánsfé til þess að ljúka þeim virkjunarframkvæmdum, sem unnið er að við Sogið og Laxá, og áburðarverksmiðjunni. Er talið, að til þess vanti enn um 70 milljónir króna. Þá mun ríkisstjórnin hafa ákveðið að beita sér fyrir því, að sementsverksmiðjan verði byggð svo fljótt sem auðið er, en áætlað er, að til þess þurfti að útvega a. m. k. 75 millj. kr. að láni. Enn

má minna á það, að á tveim síðustu þingum hafa verið samþykkt heimildarlög um ný raforkuver og rafveitur í ýmsum héruðum landsins og lántökuheimildir veittar vegna þeirra framkvæmda. Nema þær heimildir 79 milljónum króna, en þau lán hafa enn ekki verið tekin og framkvæmdir ekki hafnar á þessum stöðum vegna þeirra stóru viðfangsefna, er setið hafa í fyrirrúmi. En fólkið, sem býr í þeim héruðum, er hlut eiga að máli, bíður eftir því að fá rafmagn til heimilisnota.

Fyrir þetta þing hefur ríkisstjórnin lagt frumvarp um 16 millj. króna lántökuheimild vegna lánadeildar smáíbúða og annað frumvarp um 22 millj. kr. lántöku handa Ræktunarsjóði og byggingarsjóði landbúnaðarins. Er til þess ætlazt, að með þessu verði að nokkru bætt úr brýnni þörf fyrir lánsfé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum, og til ræktunarframkvæmda. Má gera ráð fyrir, að þessi frumvörp verði samþykkt nú á þinginu, og hefur ríkisstjórnin lýst því yfir, að hún ætli sér að láta útvegun fjár samkvæmt þessum heimildum sitja fyrir öðru.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þarf enn að útvega til stóru fyrirtækjanna þriggja, sem nú er unnið að, til Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs, smáíbúðanna og sementsverksmiðjunnar, samtals um 183 milljónir króna, og í lögum eru þar að auki, samkvæmt framansögðu, heimildir til lántöku vegna rafvirkjunarframkvæmda, að upphæð 79 milljónir króna. Samtals eru þá heimildir í þeim lögum og frumvörpum, sem hér hafa verið nefnd, fyrir lántökum að upphæð 262 millj. króna. Er því vel ljóst, að ærið verkefni er fram undan að útvega þetta fé og engar horfur á því, að betur takist til nú um sinn en svo, að það heppnist. Fyrir þinginu liggja hins vegar, eins og áður segir, tillögur um margar nýjar og stórar lántökur til viðbótar áður nefndum 262 millj. króna. Þar sem málið liggur þannig fyrir, þykir minni hluta nefndarinnar ekki tímabært að gera upp á milli þeirra nýju tillagna um þessi efni, sem nú liggja fyrir í þingmannafrumvörpum.

Þá viljum við og taka fram, að við teljum, að eðlilegt sé, að ríkisstjórnin meti það á hverjum tíma, í samráði við þann þingmeirihluta, er hún styðst við, í hvaða röð þau verkefni eru leyst, sem ríkið þarf að vinna að og lánsfé þarf til, og að ríkisstjórnin eigi að hafa forgöngu um útvegun lántökuheimilda, eða tillögur um slíkar heimildir séu afgreiddar í samráði við ríkisstjórnina. — Við leggjum því til, að **frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 24. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, frsm. Páll Þorsteinsson.

Ed. 290. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur í dag athugað og rætt frv. þetta á fundi sínum. Þar sem hér er aðeins um framlengingu ýmissa gjaldahækkana að ræða, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt, en einn nefndarmanna (BrB) telur sig þó ekki samþykkan frv. í einstökum atriðum og skrifar undir nefndarálitð með fyrirvara.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorsteinn Þorsteinsson, frsm.

Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason, **með fyrirvara.**

Sþ. 291. Nefndarálit [70. mál]

um till. til þál. um lánveitingar út á smábáta og vátryggingar smábáta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið. Hún lítur svo á, að smábátaútgerðin sé mjög mikilsverð og líkleg til að vaxa að notagildi frá því, sem nú er, fyrir fiskimenn við strendur landsins vegna víkkunar landhelginnar.

Leggur nefndin til, að þingsályktunartillagan á þskj. 73 verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson, frsm.

Áki Jakobsson. Magnús Jónsson. Jörundur Brynjólfsson.

Jón Sigurðsson.

Ed. 292. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Þorsteinn Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 293. Lög [2. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 236.

Ed. 294. Lög [38. mál]

um breyting á lögum nr. 44 5. rpíl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhlj. þskj. 38.

Ed. **295. Lög** [3. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 3.

Ed. **296. Lög** [116. mál]

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 167.

Nd. **297. Frumvarp til laga** [31. mál]

um íslenzkan ríkisborgararétt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Barn öðlast íslenzkt ríkisfang við fæðingu

1. ef það er skilgetið og faðir þess er íslenzkur ríkisborgari,
2. ef það er skilgetið og fætt hér á landi og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari, enda eigi faðir þess hvergi ríkisfang eða barnið fær ekki ríkisfang föðurins við fæðingu,
3. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari.

Barn, sem fundizt hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenzkur ríkisborgari.

2. gr.

Nú eiga íslenzkur karlmaður og erlend kona börn saman áður en þau ganga í hjónaband, og öðlast börnin þá íslenzkt ríkisfang við giftingu foreldranna, ef þau hafa þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri, en innan fullnaðs 23 ára aldurs.

3. gr.

Útlendingur, sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér samfleytt lögheimili síðan, öðlast íslenzkt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenzkt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára.

Eigi ríkið í ófriði, getur borgari í óvinaríki ekki öðlazt íslenzkt ríkisfang samkvæmt þessari grein. Sama á við um þann, sem ekki á ríkisborgararétt í neinu ríki, en hefur síðast átt ríkisborgararétt í óvinaríki.

4. gr.

Nú hefur einhver, sem öðlazt hefur íslenzkt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fullnaðs 18 ára aldurs, misst íslenzks ríkisfangs síns, og fær hann þá ríkisfangið að nýju, hafi hann átt hér lögheimili síðustu 2 árin, með því að til-

kynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Sé hann ríkisborgari í öðru landi, stoðar slík yfirlýsing þó því aðeins, að hann sanni, að hann við þetta missi hins erlenda ríkisborgararéttar.

5. gr.

Nú öðlast karlmaður ríkisfang, samkvæmt 3. gr. eða 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin, ógift börn hans, undir 18 ára aldri, sem búsett eru hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum móðurinnar.

Ákvæði 1. málsliðs 1. málsgreinar, um að skilgetið barn öðlist ríkisfang með föðurnum, gildir með sama hætti

1. um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins,
2. um samband skilgetins barns og móður þess, sem er ekkja,
3. um samband skilgetins barns og móður þess, er hjúskap hennar er slitið eða hún skilin að borði og sæng, og hún hefur forráð barnsins.

6. gr.

Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.

Áður en umsóknir um ríkisborgararétt eru lagðar fyrir Alþingi, skal dómsmálaráðuneytið fá um þær umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna á dvalarstöðum umsækjenda.

Eigi sá börn, sem ríkisborgararétt fær með lögum, fer um þau eftir ákvæðum 5. greinar, nema lögin láti öðruvísi um mælt.

7. gr.

Íslenzks ríkisfangs missir

1. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki,
2. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki,
3. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess, sem hafa forráð þess, fá erlent ríkisfang samkvæmt 1. eða 2. tölulið greinarinnar, eða foreldri, sem hefur eitt forráð barnsins eða ásamt hinu, sem ekki er íslenzkur ríkisborgari, fær erlent ríkisfang með fyrrnefndum hætti,
4. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess ganga í hjónaband. Ef barnið er búsett hér á landi, missir það eigi íslenzks ríkisfangs nema það flytji af landi brott innan 18 ára aldurs og eigi þá ríkisborgararétt í öðru landi.

8. gr.

Íslenzkur ríkisborgari, sem fæddur er erlendis og aldrei hefur átt lögheimili hér á landi né hefur dvalizt hér í einhverju skyni, er af megi ráða að hann vilji íslenzkur ríkisborgari vera, missir íslenzks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára. Þó getur forseti leyft, að hann haldi ríkisfangi sínu, ef um það er sótt innan þess tíma.

Nú missir einhver íslenzks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, og missa þá einnig börn hans íslenzks ríkisfangs, sem þau hafa öðlazt á grundvelli ríkisfangs hans.

9. gr.

Forsetinn getur leyst þann, sem orðinn er eða óskar að verða erlendur ríkisborgari, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

10. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður hafi öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt við setningu laga þessara eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að lýsa ósk sinni þar um. Skjóta má úrskurði um þetta efni undir úrlausn dómstóla.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Yfirlýsingu samkvæmt lögum þessum, um að maður óski að verða íslenzkur ríkisborgari, getur aðeins aðili sjálfur gefið, en ekki forráðamaður eða handhafi foreldravalds.

Þar sem eigi er annað ákveðið aldursmark í lögum þessum, skal þeim, sem náð hefur 18 ára aldri, heimilt að gefa yfirlýsingu um ríkisborgararétt samkvæmt lögum þessum, án tillits til þess, að hann er háður forráðum annars manns.

11. gr.

Barn undir 18 ára aldri, sem mundi hafa átt íslenzkan ríkisborgararétt, ef ákvæði 1. gr. 1. málsgr. 2. töluliðs hefðu verið í gildi fyrir gildistöku þessara laga, og ekki er eða hefur verið ríkisborgari í öðru landi, öðlast íslenzkt ríkisfang við gildistöku laganna.

Kona, sem samkvæmt áður gildandi löggjöf hefur misst íslenzks ríkisfangs við það að giftast erlendum ríkisborgara eða við það að öðlast erlendan ríkisborgararétt, annaðhvort við hjónaband eða vegna þess að eiginmaður hennar hefur öðlazt erlendan ríkisborgararétt, en mundi hafa haldið íslenzku ríkisfangi sínu, ef ákvæði þessara laga hefðu áður verið í gildi, getur endurheimt ríkisborgararétt sinn með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Slíka tilkynningu skal þó bera fram fyrir 31. des. 1957.

Kona, sem nær 22 ára aldri fyrir 1. jan. 1956, og hefur verið eða er gift er hún nær þeim aldri, missir ekki íslenzks ríkisfangs samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. fyrr en í árslok 1956.

Nú flyzt maður búferlum af landi héðan, sem orðinn er ríkisborgari í öðru landi, en hefur haldið íslenzku ríkisfangi samkvæmt ákvæði 2. málsliðs 5. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935, og missir hann þá ekki íslenzks ríkisfangs, nema hann eigi enn ríkisborgararétt í öðru landi og mundi missa eða hafa misst íslenzks ríkisfangs samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga, ef þau hefðu áður haft gildi.

Nú verða þær aðstæður fyrir hendi eftir gildistöku laga þessara, er nægja til þess að öðlast ríkisborgararétt eða varða missi hans, og skal þá fara eftir ákvæðum laga þessara eins og þau hefðu áður gilt.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Ed. 298. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1950, um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til við deildina, að það sé afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að lög um útsvör eru í endurskoðun hjá stjórnskipaðri milliþinganefnd, sér deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

GÍG var ekki á fundi, er ákvörðun var tekin í málinu.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Nd. 299. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélagið skal njóta sömu réttinda og Landsbankanum eru veitt í 50. og 52.—58. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk bankamálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara um afstöðu til málsins.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Breytingin, sem gerð er með frumvarpi þessu, er sú, að inn í 9. gr. laganna er bætt ákvæði um, að Útvegsbankinn skuli hafa sömu réttindi og Landsbankinn hefur samkvæmt 53. og 54. gr. laga nr. 10/1928. Samkvæmt 53. gr. er bankanum heimilt að áskilja sér hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignaveði, en samkvæmt 54. gr. skal gefa bankanum kauplaust vottorð úr afsals- og veðmálabókum.

Búnaðarbanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 115/1941, 51. gr., sömu réttindi og Landsbankinn samkvæmt 53. gr. Virðist eðlilegt, að Útvegsbankinn hafi sömu réttindi.

Nd. 300. Frumvarp til laga [167. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1953 og 1954, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hlut-

höfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni stjórnar h/f Eimskipafélags Íslands í bréfi, dags. 30. okt. 1952. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Nd. 301. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið er samhljóða lögum, er nú gilda í þessum efnum. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form.	Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Hafstein.

Nd. 302. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið er samhljóða lögum, er nú gilda um þetta efni, og leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Nd. 303. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög um þetta efni. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Ed. 304. Breytingartillaga [69. mál]

við brtt. á þskj. 263 [Togarakaup Húsvíkinga].

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Í stað orðanna „einhver aðili, sem hún metur til þess hæfan“ komi: hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag eða hlutafélag, sem bærinn eða hreppurinn er þátttakandi í.

Ed. 305. Frumvarp til laga [69. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað — eða fyrir hlutafélög, sem kaupstaðirnir, báðir eða hvor um sig, eru þátttakendur í — lán til kaupa á einum togara fyrir báða eða sínum togara fyrir hvorn. Ábyrgðirnar mega vera fyrir upphæðum, er nema allt að 90% af kaupverði togaranna, enda sé kaupverðið ekki óðlilega hátt að áliti ríkisstjórnarinnar. Auk veðs í togurunum skulu settar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 306. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um bætt flugskilyrði á Vestmannaeyjaflugvelli.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ekki niður falla, heldur hraða svo sem unnt er framkvæmdum þeim við flugvöll Vestmannaeyja, sem aðkallandi eru, til þess að bæta lendingarskilyrði og annað, er að öryggi flugsamgangnanna lýtur.

Greinargerð.

Vestmannaeyjaflugvöllur var gerður á árunum 1945—46 og tekinn í notkun um haustið 1946. Ekki þarf því að lýsa, hve stórfelld samgöngubót flugið hefur reynzt þar sem annars staðar, og þó framar við Eyjar, sem annars eiga allt yfir sjó að sækja.

Flugbraut þar er aðeins ein og liggur frá austri til vesturs hér um bil, enda aust-suðaustanátt þar tíðust. Brautin var upphaflega 800 metrar, en varð ónóg, er fram í sótti og stærri og þyngri flugvélar voru teknar í notkun en þær, er í fyrstu var byrjað með. Undanfarið og allt til ársins 1951 hafa því talsverðar framkvæmdir staðið yfir til að lengja flugbrautina, svo að hún er nú um 1000 metrar, en samt mikils til of stutt, svo að fullörugg lengd megi teljast. 1951 var mikið dregið úr vinnu við að bæta og lengja völlinn, og á þessu ári, sem nú er nær á enda, hefur ekkert verið aðhafzt í þessu efni annað en daglegt eftirlit umsjónarmannsins, sem leitast við að jafna og slétta yfir ójöfnur flugbrautarinnar eftir hendinni.

Að dómi kunnugustu manna er 1000 metra flugbraut á þessum stað ekki nægilega löng, þar eð oft verður þarna að lenda í nokkrum hliðarvindi, sem krefst lengri flugbrautar en ef vindur stendur beint á flugbrautina. Það er því bráðnauðsynlegt að lengja flugbraut þessa enn um allt að 200 metrum, til þess að sæmilegt sé, og ekki síður nauðsynlegt er þetta, þegar á það er litið, að á þessum stað er aðeins um eina flugbraut að ræða, sem oft verður að nota, þótt aðstæður hvað vind snertir, séu ekki sem beztar.

Þrátt fyrir það þótt þessi flugvöllur sé ekki lengra á leið kominn en raun ber vitni, hvorki hvað lengd snertir né annan þann útbúnað, er til öryggis heyrir, lágu framkvæmdir allar til úrbóta alveg niðri á þessu ári. Ekkert flugvélaskýli er þarna til og engin raflýsing á flugbrautinni. Virðist því þörf á að vekja athygli hæstv. ríkisstjórnar á því, að enn er langt frá því, að flugvallarskilyrðin í Vestmannaeyjum séu í því horfi, sem þarf að vera við jafnfjölfarna flugleið, og vegna þess er þessi till. til þál. flutt.

Ed. 307. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur í dag á fundi sínum athugað frv. þetta, og varð samkomulag þar að leggja með því, að deildin samþykkti frv. Telur nefndin, að eins og nú er ástatt um atvinnuskilyrði og fjárhagsaðstæður einstaklinga á landi hér, sé rétt að veita stjórnum húsmæðraskóla nokkurt olnbogarúm til þess að stytta skólatíma, ef nauðsyn er, þó með þeirri takmörkun, að fræðslumálastjórn samþykki og meti málavexti.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Brynj. Bjarnason. H. Guðmundsson.

Sþ. 308. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953 og við brtt. á þskj. 282.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við 11. gr. B. 5. (Eftirlit með skipulagi bæja, tekjur).			
		Fyrir „350 000“ kemur		409 188
2.	— 13. — A. IV. (Fjallvegir).			
		Fyrir „250 000“ kemur		400 000
3.	— 13. — A. VI. Nýr (rómv.) liður:			
		Til ræktunarvega:		
		1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
		2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
		3. Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
		4. Í Grímsey	10 000	
		5. Í Hrísey	8 000	
				68 000

4. Við 13. gr. C. V. Nýr (rómv.) liður:
Til viðhalds og endurbóta á róðrarmerkjum í Faxaflóa 60 000
5. Við brtt. 282, 17. 4. (Við 13. gr. C. VIII. — Bakkafjörður).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
6. — — 282, 17. 16. (Við 13. gr. C. VIII.). Nýr liður:
Gerðavör 25 000
7. Við 13. gr. D. II. 6. b. (Reykjavíkurflugvöllur, efni o. fl.).
Fyrir „100 000“ kemur 1 000 000
8. — 13. — D. XIII. (Tæknileg aðstoð).
Við textann bætist: í eitt skipti fyrir öll.
9. — 15. — A. III. 9. (Örnefnasöfnun).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000
10. — 15. — A. VIII. 17. Nýr liður:
Til héraðsbókasafns Borgarfjarðar í Borgarnesi 3 000
11. — 15. — A. VIII. 27. (Bókasafn í Borgarnesi).
Liðurinn fellur niður.
12. — 15. — A. XXIII. 3. Nýr liður:
Til Ingibjargar Steinsdóttur, til farkennslu í leiklist og framsögn 5 000
13. — 15. — A. XLIV. Nýr liður:
Til byggðasafns Rangæinga, til að byggja skýli yfir skipið Pétursey 5 000
14. — 15. — A. XLV. Nýr liður:
Til Skálholtsfélagsins, til rannsókna á kirkjugrunninum í Skálholti 40 000
15. — 15. — B. V. (Landmælingar).
Fyrir „70 000“ kemur 100 000
16. — 16. — B. 10. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til fiskideildanna í Norðlendingafjórðungi vegna sjóvinnunámskeiða 20 000
17. — 17. — 7. (Samband ísl. berklasjúklinga).
Fyrir „250 000“ kemur 300 000
18. — 17. — 17. (Bætur fyrir handtöku og varðhald).
Liðurinn fellur niður.
19. — 17. — 28. (Vatnsveitur).
Fyrir „350 000“ kemur 450 000
20. — 17. — 32. Nýr liður:
Til alþjóða-barnahjálparsjóðsins 50 000

Nd. 309. Frumvarp til laga [169. mál]

um framleiðsluráð sjávarútvegsins, afnám bátagjaldeyrisskipulagsins o. fl.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Framleiðsluráð skal skipað 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Kýs sameinað Alþingi 3 menn hlutbundinni kosningu, Landssamband ísl. útvegsmanna 1 og Alþýðusamband Íslands 1. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra skipar formann. Kosning gildir til 4 ára, en skipun formanns til eins árs í senn.

Framleiðsluráð ræður sér starfsfólk eftir því, sem þörf krefur. Ráðherra ákveður laun ráðsmanna, og teljast þau til kostnaðar við störf ráðsins.

2. gr.

Framleiðsluráð hefur með höndum:

a. Störf þau, sem fiskimálanefnd eru falin með lögum nr. 75 frá 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og skal leggja fiskimálanefnd niður frá gildistöku þessara laga.
b. Rannsókn á þörf bátaútvegsins fyrir opinbera fjárhagslega aðstoð og skipulagningu og stjórn þeirrar aðstoðar, sem nauðsynleg verður talin.
c. Yfirstjórn sölu afurða bátaflotans, þegar hann nýtur opinberrar aðstoðar á vegum ráðsins.

3. gr.

Fyrir byrjun hverrar vertíðar skal framleiðsluráð kynna sér möguleika á sölu afurða bátaútvegsins og rannsaka rekstrarafkomu bátanna og þeirra iðjuvera, er úr aflanum vinna. Getur framleiðsluráð krafið útgerðarmenn og þá, er iðjuverin reka, um reikninga þeirra ásamt fylgiskjölum og svipt þá aðila allri aðstoð, er skorast undan að afhenda framleiðsluráði þessi gögn. Leiði rannsókn ráðsins í ljós, að iðjuverin geti ekki greitt nægilega fyrir aflann, til þess að meðalútgerð báts beri sig, er ráðinu heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt einingarverð, til þess að jöfnuði verði náð.

Í byrjun hverrar vertíðar skal framleiðsluráð birta almenningi greinargerð um athuganir sínar á afkomu bátaútvegsins og rökstuðning fyrir þeirri aðstoð, er ráðið telur bátaútveginn þurfa með.

4. gr.

Framleiðsluráð getur sett eftirfarandi skilyrði fyrir ábyrgð skv. 3. gr.:

a. Að ýtrustu hagsýni sé gætt í rekstri útvegsins.
b. Að rekstrarvörur allar séu keyptar hjá innkaupasamtökum bátaútvegsins, séu þær fáanlegar þar, eða með kjörum, sem eru ekki verri en þar gerast.
c. Að úr aflanum sé unnið af félagssamtökum útvegsmanna um fiskiðjuver, söltun, herzlu, frystingu eða slíkt, og gangi hæfilegur hluti af ágóða þeirrar vinnslu til að tryggja afkomu bátaútvegsins, eða að aflinn sé seldur til vinnslu með því skilyrði, að verðhækkun, sem verða kann á framleiðslunni frá áætlun framleiðsluráðs, renni að nokkru eða öllu leyti til hráefnisframleiðenda.

5 gr.

Hafi framleiðsluráð ákveðið að veita bátaútveginum aðstoð skv. 3. gr., annast það sölu á erlendan markað á öllum afla bátanna — öðrum en síldarafla — og afurðum unnum úr honum. Jafnframt er öðrum óheimilt að bjóða þessa vöru til sölu á erlendan markað, selja hana eða flytja úr landi, nema leyfi ráðsins komi til. Skal eigendum afla báta, sem ábyrgðar hafa notið, skylt að hlíta fyrirmælum framleiðsluráðs um sölu afurðanna úr landi og gefa ráðinu allar þær upplýsingar, er það óskar, um aflann, verkun hans og meðferð.

6. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að fela einum eða fleiri útflytjendum að annast sölu þeirra afurða, sem sæta eiga sölumeðferð þess skv. 5. gr.

Þegar um er að ræða hreina vöruskiptaverzlun, getur framleiðsluráð séð um hana sjálft eða falið sérstökum aðilum að annast þau viðskipti, og skal þá afhenda kaupfélögum og smásölum innfluttu vöruna gegn hóflegri þóknun.

7. gr.

Þegar sýnt þykir, að rekstur bátaútvegsins verði ekki hagstæðari en áætlun framleiðsluráðs skv. 3. gr. gerði ráð fyrir, skal framleiðsluráð hefja greiðslu verðuppbótar eftir því, sem fé er fyrir hendi. Skal gerð áætlun um þessar greiðslur og þess gætt, að ekki verði ofgreitt eða mönnum mismunað í greiðslum. Greiðsla verðuppbótar skal ekki fara sjaldnar fram en ársfjórðungslega, unz uppbótin er að fullu greidd.

Komi í ljós, að verðhækkun útflutningsafurða hafi átt sér stað eða nýting markaða orðið betri en ráð var fyrir gert, getur framleiðsluráð ákveðið, að útflytjandinn greiði tilskilinn hluta af þeirri hækkun í Rekstrartryggingasjóð bátaútvegsins skv. 9. gr.

8. gr.

Útvegsmönnum, öðrum framleiðendum og útflytjendum er heimilt að semja um það, að hve miklu leyti hver þeirra verður aðnjótandi þeirrar greiðslu, er framleiðsluráð lætur í té til aðstoðar bátaútveginum. Skulu þeir tilkynna framleiðsluráði þessa ákvörðun, er samningar eru gerðir um móttöku og vinnslu aflans.

Útflytjanda er skylt að senda framleiðsluráði eintak af útflutningsreikningi, áritað af tollyfirvaldi, um leið og útflutningur fer fram.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við störf framleiðsluráðs og aðstoð við bátaútveginn skal stofna sérstakan sjóð, Rekstrartryggingasjóð bátaútvegsins. Tekjur sjóðsins eru þessar:

A. Framlag ríkissjóðs tíu milljónir króna á ári í 5 ár.
B. Ákveðið hundraðsgjald, er framleiðsluráði heimilast að leggja á innkaupsverð tiltekinna vörutegunda. Gjaldið skal miðað við fjárþörf framleiðsluráðs til að fullnægja ábyrgðarskuldbindingu ráðsins og lagt á með hliðsjón af útflutningsverðmæti þeirra afurða, sem einingarverð hefur verið ábyrgzt á. Gjald þetta skal innheimt af tollheimtumönnum ríkisins og skilað framleiðsluráði mánaðarlega. Óheimilt er að leggja nokkurt álag á gjald þetta, er vörur, sem það er greitt af, eru seldar í smásölu eða heildsölu. Brýnustu nauðsynjar almennings skulu undanþegnar þessu gjaldi. Gjaldið skal ákveðið fyrir eitt ár í senn og rækilega auglýst, á hvaða vörur það skuli lagt.
C. Framlag útflytjenda skv. 7. gr.

10. gr.

Innflutningur þeirra vörutegunda, sem greiða ber gjald af skv. B-lið 9. gr., skal vera frjáls og óhindraður. Telji framleiðsluráð, að innflutningi þessara vara sé ekki haldið áfram með nægilegum hraða, til þess að ráðið geti staðið við ábyrgðarskuldbindingar sínar, er því þó heimilt að ákveða, að innflutningurinn séu háður leyfi ráðsins, og getur ráðið þá jafnframt:

a. Boðið út til innflutnings einstaka vöruflokka og veitt þeim leyfi til innflutnings, sem bezt kjör býður með verð og gæði.
b. Falið neytendasamtökum innflutning ákveðinna vörutegunda.
c. Falið hagsmunasamtökum bátaútvegsins eða framleiðenda, sem vinna úr sjávarafurðum, þennan innflutning að nokkru eða öllu leyti.

11. gr.

Framleiðsluráði ber að vinna að leit nýrra markaða fyrir afurðir bátaútvegsins og sem beztri hagnýtingu þeirra markaða, sem fyrir eru. Er ráðinu heimilt að fá duglega og hæfa menn til þess að setjast að þar, sem heppilegt þykir að hafa samfellda starfsemi til aukningar sölu íslenzkra afurða. Skulu laun þeirra og kostnaður greidd að öllu eða nokkru leyti af framleiðsluráði.

Útflytjendur skulu greiða hæfileg umboðslaun af andvirði þeirra afurða, sem seldar eru fyrir milligöngu þessara aðila, og dregst sú upphæð frá kostnaði þeim, sem framleiðsluráð greiðir.

Þá er framleiðsluráði heimilt að semja við dugandi menn um, að þeir setjist að þar, sem sérstök þörf þykir að vinna markaði fyrir og kynna íslenzka framleiðslu, og greiða þeim tiltekna upphæð til þess að hefja þar sölustarfsemi íslenzkra afurða fyrir eigin reikning.

12. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um starf framleiðsluráðs og framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu hundraðsgjalds skv. B-lið 9. gr.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum allt að 100 þús. króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 95—97% af gjaldeyrisöflun landsmanna byggist á útflutningi sjávarafurða. Meira en helmingur þessa gjaldeyris er fyrir andvirði útflutnings vara, sem unnar eru úr því hráefni, sem vélbátafloti landsmanna aflar. Afli vélbátanna er að langmestu leyti unninn í landi og breytt þar í hálf- eða fullunna útflutningsvöru. Þegar undan er skilinn karfi, síld og saltfiskur, hefur afli togaraflotans allt fram á síðustu ár verið fluttur út sem hrávara. Þó að nokkuð hafi þetta breytzt í ár, má fyllilega búast við því, að um leið og opnast markaður fyrir ísfisk í Bretlandi, verður afli togaranna fluttur þangað í stórum stíl beint af miðunum. Af þessu er auðséð, að mjög mikilvægt er fyrir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þá ekki síður fyrir atvinnu í landi, að vélbátaflotinn sé nýttur til fiskveiða sem mest má verða. Þar að auki má á það benda, að betri fisk er ekki hægt að fá til vinnslu en afla vélbátanna.

Vélbátaflotinn og útgerð hans hefur átt í miklum fjárhagsörðugleikum síðan styrjöldinni lauk. Er það ekki eingöngu vegna aflabrests, sem verið hefur mjög tilfinnanlegur á síldveiðum s. l. 8 ár, heldur og vegna þess, að framleiðslukostnaður hefur farið sívaxandi og langt fram úr hækkun afurðanna. Hafa útvegsmenn því ekki treyst sér að gera út á þorskveiðar, nema aðstoð og fyrirgreiðsla hins opinbera kæmi til.

Um það hefur ekki verið deilt, að þjóðinni væri lífsnauðsyn, að þessi atvinnuvegur stöðvaðist ekki, heldur hitt, hvernig hægt væri að koma í veg fyrir það og með hvaða aðferðum. Fyrir gengislækkun ábyrgðist ríkisstjórnin bátaeigendum ákveðið verð fyrir aflann. Í framkvæmdinni var þessi ábyrgð þó greidd útflytjendum, sem aftur á móti greiddu útvegsmönnum og sjómönnum tilskilið verð. Á vegum ríkisstjórnarinnar starfaði að þessum málum svokölluð „fiskábyrgðarnefnd“, sem fylgdist með verkun og hagnýtingu aflans og sölu afurðanna og greiddi síðan tilskilda ábyrgð. Vann nefnd þessi mikið verk og þarft. Reynt hefur verið að gera þessa ábyrgðargreiðslu óvinsæla, m. a. vegna þeirra skatta, sem á landsmenn voru lagðir til þess að standa straum af kostnaðinum. Hitt virðist aftur á móti hafa farið fram hjá æði mörgum, að skattar þessir hafa ekki verið lækkaðir eða afnumdir — þó að ábyrgðin sé úr sögunni — heldur renna nú í ríkissjóð og eru notaðar til daglegra þarfa. En nýjar álögur hafa verið lagðar á landsmenn undir því yfirskini, að koma þyrfti í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins.

Eitt af því, sem forvigismenn gengislækkunarinnar töldu henni mest til gildis, var það, að þá mundu hverfa allar uppbætur, ábyrgðir og hvers kyns aðstoð til bátaútvegsins. Á það var bent af andstæðingum gengislækkunar, að svo mundi ekki verða. Kostnaðurinn við útgerð vélbátaflotans hlyti að hækka svo mjög, að verðhækkun afurða af völdum gengislækkunar hrykki þar hvergi til. Því miður kom fljótlega í ljós, að þetta reyndist rétt. Var þá til þess gripið af núverandi ríkisstjórn að heimila álag — svokallaðan bátagjaldeyri — á nokkrar þær vörur, sem samkvæmt sérstökum leyfum væru fluttar til landsins fyrir þann gjaldeyri, er fengist fyrir útflutningsafurðir bátaútvegsins. Til viðbótar þessum nýja skatti á landsfólkið fylgdi

sá böggull skammrifi, að verzlunarstéttinni var heimiluð eftirlitslaus álagning á þessar vörur og þar með þennan nýja skatt. Er það hið furðulegasta óréttlæti, að einni stétt skuli leyft — eða jafnvel boðið upp á það — að gera sér vandræði eins af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar að féþúfu. En að þetta sé rétt, sannar sú einfalda staðreynd, að án vandkvæða bátaútvegsins hefði verzlunarstéttin orðið að sætta sig við innkaupsverð þessara vara að viðbættum flutningskostnaði og tolli — en án bátagjaldeyris — sem álagningargrundvöll. Þessi aukageta verzlunarstéttarinnar, sem henni var skenkt af ríkisstjórninni undir því yfirskini, að verið væri að hjálpa þrautpíndum sjávarútvegi, nemur tugum milljóna á ári hverju og er greidd af launamönnum, verkamönnum og sjómönnum, sem allir eru að sligast undir ofurþunga sívaxandi dýrtíðar, — og síðast en ekki sízt af útvegsmönnum sjálfum, sem aðstoðarinnar eiga að njóta.

Framkvæmd bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins hefur verið með mestu endemum. Engar opinberar skýrslur liggja fyrir um það, hversu mikla upphæð útvegurinn hefur þurft sem aðstoð. Engar skýrslur um það, hve mikið hefur innheimzt. Engar skýrslur um skiptingu milli hinna ýmsu greina framleiðslunnar, svo sem hve mikið hafi runnið til bátanna, hve mikið til frystihúsa, saltfiskframleiðenda o. s. frv. Talið er, að gjald hafi verið tekið fyrir útgáfu þessara leyfa, sem muni nema 800 þúsund til einni milljón króna. Við þetta mun aðeins vinna einn karlmaður hluta úr degi og ein stúlka. Hvernig þessari fúlgu, sem þarna hlýtur að vera í sjóði, verður ráðstafað, virðist enginn vita. Bátagjaldeyrir virðist lagður á ótrúlegustu vöruflokka, þar á meðal á margar af þeim vörum, sem útvegurinn þarfnast til eigin nota og getur ekki án verið. Virðist þarna vera um millifærslu á fé að ræða úr einum vasanum í annan og heildsölum greiddur skattur af þeim flutningi.

Sem dæmi má nefna, að bátagjaldeyrir er lagður á allar tegundir saums nema hóffjaðrir. Þannig greiðir útvegsmaðurinn aukagjald auk skatts til kaupmanna af saum og skrúfboltum til bátabygginga, iðjuver af saum og boltum í bryggjur og önnur mannvirki, frystihús af saum til hvers konar húsabygginga, síldarsaltendur af hnoðum, sem notuð eru í gjarðir á síldartunnum, o. s. frv.

Gjaldi því, sem greitt er fyrir leyfin, er síðan safnað í sjóði, en útvegsmenn og framleiðendur þurfa að bíða mánuðum — allt að því árum saman eftir greiðslu til aðstoðar.

Það verður ekki talið viðhlítandi, að einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar sé til langframa rekinn með opinberri aðstoð. En meðan það er óhjákvæmilegt, verður að krefjast þess, að öll þjóðin taki sem jafnastan þátt í þeim byrðum, sem það krefst, en með öllu er fráleitt, að ein stétt þjóðfélagsins noti sér það til framdráttar og fjáröflunar.

Til þess að bæta úr því ástandi, að hallarekstur bátaútvegsins haldi áfram, þarf að stefna að því að draga úr rekstrarkostnaði svo sem mest má verða, t. d. með samstarfi í útvegun veiðarfæra, olíu og annarra rekstrarvara. Enn fremur með sameign og samrekstri bátaeigenda á fiskiðjuverum og öðrum þeim fyrirtækjum, sem vinna úr aflanum, en mörg þeirra virðast hafa mjög sæmilega afkomu, ef hráefni til vinnslu er fyrir hendi. Því miður er ekki útlit fyrir, að auðvelt sé að draga úr rekstrarkostnaði útvegsins eða lækka framleiðslu íslenzkra útflutningsvara, meðan sú stjórnarstefna, sem nú er ríkjandi, fær að ráða. Er ekki sjáanlegt annað en að beinlínis sé að því stefnt að hækka sem mest allan tilkostnað, sbr. hina eftirlitslausu álagningu kaupsýslumanna á bátagjaldeyrisvörur.

Hin leiðin til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem nú ríkir um afkomu bátaútvegsins, er að auka verðmæti framleiðslunnar, gera hana sem fjölbreyttasta og auka sem mest sölumöguleika hennar og þar með söluverð. Einn þátturinn er að afla henni sem víðtækastra markaða, gera hana eftirsótta og þekkta sem víðast. Þess vegna þarf að hefja öfluga og raunhæfa markaðsleit og stefna að því marki, að auka megi verulega framleiðsluna frá því, sem nú er, og verði þó eigi hætta á offramleiðslu. Því verður vissulega ekki neitað, að ýmsir útflytjendur hafa reynt

að finna nýja markaði og unnið dyggilega að sölu íslenzkra afurða. En þar hefur hver fyrir sig verið að verki. Saltfiskframleiðendur sér, hraðfrystihúsin sér, harðfiskframleiðendur sér o. s. frv. Það hlýtur að vera farsælla og vænlegra til árangurs, að að þessu verði unnið af einum aðila, sem samræmi markaðsleit fyrir allar íslenzkar útflutningsafurðir. Víða hagar þannig til, að fleiri en eina og jafnvel margar tegundir íslenzkra afurða má selja í einu og sama landi. Virðist með öllu ástæðulaust, að hver sérframleiðandi hinna ýmsu útflutningsafurða sé að bauka þar fyrir sig.

Það orkar tvímælis, hvort rétt sé að kalla þær aðgerðir, sem gerðar eru til þess að koma í veg fyrir, að öll útgerð leggist niður, aðstoð við bátaútveginn. Hverjum manni er það ljóst, að án rekstrar vélbátaflotans mundi skapast gífurlegt atvinnuleysi og algert öngþveiti í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Án útflutnings og gjaldeyris getur þjóðin ekki lifað mannsæmandi lífi í landinu. Þess vegna er það lífsspursmál, ekki einungis fyrir útvegsmenn, heldur þjóðina alla, að þessi framleiðsla haldi áfram og aukist sem mest. En útvegurinn hefur að vissu leyti rofnað úr tengslum við aðra þá aðila, sem vinna útflutningsvörur úr hráefnum. Hefur þetta aukizt hin síðari ár við fjölbreyttari og fjölþættari framleiðslu. Enn aðrir — þ. e. innflytjendur — hagnast á þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir framleiðsluna. Vegna þessarar skiptingar og kannske ekki sízt vegna hins, að útvegsmenn hafa staðið á oddinum fyrir aukinni aðstoð, er litið á þessar aðgerðir sem aðstoð við bátaútveginn.

Engir munu skilja betur þörfina á því, að aðstoð þurfi að veita en hinn almenni launþegi og verkamaður. Þeir eru fúsir að leggja nokkuð á sig til þess, að útvegurinn stöðvist ekki, en þeir krefjast þess, að þeir, sem eru betur á vegi staddir, skerist ekki úr leik. Þess er einnig krafizt, að öll aðstoð sé veitt með gát. Ekkert bruðl og umfram allt engin launung. Skýrar og góðar upplýsingar um það, hvernig þessari aðstoð er varið, eiga ávallt að liggja fyrir. Þess vegna er það öllum fyrir beztu, að á þessu sé nokkurt skipulag og allt fyrir opnum tjöldum.

Þessu frv. er ætlað að bæta úr þessu, koma skipulagi á málin, reyna að draga úr kostnaði, en leggja þó höfuðáherzluna á að afla nýrra markaða og sölumöguleika afurðanna.

Um einstakar gr. frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þær stéttir þjóðfélagsins, sem langsamlega mest eiga undir því, að vel fari skipan þessara mála, eru tvímælalaust útvegsmenn, sjómenn og verkamenn. Er því lagt til, að hagsmunasamtök þessara aðila kjósi sinn manninn hvor og ráði þannig skipan $^2/_5$ ráðsins. Alþingi er samnefnari allra stétta þjóðfélagsins og kosið af þjóðinni allri. Er því sjálfsagt, að það ráði skipan meiri hluta ráðsins.

Um 2 gr.

Hér er skýrð starfsemi ráðsins og verksvið.

Um 3.—4. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði til þess að tryggja það, að ákvörðun um greiðslu til aðstoðar eða ábyrgð verði byggð á fyrir fram gerðri rannsókn á hag bátaútvegsins, sölumöguleikum afurðanna og afkomu þeirra aðila, er útflutningsvöru vinna úr hráefnunum. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að hægt sé að setja ákveðin skilyrði fyrir aðstoðinni, svo að nokkurt aðhald geti orðið um sparsemi og nýtni í rekstri fyrirtækjanna.

Um 5.—6. gr.

Ákvæði þessara greina eru til þess að tryggja það, að framleiðsluráð geti á hverjum tíma beint sölu afurðanna til þeirra markaða, sem hagkvæmastir eru, og þá jafnframt látið framleiða fyrir þá markaði eftir því, sem henta þykir. Jafnframt eru ákvæði til heimildar um að fela sölu vissra tegunda samtökum framleiðenda eða fela hana öðrum þeim, er hagkvæmt kynni að þykja. Einnig eru hér ákvæði til þess

að tryggja það, að sölumöguleikar fari ekki út um þúfur fyrir það eitt, að enginn ábyrgur aðili sé til, sem annazt geti hrein vöruskipti, ef á þarf að halda. Hefur það komið fyrir, að viðskipti hafi torveldazt af þeim sökum, að hvorki bankar né verzlunarfyrirtæki hafi viljað sinna þessu svo sem þörf var á.

Um 7. gr.

Útvegsmenn og aðrir framleiðendur útflutningsafurða fisks hafa þurft að bíða mánuðum saman eftir þeim uppbótum, sem þeim voru ætlaðar. Þykir því sjálfsagt, að svo verði eigi, ef frv. þetta verður að lögum, heldur fari greiðsla fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Ákvæði eru sett til þess, að verðhækkun á einstökum mörkuðum komi til góða öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Um 8. gr.

Skýrir sig sjálf.

Um 9. gr.

Rétt þykir, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til aðstoðar, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að enn eru í gildi lög um skatta og tolla, sem upphaflega voru á lagðir útveginum til aðstoðar. Tekjuafgangur ríkissjóðs sýnir líka, að ekki er honum um megn að leggja fram þessa upphæð. Þá er og lagt til, að í stað álags á innflutningsleyfi verði lagt á sérstakt gjald, sem innheimt verði við innflutning varanna. Ætti þetta að verða léttara í framkvæmd og koma útveginum fyrr að gagni. Gert er ráð fyrir, að þetta gjald verði ekki lagt á brýnar nauðsynjar almennings eða rekstrarvörur útvegsins og að það verði á lagt fyrir aðeins eitt ár í senn. Færi svo, að afgangur yrði í sjóði, eftir að lokið væri greiðslu þess yfirstandandi árs, yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þess við síðari álagningu og þannig gætt þess að íþyngja ekki almenningi umfram það, sem brýnustu nauðsyn ber til.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að innflutningur hinna gjaldskyldu vara verði algerlega frjáls. Ef svo ólíklega skyldi fara, að innflytjendur tregðuðust við að flytja inn þessar vörur, m. a. af því, að þeir mættu ekki leggja á gjaldið, þótti rétt að hafa ákvæði í frv., sem tryggðu það, að fjáröflun til þess að standa straum af kostnaði við aðstoð til bátaútvegsins yrði ekki gerð að engu.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lögð á það megináherzla, að unnið verði ötullega að öflun nýrra markaða, og eflingu þeirra, sem fyrir eru, t. d. með því, að framleiðsluráð beri kostnað af starfrækslu söluumboða, sem annast sölu íslenzkra afurða. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að af þeim vörum, sem þessi umboð selja, komi hæfileg umboðslaun. Íslenzkir útflytjendur hafa fjölda umboðsmanna víða um heim, suma íslenzka, en fleiri erlenda. Umboðsmönnum þessum greiða þeir í umboðslaun tilskilinn hundraðshluta af söluandvirði þeirra vara, er seljast fyrir milligöngu þeirra. Margir þessara manna eru harðduglegir og hafa innt gott starf af hendi og unnið ómetanlegt gagn við sölu og kynningu íslenzkra afurða. Enginn vafi er á því, að íslenzkir menn hafa betri skilyrði til að þekkja íslenzku vöruna, framleiðslu hennar og verðþarfir framleiðenda. Ber því að stefna að því að hafa sem flesta íslenzka umboðsmenn og sem víðast.

Þá er það og víst, að margir dugandi einstaklingar mundu vilja setjast að úti í heimi til þess að vinna markaði fyrir íslenzkar afurðir. Þessum einstaklingum gæti verið um megn fjárhagslega að hefja slíka starfsemi. Er því ekki nema sjálfsagt, að heimild sé til að veita til þess aðstoð, ef ætla mætti, að það gæti komið að gagni fyrir framleiðsluna síðar.

Um 12.—14. gr.

Almenn ákvæði um reglugerðir, brot á lögunum og sektir, svo og gildistöku laganna.

Ed. 310. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin athugað og orðið ásátt um að leggja til, að deildin samþykki það með nokkrum breytingum, sem yfirleitt beinast að því að halda samræmi um hámark sekta við hin núgildandi lög. Áleit nefndin hæfilegt að tífalda þær, en lágmark sekta í 3. gr. frv. hefur nefndin talið rétt að héldist, þótt það sé sextánfalt frá því, sem það nú er í lax- og silungslögunum. Virðist sjálfsagt að fara engum móðurhöndum um þau afbrot. Spellvirkjar, sem eyða fiskstofni í ám með sprengingum eða eiturefnum, eiga ekki linkind skilið.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „20000 kr.“ komi: 10000 kr.
2. Við 2. gr. Í stað „sektum frá 1500 kr. og allt að 20000 kr.“ komi: sektum frá 500 kr. og allt að 10000 kr.
3. Við 4. gr. Í stað „8000 kr.“ komi: 5000 kr.
4. Á eftir 4. gr. kemur ný grein (verður 5. gr.), svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1953.

Alþingi, 26. nóv. 1952.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 311. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Þrír nefndarmenn (RÞ, StgrA, GÍG) vilja vísa því frá með rökstuddri dagskrá. Einn nefndarmaður (LJóh) vill samþykkja frumvarpið með litlum breytingum.

Ég tel, að það ástand, sem skapazt hefur í áfengismálum þjóðarinnar og að nokkru hefur til orðið fyrir slælegt lögreglueftirlit og að nokkru af því, hvernig núverandi áfengislöggjöf er framkvæmd, sé óviðunandi með öllu. Það má vera, að úr því megi að einhverju leyti bæta með betri framkvæmd laganna, þó að erfiðara sé að laga það, sem orðið er venja, en fyrirbyggja, að hún skapist í upphafi. Fyrir því tel ég þörf á að samþykkja ný áfengislög og legg til, að það verði gert af Alþingi, er nú situr, en með breytingum, sem ég legg fram á sérstöku þingskjali. Ég hef þó ekki að fullu samræmt sektarákvæði frumvarpsins og nokkur önnur smáatriði við aðalbreytingartillögur mínar, en mun gera það fyrir 3. umr., ef tillögur mínar verða samþykktar.

Alþingi, 26. nóv. 1952.

Páll Zóphóníasson.

Ed. **312. Breytingartillögur** [33. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að vinna gegn áfengisneyzlu í landinu og því böli, sem af henni leiðir.
2. Við 3. gr. Orðin „sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli“ síðast í greininni falli burt.
3. Við 4. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Nú kemur skip eða flugvél frá útlöndum.
   b. Á eftir orðunum „höfn, er skip“ í 2. málsgr. bætist: eða flugvél.
   c. Síðasti málsl. 3. málsgr. falli niður.
   d. Orðin „og óinnsiglaðan skipsforða áfengis“ í 4. málsgr. falli niður.
   e. 5. málsgr. falli niður.
   f. Á eftir orðunum „herskipa eða“ í síðustu málsgr. bætist: erlendra.
4. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. málsgr. bætist: eða öðrum aðila, ef hentara þykir.
   b. Á eftir orðunum „að rúmmáli, til“ í 3. málsgr. bætist: útflutnings og til.
5. Við 8. gr. Í stað „Menningarsjóð“ komi: Áfengisvarnasjóð.
6. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Óheimilt er að gefa nokkurn afslátt af hinu ákveðna útsöluverði.
7. Við 11. gr. 2. töluliður falli niður.
8. Við 12. gr. Greinin falli niður.
9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.
   Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfsölu samkvæmt lögum þessum.
10. Við 14. gr.
    a. Orðin „eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga“ í síðari málsgr. falli burt.
    b. Tveir síðustu málsl. gr. falli burt.
11. Við 15. gr. Orðin „og veitingar“ í 1. málsgr. falli niður.
12. Við 18. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir.
13. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
    Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum eða veitingatjöldum, þar sem almennar veitingar fara fram.
    Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum. Slík leyfi má þó einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta þeirra og þó því aðeins, að sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af.
    Vínveitingaleyfi samkvæmt þessari grein má ekki veita skemmtifélögum né til vínneyzlu í samkvæmum, sem ætla má, að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir félagið, veitingahúsið né einstaklinga.
14. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
    Leiki vafi á því, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, er dómara skylt, ef tök eru á, að láta lækni framkvæma blóðrannsókn, er skeri úr um málið.
15. Við 31. gr. Í stað „3%“ komi: 2%.

16. Við 32. gr. Greinin falli niður.
17. Við 33. gr. Greinin falli niður.
18. Við 39. gr. Greinin falli niður.
19. Við 41. gr. Greinin falli niður.
20. Við 48. gr. Í stað „Menningarsjóð“ komi: Áfengisvarnasjóð.

Sþ. 313. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

Nefndin hefur klofnað um málið. Hef ég ekki séð mér fært að skila sameiginlegu áliti með meiri hlutanum, er ríkisstjórninni fylgir. Mun fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni einnig gera grein fyrir sinni afstöðu í sérstöku áliti, þar sem hann óskaði ekki að skila sameiginlegu áliti ásamt undirrituðum.

Ástæðan til þess, að ég hef ekki séð mér fært að fylgja meiri hlutanum að málum, er fyrst og fremst sú, að þetta frumvarp og afgreiðsla meiri hlutans á því er algerlega byggð á sömu fjármálastefnu og gilt hefur undanfarin ár. Þeirri stefnu er ég ósamþykkur, þar sem ég tel hana hafa leitt til erfiðleika fyrir atvinnulífið og þar með haft slæm áhrif á hag alls almennings í landinu og enn fremur stutt að því að gera okkur Íslendinga fjárhagslega háða erlendum aðilum. Þá skal enn fremur á það bent, að með afgreiðslu þessa frv., eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til að hún verði, heldur áfram sú þróun, er mjög hefur verið áberandi í fjárlagaafgreiðslu síðustu ára, að fjárframlög til verklegra framkvæmda halda ekki sínu eðlilega hlutfalli hvað fjárupphæðir snertir, fara því raunverulega lækkandi miðað við heildarútgjöld fjárlaganna og vaxandi dýrtíð.

Skulu atriði þessi nú rökstudd nánar.

Þegar frumvarp þetta var lagt fram í þingbyrjun, flutti hæstv. fjármálaráðherra framsöguræðu, svo sem venja er til, og var hún birt í blaði hans undir fyrirsögninni: „Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur í þrjú ár án skatta- eða tollahækkana.“ Er hér átt við árin 1950—1952. Með þessum og öðrum slíkum fullyrðingum er því sífellt haldið að þjóðinni, að efnahagsmál og fjármál hennar séu á stöðugri leið í viðreisnarátt. Af því mun eiga að draga þá ályktun, að nú sé þjóðin um það bil að komast á traustan grundvöll fjárhagslega, og þar með, að atvinnulífið í landinu standi betur að vígi en fyrir þremur til fjórum árum. Hver einasti maður veit, að þetta er rangt. Allur hagur almennings er stórum lakari og atvinnuleysi miklu meira.

Sé reynt að taka niðurstöðutölur fjárlaganna út úr og benda á þær einar sem dæmi um heilbrigðan þjóðarbúskap, þá verður það blekking ein, byggð á fölskum forsendum, nema atvinnulífið sé þannig grundvallað, að það geti undir fjárlögunum staðið. Hins vegar er það tvímælalaust hlutverk fjárlagaafgreiðslunnar að vera atvinnulífinu til stuðnings, og tel ég, að á það hafi skort a. m. k. undanfarin ár.

Árið 1950, sem var fyrsta valdaár núverandi stjórnar, voru rekstrartekjur ríkisins áætlaðar 298 millj. kr. Rekstrarútgjöld voru áætluð 262 millj. kr. og rekstrarafgangur því um 36 millj., er aftur fór til að mæta útgjöldum til eignaaukninga á 20. grein.

Samkvæmt tillögum þeim, er meiri hlutinn hefur gert um afgreiðslu frv., munu rekstrartekjur nema 397.6 millj. Rekstrarútgjöld munu nema 360 millj. og rekstrarafgangur 37.6 millj. Hér er því um að ræða 100 millj. kr. hækkun á aðalniðurstöðum fjárlaganna, en rekstrarafgangur sá, sem til eignaaukningar fer, er nálega hinn sami og árið 1950. Er ljóst, að hér er um öfugþróun að ræða og eitthvað bogið við

grundvöllinn að þeirri þróun. Þó munu ekki vera komin hér öll kurl til grafar, því að eitthvað munu þessar tölur eiga eftir að breytast við 3. umræðu.

Gagnvart fullyrðingu þeirri, að skattahækkun hafi engin orðið á þessum árum, er hér samanburður á nokkrum helztu skattstofnum árið 1950 og fyrirhugaðri upphæð 1953. Er hann þannig:

	1950	1953
Tekju- og eignarskattur	40 000 000	52 000 000
Vörumagnstollur	21 000 000	22 500 000
Verðtollur	78 000 000	105 000 000
Aukatekjur	1 800 000	3 500 000
Stimpilgjald	4 500 000	9 000 000
Söluskattur	47 500 000	83 000 000

Þótt þetta séu helztu liðirnir, mætti vel nefna fleiri, en verður þó ekki gert hér, þar sem þessi dæmi nægja fyllilega til að sýna, hve mjög hafa hækkað þeir skattar og tollar, sem mest áhrif hafa á verðlagið í landinu með því að leggjast beint á vöruverðið og gefa jafnframt tækifæri til hærri verzlunarálagningar. Auk þessa skal á það bent, að öll þessi ár hafa áætlanir verið gerðar of lágar, og eru þessar tölur í reyndinni mun hærri en áætlanir sýna. Virðist þetta gert í þeim ákveðna tilgangi að fá út hærri tekjur en áætlanir sýna og hafa þannig rýmri hendur til greiðslna utan fjárlaga. Aldrei hefur þetta þó orðið eins og 1951, þegar tekjur umfram áætlanir námu á annað hundrað millj. kr. Sér hver maður, að í slíkum tilfellum verður minna það aðhald, er ríkisstjórnin ætti að hafa til að gæta varúðar í greiðslum utan fjárlaga. Allar líkur eru til, að einnig á þessu ári fari tekjur allmikið fram úr áætlun, þótt ekki verði enn þá séð að fullu, hve mikið það verður.

Alkunnugt er það, að skatta- og tollabyrðin hvílir mjög þungt á atvinnulífinu og einnig á afkomu alls almennings. Veldur hún því tvennu: Í fyrsta lagi auknum kröfum atvinnulífsins um opinbera aðstoð og í öðru lagi auknum kröfum almennings um hækkaðar tekjur. Verst mun þó, að í sumum tilfellum a. m. k. mun hún hafa beinlínis hjálpað til að draga úr framleiðslunni og þar með minnkað þjóðartekjurnar og skapað atvinnuleysi. Þrásinnis hafa sósíalistar bent á það, að til þess að skapa ríkissjóði nauðsynlegar tekjur væri eðlilegt, að ríkið tæki í sínar hendur sem mest af þeirri framleiðslu, er teljast má óþarfavara, en þó er framleidd og seld afar dýru verði. Má þar til nefna sælgætisframleiðslu, öl og gosdrykki o. fl. Þá var einnig á síðasta þingi háð allhörð deila bæði í fjárveitinganefnd og sameinuðu Alþingi um afnám söluskattsins, sem viðurkennt er, að leggist allra skattstofna þyngst á atvinnulífið með þeirri dýrtíðaraukningu, sem hann veldur.

Ég flutti þá í nefndinni tillögu þess efnis, þegar nefndin hóf störf, og jafnframt um það, að nefndin gerði vandlega athugun á því, hvernig lækka mætti útgjöld ríkisins til að ná þeim jöfnuði. Virtist það vera þeim mun auðveldara þar sem þá var sýnt, að greiðsluafgangur ríkissjóðs yrði verulegur á því ári. Hins vegar kom það í ljós, að hvorki meiri hluti nefndarinnar, þingsins né ríkisstjórnin vildi sinna því máli á nokkurn hátt. Ég er enn á sömu skoðun og áður, að eigi að takast að breyta þeirri þróun, sem átt hefur sér stað undanfarin ár í dýrtíðarmálum, þá verði að byrja ofan frá á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis, en hver maður veit, að undanfarin ár hafa aðgerðir þessara aðila einmitt stutt mjög að þessari þróun. Hins vegar var sýnilega engin breyting á afstöðu ríkisstjórnarinnar og þar með meiri hluta Alþingis, og því mundu tillögur í þessa átt verða jafnárangurslausar og fyrir ári.

Þá skal minnzt á annan þátt í stefnu núverandi ríkisstjórnar í þessum málum, sem sé þann, hve þjóðin hefur sífellt orðið fjármálalega háðari erlendum aðilum.

Árið 1951 fengum við erlent gjafafé að upphæð 135.5 millj. kr. Það er því auðvitað alger blekking, þegar fullyrt er, að þjóð, sem fær þvílíkar gjafir, reki greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Í sambandi við allt hið erlenda hernaðarvesen, sem

þjóðin er nú flækt í, eru t. d. ýmsar upphæðir í fjárlagafrv. Þar er t. d. 364 þús. kr. upphæð til að kosta skrifstofu Íslands hjá NATO (þ. e. Atlantshafsbandalaginu) í París. Mun starf þeirra sendimanna eiga að vera það að fylgjast með því, hvernig aðrar bandalagsþjóðir standa við skuldbindingar sínar um hervæðingu í þágu bandalagsins. Miklir menn erum við Íslendingar orðnir! Þessari upphæð og öðrum slíkum tel ég betur varið í þágu íslenzks atvinnulífs og til að bæta úr atvinnuleysi og legg því til að fella þær niður. En bæði þetta og margt fleira þessum málum viðkomandi, sem frv. ber með sér, sýnir, hve háðir erlendum aðilum við erum orðnir, og það er sannarlega tími til þess kominn fyrir Alþingi að taka þau mál til alvarlegrar endurskoðunar.

S. l. ár hafði ríkisstjórnin ekki minna en eitt þúsund og þrjátíu millj. kr. úr að spila í erlendum gjaldeyri. Allir vita, að verulegum hluta þess gjaldeyris var eytt í óþarfa innflutning, sem í stað þess að bæta afkomu þjóðarinnar varð til að draga úr innlendri framleiðslu og skapa atvinnuleysi í landinu. Hver getur efazt um, að á þeim fjármunum öllum hefði mátt halda þannig, að atvinnulífið og þar með hagur alls almennings hefði verið í blóma, í stað þess að nú berast neyðaróp um atvinnubætur úr nálega öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins?

Jafnframt því eru fjárlög afgreidd þannig, að sífellt minni hluti af heildarfjárhæð þeirra fer til framkvæmda, sem skapa atvinnu, vegna þess að hið háa verðlag í landinu, sem beinlínis er búið til af hinum opinberu stjórnarvöldum, ýmist með gífurlegum tollum og sköttum á neyzluvörur eða með okurverzlunarálagningu, gleypir mestallar ríkistekjurnar. Það er því sýnt, að fjármála- og efnahagsmálaástand þjóðarinnar verður ekki lagfært, meðan sú stefna ríkir, sem fylgt hefur verið undanfarin ár og enn er fylgt við afgreiðslu þessa frumvarps.

Þeim breytingartillögum, sem ég flyt á sérstöku þingskjali, mun ég gera grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 26. nóv. 1952.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 314. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953 og við brtt. á þskj. 282.

I. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
1. Við 12. gr. X. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
2. Við brtt. 282,15. 13. (Við 13. gr. A. III. — Glerá).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

II. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við brtt. 282,17. 23. (Við 13. gr. C. VIII.). Nýr liður:
Hellnar 15 000

III. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*
Við brtt. 282,18. b. 2. (Við 13. gr. C. X.). Nýir liðir:
a. Í Vatnsfirði 100 000
b. Á Melgraseyri 90 000

IV. Frá *Jónasi Árnasyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 14. gr. B. II. a. (Styrkur til ísl. námsmanna erlendis).
Fyrir „875 000“ kemur 1 275 000

V. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. VII. Nýr liður:
Handíðaskólinn, stofnstyrkur 15 000

VI. Frá *menntamálaráðherra.*
Við 15. gr. A. IX. 17. (Norræna félagið).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000

VII. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. XXV. 9. Nýr liður:
Til Lúðrasveitar Stykkishólms, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000

VIII. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Jóhanni Jósefssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 15. gr. B. VII. Nýr liður:
Til Jóhannesar Áskelssonar jarðfræðings til rannsókna á plöntusteingervingum við Brjánslæk á Barðaströnd og víðar ... 8 000

IX. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Kristínu Sigurðardóttur, Páli Þorsteinssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 17. gr. 4. d. Nýr liður:
Til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 15 000

X. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 20. gr. Út. XI. Liðurinn orðist svo:
Til flugvallagerða 1 820 000
Þar af til stækkunar og endurbóta flugvallar í Vestmannaeyjum 500 þús. kr.

XI. Frá *Gunnari Thoroddsen, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Jóhanni Hafstein.*
Við 20. gr. Út. XII. 5. Nýr liður:
Til byggingar nýs kennaraskóla 500 000

XII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Bernharð Stefánssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að verja allt að 140 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungarvíkurvegi sumarið 1951.

XIII. Frá *Áka Jakobssyni, Jónasi Árnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að lána togaraútgerðum utan Reykjavíkur, sem eiga við fjárhagsörðugleika að stríða, með hagkvæmum kjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, allt að 5 millj. kr.

Sþ. 315. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

1.	Við	2. gr.	2. (Stríðsgróðaskattur).	
			a. Fyrir „4 000 000“ kemur	7 000 000
			b. Fyrir „2 000 000“ kemur	3 500 000
2.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur).	
			Fyrir „22 500 000“ kemur	23 500 000
3.	—	5. —	(Óvissar tekjur).	
			Fyrir „2 000 000“ kemur	5 000 000
4.	—	10. —	III. 9. (Fulltrúi Íslands hjá NATO).	
			Liðurinn fellur niður.	
5.	—	10. —	III. 12. (Alþjóðaráðstefnur á vegum utanríkisráðun.).	
			Fyrir „500 000“ kemur	350 000
6.	—	10. —	III. 15. (Alþjóðaráðstefnur á vegum annarra ráðuneyta).	
			Fyrir „200 000“ kemur	100 000
7.	—	11. —	A. 16. (Setu- og varadómarar).	
			Fyrir „150 000“ kemur	100 000
8.	—	12. —	IX. (Læknisbústaðir og sjúkrahús).	
			Fyrir „1 000 000“ kemur	2 000 000
9.	—	16. —	D. V. (Raforkuframkvæmdir).	
			Fyrir „1 860 000“ kemur	3 860 000
10.	—	16. —	D. IX. (Raforkusjóður).	
			a. Fyrir „2 000 000“ kemur	3 000 000
			b. Nýr liður:	
			Til lána til kaupa á dieselrafstöðvum, að fengnum tillögum raforkuráðs:	
			1. 100 hestafla og stærri	500 000
			2. Til smærri stöðva	150 000
11.	—	17. —	38. (Evrópuráðið).	
			Liðurinn fellur niður.	
12.	—	17. —	41. (Atlantshafsbandalagið).	
			Liðurinn fellur niður.	

Sþ. 316. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

Enn hefur svo farið, að fjárveitinganefnd hefur tvíklofnað og skilar þannig áliti í þrennu lagi. Að nefndaráliti meiri hlutans standa fulltrúar stjórnarflokkanna, þeir Gísli Jónsson, Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson, Jónas Rafnar, Pétur Ottesen, Halldór Ásgrimsson og Karl Kristjánsson. Fulltrúi Sósialistaflokksins í nefndinni, Ásmundur Sigurðsson, skilar séráliti, — og í eftirfarandi nefndaráliti geri ég nokkra grein fyrir afstöðu Alþýðuflokksins til frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1953.

Það er bezt að segja það strax, að afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins nú við þessa 2. umræðu er lítið annað en málamyndaafgreiðsla. Það er að vísu búið að halda marga fundi í fjárveitinganefnd og afgreiða fjöldamargar smávægilegar breytingar-

tillögur við frumvarpið, en hins vegar hefur meiri hlutinn, vafalaust í fullu samráði og samkomulagi við hæstvirta stjórn, vikið frá sér og ákveðið að geyma til 3. umræðu að taka afstöðu til flestra stærri mála, einkanlega þeirra, sem til umbóta og framfara horfa og óumflýjanlega leiða til milljónaútgjalda. Þannig er enn þá óráðið, hvort ætlunin er að sinna aðkallandi byggingarmálum landsspítalans og kennaraskólans eða hvort enn þá á að humma það allt saman fram af sér eins og á undanförnum árum. Þannig er með mýmargt annað af þessu tagi.

Enn þá hafa ekki verið samþykktar neinar breytingar á fjárlagafrumvarpinu vegna kosningafrumvarpa stjórnarflokkanna. En ef það væri ætlunin, að þau næðu samþykki á þessu þingi, en séu ekki einungis hugsuð sem kosningaflautir, þá er það víst, að þeirra vegna einna yrði gjaldabálkur fjárlaga að hækka um marga milljónatugi.

Það þýtur stundum allhávær sparnaðargnýr í fulltrúum stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd, en þegar eftir því er gengið af stjórnarandstöðunni, hvort þeir vilji fylgja tali sínu eftir með fylgi við sparnaðartillögur, fer jafnan svo, að þar situr við orðin tóm. Það hafði t. d. hneykslað háttvirtan meiri hluta nefndarinnar allmjög, að fjöldi starfsmanna hjá ríkinu hefur risnufé, þótt ekki sé kunnugt um, að ýmsir þessara manna hafi nokkurn risnukostnað fyrir ríkið umfram aðra embættismenn. — En þegar ég bar fram tillögu um að fella allt risnufé niður, nema hjá forseta Íslands, forsætisráðherra, utanríkisráðherra og nokkrum öðrum, stóð ekki á öllum höndum stjórnarliðsins á loft á móti tillögunni, og var hún felld með öllum atkvæðum fulltrúa stjórnarflokkanna gegn tveimur, þ. e. atkvæði Ásmundar Sigurðssonar og mínu. Þannig hefur oftar farið, að mikil hneykslun meiri hlutans hefur hjaðnað eins og bóla, þegar nema skyldi á burt sjálfa hneykslunarhelluna.

Það er eins í þessu fjárlagafrumvarpi og verið hefur á undanförnum árum, að allt rekstrarkerfi ríkisins heimtar til sín stórhækkandi fjárupphæðir, en þegar kemur til verklegra framkvæmda, breytist hljóð í stjórnarstrokknum. Þá nær sparnaðarandinn sér fyrst á strik. Og aldrei hefur þetta verið eins áberandi og einmitt núna. Á seinasta fjárlagafrumvarpi, fyrir árið 1952, voru áætlaðar sömu fjárupphæðir til verklegra framkvæmda og árið þar áður. Það var öllum ljóst, að þetta þýddi í rauninni lækkaðar fjárveitingar til verklegra framkvæmda hjá ríkinu — það þýddi minni nýbyggingu vega, lakara vegaviðhald, færri brýr, minni úrbætur í aðkallandi hafnargerðum o. s. frv.

Nú þurfti ekki aðeins að hækka þessar fjárveitingar vegna vaxandi dýrtíðar, svo að þær hefðu sama verkgildi og áður, heldur þurfti einnig að taka tillit til þess, að á seinasta þingi voru afgreidd ný vegalög, og lengdist þá þjóðvegakerfi landsins um 970 km, eða um 15.6%.

En hvað sáu menn svo í haust, þegar hæstv. fjármálaráðherra lagði fram fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1953? Sáu menn þar ekki stórhækkaðar fjárveitingar til vegamála? Nei, þar voru engar hækkanir. Og nú var ekki látið sitja við óbreyttar tölur, heldur verulegar lækkanir. Þannig höfðu verið veittar 8 985 000 kr. til nýrra akvega á fjárlögum ársins 1952, en á fjárlagafrumvarpinu fyrir 1953 er þessi fjárveiting 885 000 kr. lægri. Vegamálastjóri hafði þó gert grein fyrir því, að fjárveiting til nýrra vega þyrfti nauðsynlega að hækka um þrjár til fjórar milljónir. — Eins var um viðhaldsféð. Vegamálastjóri upplýsti, að árið 1951 hefði viðhald vega kostað 20 milljónir, og hefði þó raunar þurft að verja til þess 22 milljónum, ef vel hefði átt að vera. Nú fór hann fram á, bæði með tilliti til hækkaðs verðlags og lengra vegakerfis, að til viðhaldsins yrðu veittar 25 millj. kr. og auk þess 2 millj. til endurbóta á aðalleiðum. — Og hvað er svo ætlað til vegaviðhaldsins á fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1953? Það eru 18 400 000 kr. — þriðjungi lægra en vegamálastjóri telur, að það þurfi að vera.

Til brúargerða voru veittar 3 475 000 kr. á fjárl. 1952. Nú eru það 3 100 000 kr. Lækkun í krónutölu er þar 375 þús. kr.

Alveg er sama sagan með fjárveitingar til hafnargerða og lendingarbóta. Á fjárlögum ársins 1952 voru veittar 5 145 000 kr. til þeirra mála, en á þessu fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár eru það ekki nema 4 475 000 kr. Það er snöggvast 670 þús. kr. lækkun, í stað þeirrar verulegu krónutöluhækkunar, sem nauðsynleg hefði verið til þess að halda sama verkgildi í hafnargerðum og árið áður.

Hér er vissulega öfugt stefnt. Nú þurfti sannarlega að auka verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins í stað þess að draga úr þeim, eins og gert er í þessu fjárlagafrumvarpi. Það eru augljós sannindi, að þegar einkaatvinnurekstrinum vegnar erfiðlega og atvinnulífið dregst saman, þá er tvöföld skylda á herðum ríkisins að auka verklegar framkvæmdir og gera þannig sitt til að draga úr atvinnuleysi. Og ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstjórn hafi tekizt að loka augunum fyrir því, að nú er atvinnuástand þannig víða um land, að þessarar stefnu væri hin fyllsta þörf með skörulegri framkvæmd.

Tökum til dæmis iðnaðinn í landinu. Allir vita og viðurkenna, hvernig stjórnarstefna hæstv. ríkisstjórnar hefur leikið þennan atvinnuveg. Hann hefur í mörgum greinum verið lagður í rústir með hóflausum innflutningi erlendra iðnaðarvara, og fjöldi fólks, sem vann við íslenzka iðju og iðnað, gengur nú atvinnulaust.

Sjást þess þá ekki merki á fjárlagafrumvarpinu, að ríkisstjórnin vilji bæta fyrir brot sín gagnvart þessum þriðja aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, t. d. með ríflegum fjárveitingum? Nei, síður en svo: Það er veittur einnar milljón króna byggingarstyrkur til iðnskólahúss, en að öðru leyti eru það einar 700 þús. kr., sem til iðnaðarmála fara, að meðtöldum smástyrkjum til nokkurra iðnaðarmanna. Þetta er eins og undirstrikun stjórnarherranna á því, að iðja og iðnaður sé þeim óviðkomandi, og mætti næstum ætla, að þessi atvinnuvegur ætti engan rétt á sér eða væri jafnvel talinn þjóðhættuleg starfsemi.

Það er nú svo komið, að það er orðið ólíft í landinu fyrir verkalýðsstétt landsins, jafnvel þótt allir hefðu stöðugt að vinna að ganga. Og vita þó allir, að mikið vantar á, að svo sé. Skorturinn og neyðin hafa því tekið fasta bólfestu á þúsundum alþýðuheimila og neytt samtök vinnandi fólks til að hefja kjarabaráttu með samstilltara átaki og á víðtækari grundvelli en nokkur dæmi eru til áður hér á landi.

En samt er haldið áfram á sömu eyðslu- og ráðleysisbraut með allan ríkisbúskapinn. Það er þó víst, að það er krafa alþjóðar, að ríkið og æðstu ráðamenn þess gefi það fordæmi, sem þegnunum sé hollt að fylgja, ekki síður þegar að þrengir en á velti- og velgengnisárum.

Það verður að mínu áliti ekki séð fyrir afleiðingar þess, ef þetta Alþingi gerir engar ráðstafanir til að stöðva dýrtíðarflóðið og stemma stigu fyrir taumlausu okri og fjárplógi, sem nú um sinn hafa fengið að geisa eins og logi yfir akur og eyða tekjum fólksins undir allrahæstri velþóknun æðstu stjórnarvalda. Þess er ekki að vænta, að auðurinn og örbirgðin eigi miklu lengur friðsamlega sambúð hlið við hlið í íslenzku þjóðfélagi, ef ekkert verður að gert.

Það er sannfæring mín, að það eigi að endurskoða alla afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins með það fyrir augum að nema burt úr því öll þau útgjöld, sem ekki geta talizt lífsnauðsyn fyrir fátækt þjóðfélag. Jafnframt þessu eigi að lækka tolla og skatta. Þá verður og með löggjafarvaldi að lækka vexti og farmgjöld svo og álagningu bæði heildsala og smásala og hafa með því strangt eftirlit, að þeim lagaákvæðum sé fylgt.

Þetta er leiðin til bættrar afkomu atvinnuveganna og aukinnar atvinnu. Þetta er leiðin til aukinnar kaupgetu og eðlilegra viðskipta. Þetta er leiðin til lækkaðrar dýrtíðar og þar með lækkaðs rekstrarkostnaðar ríkisbáknsins og allrar starfrækslu í landinu. — Þetta er leiðin til betra lífs á Íslandi.

En það þarf einbeittan vilja til að framkvæma hana. Og þeir menn, sem það gera, þurfa að eiga trú á annan guð en eigin pyngju. Þess vegna er þjóðin vondauf um, að núverandi ríkisstjórn okurs og eyðslu beri gæfu til að marka slík farsældartímamót í sögu lands og þjóðar.

Enn sem fyrr er það svo, að tekjuáætlun frumvarpsins er of lág. Hefur meiri hluti fjárveitinganefndar þó vikið út af margra ára venju og gert á henni nokkrar kákbreytingar nú strax við 2. umræðu.

Ég hef á þremur undanförnum árum gert tillögur til stórfelldrar hækkunar á tekjubálkinum, og nú hefur reynslan staðfest það, að mínar tillögur voru alls ekki of háar. Þær hafa þvert á móti fyllilega staðizt. Ég mun því einnig að þessu sinni bera fram breytingartillögur til hækkunar við tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins, en tel samt réttara að bíða með það til 3. umræðu, þar sem þá fyrst verður ljóst, hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að horfast í augu við alvöru augnabliksins með gagngerðri stefnubreytingu á afgreiðslu fjárlaga ásamt annarri nauðsynlegri lagasetningu eða að láta allt veltast áfram eins og hingað til, þar til öllu er siglt í strand eða fullkomið uppreisnarástand skapast í landinu.

Aðrar meginbreytingar, sem Alþýðuflokkurinn kynni að vilja bera fram við gjaldabálkinn, er af sömu ástæðu rétt að láta bíða 3. umræðu, er betur sést, hverju fram vindur um endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Þó að ég sé samþykkur ýmsum þeim breytingartillögum, sem meiri hluti nefndarinnar ber fram, er ég samkvæmt framansögðu þeirrar skoðunar, að breytingar þær, sem frumvarpið tekur við þessa umræðu, séu kák eitt, sem litla þýðingu hafi. Og eigi afgreiðsla fjárlaganna að verða því Alþingi, sem nú situr, til nokkurs sóma, verði að taka hana allt öðrum tökum, sem markað geti gagnger tímamót í verðlags- og atvinnumálum og forðað hruni, sem ella blasir við.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 317. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndinni er það ljóst, að til þess að Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður geti haldið áfram að fullnægja eðlilegri stofnlánaþörf landbúnaðarins, verður að útvega þeim lánsfé eða auka stórlega framlög til þeirra, sem ekki eru tök á nú. Er nefndin því sammála um að mæla með þeirri lántökuheimild, sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar hefur nefndin verið í vafa um, hvort fært væri að láta það ákvæði frv. haldast, að sjóðirnir greiði fulla vexti af láninu, þar sem þeir taka sjálfir miklu lægri vexti en líkur eru til, að lánið fáist með. Út af þessu hefur nefndin beðið um umsögn Búnaðarbankans, og er svar hans birt hér sem fylgiskjal. Nefndin tekur þó ekki afstöðu til þessa atriðis nú, en leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1952.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 12. nóvember 1952.

Sem svar við bréfi háttvirtrar fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, dags. 1. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp það, er ríkisstjórnin flytur, varðandi 22 millj. kr. lántöku fyrir Byggingarsjóð og Ræktunarsjóð, skal tekið fram:

Telja verður mjög aðkallandi og nauðsynlegt, að sjóðum þessum sé útvegað fé hið allra bráðasta og kostur er til útlána, svo að ekki þurfi að stöðvast vegna fjárskorts hinar allra brýnustu framkvæmdir landbúnaðarins. Um það veit að sjálfsögðu háttvirt fjárhagsnefnd mjög vel. Hvernig eða hvar og með hvaða kjörum fé þetta verði fengið, er aftur annað mál. En um aðrar leiðir í því efni virðist tæplega að ræða en þá, sem ríkisstjórnin fer fram á, að sé heimiluð í umræddu frv.

Um það, hvort fært þætti, að Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður tækju lán með hærri vöxtum en aftur yrði lánað út með, verður tæplega deilt, þar sem um væri að ræða lán hjá ríkissjóði sjálfum og öllum ljós í upphafi sú staðreynd, að ríkissjóður sæi um greiðslur á þeim halla, sem óhjákvæmilega hlyti að verða á þeim rekstri. Enda er hér um að ræða, eins og allir vita, sjóði, sem eru að fullu og öllu skilyrðislaus eign ríkisins, engu síður en ríkissjóðurinn sjálfur.

Upplýsingar þær, sem óskað er eftir í síðustu málsgrein bréfs yðar, verða gefnar á sérstöku skjali.[1])

Virðingarfyllst,

Búnaðarbanki Íslands,
Hilmar Stefánsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 318. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til iðnaðarlaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar Landssambandi iðnaðarmanna. Auk þess hafa n. borizt tillögur um mjög gagngerðar breytingar frá póst- og símamálastjórninni og Verkfræðingafélagi Íslands. Er umsögn Landssambands iðnaðarmanna og breytingartillögurnar prentuð með nál. sem fylgiskjöl. Virðist n. einsýnt, að svo mikið beri á milli og svo vandmeðfarin atriði, að nauðsynlegt sé að freista þess að ná um þau samkomulagi við aðila. Nefndin er því sammála um að leggja til, að ekki verði endanlega gengið frá málinu á þessu þingi, heldur verði það afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að hæstvirt ríkisstjórn láti taka mál þetta til athugunar á ný og freisti að ná um það samkomulagi við þá aðila, sem lögin snertu mest, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna (AE) var veikur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form. Emil Jónsson, frsm. Skúli Guðmundsson.
Sigurður Guðnason.

1) Útdráttur úr þeirri skýrslu verður fluttur í framsögu frsm.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 12. nóv. 1952.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 29. f. m., þar sem þér óskið umsagnar vorrar um frv. það til iðnaðarlaga, er nú liggur fyrir Alþingi.

Stjórn Landssbands iðnaðarmanna hefur tekið frv. þetta til ýtarlegrar athugunar og er sammála um að leggja eindregið til, að það verði ekki samþykkt í núverandi mynd þess, heldur að Alþingi vísi því nú frá og sendi það til Landssambands iðnaðarmanna til rækilegrar endurskoðunar milli þinga.

Eins og frv. þetta nú liggur fyrir, þá er það iðnaðarmönnum mjög óhagstætt, og vér teljum, að með því sé tekið stórt stökk aftur á bak frá núgildandi lögum um iðju og iðnað. Einkum teljum vér, að með 7. gr. frv., 3. og 4. mgr., ef samþykkt yrði, muni starfssvið iðnaðarmanna skert stórlega, svo að jafngildi því, að þeir séu að verulegu leyti sviptir þeim réttindum, er þeir hafa löglega fengið, og að jafnframt sé að verulegu leyti kippt fótum undan iðnmenntun manna í framtíðinni. Í 3. mgr. 7. gr. frv. er opnuð heimild til þess handa opinberum stofnunum, og að því er virðist hvers konar fyrirtækjum, að láta ófaglærða starfsmenn sína vinna hvers konar iðnaðarvinnu, þegar um viðhald eða endurbætur á eignum þessara aðila er að ræða. Í 4. mgr. 7. gr. frv. er og opnuð ótakmörkuð heimild til þess að ráða ólærða verkamenn til aðstoðarstarfa í hvaða iðngrein sem er, án nokkurrar skilgreiningar á því, hvaða störf skuli teljast aðstoðarstörf eða hver skuli skilgreina þau. Hlyti það því að verða verkefni dómstólanna, og er óhætt að fullyrða nú þegar, að yrði þetta ákvæði samþykkt, mundi það leiða til gífurlegs málarekstrar og margir dómar þyrftu að ganga, þar til aðstoðarstörfin yrðu að fullu skilgreind.

Þar sem þessi tvö ákvæði mundu, ef þau næðu samþykki, skerða stórlega núverandi verksvið iðnaðarmanna, er hætt við, að fáa mundi fýsa að leggja í langt og kostnaðarsamt iðnaðarnám með mjög svo takmarkaða atvinnumöguleika fram undan og ef til vill ótta við nýjar og frekari réttarskerðingar fram undan. Væri því með þessu harla öfugt að farið í landi, sem verður að leggja höfuðkapp á að byggja upp iðnað sinn, til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi og taka við aukningu vinnuaflsins í landinu, þar sem þá væri byrjað á því að kippa burt sjálfum grundvellinum, iðnþekkingunni.

Vér teljum einnig, að í nýrri iðnaðarlöggjöf þurfi að draga sem skýrasta markalínu milli iðnaðar og iðju, meðal annars með því að skilgreina hvort tveggja til hlítar í lögunum, kveða sérstaklega á um, hvar mörkin skuli setja innan þeirra iðngreina, sem bæði eru reknar sem iðnaður og iðja, svo sem t. d. klæðskurður og skósmíði, og setja skýr ákvæði um, hversu með skuli fara, ef breytt tækni eða breyttar vinnuaðferðir gefa tilefni til þess að færa einstakar iðngreinar að nokkru eða öllu leyti milli iðnaðar og iðju.

Þar sem vér teljum þannig, að bæði þurfti að breyta umræddu frv. verulega og bæta inn í það veigamiklum ákvæðum, sem þurfa að undirbúast vandlega, en hins vegar mæla engin rök með því, að nauðsynlegt sé eða aðkallandi að afgreiða málið á yfirstandandi Alþingi, þá viljum vér hér með skora eindregið á hið háa Alþingi að vísa nú þessu frv. frá og senda það Landssambandi iðnaðarmanna til ýtarlegrar endurskoðunar milli þinga.

Til þess að staðfesta það, að vér túlkum í þessu bréfi voru eindreginn vilja iðnaðarmanna í landinu, viljum vér taka það fram, að á 14. Iðnþingi Íslendinga, höldnu í Reykjavík 20.—26. okt. s. l., var einróma samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Þar sem eigi hafa verið teknar til greina, nema að mjög litlu leyti, breytingartillögur þær, sem 13. Iðnþing Íslendinga samþykkti við frv. það til iðnaðarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, en frv. hefur hins vegar verið breytt verulega til hins verra frá því formi, sem milliþinganefndin afgreiddi það í, þá skorar 14. Iðnþing

Íslendinga á Alþingi það, er nú situr, að samþykkja frv. ekki í því formi, sem það nú er, heldur senda það Landssambandi iðnaðarmanna til endurskoðunar á ný."

Vér leyfum oss að vænta þess, að háttvirt iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis fallist á málsástæður vorar, flytji mál vort fyrir þingheimi og veiti því brautargengi.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands iðnaðarmanna,

Björgvin Frederiksen.

Eggert Jónsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 13. nóv. 1952.

Póst- og símamálastjórnin leyfir sér hér með að senda háttvirtri iðnaðarnefnd meðfylgjandi breytingartillögu við frumvarp til iðnaðarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

G. Briem.
s.

Einar Pálsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Breytingartillaga við frumvarp til iðnaðarlaga.

Við 1. gr.

Síðasta setning greinarinnar orðist þannig: Heimilisiðnaður svo og iðnaður, sem ríkið hefur einkarétt á að reka samkvæmt sérstökum lögum, er undanskilinn ákvæðum laganna.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er ekki minnzt á neinar takmarkanir á atvinnuréttindum, sem kunna að finnast í öðrum lögum. Eru dæmi til þess, að menn, sem hafa fengið meistarabréf, telji sig með því hafa fengið ótakmörkuð atvinnuréttindi í iðngrein sinni, þótt önnur lög takmörkuðu þau. Að vísu mundi slíkt ekki standast dóm, en réttara virðist að komast hjá óþarfa deilum með því að taka upp í lögin ákvæði þar að lútandi.

Iðnfræðileg störf á sviði fjarskiptamála eru eitt af því, sem ríkið hefur einkarétt á og opinberir starfsmenn vinna að mestöllu leyti. Er hvergi dæmi til þess, að einkasamtök iðnaðarmála skipi málum á því sviði og ákveði um réttindi, nám, kunnáttukröfur og próf þeirra, er slík störf hafa með höndum, enda er það að sumu leyti bundið alþjóðasamningum og reglugerðum. Er utanaðkomandi mönnum yfirleitt ókunnugt um eðli slíkra starfa, enda eiga þau lítla samleið með venjulegum iðnaðarstörfum. Þótt af öðrum ástæðum (t. d. vegna áfengisgerðar, löggildingar háspennuvirkja o. fl.) þætti tilefni til að gera tillögur um fyrirvara aftan við 3. málsgrein 9. gr., er það ekki gert hér, þar sem póst- og símamálastjórnin er ekki réttur aðili að því.

Fylgiskjal III.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. nóv. 1952.

Varðandi rétt verkfræðinga til starfa.

Með iðnlögunum er iðnaðarmönnum veittur réttur til starfa í iðnaði hér á landi. Verkfræðingar hafa ekki í lögum neinn sérstakan rétt til starfa í verkfræðigreinum sínum, hvorki í iðnaði eða við mannvirkjagerð. Með lögum nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, eru aðeins ákvæði um skilyrði fyrir því, að menn geti borið nefnd heiti, en um starfsrétt þeirra eru engin ákvæði.

Þar sem verkfræðingar stjórna og starfa við ýmis iðnaðarfyrirtæki, verður hvað líður nauðsynlegt að setja inn ákvæði í iðnlögin um réttindi þeirra gagnvart iðnaðarmönnum, þannig að hvorum flokknum sé markað eðlilegt starfssvið eftir kunnáttu og hæfileikum. Án lagaákvæða á þessu sviði er ávallt viðbúið, að til ágreinings kunni að draga. Slíkur ágreiningur hefur komið fyrir, svo sem í vélsmiðjunum í Reykjavík. Þeim stjórna verkfræðingar. Þeir hafa ekki rétt samkvæmt iðnlögunum til að stjórna iðnfyrirtækjum eða gera námssamning við iðnnema, en iðnemarnir vilja heldur gera námssamning við fyrirtækið sjálft eða framkvæmdarstjóra þess heldur en við einhvern meistara, sem vinnur hjá fyrirtækinu um óákveðinn tíma. Eftir allmiklar umræður um þetta mál fyrir nokkrum árum samdist svo um milli vélsmiðjanna og Landssambands iðnaðarmanna, að það veitti nefndum forstjórum heimild til þess að gera námssamning við iðnnemana, þ. e. Landssambandið viðurkenndi einhvers konar meistararéttindi forstjóranna. Er þetta sama leið og farin hefur verið á hinum Norðurlöndunum, og eru lagafyrirmæli til um það þar, en ekki hér.

Til þess að sýna einnig önnur sjónarmið frá verkfræðingum en að ofan greinir varðandi mál þetta, fylgir hér með afrit af tillögu með greinargerð, er samþykkt var í Rafmagnsverkfræðingadeild Verkfræðingafélagsins, og má skoða hana einnig sem greinargerð fyrir meðfylgjandi breytingartillögum við frumvarp til iðnaðaralga (71. mál), er nú liggur fyrir Alþingi, er undirritaður leyfir sér að senda f. h. V. F. Í. til iðnaðarnefndar N.D. Alþingis til athugunar.

Það skal tekið fram hér, að nefnd sú innan V. F. Í., sem unnið hefur að þessum tillögum, hefur ekki enn þá átt neinar umræður við húsameistarafélagið eða iðnfræðingafélagið. Álit þessara félaga liggur því ekki fyrir, en hins vegar töldum við rétt, að þessara stétta væri einnig getið, ásamt verkfræðingum, í breytingartillögum þessum.

Stjórn V. F. Í. væntir þess, að iðnaðarnefnd N.D. Alþingis vilji góðfúslega taka þessar tillögur til athugunar, og ef þurfa þykir eiga viðræður um þær við fulltrúa frá V. F. Í. Þætti okkur vænt um að fá tækifæri til að fylgjast með afgreiðslu þessara mála.

Virðingarfyllst,

Steingr. Jónsson,
p. t. formaður.

Til Alþingis, Iðnaðarnefnd N.D.

Fylgiskjal IV.

Breytingartillögur við frumvarp til iðnaðarlaga (71. mál).

Við 7. gr.

3. málsgrein 7. greinar orðist þannig:

Ekki má ráða til handiðnarstarfa aðra en meistara, sveina og nemendur í handiðn, svo og um allt að 12 mánaða skeið nemendur í verkfræði, byggingarlist og iðnfræði. Þó getur hver og einn unnið slík störf fyrir sjálfan sig, fjölskyldu sína, opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald eða endurbætur á eigum þessara aðila er að ræða. Enn fremur hafa verkfræðingar, húsameistarar og iðnfræðingar rétt á að vinna iðnaðarstörf, er fylgja sérgrein þeirra.

Ráðherra getur veitt sérfróðum mönnum takmarkaðan rétt til iðnaðarstarfa, ef þeir hafa holtið viðurkennda menntun í hlutaðeigandi grein og venja sé í öðrum löndum að veita slík réttindi í þeirri grein.

4. málsgrein 7. greinar orðist þannig:

Ráða má sérfróða verkamenn til aðstoðarstarfa, sem eru þess eðlis, að þau krefjast ekki langvarandi leikni eða sérkunnáttu.

Við 8. gr.

8. grein orðist þannig:

Rétt til að kalla sig svein í handiðn hafa þeir einir, sem hafa lokið sveinsprófi eða hafa þegar hlotið þann rétt að eldri lögum.

Við 9. gr.

9. grein orðist þannig:

Hver maður, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem í 3. grein segir, á rétt á að leysa meistarabréf, ef hann fullnægir auk þess öðru hvoru eftirtalinna skilyrða:

a. Hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni og síðan unnið 3 ár undir stjórn meistara eða hefur lokið meistaraprófi, eða
b. hefur skv. lögum nr. 24 1937 fengið rétt til að kalla sig verkfræðing, húsameistara eða iðnfræðing.

Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til, nema atvinnuréttindi í þeirri grein séu frekar takmörkuð með sérstökum lögum.

Við 15. gr.

15. grein orðist þannig:

Ráðherra skal leita álits stjórnar Landssambands iðnaðarmanna, Verkfræðingafélags Íslands, Húsameistarafélags Íslands, Iðnfræðingafélags Íslands og Félags íslenzkra iðnrekenda, eftir því sem við á hverju sinni, við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum og við úrskurðun mála.

Við 16. gr.

16. grein orðist þannig:

Brot á ákvæðum 2., 7. og 8. gr. þessara laga varða sektum allt að 40000 kr., og renna þær í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Frá Verkfræðingafélagi Íslands,

Reykjavík, 12. nóv. 1952.

Steingr. Jónsson,
p. t. formaður.

Fylgiskjal V.

Tillaga:

Fundur í R. V. F. Í. hinn 25. maí 1951 skorar hér með á stjórn V. F. Í. að skipa 5 manna nefnd til þess að kynna sér frumvarp það til nýrra iðnlaga, sem nú mun vera í undirbúningi, og — ef nauðsynlegt er — að gera breytingartillögur við það.

Greinargerð: (Samþ. á 36. stj.f. R. V. F. Í. 27.—5.—'51.)

Að gefnu tilefni hafa iðnréttindamál verið tekin til umræðu á tveimur fundum í Rafmagnsverkfræðingadeild V. F. Í. og færð fram rök fyrir nauðsyn þess að taka ýmis atriði í lögum um iðju og iðnað og um iðnaðarnám ásamt tilheyrandi reglugerðum til endurskoðunar og að verkfræðingar í ýmsum sérgreinum séu hafðir þar með í ráðum.

Þetta mál er nú sérstaklega aðkallandi, þar sem opinber nefnd hefur undanfarið unnið að endurskoðun iðnlaganna, og er gert ráð fyrir, að tillögur hennar verði lagðar fyrir iðnþing í sumar, en síðan verði samþykktir iðnþings í þessu efni væntanlega sendar til ríkisstjórnar og Alþingis.

Sumar hinna yngri iðngreina, sem hafa verið teknar upp í reglugerð um iðnaðarnám, krefjast í eðli sínu ólíkt meiri fræðilegrar þekkingar en hinar eldri og eiginlegu handiðnir, og hefur verið dregið í efa, að þær eða sumir þættir þeirra eigi raunverulega samleið með hinum eiginlegu handiðnum, enda mun hafa verið gengið lengra í þessu efni hér á landi en annars staðar, og það án þess að iðnnámið hér sé fræðilega á hærra stigi. Virðist svo, að með gildandi lögum og reglugerðum um iðnaðarnám sé alls ekki séð fyrir því, að þeir, sem fyllstu réttindi hljóta í slíkum fræðigreinum eða hálffræðilegum iðngreinum, hafi aflað sér nægilegrar fræðilegrar þekkingar og kunnáttu til þess að geta rækt skyldur sínar í samræmi við réttindi sín.

Hvaða störf, sem fræðilega menntun þarf til, geti talizt til handiðnaðar og hversu mikillar fræðilegrar þekkingar sé þar þörf, verður fyrst og fremst að ætla þeim að dæma um, sem fyllstu menntunar hafa notið á því sviði, þ. e. a. s. verkfræðingum í hlutaðeigandi sérgreinum.

Sérstaklega athyglisvert er í því sambandi, hversu ákveðið iðnlögin banna öllum öðrum en þeim, sem hafa lokið handiðnaðarnámi með sveinsprófi, að vinna störf, sem skilgreind eru undir iðngreinarnar í reglugerð um iðnaðarnám, og að verkfræðingum eða þeim, sem fullkomnasta menntun hafa og reynslu í flóknum verklegum viðfangsefnum, m. a. í rannsóknarstofum, eru þar ekki veitt nein réttindi, en frekar hitt. Virðist það benda til þess, að lög um iðju og iðnað hafi ekki upphaflega gert ráð fyrir hinum fræðilegu verklegu greinum, sem síðar voru teknar upp í iðnnámsreglugerð og nefndar handiðnir, enda hafa nokkrir árekstrar út af því átt sér stað.

Virðist brýn þörf, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að verkfræðingum, iðnfræðingum og öðrum sérfræðingum verði ekki meinað að inna af hendi störf, sem eru aðallega fræðilegs eðlis, þ. á m. teikningar, notkun mælitækja, rannsóknarstörf, stilling og lagfæring tækja og véla eða að nota til þess venjuleg verkfæri, svo sem t. d. skrúfjárn, tengur, lóðbolta o. þ. u. l., sem þeir eru og æfðir í að nota frá hinum verklega hluta skólanáms síns, og í öðrum löndum talið sjálfsagt.

Auk þess þarf að vera séð fyrir því, að verkfræðinemum sé ekki hér frekar en erlendis meinað vegna iðnlagaákvæða að komast að vinnu á verkstæðum o. þvl. til þess að afla sér þeirrar verklegu reynslu, sem tilskilin er til náms þeirra.

Enn fremur verður að telja nauðsynlegt, að verkfræðingar og arkitektar hafi hver í sinni grein eðlileg réttindi til þess að standa fyrir byggingu mannvirkja, stjórna vélsmiðjum og verkstæðum og öðrum iðnrekstri, og átti að fela nefnd þeirri, er tillagan getur um, að leggja á ráð, hvernig slíkra réttinda skuli aflað.

Jafnframt ætti að fela nefndinni í samráði við fulltrúa frá Arkitektafélagi Íslands og Iðnfræðingafélagi Íslands að gera drög að frumvarpi til laga um réttindi

verkfræðinga, arkitekta, iðnfræðinga og ef til vill fleiri sérfróðra manna í skyldum greinum. Þetta gæti ef til vill fallið inn í endurskoðuð lög um iðju og iðnað sem kafli um fræðileg störf á sviði iðnaðar og tækni.

Greinargerð þessi var samþykkt á 36. stjórnarfundi R. V. F. Í., 27. maí 1951.

Magnús Reynir Jónsson (ritari).

Ed. 319. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 54/1928, um Menningarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar.

Tekjur sjóðsins skulu vera 1% af rekstrarhagnaði Áfengisverzlunar ríkisins ár hvert. Framlag til sjóðsins samkvæmt þessu greiðist í fyrsta sinn af rekstrarhagnaði ársins 1952.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 70 1936.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundna afstöðu til málsins.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að tekjustofni Menningarsjóðs verði breytt og tekjur sjóðsins gerðar öruggari en verið hefur.

Með samþykkt laga nr. 70/1936 var ákveðið, að lágmarkstekjur sjóðsins skyldu nema árlega kr. 50000.00. Svo sem kunnugt er, hefur allt verðlag breytzt stórlega síðan. Nægir í því sambandi að benda á, að á þessu tímabili hafa allar starfsstéttir þjóðfélagsins fengið stórfelldar grunnkaupshækkanir og auk þess öll laun og margir opinberir styrkir verið greiddir með verðlagsuppbót.

Þrátt fyrir þetta hefur ákvæðinu um tekjur Menningarsjóðs ekki verið breytt. — Eðlilegt hefði þó verið, að þær hefðu hækkað hlutfallslega svipað og laun almennt, þar sem langflestir, ef ekki allir kostnaðarliðir í starfsemi sjóðsins hafa hækkað í líku hlutfalli og þau.

Eftirfarandi yfirlit gefur nokkra hugmynd um, hversu tekjur sjóðsins hafa lækkað í hlutfalli við aukna dýrtíð síðan árið 1936, þegar sett var ákvæðið um lágmarkstekjur hans. Miðað er við kr. 50000.00 greiðslu árið 1936 og hvað sú fjárhæð hefði átt að hækka nokkur s. l. ár samkvæmt hækkun á tímakaupi Dagsbrúnarmanna. Með því sést, hverjar tekjur Menningarsjóðs hefðu átt að vera, ef þær hefðu hækkað hlutfallslega eins. Jafnframt eru tekjur sjóðsins tilgreindar, bæði að fjárhæð og hundraðstölu, og sýnt, hverju hlutfallsleg lækkun þeirra nemur hvert þessara ára.

	Dagsbr.-kaup pr. klst.	Tekjur Msj. hefðu átt að vera samkv. hlutfallslegri hækkun	Tekjur Msj. voru kr.	Tekjur sjóðsins voru að hundraðstölu miðað við hlutfallslega hækkun Dagsbr.-kaups síðan 1936	Tekjur Msj. hafa lækkað hlutfallslega um kr.
Árslok 1936	1.36	50 000.00	50 000.00	100%	
Meðalt. 1945	6.77	249 000.00	106 703.60	43%	142 296.40
Meðalt. 1949	8.82	324 500.00	259 679.50	80%	64 820.50
Meðalt. 1950	10.01	368 000.00	181 543.50	49%	186 456.50
Meðalt. 1951	12.10	445 000.00	172 704.50	39%	272 295.50
Sept. 1952	13.86	509 500.00	172 704.50 (áætlað)	34%	336 795.50

Yfirlit þetta þarfnast ekki langra skýringa. Yfirlitið sýnir ótvírætt, að mjög mikið hefur skort á, að tekjur Menningarsjóðs hafi vaxið í samræmi við aukna dýrtíð. Þess ber jafnframt að gæta, að verkefni sjóðsins og starfsemi hafa aukizt mikið síðan 1936, þegar sett var ákvæðið um lágmarkstekjur hans.

Breyting sú, sem farið er fram á í frumvarpinu, virðist sanngjörn og nauðsynleg, enda getur sjóðurinn alls ekki sinnt ætlunarverki sínu, nema hann fái öruggari tekjustofn en hann hefur nú.

Sþ. 320. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

I. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 12. gr. XI. (Heilbrigðisstofnanir í Reykjavík).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000

II. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. IX. Nýr liður:
Til Brynjólfs Gíslasonar gestgjafa að Tryggvaskála til gistihúshalds að vetrinum 30 000

III. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til byggingar kirkju á Selfossi 100 000

IV. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 6. (Bygging barnaskóla).
Fyrir „2 100 000“ kemur 3 500 000

V. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XVI. 4. Nýr liður:
Til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur 25 000

VI. Frá *Jóhanni Hafstein* og *Rannveigu Þorsteinsdóttur.*
Við 14. gr. B. XVII. 8. Nýr liður:
Til æskulýðshallar (byggingar íþróttasalar) 160 000

VII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*

1. Við 17. gr. 25. Nýr liður:
   Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 1 000 000
2. Við 17. gr. 28. Nýr liður:
   Til atvinnu- og framleiðsluaukningar 10 000 000

VIII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlag ríkissjóðs samkv. lögum.

IX. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Jóni Gíslasyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Jóhanni Hafstein, Steingrími Aðalsteinssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*

Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að greiða Jóni Björnssyni rithöfundi 20 þús. kr. byggingarstyrk.

X. Frá *Rannveigu Þorsteinsdóttur, Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*

Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að greiða Svavari Guðnasyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk.

Ed. 321. Frumvarp til laga [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs eða stofnunar, er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, að fá leyfi til breytinga á skipulagsskrá, og getur þá forseti veitt staðfestingu á breytingunni, enda séu þau ákvæði skipulagsskrár, er breyta skal, orðin verulega óhagkvæm vegna breyttra aðstæðna eða viðhorfa.
   Því aðeins má heimila, að fjármunum sjóðs eða stofnunar verði ráðstafað í öðru augnamiði en skipulagsskrá mælir fyrir um, að þær þarfir, sem með þeim fjárframlögum skyldi leysa, séu horfnar eða fyrir þeim séð með öðrum hætti, er geri fjárframlög samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þýðingarlítil.
   Gæta skal þess, þegar breyting er heimiluð á skipulagsskrá, að farið sé svo nærri óskum sjóðsstofnanda sem hinar breyttu aðstæður leyfa.
b. (8. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs að fá skipulagsskrá hans breytt (sbr. 7. gr.), og skal þá bera breytingarnar undir eftirlitsmenn opinberra sjóða.
   Á árinu 1953 skulu eftirlitsmenn opinberra sjóða gera skrá yfir alla þá sjóði, er þeir telja að eðlilegt sé að breyta skipulagsskrá fyrir samkvæmt 7. gr. þessara laga, og senda hana ásamt tillögum sínum til þess ráðuneytis,

sem yfirstjórn sjóðsins heyrir undir. Skal þá það ráðuneyti í samráði við forráðamenn sjóðanna, sem um ræðir í 7. gr., taka til athugunar, hvort og hvernig breyta skuli skipulagsskrá hvers einstaks sjóðs, og gera tillögur um það til dómsmálaráðuneytisins.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóða eftir lögum þessum skulu staðfestar af dómsmálaráðherra í umboði forseta Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, eins og það er hér borið fram, var samþykkt í efri deild á síðasta Alþingi. Hafði ríkisstjórnin í fyrstu borið frumvarpið fram, og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Svo hefur reynzt um ýmsa sjóði, er fengið hafa staðfesta skipulagsskrá sína, að breyttar aðstæður í þjóðfélagsháttum og fjármálum hafa gert úrelt eða óhagkvæm ýmis ákvæði í skipulagsskránum, þótt góð og gild væru, er þau voru sett. Hafa þannig orðið óvirkir ýmsir sjóðir, sem ætluð voru ákveðin verkefni, og er það ýmist sökum þess, að verkefni eru eigi lengur fyrir hendi með sama hætti og gert var ráð fyrir, þegar sjóðurinn var stofnaður, eða leiðir þær, sem ákveðið er að farnar skuli til að leysa verkefnin, eru eigi lengur hagkvæmar.

Eigi hefur verið talið ótvírætt, að heimila mætti breytingar á slíkum skipulagsskrám, a. m. k. þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum breytingum í upphaflegu skipulagsskránni. Er því lagt til, að lögfest verði ákvæði þessa frumvarps.“

Þegar til neðri deildar kom, var frumvarpið afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með því að eðlilegt virðist, að nákvæmar upplýsingar um þá opinberu sjóði, sem talið er að þurfi að breyta skipulagsskrám fyrir, liggi fyrir Alþingi, áður en það tekur ákvarðanir um, hvort setja skuli lög um breytingar á skipulagsskránum, ákveður deildin að fresta ákvörðun um þetta mál, þar til slíkar upplýsingar liggja fyrir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Nú virðast þær nákvæmu upplýsingar, er ræðir um í hinni „rökstuddu dagskrá“, liggja fyrir að miklu leyti, að minnsta kosti að því er snertir jarðeignir opinberra sjóða, og vísast þar til hinnar ýtarlegu greinargerðar félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir. Þar segir svo t. d. um jarðir Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar:

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu segir í bréfi sínu til félagsmálaráðuneytisins, dags. 24. marz 1951, varðandi gjafasjóð þennan: „Eins og stofnbréf gjafasjóðsins ber með sér, er sjóður þessi eins konar bjargráðasjóður fyrir sýsluna. Hins vegar hefur það verið svo um langa hríð, að jarðeignir sjóðsins hafa staðið honum stórlega fyrir þrifum og sjóðurinn hefur ekki haft tök á að fullnægja þeim kvöðum, sem á honum hvíla um endurbyggingu o. fl. á jörðum þessum. Má því með sanni segja, að sjóðurinn hefur engan veginn getað svarað upphaflegum tilgangi sínum vegna þess, að hann hefur átt jarðir þessar.

Ég hef skrifað dómsmálaráðuneytinu allýtarlega um mál þetta, og að tilhlutun þess eða fjármálaráðuneytisins kom fram á Alþingi 1951 frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með opinberum sjóðum, sem fól í sér heimild til sölu þessara jarða. Frumvarp þetta dagaði uppi, og var það að mínum dómi illa farið.“

Flm. höfðu búizt við, að félagsmálaráðuneytið mundi flytja frumvarp um þetta efni á þessu þingi, en það virðist ekki muni verða. Hins vegar er hin mesta nauðsyn á, að heimilað verði að breyta skipulagsskrám gamalla sjóða, einkum að því leyti, að þeir fái heimild til að selja jarðir sínar, og má það ekki dragast lengur. Þess vegna er frv. þetta fram borið nú.

Ed. 322. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið svo og lögin um bæjanöfn frá 1937. Sú athugun leiddi í ljós, að rétt mundi að gera gagngerða breytingu á lögunum. Nefndin gerði því uppkast að nýju frumvarpi og sendi örnefnanefnd til umsagnar. Örnefnanefndin tjáði sig yfirleitt samþykka efni þess, en benti þó á smávægilegar breytingar, sem hún taldi rétt að gera á því. Allar þær breytingartillögur tók nefndin til greina og felldi þær inn í breytingartillögur sínar.

Breytingartillögur nefndarinnar, sem eru í 11 greinum, eru fluttar sem breytingartillögur, koma í stað 1. gr. frumvarpsins og taka til alls efnis laganna frá 1937, og er því lagt til, að þau falli úr gildi.

Nánari grein fyrir breytingartillögunum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali, verður gerð í framsögu. BrB var ekki við, þegar endanlega var gengið frá breytingartillögunum.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Þorsteinn Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson.
	H. Guðmundsson.	

Sþ. 323. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

I. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 3. gr. A. 2. Eignabreytingar landssímans. VI. (Notendasímar í sveitum).
Fyrir „1 740 000“ kemur 2 740 000

II. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 12. gr. X. Nýr liður:
Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði 150 000

III. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 14. gr. A. II. Nýr liður:
Til endurbyggingar Búðakirkju á Snæfellsnesi 30 000

IV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Emil Jónssyni* og *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 15. gr. A. IX. 12. (Ari Arnalds).
Fyrir „7 500“ kemur 9 000

Ed. **324. Breytingartillögur** [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1937, um bæjanöfn o. fl.

Frá mènntamálanefnd.

1. Í stað 1. gr. frumvarpsins komi 11 nýjar greinar, er orðist svo:
   a. (1. gr.) Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal nafn hafa. Í kaupstöðum og kauptúnum eða þorpum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri, sbr. þó 6. gr.
   b. (2. gr.) Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Hún skal auk eftirlits og tillagna um býlanöfn hafa á hendi eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera ráðuneytinu til leiðbeiningar og aðstoðar um önnur málefni, er varða hvers konar staðanöfn hér á landi.
   c. (3. gr.) Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, þeim, er talin eru í fasteignabók 1942, má eigi breyta nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar (sbr. 5. gr.).
   d. (4. gr.) Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar.
   e. (5. gr.) Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim lýst í umsókninni, hvort sem um er að ræða nafn á nýbýli eða nafn á býli, sem eigandi vill breyta um nafn á. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt umsækjanda á býlinu. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama sýslufélagi eða því um líkt. Við upptöku nýnefna skal gæta þess, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama sýslufélagi né nafna, sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í sýslufélaginu, að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

      Nú þykir örnefnanefnd rétt að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða að nafnið er málskrípi, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar, og ber fasteignareiganda að hlíta úrskurði hennar.
   f. (6. gr.) Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kauptúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti.
   g. (7. gr.) Nú myndast þéttbýli — þorp — í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sýslunefnd sæki um það til örnefnanefndar að fá lögfest

nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.).

h. (8. gr.) Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt, eftir að henni hafa borizt beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., senda ráðherra rökstuddar tillögur um málið. Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfesta nafn, sem um er beðið á nýbýli, og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn, sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn, sem nefndin fellst á, og tilkynnt það örnefnanefnd, sendir örnefnanefnd öll gögn viðvíkjandi málinu til ráðherra, og úrskurðar hann, hvert nafn býlið skuli fá, og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir ráðherra viðkomandi sýslumanni, sem færir það þegar í veðmálabækur, sendir það eiganda býlisins og þinglýsir því á næsta manntalsþingi og tilkynnir nafnbreytinguna þinglýstum veðhafa. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign, sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um nöfn þau, sem leyft hefur verið að taka upp á árinu. Svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

i. (9. gr.) Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók 1942. Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

j. (10. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

k. (11. gr.) Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 51 5. júlí 1937.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um bæjanöfn o. fl.

Nd. 325. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi 2.—5. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.
   b. (5. gr.) 24. gr. laga nr. 100/1948 orðist svo:

      Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt 22. gr. laga þessara, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1953 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á fyrra missiri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1953 um sölu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Þessir aðilar ákveða síðan söluskatt fyrra missirisins og tilkynna hann skattgreiðanda fyrir lok júlímánaðar 1953, síðara missirisins fyrir lok októbermánaðar 1953 og janúarmánaðar 1954. Skattur af sölu fyrra missirisins skal

síðan greiddur til innheimtumanna ríkissjóðs 1. ágúst 1953, en hins síðara 1. nóvember 1953 og 1. febrúar 1954. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun söluskatts, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10. næsta mánaðar, eftir að skatturinn var lagður á. Skattanefnd eða skattstjóri skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum skattstjóra og skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 30 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

Áfrýjun skattaálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

Nd. 326. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórn hefur lofað þing eftir þing að láta endurskoða þá tolla- og skattalöggjöf, sem nú gildir. En ekki bólar á efndum.

Þetta frv. er um framlengingu þeirra þungu tolla, sem nú hvíla á almenningi. Sósíalistaflokkurinn var andstæður þessum tollahækkunum, er þær voru á lagðar, og er það enn. Legg ég því til, að 1. gr. frv. sé felld, en 3. gr. samþykkt. Verði hins vegar 1. gr. samþykkt, mun ég fylgja 2. gr.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 327. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953 og við brtt. á þskj. 282.

I. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 282, 17, 40. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „150 000“ kemur 300 000

II. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XVII. 8. Nýr liður:
Til byggingar æskulýðshallar í Reykjavík 200 000
Til vara 100 000

III. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 15. gr. B. I. 2. b. Nýr stafliður:
Til rannsókna á göngum síldarinnar í hafinu umhverfis landið og til síldarleitar 500 000

Sþ. **328. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

I. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Einari Olgeirssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 800 000

II. Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 17. gr. 28. (Vatnsveitur).
Fyrir „350 000“ kemur 500 000

III. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða til Iðnaðarbankans h/f 2 250 000 sem vaxtalaust lán, og gangi lán þetta smám saman til greiðslu á hlutafé ríkisins til Iðnaðarbankans til móts við annað innborgað hlutafé.

Nd. **329. Nefndarálit** [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Barátta fyrir því að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa hefur staðið nokkur ár á Alþingi, eftir að það kom í ljós, að ríkisstjórn og fjárhagsráð þrengdu óeðlilega kosti landsmanna í krafti þeirra heimilda til takmarkana á byggingu íbúðarhúsa, sem veittar eru í lögunum um fjárhagsráð. En eins og kunnugt er, kom það í ljós, að þessar takmarkanir ollu bæði húsnæðisskorti meðal almennings og atvinnuleysi meðal byggingarverkamanna.

Á Alþingi 1949 flutti ég breytingartillögu við lögin um fjárhagsráð, að aftan við 5. gr. bættist svo hljóðandi málsgrein (þskj. 566):

„Þó skal þeim, sem ekki eiga íbúð, heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús fyrir sjálfa sig, enda sé íbúðin eigi stærri en ákveðið er um verkamannabústaði.“

Þessi tillaga var felld. En síðar á þinginu flutti fjárhagsnefnd Nd. sem heild breytingartillögu við sömu grein laganna, og hljóðaði fyrri hluti hennar svo:

„Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk íbúða.“ (þskj. 734.)

Þessi tillaga var samþykkt, en þar sem þetta var seint á þingi, náði frv. ekki afgreiðslu.

Á næsta þingi, 1950, flutti meiri hluti fjárhagsnefndar Nd. (EOl, JóhH, SÁ, ÁÁ) frumvarp, er fór fram á samsvarandi breytingu, að við 5. gr. nefndra laga væri bætt þessu atriði m. a.:

„Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra.“

Frumvarp með þessu sem aðalefni var síðan samþykkt við allar þrjár umræður í Nd., og sent til efri deildar.

Í efri deild fór málið til fjárhagsnefndar, og gaf hún 17. jan. 1951 út sameiginlegt álit um frv., og segir í því (þskj. 505):

„Samkomulag varð um að leggja til, að frv. yrði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.“

En þegar hér var komið sögu, hafði annar aðili komið til skjalanna.

Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu flutt þáltill. um að afnema skömmtun á byggingarefni. Við hana hafði ég flutt brtt. um að gefa nú þegar frjálsan innflutning á byggingarvörum.

Tillagan hafði verið send fjárhagsráði til umsagnar.

Í umsögn sinni, dags. 13. jan. 1951, hafði fjárhagsráð lagzt gegn samþykkt þess að gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa og frjálsan innflutning byggingarefnis og fært m. a. fram svo hljóðandi röksemd:

„Fjárhagsráði hefur skilizt, að vegna tilrauna til þess að fá að nota fé úr mótvirðissjóði verði að takmarka fjárfestingu við ákveðið hámark og að það sé fullkomlega skilyrði fyrir því, að leyfi fáist til þess að nota mótvirðissjóð. Ef fara ætti eftir tillögu þessari, mundi það gera ómögulegt að sýna forráðamönnum mótvirðissjóðs fram á, hver fjárfestingin væri, þar sem takmarkanirnar næðu aðeins til hluta hennar.“

Með þessari yfirlýsingu sinni viðurkenndi fjárhagsráð tvennt:

1) Að ráðið leit á erlenda menn í Washington sem „forráðamenn mótvirðissjóðs“, en ekki á Alþingi, sem samkvæmt íslenzkum lögum ræður mótvirðissjóði. Og að ráðið leit á sig sem fulltrúa og eftirlitsmenn hinna amerísku auðmanna með fjárfestingarmálum Íslendinga, en taldi sig ekki fulltrúa þings og þjóðar.

2) Að hinir erlendu yfirboðarar höfðu krafizt þess, að fjárfesting Íslendinga væri takmörkuð og að þeir, hinir útlendu menn, hefðu völdin um það, hver fjárfestingin væri. Takmörkunin á íbúðabyggingum Íslendinga var því eitt af skilyrðum þeirra fyrir því að „leyfa“ Íslendingum að nota mótvirðissjóðinn, sem Íslendingar leggja sjálfir fram og eiga!

Eftir að umboðsmenn ameríska auðvaldsins á Íslandi höfðu þannig látið í ljós skoðanir þess, varð skyndilega breyting á afstöðu ýmissa þingmanna til lagafrumvarpsins um að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa. Meiri hlutinn í fjárhagsnefnd efri deildar, sem áður hafði öll mælt með frv., snerist nú skyndilega gegn því, er meiri hlutinn fann, hvernig blés að vestan, og lagði nú til, að frv. væri vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var sú tillaga nefndarinnar samþykkt með 10 atkv. gegn 5, eftir að átalin höfðu verið þau undarlegu vinnubrögð, er þarna kæmu í ljós, og snarsnúningur meiri hluta nefndarmanna.

Þannig fór um baráttuna fyrir því að gefa frjálsa byggingu hóflegra íbúðarhúsa á Alþingi 1950—51. Bandaríkjavaldið hafði kippt í spottann, brúður þess kippzt við, — en of seint til þess að það kæmi ekki í ljós, hvaða aðili taldi sig geta ráðið því, hvort Íslendingar fengju að byggja yfir sig eða ekki.

Í byrjun yfirstandandi þings flutti ég svo ásamt hv. þm. Siglf. það frv., sem hér um ræðir: að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa og miða þá við, hvað hæfilegt þykir um verkamannabústaði.

Frumvarpið fór til fjárhagsnefndar neðri deildar, þeirra sömu, er flutti frv. þann 1950, sem fyrr getur og hlaut svo söguleg afdrif. Og nú lögðust þeir sömu menn er þá fluttu frv., á móti því að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa.

Ég álít hins vegar, að þörf Íslendinga fyrir nýtt húsnæði sé svo brýn, neyðin, sem þúsundir Íslendinga búa við í húsnæðismálum, hrópi svo til þjóðar og þings, að það beri tafarlaust að gefa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa frjálsa, og legg því til, að frv. sé samþykkt.

Þess skal getið, að samtök byggingarverkamanna hafa hvað eftir annað tekið undir kröfuna um, að byggingar verði gefnar frjálsar, m. a. gerði Múrarafélagið, sem atvinnuleysið hefur bitnað mjög á, það á fundi sínum 3. júlí s. l.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Einar Olgeirsson.

Nd. 330. Frumvarp til laga [173. mál]

um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásmundur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Höfn í Hornafirði. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4 millj. kr., er endurgreiðist að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi til landshafnarinnar svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leiga af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímalega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber

hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 100—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um landshöfn í Höfn í Hornafirði hefur áður verið flutt á nokkrum þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu.

Margra ára reynsla sýnir, að við suðurströnd landsins eru mjög góð fiskimið fyrir vélbátaflota landsmanna. Á hinn bóginn er suðurströnd landsins hafnlaus milli Þorlákshafnar og Hornafjarðar. Vegna legu sinnar er því Höfn í Hornafirði mjög mikilsverð verstöð fyrir Austurland. Þaðan er auðveldast að sækja á fiskimiðin við suðausturhorn landsins og vestur með hinni hafnlausu strönd Skaftafellssýslu.

Jafnframt útgerðinni fara allir vöruflutningar fyrir meginhluta Austur-Skaftafellssýslu um höfnina í Hornafirði.

Fram að þessu hefur litlu fé verið varið til hafnarbóta í Hornafirði í hlutfalli við ýmsa aðra staði. Nú er svo komið, að brýna nauðsyn ber til þess að gera mjög bráðlega miklar endurbætur á höfninni í Hornafirði til að bæta að miklum mun aðstöðu fiskibáta og auðvelda afgreiðslu flutningaskipa. Með það fyrir augum að gera hafnarskilyrðin þar sem allra bezt er frumvarp þetta flutt.

Nd. 331. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um hitaveitur utan Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað álits nokkurra þeirra aðila, er málið snertir, og eru þeir meðmæltir samþykkt frv. Nefndin telur, að viljað geti til, að fleiri en einu bæjarfélagi eða hreppsfélagi henti betur að hafa samvinnu um hitaveitu og sé því réttara, að lögin geri ráð fyrir slíku.

Þá er það kunnugt, að nú er að minnsta kosti ein hitaveita, sem félag hefur gert og rekið í þágu almennings, og munu engir samningar milli þess og hlutað-

eigandi hreppsfélags um fyrirtækið. Nefndin álítur, að tryggja beri með þessum lögum þeim, er gert hefur slíkt mannvirki og rekið það, sama rétt og bæjar- og hreppsfélög hafa. Og jafnframt sé fyrir því séð, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag geti eignazt fyrirtækið, ef ástæða þykir til þess.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum — eða samtökum þeirra — einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu ...
2. Við 6. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkv. 1. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði ...
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almennings og annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri.
   Rétt á bæjar- eða sveitarstjórn að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

Alþingi, 28. nóv. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jónas G. Rafnar. Emil Jónsson.

Áki Jakobsson.

Nd. 332. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Fyrir „10000 kr.“ kemur: 20000 kr.
2. Við 14. gr. Fyrir orðin „af hirðuleysi“ kemur: af vítaverðu hirðuleysi.

Ed. 333. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild á 5 hndr. úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsögn menntamálaráðuneytisins. Það mælir með því, að frv. verði samþykkt, og telur vistheimilinu, sem reist hefur verið á þeim hluta jarðarinnar, sem er eign ríkissjóðs, þörf á allri jörðinni til sinna nota. Enn fremur upplýsir það, að á jörðinni sé bændakirkja og hvíli því sú kvöð á allri jörðinni að endurbyggja hana, en þess er talin brýn þörf.

Ráðuneytið áætlar, að það muni kosta 60—80 þús. kr. og ekki sé til í sjóði kirkjunnar nema 3218.26 kr.

Að fornu mati er jörðin öll metin á 30 hundruð. Eftir fasteignamati 1861 er hún metin á 28½ hundrað, og eftir fasteignamati 1942 er sá hlutinn, sem ríkissjóður á nú, metinn þannig: landverð 4600 kr., húsaverð 5200 kr., eða alls á 9800 kr., en hinn hlutinn, sem ríkissjóður á ekki, er þá metinn á 1100 kr. landverð og 500 húsaverð, eða alls á 1600 kr. Hús þau, sem þá voru á þeim hlutanum, munu vera eign síðasta ábúanda, en ekki þess, sem nú á jörðina.

Á það er rétt að benda, að um leið og ríkissjóður kaupir jörðina, losnar núverandi eigandi við þá kvöð að þurfa að taka þátt í viðhaldi og endurbyggingu nýrrar kirkju, og verður að gæta þessa, þegar eignarnámið fer fram.

Af framansögðu er ljóst, að nokkur vafi getur leikið á því, hve það er mikill hluti úr jörðinni, sem ríkissjóður á ekki nú, og þykir nefndinni því rétt að orða 1. gr. frv. um.

Hún mælir því með því, að frumvarpið sé samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi þann hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu, sem er ekki nú þegar eign ríkissjóðs.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Alþingi, 29. nóv. 1952.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þorsteinn Þorsteinsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 334. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrir orðin „allt að 1000 kr.“ í 1. málsgr. 88. gr. komi: allt að 10000 kr.

2. gr.

Fyrir orðin „sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr.“ í 89. gr. komi: sektum frá 500 kr. og allt að 10000 kr.

3. gr.

Fyrir orðin „sektum, ekki lægri en 500 kr.“ í 90. gr. komi: sektum, ekki lægri en 8000 kr.

4. gr.

Fyrir orðin „sektum allt að 500 kr.“ í 91. gr. komi: sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1953.

Sþ. **335. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1953.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1953 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	52 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur 4000000		
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 2000000		
	2 000 000	
		54 000 000
3. Vörumagnstollur	22 500 000	
4. Verðtollur	105 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	9 200 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	7 200 000	
		143 900 000
7. Fasteignaskattur	700 000	
8. Lestagjald af skipum	300 000	
9. Bifreiðaskattur	3 300 000	
		4 300 000
10. Aukatekjur	3 500 000	
11. Stimpilgjald	9 000 000	
12. Vitagjald	1 000 000	
13. Leyfisbréfagjald	100 000	
14. Veitingaskattur	2 500 000	
15. Útflutningsleyfagjöld	500 000	
		16 600 000
16. Söluskattur		83 000 000
17. Leyfisgjöld		1 700 000
Samtals ...	. . .	303 500 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	3 711 000	
2. — áfengisverzlunar	53 000 000	
3. — tóbakseinkasölu	32 000 000	
4. — ríkisútvarps	626 750	
5. — ríkisprentsmiðju	300 000	
6. — landssmiðju	70 000	
7. — Bessastaðabús	15 000	
		89 722 750
÷ Rekstrarhalli póstsjóðs		633 000
Samtals ...	. . .	89 089 750
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		10 155 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	495 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	4 425 000	
3. Önnur pósthús	2 659 000	
4. Póstflutningar	2 625 000	
5. Önnur gjöld	580 000	
6. Fyrning af fasteignum	4 000	
		10 788 000
Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	633 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		38 150 000
II. Gjöld:		
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 1642000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík ... 4210000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík ... 430000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík ... 950000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 7030000		
6. Birgðahúsið ... 490000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ... 1105000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ... 555000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ... 590000		
10. Símastöðin í Hrútafirði ... 420000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum ... 620000		
12. Símastöðin á Siglufirði ... 630000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva ... 4367000		
	23 039 000	
b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ...	700 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva ...	1 900 000	
d. Viðhald landssímanna ...	7 000 000	
e. Framhaldsgjald ...	230 000	
f. Ýmis gjöld ...	250 000	

3. gr.

	kr.	kr.
g. Fyrning á húsum og áhöldum	500 000	
h. Vextir af lánum	450 000	
i. Almannatryggingar	370 000	34 439 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	3 711 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		890 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 400 000
III. Til talstöðva í báta og skip		250 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		200 000
V. Til nýrra landssímalína		450 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		1 740 000
VII. Til stuttbylgjusendis fyrir Alþjóðaflugþjónustu		300 000
VIII. Til póst- og símahúss á Húsavík		100 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	5 330 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		60 467 326
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót 1518275		
b. Verðlagsuppbót 770051	2 288 326	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	779 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	1 150 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	750 000	
5. Útsvar	2 500 000	7 467 326
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	53 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		35 790 582
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót 642540		
b. Verðlagsuppbót 323042	965 582	
2. Annar rekstrarkostnaður	1 400 000	
3. Útsvar	1 425 000	3 790 582
Fært á 3 gr. A. 3	. . .	32 000 000
5. Ríkisútvarpið.		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	7 100 000	
b. Aðrar tekjur	1 800 000	8 900 000

3. gr.

		kr.	kr.
II.	**Gjöld:**		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót 1650993		
	2. Verðlagsuppbót 797579		
	3. Aukavinna 280000		
		2 728 572	
	b. Útvarpsefni	1 660 000	
	c. Skrifstofukostnaður	510 000	
	d. Húsaleiga, ljós og hiti og ræsting	430 000	
	e. Til útvarpsstöðva	1 200 000	
	f. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.	100 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	155 000	
	h. Vegna höfundalaganna	200 000	
	i. Óviss útgjöld	75 000	
	j. Bifreiðakostnaður	85 000	
	k. Fyrning á húsum og vélum	150 000	
			7 293 572
			1 606 428
III.	**Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:**		
	a. Tekjur	852 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun með uppbót .. 246424		
	b. Verðlagsuppbót 126254		
	372678		
	2. Efni 220000		
	3. Annar kostnaður 239000		
		831 678	
			20 322
IV.	**Rekstur viðtækjaverzlunar:**		
	a. Tekjur	996 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun með uppbót .. 209214		
	b. Verðlagsuppbót 102817		
	312031		
	2. Annar kostnaður 160800		
		472 831	
		523 169	
	Til greiðslu á skuldum þjóðleikhússins	523 169	
			1 626 750
	Til framkvæmdasjóðs (þar af 504000 til afborgunar af láni frá Marconi Co., London)		1 000 000
	Fært á 3. gr. A. 4	. . .	626 750

3. gr.

			kr.	kr.
		6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.		
I.	Tekjur (prentvinna)			3 800 000
II.	Gjöld:			
1.	a. Laun starfsmanna:			
	1. Grunnlaun með uppbót ..	181588		
	2. Verðlagsuppbót	84138		
		265726		
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
	1. Grunnlaun	1310000		
	2. Verðlagsuppbót	633000		
		1943000		
			2 208 726	
2.	Efnivörur		800 000	
3.	Vélarekstur og viðhald		70 000	
4.	Annar kostnaður		346 274	
5.	Fyrning		75 000	
				3 500 000
	Fært á 3. gr. A. 5		. . .	300 000
		7. Áburðarsala ríkisins.		
a.	Laun:			
1.	Grunnlaun með uppbót	105329		
2.	Verðlagsuppbót	52820		
		158149		
b.	Annar kostnaður	470000		
			628 149	
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		628 149	
		8. Grænmetisverzlun ríkisins.		
a.	Laun:			
1.	Grunnlaun með uppbót	157993		
2.	Verðlagsuppbót	79230		
		237223		
b.	Annar kostnaður	600000		
			837 223	
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		837 223	
		9. Landssmiðjan.		
I.	Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			1 908 314
II.	Gjöld:			
1.	Laun starfsmanna:			
	a. Grunnlaun með uppbót	349893		
	b. Verðlagsuppbót	160421		
			510 314	
2.	Vextir		228 000	
3.	Fyrning		400 000	
4.	Annar kostnaður		700 000	
				1 838 314
	Fært á 3. gr. A. 6		. . .	70 000

3. gr.

	kr.	kr.
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins.		
I. Tekjur		5 000 000
II. Gjöld:		
1. Laun og skrifstofukostnaður	52 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)	3 570 000	
3. Verkalaun	750 000	
4. Annar kostnaður	628 000	
		5 000 000
11. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		207 363
II. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót 88692		
b. Verðlagsuppbót 39171		
	127 863	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	35 000	
3. Vextir	14 500	
4. Annar kostnaður	30 000	
		207 363
12. Ríkisbúið á Bessastöðum.		
I. Tekjur		430 000
II. Gjöld		415 000
Fært á 3. gr. A. 7	. . .	15 000
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		40 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj.		180 000
3. Aðrir vextir		1 500 000
4. Arður af hlutafjáreign		365 000
Samtals	. . .	2 085 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 3 000 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1953 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		3 341 486
2. Lán í dönskum krónum		280 377
3. Lán í dollurum		36 720
Samtals ...	. . .	3 658 583

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	122 032	
2. Risna	70 000	
		192 032
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		70 000
III. Bifreiðakostnaður		105 000
IV. Forsetasetrið að Bessastöðum		100 000
V. Bessastaðakirkja		7 500
Samtals ...	. . .	474 532

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		3 700 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		42 000
3. Fyrning á alþingishúsi		2 797
Samtals ...	. . .	3 744 797

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	297000		
2. Verðlagsuppbót	110473		
	407473		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	40000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000		
2. Húsaleiguuppbót	1260		
	4260		
d. Ríkisráð	9000		
		460 733	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	167058		
2. Verðlagsuppbót	73559		
	240617		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	408546		
2. Verðlagsuppbót	191194		
	599740		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	265260		
2. Verðlagsuppbót	121656		
	386916		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	319005		
2. Verðlagsuppbót	146468		
	465473		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	488806		
2. Verðlagsuppbót	222811		
	711617		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	125550		
2. Verðlagsuppbót	56697		
	182247		
b. Fálkaorðan	15000		
	197247		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	73440		
2. Verðlagsuppbót	30945		
	104385		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	388867		
2. Verðlagsuppbót	184002		
	572869		

			kr.	kr.
h. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	187090			
2. Verðlagsuppbót	83962			
		271052		
i. Aðrir starfsmenn, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	73633			
2. Verðlagsuppbót	35475			
		109108		
j. Annar kostnaður ráðuneytanna		375000		
			4 034 024	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	528506			
2. Verðlagsuppbót	239730			
		768236		
b. Annar kostnaður		75000		
			843 236	
Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Hún skal auk eftirlits og tillagna um býlanöfn hafa á hendi eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera ráðuneytinu til leiðbeiningar og aðstoðar um önnur málefni, er varða hvers konar staðarnöfn hér á landi.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, þeim, er talin eru í fasteignabók 1942, má eigi breyta nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar (sbr. 5. gr.).

4. gr.

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar.

5. gr.

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim lýst í umsókninni, hvort sem um er að ræða nafn á nýbýli eða nafn á býli, sem eigandi vill breyta um nafn á. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt umsækjanda á býlinu. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama sýslufélagi eða því um líkt. Við upptöku nýnefna skal gæta þess, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama sýslufélagi né nafna, sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í sýslufélaginu, að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

Nú þykir örnefnanefnd rétt að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða að nafnið er málskrípi, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar, og ber fasteignareiganda að hlíta úrskurði hennar.

6. gr.

Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og

meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kauptúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti.

7. gr.

Nú myndast þéttbýli — þorp — í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sýslunefnd sæki um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.).

8. gr.

Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt, eftir að henni hafa borizt beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., senda ráðherra rökstuddar tillögur um málið. Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfesta nafn, sem um er beðið á nýbýli, og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn, sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn, sem nefndin fellst á, og tilkynnt það örnefnanefnd, sendir örnefnanefnd öll gögn viðvíkjandi málinu til ráðherra, og úrskurðar hann, hvert nafn býlið skuli fá, og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir ráðherra viðkomandi sýslumanni, sem færir það þegar í veðmálabækur, sendir það eiganda býlisins og þinglýsir því á næsta manntalsþingi og tilkynnir nafnbreytinguna þinglýstum veðhafa. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign, sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um nöfn þau, sem leyft hefur verið að taka upp á árinu. Svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

9. gr.

Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók 1942. Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 51 5. júlí 1937.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 339. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, er hún ber fram á sérstöku þingskjali. Einn nm. (GÍG) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 29. nóv. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Steingrímur Aðalsteinsson.

Ed. 340. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. Framan við 1. gr. koma nýjar greinar (og breytist greinatala samkv. því):
   a. (1. gr.) Aftan við 5. mgr. 16. gr. laganna (Hver fastanefnd ... fundaskrifara) bætist: Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.
   b. (2. gr.) Síðari málsl. 2. málsgr. 18. gr. laganna skal orða svo: Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.
   c. (3. gr.)
      a. Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 3. málsl. fyrri málsgr. 19. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.
      b. Fyrir „fjórum vikum“ í 4. málsl. sömu málsgr. laganna kemur: átta vikum.
      c. Orðið „óskipt“ í síðari málsgr. sömu lagagr. fellur niður.
   d. (4. gr.) Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 22. gr. laganna kemur: einni nóttu.
   e. (5. gr.) Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 23. gr. laganna kemur: einni nóttu.
   f. (6. gr.) Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 4. málsl. fyrri málsgr. 25. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.
   g. (7. gr.) Fyrir orðin „2 nóttum“ í 1. málsgr. 26. gr. laganna kemur einni nóttu.
   h. (8. gr.) 2. málsgr. 29. gr. laganna orðast svo:
      Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.). Fyrri umræða, ef tvær eru, fer fram eins og 1. umræða lagafrumvarpa (21. gr.), en síðari umræða á sama hátt og 2. umræða (22. gr.).
   i. (9. gr.) 30. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala laganna samkv. því og tilvitnanir í greinar.
   j. (10. gr.) Fyrir 2. og 3. málsl. 3. málsgr. 32. gr. laganna koma þrír málsl., svo hljóðandi: Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild, og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingar-

tillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.

2. Á eftir 1. gr. koma nýjar gr. (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (12. gr.) Aftan við 2. málsgr. 35. gr. laganna bætist: sbr. þó næstu málsgrein hér á eftir og niðurlagsákvæði 36. gr.
   b. (13. gr.) Fyrir orðin „ef ⅔ fundarmanna eru“ í 42. gr. laganna kemur: að ⅔ fundarmanna séu.
   c. (14. gr.)
      a. Fyrsta málsgrein 43. gr. laganna orðast svo:
         Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar deildar eftir ályktun hennar, er 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í sameinuðu þingi, er 9 þingmenn krefjast þess.
      b. Fyrir orðin „Ef þá er farið“ í upphafi 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: Ef farið er.
      c. Orðin „og leyfi ráðherra“ í 3. málsgr. sömu lagagr. falla niður.
   d. (15. gr.)
      a. Fyrir orðið „þingmanna“ í 1. málsl. 1. málsgr. 44. gr. laganna kemur: þingdeildarmanna.
      b. 4. og 5. málsgr. sömu lagagr. falla niður.
   e. (16. gr.) Fyrir orðið „konunginn“ í 1. málsl. 63. gr. laganna kemur: forseta Íslands.
   f. (17. gr.) Orðin „ráðherra leyfir og“ í 64. gr. laganna falla niður.

Ed. 341. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú dvelja hjón, eða annað þeirra, á elliheimili eða hliðstæðri stofnun, og skulu þau þá hvort um sig fá fullan einstaklingslífeyri.

2. gr.

Fyrir orðin „eða séð honum fyrir vist á elliheimili“ í 1. málsl. 17. gr. laganna kemur nýr málsl., svo hljóðandi: Ef ellilífeyrisþegi dvelur á elliheimili eða hjúkrunarheimili, skal Tryggingastofnunin hækka lífeyri hans, samkvæmt umsókn, um allt að 40%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði þessa frv. ná eingöngu til ellilífeyrisþega, sem dvelja á elliheimili eða hliðstæðri stofnun. Samkvæmt lögum nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar, fá hjón hvort um sig talsvert minni ellilífeyri en einstaklingar. Er þetta rökstutt með því, að hjón, sem búi saman, geti komizt af með minni tekjur hlutfallslega en einstaklingar, sem búa hver í sínu lagi. Hvað sem um þennan rökstuðning má segja

yfirleitt, þá á þetta aldrei við, ef hjón, annað hvort eða bæði, dvelja á elli- eða hjúkrunarheimili, því að þar verða þau að greiða fullt gjald sem einstaklingar væru. Nær því ellilífeyrir hjóna skemmra til greiðslu vistgjalds heldur en hinna, sem fá einstaklingslífeyri. Hér er lagt til, að hjón fái hvort um sig fullan einstaklingslífeyri, ef þau dvelja á elli- eða hjúkrunarheimili.

Tryggingastofnunin getur samkvæmt núgildandi lögum hækkað ellilífeyri til ellilífeyrisþega, er þarfnast sérstakrar umönnunnar sökum sjúkleika eða ellilasleika, eða þá að stofnunin getur séð honum fyrir vist á elliheimili. Tryggingastofnunin mun sjaldan eða aldrei hafa séð ellilífeyrisþegum fyrir vist á elliheimili, en hins vegar iðulega notað heimildina um hækkun. Sumu gömlu fólki finnst erfitt að biðja um það, sem það er ekki öruggt um að eiga heimtingu á, og er því lagt til, að í stað núgildandi ákvæða komi skylda til þess að hækka ellilífeyrinn um allt að 40%, ef um það er sótt fyrir ellilífeyrisþega, er dvelja á elli- eða hjúkrunarheimili. Virðist sú skylda eðlileg, þegar litið er á það ákvæði, sem nú er í gildi um það, að Tryggingastofnunin sjái ellilífeyrisþegum fyrir vist á elliheimili.

Ed. 342. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá Gísla Jónssyni.

Aftan við frv. komi svolátandi

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og skal þá athuga, á hvern hátt koma mætti fyrir kostnaði vegna framkvæmdar þeirra. Skal endurskoðuninni lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Ed. 343. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar. Hefur hún sent það ýmsum aðilum til umsagnar og rætt það á mörgum fundum. Kom það fram bæði af svörum þeim, er nefndinni bárust, og eins í nefndinni, að mjög mikil andstaða er gegn flestum þeim nýmælum, er í frv. felast. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að þau félagssamtök, er vinna gegn áfengisnautn meðal landsmanna og afleiðingum hennar, voru ekki til kvödd, er endurskoðun áfengislöggjafarinnar fór fram, leggur meiri hlutinn til, að frv. verði afgreitt með svofelldri.

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin lítur svo á, að nauðsynlegt hefði verið að hafa samráð við þau félagssamtök í landinu, er vinna gegn ofnautn áfengra drykkja, um endurskoðun áfengislaganna og hvaða skipan á áfengismálunum væri líklegust til að draga úr ofnautn áfengis. Einkum telur deildin, að fulltrúi Stórstúku Íslands og a. m. k. tvær konur hefðu átt að vera með í ráðum, er áfengislögin voru endurskoðuð. Í trausti þess, að

fulltrúar þeirra samtaka, er mesta áherzlu hafa lagt á baráttuna gegn ofnautn áfengis, verði kvaddir til ráða um, hvaða aðgerðir og skipan áfengismálanna sé líklegust til að draga úr og helzt koma í veg fyrir misnotkun áfengis, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. nóv. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. | Guðm. Í. Guðmundsson. | Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 344. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Tveir nefndarmanna, GÍG og StgrA, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 1. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. | Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. | Bernh. Stefánsson.

Nd. 345. Frumvarp til laga [174. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

2. gr.

Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Talsvert af utanríkisverzlun landsins er nú við lönd, sem verzla eingöngu á jafnvirðis- eða vöruskiptagrundvelli. Andvirði útflutningsins til þessara landa er aðeins hægt að nota til vörukaupa í sömu löndum. Þar eð útflutningur fiskafurða er árstíðabundinn og óstöðugur, myndast iðulega tiltölulega háar innstæður og skuldir á bundnum reikningum Landsbankans í umræddum löndum. Hefur Landsbankinn ekki talið sér fært að annast þessi gjaldeyrisviðskipti á venjulegan hátt, nema ríkissjóður ábyrgist þau. Var þannig ábyrgð tekin á viðskiptum bankans við

Tékkóslóvakíu 1946 og við Pólland 1948. Ríkisstjórnin álítur slíka ábyrgð nauðsynlega til þess að viðskiptin við þessi lönd geti gengið greiðlega og farið fram á venjulegan hátt. Er því farið fram á heimild Alþingis fyrir því, að ríkissjóður megi taka ábyrgð á reikningum Landsbankans í þessum löndum.

Nd. 346. Frumvarp til laga [175. mál]

um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Skráningarstjóri ríkisins skal hafa aðsetur í Reykjavík. Ráðherra skipar skráningarstjóra, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

Skráningarstjóri skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum og hafa þekkingu á bókhaldi.

2. gr.

Skráningarstjóri annast skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi, og gegnir að öðru leyti þeim störfum, er lög ákveða.

3. gr.

Halda skal hlutafélagaskrá samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrá samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrá skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur nánari reglur um skrár þær, sem í 1. málsgr. getur.

4. gr.

Skráningarstjóri birtir í Lögbirtingablaði tilkynningar, er ritaðar hafa verið á skrár þær, sem getur í 1. málsgr. 3. gr. Ef eigi er á annan veg mælt í lögum, skal tilkynning öll birt, en eigi fylgiskjöl hennar.

Birta skal við árslok hver í B-deild Stjórnartíðinda skrá um allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

5. gr.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi fram farið, og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

II. KAFLI
Skráningarskylda og skráningarheimild.

6. gr.

Félög, heimilisföst hér á landi, eru skráningarskyld, eins og hér segir:

A. Hlutafélög.
B. Samvinnufélög.
C. Önnur félög, ef þau reka eftirgreinda starfsemi:

1. Verzlun, þar með talda sölu fasteigna, skipa, loftfara og bifreiða, umboðsverzlun, forlagsverzlun, tilboðasöfnun og pöntunarstarf.
2. Lyfjasölu.
3. Bankastarf, sparisjóðsstarf, sölu gjaldmiðils eða verðbréfa.
4. Vátryggingar.
5. Útgerð skipa, 100 rúmlesta og stærri.
6. Iðju.
7. Handiðnað.
8. Veitingar og gistihússrekstur.
9. Námagröft.
10. Mannvirkjagerð.
11. Framleiðslu og sölu orku.
12. Flutning fólks, muna og orðsendinga.
13. Rekstur kvikmyndahúss, hringleikhúss og fjölleikahúss.
14. Miðlarastarf, að því er tekur til atvinnugreina þeirra, sem getur í 1.—13. tl.

Heimilt er félögum, sem reka aðra viðskiptastarfsemi en þá, er í C-lið 1. málsgr. getur, að láta skrá firma sitt.

7. gr.

Þegar einstaklingur rekur atvinnu, sem getur í C-lið 1. málsgr. 6. gr., skal skrá firma hans, ef atvinnan er rekin undir sérstöku heiti öðru en nafni eiganda eingöngu.

Einstaklingi, er rekur atvinnu samkvæmt C-lið 1. málsgr. 6. gr., er jafnan heimilt að láta skrá firma sitt.

8. gr.

Nú hefur aðili, félag eða einstaklingur, sem heimilisfastur er erlendis, útibú hér á landi, og er þá skylt eða heimilt að skrá útibúið eftir reglum þeim, sem getur í 6. og 7. gr.

9. gr.

Þegar skuldaskilamenn eða erfingjar stjórna atvinnu til bráðabirgða með rétti til að rita firmað, sbr. 21. gr., svo og þegar ekkja, ekkill eða erfingjar halda áfram atvinnu látins manns undir firmanafni hans, sbr. 22. gr., skal jafnan skrá firmað, enda þótt það hafi eigi áður verið skráningarskylt.

III. KAFLI
Firmu.

10. gr.

Um atvinnurekstur, sem skráningarskyldur er eða skráður samkvæmt 6.—9. gr., skal gætt ákvæða laga þessara um heiti atvinnunnar (firma).

11. gr.

Enginn má hafa í firma sínu nafn annars manns án hans leyfis.

Óheimilt er aðila, án samþykkis þess, er hlut á að máli, að hafa í firma sínu nafn á fasteign, firmanafn, vörumerki eða önnur slík nöfn, sem annar aðili hefur áður öðlast rétt til með skráningu, notkun eða á annan hátt.

Óheimilt er að kenna atvinnu við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema með leyfi stjórnvalda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Nú er í firma orð, sem táknar eða vekur hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, og verður þá eitthvað það að vera í heitinu eða gerð þess, er veiti því nægan sérkennileika.

Þegar firma atvinnurekstrar er sérstakt heiti, annað en nafn eiganda eða félagsmanns, skal það vera rétt að lögum íslenzkrar tungu.

Atvinnuheiti skal greina svo glöggt hvert frá öðru, að ekki sé hætta á, að á þeim verði villzt.

12. gr.

Óheimilt er aðila að greina í firma sínu aðra starfsemi en þá, sem hann rekur. Ef ákveðin starfsemi er greind í firma, má ekki halda firmanu óbreyttu, ef veruleg breyting hefur orðið á starfseminni.

13. gr.

Firma einstaks manns skal vera nafn hans eða sérstakt heiti annað en nafn eiganda eingöngu.

Í firma einstaks manns má ekki vera neitt, er gefi í skyn félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

14. gr.

Í firma hlutafélags skal vera orðið hlutafélag eða skammstöfunin h.f. (h/f). Önnur félög mega ekki hafa það orð eða skammstöfun þess í heiti sínu.

15. gr.

Í firma samvinnufélags skal vera orðið samvinnufélag eða skammstöfunin s.v.f. (sv/f). Ef samvinnufélag rekur verzlunaratvinnu, er því þó heimilt að nota orðið kaupfélag eða skammstöfunina k.f. (k/f). Önnur félög mega ekki hafa þessi orð eða skammstafanir þeirra í heiti sínu.

16. gr.

Önnur félög og stofnanir með takmarkaðri ábyrgð skulu hafa í firma atvinnu þeirrar, er þau reka, orðin „takmörkuð ábyrgð“ eða skammstöfunina t. áb. Óheimilt er félögum þessum eða stofnunum að hafa mannsnafn í firma atvinnurekstrar síns.

17. gr.

Félag með ótakmarkaðri ábyrgð allra félagsmanna skal hafa í firma sínu orð, er gefi félagsskap til kynna, nema full nöfn allra félagsmanna séu tekin upp í firmað. Ef félagið hefur sérstakt heiti, án fulls nafns nokkurs félagsmanns, skal orðið samábyrgðarfélag eða skammstöfunin s.f. (s/f) vera í heiti þess. Öðrum félögum er óheimilt að hafa orð þetta eða skammstöfun þess í heiti sínu.

Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð má ekki vera nafn neins utanfélagsmanns, og ekki má neitt það vera í heitinu, er gefi í skyn takmörkun á ábyrgð félagsmanna.

18. gr.

Í firma samlagsfélags, þar sem ábyrgð eins eða fleiri félagsmanna er ótakmörkuð, en ábyrgð annarra takmörkuð við framlög þeirra, skal vera orðið samlagsfélag eða skammstöfunin s.l.f. (sl/f). Öðrum félögum er óheimilt að hafa orð þetta eða skammstöfun þess í heiti sínu.

Í firma samlagsfélags mega ekki vera nöfn annarra en þeirra félagsmanna, sem bera ótakmarkaða ábyrgð, og ekki má neitt það vera í heitinu, er gefur í skyn takmörkun á ábyrgð þeirra.

19. gr.

Ef skráningarskyldur aðili rekur útibú utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem aðalatvinnan á heimilisfang, skal firma útibúsins vera óbreytt firma aðalatvinnunnar með viðauka, er greini, að útibú sé, svo og heimilisfang þess.

20. gr.

Í firma útibús erlends aðila skal vera nafn hans og heimilisfang og þess getið, að útibú sé. Í firma útibúsins skal einnig greint, ef ábyrgð hins erlenda aðila er takmörkuð.

21. gr.

Nú hefur skuldaskilamönnum verið falið að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, og skal þá halda firmanu óbreyttu og þess getið, að skuldaskilamenn fari með stjórn atvinnunnar. Sama máli gegnir, ef erfingjar halda áfram atvinnu að eiganda látnum, meðan skiptum er ólokið.

22. gr.

Ekkja eða ekkill, sem heldur áfram atvinnu látins maka síns, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, sem halda áfram með ótakmarkaðri ábyrgð atvinnu látins manns, ef hann hefur leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir og hinn látni hefur ekki gert aðra ráðstöfun.

IV. KAFLI
Tilkynningar.

23. gr.

Tilkynningarskylda samkvæmt lögum þessum hvílir á eiganda firma einstaks manns, á stjórn félags eða stofnunar, er getur í 14.—16. gr., á öllum félagsmönnum, er ótakmarkaða ábyrgð bera í félögum, er getur í 17. og 18. gr., á stjórnanda útibús erlends aðila, sbr. 20. gr., á skuldaskilamönnum og erfingjum, er halda áfram atvinnurekstri til bráðabirgða, sbr. 21. gr., á ekkju, ekkli eða erfingjum, sem halda áfram atvinnu látins manns með óbreyttu firmanafni hans, sbr. 22. gr., á dánarbúi, þegar atvinna hættir vegna láts eiganda, á skiptaráðanda um upphaf og lok gjaldþrotaskipta og dómstóli eða stjórnvaldi, þegar atvinnu er slitið með dómi í opinberu máli eða ráðstöfun stjórnvalds.

24. gr.

Tilkynningar á skrár samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. skulu vera skriflegar og undirritaðar af öllum þeim, sem skylt er að tilkynna firmað. Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskriftir þeirra.

Tilkynningu skulu fylgja gjöld samkvæmt aukatekjulögum fyrir skráningu og auglýsingu.

25. gr.

Þegar atvinnurekstur er skráningarskyldur, skal tilkynna hann til skráningarstjóra, eins og í 26.—31. gr. segir, áður en starfsemin hefst.

26. gr.

Þegar firma eins manns er tilkynnt, skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn hans og heimili.
2. Tegund atvinnunnar.
3. Heimilisfang atvinnunnar.
4. Hvernig nafnritun er hagað.

27. gr.

Tilkynningar um hlutafélög og samvinnufélög fara eftir ákvæðum laga um félög þessi.

Tilkynning um atvinnurekstur annarra félaga eða stofnana með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 16. gr., skal greina:

1. Heiti og heimilisfang félags eða stofnunar.
2. Firma atvinnunnar, ef það er annað en í 1. tölul. getur.
3. Tegund atvinnu.
4. Með hverjum hætti ábyrgð félagsmanna er takmörkuð.
5. Fullt nafn og heimilisfang stjórnenda og framkvæmdarstjóra eða annarra samsvarandi fyrirsvarsmanna.

6. Hverjir hafa heimild til að rita firmað samkvæmt samþykktum eða skipulagsskrá og hvernig nafnritun er hagað.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félags eða skipulagsskrá stofnunar.

28. gr.

Tilkynningu um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang allra félagsmanna.
2. Tegund atvinnunnar.
3. Heimilisfang atvinnunnar.
4. Hverjir hafi heimild til að rita firmað, svo og hvernig nafnritun er hagað.

29. gr.

Tilkynning um samlagsfélag skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang allra félagsmanna, er ótakmarkaða ábyrgð bera.
2. Fullt nafn og heimilisfang allra samlagsmanna og hverri fjárhæð framlög hvers þeirra nema, hvort þau séu greidd að fullu, en sé svo ekki, hvenær þau eigi að greiða.
3. Tegund atvinnunnar.
4. Heimilisfang atvinnunnar.
5. Hverjir hafi heimild til að rita firmað og hvernig nafnritun er hagað. Samlagsmaður getur aðeins ritað firmað samkvæmt prókúruumboði.

Tilkynningu skal fylgja yfirlýsing samlagsmanna um, að tilkynning sé gerð með samþykki þeirra. Ef þeir koma ekki sjálfir til skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskriftir þeirra.

30. gr.

Tilkynning um útibú innlends aðila, sbr. 19. gr., skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang útibússtjóra.
2. Hvernig nafnritun er hagað.

31. gr.

Tilkynning um útibú erlends aðila skal greina auk firmans:

1. Tegund atvinnu útibúsins.
2. Fullt nafn og heimilsfang útibússtjóra.
3. Hvernig nafnritun er hagað.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Embættisvottorð um, að atvinnurekstri hins erlenda aðila sé löglega háttað í heimalandi hans.
b. Staðfest yfirlýsing hins erlenda aðila um, að hann hlíti því, að lögskipti hans hér lúti íslenzkum lögum og lögsögu.
c. Staðfest starfsumboð til handa útibússtjóra og öðrum, er skuldbinda útibúið.
d. Yfirlýsing réttra íslenzkra stjórnvalda um, að útibúinu sé heimill hér á landi atvinnurekstur sá, sem tilkynntur er.

Um tilkynningu útibús erlends hlutafélags fer eftir lögum um hlutafélög.

32. gr.

Þegar breytingar verða á því, sem ritað er í hlutafélagaskrá eða samvinnufélagaskrá, fer um tilkynningu eftir því, sem segir í lögum um félög þessi.

Nú verður breyting á því, sem ritað er í firmaskrá, og skal þá tilkynna það svo fljótt sem unnt er á sama hátt og segir um firmatilkynningar.

Ef breyting verður á samþykktum félags eða skipulagsskrá stofnunar, er getur í 2. málsgr. 27. gr., skal tilkynna dagsetningu breytingar og láta fylgja endurrit hennar.

33. gr.

Tilkynna skal slit hlutafélaga og samvinnufélaga með þeim hætti, er segir í lögum um félög þessi.

Nú hættir annar skráður atvinnurekstur, og skal þá tilkynna það þegar í stað.

34. gr.

Þegar firma er tilkynnt, skulu þeir, er rétt hafa til að skuldbinda atvinnuna, sýna með eigin hendi, hvernig þeir rita firmað. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefur tilkynnt verið.

35. gr.

Nú er atvinna tilkynnt, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að reka, og skal þá fylgja tilkynningu vottorð rétts stjórnvalds um, að aðili hafi fengið slíkt leyfi eða viðurkenningu.

36. gr.

Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm eða eitthvað er í henni, sem ekki er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal skráningarstjóri synja skráningar. Birta skal skráningarstjóri þegar í stað þeim, sem hlut á að máli, synjun sína ásamt rökstuðningi. Heimilt er aðila að leita úrlausnar dómstóla um synjunina.

37. gr.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.

38. gr.

Nú hefur skráningarstjóri ástæðu til að ætla, að skráðum atvinnurekstri sé ekki lengur haldið uppi, án þess að tilkynnt hafi verið, og skal hann þá, ef aðgerðum samkvæmt 47. gr. verður ekki beitt, senda fyrirspurn um þetta efni í ábyrgðarbréfi til skráðs eiganda eða skráðra stjórnenda atvinnunnar. Ef bréfi er ekki svarað innan sennilegs tíma, skal skráningarstjóri birta í Lögbirtingablaði áskorun til fyrirsvarsmanna atvinnunnar um að sanna fyrir honum innan 4 mánaða, að atvinnurekstri sé enn haldið uppi. Nú hefur slík sönnun ekki komið fram að fresti loknum, og skal þá afmá firmað af skrá.

V. KAFLI
Prókúra.

39. gr.

Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefur gefið umboð, sem berum orðum er nefnt prókúra, hefur umboðsmaðurinn heimild til að annast fyrir umbjóðanda allt það, er varðar rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó getur prókúruhafi eigi selt né veðsett fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess sérstakt umboð.

40. gr.

Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig að þeir geti aðeins notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

41. gr.

Nú er prókúra bundin við ákveðinn tíma eða takmörkuð á annan hátt, og er sú takmörkun þá eigi gild gagnvart öðrum en þeim, sem um hana vita.

42. gr.

Þegar prókúruhafi ritar firma, skal hann bæta við það orðunum per prókúra eða greinilegri skammstöfun þeirra orða og auk þess rita nafn sitt. Ef um sameiginlega prókúru er að ræða, skal þess gætt, sem ákveðið var um tölu undirskrifta, þegar prókúran var gefin.

43. gr.

Prókúruhafi getur eigi framselt öðrum prókúru sína.

44. gr.

Prókúru má kalla aftur hvenær sem er. Prókúra fellur eigi úr gildi við lát umbjóðanda.

45. gr.

Þegar prókúra er veitt fyrir skráð firma og hún er eigi takmörkuð frekar en í 39. gr. og 40. gr. segir, skal tilkynna hana og geta hennar á skrá samkvæmt 3. gr. Eigi má skrá prókúru, sem er öðrum takmörkunum háð.

Nú er prókúra tilkynnt, og skal þá um nafnritun prókúruhafa fara eftir ákvæðum 34. gr. Ef prókúruhafi ritar ekki nafn sitt í viðurvist skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskrift hans.

46. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra án tafar breytingu eða afturköllun á skráðri prókúru og geta þess á skrá samkvæmt 3. gr.

VI. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

47. gr.

Nú brýtur skráningarskyldur eða skráður aðili gegn ákvæðum 11.—22. gr. eða vanrækir tilkynningar samkvæmt lögum þessum, og getur ráðherra þá, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, boðið hverjum þeim, er tilkynningarskylda hvílir á samkvæmt 23. gr., að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti ráðherraúrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

48. gr.

Sá, sem brýtur ákvæði 11.—22. gr. eða vanrækir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum.

Ef fyrirsvarsmanni félags hefur verið dæmd sekt vegna brots samkvæmt 1. málsgr., ber félagið ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sekt því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Nú hefur fyrirsvarsmaður félags gerzt sekur um vanrækslu samkvæmt 1. málsgr., og má þá dæma félaginu fjársekt, hvort sem einstaklingi er dæmd refsing eða ekki.

VII. KAFLI

Skráningargjöld. Gildistaka.

49. gr.

Atvinnufyrirtæki, sem skráningarskyld eru eða skráð samkvæmt lögum þessum, skulu hvert um sig greiða árlega gjald til ríkissjóðs, 100—300 krónur, eftir nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð.

Gjald þetta greiðist skráningarstjóra 15. janúar ár hvert fyrir næsta ár á undan, í fyrsta sinn 15. janúar 1954.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Ákvæði laganna taka og til atvinnufyrirtækja, sem áður hafa verið skráð, með þeim undantekningum, sem getur í 51. gr.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr., skulu þeir, sem fengið hafa firma skráð, áður en lög þessi taka gildi, halda þeim rétti til firmans, sem þeir kunna að hafa öðlazt samkvæmt lögum þeim, er áður giltu. Ákvæði III. kafla gilda að öðru leyti um eldri firmu, og ber að breyta firma að því leyti, sem það er ekki í samræmi við þau ákvæði.

Ákvæði 1. málsgr. taka og til firma, sem við gildistöku laga þessara eru lögleg samkvæmt ákvæðum 12. gr. og 13. gr. laga nr. 42/1903.

52. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 42. 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, lög nr. 14 6. júlí 1931, um breyting á þeim lögum, svo og 10. gr. og 2. málsgr. 12. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun 25. febrúar 1948 ályktaði Alþingi að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, og lögum nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Með bréfi 13. maí 1948 skipaði dómsmálaráðherra þá hæstaréttardómarana Árna Tryggvason og Þórð Eyjólfsson til að framkvæma störf þessi. Hafa þeir síðan unnið að endurskoðun laga þessara og samið frumvarp það um firmu, skráningu þeirra og prókúruumboð, sem hér liggur fyrir. Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson hefur haft frumvarpið til athugunar, og var nokkrum atriðum þess skipað í samræmi við óskir hans.

Megintilgangur með löggjöf um firmu (atvinnuheiti) og skráningu þeirra er sá að veita almenningi kost á að afla sér öruggrar vitneskju um atvinnufyrirtæki, sem reka þýðingarmikil viðskipti. Þarf sú vitneskja að geta náð til heitis atvinnufyrirtækisins, starfsemi þess, hvernig ábyrgð á skuldbindingum þess er háttað og hverjir geti skuldbundið það. Reglur um þessi efni eiga að miða að því að skapa öryggi og heilbrigði í viðskiptalífinu, eins og nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum um einstaka kafla og greinar frumvarps þessa.

Lögin nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, eru að heita má orðrétt þýðing á dönskum lögum um sama efni frá 1889, en þau lög eru að mestu samhljóða sænskum firmalögum frá 1887 og norskum firmalögum frá 1890. Litlar breytingar hafa hingað til verið gerðar á þessum norrænu lögum. Við endurskoðun íslenzku laganna hefur þótt rétt að breyta sumum ákvæðum þeirra. Miða þær breytingar einkum að því, að atvinnuheitin gefi ljósari og réttari mynd af eðli og háttum atvinnurekstrarins, enda hefur reynslan sýnt, að lögunum er helzt áfátt í þessum efnum. Hefur og sú fræðilega gagnrýni, sem fram hefur komið á Norðurlöndum um firmalöggjöfina, helzt beinzt að þessum atriðum. Í þessu frumvarpi er efni skipað með nokkuð öðrum hætti en í núgildandi lögum, þannig að ákvæði um skyld efni eru flokkuð saman frekar en nú er.

Um framkvæmd í málum þessum er gerð sú meginbreyting, að firmaskráning á framvegis að fara fram á einum stað á landinu, sbr. og frumvarp það um hlutafélög, er nú liggur fyrir Alþingi.

Um I. kafla.

Hér eru ákvæði um skráningarstjóra ríkisins, skrár þær, sem halda ber um atvinnufyrirtæki, um birtingu þess, sem skrásett er, og um þýðingu hennar. Eru

ákvæði þessi að verulegu leyti í samræmi við núgildandi lög, að því undanskildu, að ætlazt er til, að skráning fari fram á einum stað, en ekki í hverju lögsagnarumdæmi, eins og nú er. Á þetta að tryggja samræmi í framkvæmd og gera þeim, er þarfnast vitneskju um þessi efni, auðveldara um að afla hennar. Eins og samgöngum er háttað nú á dögum, á breyting þessi ekki að valda neinum örðugleikum.

Um 1. gr.

Nauðsynlegt er, að sérstakur embættismaður með sérþekkingu annist skráningu atvinnufyrirtækja, enda er starfið ábyrgðarmikið og víðtækt, sbr. og ákvæði um hlutafélög og samvinnufélög. Í 49. gr. frv. er gert ráð fyrir sérstöku, árlegu gjaldi skráðra félaga og firma, sem nægja ætti til að standa straum af kostnaði við embætti skráningarstjóra.

Um 2. gr.

Starf skráningarstjóra verður aðallega skráning atvinnufyrirtækja samkvæmt frumvarpi þessu, lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög. Þá kunna skráningarstjóra og að verða falin ýmis önnur störf, sem eru að meira eða minna leyti í tengslum við skráningarstörfin, sbr. frv. það til laga um hlutafélög, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að hlutafélög og samvinnufélög séu hvor um sig höfð á sérstökum skrám, enda eru þau félög öll skráningarskyld, án tillits til starfsemi þeirrar, er þau reka, og um tilkynningar þeirra koma ýmsar sérreglur til greina. Um annan skráðan atvinnurekstur skal halda þriðju skrána, sem látin er bera heitið firmaskrá.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. núgildandi laga.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga.

Um II. kafla.

Ákvæði núgildandi laga um, hvaða atvinnufyrirtæki eru skráningarskyld, eru í 8. gr., sbr. 35. gr. og 16. gr., og eru þau ákvæði ærið ófullkomin. Í frv. eru því sett ný og fyllri ákvæði um þessi efni. Er skráningarskyldan látin ná til atvinnufyrirtækja, sem reka þýðingarmikla viðskiptastarfsemi, og verður þar að setja takmörkin, þar sem skráningin yrði ella allt of umfangsmikil. Eins og greinir í aths. við 3. gr., eru hlutafélög og samvinnufélög þó ávallt skráningarskyld, án tillits til starfsemi þeirra. Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga er einstaklingum jafnan heimilt að láta skrá firma sitt, ef þeir reka starfsemi, sem í lögunum greinir, og er sú regla látin haldast hér, en við er bætt heimild fyrir félög að láta skrá sig, þótt þau reki aðra viðskiptastarfsemi en þá, sem skráningarskyld er.

Um 6. gr.

Vísa má til hinna almennu athugasemda við II. kafla frv. Í C-lið 1. málsgr. eru taldar nokkru fleiri atvinnugreinar en í núgildandi lögum, enda verða þær að teljast svo þýðingarmiklar, að eðlilegt sé, að skráningarskyldan taki til þeirra.

Það mun hafa tíðkazt, þótt eigi sé það í samræmi við núgildandi lög, að tekið hafi verið við skráningu félaga, sem ekki hafa verið skráningarskyld. Þykir ekki ástæða til að meina slíkum félögum skráningu, þegar þau sjálf telja þess þörf, og er þess vegna sett nýmæli 2. málsgr.

Um 7. gr.

Hér ræðir um firmu einstaklinga.

1. málsgr. er efnislega samhljóða lögum nr. 14/1931, um breyting á lögum nr. 42/1903. Þegar einstaklingur rekur viðskiptaatvinnu undir sérstöku heiti, er við-

skiptamönnum hagræði að því að geta séð í firmaskrá, hver hafi rétt til að rita firmað, og er því gert skylt að skrá slík firmu. Önnur firmu einstaklinga þykir ekki ástæða til að gera skráningarskyld. Rétt þykir þó, eins og nú, að heimila einstaklingum skráningu, þegar atvinnu þeirra er svo háttað, sem í C-lið 1. málsgr. 6. gr. segir. Heimild einstaklinga til skráningar er því ekki eins víðtæk og félaga samkvæmt 2. málsgr. 6. gr.

Um 8. gr.

Greinin svarar til ákvæðis í 1. málsgr. 16. gr. núgildandi laga. Hvort reglurnar í 6. gr. eða 7. gr. eiga við, fer eftir því, hvort hinn erlendi aðili er félag eða einstaklingur.

Um 9. gr.

Ef atvinnu er haldið áfram, eins og í gr. segir, þykir rétt, ef firmanafninu er haldið, að atvinnureksturinn sé skráður, svo að viðskiptamenn geti séð, að breyting hefur orðið á rekstrinum og hverjir hafi heimild til að skuldbinda hann. Skiptir hér ekki máli, hver atvinnureksturinn er. Ákvæðið svarar til upphafsákvæðis 21. gr. núgildandi laga, þar sem vísað er til 11. gr. og 15. gr. laganna.

Um III. kafla.

Þegar setja skal reglur um atvinnuheiti (firmu), þarf að gæta ýmissa sjónarmiða. Hafa ber í huga, að heitin brjóti ekki í bága við beina opinbera hagsmuni, t. d. að fyrirtæki kenni sig ekki við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélaga, sbr. 3. málsgr. 11. gr. Einnig þykir sjálfsagt, að heitin séu íslenzk og rétt að lögmálum tungunnar, sbr. 5 málsgr. 11. gr. Í öðru lagi mega heitin ekki raska lögvernduðum nafnrétti annarra aðila, sbr. 1. og 2. málsgr. 11. gr. Þá er það og mikilvægt atriði, að heitin gefi sem réttasta og skýrasta hugmynd um eðli atvinnurekstrarins. Í því sambandi ber að gæta þess, að heitin séu ekki svo lík öðrum atvinnuheitum, að á verði villzt. Snertir þetta bæði hag þess aðila, sem áður hefur öðlazt rétt til svipaðs nafns, svo og almennings, sem skipti á við þessa aðila. Eru ákvæði 6. málsgr. 11. gr. byggð á þessum sjónarmiðum. Þá þykir og rétt, að atvinnuheiti beri jafnan með sér, hvort atvinnan er rekin af einstaklingi eða félagi, svo og, ef félag er, hvernig ábyrgð félagsmanna er háttað, sbr. 13.—20. gr. Loks ber að setja skorður við því, að heiti gefi ranga eða villandi hugmynd um starfsemina, sbr. 12. gr. Eru ákvæði frumvarpsins um þetta að ýmsu leyti nýmæli.

Þess skal getið, að í frv. þessu eru engin ákvæði, er svari til 12. gr. og 13. gr. núgildandi laga. Verður að telja, að þau ákvæði geti valdið því, að firmu gefi svo villandi hugmynd um félagsskap og ábyrgð, að fella beri þau úr lögum.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 8. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

1. málsgr. er samhljóða upphafsákvæði 1. málsgr. 10. gr. núgildandi laga. Ákvæði þetta er sett til verndar rétti þriðja manns. Þess er þó að gæta, að jafnvel þótt þriðji maður leyfi notkun nafns síns, getur samt verið óheimilt að taka það í firmað, ef það brýtur í bága við önnur ákvæði þessa kafla, sbr. 2. málsgr. 13. gr., 16. gr., 2. málsgr. 17. gr. og 2. málsgr. 18. gr.

2. málsgr. svarar að nokkru til ákvæða í 1. málsgr. 10. gr. núgildandi laga, en við er bætt firmanafni, vörumerki eða öðru slíku nafni, sem þriðji maður á rétt til, með hverjum hætti, sem sá réttur hefur stofnazt. Það er á valdi dómstóla að meta hverju sinni, hvort réttur þriðja manns til nafns njóti verndar gegn upptöku þess í firma annars manns. Þó að þriðji maður leyfi notkun nafns, sem í 2. málsgr. getur, ber að sjálfsögðu að gæta þess, að ekki sé brotið í bága við ákvæði 6. málsgr. greinarinnar.

3. málsgr. svarar efnislega til ákvæðis í 10. gr. laga nr. 84/1933.
4. málsgr. er nýmæli, sem er í samræmi við dómvenju.
5. málsgr. er einnig nýmæli, sem sett er til að sporna við upptöku óþjóðlegra nafna.

Um 6. málsgr. má að nokkru vísa til athugasemda við III. kafla. Ákvæðið er ekki bundið við líkingu firma, sem sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, sbr. 2. málsgr. 10. gr. núgildandi laga, heldur er regla þessi óstaðbundin. Ber skráningarstjóra að gæta þessarar reglu við skráningu nýrra firma, eftir því sem honum er kunnugt um eldri firmu, skrásett eða óskrásett.

Um 12. gr.

Greinin svarar til ákvæðis í 1. málsgr. 10. gr. núgildandi laga.

Um 13. gr.

Í 1. málsgr. 9. gr. núgildandi laga er eingöngu gert ráð fyrir því, að firma einstaks manns sé nafn hans. Í framkvæmd hefur það þó orðið svo, að einstakir menn hafa oft gefið atvinnu sinni annað sérstakt heiti, og þykir ekki ástæða til að meina slíkt, sbr. lög nr. 14/1931, sem gera ráð fyrir þessu.
2. málsgr. er samhljóða ákvæði í 1. málsgr. 9. gr. núgildandi laga.

Um 14. gr.

Svarar til 4. málsgr. 9. gr. núgildandi firmalaga, sbr. og ákvæði hlutafélagalaga.

Um 15. gr.

Til aðgreiningar frá öðrum félögum þykir rétt, að samvinnufélög noti í heiti sínu sérstök orð eða skammstafanir, sem þau ein hafi rétt og skyldu til að nota. Þar sem orðið kaupfélag mun nú vera búið að fá fasta merkingu sem ein tegund samvinnufélaga, telst rétt að heimila notkun þess framvegis.

Um 16. gr.

Hér er gerð breyting frá 5. málsgr. 9. gr. núgildandi laga. Í þessum lögum er ekki efni til að ákveða, hvenær félagi er löglegt að hafa takmarkaða ábyrgð, án þess að það sé í formi hlutafélaga eða samvinnufélaga. En þegar um slík félög er að tefla, er nauðsynlegt, að það sjáist af heiti atvinnunnar, að ábyrgðin sé takmörkuð.

Um 17. gr.

Greinin svarar með nokkrum breytingum til 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga. Vegna þeirrar venju, sem myndazt hefur, þykir ekki rétt að skylda félög þessi til þess að hafa ávallt sams konar orð eða skammstöfun í firma sínu. Ef nafn félagsmanns er í firmanu, er unnt að gefa félagsskap til kynna með mismunandi hætti, svo sem með því að taka upp nöfn allra félagsmanna (Jón Jónsson og Sveinn Sveinsson o. s. frv.) eða með því að taka nafn eins eða fleiri félagsmanna með viðbót, er sýni félagsskap (Jón Jónsson & Co, Jón Jónsson s/f o. s. frv.). Ef félagið ber hins vegar sérstakt heiti, án þess að nafn nokkurs félagsmanns sé í það tekið, er skylt að gefa félagsskap til kynna með sérstökum hætti, eins og í gr. segir.
2. málsgr. svarar til ákvæðis í 3. málsgr. 9. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Um samlagsfélög eru ákvæði í 3. málsgr. 9. gr. núgildandi laga, sbr. a-lið 33. gr. Þar er ákveðið, að í firmanu skuli jafnan vera nafn eins félagsmanns með ótakmarkaðri ábyrgð, en hér er sú skylda felld niður í 1. málsgr. Firma samlagsfélags getur því bæði verið nafn eða nöfn félagsmanna með ótakmarkaðri ábyrgð eða sér-

stakt heiti án þeirra nafna. Hins vegar er jafnan skylt að gefa félagsskap og ábyrgð til kynna með þeim hætti, er í gr. segir.

2. málsgr. svarar til ákvæðis í 3. málsgr. 9. gr. núgildandi laga.

Um 19. gr.

Greinin er nýmæli. Þegar innlendur aðili rekur útibú innan lögsagnarumdæmis aðalatvinnunnar, þykir ekki ástæða til að greina útibúið frá aðalatvinnunni. Ella verður að telja nauðsynlegt, vegna þeirra, sem við útibú skipta, að firma þess beri með sér, að um útibú sé að ræða.

Um 20. gr.

Ákvæði gr. um, hvernig háttað skuli firma erlends útibús, er nýmæli. Efni gr. svarar að öðru leyti til ákvæðis í 1. málsgr. 16. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin svarar til 15. gr. núgildandi laga.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 11. gr. núgildandi laga. Að vísu brjóta ákvæði gr. í bág við þá meginreglu, að firma gefi rétta hugmynd um fyrirsvar og ábyrgð, en þeir hagsmunir eftirlifandi maka og erfingja, að fá að njóta verðmætis firmans, þykja þó eftir atvikum eiga að vega hér þyngra.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum eru tekin saman ákvæði um efni tilkynninga, hverjir séu tilkynningarskyldir og hvernig með skuli fara, ef einhver telur rétti sínum hallað með skráningu.

Eru ákvæðin ýtarlegri en í núgildandi lögum.

Um 23. gr.

Ákvæði um tilkynningarskyldu eru nú í 16. gr. laga nr. 42/1903. Ákvæði þessarar gr. eru fyllri, en annars er um engan efnismun að ræða.

Um 24. gr.

Ákvæði gr. svara að sumu leyti til 2. gr. og að sumu leyti til 3. málsgr. 16. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði í 1. málsgr. 16. gr. núgildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin samsvarar 17. gr. núgildandi laga.

Um 27. gr.

Ákvæði um þetta efni eru nú í 20 gr., sbr. 19. gr. laga nr. 42/1903. Ákvæði frv. eru nokkru fyllri. Um 2. tl. 1. málsgr. þykir rétt að taka fram, að firma atvinnu getur verið annað en nafn félags þess, er rekur atvinnuna, t. d. þegar stjórnmálafélag, verkalýðsfélag, góðtemplararegla o. s. frv. hefur sérstakan atvinnurekstur. — Að öðru leyti þarfnast gr. ekki skýringa.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málsgr. 18. gr. núgildandi laga.

Um 29. gr.

Um tilkynningu samlagsfélaga eru ákvæði í 2. málsgr. 18. gr. núgildandi laga. Ákvæði frv. eru að sumu leyti fyllri, enda er mikilsvert fyrir lánardrottna félags að vita full deili á framlögum samlagsmanna.

Um 30. gr.

Útibú, sem hér ræðir um, er skylt að tilkynna samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 16.—19. gr. þeirra, og þykir rétt að halda því. Ákvæði 2. tl. er sett vegna þess, að nafnritun undir skuldbindingar útibús félags kann að vera ákveðin með öðrum hætti en gildir um aðalatvinnuna.

Um 31. gr.

Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga skal tilkynna útibú erlends aðila, en ekki eru þar ákvæði um, hvað tilkynna skuli. Eru því sett hér ýtarleg ákvæði um þessi efni. Að því er varðar fylgiskjöl með tilkynningu svipar ákvæðunum til samsvarandi ákvæða í frv. því til hlutafélagalaga, er liggur fyrir Alþingi.

Um 32. gr.

Samsvarandi ákvæði eru í 21. gr. núgildandi laga.

Um 33. gr.

Ákvæðið svarar til 2. málsgr. 21. gr. núgildandi laga. Um tilkynningarskyldu, sjá 23. gr. frv.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. núgildandi laga.

Um 35. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Ekki þykir rétt, að atvinnurekstur sé tekinn á skrá, nema gögn liggi fyrir um, að aðili fullnægi lögmæltum skilyrðum til starfrækslunnar.

Um 36. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi laga.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. gr. núgildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er nýmæli. Telja verður nauðsynlegt, að firmu séu afmáð af skrá, þegar sannað þykir, að atvinnurekstri hefur verið hætt, án þess að tilkynnt hafi verið. Samsvarandi ákvæði hafa verið sett í viðauka við dönsk og norsk firmalög.

Um V. kafla.

Hér er tekið upp með litlum breytingum efni III. kafla laga nr. 42/1903. Prókúruumboð hefur nú fengið svo fasta hefð á sig hér á landi og erlendis og ekki orðið vart neinna sérstakra annmarka, að ekki er ástæða til að raska núgildandi ákvæðum. Að því er varðar skráningu prókúruumboðs, þykir þó rétt að gera þá breytingu, að jafnan sé skylt að tilkynna prókúruumboð, ef það er ekki sérstökum takmörkunum háð. Á þetta að stuðla að því að gera viðskipti hreinni og skýrari.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 25. gr. núgildandi laga.

Um 40. gr.

Ákvæðið er samhljóða 26. gr. núgildandi laga.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 27. gr. núgildandi laga. Ef prókúra er takmörkuð, eins og hér segir, má eigi skrá hana, sbr. 45. gr.

Um 42. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 28. gr. núgildandi laga.

Um 43. gr.

Samhljóða 29. gr. núgildandi laga.

Um 44. gr.

Ákvæðið er samhljóða 30. gr. núgildandi laga, sbr. og 27. gr. laga nr. 7/1936.

Um 45. gr.

Greinin felur í sér nýmæli að því leyti, að gert er að skyldu að tilkynna prókúru, sbr. aths. við þennan kafla frv. Að öðru leyti svarar gr. að mestu til ákvæða í 31. gr. núgildandi laga.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. núgildandi laga.

Um 47. gr.

Hér er um nýmæli að tefla. Þykir rétt, að ráðherra sé með þeim hætti, er í gr. segir, veitt heimild til að þvinga fram tilkynningar og breytingar á ólögmætri notkun atvinnuheita.

Um 48. gr.

1. málsgr. svarar til 23. gr. núgildandi laga.

2. og 3. málsgr. eru nýmæli, sem svara til ákvæða í frv. því til hlutafélagalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Um 49. gr.

Hér eru ákvæði um nýtt gjald, til þess að standast straum af kostnaði við skráningu, sbr. upphafsathugasemdir við frv. þetta.

Um 50.—52. gr.

Um ákvæði gr. þessara þykir rétt að taka fram: Aðalreglan er sú, að eldri atvinnufyrirtæki halda þeim rétti til firma, sem þau höfðu löglega öðlazt áður en lögin tóku gildi. Þó þykir rétt, að ákvæði laganna um að sjást skuli af atvinnuheiti hvernig ábyrgð sé háttað og hvort félag sé eða eigi, sbr. 14.—20. gr., skuli taka til eldri firma, ef sú tilgreining er ekki þegar í firmanu. Ákvæði IV. kafla eru látin taka til eldri firma. Það athugast, að ákvæði 35. gr. eiga aðeins við nýjar tilkynningar, og skipta því ekki máli um eldri skráð firmu. V. kafli er látinn gilda um eldri firmu, og leiðir m. a. af því, að tilkynna ber prókúruumboð áður skráðra fyrirtækja, ef svo hefur eigi áður verið gert, sbr. 45. gr.

Nd. 347. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

4. gr. orðist svo:

Hagstofa Íslands skal reikna út vísitölu, er sýni þá breytingu á almennu kaupgjaldi, er orðið hefur síðan 1941. Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna á sama hátt og gert hefur verið, með hliðsjón af ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miða við vísitölu þá, sem nefnd er í 1. málsgr. greinar þessarar.

Ed. 348. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til laga um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru tvíþætt. Mestur hluti þess fjallar almennt um réttarsambandið milli leigusala og leigutaka og á fullan rétt á sér. Ýmislegt er þar til bóta frá því, sem nú gildir að lögum og samkvæmt venju. Um þann hluta frv. var enginn ágreiningur í nefndinni, sem máli skipti. Hins vegar eru í X. og XI. kafla frv. sérstök ákvæði, sem miða að því að takmarka umráð manna yfir húseignum sínum, og þeir miðaðir við, að neyðarástand ríki í húsnæðismálum. Jafnframt er því slegið föstu með ákvæðum 2. mgr. 1. gr. frv. án nægilegra raka, að svo sé ástatt um Reykjavík, Hafnarfjörð og Akureyri.

Ef neyðarráðstafanir þarf að gera á einhverjum stöðum í húsnæðismálum, finnst mér sjálfsagt, að þær séu ákveðnar með sérstökum lögum, sem miðast þá við það ástand, sem ríkir, og þarfir þeirra staða, sem þær eiga að bæta úr.

Meðnefndarmenn mínir hafa ekki fengizt til að leggja til, að X. og XI. kafli frv., sbr. 1. gr., verði felldir niður. Þetta tel ég svo mikinn galla á frv., að ég legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 26. nóv. 1952.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Nd. 349. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 2. des. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jónas G. Rafnar, frsm. Emil Jónsson.
Áki Jakobsson.

Ed. 350. Lög [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.)

Samhljóða þskj. 5.

Ed. 351. Lög [49. mál]

um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.)

Samhljóða þskj. 49.

Nd. 352. Frumvarp til laga [32. mál]

um ættleiðingu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn. Eldri manni en 65 ára má þó ekki veita leyfi til að ættleiða yngra barn en 16 ára. Ef um hjón er að ræða, má þó annað þeirra vera eldra en 65 ára.

Nú ættleiða hjón barn, og nægir þá, að annað þeirra sé orðið 25 ára.

2. gr.

Eigi má veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til ættleiðingar, nema hann ættleiði ásamt lögráða maka og fái samþykki lögráðamanns. Þó er heimilt að veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til að ættleiða barn maka síns, enda komi leyfi lögráðamanns til.

3. gr.

Öðru hjóna má því aðeins veita leyfi til ættleiðingar, að hitt sé horfið, geðveikt eða fáviti. Þó getur annað hjóna með samþykki hins ættleitt barn þess eða kjörbarn.

4. gr.

Ekki er öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

5. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem er 12 ára eða eldri, án samþykkis hans.

6. gr.

Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns þeirra yngra en 21 árs. Ef annað foreldra er horfið, geðveikt eða fáviti, eða fer eigi með foreldravald, er samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

Áður en ákvörðun er tekin, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu. Ef sérstakur lögráðamaður er skipaður, skal leita umsagnar hans.

Ef sá, sem ættleiða á, er í hjónabandi, þarf samþykki maka.

7. gr.

Ef maður er sviptur lögræði, má eigi ættleiða hann án samþykkis lögráðamanns.

8. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður því aðeins veitt, að ætla megi ættleiðinguna kjörbarninu heppilega, og ætlun kjörforeldra er að ala það upp, það hefur verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Dómsmálaráðuneytið skal, áður en ákvörðun um ættleiðingarleyfi er tekin, afla sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegs kjörforeldris og kjörbarns. Einnig skal leita umsagnar sóknarprests og barnaverndarnefndar.

Ef barn er ættleitt, skal ættleiðandi vera þeim kostum búinn, að hann geti veitt því sæmilegt uppeldi. Hann skal hafa óflekkað mannorð og eigi háður siðferðilegum, heilbrigðislegum eða fjárhagslegum annmörkum.

Ef ættleiðandi á arfgenga niðja, verður leyfi til ættleiðingar eigi veitt nema sérstaklega standi á.

9. gr.

Leyfi til ættleiðingar má ekki veita, eigi ættleiðandi að inna af hendi sérstaka greiðslu fyrir hana.

Ef foreldri greiðir með kjörbarni vegna ættleiðingar, má binda leyfi því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

10. gr.

Í ættleiðingarleyfi má ákveða, að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris.

Tilkynna skal viðkomandi presti um ættleiðingu og nafnbreytingu kjörbarns. Skal hann geta þessa í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

11. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast við ættleiðingu til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðir kjörbarns, foreldra þess og kjörforeldra fer að erfðalögum.

12. gr.

Kjörbarn, ættleitt af hjónum, hefur sömu réttarstöðu gagnvart þeim og sameiginleg börn þeirra. Sama er um réttarstöðu barns, er annar maki ættleiðir kjörbarn eða eigið barn hins.

Nú skilja hjón og skipa skal forráðum kjörbarns, og náið samband var milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu, og skal þá að jafnaði veita því forræði barnsins.

13. gr.

Ekki skapast að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar kjörforeldris, og eigi heldur milli kjörbarna innbyrðis.

14. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef annar aðili er sviptur lögráðum, þarf einnig samþykki lögráðamanns. Ef kjörbarn er ólögráða, verður ættleiðing ekki felld niður samkvæmt þessu ákvæði.

15. gr.

Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, ef telja verður það varða kjörbarn miklu, einkum ef kjörforeldri brýtur verulega af sér gegn kjörbarni eða vanrækir verulega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, tekur hættulegan sóttnæman sjúkdóm eða geðveiki, hneigist til drykkjuskapar eða annarra lasta. Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörbarn gera. Ef kjörbarn er ólögráða, geðveikt eða fáviti, getur lögráðamaður þess, foreldri eða hlutaðeigandi yfirvald gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, brjóti kjörbarn verulega af sér gagnvart kjörforeldri með ofbeldi eða illmælum, það hneigist til afbrota eða annarra lasta.

Ef kjörbarn reynist haldið geðveiki, vera fáviti, haldið öðrum verulegum andlegum eða líkamlegum annmarka, alvarlegum og langvarandi sjúkdómi, og ætla megi, að það hafi verið haldið annmarka þessum eða sjúkdómi fyrir ættleiðingu, og jafnframt að kjörforeldri hafi þá ekki verið um þetta kunnugt, þá má krefjast þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi. Slík krafa skal að jafnaði gerð innan 5 ára frá dagsetningu ættleiðingarleyfis.

Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörforeldri gera. Ef kjörforeldri er geðveikt, fáviti eða svipt lögræði, getur lögráðamaður þess gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar.

17. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda þarf þá samþykki beggja hjóna og kjörbarns, sbr. 14. gr. — Annað hjóna getur þó, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi, krafizt niðurfellingar ættleiðingar, þó að hitt vilji sæta brotum eða annmörkum kjörbarns, þeim er í 1. málsgrein 16. gr. getur. Svo má og fella niður ættleiðingu samkvæmt 15. gr., þó að þær aðstæður, er þar greinir, varði aðeins annað kjörforeldri. Krefjast má, að ættleiðing verði felld niður samkvæmt 2. málsgr. 16. gr., þó að öðru kjörforeldri hafi verið kunnugt um annmarka á barninu, en þó ekki eftir kröfum þess kjörforeldris eins.

18. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt 15. og 16. gr., skal dómari, ef unnt er, fá umsögn þeirra aðila, sem veita þurftu samþykki til ættleiðingar eða rétt áttu á að láta álit sitt í ljós um ættleiðingu samkvæmt ákvæðum laga.

19. gr.

Er ættleiðing fellur niður, lýkur lögskiptum vegna ættleiðingar milli kjörforeldris og kjörbarns. Þó er kjörbarni heimilt að kenna sig til kjörforeldris, leyfi dómsmálaráðherra það eða viðkomandi dómari. Annars takast aftur lögskipti kjörbarns og foreldra.

20. gr.

Ákveða má, með samningi við erlent ríki, að ríkisborgarar þess geti eingöngu ættleitt eða orðið ættleiddir hér á landi samkvæmt ákveðnum samningsbundnum skilyrðum.

Samsvarandi ákvarðanir má gera um niðurfellingu ættleiðingar, þegar kjörbarn er erlendur ríkisborgari.

21. gr.

Ákveða má með reglugerð, að því er tiltekin erlend ríki varðar, að íslenzkir ríkisborgarar megi eingöngu ættleiða þar eða þeir verði aðeins ættleiddir þar samkvæmt ákveðnum skilyrðum.

Á sama hátt má ákveða, að ættleiðingu verði ekki slitið samkvæmt íslenzkum lögum í erlendu ríki, ef kjörbarn er íslenzkur ríkisborgari.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 353. Lög [78. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.)

Samhljóða þskj. 247.

Ed. 354. Frumvarp til laga [153. mál]

um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi þann hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu, sem er ekki nú þegar eign ríkissjóðs.

2. gr.

Framkvæma skal eignarnámið samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 355. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Á því leikur enginn efi, að áfengismálin eru einhver mestu vandamál þjóðfélags okkar á þessum tímum. Það torveldar ekki lítið lausn þeirra mála, að þar þykjast allir vera sérfræðingar og því hver höndin upp á móti annarri.

Þrátt fyrir hinn mikla gróða, sem ríkið hefur af áfengissölu, hefur ekki tekizt að koma upp hælum fyrir áfengissjúklinga, og er þó áfengissýki sá eini sjúkdómur á landinu, sem vitað er um, að ríkissjóður hafi gert sér beinlínis að gróðalind.

Frv. það, sem hér er til meðferðar, er samið af milliþinganefnd, sem skipuð var í því skyni. Það ber þess augljós merki, að fjöldi ákvæða þess eru samkomulagsatriði, sem nefndarmennirnir hafa sætt sig við án þess að vera ánægðir með þau. Verður aldrei komizt hjá slíku í máli sem þessu.

Allsherjarnefnd Ed. hefur klofnað í málinu. Þrír nefndarmenn vilja láta nýja endurskoðun fara fram á gildandi lagaákvæðum og frumvarpinu. Ég og hv. 1. þm. N-M. höfum ekki trú á, að hún leiði til bóta. Við viljum því láta málið ganga fram á þessu þingi, því að við teljum, að í frv. felist bót frá því ófremdarástandi, sem nú ríkir að lögum. Báðir óskum við eftir nokkrum breytingum á frv., sem eru þó svo mismunandi, að við höfum kosið að semja sinn hvort nefndarálit.

Ég hefði óskað að koma fram með fleiri brtt. við frv. en ég geri og áskil mér rétt til að gera það síðar eða fylgja brtt. annarra hv. þm., sérstaklega ýmsum af brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 111.

Ég ber því aðeins fram brtt. við 7. og 12. gr. frv.

Í sambandi við 7. gr. frv. legg ég til, að bruggun og sala áfengs öls verði strax leyfð í landinu.

Menn geta rifizt um það endalaust og fært fram rök með og móti því, hvort það muni auka drykkjuskap í landinu eða ekki. Ég er sannfærður um, að sala áfengs öls muni draga úr neyzlu hættulegra áfengis, er hún hefur verið leyfð skamma

stund, ef verði þess verður stillt í hóf. Um þetta getur þó enginn sagt neitt fyrir fram með neinni vissu.

Ég legg því til, að bruggun og sala áfengs öls verði strax leyfð til reynslu. Hins vegar tel ég sanngjarnt, að eftir 2½ ár verði látin fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um, hvort haldið skuli áfram á þeirri braut eða ekki. Þá ætti að vera fengin nokkur reynsla um það, hvernig þetta fyrirkomulag verkar, og ættu þá kjósendur að geta greitt atkvæði um það af nokkurri þekkingu. Eina hættan á, að þetta fyrirkomulag verki ekki til bóta, er að mínu áliti sú, að áfenga ölið verði selt svo dýru verði, til þess að rýra ekki áfengistekjur ríkissjóðs, að það dragi ekki af þeirri ástæðu nægilega úr sölu sterkari og hættulegri áfengisdrykkja. Af þessu leiðir, að ég legg til, að niður falli ákvæði 3. málsgr. 7. gr. um tolla o. fl. Um það atriði verður þingið að setja sérstök lög og gæta þess þá að stilla svo í hóf framleiðslutolli öls, að hann útiloki ekki útflutning eða verði þess valdandi, að varnarliðið kjósi frekar að flytja erlent öl inn í landið vegna dýrleika hins íslenzka öls.

Við 12. gr. frv. ber ég fram þrjár breytingartillögur. Ég legg til, að Samband matreiðslu- og framreiðslumanna fái íhlutunarrétt um, hvaða veitingahúsum skuli veitt vínveitingaleyfi.

Önnur brtt. er sú, að felld verði niður úr 6. málsgr. 12. gr. heimildin til þess að ákveða, að dans megi ekki fara fram í salarkynnum vínveitingahúsa, þar sem vín er veitt. Reynslan á Hótel Borg hefur sýnt, að menn verða síður drukknir, þegar dansað er. Tilraun var gerð þar með að hafa salina opna ákveðin kvöld, án þess að dansað væri, en í stað þess leikin klassisk hljómlist. Þessari tilraun var hætt vegna þess, að meira bar á drykkjuskap þau kvöld en þegar dansað var.

Þriðja brtt. mín við 12. gr. er um það, að felldur verði niður c-liður 1. málsgr., þess efnis, að eigi sé greitt þjónustugjald af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Þetta ákvæði brýtur algerlega í bága við meginstefnu þá, sem kemur víða fram í frv., sem sé að gera áfengið sem dýrast til að draga úr neyzlu þess. Hér er algerlega að óþörfu verið að lækka verðið á áfengi, og hlýtur það óhjákvæmilega að hafa í för með sér stórkostlega verðhækkun á mat og öðrum vörum og þjónustu, sem veitingahúsin láta í té, því að hagur veitingamanna mun alls ekki leyfa það, að þeir taki á sig stóran hluta af kaupi framreiðslumannanna, sem greiddur hefur verið hingað til með þjónustugjaldi af áfengum drykkjum.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr.
   a. 2. málsl. 2. málsgr. orðist svo: Tveim og hálfu ári eftir að sala áfengs öls hefst, skal ríkisstjórnin bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu, hvort halda skuli áfram að selja áfengt öl, og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum.
   b. 3. málsgr. hljóði svo:
      Með sérstökum lögum skulu sett ákvæði um framleiðslutoll áfengs öls og um endurgreiðslu tolls af öli, sem flutt er út eða selt hinu erlenda varnarliði. Nánari ákvæði um sölumeðferð áfengs öls skulu sett með reglugerð.
2. Við 12. gr.
   a. Á eftir orðunum „stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda“ í b-lið 1. málsgr. komi: og Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna.
   b. Stafliður c í sömu málsgr. falli niður.
   c. Orðin „svo og ákveða .... þar sem vín er veitt“ í 6. málsgr. falli niður.

Alþingi, 2. des. 1952.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Alþt. 1952. A. (72. löggjafarþing). 103

Nd. 356. Lög [76. mál]

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 2. des.)

Samhljóða þskj. 286.

Nd. 357. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Það ástand ríkir nú á Íslandi, að menn ganga atvinnulausir hundruðum saman allan ársins hring. Á framfæri þessara manna er fjöldi fólks, þ. á m. þúsundir barna. Margt af þessu fólki hefur eflaust orðið að þola hungur og fleiri slíkar hörmungar af völdum atvinnuleysisins. Slíkt ástand verður að sjálfsögðu ekki bætt til fulls nema á einn veg: með því, að stjórnarvöldin geri skyldu sína og tryggi öllum mönnum næga atvinnu. En á meðan stjórnarvöldin bregðast þessari skyldu sinni verður að leita annarra ráða til að hamla gegn hörmungum atvinnuleysisins.

Frumvarpið um atvinnuleysistryggingar er fram komið vegna þessarar nauðsynjar. Hefur alþingismönnum svo oft verið kynnt efni þess, að ekki er ástæða til að rekja það í þetta sinn. En fullyrða má, að framkvæmd atvinnuleysistrygginga er sú leið, sem óhjákvæmilega verður að fara, ef bjarga á fjölskyldum atvinnuleysingjanna frá hungri og öðrum þeim hörmungum algerrar fátæktar, sem þær eiga nú við að búa.

Samt hefur nefndin ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við undirritaðir erum þeir einu nefndarmanna, sem vilja mæla með samþykkt þess. Hinir vilja vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar.

Jónas Árnason er fylgjandi þeim hætti við framkvæmd málsins, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Gylfi Þ. Gíslason tekur fram, að hann telur margt mæla með því, að einum sjóði eða einni stofnun (og þá helzt Atvinnustofnun ríkisins, sem frv. liggur fyrir Ed. um) yrið falin framkvæmd atvinnuleysistrygginganna um land allt, þannig að auðveldara yrði að koma til hjálpar þeim stöðum, þar sem um sérstaka atvinnuerfiðleika er að ræða. Hann óttast, að skipan sú, sem frv. gerir ráð fyrir, muni ekki koma að fullu haldi fyrir slíka staði, t. d. Siglufjörð.

Hann vill þó ekki láta skiptar skoðanir um slík framkvæmdaratriði verða þess valdandi, að hugmyndin um atvinnuleysistryggingar nái ekki fram að ganga í einhverri mynd, ef þess er nokkur kostur, nú á þessu þingi, svo brýna nauðsyn sem ber til slíkrar lagasetningar.

Hafa því þeir, sem minni hluta nefndarinnar skipa, orðið ásáttir um að leggja til, að í ákvæði til bráðabirgða verði bætt fyrirmælum um, að lögin skuli endurskoðast í ársbyrjun 1954. Verði þá höfð sérstök hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur, og tekið til athugunar, hvaða skipan verði talin heppilegust til frambúðar á atvinnuleysistryggingunum.

Vert er, að minnt sé á, að fjölmörg félög og samtök verkalýðsins hafa sent Alþingi áskorun um að samþykkja þetta frumvarp. Seinast var slík áskorun samþykkt á þingi Alþýðusambandsins nú fyrir nokkrum dögum.

Minni hlutinn leggur sem sé til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. janúar 1954, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé

sitt samkvæmt 8. gr. fjárhæð, sem nemi 200 krónum á hvern sjóðsfélaga. Að þessu tímabili liðnu skal jafnframt efnt til endurskoðunar á lögum þessum. Skal við þá endurskoðun höfð hliðsjón af reynslu þeirri, er fengizt hefur, og tekið til sérstakrar athugunar, hvort heppilegra væri að fela einum atvinnuleysissjóði eða einni stofnun atvinnuleysistryggingar um land allt.

Alþingi, 2. des. 1952.

Jónas Árnason, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 358. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til laga um bæjanöfn o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 5. gr. 2. málsgr. falli niður.
Til vara:
Í stað orðanna „í sama sýslufélagi“ í 2. málsgr. komi: í sama hreppsfélagi.

Ed. 359. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr.
a. Orðið „slíkum“ í 1. tölulið falli niður.
b. Orðin „samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur“ í 2. tölulið falli niður.
c. Síðasta málsgr. falli niður.

Ed. 360. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. 1. töluliður greinarinnar falli niður.
2. Við 4. gr. 6. töluliður orðist svo:
   Þýzka. Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en krafizt er til farmannaprófs.

Ed. 361. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til laga um bæjanöfn o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Síðari málsgr. 5. gr. orðist svo:

Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjált, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar.

Nd. 362. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Ásmundi Sigurðssyni og Áka Jakobssyni.

Á eftir 3. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
b. (5. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.
c. (6. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.
d. (7. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 4. gr. getur, séu inntar af hendi.

Nd. 363. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi: 2.—4. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Landbúnaðarvélar.

Ed. 364. Nefndarálit [131. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað upplýsinga um ýmislegt í sambandi við það frá herra biskupinum yfir Íslandi. Þegar lög nr. 31/1952 voru rædd á Alþingi, kom fram greinilegur þingvilji fyrir því, að andvirði þeirra prestssetra, sem lögð yrðu niður, yrði varið til að hýsa prestssetur, er kæmu í stað hinna. Þessi þingvilji komst í lögin sem 7. gr., en hún hljóðar svo: „Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.“ Þar sem lögfræðingar telja vafa á, hvort umrædd 7. gr. er næg heimild fyrir hæstv. ríkisstjórn til þess að selja jarðirnar eftir, telur nefndin rétt, að ítrekaður verði þingviljinn frá síðasta þingi með því að samþykkja frv. Nefndinni þykir þó rétt að gera á frv. breytingar. FRV var ekki við, er málið var afgreitt. Hér er um þrjár fasteignir að ræða, sem sé:

1. Prestssetrið Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu. Prestakallið hefur verið lagt niður og sóknunum skipt milli Hólmavíkur og Prestbakkaprestakalla. Þegar brauðamatið 1920 fór fram, var eftirgjald eftir Kollafjarðarnes metið 400 kr. Síðan hefur ekki farið fram nýtt brauðamat, enda þótt það eftir lögum nr. 46/1907 eigi að fara fram tíunda hvert ár. Biskup upplýsir þó, að einhvern tíma hafi eftirgjald eftir jörðina verið lækkað í 180 kr. og það sé það nú. Á jörðinni er prestsseturshús, byggt 1925. Kostnaðarverð þess er biskupsskrifstofunni ókunnugt. Á því hvíla tvö lán, í kirkjujarðasjóði 1385 kr. og viðlagasjóði 3967.14 kr. Árgjald af lánum þessum er kr. 262.23. Árið 1936 var gert við húsið, og kostaði sú viðgerð nálægt 3000 kr. Í eftirgjald eftir húsið — húsaleigu — hefur prestur greitt 780 kr. á árinu 1951, en áður minna, og frá þeirri upphæð hefur verið dregið það, er borga þarf af lánunum, að áður er talið (262.23). Jörðinni fylgir fyrningarsjóður prestsseturshússins, en í hann hafa verið greiddar 240 kr. á ári, og er talið, að hann eigi nú kr. 5378.82. Að sjálfsögðu fylgir hann ekki jörðinni, heldur selst hún í því ástandi, sem hún er í nú, en sjóðinn ætti að nota til hýsingar prestssetra eftir 7. gr. laga nr. 31/1952, um skipun prestakalla. Kollafjarðarnesi fylgja nokkur hlunnindi af sel, varpi og reka. Nefndin leggur til, að Kollafjarðarnes verði selt ábúanda á því verði, sem dómkvaddir matsmenn meta hæfilegt, en verði hún seld öðrum aðila og vilji hreppurinn ekki nota forkaupsrétt sinn og kaupa jörðina því verði, sem dómkvaddir menn meta, þá sé hún seld hæstbjóðanda og andvirðinu varið samkvæmt 7. gr. laga nr. 31/1952.

2. Prestssetrið Staður í Hrófbergshreppi í Strandasýslu var lagt niður og prestssetrið flutt til Hólmavíkur. Biskup upplýsir, að presturinn hafi greitt eftir Stað sem hér segir:

1. Afgjald prestssetursins	kr.	140.00
2. Afgjald Ásmundareyja	—	125.00
3. Afgjald af prestsseturshúsi	—	960.00
4. Fyrningar	—	240.00
5. Afborganir af girðingarláni í kirkjujarðasjóði	—	36.00
6. Vexti af kirkjujarðasjóðsláni vegna útihúsa	—	168.80
7. Gjald í endurbyggingarsjóð útihúsa	—	80.00
	Alls kr.	1749.80

Prestsseturshúsið segir biskup „talið byggt árið 1925“ og byggingarkostnaður sennilega verið nálægt 20 þús. kr. Síðan hefur þó verið gert við það fyrir kr. 8880.08.

Í árgjald af þessari upphæð hefur kirkjujarðasjóður tekið 120 kr. á ári, og er það byggt á ákvæðum 19. gr. laga nr. 63/1931, um hýsingu prestssetra. Fyrningarsjóður prestssetursins á Stað er nú 5378.82 kr., og ætti hann ekki að fylgja jörðinni við sölu, heldur ganga til byggingar nýs húss fyrir prestinn á Hólmavík.

Ríkissjóður hefur keypt útihús á Stað fyrir 1000 kr. og tekið lán í kirkjujarðasjóði að upphæð 8440 kr., og hafa verið greiddir af því 2% í vexti, eða 168.89 á ári, en afborganir engar. Í endurbyggingarsjóði útihúsa á Stað er talið að vera kr. 656.14, og ættu þær ekki að fylgja jörðinni við sölu, heldur ganga til prestakallsins og nýtast til hýsingar á hinu nýja prestssetri. Nefndin leggur til, að Staður sé seldur ábúanda, eða að honum frágengnum hreppnum, á verði, sem ákveðið verði af dómkvöddum mönnum, en vilji þeir ekki sæta því þá hæstbjóðanda, og sé andvirðinu varið til byggingar prestssetursins á Hólmavík.

3. Ásmundareyjar eru varpeyjar, sem liggja í Bjarnarfirði, undan landi Ásmundarness, og á Ásmundarnes varphólma, sem liggja rétt hjá. Eyjarnar hafa verið ítak frá Stað, en liggja of langt frá til þess að verða nytjaðar þaðan. Staðarprestar hafa því fengið aðra, oft bóndann á Ásmundarnesi, til þess að hirða um varpið. Því hefur hrakað hin síðari ár, og fást nú úr því 10—12 kg af æðardún.

Nefndin leggur til, að eiganda Ásmundarness sé gefinn kostur á að kaupa eyjarnar á matsverði dómkvaddra manna. Þaðan er léttast að um varpið, því að bóndinn þar þarf í hólma sína hvort eð er. Annars eru fleiri jarðir við Bjarnarfjörð, sem létt er að stunda varpið frá, og mætti vel selja eyjarnar öðrum, ef Ásmundarnesseigandi vildi ekki kaupa þær.

Þar sem eyjarnar hafa verið látnar fylgja staðnum, er eðlilegt, að andvirði þeirra renni til hýsingar prestssetursins á Hólmavík.

Nefndin hefur athugað, hvort réttara mundi að selja fasteignir þessar með þeirri kvöð, að þær yrðu gerðar að ættaróðali, og komizt að þeirri niðurstöðu, að eins og hér hagi til, sé ekki ástæða til þess. Hún leggur því til, að þær verði seldar og á frv. verði gerðar eftirtaldar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja fasteignirnar:
   a. Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
   b. Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
   c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

   Eignirnar seljist ábúendum Kollafjarðarness og Staðar eftir matsverði dómkvaddra manna, en ella hæstbjóðanda. Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness eftir matsverði dómkvaddra manna, en ella hæstbjóðanda.

   Andvirði hinna seldu eigna skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 31/1952, um skipun prestakalla.
2. Aftan við fyrirsögn frv. bætist: ásamt Ásmundareyjum í Kaldrananeshreppi.

Alþingi, 2. des. 1952.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Nd. **365. Frumvarp til laga** [176. mál]

um búfjárhald í bæjum og öðru þéttbýli.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bæjarfélögum og þéttbýlum hreppsfélögum eða hluta af þeim, þar sem ræktun er mikil og sauðfé fátt, skal heimilt vera að setja upp varanlegar fjárheldar girðingar til varnar því, að búfé úr aðliggjandi sveitum og högum eigi kvæmt inn á hið afgirta svæði, enda geri íbúar svæðisins samþykkt um búfjárhald á svæðinu samkvæmt lögum þessum og lýsi það friðað fyrir lausaferð búfjár og ágangi.

2. gr.

Nú vill bæjarfélag taka upp friðun og gera samþykkt samkvæmt lögum þessum. Skulu þá gilda um undirbúning málsins sömu reglur og gilda um setningu lögreglusamþykkta og heilbrigðissamþykkta fyrir kaupstaðina.

Nú þykir henta, að aðliggjandi hreppur eða hluti af hreppi eigi aðild að friðuninni og sé afgirtur ásamt bæjarlandi, og skal þá samþykkt hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar um þátttöku í friðuninni koma til.

Eigi fleiri aðilar — bæjarfélög og hreppar — hlut að friðun og samþykkt, skal valin friðunarnefnd, er sé þannig skipuð, að einn fulltrúi sé frá hverjum kaupstað og einn frá hlutaðeigandi sýslufélagi, enda sé hann búsettur á því svæði sýslunnar, sem friðunin nær til. Friðunarnefnd ræður eftirlitsmann með friðunargirðingu, svo sem segir í 4. gr., og hefur með höndum allt, er varðar öryggi og framkvæmd friðunarinnar.

Þegar gengið hefur verið frá friðunarsamþykkt og hún hlotið samþykki hlutaðeigandi aðila, skal samþykktin send landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar og birtingar.

3. gr.

Kostnaður við að koma upp varnargirðingum þeim, sem lagðar eru samkvæmt 1. gr., skal greiddur af hlutaðeigandi bæjarfélögum og hreppum, og með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Þó skal framlag ríkissjóðs til slíkra framkvæmda aldrei nema meira en ⅓ kostnaðar.

Kostnaði bæjar og hreppa skal skipt að tveimur þriðju eftir fólksfjölda, en að einum þriðja eftir sauðfjár- og geitfjáreign og tölu hrossa, veturgamalla og eldri. Skal eitt hross jafngilda 6 kindum og geitum. Miða skal við fólksfjölda og sauðfjár-, geitfjár- og hrossaeign innan þess svæðis, sem afgirt er og friðað með girðingunni.

Ef fleiri aðilar en eitt bæjarfélag eiga hlut að friðun, skal kostnaði við viðhald, girðingar og eftirlit skipt í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra bæjar- og hreppsfélaga, eða hluta úr hreppum, sem friðunin nær til.

4. gr.

Þegar varnargirðingu hefur verið komið upp samkvæmt 1. gr., skal ráðinn vörður til að annast viðhald girðingarinnar og eftirlit með henni. Honum skal veittur lögreglumannsréttur til að handsama sauðfé og annan búpening, sem kann að sleppa í gegnum girðinguna, og ráðstafa honum í hendur hlutaðeigandi lögregluyfirvaldi.

5. gr.

Engum manni, sem búsetu eða dvöl á innan marka þéttbýlissvæðis, sem afgirt er og friðað samkvæmt 1. gr., skal heimilt vera að eiga þar né halda búfénað, svo sem nautgripi, hross, sauðfé, svín eða geitfé, nema hann hafi fénaðinn í öruggri vörzlu og gæzlu á öllum tímum árs.

6. gr.

Hver maður, sem fyrir búfé ræður á friðuðu svæði, skal ábyrgjast búfé sitt, að eigi sleppi úr vörzlu né valdi skaða á gróðri eða ræktunarmannvirkjum né á annan hátt, svo og alla ferð fénaðarins, þá er hann gengur úr húsi í girtan haga, úr haga í hús eða er af öðrum ástæðum utan húsa eða tryggra girðinga. Hið sama gildir einnig um hesta á ferð og í hvers konar notkun.

7. gr.

Nú sleppur búfé úr vörzlu eiganda eða þess, sem með fer, og skal þá eigandi bótaskyldur um allan skaða og óþægindi, sem af hlýzt, hvort sem um gróður eða önnur verðmæti er að ræða og hver sem fyrir verður, einstaklingur eða aðili annars háttar.

8. gr.

Hver sá, sem var verður á hinu afgirta og friðlýsta svæði fénaðar án vörzlu, skal tilkynna það hlutaðeigandi lögregluaðila án tafar, og skal þá lögregluaðili láta handsama fénaðinn og byrgja í húsi, unz eigandi er fundinn og skrásett brot hans.

Rétt til að setja inn búfé, er laust gengur, hefur einnig hver sá, er fyrir skaða eða óþægindum verður af lausagöngu fénaðarins, enda tilkynni hann það án tafar hlutaðeigandi lögreglustjóra eða hreppstjóra, sem ráðstafar fénaðinum og lætur meta skaða þann, sem orðinn er, án tafar og eigi síðar en viku eftir að varð.

9. gr.

Á tímabilinu frá 30. maí til 20. september ár hvert má enginn hafa sauðfé né geitfé innan varnargirðingar um friðlýst svæði, nema byrgt sé í húsum inni jafnt um daga sem nætur. Undanteknar eru þó mjólkurgeitur, sem tjóðraðar eru nærri heimahúsum.

10. gr.

Nú sannast, að sauðkind eða geit hefur sloppið gegnum varnargirðingu oftar en einu sinni, og skal skepnunni þá lógað. Skal eiganda greitt fullt niðurlagsverð hennar, miðað við síðustu sláturtíð. Kostnað, er af slíku leiðir umfram söluverð, skal telja til kostnaðar við vörzluna, sbr. 3. málsgr. 3. gr.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 krónum, nema önnur og þyngri refsing liggi við að lögum.

Sleppi fénaður úr vörzlu sama eiganda oftar en tvisvar sinnum á ári, eða innan jafnlengdar næsta ár, skal sekt nema allt að hálfvirði búpenings þess, er ólöglega fer, ef um sauðfé eða geitfé er að ræða, en allt að þriðjungi söluverðs hrossa, nautgripa og svína, ef sá er fénaðurinn, þó að verðmæti fénaðar nemi meira en 2000 kr.

12. gr.

Um allt, er varðar friðun og búfjárhald í bæjum og þéttbýli samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti samkvæmt lögreglu- og heilbrigðissamþykktum hlutaðeigandi kaupstaðar.

13. gr.

Með brot gegn lögum þessum og samþykktum, sem gerðar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir beiðni landbúnaðarráðuneytisins, samkvæmt bréfi 24. nóv. s. l. Nefndin áskilur sér óbundinn atkvæðisrétt um fylgi við málið og breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi greinargerð, sem er 96 vélritaðar síður í stóru broti, samin af höfundum frv., Árna G. Eylands stjórnarráðsfulltrúa og Sæmundi Friðrikssyni framkvæmdastjóra.

Nefndin telur þessa greinargerð of langa til þess að prenta hana með frv., en birtir hér með niðurstöður og tillögur höfunda hennar, sem eru svo hljóðandi:

„Samkvæmt því, sem fram hefur komið og við höfum bent á í greinargerð þessari, eru niðurstöður okkar og tillögur varðandi friðun Reykjanesskagans og Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðisins í aðalatriðum þessar:

1. Engin brýn nauðsyn virðist krefjast þess fyrst um sinn, að sauðfjárbúskapur verði með öllu lagður niður á Reykjanesskaganum sunnan Hafnarfjarðar. Hins vegar má búast við, að nauðsynlegt geti orðið að láta ákvæði laga nr. 85 16. des. 1943, um ítölu, koma þar til framkvæmda. Er þegar hafinn undirbúningur að því.
2. Við getum því eigi mælt með því, að horfið verði að því ráði að banna með lögum sauðfjárbúskap á Reykjanesskaganum. Er það álit okkar óháð þeim kostnaði, sem af slíku banni mundi leiða, en bætur, sem greiða yrði, ef gripið væri til slíkrar ráðstöfunar, teljum við að geti numið allt að 15 millj. króna.
3. Aðkallandi er orðið að koma á annarri skipan en verið hefur um búfjárhald, einkum sauðfjár, á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðinu, til að koma í veg fyrir spjöll á gróðri og ræktunarmannvirkjum og auka umferðaröryggi á þessu fjölbyggða svæði.

   Við teljum þó eigi ráðlegt að banna með öllu sauðfjárhald á þessu svæði og greiða bætur þær, er af slíku banni kunna að leiða og við áætlum að geti numið hátt á fimmtu millj. króna.

   Eins og fram kemur í greinargerð þessari og án tillits til þess kostnaðar, sem af banni mundi leiða, teljum við heppilegast og hagkvæmast að vinna að bættri skipan um búfjárhald á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðinu á þann hátt, er segir í 4.—7. tölulið þessara tillagna hér á eftir.
4. Sett verði upp örugg varnargirðing úr Grafarvogi, um Heiðmörk og suður fyrir Hvaleyrarholt.
5. Allt búfjárhald á svæðinu innan girðingarinnar verði óheimilt með öðrum hætti en að búfé sé í öruggri vörzlu og öll ferð þess sé að fullu á ábyrgð eigenda.
6. Ákvæði verði sett um þung viðurlög, ef misbrestur verður á, um vörzlu búfjár og það veldur skaða, og gildi þau án tillits til þess, hvort land það, sem fyrir ágangi verður, er girt og varið eða óvarið með öllu.

   Þannig sé ákveðið, að skylda um vörzlu hvíli eingöngu á búfjáreigendum varðandi búfé þeirra, en að engu leyti á þeim, er land rækta og prýða á einn eða annan hátt.
7. Um sauðfé verði sett þau sérákvæði, að enga kind megi hafa innan varnargirðingar um svæðið á tímabilinu frá 30. maí til 20. september ár hvert, eða að sumrinu, eftir því sem ákveðið yrði með reglugerð.
8. Ákveðnar reglur verði settar um viðhald varnargirðingarinnar og eftirlit með henni, svo og um viðurlög og hversu með skuli fara, ef kindur sleppa gegnum hana inn á hið afgirta svæði.
9. Til þess að greiða fyrir því, að þeirri skipan verði komið á, sem lýst er í 3.—7. tölulið þessara tillagna hér að framan, verði sett lög, er heimili bæjarfélögum og öðru þéttbýli að setja ákvæði um varnargirðingar og búfjárhald innan sinna takmarka, er miða að því, að allur lausagangur búfjár verði afnuminn og búfé haft í fullri vörzlu á ábyrgð eigenda, svo sem lýst hefur verið í tillögum þessum.

10. Frumvarp til laga um búfjárhald í bæjum og öðru þéttbýli, sem við höfum samið að ósk landbúnaðarráðherra, fylgir þessum tillögum okkar og greinargerð. Felur frumvarpið í sér heimild þá, sem um getur í 9. tölulið tillagnanna.

Reykjavík, 10. nóvember 1952.

Árni G. Eylands. Sæm. Friðriksson.“

Nd. 366. Frumvarp til laga [177. mál]

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum Greiðslubandalagsins 1952—53 og 1953—54.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni viðskiptamálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér fyrirvara um afstöðu til málsins. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum nr. 30/1951 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu, allt að fjórum milljónum dollara, á fjárhagsárum Greiðslubandalagsins 1950—51 og 1951—52. Samkvæmt þessari heimild hefur ríkisstjórnin stofnað til skuldar við Greiðslubandalagið, sem nú nemur 1 886 000 dollurum.

Með frumvarpi þessu er aðeins farið fram á, að ríkisstjórnin megi áfram nota sér yfirdráttarmöguleika hjá Greiðslubandalaginu, ef hún telur þess þörf.

Nd. 367. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild. — Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar vitamálastjóra.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1952.

Pétur Ottesen, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson, frsm.

Sig. Ágústsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Sþ. 368. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og mælir með, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 3. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. — Jón Gíslason, fundaskr. — Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Jón Sigurðsson. — Magnús Jónsson. — Eiríkur Þorsteinsson.
Áki Jakobsson.

Sþ. 369. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um, að Ísland gerist aðili að stofnun Norðurlandaráðs.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur haft till. þessa til meðferðar og leggur til, að hún sé samþykkt óbreytt. — Páll Zóphóníasson var ekki á fundinum.

Alþingi, 3. des. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. — Stefán Jóh. Stefánsson.
Gunnar Thoroddsen. — Jóhann Hafstein. — F. R. Valdimarsson.

Sþ. 370. Þingályktun [111. mál]

um verðlaun til afreksmanna við framleiðslustörf.

(Afgreidd frá Sþ. 3. des.)

Samhljóða þskj. 149.

Nd. 371. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á þskj. 175 og sent það til umsagnar landlæknis, er mælir með því, að frv. verði samþ. Nefndin var einnig sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Umsögn landlæknis er prentuð með nefndarálitinu sem fylgiskjal.

Alþingi, 3. des. 1952.

Páll Þorsteinsson, form. — Kristín Sigurðardóttir, fundaskr. — Helgi Jónasson, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason. — Jónas Árnason.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 20. nóv. 1952.

Með skírskotun til bréfs hv. heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 11. þ. m., þar sem æskt er umsagnar minnar um frv. til laga á þskj. 175, um breyting á lögum nr. 33/1945, um breyting á lögum nr. 30/1933, um sjúkrahús o. fl., skal tekið fram:

Samkvæmt lögum eru sjúkrahúsbyggingar sveitarfélaga nú styrktar sem hér segir:

1. Læknisbústaðir og sjúkraskýli í sveitum	⅔	kostnaðar.
2. Sjúkrahús í kaupstöðum	⅖	—
nema viðurkennd séu fjórðungssjúkrahús, þá	⅗	—

Hingað til hefur ekki verið gerð ráð fyrir því, að svo kölluð fjórðungssjúkrahús (þ. e. sjúkrahús, er fullnægt gætu að verulegu leyti almennri sjúkrahúsþörf í heilum fjórðungi) risu annars staðar en í aðalkaupstöðum hvers fjórðungs, og fyrir því hefur Sunnlendingafjórðungur til þessa ekki verið nefndur í því sambandi, að þar hefur um engan slíkan kaupstað verið að ræða annan en Reykjavík, sem hefur þá sérstöðu í sjúkrahúsmálum, að þar eru rekin ýmis sjúkrahús, þ. á m. landsspítali, sem Sunnlendingar eiga öðrum fjórðungum fremur auðvelt með að sækja.

Sú hugmynd, að þrjú sýslufélög standi saman um eitt sjúkrahús, er og nýmæli. Sjúkrahús stærstu kaupstaðanna eru hvert um sig fyrirtæki hlutaðeigandi kaupstaðar. Önnur sjúkrahús og læknisbústaðir eru fyrirtæki eins eða fleiri hreppsfélaga, er stundum ná yfir heilt læknishérað, í nokkrum tilfellum heils sýslufélags. Má því segja, að hið fyrirhugaða sjúkrahús Sunnlendinga falli utan ramma sjúkrahúslaganna, með tilliti til þess, hvers byggingarstyrks það ætti að njóta, a. m. k. eins og lögin eru hugsuð. En mjög svo eðlilegt virðist að skipa því einmitt í flokk hinna svo kölluðu fjórðungssjúkrahúsa. Ef úr fyrirhuguðum framkvæmdum verður, og að öðru óbreyttu, yrði þetta sjúkrahús í reyndinni eina fjórðungssjúkrahúsið á landinu, þar sem það yrði ekki aðeins notað heldur rekið af „landsfjórðungi“, og mætti það vísa leiðina um það, hvernig standa bæri að rekstri annarra fjórðungssjúkrahúsa, sem rekstrarlega hvíla á mjög ótryggum grunni.

Umfram önnur sjúkrahús njóta fjórðungssjúkrahús að lögum nokkurs rekstrarstyrks, sem hingað til hefur verið mjög óverulegur. Mundi ekki ástæða til að telja slíkan styrk eftir sjúkrahúsi Sunnlendinga fremur en öðrum sambærilegum sjúkrahúsum.

Vilm. Jónsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 372. Frumvarp til laga [66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-,

vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 373. Frumvarp til laga [88. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum — eða samtökum þeirra — einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa. Einkaleyfi þessi skulu þó ekki ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 250 kw.

2. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 1. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

3. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 1. og 2. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að þar til fengnu áliti sérfræðinga, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflunarlaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

4. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati.

5. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

6. gr.

Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 1. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn sérfræðinga, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 1. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

7. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 2. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

8. gr.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almenningsog annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri.

Rétt á bæjar- eða sveitarstjórn að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 5. apríl 1948, um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Ed. 374. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 5. mgr. 16. gr. laganna (Hver fastanefnd ... fundaskrifara) bætist: Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.

2. gr.

Síðari málsl. 2. málsgr. 18. gr. laganna skal orða svo: Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

3. gr.

a. Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 3. málsl. fyrri málsgr. 19. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.

b. Fyrir „fjórum vikum“ í 4. málsl. sömu málsgr. laganna kemur: átta vikum.
c. Orðið „óskipt“ í síðari málsgr. sömu lagagr. fellur niður.

4. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 22. gr. laganna kemur: einni nóttu.

5. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 23. gr. laganna kemur: einni nóttu.

6. gr.

Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 4. málsl. fyrri málsgr. 25. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.

7. gr.

Fyrir orðin „2 nóttum“ í 1. málsgr. 26. gr. laganna kemur: einni nóttu.

8. gr.

2. málsgr. 29. gr. laganna orðist svo:

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.). Fyrri umræða, ef tvær eru, fer fram eins og 1. umræða lagafrumvarpa (21. gr.), en síðari umræða á sama hátt og 2. umræða (22. gr.).

9. gr.

Fyrir 2. og 3. málsl. 3. málsgr. 32. gr. laganna koma þrír málsl., svo hljóðandi: Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild, og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.

10. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

11. gr.

Aftan við 2. málsgr. 35. gr. laganna bætist: sbr. þó næstu málsgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 37. gr.

12. gr.

Fyrir orðin „ef ⅔ fundarmanna eru“ í 42. gr. laganna kemur: að ⅔ fundarmanna séu.

13. gr.

a. Fyrsta málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:
Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar deildar eftir ályktun hennar, er 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í sameinuðu þingi, er 9 þingmenn krefjast þess.
b. Fyrir orðin „ef þá er farið“ í upphafi 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: Ef farið er.

14. gr.

a. Fyrir orðið „þingmanna“ í 1. málsl. 1. málsgr. 44. gr. laganna kemur: þingdeildarmanna.
b. 4. og 5. málsgr. sömu lagagr. falla niður.

15. gr.

Fyrir orðið „konunginn“ í 1. málsl. 63. gr. laganna kemur: forseta Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 375. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirfiskmatsmenn skulu vera alls átta á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Einn yfirfiskmatsmaður, sem hafi sérþekkingu á meðferð og verkun harðfisks og leiðbeini um skreiðarmat um land allt.
6. Þrír yfirfiskmatsmenn á Suðurlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram brtt. eða vera með breytingartillögum, sem fram kynnu að verða bornar af öðrum. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Áður en núgildandi lög um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, nr. 46/1948, gengu í gildi, voru hér starfandi þrír matsstjórar, fiskmatsstjóri fyrir saltfisk með skrifstofu og 5 yfirfiskmatsmenn sér til aðstoðar, freðfiskmatsstjóri með skrifstofu og 5 yfirmatsmenn sér við hlið og sérstakur skreiðarmatsstjóri. Með lögum nr. 46/1948 var öll þessi starfsemi af sparnaðarástæðum sameinuð undir eina stjórn fiskmatsstjóra og á einni skrifstofu og matsstjórum og yfirmatsmönnum fækkað úr 13 í 7.

Í þessu frumvarpi felst sú breyting að fjölga um einn yfirmatsmann á Suðvesturlandi og einn yfirfiskmatsmann, er hafi sérþekkingu á skreiðarmati og leiðbeini um skreiðarmat og verkun skreiðar um land allt.

Frumvarp að fyrrnefndum lögum, nr. 46/1948, var samið af sérstakri milliþinganefnd, og var í frumvarpi nefndarinnar gengið út frá því, að þrír yfirmatsmenn yrðu starfandi á Suðvesturlandi, eins og hér er lagt til, en í meðförum Alþingis var frumvarpinu breytt og ákveðið, að yfirmatsmenn skyldu vera tveir á Suðvesturlandi, en ráðherra var jafnframt heimilað, til að tryggja fullkomið mat fisks á þessu svæði, að setja um stundarsakir þriðja yfirmatsmanninn á Suðvesturlandi, sbr. 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 46 1948. Þessi heimild hefur verið notuð, og hafa því þrír yfirmatsmenn starfað á þessu svæði frá gildistöku laganna, þar sem ekki hefur verið talið unnt að komast af með minni starfskrafta til að tryggja öruggt og fullkomið mat. Er því ekki hér um fjölgun matsmanna að ræða á Suðvesturlandi, heldur farið fram á, að lögfest verði sú skipan, sem viðgengizt hefur samkvæmt heimild í 6. gr. laganna og talin er nauðsynleg.

Í sambandi við tillöguna um að bæta við einum yfirfiskmatsmanni, sem vinni sérstaklega að skreiðarmati, er rétt að taka þetta fram:

Þegar lög nr. 46/1948 voru samþykkt á Alþingi, hafði verkun skreiðar hér á landi legið niðri um árabil og mjög dregið úr verkun á saltfiski. Frá gildistöku laganna hefur framleiðsla á saltfiski og freðfiski tvöfaldazt og auk þess komið til verkun á allverulegu magni af skreið, og útlit er fyrir, að sú framleiðsla fari vaxandi, þar sem markaðsútlit er gott fyrir þá vöru. Samlag skreiðarframleiðenda hefur farið fram á, að skipaður verði sérstakur skreiðarmatsstjóri, og síðasti aðalfundur Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda samþykkti tillögu um að stofna sérstakt saltfiskmat, en atvinnumálaráðuneytið hefur ekki að svo stöddu getað fallizt á að hverfa aftur inn á þá braut að kljúfa fiskmatið í fleiri greinar og stofna þar með til mikils kostnaðar vegna fleiri matsstjóra og yfirfiskmatsmanna svo og aukins skrifstofukostnaðar fyrir hverja matsgrein. Hins vegar telur ráðuneytið, að ekki verði komizt hjá, eins og þróun þessara mála hefur orðið, að bætt verði við einum yfirfiskmatsmanni, sem vinni sérstaklega að skreiðarmati, eins og farið er fram á í þessu frumvarpi. Sem dæmi um það, hve viðurkennd og brýn þörf er orðin á því að skipa sérstakan yfirmatsmann og eftirlitsmann með skreiðarframleiðslunni, má nefna, að skreiðarframleiðendur hafa á þessu ári kostað úr eigin vasa sérstakan skreiðarmatsmann til starfa að hálfu á móti ríkissjóði, en slíkt fyrirkomulag getur aðeins orðið til bráðabirgða, þar sem allir aðrir yfirmatsmenn eru launaðir af ríkissjóði.

Ed. 376. Lög [36. mál]

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.)

Samhljóða þskj. 205.

Nd. 377. Breytingartillaga [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 16. gr. Í stað orðanna „þrír mánuðir“ komi: sex mánuðir.

Nd. 378. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 4. gr. Í stað „umreikningstölu 457“ komi: umreikningstölu 459.

Nd. 379. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Skattfríðindi þessi eru bundin því skilyrði, að ríkissjóður hafi forkaupsrétt að hlutabréfum félagsins, þegar þau eru seld.

Ed. 380. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmaður (BrB) mætti ekki á nefndarfundi þeim, er tók afstöðu til málsins.

Alþingi, 5. des. 1952.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 381. Þingsályktun [70. mál]

um lánveitingar út á smábáta og vátryggingar smábáta.

(Afgreidd frá Sþ. 5. des.)

Samhljóða þskj. 73.

Nd. 382. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
Í 24. gr. laganna 4. mgr. falli niður síðasti málsliður málsgreinarinnar.

Ed. 383. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

a. 2. málsgr. 2. gr. laganna falli burt.
b. Í stað orðanna „ef um algeran skiptapa er að ræða“ í 6. málsgr. sömu lagagr. og málsgreinina út komi: með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, er hún kann að setja.

2. gr.

Aftan við 2. málsgr. 3. gr. laganna bætist: Heimilt skal með samþykki hlutaðeigandi vélbátatryggingarfélaga og Samábyrgðarinnar að vátryggja skip eða báta hjá öðrum vátryggingarfélögum, er starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Geti félögin ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, þó aldrei meira en 800000 kr.

Auk þess er heimilt að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum, er þau kunna að taka, þó svo, að sú ábyrgð nemi ekki meiru en einni milljón króna fyrir öll félögin.

Styrkur skv. 1. málsgr. er endurkræfur ásamt 4% ársvöxtum.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur að áliti Samábyrgðarinnar, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukagjald á vátryggðu, sem nemi allt að 1% af vátryggingarfjárhæð skipanna á ári. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt, og fer um innheimtu þess eftir sömu reglum og innheimtu iðgjalda.

4. gr.

Síðasta (4.) málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, ákveður ráðherra.

5. gr.

Síðasti málsl. 3. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo: Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæðin nemur 20000 kr. eða meiru.

6. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 7. gr. laganna falli burt.

7. gr.

a. Orðin „þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða“ í niðurlagi 5. málsgr. 8. gr. laganna falli burt.
b. 7. málsgr. sömu lagagr. falli burt.
c. Í stað orðanna: „á fundinum“ í 1. málsl. 8. málsgr. sömu lagagr. komi: í félaginu.

8. gr.

Í stað orðsins „skuldar“ í 10. gr. laganna komi: gjalda.

9. gr.

a. 5. málsgr. 11. gr. laganna falli burt.
b. 6. málsgr. sömu lagagr. verði 5. málsgr. og hljóði svo:
Vélbátatryggingarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum, sérfróðum mönnum.
c. 7. málsgr. sömu lagagr. verði 6. málsgr., 8. málsgr. verði 7. málsgr., 9. málsgr. verði 8. málsgr., og niðurlag hennar frá og með orðunum „fyrir ákveðið tímabil“ falli burt.
d. 10. málsgr. sömu lagagr. verði 9. málsgr. Niðurlag hennar frá og með orðunum „enda taki hann“ falli burt.
e. 11. málsgr. sömu lagagr. falli burt.

10. gr.

1. málsl. 12. gr. laganna orðist svo:
Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og vélbátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það vátryggingarfélagi á því svæði, sem skipið flyzt á, og Samábyrgðinni.

11. gr.

a. 3. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:
Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bæta félögin aðeins þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveim dómkvöddum mönnum, nema öðruvísi semjist, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverðinu.
b. 6. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Skipaeigendur annist sjálfir aðgerðir skipa sinna, nema vátryggjendur ákveði annað.

12. gr.

Aftan við 2. málsgr. 17. gr. laganna bætist: Vátryggjandi hefur rétt til að ráðstafa leifunum.

13. gr.

Síðari málsl. 1. málsgr. og 2. og 3. málsgr. 24. gr. laganna falli burt.

14. gr.

Í stað orðanna „í sviksamlegum tilgangi“ í 1. málsl. 25. gr. laganna komi: af vítaverðu hirðuleysi.

15. gr.

Á eftir orðunum „þau tjón“ í niðurlagi 2. málsgr. 29. gr. laganna komi: á skipum hans.

16. gr.

Við 3. málsgr. 30. gr. laganna bætist: Krefjast skal lögtaks, ef ofangreind gjöld hafa ekki verið greidd áður en þrír mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, enda

séu gjalddagar iðgjalda tvisvar á ári. Ákvæði þetta snertir þó ekki gildi lögveðs- og lögtaksréttar.

17. gr.

Eftir 2. málsgr. 31. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Krafa um endurgreiðslu iðgjalds verður því aðeins tekin til greina, að hún sé komin Samábyrgðinni í hendur áður en 4 mánuðir eru liðnir frá lokum vátryggingarársins.

18. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, eða Samábyrgðin tekur við tryggingunum, ganga eignir þeirra til þess aðila, sem tekur við tryggingarstarfseminni á félagssvæðinu.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 384. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1953, sem hér segir:

Tekjuskattur gjaldanda með 29 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður.

Tekjuskattur gjaldanda með 29001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að þrem fjórðu hlutum.

Tekjuskattur gjaldanda með 36001—43000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti.

Tekjuskattur gjaldanda með 43001—50000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að fjórða hluta.

Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frádregnum skatti skulu aldrei verða lægri en þess, er greiðir lægri skatt.

Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

Nd. 385. Lög [9. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.)

Samhljóða þskj. 9.

Nd. **386. Nefndarálit** [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

N. hefur rætt frv. þetta við fræðslumálastjóra, skólameistara Menntaskólans á Akureyri og skólastjóra Gagnfræðaskóla Akureyrar. Hafa forstöðumenn þessara tveggja skóla gert með sér samkomulag, sem prentað er sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

N. mælir með því, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Meginmálsgr. orðist svo:

Fræðslumálastjórn er og heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana í óskiptum bekkjardeildum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 4. des. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Jónas Árnason.
Halldór Ásgrímsson. Kristín Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Skólameistari Menntaskólans á Akureyri og skólastjóri Gagnfræðaskóla Akureyrar leggja til — í samráði við kennara skólanna hvors um sig —, að neðanskráð ákvæði verði sett um framkvæmd heimildarlaga, ef samþykkt verða, um rétt menntaskóla til þess að hafa miðskóladeild, enda mæli þeir með því, að slík löggjöf nái fram að ganga á Alþingi því, er nú situr, að því tilskildu, að grundvöllur verði lagður að samskiptum Menntaskólans á Akureyri og Gagnfræðaskóla Akureyrar og réttur þeirra hvors um sig afmarkaður og tryggður með slíkum ákvæðum, um leið og heimildarlögin kæmu til framkvæmda, annaðhvort í reglugerð um framkvæmd þeirra eða á annan fullnægjandi hátt.

1. ákvæði. Menntaskólanum á Akureyri heimilist að hafa eftirleiðis, á meðan annað verður ekki ákveðið, þriggja ára miðskóladeild, og sitji utanbæjarnemendur jafnan fyrir skólavist. Í fyrsta bekk nefndrar deildar verði teknir um 20—25 nemendur, og fái Menntaskólinn þá nemendur, sem á kann að vanta þessa tölu utanbæjarnemenda, úr hópi skólaskyldra 1. bekkjar nemenda í Akureyrarbæ, í samráði við skólastjóra Gagnfræðaskólans og samkvæmt reglum þeim, er segir í 2. ákvæði.

2. ákvæði. Allir þeir nemendur úr Akureyrarbæ, sem skólaskyldir eru í 1. bekk gagnfræðastigsins ár hvert, verði skráðir til náms í Gagnfræðaskólanum og skipt þar í bóknáms- og verknámsdeildir. Gagnfræðaskólinn einn hafi verknámsdeild. Nemendur í bóknámsdeild skiptist þannig milli skólanna:

a. 25% þeirra nemenda, sem skráðir eru í bóknámsdeild 1. bekkjar og fengið hafa lægsta aðaleinkunn frá barnaskólanum, hafi gagnfræðaskólinn alla.
b. Úr hópi hinna, sem eftir eru, fái Menntaskólinn það, sem á vantar 1. bekk miðskóladeildar þar, samkvæmt 1. ákvæði, og verði þeir valdir með hlutkesti eða á annan hátt, er skólastjórar beggja skólanna koma sér saman um.

3. ákvæði. Ekki er gert ráð fyrir, að nemendur flytjist milli skólanna til náms í 2. eða 3. bekk, nema sérstaklega standi á, og þá með samráði beggja skólastjóra.

4. ákvæði. Reynt skal að samræma námsskrár miðskóladeilda beggja skóla svo sem framast er unnt. Skal nemendum miðskóladeildar M. A. ætlað verknám á

sama hátt og gerist í bóknámsdeildum G. A., enda skal G. A. heimilt og skylt að annast þann þátt kennslunnar fyrir M. A. gegn hæfilegu gjaldi og nota til þess vinnustofur skólans, áhöld og kennslukrafta, ef M. A. óskar.

Greinargerð.

Þótt skólastjórar og kennaralið nefndra skóla hafi ekki verið á einu máli um réttmæti og nauðsyn þess, að breytingar verði gerðar á gildandi skólalöggjöf í þá átt að heimila menntaskólunum að hafa miðskóladeildir, eru þessir aðilar nú einhuga um það, að brýna nauðsyn beri til, að reynt verði sem allra bráðast að ganga svo frá ágreiningsatriðum í þessu sambandi, að báðir skólarnir megi sæmilega una sínum hlut, grundvöllur sé fundinn að eðlilegum samskiptum skólanna og varanlegur endir bundinn á það óvissuástand, sem ríkt hefur að undanförnu í þessum efnum og valdið hefur því, að hvorugur skólinn hefur raunar vitað með nokkurri vissu, á hvaða grundvelli honum væri ætlað að starfa frá ári til árs, þar sem breytingar og undanþágur hafa stöðugt verið á döfinni. Að þessu athuguðu hafa nefndir aðilar orðið ásáttir um að leggja til, að málið yrði leyst samkvæmt framanskráðum tillögum, í þeirri von, að allur ágreiningur milli skólanna yrði úr sögunni í þessu efni og eðlileg samskipti og samvinna tækist þeirra á milli.

Til skýringar einstökum atriðum skal þetta tekið fram:

1. ákv. Skólameistari M. A. telur æskilegt, að nemendur í 1. bekk séu ekki af margir, svo að hægt sé síðar að bæta utanbæjarnemendum í hópinn. Má ætla af fenginni reynslu, að þeir verði ekki svo fáir, sem hefja vilja nám heima og komast síðan í Menntaskólann og heimavist hans.

2. ákv. Í hverjum árgangi nemenda, sem burtfararprófi lýkur úr barnaskóla í svo stórum bæ sem Akureyri, hljóta ávallt að vera allmargir unglingar, sem ekki eru líklegir til þess að standast landspróf miðskóla, enda þótt skráðir séu í bóknámsdeild. Þar sem M. A. er ætlað að hafa óskiptan 1. bekk, en G. A. mun hins vegar geta skipt 1. bekk bóknámsdeildar í 2 eða 3 bekkjardeildir, þykir eðlilegt og sanngjarnt, að sá hluti nemenda, sem sízt er fallinn til bóklegs náms, en er þó skráður í bóknámsdeild, stundi nám sitt í G. A. En þar sem báðum skólunum er þó að hinu leytinu ætlað að búa hæfasta hluta nemendanna undir eitt og sama próf, landspróf miðskóla, þykir á sama hátt eðlilegt og sanngjarnt, að ekki verði um frekara úrval að ræða, er annar skólinn hljóti umfram hinn.

3. ákv. Skólastjórar beggja skólanna eru sammála um, að óheppilegt sé, að nemendur flytjist að ástæðulitlu milli skólanna. Getur það valdið óheilbrigðri togstreitu.

4. ákv. Nemendum miðskóladeilda margnefndra skóla hefur fram að þessu ekki verið ætlað sama námsefni að öllu leyti í báðum skólum, og hefur þar jafnvel munað heilum námsgreinum, sem annar skólinn hefur kennt, en hinn ekki. Er þar sem báðum er ætlað að búa nemendur undir sama próf, þykir rétt að samræma námsefnið sem mest framvegis. Nemendum miðskóladeildar M. A. verði þannig eftirleiðis ætlað sams konar verklegt nám sem tilsvarandi bekkjum G. A. En þar sem verklega námið er aðeins lítill hluti alls námsefnis bóknámsdeildanna, en krefst hins vegar sérstaks húsnæðis, kennslukrafta og alldýrra áhalda, þykir ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að M. A. afli sér slíkrar aðstöðu vegna svo fárra kennslustunda, heldur þykir eðlilegt og hagkvæmt, að G. A. annist þennan þátt kennslunnar, ef M. A. óskar. Kostnað við þessa kennslu mundi svo M. A. greiða í hlutfalli við kennslustundafjölda hvors skóla í þessari grein, en að öðru leyti eftir sanngjörnu mati, er fræðslumálastjórn gæti ráðið, ef til ágreinings kæmi, sem ekki er líklegt.

Akureyri, 24. nóv. 1952.

Þórarinn Björnsson. Þorsteinn M. Jónsson.

Ed. 387. Frumvarp til laga [131. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði ásamt Ásmundareyjum í Kaldrananeshreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja fasteignirnar:
a. Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
b. Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

Eignirnar seljist ábúendum Kollafjarðarness og Staðar eftir matsverði dómkvaddra manna, en ella hæstbjóðanda. Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness eftir mati dómkvaddra manna, en ella hæstbjóðanda.

Andvirði hinna seldu eigna skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 31/1952, um skipun prestakalla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 388. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Þetta stjórnarfrv. er þess efnis, að í laga- og hagfræðideild háskólans skuli vera 4 prófessorar í lögfræði í stað 3, eins og verið hefur frá stofnun háskólans 1911. Ármann Snævarr prófessor hefur komið á fund n. og skýrt málið. Meiri hl. n. fellst á rök þau, sem flutt eru fyrir máli þessu, og mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 4. des. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Kristín Sigurðardóttir. Jónas Árnason.

Nd. 389. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Stjórnarfrv. þetta fer fram á að stofna prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði við læknadeild háskólans. N. hefur rætt við Jón Steffensen prófessor, og hefur hann rökstutt nauðsyn málsins. Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 4. des. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Kristín Sigurðardóttir. Jónas Árnason.

Nd. 390. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „10000 kr.“ komi: 15000 kr.
2. Við 2. gr. Í stað „sektum frá 500 kr. og allt að 10000 kr.“ komi: sektum frá 1000 kr. og allt að 15000 kr.

Ed. 391. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 8. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi:
   Upphaf 30. gr. laganna orðist svo:
   Ávarp má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins, og skal ....
2. Á eftir 15. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi:
   Fyrir orðin „ef ráðherra leyfir“ í 1. málsl. 64. gr. kemur: ef ráðherra synjar ekki.

Ed. 392. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. í dag á fundi sínum og var sammála um að leggja til, að deildin samþykkti það óbreytt.

Alþingi, 8. des. 1952.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorsteinn Þorsteinsson, frsm.

Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 393. Lög [84. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.)

Samhljóða þskj. 94.

Nd. 394. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fræðslumálastjórn er og heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana í óskiptum bekkjardeildum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 395. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrir orðin „allt að 1000 kr.“ í 1. málsgr. 88. gr. komi: allt að 15000 kr.

2. gr.

Fyrir orðin „sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr.“ í 89. gr. komi: sektum frá 1000 kr. og allt að 15000 kr.

3. gr.

Fyrir orðin „sektum, ekki lægri en 500 kr.“ í 90. gr. komi: sektum, ekki lægri en 8000 kr.

4. gr.

Fyrir orðin „sektum allt að 500 kr.“ í 91. gr. komi: sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1953.

Ed. 396. Frumvarp til laga [11. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1953 leggja á tekjur ársins 1952 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	%	af	afgangi.			
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5	—	—	—			
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6	—	—	—			
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7	—	—	—			
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8	—	—	—			
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9	—	—	—			
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	—	—	—			
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	—	—	—			
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	—	—	—			
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	—	—	—			
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	—	—	—			
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	—	—	—			
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—								

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1953.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 459.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 397. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til laga um húsaleigu.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Leigusala er skylt að halda leigðu húsnæði vel við að utan og innan. Hann skal einnig hafa í góðu lagi allar leiðslur, hvort heldur er innan húss eða að og frá hinu leigða húsnæði. Leigusala ber einnig að halda við öllum tækjum, er húsnæðinu fylgja, svo sem eldavél, baðherbergistækjum, salernisskálum, þvottaskálum, krönum, raftenglum og ljósastæðum.
   Heimilt er að ákveða í leigusamningi, að leigutaki skuli annast viðhald hins leigða húsnæðis að meira eða minna leyti, enda sé fullt tillit tekið til þess til lækkunar á leigumála.

2. Við 29. gr. Greinin falli niður.
3. Við 35. gr. Greinin falli niður.
4. Við 36. gr. Greinin falli niður.
5. V. og VI. kafli frv. verði einn kafli (V. kafli) með fyrirsögninni: Skyldur leigusala og leigutaka.
6. Við 61. gr. Töluliður 1 falli niður.

Ed. 398. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 13. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Fyrir orðin „og leyfi ráðherra“ í niðurlagi sömu lagagr. kemur: enda neiti ráðherra ekki um leyfið.

Nd. 399. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 5. mgr. 16. gr. laganna (Hver fastanefnd ... fundaskrifara) bætist: Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.

2. gr.

Síðari málsl. 2. málsgr. 18. gr. laganna skal orða svo: Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

3. gr.

a. Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 3. málsl. fyrri málsgr. 19. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.
b. Fyrir „fjórum vikum“ í 4. málsl. sömu málsgr. laganna kemur: átta vikum.
c. Orðið „óskipt“ í síðari málsgr. sömu lagagr. fellur niður.

4. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 22. gr. laganna kemur: einni nóttu.

5. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 23. gr. laganna kemur: einni nóttu.

6. gr.

Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 4. málsl. fyrri málsgr. 25. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.

7. gr.

Fyrir orðin „2 nóttum“ í 1. málsgr. 26. gr. laganna kemur: einni nóttu.

8. gr.

2. málsgr. 29. gr. laganna orðist svo:

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.). Fyrri umræða, ef tvær eru, fer fram eins og 1. umræða lagafrumvarpa (21. gr.), en síðari umræða á sama hátt og 2. umræða (22. gr.).

9. gr.

Upphaf 30. gr. laganna orðist svo:

Ávarp má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins, og skal ....

10. gr.

Fyrir 2. og 3. málsl. 3. málsgr. 32. gr. laganna koma þrír málsl., svo hljóðandi: Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild, og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.

11. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

12. gr.

Aftan við 2. málsgr. 35. gr. laganna bætist: sbr. þó næstu málsgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 37. gr.

13. gr.

Fyrir orðin „ef ⅔ fundarmanna eru“ í 42. gr. laganna kemur: að ⅔ fundarmanna séu.

14. gr.

a. Fyrsta málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar deildar eftir ályktun hennar, er 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í sameinuðu þingi, er 9 þingmenn krefjast þess.

b. Fyrir orðin „ef þá er farið“ í upphafi 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: Ef farið er.

c. Fyrir orðin „og leyfi ráðherra“ í niðurlagi sömu lagagr. kemur: enda neiti ráðherra ekki um leyfið.

15. gr.

a. Fyrir orðið „þingmanna“ í 1. málsl. 1. málsgr. 44. gr. laganna kemur: þingdeildarmanna.

b. 4. og 5. málsgr. sömu lagagr. falla niður.

16. gr.

Fyrir orðið „konunginn“ í 1. málsl. 63. gr. laganna kemur: forseta Íslands.

17. gr.

Fyrir orðin „ef ráðherra leyfir“ í 1. málsl. 64. gr. kemur: ef ráðherra synjar ekki.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 400. Frumvarp til laga [18. mál]

um bæjanöfn o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal nafn hafa. Í kaupstöðum og kauptúnum eða þorpum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Hún skal auk eftirlits og tillagna um býlanöfn hafa á hendi eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera ráðuneytinu til leiðbeiningar og aðstoðar um önnur málefni, er varða hvers konar staðarnöfn hér á landi.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, þeim, er talin eru í fasteignabók 1942, má eigi breyta nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar (sbr. 5. gr.).

4. gr.

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar.

5. gr.

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim lýst í umsókninni, hvort sem um er að ræða nafn á nýbýli eða nafn á býli, sem eigandi vill breyta um nafn á. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt umsækjanda á býlinu. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama sýslufélagi eða því um líkt. Við upptöku nýnefna skal gæta þess, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama sýslufélagi né nafna, sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í sýslufélaginu, að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjált, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar.

6. gr.

Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kauptúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti.

7. gr.

Nú myndast þéttbýli — þorp — í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sýslunefnd sæki um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.).

8. gr.

Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt, eftir að henni hafa borizt beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., senda ráðherra rökstuddar tillögur um málið. Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfesta nafn, sem um er beðið á nýbýli, og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn, sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn, sem nefndin fellst á, og tilkynnt það örnefnanefnd, sendir örnefnanefnd öll gögn viðvíkjandi málinu til ráðherra, og úrskurðar hann, hvert nafn býlið skuli fá, og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir ráðherra viðkomandi sýslumanni, sem færir það þegar í veðmálabækur, sendir það eiganda býlisins og þinglýsir því á næsta manntalsþingi og tilkynnir nafnbreytinguna þinglýstum veðhafa. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign, sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um nöfn þau, sem leyft hefur verið að taka upp á árinu. Svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

9. gr.

Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók 1942. Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 51 5. júlí 1937.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 401. Lög [115. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.)

Samhljóða þskj. 166.

Ed. 402. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og sent það eftirtöldum aðilum til umsagnar: Yfirhúsaleigunefnd, húsaleigunefnd Reykjavíkur, Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, Leigjendafélagi Reykjavíkur, bæjarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Akureyrar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um svar hefur engin af bæjarstjórnunum sent umsögn sína um málið, þannig að ekkert er vitað um vilja þeirra um þau atriði frv., sem sérstaklega snerta þessa bæi.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur minni hlutinn (LJóh) til, að frv. verði fellt, en meiri hlutinn vill láta samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 10. gr. Fyrir orðið „leigutaka“ í 1. málsgr. komi: leigusala.
2. Við 18. gr. Fyrir orðin „að breyttu breytanda“ í 1. málsgr. komi: eftir því sem við á.
3. Við 19. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Nú er húsaleiga greidd fyrir fram um lengri tíma en sex mánuði, og skal leigusali þá greiða 6% vexti af þeirri fjárhæð, sem er umfram gjaldfallna húsaleigu á hverjum tíma.
4. Við 20. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
   Húsaleiga og annað endurgjald, er leigutaka ber að inna af hendi, skal greitt á heimili leigusala eða öðrum þeim stað innanhéraðs, sem hann tiltekur.
5. Við 27. gr. Í stað orðanna „að breyttu breytanda“ síðast í greininni komi: eftir því sem við á.
6. Við 29. gr. Fyrsti málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Leigutaki, sem hefur á leigu íbúð, sem er eitt herbergi og eldhús eða meira, skal annast á sinn kostnað allt viðhald þess húsnæðis, er hann hefur á leigu og leigusala ber ekki að annast samkvæmt 22. gr.
7. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Leigusala er skylt að tilkynna með minnst hálfs mánaðar fyrirvara, ef hann vill leggja leiðslur fyrir rafstraum, gas, vatn, hita eða frárennsli um leigt húsnæði.
8. Við 41. gr. Fyrir orðið „eftirfarandi“ í 2. málsl. 1. málsgr. komi: eftirlifandi.
9. Við 42. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Lokaákvæði 1. mgr. 41. gr. um rétt leigusala gilda um þetta eftir því sem við á.

Tveir nm. (StgrA og GÍG) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum um viðhaldsskyldu leigutaka.

Alþingi, 5. des. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Steingrímur Aðalsteinsson. Páll Zóphóníasson.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Sþ. 403. Nefndarálit [97. mál]

um till. til þál. um stuðning við fiskveiðar á fjarlægum miðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og telur mikilvægt, að sú athugun fari fram, sem þar er gert ráð fyrir. Nefndin mælir því með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „aðbúnaðar" í niðurlagi tillgr. sé bætt inn orðunum: og öryggis.

Alþingi, 8. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. — Jón Gíslason, fundaskr. — Magnús Jónsson, frsm. — Jón Sigurðsson.
Áki Jakobsson. — Eiríkur Þorsteinsson. — Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 404. Frumvarp til laga [179. mál]

um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Með lögum nr. 42 24. nóv. 1893 var Vogavík á Vatnsleysuströnd gerð að löggiltum verzlunarstað, en þar sem hér er um litla vík að ræða og byggðin í Vogum hefur aukizt verulega á síðari árum og langt út fyrir víkina, ber nauðsyn til, að hinn löggilti verzlunarstaður sé stækkaður eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Ed. 405. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til laga um íslenzkan ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Við prentun á frv. eftir 2. umr. í Nd. (þskj. 297) hefur skotizt inn skökk lína í niðurlagi 2. gr. frv. Þar á að standa:

eigi gengið í hjónaband og eru eigi fullra 18 ára.

Verður þetta að sjálfsögðu leiðrétt við hreinprentun laganna, ef frv. gengur fram.

Alþingi, 8. des. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.
Steingrímur Aðalsteinsson. — Páll Zóphóníasson.

Nd. 406. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — StJSt og EOl voru fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 9. des. 1952.

Skúli Guðmundsson, form.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 407. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. — Tveir nefndarmanna (EOl og StJSt) voru ekki á fundi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. des. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Ed. 408. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 11 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ástand þeirra kristfjárjarða og annarra sambærilegra jarðeigna, sem um er getið í greinargerð félagsmálaráðuneytisins, sem útbýtt hefur verið á Alþingi nýverið, og sannfærzt um nauðsyn þess, að frumvarpið nái fram að ganga. Hún leggur því til, að það sé samþykkt með breytingu, sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

FRV var ekki á fundi, er málið var rætt og ákvörðun tekin.

Alþingi, 9. des. 1952.

Páll Zóphóníasson, form., frsm	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Þorsteinn Þorsteinsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 409. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. a. (7. gr.). Stafliðurinn orðist svo:

Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) eða ráðherra á skipulagsskrá sinni, að breyta henni eða koma eignum sjóðsins í aðrar arðberandi eignir, og getur þá forseti eða ráðherra, eftir því hvor þeirra hefur staðfest skipulagsskrána, að fengnum meðmælum eftirlitsmanna opinberra sjóða, staðfest breytingu á skipulagsskránni og leyft, að eignir sjóðsins séu ávaxtaðar á annan hátt.

Sama gildir um óskir þær, er fram kunna að koma um þetta efni frá stjórn þeirrar sveitar, er fasteignin liggur í, eða stjórnum þeirra sveitar- eða sýslufélaga, er tekna sjóðsins eiga að njóta.

Breytingar á eignum sjóða, eða ávöxtun þeirra, og skipulagsskrám má þó því aðeins gera, að knýjandi nauðsyn sé til breytinganna vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa.

Ed. 410. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem þegar hefur fengið afgreiðslu í hv. neðri deild. Hefur nefndin borið frv. saman við gildandi lög um þau efni, er um ræðir, og fallizt á að leggja með samþykkt frv. óbreytts.

GÍG var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm.	Bernharð Stefánsson.
	Steingrímur Aðalsteinsson.	

Nd. 411. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. — EmJ var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. des. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm.	Jónas G. Rafnar, fundaskr.	Jóhann Hafstein.
	Áki Jakobsson.	

Nd. 412. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 71 5. júní 1947, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við j-lið 3. gr. laganna bætist: einnig að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af vélum, sem notaðar eru til framleiðslu á umbúðum um þær vörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á s. l. ári töldu hraðfrystihúsin sig þurfa að kaupa frá Ameríku fiskumbúðir fyrir 9.6 milljónir króna. Slíkar umbúðir er hægt að framleiða innanlands, og mundu nauðsynlegar vélar kosta nokkuð á aðra milljón króna, en ofan á verð vélanna bætast tollar, sem nema 25—33%.

Vegna þessara tolla er framleiðendum fiskumbúða nær ókleift að afla sér nauðsynlegra véla, en á sama tíma verður að flytja inn umbúðir, eins og áður segir, en tollur á þeim er 2.8%.

Þegar þess er gætt, að um ⅖ af verði umbúðanna eru vinnulaun, virðist eðlilegt, að tollar af slíkum vélum séu lækkaðir verulega eða felldir niður með öllu. Mundi framleiðsla fiskumbúða innanlands gera hvort tveggja í senn að auka atvinnu og spara erlendan gjaldeyri.

Þá má og benda á, að tollur af ýmsum landbúnaðarvélum, sem inn eru fluttar, nemur aðeins 2%. Verður ekki annað sagt en óeðlilegt sé, að svo gífurlegur munur sé á tollum af þeim vélum annars vegar, en hins vegar vélum, sem notaðar eru til að gera eina aðalframleiðsluvöru landsmanna útflutningshæfa.

Iðnaðarnefnd flytur frv. þetta að tilmælum Félags ísl. iðnrekenda. Tveir nefndarmanna (PÞ og SkG) voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Nd. 413. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþ. með breytingum, en minni hl. (EmJ og JóhH) er á móti málinu.

Nefndin leitaði álits olíufélaganna um málið, og er álitsgerð þeirra prentuð með nefndarálitinu sem fylgiskjal.

Af áliti olíufélaganna er ljóst, að þau eru andvíg jöfnunarverði á þeim vörum, sem frv. fjallar um. Benda þau á, að útsöluverð varanna hljóti að hækka í Reykjavík, ef jöfnunarverði verði komið á. Auðvitað er það, að verð þessara vara hækkar eitthvað við slíka ráðstöfun, en áreiðanlega minna en olíufélögin gera ráð fyrir. Þannig álíta þau, að alla þá olíu og benzín, sem tæki úti um landið noti, verði að flytja til þeirra staða, þar sem þau eru staðsett, en ekkert verði tekið af þeim í Reykjavík; jafnvel skip úr Reykjavík mundu taka olíu úti á landi, ef jöfnunarverði verði komið á.

Þetta eru vitanlega algerar ágizkanir, og er einmitt mjög ósennilegt, að svona gangi þessi viðskipti. Þannig eru t. d. áætlunarferðir bíla (sérleyfisferðir) um mikinn hluta landsins frá Reykjavík. Ekki þarf að efast um það, að þeir, er þessar ferðir annast, muni taka benzín í Reykjavík, áður en lagt er í ferð, og ekki treysta á að geta fengið benzín hvar sem er úti um landið. Líkt mun gilda um þá bíla, er annast vöruflutninga frá Reykjavík. Þeir munu taka oft og einatt benzín á bíla sína í Rvík, áður en þeir leggja í ferð, þótt skrásettir séu þeir úti á landi.

Olíufélögin upplýsa, að brennsluolían sé seld úti á landi 100 kr. dýrara tonnið sakir flutningsins á olíunni. Þau ráðgera, að olían lækki um 52 kr. smálestin úti á landi, en hækki í Rvík um 48 kr., ef jöfnunarverð komist á.

Þetta fá félögin með því að reikna allan flutning á olíunni, miðað við olíuþörf fyrirtækjanna, eins og ekkert af olíu verði tekið hér, t. d. af skipum, sem skrásett eru úti á landi. Þetta er vitaskuld fjarstæða. Skip á ferðum sínum, er þau koma við í Reykjavík, taka auðvitað olíu hér. Hvað mikið það verður, getur reynslan ein skorið úr. Auðvitað getur átt sér stað, að skip skrásett í Rvík taki olíu úti á landi, en tæpast mun það verða mikið. — Ekki verður ráðið af áliti olíufélaganna, að þeim ógni það, að skip skrásett úti á landi, t. d. togarar, þurfi að borga 100 kr. meira hverja smálest af olíu en togarar, er kaupa olíu í Reykjavík. Allir sjá, hve fráleit þessi verzlun er.

Um þá hættu, sem á er minnzt í álitinu, að verzlunarflotinn muni ekki taka olíu til skipanna, ef jöfnunarverði verði komið á, er því til að svara, að ekki er nú jöfnunarverð á olíu, og mun þó verzlunarflotinn nú nær enga olíu taka hér.

Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

a. Fyrir orðin „eitt ár í senn“ í 2. málsl. komi: missiri í senn.
b. Síðasti málsl. orðist svo: Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu olíufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins ársfjórðungslega.

Alþingi, 8. des. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm.	Jónas G. Rafnar, fundaskr.	Áki Jakobsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

H/F „SHELL“ Á ÍSLANDI
OLÍUVERZLUN ÍSLANDS H/F
OLÍUFÉLAGIÐ H/F

Reykjavík, 12. nóvember 1952.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 29. f. m., þar sem þér æskið umsagnar um frumvarp til laga um verðjöfnun á olíu og benzíni, viljum vér taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt ósk viðskiptamálaráðuneytisins létum vér ráðuneytinu í té umsögn um þingsályktunartillögu um jöfnunarverð á olíum og benzíni, dags. 19. janúar s. l., og leyfum vér oss hér með að senda yður afrit af þeirri umsögn.

Vér sjáum ekki ástæðu til að bæta við þessa umsögn hvað snertir benzín og gasolíu, en viðvíkjandi brennsluolíunni vildum vér gefa yður nokkru fyllri upplýsingar.

Vér höfum nú á markaðnum þrjár tegundir brennsluolíu af eftirtöldum þykktum: 950 sekúndu, 450 sekúndu og 250 sekúndu. Innkaupsverðmunur á þessum tegundum er sem hér segir: 950 sekúndu olían er ódýrust, 450 sekúndu olían er

ca. kr. 30.00 dýrari og 250 sekúndu olían ca. kr. 50.00 dýrari en 950 sekúndu olían, hvort tveggja miðað við smálest. Þykkasta olían, eða 950 sekúndu, er eingöngu notuð í Reykjavík, vegna þess að hún þarf stöðuga upphitun til þess að vera afgreiðsluhæf. Slík upphitun borgar sig ekki, nema umsetningin sé allmikil, og eru því þynnri tegundirnar notaðar á stöðum utan Reykjavíkur, þar sem umsetningin á hverjum stað er ekki nema lítið brot miðað við umsetninguna hér. 450 sekúndu olía er nú eingöngu notuð á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur, en 250 sekúndu olían er notuð mest úti á landi, en einnig hér í Reykjavík af smærri verksmiðjum og nokkrum stærri byggingum.

Eins og vér tókum fram í ofangreindri umsögn, er nú engin verðjöfnun á brennsluolíu, og er verðið úti á landi um kr. 100.00 hærra en hér í Reykjavík. Vér höfum hér að ofan, í stórum dráttum, gert grein fyrir, hvernig verzlun með brennsluolíu er nú hagað, og munum nú gera nokkra grein fyrir, hverjar breytingar jöfnunarverð á þessari vörutegund mundi hafa í för með sér, miðað við umsetningu ársins 1951. Það ár var heildarumsetningin um 71 000 tonn. Af því magni var selt utan Reykjavíkur aðeins um 13 400 tonn, þar af um 7000 tonn til verksmiðja í landi. Til jafnaðar keypti hver togari þá um 1300 tonn af brennsluolíu hér á landi. Nú er 41 togari til í landinu, sem notar brennsluolíu, þar af 16 staðsettir í Reykjavík, 8 á öðrum höfnum innan Faxaflóa, en 17 eru heimilisfastir í ýmsum höfnum utan Faxaflóa. Ef jöfnunarverð kemst á, má ætla, að togararnir mundu yfirleitt taka olíuna í heimahöfn. Brennsluolíunotkun utan Reykjavíkur, miðað við 1951, mundi þá verða sem hér segir:

8 togarar á Faxaflóahöfnum utan Reykjavíkur	ca. 10 500 tonn		
Verksm. við Faxaflóa	— 3 000 —		
		13 500	tonn
17 togarar utan Faxaflóa	ca. 22 000 tonn		
Verksmiðjur utan Faxaflóa	— 4 000 —		
		26 000	—
	Samtals	39 500	tonn

Miðað við núverandi flutningskostnað yrði heildarkostnaðurinn við þessa flutninga kr. 3 400 000.00 á ári, í stað kr. 1 200 000.00 árið 1951. Ef þessum kostnaði er jafnað niður á heildarsöluna, verða það tæpar 48 krónur á tonn. Það er því sú upphæð, sem öruggt má telja að verðið í Reykjavík mundi hækka um, en verðið utan Faxaflóa mundi þá jafnframt lækka um ca. kr. 52.00 pr. tonn. Hér er aðeins reiknað með notkun utanbæjartogara í heimahöfn, en nú er það vitað mál, að togarar frá Faxaflóahöfnum, sem stunda veiðar víðs vegar kringum land, mundu einnig taka verulegt magn af þörfum sínum í höfnum utan Faxaflóa, þegar enginn væri verðmunurinn. Að svo komnu máli er mjög örðugt að gera sér grein fyrir, hve mikið magn hér gæti verið um að ræða, en ekki er ólíklegt, að það mundi breyta ofangreindum niðurstöðum þannig, að verðið í Reykjavík hækkaði um kr. 55.00 til 60.00 pr. tonn, en verðið utan Faxaflóa lækkaði þá um kr. 40.00 til 45.00 pr. tonn. Þá skal enn fremur tekið fram, að hér hefur verið gert ráð fyrir, að hin einstöku verð á hverri brennsluolíutegund fyrir sig haldist, þ. e., að hver gæðaflokkur verði seldur á sínu verði á sama hátt og verið hefur. Einnig viljum vér benda á, að í samræmi við það, sem að ofan er sagt um hitunarkostnað á 950 sekúndu olíu, mundi öll sú viðbótarolía, sem tekin yrði utan Reykjavíkur, verða af hinum dýrari tegundum, og það mundi að sjálfsögðu kosta aukinn gjaldeyri.

Vér höfum hér að ofan gert nokkra grein fyrir, hvernig verzlun með brennsluolíu er nú hagað og hver kostnaðarauki mundi verða því samfara að setja jöfnunarverð á þá olíutegund.

Enn fremur viljum vér benda á, að með því að setja jöfnunarverð á brennslu- og gasolíu, er algerlega loku fyrir það skotið, að kaupskipaflotinn, sem að mestu notar dieselolíu, en hún er blönduð úr þessum tveim tegundum, geti keypt olíuþarfir sínar hér á landi, en notkun hans er væntanlega milli 25 og 30 þús. tonn á ári. Það er augljóst mál, að það mundi spara allmikinn gjaldeyri, ef skipin tækju olíu hér heima, og auk þess gæti það verið hagkvæmt fyrir rekstur skipanna, sem oftast sigla létthlaðin frá landinu.

Ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, ætti að koma til framkvæmda, viljum vér leyfa oss að gera við það eftirfarandi athugasemdir:

2. grein.

a. Þar er kveðið svo á, að viðskiptamálaráðuneytið ákveði verðjöfnunargjaldið „fyrir eitt ár í senn". Vér teljum þetta orðalag óheppilegt. Ástæðan til þess er sú, að í fyrstu, á meðan ekki er fengin reynsla fyrir því, hve mikið flutningar aukast vegna jöfnunarverðsins, gæti verið óheppilegt að þurfa að ákveða gjaldið fyrir heilt ár í senn, og vér teljum að öllu leyti heppilegra, að viðskiptamálaráðuneytið geti gert breytingar á verðjöfnunargjaldinu eftir reynslu, heldur en að binda slíkar breytingar við ákveðin tímatakmörk. Slík binding gæti auðveldlega haft í för með sér, að sjóðurinn gæti annað tveggja ekki staðið við skuldbindingar sínar eða orðið óþarflega stór, en slíkt mundi aftur á móti skapa óþarfaverðsveiflur.

b. Í lok greinarinnar er kveðið svo á, að verðjöfnunargjaldið skuli reiknast af innfluttu magni og skuli innflytjendur greiða það til viðskiptamálaráðuneytisins. Þetta virðist þýða það, að gjaldið skuli greiðast af félögunum við innflutning vörunnar eins og aðrir innflutningstollar. Það mundi aftur á móti hafa það í för með sér, að félögin mundu festa mikið fé í sjóðnum, því að vér göngum út frá því, að félögin mundu eftir sem áður greiða flutningskostnaðinn sem sendendur vörunnar, en fá hann síðan endurgreiddan, t. d. mánaðarlega, úr sjóðnum. Eins og fjármálaástandið er nú, geta félögin ekki bætt á sig slíkri fjárfestingu, enda ætti hún að vera ónauðsynleg, þar sem olíufélögin yrðu einu viðskiptamenn sjóðsins. Vér teljum því æskilegt, að greiðslur til sjóðsins fari fram eftir á samkvæmt sölu.

4. grein.

Eftir breytingu (a) á 2. grein virðist 4. grein óþörf, eins og hún er. Í staðinn mætti ef til vill setja ákvæði um, að fé sjóðsins mætti aldrei verja til annars en verðjöfnunar á olíu.

Í frumvarpinu er ekki kveðið skýrt á um, hvað teljast skuli útsölustaðir né heldur hvað skuli teljast flutningskostnaður, en væntanlega er það ætlun flutningsmanna, að þetta hvort tveggja verði reglugerðarákvæði.

Virðingarfyllst,

pr. pr. Olíuverzlun Íslands h/f,
Hreinn Pálsson.

pr. pr. Olíufélagið h/f,
Jóh. G. Stefánsson.

f. h. h/f „Shell" á Íslandi,
H. F. Hallgrímsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

AFRIT

H/F „SHELL“ Á ÍSLANDI
OLÍUVERZLUN ÍSLANDS H/F
OLÍUFÉLAGIÐ H/F

Reykjavík, 19. janúar 1952.

Sem svar við bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 21. desember s. l., þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um jöfnunarverð á olíum og benzíni, vilja undirrituð olíufélög taka fram eftirfarandi:

Vér viljum fyrst benda á, að eins og er, er verð það, sem gildir fyrir benzín og gasolíu, að verulegu leyti jafnaðarverð, þ. e., að mismunur sá, sem er á útsöluverði á þessum tegundum í Reykjavík og hinum ýmsu sölustöðum úti á landi, nægir ekki fyrir flutningskostnaði og öðrum kostnaði, sem á fellur á sölustað. Þar af leiðir að sjálfsögðu, að útsöluverð á benzíni og gasolíu úti á landi er nú þegar allmiklu lægra en það ætti að vera, ef engin jöfnun væri og verðið miðað við raunverulegan kostnað á hverjum stað. Um brennsluolíu (Fuel Oil) gegnir öðru máli. Þar á sér engin verðjöfnun stað, en verðið á hverjum sölustað utan Reykjavíkur er fundið með því að bæta flutningskostnaði og kostnaði á staðnum við Reykjavíkurverðið.

Vér munum hér að neðan gera grein fyrir helztu afleiðingum af því, að þessi tillaga kæmi til framkvæmda, og jafnframt benda á helztu annmarkana, sem á framkvæmd hennar eru.

Áhrif jöfnunarverðs mundu verða misjöfn, eftir því um hvaða tegund er að ræða. Munum vér hér stuttlega gera grein fyrir hverri þeirra þriggja tegunda, sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni.

BENZÍN.

Þingályktunartillagan gerir ráð fyrir fullkominni jöfnun á verði benzíns frá öllum benzíndælum, hvar sem er á landinu. Þetta mundi hafa þau áhrif, að notandann skipti það engu, frá hvaða dælu hann keypti benzínið. Með núverandi fyrirkomulagi taka bifreiðarstjórarnir benzín á bifreiðar sínar þar, sem það er ódýrast. Sem dæmi má nefna, að bifreiðar þær, sem fara héðan frá Reykjavík út á land, fylla ávallt geyma sína áður en þær fara. Einnig má geta þess, að eigendur langferðabíla láta yfirleitt setja aukabenzíngeymi á bifreiðar sínar í því augnamiði að geta birgt sig upp fyrir ferðina á ódýrustu stöðunum. Ef verðið væri alls staðar það sama, mundi tilviljun ein, eða e. t. v. einhverjar sérstakar orsakir ráða, hvar þeir fylltu á bifreiðar sínar. T. d. má benda á, að í flestum tilfellum hafa stærstu notendur benzíns utan Reykjavíkur benzíndælur, og mundu þeir þá að sjálfsögðu taka allt benzín til eigin nota af sínum dælum og þá fá það sem svarar sölulaunum ódýrara en jöfnunarverðið. Jöfnunarverðið mundi því hafa í för með sér aukinn óþarfaflutningskostnað, sem að sjálfsögðu mundi hækka útsöluverðið.

GASOLÍA.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir jöfnunarverði á gasolíu á öllum þeim stöðum á landinu, sem olíuskip geta losað á birgðageyma. Um gasolíuna gildir að sjálfsögðu einnig það sama og sagt er hér að framan um benzínið, en þó verður að ætla, að hætta á hækkuðum dreifingarkostnaði vegna aukinna óþarfaflutninga mundi sennilega reynast nokkru minni, vegna þess að notendur þessarar olíutegundar eru miklu staðbundnari en benzínnotendurnir.

Nú eru allmargir staðir á landinu, þar sem olíuflutningaskip geta ekki flutt olíu á birgðageyma, og má þar t. d. nefna Sandgerði, Grindavík, Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyri, Vík í Mýrdal o. fl. Einnig hefur það tíðkazt mjög á síðari árum, að gasolía er mikið notuð til hitunar og suðu í sveitum. Allir slíkir staðir, sem hér um ræðir, mundu því, samkvæmt þingályktunartillögunni, verða utan við verð-

jöfnunina og eftir sem áður greiða þann verðmun, sem nú er. Það virðist vera nokkurt misræmi í því, að t. d. maður í 150 km fjarlægð frá Reykjavík, sem notar bæði benzín og gasolíu, fái benzínið á sama verði og í Reykjavík, en verði að greiða upp í flutningskostnað gasolíunnar tíu aura á lítra, eins og nú er. Væri jöfnunarverðið hins vegar látið ná til allra staða á landinu, sem virðist óhjákvæmilegt, ef það yrði sett á á annað borð, væri ekki ólíklegt, að kröfur kæmu upp um að setja jöfnunarverð á fleiri tegundir þungavarnings, t. d. kol og matvöru.

BRENNSLUOLÍA (Fuel Oil).

Eins og fyrr getur, er verð á brennsluolíu algerlega ójafnað, þ. e. hver staður ber uppi sinn kostnað að fullu. Þar sem tiltölulega skammt er liðið síðan félögin hófu verzlun með brennsluolíu, er bygging birgðageyma utan Reykjavíkur fyrir hana tiltölulega skammt á veg komin. Félögin hafa því mjög litla reynslu við að styðjast um notkun og flutningaþörf út á land af þessari tegund. En það virðist alveg augljóst mál, að ef jöfnunarverð yrði sett á brennsluolíuna, mundi notkun hennar stóraukast utan Reykjavíkur, sérstaklega á stöðum þar, sem togarar eru heimilisfastir, en salan hér í Reykjavík mundi minnka að sama skapi. Af því mundi leiða aukinn flutningskostnað og aukinn kostnað við byggingu olíugeyma, sem kæmi þá fram í hækkuðu verði.

Olíufélagið h/f óskar að taka fram, að það hefur algera sérstöðu hvað snertir þessa olíutegund, þar sem það sé samningsbundið við fjöldamörg togarafélög og fleiri aðila um að selja brennsluolíu í Hvalfirði með sama og engri álagningu, og sé því loku skotið fyrir, að það geti hækkað verðið til þeirra aðila til að bera uppi tap við lækkun á olíuverðinu úti á landi.

Á það má einnig benda, að með jöfnunarverði á brennsluolíu mundi verðið hér í Reykjavík til skipa ekki verða samkeppnisfært við verð á tilsvarandi olíu í höfnum nágrannalandanna, og mundi það hafa í för með sér minni sölu og hækkaðan kostnað pr. tonn.

Eins og kemur fram í ofanrituðu, mundi jöfnunarverð hafa í för með sér aukinn dreifingarkostnað á þeim þrem tegundum, sem að ofan getur, og þar af leiðandi hækkað almennt útsöluverð. Það er því eindregið álit félaganna, að ekki sé grundvöllur fyrir því að láta umrætt jöfnunarverð koma til framkvæmda.

Áhrif verðjöfnunar á útsöluverð umræddra olíutegunda mundu verða þau, að verðið í Reykjavík og nágrenni mundi hækka allmikið, en lækka annars staðar á landinu. Samkvæmt lauslegri athugun mundu breytingar á útsöluverði væntanlega verða sem hér segir:

GASOLÍA:

Útsöluverð í Reykjavík mundi hækka um ca. 3 aura pr. lítra. Útsöluverð á Faxaflóahöfnum mundi hækka um ca. 2 aura pr. lítra, en útsöluverð annars staðar á landinu mundi hækka um 1.5 aura.

BENZÍN:

Útsöluverð í Reykjavík mundi hækka um ca. 4.5 aura lítrinn og í nágrenni bæjarins nokkru minna. Útsöluverð á birgðastöðum úti á landi mundi lækka um ca. 2.5 aura lítrinn og frá öðrum benzíndælum misjafnlega mikið meira, allt upp í ca. 6.5 aura pr. lítra, og jafnvel meira á nokkrum afskekktum stöðum.

Það skal tekið fram, að ofangreindar tölur eru byggðar á 1950-viðskiptum Shell h/f og Olíuverzlunar Íslands h/f, en níu mánaða 1951 hvað snertir Olíufélagið h/f. Þær eru því ekki svo nákvæmar, að þær væru nothæfar við endanlega afgreiðslu málsins. Enn fremur er hér gert ráð fyrir nokkuð aukinni sölu utan Reykjavíkur á kostnað Reykjavíkursölunnar í samræmi við það, sem að framan er sagt.

Á þessu stigi málsins höfum vér ekki farið út í það að áætla, hverju þessar upphæðir mundu nema fyrir brennsluolíu, og stafar það, eins og fyrr segir, af því, hve litla reynslu vér höfum um notkun brennsluolíu úti á landi.

Ef jöfnunarverð yrði samt sem áður látið koma til framkvæmda, álítum vér, að nauðsynlegt væri að setja á stofn verðjöfnunarsjóð milli félaganna, og liggja til þess eftirtaldar ástæður:

a. Hlutföllin milli sölu olíufélaganna í Reykjavík og úti á landi geta verið allmisjöfn, og mundi því jafnað verð án verðjöfnunarsjóðs geta komið ranglátlega niður.
b. Einnig mætti gera ráð fyrir, að afskekktir staðir, sem yrðu reknir með beinu tapi án verðjöfnunarsjóðs, yrðu útundan vegna þess, að enginn innflytjandi mundi vilja taka á sig slíkan taprekstur.
c. Nauðsynlegt væri að tryggja það, ef nýir innflytjendur byrjuðu verzlun með þssar vörutegundir, að þeir væru skyldaðir til að gerast aðilar að verðjöfnunarsjóðnum, því að ella mundu þeir geta hafið verzlun með þær á hentugustu stöðunum og haft af því hagnað raunverulega á kostnað þeirra aðila, sem nú verzla með olíu og benzín.

Vér teljum, að verðjöfnunarsjóður þessi ætti að vera í höndum olíufélaganna og stjórn hans hagað á svipaðan hátt og verðjöfnunarsjóðs þess, sem starfandi var hér um tíma eftir stríðslokin. Vér teljum rétt að benda á, að framkvæmd verðjöfnunarinnar mundi hafa allmikinn aukinn kostnað í för með sér. Í fyrsta lagi mundi skapast aukin skrifstofuvinna hjá félögunum við skýrslugerðir og útreikninga til sjóðstjórnarinnar, og í öðru lagi mundi sjóðstjórnin óhjákvæmilega þurfa að hafa einhvern skrifstofukostnað, og mundi þessi aukni kostnaður leggjast á verð varanna.

Vér teljum enn fremur, að umrætt jöfnunarverð verði tæplega framkvæmt nema með sérstakri löggjöf. Ástæður þess eru einkum eftirfarandi:

1. Jafnvel þótt núverandi innflytjendur gætu komið sér saman um stofnun verðjöfnunarsjóðs milli félaganna, væri nauðsynlegt að fyrirbyggja það, að nýir innflytjendur gætu hafið starfrækslu á beztu verzlunarstöðunum án þess að taka þátt í verðjöfnuninni.
2. Olíufélagið h/f hefur nú gildandi samninga við marga togaraeigendur og fleiri aðila um sölu á brennsluolíu í Hvalfirði, með kjörum, sem varla er hægt að breyta nema með löggjöf.

Ef ráðuneytið að athuguðu máli ákveður að koma á jöfnunarverði, eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni, vilja félögin benda á, að áður en slíku yrði hrint í framkvæmd þarf nákvæm athugun að fara fram í málinu í heild, og teljum vér nauðsynlegt, að menn kunnugir olíuverzlun séu þar kvaddir til ráða.

Að endingu viljum vér taka fram, að vér erum ávallt reiðubúnir til að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar í máli þessu, skyldi þess vera óskað.

Virðingarfyllst,

f. h. h/f „Shell“ á Íslandi,
H. F. Hallgrímsson.

pr. pr. Olíuverzlun Íslands h/f,
Ön. Ásgeirsson.

pr. pr. Olíufélagið h/f,
Jóh. G. Stefánsson.

Til viðskiptamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ed. 414. Lög [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna bygggingar áburðarverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 9. des.)

Samhljóða þskj. 10.

Nd. 415. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1936, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Í laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands eru þrír prófessorar í lögfræði, og auk þess starfa nú tveir aukakennarar við deildina.

Minni hl. n. telur ástæðu til, að háttv. Alþingi gæti varfærni um fjölgun embætta, eins og málum er háttað, og leggur til, að frv. þetta verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem rekstrarútgjöld ríkisins eru þegar orðin mjög há og ástæða er til að gæta fyllstu varfærni um fjölgun embætta, telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. des. 1952.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 416. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta felur í sér ákvæði um það, að stofnað skuli nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn 15. sept. 1954, en í læknadeild eru nú fimm prófessorar í læknisfræði og einn í tannlækningum.

Talið er nauðsynlegt, ef frv. þetta verður að lögum, að sjá hinum nýja kennara fyrir rannsóknarstofum. Er það fyrirætlun þeirra, sem hlut eiga að máli, að húsnæði það, sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands hefur nú til afnota í háskólanum, verði tekið handa læknadeild, þegar hinn nýi prófessor tæki til starfa. En áður en til þess kæmi, yrði að leysa þann vanda að sjá húsmæðrakennaraskólanum fyrir húsnæði á öðrum stað. Ef reisa þyrfti nýtt hús fyrir þann skóla, mundi það kosta mikla fjármuni.

Minni hl. n. leggur því til, að frv. þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem auka þarf húsnæði læknadeildar Háskóla Íslands, ef sérstakur prófessor í lífeðlis- og lífefnafræði tekur þar til starfa, með því að hann fái til afnota

húsnæði það, sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands hefur nú til afnota, en ekki er tryggt, að húsmæðrakennaraskólinn fái annað húsnæði, og þar sem rétt er að gæta fyllstu varfærni um fjölgun embætta, vill deildin ekki lögfesta þetta frv., en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. des. 1952.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 417. Frumvarp til laga [181. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1950 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga .. kr.	223 900 000.00	kr. 209 753 727.14
2.	— —	3. — A.	— .. —	71 110 382.00	— 89 208 137.79
3.	— —	3. — B.	— .. —	10 000.00	— 29 885.77
4.	— —	4. —	— .. —	1 813 537.00	— 2 230 866.57
5.	— —	5. —	— .. —	1 500 000.00	— 5 013 488.19
6.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga —	2 510 000.00	— 104 151 860.25
				Kr. 300 843 919.00	Kr. 410 387 965.71

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga .. kr.	10 169 070.00	kr. 5 717 381.42
2.	— —	8. —	— .. —	414 357.00	— 505 626.08
3.	— —	9. —	— .. —	2 315 576.00	— 2 722 517.98
4.	— —	10. — I.	— .. —	3 363 131.00	— 4 499 024.84
5.	— —	10. — II.	— .. —	433 375.00	— 549 834.74
6.	— —	10. — III.	— .. —	4 706 800.00	— 4 837 299.10
7.	— —	11. — A.	— .. —	13 188 885.00	— 15 856 741.40
8.	— —	11. — B.	— .. —	943 480.00	— 1 646 448.91
9.	— —	11. — C.	— .. —	5 686 612.00	— 7 141 470.42
10.	— —	11. — D.	— .. —	1 350 000.00	— 1 638 892.00
11.	— —	12. —	— .. —	15 841 162.00	— 16 937 689.77
12.	— —	13. — A.	— .. —	26 527 500.00	— 27 683 429.98
13.	— —	13. — B.	— .. —	3 658 000.00	— 6 408 325.78
14.	— —	13. — C.	— .. —	8 835 000.00	— 9 423 899.29
15.	— —	13. — D.	— .. —	2 238 698.00	— 1 602 617.12
16.	— —	14. — A.	— .. —	3 374 850.00	— 4 012 614.97
17.	— —	14. — B.	— .. —	32 745 189.00	— 39 101 503.70
18.	— —	15. — A.	— .. —	2 709 225.00	— 2 897 148.47
19.	— —	15. — B.	— .. —	3 838 347.00	— 3 953 550.44
20.	— —	16. — A.	— .. —	23 805 630.00	— 27 130 888.80
21.	— —	16. — B.	— .. —	8 088 450.00	— 8 486 900.21
22.	— —	16. — C.	— .. —	811 220.00	— 836 578.25
23.	— —	16. — D.	— .. —	4 600 000.00	— 4 251 687.60
24.	— —	17. —	— .. —	27 687 310.00	— 28 050 347.16

25.	Gjöld samkvæmt 18. gr. fjárlaga ..	kr.	6 509 106.00	kr.	8 080 296.13
26.	— — 19. — 1. — ..	—	33 500 000.00	—	27 768 086.23
27.	— — 19. — 2. — ..	—	14 000 000.00	—	„
28.	— — 19. — 3. — ..	—	225 000.00	—	225 000.00
29.	— — 19. — 4. — ..	—	500 000.00	—	3 147 174.44
30.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	36 417 506.00	—	124 862 640.40
	Greiðslujöfnuður	—	2 360 440.00		
	Mismunur út- og innborgana			—	20 412 350.08
		Kr.	300 843 919.00	Kr.	410 387 965.71

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1950, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Á það skal bent, að greiðslur samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaganna eru færðar á viðkomandi gjaldaliði ríkisreiknings.

Sþ. 418. Frumvarp til fjáraukalaga [182. mál]

fyrir árið 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1950, eru veittar kr. 10 677 515.41 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 31 022 671.25 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 41 700 186.66.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignahreyfinga, eru veittar kr. 88 445 134.40.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

	2. Síminn:			
1.	Til notendasíma í sveitum	kr.	331 540.00	
2.	Til starfrækslu landssímanna:			
	a. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	—	140 573.52	
	b. Ritsíminn í Reykjavík	—	234 799.39	
	g. Ritsímastöðin á Akureyri	—	231 217.03	
	h. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	—	53 052.60	
	i. Ritsímastöðin á Ísafirði	—	27 273.88	
	j. Símastöðin á Borðeyri	—	15 059.57	
	k. Símastöðin í Vestmannaeyjum	—	119 181.37	
	m. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	513 015.63	
3.	Eyðublöð, prentunarkostnaður, ritföng o. fl. ..	—	232 595.17	
8.	Fyrning húsa og áhalda	—	6 071.76	
9.	Vextir af lánum	—	1 500.20	
11.	Gengistap	—	933 947.92	
12.	Viðhald jarðsíma til Keflavíkur og Selfoss ..	—	90 300.58	
				kr. 2 930 128.62

af kr. 4 457 957.42 umfram fjárlagaáætlun.

Eignahreyfingar:

III.	Eignaaukning landssímans	kr.	1 883 818.09	
	samtals	kr.	1 883 818.09	

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	404 149.76	
2.	Kostnaður við áfengisútsölur	—	99 486.46	
3.	Ýmis rekstrarkostnaður	—	179 897.30	
4.	Útsvar	—	497 460.62	
5.	Flutningskostnaður	—	168 665.71	
6.	Vextir og bankakostnaður	—	56 723.70	
7.	Fyrning	—	33 698.23	
8.	Gengistap	—	281 122.49	
9.	Tillag til gæzluvistarsjóðs	—	750 000.00	
				kr. 2 471 204.27

af kr. 8 271 482.73 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	2 474.39	
3.	Útsvar	—	390 763.67	
4.	Fyrning	—	46 542.76	
				— 439 780.82

af kr. 8 457 913.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

1.	Laun starfsmanna	kr.	380 411.99	
2.	Útvarpsefni	—	160 987.08	
3.	Skrifstofukostnaður	—	108 457.83	
4.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	67 030.47	
6.	Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.	—	37 397.61	
7.	Iðgjöld í lífeyrissjóð og slysatrygging	—	33 418.14	
8.	Óviss útgjöld	—	75 101.96	
9.	Bifreiðakostnaður	—	19 324.02	
10.	Fyrning á húsum, áhöldum og vélum	—	2 160.17	
11.	Söluskattur	—	41 991.00	
				— 926 280.27

en tekjur fóru kr. 308 123.90 fram úr fjárlagaáætlun.

Viðtækjaverzlunin:

	Gjöld			— 83 963.38

af kr. 435 783.29 bráttótekjum.

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

1. a.	Laun framkvæmdastjóra, skrifstofufólks og afgreiðslufólks	kr.	43 683.03	
b.	Vinnulaun og aðkeypt vinna	—	230 660.82	
c.	Framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna	—	28 195.59	
5.	Fyrning	—	11 080.40	
6.	Útsvar	—	10 632.27	
7.	Söluskattur	—	73 590.00	
				— 397 842.11

af kr. 2 436 454.82 bráttótekjum.

7. Áburðarsala ríkisins:
Gjöld ..... kr. 37 397.32
af kr. 50 373.46 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

8. Grænmetisverzlun ríkisins:
Gjöld ..... — 94 056.92
af kr. 156 995.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

9. Landssmiðjan:
Gjöld ..... — 401 590.62
af kr. 1 674 270.93 brúttótekjum.

11. Tunnuverksmiðjur ríkisins:
Gjöld ..... — 205 994.16
en tekjur fóru kr. 205 994.16 fram úr fjárlagaáætlun.

12. Olíuflutningaskipið Þyrill:
Gjöld ..... — 713 706.29
af kr. 875 746.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

13. Innkaupastofnun ríkisins:
Gjöld ..... — 43 467.88
af kr. 141 637.58 tekjum umfram fjálagaáætlun.

14. Bessastaðabú:
Gjöld ..... — 56 785.91
af kr. 79 364.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

15. Vífilsstaðabú:
Gjöld ..... — 416 428.70
af kr. 455 570.78 brúttótekjum.

16. Kleppsbú:
Gjöld ..... — 305 311.97
af kr. 310 748.74 brúttótekjum.

17. Kópavogsbú:
Gjöld ..... — 59 799.31
af kr. 66 698.55 brúttótekjum.

18. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi:
Gjöld ..... — 235 710.33
af kr. 339 968.55 brúttótekjum.

19. Skólabúið á Hólum:
Gjöld ..... — 328 192.84
en brúttótekjur voru kr. 304 075.90.

20. Skólabúið á Hvanneyri:
Gjöld ..... — 529 873.69
af kr. 530 113.67 brúttótekjum.

Samtals kr. 10 677 515.41

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:
Kostnaður við æðstu stjórn landsins ..... kr. 91 269.08

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I.	Stjórnarráðið:			
	1. Til ráðherra	kr.	61 355.28	
	2. a.—i. Laun starfsmanna stjórnarráðsins	—	685 972.54	
	j. Annar kostnaður ráðuneytanna	—	65 855.61	
	3. Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald:			
	a. Laun starfsmanna	—	104 464.74	
	b. Annar kostnaður	—	38 821.28	
	4. Ýmis kostnaður	—	179 424.39	
II.	Hagstofan	—	116 459.74	
III.	Utanríkismál:			
	5. Sendiráðið í Moskvu	—	55 774.08	
	6. Sendiráðið í París	—	120 880.10	
	9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York	—	7 005.14	
	10. Ferðakostnaður starfsm. sendiráðanna	—	9 831.38	
	11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	132 072.75	
	12. Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum	—	156 034.86	
	14. Kostnaður vegna kjörræðismanna	—	2 241.83	
				kr. 1 736 193.72

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1.	Hæstiréttur	88 150.18
2.	Borgardómaraembættið í Rvík	100 876.00
3.	Borgarfógetaembættið í Rvík	57 441.37
4.	Sakadómaraembættið í Rvík	146 807.89
5.	Lögreglustjóraembættið í Rvík	137 789.07
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustj. utan Rvíkur:	
	a. Laun	204 972.38
	b. Skrifstofukostnaður	921 411.12
7.	Laun hreppstjóra	173 461.17
8.	Lögreglukostnaður:	
	a. Ríkislögregla	482 267.28
	b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Rvík	25 000.00
10.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:	
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík	31 365.31
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni	103 829.22
	c. Fangaklefar lögr. í Rvík	2 165.53
	d. Kostn. við önnur fangahús	5 835.31
11.	Kostn. við sakamál og lögr.mál	9 000.71
13.	Laun sjódómsmanna	48 774.00
14.	Kostnaður við störf setu- og varadómara	119 623.88
15.	Til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað, vegna skemmda af skriðuhlaupi	37 005.52
16.	Kostnaður við félagsdóm	3 545.96

17.	Kostnaður við framkvæmd laga um bókhald	8 391.03	
18.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	2 836.79	
19.	Kostnaður samkv. lögum nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði	21 336.22	
			kr. 2 731 885.94
	B. Opinbert eftirlit:		
2.	Eftirlit með verksm. og vélum	34 465.31	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins	255 117.16	
5.	Eftirlit með skipul. sjávarþorpa	58 510.18	
6.	Matvæla- og mjólkureftirlit	15 762.66	
7.	Kostnaður við mat á afurðum:		
	a. Fiskmat	170 140.68	
	c. Kjötmat	4 194.69	
	d. Ullarmat	3 525.00	
	e. Lýsismat	750.00	
	f. Ferðakostnaður matsmanna	41 586.66	
8.	Kostn. við vörumerkjaskráningu	11 211.93	
11.	Eftirlit með sparisjóðum	5 534.06	
12.	Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum	413 346.50	
13.	Húsaleigueftirlit	40 896.75	
14.	Kostnaður við embættiseftirlit	11 763.35	
15.	Kostnaður vegna laga nr. 68 1947, um eftirlit með skipum ..	32 580.00	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 5 1949, um kjötmat	2 900.00	
			— 1 102 284.93
	C. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta:		
I.	Tollar:		
	a. Tollstjóraembættið í Rvík ..	332 323.55	
	b. 1. Tollgæzlan í Reykjavík .	328 951.70	
	2. Tollgæzla utan Rvíkur .	231 165.42	
II.	Skattar:		
	a. Ríkisskattanefnd	21 380.00	
	b. Skattstofan í Reykjavík	437 559.29	
	c. Skattstofur utan Rvíkur	163 184.45	
	e. Yfirskattanefndir	16 214.00	
	f. Skattdómaraembættið	8 076.70	
			— 1 538 855.11
	D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:		
1.	Símakostnaður, endurgreiddur embættismönnum og opinberum stofnunum	117 809.43	
2.	Burðargj. endurgr. sömu aðilum	120 916.61	
3.	Eyðublöð, bókband, augl. o. fl.	50 165.96	
			— 288 892.00
			kr. 2 930 032.04

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

I.	Landlæknisembættið		kr.	19 316.58
II.	Laun héraðslækna		—	561 938.55
III.	Kostnaður vegna laga um læknaráð		—	3 900.00
IV.	Ríkisspítalarnir:			
	A. Landsspítalinn	535 685.39		
	en tekjur fóru 298 956.52 kr. fram úr fjárl.áætlun.			
	C. Heilsuhælið á Vífilsst.	87 871.96		
	G. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum	21 225.40		
	en tekjur fóru 2 042.31 kr. fram úr fjárl.áætlun.			
			—	644 782.75
X.	Til bygg. fjórðungssjúkrah. á Akureyri		—	100 000.00
XVI.	Laun kynsjúkdómalæknis		—	6 382.13
XVIII.	Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum ..		—	4 549.32
XX.	Til Halldórs Arnórssonar, umbúðasmiðs		—	967.50
XXIV.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra ..		—	140 238.40
XXVI.	Kostnaður vegna heimildarlaga um styrk til afskekktra staða til að hafa lærða hjúkrunarkonu		—	4 000.00
XXVII.	Læknisvitjanastyrkur samkv. heimildarlögum til Borgarfjarðarhrepps		—	545.00
XXVIII.	Kostnaður vegna laga nr. 21 1937, um störf héraðslækna		—	4 860.00
XXIX.	Kostnaður vegna laga nr. 27 1945, um eyðingu á rottum		—	806.48
				kr. 1 492 286.71

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	A. Vegamál:			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða	175 619.58		
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega	207 995.86		
	b. Viðhald og endurbætur .	1 151 565.99		
III.	Brúargerðir	156 282.55		
IV.	Til fjallvega	5 013.52		
VI.	Til sýsluvega	67 263.72		
XI.	Til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum	5 487.74		
XV.	Orlof verkamanna	28 509.34		
			kr.	1 797 738.30
	B. Samgöngur:			
I.	Til strandferða	1 217 622.97		
III.	Tap á sölu bifreiða, áhalda og bygginga	1 249 795.69		

IV.	Ferðaskrifstofa ríkisins .... af kr. 218 861.31 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	119 869.54	
V.	Kostnaður vegna heimildarlaga um styrk til Skagafjarðarbáts sumarið 1947	12 000.00	
			kr. 2 599 288.20

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála	150 769.08	
II.	Laun vitavarða	52 293.18	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna .	84 708.41	
IV.	Viðhald og endurbætur vitanna	254.45	
VII.	Fyrning	462 394.04	
			— 750 419.16

D. Flugmál:

I.	Stjórn flugmála	149 274.45	
II.	Reykjavíkurflugvöllur	163 797.88	
	2. Slökkviliðsdeild	70 775.69	
	3. Sjóflughöfn	50 051.58	
	4. Vélaverkstæði	386 867.59	
	7. Annar kostnaður	21 710.40	
III.	Keflavíkurflugvöllur	135 086.42	
V.	Flugumferðarstjórn	127.00	
VI.	Loranstöðin á Reynisfjalli ..	5 053.98	
VIII.	Blindflugskólinn	7 346.62	
X.	Alþjóðaflugmálastofnun og flugmálaráðstefnur	92 414.45	
XIII.	Eftirlit með flugvélum og læknisskoðun flugmanna ...	67 961.90	
XIV.	Kostn. landssímans vegna flugþjónustu	149 996.24	
XV.	Kostnaður Íslands við veðurþjónustu vegna millilandaflugs	31 550.41	
XVI.	Námsskeið flugmanna	12 105.53	
XVII.	Fyrning	535 572.06	
			— 1 879 692.20
	af kr. 1 916 929.37 tekjum umfr. fjárl.áætlun.		
			kr. 7 027 137.86

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

I.	Biskupsembættið	47 382.63
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	553 024.87
III.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar	7 161.70

IX.	Kostnaður vegna laga nr. 17 1931, um bókasöfn prestak.	717.65	
X.	Kostnaður vegna laga nr. 38 1947, um skipulag og hýsingu prestssetra	22 440.73	
XI.	Kostnaður vegna Bessastaðakirkju	9 233.39	
			kr. 639 960.97

B. Kennslumál:

I.	a. Háskólinn	381 217.20	
III.	Fræðslumálastj.embættið .	77 419.56	
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík	315 077.86	
V.	Menntaskólinn á Akureyri	232 810.56	
VI.	Kennaraskólinn	64 154.38	
VII.	Stýrimannaskólinn	48 562.48	
VIII.	Vélstjóraskólinn	52 801.98	
X.	Búnaðarkennsla:		
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	26 681.70	
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara í föstum skólum	2 948 382.59	
	2. Laun farkennara	154 338.17	
	4. Til kennslueftirlits	18 820.91	
	5. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	50 439.04	
	7. Til fyrrv. barnakennara	9 630.00	
	8. Ráðskonukaup við heimavistarskóla	65 959.89	
	9. Akstur skólabarna	33 057.91	
XIV.	Gagnfræðamenntun:		
	1. Alþýðusk. á Eiðum ..	83 994.53	
	2. Til héraðs- og gagnfræðaskóla	1 389 260.09	
	4. Til námsstjóra við framhaldsskóla	35 880.00	
	9. Til Handíðaskólans ...	99 802.95	
XV.	Húsmæðrafræðsla:		
	1. Til húsmæðraskóla	435 041.66	
	3. Til rafstöðvar á Staðarfelli	300.15	
	4. Til húsmæðrakennaraskóla	6 607.74	
	5. Til námsstjóra	6 080.00	
XVI.	Til íþróttamála:		
	1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins	14 202.00	
	4. Laun Ólafs Pálssonar, sundkennara, vegna eftirlits með sundkennslu	2 346.58	
XVII.	Til heyrnar- og málleysingja	55 141.85	

XXV.	Til Alþýðusambands Íslands 1949 og 1950	10 000.00	
XXVIII.	Til rannsókna á þroska íslenzkra skólabarna	21 928.20	
XXIX.	Til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum	21.40	
XXX.	Kostnaður vegna heimildarlaga um styrk til vefnaðarkennslu á Hallormsstað	5 000.00	
XXXI.	Kostnaður vegna heimildarlaga um byggingarstyrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur, Hveragerði	20 000.00	
XXXII.	Kostnaður vegna heimildarlaga um byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibj. Jóhannesdóttur, Löngumýri	20 000.00	
			kr. 2 205 607.15
			kr. 2 845 568.12

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi:

I.	Landsbókasafnið	56 841.85
II.	Þjóðskjalasafnið	31 493.35
III.	Þjóðminjasafnið	18 435.33
IV.	Náttúrugripasafnið	44 279.32
VI.	Safnahúsið	16 172.50
VII.	Styrkur til bókasafna og lesstofa:	
	21. Til bókasafns á Kópaskeri 1949 og 1950 ..	1 000.00
VIII.	Styrkur til bókaútgáfu o.fl.:	
	11. Til Steins Dofra, ættfr.	4 011.25
	13. Til að þýða rit dr. Jóns Dúasonar á enska tungu, fyrir 1949 og 1950	25 000.00
	14. Til Ara Arnalds, vegna ritstarfa	500.00
	19. Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn	4.28
	20. Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	17.10
	21. Til Ætt- og mannfræðifélagsins	5 000.00
IX.	Til skálda, rithöfunda og listamanna	27 885.00
XX.	Þórunn Jóhannsdóttir, til tónlistarnáms erlendis	0.03
XXIV.	Þorsteinn Hannesson, til söngnáms	2 285.00

XXV.	Til listasafns Einars Jónssonar	15 151.84		
XXIX.	Kostn. við friðun Þingvalla	18 779.54		
XXX.	Til umbóta á Þingvöllum .	652.00		
XXXII.	Til blaðanna Lögbergs og Heimskringlu	0.08		
XXXIII.	Kostnaður vegna heimildarlaga um byggingarstyrk til Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara	15 000.00		
			kr.	282 508.47

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu:

I.	Atvinnudeild háskólans	51 414.20		
III.	Til rannsóknaráðs	36 981.67		
IV.	Veðurstofa Íslands	121 583.61		
VII.	Til sjómælinga	44 946.68		
VIII.	Til húsameistara ríkisins	40 783.18		
			—	295 709.34
			kr.	578 217.81

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

A. Landbúnaðarmál:

1.	Til Búnaðarfélags Íslands	87 254.96		
7.	Framlag til búfjártrygginga ...	31 346.99		
18.	Til sandgræðslu	7 559.20		
19.	Til skógræktar	13 505.36		
24.	Til loðdýraræktar	2 704.20		
25.	Kostnaður vegna eyðingar refa og minka	64 022.33		
26.	Til dýralækna	84 130.65		
27.	Til kláðalækninga	4 097.00		
28.	Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir	2 344 400.00		
30.	Kostnaður vegna laga nr. 66 1937, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma	19 152.07		
31.	Kostnaður vegna laga nr. 28 1940, um friðun hreindýra	3 025.00		
32.	Kostnaður vegna laga nr. 64 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	1 959.10		
33.	Kostnaður vegna laga nr. 64 1941, um jarðakaup ríkisins ...	7 180.00		
34.	Kostnaður vegna laga nr. 89 1941, um eyðingu svartbaks ..	1 998.15		
35.	Kostnaður vegna laga nr. 97 1950, um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum	1 489 000.00		

36.	Kostnaður vegna tilraunarráðs búfjárræktar	34 181.31	
37.	Kostnaður vegna framræslu lands á Eyrarbakka	19 361.92	
38.	Kostnaður vegna framræslu lands að Hvammi í Dölum	9 519.00	
			kr. 4 224 397.24

B. Sjávarútvegsmál:

1.	Til Fiskifélags Íslands	99 207.64	
3.	Til alþjóðahafrannsókna	3 380.00	
4.	Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins	6 551.75	
6.	Til alþjóðahvalveiðiráðs	4 255.00	
7.	Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir	19 499.90	
8.	Til greiðslu síldveiðilána sumarið 1949, samkv. l. nr. 10 1949	19 156.33	
13.	Til greiðslu á sjóveðum síldveiðiskipa 1949	20 660.78	
15.	Kostnaður vegna laga nr. 32 1942, um vátr.fél. vélbáta	37 569.48	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 45 1946, um beitumál	10 553.00	
17.	Kostnaður vegna laga nr. 48 1949, um hlutatr.sjóði fiskiskipa	498 755.16	
18.	Kostnaður vegna þingsályktunar um hreinsun Hvalfjarðar	4 521.97	
			— 724 111.01

C. Iðnaðarmál:

9.	Til undirbúningsrannsókna vegna sementsverksmiðju	19 858.25	
10.	Styrkur til iðnráðs Reykjavíkur	7 000.00	
			— 26 858.25

D. Raforkumál:

I.	Stjórn raforkumála	6 221.88	
II.	Til undirbúningsrannsókna og áætlana um nýjar raforkuframkvæmdir	636.08	
III.	Rafmagnsveitur ríkisins .... en tekjur urðu kr. 3 763 222.85 umfram fjárlagaáætlun.	3 807 657.35	
IV.	Vatnamælingar	58 809.45	
VII.	Rafmagnseftirlit ríkisins .... af kr. 316 751.98 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	158 977.45	
XI.	Tap varasjóðs	507 077.04	
			— 4 539 379.25
			kr. 9 514 745.75

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

4.	Gjöld samkv. framfærslulögum nr. 80 1947 ..	kr.	81 992.52		
7.	Til Sambands ísl. berklasjúklinga	—	9 812.95		
9.	Kostnaður við barnaverndarráð	—	10 687.10		
13.	Upptökuheimili í Elliðahvammi	—	23 154.00		
16.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erl. ..	—	3 098.63		
17.	Til bindindisstarfsemi	—	6 772.35		
22.	Til vinnumiðlunar	—	17 721.90		
27.	Til vatnsveitna	—	80 000.00		
32.	Tillag til Food and Agricultural Organization	—	88.10		
33.	Tillag til World Health Organization	—	24 085.65		
35.	Tillag til Organization of the European Economic Cooperation	—	58 886.53		
36.	Tillag til Evrópuráðsins	—	12 403.15		
37.	Kostnaður vegna laga nr. 57 1928, um atvinnuleysisskýrslur	—	2 207.42		
38.	Kostnaður vegna laga nr. 97 1941, um ófriðartryggingar	—	1 375.00		
39.	Kostnaður vegna laga nr. 109 1943, um hlutatryggingarfélög	—	14 389.70		
40.	Kostnaður vegna laga nr. 42 1946, um nýbyggingar í Höfðakaupstað	—	173 730.94		
41.	Kostnaður vegna laga nr. 58 1947, um Egilsstaðakauptún	—	53 500.00		
42.	Kostnaður vegna laga nr. 93 1947, um aðstoð til vatnsveitna	—	6 000.00		
43.	Til alþjóðafélags gegn berklaveiki	—	466.30		
44.	Tillag til Bernarsambandsins	—	8 483.35		
				kr.	588 855.59

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

I.—II.	Eftirlaun og styrktarfé	kr.	625 544.62		
III.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	—	840 278.89		
IV.—V.	Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar 24. nóv. 1944 og verðlagsuppbót af greiðslum úr lífeyrissjóði	—	105 366.62		
				—	1 571 190.13

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

4.	Óviss útgjöld	kr.	2 099 604.99		
5.	Samkv. l. nr. 100 1948, um fiskábyrgðarnefnd	—	91 000.00		
6.	Kostnaður við sögu Alþingis	—	2 790.00		
7.	Viðhald húsa og annarra mannvirkja að Bessastöðum	—	327 160.77		
8.	Þjóðhátíðarnefnd frá 1944	—	126 618.68		
				—	2 647 174.44

Samtals 3.—13. gr.	kr.	31 022 671.25
2. gr.	—	10 677 515.41
Samtals	kr.	41 700 186.66

14. gr.

Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út,		
voru greiddar	kr. 124 862 640.40	
en veittar voru í fjárlögum	— 36 417 506.00	
Mismunur ———————		kr. 88 445 134.40
Inn fóru kr. 101 641 860.25 fram úr fjárlagaáætlun.		
		Samtals kr. 130 145 321.06

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1950. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1950 sýnir, að undanskilinni 9. gr.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1950.

Sþ. 419. Þingályktun [16. mál]

um að Ísland gerist aðili að stofnun Norðurlandaráðs.

(Afgreidd frá Sþ. 10. des.)

Samhljóða þskj. 16.

Sþ. 420. Þingályktun [64. mál]

um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

(Afgreidd frá Sþ. 10. des.)

Samhljóða þskj. 64.

Sþ. 421. Þingsályktun [97. mál]

um stuðning við fiskveiðar á fjarlægum miðum.

(Afgreidd frá Sþ. 10. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga til hins ýtrasta, hvernig bætt verði aðstaða íslenzkra skipa og sjómanna, er stunda fiskveiðar á fjarlægum miðum, til þess að geta hagnýtt afla sinn sem bezt og notið sem bezts aðbúnaðar og öryggis við störf sín.

Sþ. 422. Þingsályktun [158. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 10. des.)

Samhljóða þskj. 259.

Ed. 423. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 10. des. 1952.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
	Þorsteinn Þorsteinsson.	

Ed. 424. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.
   Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta í aprílmánuði ár hvert.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Af hundum búenda og annarra, er búfé eiga, skal greiða 20 króna skatt árlega, en af öðrum hundum 200 kr. skatt árlega.
   Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.
4. Á eftir 3. gr. bætast þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):
   a. (4. gr.) Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sullamengað er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.
      Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.
   b. (5. gr.) Bæjarstjórnir, eða hreppsnefndir undir umsjón sýslunefnda, skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi.
      Kostnaður greiðist úr bæjar- eða sýslusjóði.
   c. (6. gr.) Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð sulla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.

Ed. 425. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Jansen, Johannes Adrianus Maria, garðyrkjumaður á Laugalandi í Stafholtstungum í Mýrasýslu, fæddur 30. ágúst 1912 í Hollandi.
2. Kyvik, Harald, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 12. nóvember 1929 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
3. Kyvik, Lloyd Martin, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 13. október 1931 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
4. Olsen, Samuel John Frits, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 8. febrúar 1924 í Færeyjum.
5. Schäfer, Maria, reglusystir, Hafnarfirði, fædd 10. marz 1912 í Þýzkalandi.
6. Zachariasen, Jens Elias Karl, skósmiður í Reykjavík, fæddur 19. febrúar 1921 í Færeyjum.
7. Vorovka, Karel Václav Alexius, stud. theol., Reykjavík, fæddur 17. júlí 1911 í Tékkóslóvakíu.

Alþingi, 9. des. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Steingrímur Aðalsteinsson. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Nd. 426. Frumvarp til laga [183. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

Flm.: Jón Pálmason, Helgi Jónasson.

1. gr.

Allt sparifé í peningastofnunum, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem um getur í 2. gr., skal undanþegið eignarskatti og hvers konar öðrum sköttum og gjöldum til hins opinbera, þar á meðal eignaútsvari til sveitarfélaga.

Peningastofnanir þær, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, eru bankar, sparisjóðir landsins, Söfnunarsjóður Íslands og innlánsdeildir samvinnufélaga.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka aðeins til innstæðna, sem bundnar eru til ákveðins tíma, samkvæmt eftirfarandi:

a) Að því er varðar innstæður, sem greiðast innstæðueiganda ákveðnum tíma eftir að hann hefur tilkynnt úttekt hennar, skal undanþága laganna bundin því skilyrði, að umræddur frestur sé a. m. k. eitt ár.

b) Að því er varðar innstæður, sem bundnar eru til ákveðins tíma í senn og greiðast á tilteknum degi án undangenginnar uppsagnar, er undanþága laganna bundin því skilyrði, að tíminn milli gjalddaga innstæðunnar sé a. m. k. eitt ár.

3. gr.

Sparifé, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara er undanþegið opinberum sköttum og gjöldum, er ekki framtalsskylt til skatts, og sama gildir um vaxtatekjur af slíku fé.

Aðgangur sá, sem skattayfirvöldum er heimilaður að gögnum innlánsstofnana skv. 33. gr. l. nr. 6/1935, nær eigi til innstæðureikninga með skattfrjálsu sparifé.

4. gr.

Innstæðueiganda er í lifanda lífi óheimilt að selja, veðsetja eða ráðstafa á nokkurn annan hátt sparisjóðsbókum eða innlánsskírteinum fyrir skattfrjálsu sparifé. Brot gegn ákvæði þessu hafi í för með sér brottfall skattundanþágu fyrir hlutaðeigandi aðila næstu 1—5 ár, og meðan hann hefur ekki endurheimt þann rétt, er hann skyldugur til að telja fram allt sparifé til skatts ásamt vöxtum af því.

5. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda við skattaframtal og álagningu opinberra gjalda og skatta á árinu 1953.

6. gr.

Ráðherra setur með reglugerð reglur um framkvæmd laga þessara, þ. á m., að innstæðureikningar skv. lögum þessum séu eigi handhafabréf, svo að skráður eigandi innstæðu geti hafið úr henni án handhafnar sparisjóðsbókar eða innstæðuskírteinis.

Greinargerð.

Í öllu því fjármála-ölduróti, sem orsakazt hefur af vísitölu-skrúfunni og verðlagsuppbóta-farganinu, hefur einn hópur manna verið troðinn niður framar öllum öðrum. Það eru þeir menn, sem sparað hafa fenginn eyri og lagt fyrir í bönkum og sparisjóðum. Það er ekki nóg með það, að allar eignir aðrar en peningar hafi margfaldazt í verði vegna skrúfunnar, heldur hefur ríkisvaldið hvað eftir annað neyðzt til að fella íslenzku krónuna til að forða algeru strandi útflutningsframleiðslunnar. Allt þetta hefur orsakað margfalda lækkun á verðgildi peninga og arðrænt sparifjáreigendur.

Ofan á allt þetta hafa svo þessir menn verið skattlagðir á sama hátt og þeir, sem eiga aðrar eignir, og þeir, sem taka laun samkvæmt margfaldri verðlagsuppbót. Afleiðingin hefur verið sívaxandi vantrú á nytsemi peningaeignar, sívaxandi eyðsluhneigð og að sama skapi minnkandi viðleitni til að spara og búa sig undir framtíðaratvinnu eða síðari ára örðugleika. Þessi stefna hefur verið, er og verður þjóðhættuleg.

Það minnsta og auðveldasta, sem hægt er að gera til að stöðva þennan óheillastraum, er að hætta við það að skattleggja sparifé og um leið afnema þá skyldu að telja það fram til skatts.

Við, sem erum upp aldir við þröng lífskjör og sparsama lifnaðarháttu, horfum með ógn á alla þá gífurlegu eyðslu, sem nú tíðkast hjá miklum hluta af landsfólkinu, í ferðalögum utanlands og innan, skemmtunum, nautnum og óhóflegri meðferð matar- og fatnaðarvöru. Allt þetta sýnir, svo að ekki er um að villast, óskaplega, en máske ekki undarlega, vantrú á gildi peninga og næstum fyrirlitningu á því að fara hóflega með laun sín og efni og spara fenginn eyri sjálfum sér og öðrum til nytja.

Þeir, sem eiga það sparifé, sem til er í bönkum og sparisjóðum og er furðulega lítið, eru þeir menn í þjóðfélaginu, sem skemmst hefur flætt með straumnum. Það er gamalt fólk, sem hætt er atvinnurekstri, og það fólk í röðum launamanna, iðnaðarmanna, verkamanna og sveitamanna, sem minnsta hefur sóunarhneigð. Það

er með öðrum orðum sá hópur almennings í landinu, sem mesta hefur staðfestu í lund og lifnaðarháttum.

Til þess að draga nokkuð úr því, að sparnaðarviðleitni þjóðarinnar sé eyðilögð að fullu, er þetta frumvarp flutt, í von um, að Alþingi ljái svo góðu máli öruggt lið.

Nánar í framsögu.

Ed. 427. Frumvarp til laga [184. mál]

um Framkvæmdabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Framkvæmdabanki Íslands. Á ensku er heiti bankans Iceland Bank of Development. Bankinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins, en lýtur sérstakari stjórn samkvæmt 13. gr. laga þessara. Heimili og varnarþing bankans er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu.

Til þess að gera Framkvæmdabankanum kleift að leysa af hendi þetta hlutverk sitt, skal honum lagt til fé það, sem um getur í 3. og 4. grein.

3. gr.

Ríkissjóður leggur Framkvæmdabankanum til stofnfé, samtals að upphæð 101 150 000 króna, sem hér segir:

1. Skuldabréf fyrir lánum úr Mótvirðissjóði:
   Tvö skuldabréf Sogsvirkjunarinnar, dags. 18. febrúar 1952, að upphæð samtals 54 000 000 króna.
   Tvö skuldabréf Laxárvirkjunarinnar, dags. 29. febrúar 1952, að upphæð samtals 21 000 000 króna.
   Skuldabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, dags. 9. apríl 1952, að upphæð 20 000 000 króna.
2. Eftirtalin hlutabréf:
   Í Áburðarverksmiðjunni h/f 6 000 000 króna.
   Í Raftækjaverksmiðjunni h/f 50 000 króna.
   Í Eimskipafélagi Íslands h/f 100 000 króna.

Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþingis.

Ríkissjóður leggur bankanum enn fremur til stofnfé til viðbótar, eftir því sem Alþingi kann að ákveða hverju sinni.

4. gr.

Framkvæmdabankanum skal falin varzla Mótvirðissjóðs, og skulu um ráðstöfun hans gilda eftirgreind ákvæði:

Af fé Mótvirðissjóðs skal Framkvæmdabankinn geyma 50 milljónir króna á sérstökum reikningi í seðlabankanum (skuldagreiðslureikningi), ef til kemur að því fé verði varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1951.

Fé það, sem er í Mótvirðissjóði, eða í hann kann að koma, annað en það, sem notað hefur verið eða notað verður hér eftir til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h/f eða til skuldagreiðslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankinn skal þó flytja árlega á viðskiptareikning sinn hjá seðlabankanum hluta þessarar innstæðu. Skal sá hluti ákveðinn þannig, að í fyrsta sinn skal Framkvæmdabankinn flytja 1/25 þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1952, eftir að dregin hefur verið frá innstæðunni á sérreikningnum sú upphæð, sem ríkisstjórnin áætlar að notuð verði síðar til kaupa á skuldabréfum virkjananna tveggja og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Í ársbyrjun 1954 skal með sama hætti fluttur 1/24 þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1953, í ársbyrjun 1955 1/23 þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1954, o. s. frv. unz þessi innstæða er tæmd.

Frá og með 1. janúar 1953, skal seðlabankinn af hinu bundna innstæðufé greiða vexti eftir samningi, sem bankarnir gera með sér.

Vextir þeir, sem seðlabankinn greiðir af hinni bundnu innstæðu, svo og vextir og afborganir af lánum úr Mótvirðissjóði, skal fært á viðskiptareikning Framkvæmdabankans.

Innstæðu sína á viðskiptareikningnum má Framkvæmdabankinn nota til starfsemi sinnar samkvæmt 7. grein.

Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdabankans.

5. gr.

Tekjuafgang bankans skal leggja við höfuðstól eða í varasjóð samkvæmt ákvörðun bankaráðs, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.

6. gr.

Handbært fé Framkvæmdabankans skal geymt í viðskiptareikningi í seðlabankanum. Óheimilt er Framkvæmdabankanum að taka lán hjá seðlabankanum.

7. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum.
2. Að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og að dómi bankastjórnarinnar nægilega arðbær til þess að geta greitt af rekstrartekjum vexti og afborganir af skuldum sínum. Enn fremur að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama hátt.
3. Að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.
4. Að verzla með verðbréf þau, sem nefnd eru í 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Að gefa út og selja eigin skuldabréf.
6. Að efla sparifjársöfnun og verðbréfaviðskipti og stuðla að öðru leyti að þróun heilbrigðs markaðs innanlands fyrir lánsfé til langs tíma.
7. Að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar, enda er Framkvæmdabankinn undanþeginn ákvæði 4. greinar laga nr. 105 21. desember 1945.
8. Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim stuðning.
9. Að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna.
10. Að greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri.

8. gr.

Fé það úr Mótvirðissjóði, er bankinn fær til eignar samkvæmt 1. tölulið 3. gr., svo og fé það, er hann fær til ráðstöfunar samkvæmt 4. gr., skal bankinn lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært, ásamt vaxtatekjum af því, en að frádregnum hlutfallslegum kostnaði við rekstur bankans. Skulu skilmálar þessara lána vera hinir sömu og gilda á sama tíma um hliðstæðar lánveitingar Framkvæmdabankans.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 100 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Nú tekur bankinn fé að láni erlendis og lánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdabankinn skal, ef fjármálaráðherra óskar þess, annast fyrir hönd ríkissjóðs innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkið hefur veitt, og enn fremur sjá um greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Ríkissjóður greiðir bankanum hæfilega þóknun fyrir þessi störf, og bætir honum hvert það tjón, sem hann kann að verða fyrir vegna þessara lána.

Ríkissjóður afhendir bankanum til vörzlu og innheimtu skuldabréf lántakenda fyrir lánum þeim, sem ríkið hefur veitt innanlands af eftirtöldum erlendum lánum:

1. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1948, til síldarverksmiðja o. fl.
2. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1949, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
3. Lán hjá Hambros Bank Ltd., London, 1949, til togarakaupa.
4. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
5. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til landbúnaðar.
6. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.
7. Lán hjá Gagnkvæmu Öryggisstofnuninni í Washington, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.

12. gr.

Bankinn starfar á almennum viðskiptagrundvelli. Vextir af þeim lánum, sem bankinn veitir, skulu fela í sér hæfilega áhættuþóknun til bankans.

Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð.

13. gr.

Stjórn bankans er í höndum bankaráðs og bankastjóra.

14. gr.

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn:

1. Skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.
2. Einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans.
3. Þrír menn kosnir hlutfallskosningu af Alþingi.

Fjórir hinir síðasttöldu skulu valdir til sex ára í senn. Fulltrúi seðlabankans skal þó í fyrsta sinn valinn til þriggja ára.

Fjármálaráðherra skipar varamann fyrir skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Aðrir varamenn skulu valdir af sömu aðilum og aðalmenn og til sama tíma.

Bankaráð kýs sér formann og varaformann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

15. gr.

Bankaráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess.

16. gr.

Bankaráð hefur umsjón með starfsemi bankans. Það tekur, að fengnum tillögum bankastjóra, ákvörðun um lánveitingar og lántökur, svo og um kaup og sölu skuldabréfa og hlutabréfa. Bankaráð getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir. Bankaráð ákveður útlánsvexti og önnur lánskjör, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankastjóri semur rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár og leggur hana fyrir bankaráð til samþykktar.

Bankastjóri semur árlega skýrslu um starfsemi bankans, eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs, og skal hún send ríkisstjórninni, er bankaráð hefur fallizt á hana.

17. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og ákveður laun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera sex mánuðir. Þó getur bankaráð sagt bankastjóra upp starfi fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd ein mánaðarlaun fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem hann hefur gegnt störfum, nema hann hafi brotið af sér í starfi sínu. Greiðsla þessi skal þó aldrei vera lægri en sem svarar sex mánaða launum, né hærri en sem svarar eins árs launum. Nú víkur bankastjóri úr starfi vegna uppsagnar og skal þá greinargerð fylgja uppsögninni.

Bankastjóri skal hafa þá reynslu og þekkingu á fjármálum og atvinnumálum, sem geri hann sérstaklega hæfan til starfsins.

18. gr.

Bankastjóri sér um daglegan rekstur bankans og stjórnar honum, nema að því leyti sem stjórnin er sérstaklega falin bankaráði samkvæmt 16. grein. Hann ræður starfsfólk bankans í samræmi við rekstraráætlun þá, sem gera ber samkvæmt sömu grein.

Bankastjóri skal láta bankaráði mánaðarlega í té skýrslu um starfsemi bankans. Tillögur, sem bankastjóri leggur fyrir bankaráð, skulu rökstuddar skriflega.

19. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skipuðum af fjármálaráðherra. Endurskoðandi skilar skýrslu sinni til ráðherra og bankaráðs.

Ársreikningur bankans, með áritun endurskoðanda, skal birtur í ársskýrslu bankans ásamt skýringum.

20. gr.

Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun.

21. gr.

Framkvæmdabankinn skal í starfsemi sinni hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila aðra, sem hafa fjárfestingarmál með höndum.

22. gr.

Framkvæmdabankinn nýtur þeirra sérréttinda, sem Landsbanka Íslands eru veitt í 53.—57. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, svo og í 58. gr. 2. málsgr. sömu laga.

Verja má fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdabankans.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum bankaráðs, að gefa út reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi bankans.

24. gr.

Framkvæmdabankinn tekur til starfa 1. janúar 1953.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa verið miklar verklegar framkvæmdir í landinu. Alls staðar blasa samt við óunnin verkefni og ónotuð náttúrugæði. Fjármagn innanlands er af skornum skammti og höfum við því orðið að leita eftir erlendu fjármagni til stærstu framkvæmdanna.

Erlendir aðilar, sem lána fé til framkvæmda, lána helzt ekki nema sem svarar hinum beina erlenda kostnaði, en hann er andvirði þess efnis, véla og verkfræðiþjónustu, sem kaupa þarf erlendis. Fjáröflun innanlands fyrir öðrum stofnkostnaði verður því sífellt þýðingarmeiri, jafnvel þótt erlend lán fáist til framkvæmdanna. Við stöndum því andspænis því mikla vandamáli, að afla fjár innanlands til margháttaðra framkvæmda, jafnvel þótt nokkur lán kunni að fást erlendis.

Það sem mestu varðar fyrir fjáröflun innanlands er varanlegt jafnvægi í peningamálunum, svo verðgildi peninganna haldist sem stöðugast, og menn vilji geyma fé sitt í innstæðum, skuldabréfum og þess háttar verðmætum.

Þá verður einnig að teljast vænlegt til bóta að koma á sem öruggastri forystu í fjáröflunarmálunum. Engin stofnun er í landinu, sem sérstaklega er ætlað það hlutverk að hafa forgöngu um söfnun fjár innanlands, sem hægt væri að binda til langs tíma, og þar með forystu um fjáröflunarhlið fjárfestingarmálanna.

Ríkisstjórnin hefur sannfærzt um, að ástæða er til að gera nýtt átak í þessum málum með stofnun sérstaks banka, fjárfestingarbanka, er hafi þessi mál með höndum, útvegi fé og miðli fé til fjárfestingarstarfseminnar. Hér er um svo þýðingarmikið og sérstakt hlutverk að ræða, að ekki er hægt að blanda því saman við önnur verk, og ekki er hægt að fela það neinni stofnun, sem fyrir er, án þess að valda truflun.

Á undanförnum árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, að nauðsynlegt sé að samræma framkvæmdir í atvinnulífinu sem mest. Þetta á einkum við um þær framkvæmdir, sem ríkið stendur að. Í þessu skyni meðal annars var fjárhagsráð stofnað. Æskilegt er, að í landinu sé stofnun, sem hefur yfirlit yfir fjárfestinguna og lætur hana sérstaklega til sín taka.

Framkvæmdabankanum er ætlað það hlutverk að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Bankanum er ekki ætlað að reyna að ráða eða stjórna

fjárfestingunni í smáatriðum, á sama hátt og fjárhagsráð gerir. Honum er ætlað að stuðla að því, að framkvæmdir ríkisins og aðgerðir í fjárfestingarmálum séu í sem beztu samræmi við þjóðarhag. Þetta hlutverk getur bankinn haft með höndum, án þess að um sé að ræða almenn höft á fjárfestingunni.

Það er eðlilegt að þessi stofnun fái sem stofnfé og starfsfé það fé Mótvirðissjóðs, sem tækt er eða tækt verður til útlána. Menn óska þess að sjálfsögðu, að fé Mótvirðissjóðs haldi áfram að vera lyftistöng fyrir atvinnulíf þjóðarinnar í framtíðinni. Þau fyrirtæki, sem njóta fjárins í fyrstu umferð, munu endurgreiða það á sínum tíma. Féð er því hægt að nota í framtíðinni til nýrra framkvæmda.

Þótt talsvert fé hafi verið tekið úr Mótvirðissjóði til þess að greiða með kostnað við virkjanirnar tvær við Sog og Laxá og byggingu Áburðarverksmiðjunnar, þá hefur meiri hluti fjárins óbeint verið notaður þannig, að bankarnir hafa aukið útlán sín. Frá því í árslok 1949 og til septemberloka 1952 nam aukning útlánanna 542 milljónum króna (úr 904 í 1.446 millj. kr.). Í septemberlok 1952 nam Mótvirðissjóðurinn 224 millj. kr. Verður nánar rætt um þetta atriði síðar.

Gert er ráð fyrir, að erlend lán yrðu einkum tekin til framkvæmda. Mundu þau þá vera í verkahring þessa banka, og hann því taka þau. Þess má geta, að á síðustu árum hafa í náinni samvinnu við Alþjóðabankann risið upp bankar svipaðs eðlis í öðrum löndum. Ástæða þessarar samvinnu er meðal annars sú, að óhægt er fyrir stofnun eins og Alþjóðabankann, að lána fé í framkvæmdir, sem á hans mælikvarða eru smávaxnar, eins og t. d. flestar framkvæmdir í landbúnaði. Kýs hann því heldur að lána slíkt fé fyrir milligöngu stofnunar, sem getur rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda. Er hér einkum átt við það, að Alþjóðabankinn setur nokkur skilyrði fyrir lánum sínum, til tryggingar því, að þau komi að sem beztum notum þeirri þjóð, sem lánin tekur.

Frumvarp það, sem hér fer á eftir, er í meginatriðum eins og frumvarp, sem bankamálanefnd hefur samið um þetta mál og skilað til ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið er í meginatriðum í samræmi við tillögur, sem samdar voru af erlendum sérfræðingi, og nefndin hafði til hliðsjónar í starfi sínu. Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar sendi Alþjóðabankinn hingað til lands gjaldkera sinn, Hr. D. Crena de Iongh, hollenzkan mann. Dvaldi hann hér um skeið haustið 1951, og skilaði áliti dags. 26. nóv. 1951.

Um 1. gr.

Grein þessi hefur þegar verið skýrð hér að framan. Nafnið er valið með hliðsjón af tilgangi bankans.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um tilgang bankans. Hann er sá að efla atvinnulífið með því að veita fé til arðbærra framkvæmda, þ. e. hann á ekki að starfa sem styrktarstofnun.

Sérstök athygli skal vakin á því, að bankinn á að hafa það sem höfuðsjónarmið að stuðla að auknum afköstum í hvers konar framleiðslu.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um stofnfé bankans. Er það fengið á tvennan hátt. Bankanum eru afhent til eignar skuldabréf fyrir lánum, er veitt voru úr Mótvirðissjóði að fjárhæð kr. 95 000 000. Enn fremur fær bankinn hlutabréf, sem ríkið á í þrem fyrirtækjum, Eimskipafélagi Íslands h.f., Raftækjaverksmiðjunni h.f. og Áburðarverksmiðjunni h.f. Ríkissjóður á hlutabréf í fleiri fyrirtækjum, en að svo stöddu hefur nefndin ekki talið ástæðu til, að þau hlutabréf verði afhent bankanum. Honum er óheimilt að selja þessi hlutabréf til þess að auka handbært fé sitt, nema með samþykki Alþingis.

Loks er gert ráð fyrir því, að Alþingi auki stofnfé bankans, og er þar í rauninni aðeins um ábendingu að ræða, enda er Framkvæmdabankinn réttur aðili til að ráðstafa fé, sem ríkið vill lána til eflingar atvinnulífinu.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein afhendir ríkissjóður Framkvæmdabankanum Mótvirðissjóðinn til vörzlu og notkunar í starfsemi sinni. Síðar mun hér við bætast það fé, sem á eftir að renna í Mótvirðissjóð.

Af flutningi Mótvirðissjóðs í Framkvæmdabankann leiðir, að lán bankans af þessu fé eru raunverulega lán úr Mótvirðissjóði. Beinast hefði legið við, að Mótvirðissjóður hefði verið afhentur Framkvæmdabankanum sem stofnfé, á sama hátt og verðbréf þau, sem um getur í 3. gr., en til þess að það geti orðið þarf samninga milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna.

Þær 50 milljónir, sem Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni að verja til greiðslu ríkisskulda, eru enn í Mótvirðissjóði og flytjast með honum að forminu til í Framkvæmdabankann, án þess þó að verða eign hans eða starfsfé. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að ríkissjóður njóti vaxtajöfnunar vegna þessarar fjárhæðar, unz henni verður endanlega ráðstafað.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að nota þurfi enn fé úr Mótvirðissjóði til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h.f. Fé það, sem nú er í Mótvirðissjóði, annað en þær 50 milljónir króna, sem heimilt er að nota til greiðslu ríkisskulda, og það fé, sem verður lánað til þeirra, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankanum er samt leyft að flytja þessa innstæðu á 25 árum á viðskiptareikning sinn, og nota í starfsemi sinni. Útlán Landsbankans hafa aukizt um 492 milljónir króna frá því í árslok 1948 þangað til í júlílok 1952. Af þeirri upphæð nema útlán seðlabankans 448 milljónum króna (af þessari aukningu nema endurkeyptir víxlar og lán til sparisjóðsdeildarinnar 195 millj. kr., sem seðlabankinn fær vexti af jafnt og öðrum lánum). Eignir Landsbankans hafa því á undanförnum árum aukizt miklu meir en sem svarar Mótvirðissjóðnum. Bankinn ætti þess vegna að mega vel við því að endurgreiða sjóðinn á 25 árum.

Menn munu almennt þeirrar skoðunar, að Mótvirðissjóð skuli lána til framkvæmda. Hins vegar má ekki nota fé þetta á þann hátt, að það hafi verðbólguáhrif. Þess vegna er gert ráð fyrir, að innstæðan í seðlabankanum verði bundin á þann hátt, sem að framan greinir. Afborganirnar miðast við það, að seðlabankinn muni smám saman fá lán sín endurgreidd, þannig að greiðsla hans til Framkvæmdabankans þurfi ekki að hafa verðbólguáhrif. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að bankinn hafi lánað féð til arðbærra nota, að hann fái vexti af lánunum og geti því svarað vöxtum af fénu til Framkvæmdabankans.

Talsverð óvissa ríkir um það, hve mikið fé muni verða á hinum bundna reikningi í árslok 1952. Að öllu óbreyttu mundi það verða kringum 130 000 000 króna. Af þeirri upphæð ætti seðlabankinn að greiða Framkvæmdabankanum 1. janúar 1953 5 200 000 krónur. Í ársbyrjun 1954 mundi Framkvæmdabankinn, auk nýrrar ársgreiðslu, fá greidda vexti af innstæðunni. Þessa vaxtagreiðslu innir seðlabankinn af höndum með þeim vöxtum, sem hann fær af útlánum sínum.

Tilgangur þessara ákvæða er, að Mótvirðissjóðurinn verði notaður til þess að efla atvinnulíf þjóðarinnar, en án þess þó, að það hafi ný verðbólguáhrif. Aukin verðbólga mundi auðvitað smám saman rýra fé Framkvæmdabankans, sem og aðra sjóði, og um leið grafa undan trausti manna á peningunum, þannig að sparifjársöfnun minnkaði enn eða jafnvel stöðvaðist. Framtíð Framkvæmdabankans og skilyrði hans til þess að stuðla að framförum í atvinnulífinu eru hins vegar komin undir því, að hægt sé að fá fé innanlands til nauðsynlegra framkvæmda. En eitt helzta skilyrði þess er, að verðgildi peninganna sé sem stöðugast.

Það liggur í hlutarins eðli, að til þess að geta staðið í skilum við Framkvæmdabankann verður seðlabankinn að fá vexti af útlánum sínum, og ætti því að falla niður vaxtaívilnun sú, sem ríkissjóður hefur notið vegna Mótvirðissjóðs, nema að því er tekur til hinna 50 milljóna króna, sem standa eiga á skuldareikningi, og sem flytjast eiga að forminu til yfir í Framkvæmdabankann. Enn fremur er mikilvægt,

að stofnlánadeild sjávarútvegsins greiði skuldir sínar við seðlabankann, eins og lög mæla fyrir um. Á hinn bóginn ætti ekki að verða sótzt eins fast eftir lánum úr seðlabankanum til framkvæmda, þegar Framkvæmdabankinn hefur tekið til starfa.

Niðurlagsákvæði þessarar greinar eru eingöngu um bókhaldsatriði. Tilgangur þess er, að Mótvirðissjóðurinn komi glöggt fram í bókum bankans. Gera má ráð fyrir, að áður en langur tími líður, fái Framkvæmdabankinn Mótvirðissjóðinn til fullrar eignar, og yrði þá grein þessari breytt samkvæmt því.

Um 5. gr.

Sjálfsagt þykir, að bankinn fái sjálfur til ráðstöfunar allan tekjuafgang, sem verður af starfsemi hans. Enn fremur þykir rétt að undanþiggja hann opinberum gjöldum. Hann nýtur því að þessu leyti sams konar hlunninda hjá ríki og sveitarfélagi og bankar þeir, sem fyrir eru.

Um 6. gr.

Ætlazt er til, að seðlabankinn annist dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann og að hann sjálfur hafi sem minnst starfslið. Framkvæmdabankanum er ætlað að hafa aðalviðskiptareikning sinn í seðlabankanum. En hins vegar er Framkvæmdabankanum bannað að taka lán hjá honum, þar sem ekki er talið heilbrigt, að seðlabankar veiti lán til fjárfestingar undir venjulegum kringumstæðum.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um verksvið bankans. Framkvæmdabankanum er ætlað að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Honum er heimilað að kaupa skuldabréf og hlutabréf og verzla með þau, og enn fremur að gefa út eigin skuldabréf og taka lán erlendis. Honum er ætlað að styðja einkaaðila, sem ráðast í framkvæmdir. Þá er honum ætlað að stuðla að því, að lagt sé út á nýjar brautir í atvinnumálum. Þó að bankinn eigi fyrst og fremst að verja fé sínu þannig, að hann fái sem öruggustan arð af því, hlýtur hann einnig að taka á sig nokkra áhættu, þegar um nýjungar er að ræða, ef framkvæmdirnar teljast geta haft framtíðarþýðingu fyrir þjóðarbúið.

Um 8. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis, í þingsályktun, sem samþykkt var hinn 17. janúar 1952, svo hljóðandi:

Þingsályktun um ráðstöfun á Mótvirðissjóði.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að Mótvirðissjóði verði, þegar fé hans er tiltækt til slíkrar ráðstöfunar, varið til lánastarfsemi að hálfu í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún.

Um 9. gr.

Með tilliti til þess hlutverks, sem bankanum er ætlað að inna af hendi, er nauðsynlegt, að hann geti aflað sér viðbótarfjár. Það er því mikilvægt, að hann njóti almenns trausts. Þykir því eðlilegt, að ríkið ábyrgist skuldbindingar hans. Ábyrgð þessi er ótakmörkuð, að því er tekur til innlendra skuldbindinga. Hins vegar þykir rétt að takmarka heimild fjármálaráðherra til þess að ábyrgjast erlendar skuldbindingar bankans á hverjum tíma. Verður að telja eftir atvikum eðlilegt, að ábyrgðarupphæðin verði fyrst ákveðin 100 milljónir króna. Tilætlunin er sú, að Alþingi breyti hámarkinu við og við, þannig að það torveldi ekki heilbrigða starfsemi bankans.

Um 10. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því, að innlendir lántakar beri það tjón og hljóti þann hagnað, sem leiða kann af gengisbreytingum. Litið er svo á, að þeir njóti nægilegra

hlunninda með því að fá fé til framkvæmda á undan öðrum, þótt því fylgi umrædd áhætta.

Ef gengi krónunnar er lækkað, verður aðili, sem fengið hefur lán hjá bankanum af andvirði erlends láns, að greiða hlutfallslega fleiri krónur en áður í vexti og afborganir. En í því sambandi er þess að gæta, að af gengislækkun leiðir ávallt hækkun á útflutningsverði og sömuleiðis verðhækkun innanlands, ef hún er þá ekki orðin áður. Þetta ákvæði þarf því engan veginn að auka raunverulega skuldabyrði lántakenda.

Um 11. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður geti falið Framkvæmdabankanum að annast fyrir sína hönd innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkissjóður hefur veitt, og enn fremur að sjá um greiðslur af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Þá er svo fyrir mælt, að Framkvæmdabankinn taki þegar við innheimtu vaxta og afborgana af þeim lánum, sem ríkið hefur veitt innanlands af nánar tilteknum erlendum lánum ríkissjóðs.

Það væri heppilegt, að fjármálaráðuneytið og Framkvæmdabankinn athuguðu í sameiningu, hvort ekki sé hagkvæmt, að Framkvæmdabankinn taki á sama hátt við fleiri lánum, sem ríkissjóður hefur veitt.

Um 12. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að bankinn starfi á almennum viðskiptagrundvelli, en í því felst, að fjárhagsleg og þjóðhagsleg sjónarmið skuli vera alls ráðandi í stjórn hans og rekstri.

Rétt þykir, að lántakendur greiði bankanum lántökugjald, allt að 1% af lánsupphæð, þegar lán eru veitt. Slíkt lántökugjald tíðkast í svipuðum stofnunum hér á landi og annars staðar.

Um 13. og 14. gr.

Í þessum greinum er svo kveðið á, að fimm manna bankaráð og bankastjóri fari með stjórn bankans.

Sumt af þeim störfum, er Framkvæmdabankinn á að annast, hafa til þessa aðallega verið í höndum fjármálaráðuneytisins, og því eðlilegt, að bankinn heyri undir fjármálaráðuneytið. Af sömu ástæðu þykir eðlilegt, að skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins sé í bankaráðinu.

Stjórn Framkvæmdabankans verður að sjálfsögðu að haga útlánastefnu sinni á hverjum tíma í samræmi við fjárhagsástandið í landinu og í samræmi við hina almennu stefnu seðlabankans í gjaldeyris- og peningamálum. Þykir því rétt, að í bankaráði Framkvæmdabankans sé einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans til þess að stuðla að því, að starfsemi Framkvæmdabankans sé í samræmi við starfsemi og stefnu seðlabankans. Loks er lagt til, að Alþingi kjósi þrjá bankaráðsmenn hlufallskosningu.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Samkvæmt þessari grein er bankaráðinu falin umsjón með starfsemi bankans. Bankaráðinu er enn fremur ætlað að taka ákvarðanir um lánveitingar og lántökur, en það getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir, eftir því sem ástæða þykir til. Sama gildir um ákvörðun útlánsvaxta og lánsskilyrða. Loks er ætlazt til, að bankaráð samþykki rekstraráætlun og ársskýrslu bankans.

Um 17. gr.

Ákvæðin í þessari grein eru í meginatriðum sniðin eftir ákvæðunum um ráðningarkjör bankastjóra Landsbankans.

Um 18. gr.

Rétt þykir að taka af tvímæli um það, að stjórn bankans sé í höndum bankastjórans að svo miklu leyti, sem hún er ekki sérstaklega falin bankaráði samkv. 16. gr. Þá er í greininni ákvæði um, að bankastjóri skuli láta bankaráði í té mánaðarlega skýrslu um starfsemi bankans, og að hann skuli rökstyðja tillögur sínar skriflega.

Um 19. gr.

Þessi grein er um reikninga bankans og endurskoðun þeirra. Í greininni er það nýmæli í íslenzkri bankalöggjöf, að reikningar Framkvæmdabankans skuli endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Um 20. gr.

Seðlabankanum er í þessari grein falið að annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann, og er það gert í sparnaðarskyni. Þau störf, sem hér eru höfð í huga, eru aðallega gjaldkera- og innheimtustörf og bókhald í sambandi við þau. Fer þetta á engan hátt í bága við stöðu Framkvæmdabankans sem sjálfstæðrar stofnunar með eigin stjórn.

Um 21. gr.

Sjálfsagt er, að Framkvæmdabankinn hafi sem nánasta samvinnu við aðra opinbera aðila, sem hafa fjárfestingarmál með höndum, þar eð slíkt er í samræmi við tilgang bankans.

Um 22. gr.

Samkvæmt þessari grein yrðu Framkvæmdabankanum veitt svipuð sérréttindi og aðrir bankar njóta nú að lögum.

Um 23. gr.

Gera má ráð fyrir, að nauðsynlegt verði að kveða nánar á um starfsemi bankans en gert er í frumvarpinu. Er því lagt til, að fjármálaráðherra sé heimilað að gefa út reglugerð um bankann að fengnum tillögum bankaráðs.

Um 24. gr.

Af ýmsum ástæðum er æskilegt, að bankinn taki til starfa svo fljótt sem verða má, og er því ákveðið svo í þessari grein, að hann skuli hefja starfsemi sína 1. janúar 1953.

Sþ. 428. Nefndarálit [152. mál]

um till. til þál. um verðmiða á vörum í sýningargluggum verzlana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Eiríkur Þorsteinsson.	Magnús Jónsson.	Áki Jakobsson.
	Jón Sigurðsson.	

Ed. **429. Lög** [4. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. **430. Lög** [17. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 399.

Ed. **431. Lög** [139. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 395.

Ed. **432. Frumvarp til laga** [118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) í aprílmánuði ár hvert.

3. gr.

Af hundum búenda og annarra, er búfé eiga, skal greiða 20 króna skatt árlega, en af öðrum hundum 200 kr. skatt árlega.

Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.

4. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sullamengað er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

5. gr.

Bæjarstjórnir, eða hreppsnefndir undir umsjón sýslunefnda, skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi.

Kostnaður greiðist úr bæjar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð sulla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

8. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Ed. 433. Frumvarp til laga [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er holtið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) eða ráðherra á skipulagsskrá sinni, að breyta henni eða koma eignum sjóðsins í aðrar arðberandi eignir, og getur þá forseti eða ráðherra, eftir því hvor þeirra hefur staðfest skipulagsskrána, að fengnum meðmælum eftirlitsmanna opinberra sjóða, staðfest breytingu á skipulagsskránni og leyft, að eignir sjóðsins séu ávaxtaðar á annan hátt.

Sama gildir um óskir þær, er fram kunna að koma um þetta efni frá stjórn þeirrar sveitar, er fasteign liggur í, eða stjórnum þeirra sveitar- eða sýslufélaga, er tekna sjóðsins eiga að njóta.

Breytingar á eignum sjóða, eða ávöxtun þeirra, og skipulagsskrám má þó því aðeins gera, að knýjandi nauðsyn sé til breytinganna vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa.

b. (8. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs að fá skipulagsskrá hans breytt (sbr. 7. gr.), og skal þá bera breytingarnar undir eftirlitsmenn opinberra sjóða.

Á árinu 1953 skulu eftirlitsmenn opinberra sjóða gera skrá yfir alla þá sjóði, er þeir telja að eðlilegt sé að breyta skipulagsskrá fyrir samkvæmt 7. gr. þessara laga, og senda hana ásamt tillögum sínum til þess ráðuneytis, sem yfirstjórn sjóðsins heyrir undir. Skal þá það ráðuneyti í samráði við

forráðamenn sjóðanna, sem um ræðir í 7. gr., taka til athugunar, hvort og hvernig breyta skuli skipulagsskrá hvers einstaks sjóðs, og gera tillögur um það til dómsmálaráðuneytisins.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóða eftir lögum þessum skulu staðfestar af dómsmálaráðherra í umboði forseta Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 434. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og mælir með, að hún verði samþykkt óbreytt. — JS var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 10. des. 1952.

Jóh. Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Áki Jakobsson, frsm.
Magnús Jónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 435. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

3. gr. orðist svo:

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1953, sem hér segir:

Tekjuskattur gjaldanda með 30 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður.

Tekjuskattur gjaldanda með 30001—33000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að þrem fjórðu hlutum.

Tekjuskattur gjaldanda með 33001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti.

Tekjuskattur gjaldanda með 36001—40000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að fjórða hluta.

Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frádregnum skatti skuli aldrei verða lægri en þess, er greiðir lægri skatt.

Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

Ed. 436. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1952.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm. Þorsteinn Þorsteinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 437. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. — 1. málsgr. stafl. a orðist svo:

Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs, svo og kristfjárjarða), er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, að breyta henni, þar á meðal að koma eignum sjóðsins í aðrar arðbærar eignir, og getur þá forseti staðfest breytingu á skipulagsskránni, enda hafi eftirlitsmenn opinberra sjóða mælt með breytingunni.

Ed. 438. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 12. des. 1952.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Karl Kristjánsson, fundaskr., með fyrirvara. Steingrímur Aðalsteinsson, frsm.
Þorsteinn Þorsteinsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 439. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (BrB og GJ) skrifa þó hér undir með fyrirvara.

Alþingi, 12. des. 1952.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Karl Kristjánsson, frsm.
Þorsteinn Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara.

Sþ. 440. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um sölu þjóð- og kirkjujarða.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þeim bændum, sem búa á þjóð- og kirkjujörðum, verði gefinn kostur á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar fyrir fasteignamatsverð.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en fékk ekki endanlega afgreiðslu. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi till.:

„Í landinu er mikið af þjóð- og kirkjujörðum. Samkvæmt lögum er landeigandi skyldur til að byggja íbúðarhús á þeim jörðum, sem nauðsynlegt telst að endurbyggja. Þessari lagaskyldu hefur ríkið ekki fullnægt, enda væri það mjög kostnaðarsamt. En til þess að ekki væri með öllu útilokað, að byggt væri á jörðunum, hefur ríkið horfið að því ráði að gefa ábúendum veðleyfi fyrir byggingarláni. Landsetar ríkisins hafa því margir byggt á sinn kostnað og tekið byggingarlán undir eigin nafni, eftir að séð var, að ríkið gat ekki uppfyllt þær skyldur, sem á því hvíla samkvæmt ábúðarlögunum.

Á mörgum jörðum hefur í seinni tíð verið hafin framræsla og landþurrkun í ríkum mæli. Landeiganda ber að standa straum af þeim kostnaði, að svo miklu leyti sem styrkur ríkissjóðs hrekkur ekki til. Hefur það valdið miklum árekstrum og erfiðleikum milli ríkisins og ábúenda þjóð- og kirkjujarða, hvernig snúast beri við þeim útgjaldalið. Ríkið hefur ekki haft fé til að leggja fram í þessu skyni, og hvílir þessi kostnaður því nú á mörgum ábúendum ríkisjarða. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru ætlaðar 150 þús. kr. til að mæta þessum útgjöldum. Mun það tæplega nægja til greiðslu þeirra skulda, sem þegar hefur verið stofnað til, og því ekki fé fyrir hendi til að greiða það, sem unnið verður á þessu ári.

Nokkuð mörg sveitabýli hafa nú þegar fengið rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, þar á meðal þjóð- og kirkjujarðir. Landeiganda ber að greiða heimtaugargjald um leið og rafmagn er leitt heim á býlið. Heimtaugargjaldið er frá 5—15 þús. kr. á býli eftir því, hversu hátt fasteignamat jarðar og húss er. Á fjárlögum er ekkert ætlað fyrir þessum útgjöldum, enda þótt augljóst sé, að ríkið getur ekki skorazt undan að greiða heimtaugargjöld fyrir þau býli, sem eru í eigu þess.

Af þessu er ljóst, að ef ríkið uppfyllir lagalegar og siðferðislegar skyldur við ábúendur þjóð- og kirkjujarða, kostar það geysimikil útgjöld fyrir ríkissjóð.

Má því fullyrða, að það er röng stefna fyrir ríkið að halda í þann eignarrétt, sem það hefur á mörgum jörðum í landinu. Það er einnig að öðru leyti þjóðhagslegt tjón, vegna þess að bændur bæta fremur þær jarðir, sem þeir eiga sjálfir, heldur en ef þeir eru leiguliðar, hvort heldur það er hjá ríkinu eða einstaklingum. Þess vegna er lagt til, að ábúendum ríkisjarða verði gefinn kostur á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar. Mundu bændur taka því boði yfirleitt með þökkum og ríkissjóður þannig losna við bagga, sem eðlilegt er að losa hann við að bera.“

Ed. 441. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til laga um hitaveitur utan Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við Gunnar Böðvarsson verkfræðing og er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt. — GÍG var ekki viðstaddur, er ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 12. des. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Ed. 442. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um það, að nauðsynlegt er að hækka framlag hins opinbera til Menningarsjóðs, svo að ekki komi afturkippur í bókaútgáfu hans, en hann hefur nú með höndum útgáfu ýmissa stórmerkra fræðirita. Þegar eru komin út 4 bindi af 10 hinnar stóru Íslandssögu. Ritstjóri er ráðinn og þegar búið að greiða nokkur ritlaun hinnar stóru Íslandslýsingar, sem á að koma út í 10 eða 11 bindum. Þriðja merkisritið er söguleg íslenzk staðarlýsing í tveimur bindum, sem Jón Jóhannesson prófessor er þegar farinn að vinna að. Þá má minna á leikritaútgáfu sjóðsins. Verður nefndin að líta svo á, að útgáfur þessar, ef vel er að þeim unnið, verði hinar þörfustu fyrir þjóðina og nauðsyn á, að slíkar útgáfur verði seldar við hóflegu verði, en sé þó hraðað.

Nefndin er sammála um, að betur fari á því, að framlag til sjóðsins sé annað en sektarfé lögbrotsmana og tekjur hans og gengi væri ekki því háð, að drýgð séu sem flest og mest áfengisbrot, og viðkunnanlegast væri, að tekjur sjóðsins væru ekki bundnar við áfengissölu ríkisins, heldur bein greiðsla úr ríkissjóði. Þó telur nefndin af ýmsum ástæðum ekki heppilegt að flytja breytingartill. við frv. við þessa umræðu.

Gera má ráð fyrir, að tekjur Menningarsjóðs hækki, ef frv. nær fram að ganga, um meir en 300 000 kr., þar sem sektir vegna áfengislagabrota falla þá til ríkis-

sjóðs, og gæti komið til mála að athuga, hvort ekki væri hægt að lækka gjald það, sem frv. ákveður, að áfengisverzluninni beri að greiða sjóðnum.

Mæla nefndarmenn með því, með skírskotun til framanritaðs, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. des. 1952.

Þorsteinn Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Brynjólfur Bjarnason.
Sigurður Ó. Ólafsson. H. Guðmundsson.

Ed. 443. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með frv. þessu er lagt til að fjölga yfirfiskmatsmönnum í átta úr 6 eins og nú er, en raunverulega er hækkunin aðeins um einn yfirfiskmatsmann, því að sú heimild, sem um ræðir í 6. gr. l. nr. 46 frá 1948, um að hafa yfirfiskmatsmennina 7 í stað 6, ef þörf krefði, hefur verið notuð og er enn notuð vegna brýnnar þarfar.

Fjölgunin skv. frv. er því um 1 yfirfiskmatsmann, eins og áður segir. Það er sérstaklega skreiðarmatið, sem hér er haft fyrir augum að bæta, enda er svo fyrir mælt í frv., að sá yfirfiskmatsmanna, sem sérþekkingu hafi á harðfiski, skuli leiðbeina um skreiðarmat um land allt.

Vitað er, að ákafar raddir eru uppi um það að gera umbætur á fiskmatinu frá því sem nú er. Sú umbót, sem með þessu frv. er að stefnt, er að vísu ekki svo stór sem margir hafa óskað, en þó má segja, að nokkur breyting sé í því fólgin til bóta hvað skreiðarmatið snertir, og fyrir því telur nefndin ekki rétt að tefja framgang málsins, heldur leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Einn nefndarm., Guðmundur Í. Guðmundsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernharð Stefánsson.
Steingrímur Aðalsteinsson.

Ed. 444. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. og borið það saman við landsbankalögin frá 1928 og við lög nr. 115/1941, um Búnaðarbankann, og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1952.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorsteinn Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 445. Lög [31. mál]

um íslenzkan ríkisborgararétt.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 297 með þeirri leiðréttingu á prentvillu, að síðasta lína 2. gr. á að hljóða svo:
eigi gengið í hjónaband og eru eigi fullra 18 ára.

Ed. 446. Lög [140. mál]

um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 383.

Nd. 447. Lög [7. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 7 með þeirri leiðréttingu, að á eftir tölunni „560“ í f-lið 1. gr. á að bætast: %.

Nd. 448. Lög [153. mál]

um eignarnámsheimild á hluta úr jörðinni Breiðuvík í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 354.

Ed. 449. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

1. Fyrsta málsgr. a-liðar orðist svo:
   Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, þar á meðal að koma eignunum í aðrar arðbærar eignir, og getur þá forseti staðfest breytinguna, enda hafi eftirlitsmenn opinberra sjóða mælt með breytingunni.
2. 1. og 2. málsgr. b-liðar falli niður.

Nd. **450. Nefndarálit** [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Nefndin hefur klofnað um málið. Legg ég til, að það sé samþykkt.

Samkvæmt lögum er öllum öðrum en ríkisstjórn Íslands óheimilt að bjóða út eða selja íslenzkar framleiðsluvörur á erlendum mörkuðum. Þetta vald hefur ríkisstjórnin notfært sér til þess að hneppa alla útflutningsframleiðsluna í einokunarfjötra. Þannig er öll sala á tveimur veigamestu þáttum útflutningsins, hraðfrystum fiski og saltfiski, algerlega á valdi ríkisstjórnarinnar og nánustu umboðsmanna hennar. Söluskipulag þetta hefur gefizt sérstaklega illa. Mörg dæmi eru um, að sölur hafa verið gerðar, sem eru þjóðhagslega óhagkvæmar, og betri sölum neitað. Með þessu skipulagi hafa Íslendingar hrakizt út af ýmsum beztu fiskmörkuðunum og tapað ótöldum milljónatugum í verðmætum.

Nú, þegar liðið er að lokum þessa árs, er þannig ástatt í afurðasölumálunum, að ⅔ af ársframleiðslu hraðfrystihúsanna liggur óseld, ýmist hér heima eða í geymslum erlendis.

Tvisvar á þessu ári hefur þurft að stöðva framleiðslu á frosnum fiski samkvæmt skipunum frá þeim aðilum, sem einoka sölu þessarar framleiðslu. Það er harðvítugt, þegar þannig er komið, að framleiðendum skuli neitað um rétt til að bjóða út vöru sína og selja hana án truflana frá ríkisvaldinu. Það virðist vera æði harðleikið fyrir fiskveiðiþjóð að sætta sig við slíkt ástand, að framleiðendum sé bannað að gera tilraunir til sölu á þeim fiskafla, sem stjórnarvöldin geta ekki selt sjálf.

Í ár hefur þó sannazt, svo að ekki verður um villzt, að til eru ýmsir markaðir fyrir framleiðslu okkar, sem ekki hafa verið notaðir þrátt fyrir ýmsar ábendingar þeirra, sem kunnugir voru. Tvö ár eru síðan ég upplýsti ríkisstjórnina um, að hægt væri t. d. að selja allmikið magn af íslenzkum afurðum í Austur-Þýzkalandi. Þá vildi ríkisstjórnin ekki hlusta á upplýsingar mínar, en gaf út blekkjandi yfirlýsingu, sem átti að afsanna markaðsmöguleika í Austur-Þýzkalandi. Ríkisstjórn Íslands vildi þá ekki leyfa sölu til þessa lands og kom í veg fyrir hana. Þar með voru landsmenn sviptir góðum markaði og hagstæðu verði. Það var svo fyrst nú í haust, þegar stjórnin var komin í algert öngþveiti með sölu frosna fisksins, að hún lét undan framleiðendum og leyfði landsmönnum að notfæra sér markaðinn í Austur-Þýzkalandi. En enn hefur markaðurinn þar ekki verið nýttur nema að litlu leyti.

Hvert hneykslið hefur rekið annað í saltfisksölumálunum. Sannað er, að þekkt fiskfirmu erlendis hafa leitað eftir að fá keyptan hér saltfisk fyrir hærra verð en einokunarstofnun ríkisstjórnarinnar hefur selt á. Samanslungnir hagsmunir háttsettra Íslendinga, sem stjórna sölunni héðan, og Íslendinga og útlendinga, sem kaupa fiskinn í markaðslöndunum, hafa komið í veg fyrir eðlileg viðskipti með þessa vöru.

Íslenzkum fiskframleiðendum er bannað að selja framleiðslu sína. Ríkisvaldið gín yfir sölunni, en getur þó ekki komið framleiðslunni í verð. Það er kaldhæðni örlaganna, að það skuli vera sami stjórnmálaflokkurinn, sem þykist berjast fyrir frjálsri verzlun, og sá, sem hatrammast berst fyrir viðhaldi þessarar útflutningseinokunar. Ef minnzt er á tillögur í þá átt að lina á þessu söluskipulagi, ætlar forusta Sjálfstæðisflokksins, sem hefur verzlunarfrelsi á stefnuskrá sinni, alveg af vitinu að ganga. Hver er ástæðan? Hvaða taugar tengja þessa forustu svona rammlega við einokunarkerfið?

Vegna breyttra verzlunarhátta síðari árin er óhjákvæmilegt, að sala á útflutningsvörum landsins og kaup á vörum til landsins séu rekin í nánu samhengi. Slík verzl-

unarstefna fer í bága við ófrávíkjanlegar þarfir útflutningsins, eins og nú er málum komið. Meginefni þessa frumvarps er að heimila frjálsan útflutning á framleiðsluvörum og frelsi um leið til innflutnings. Slíkt frelsi er meginundirstaða þess, að greiðlega geti tekizt um sölu afurðanna, eins og nú er komið, og einnig þess, að innflutningurinn sé í eðlilegu samræmi við útflutninginn. Í frumvarpinu er þess gætt að heimila ríkisstjórninni nægilegt aðhald við útflytjendur, þannig að öruggt sé, að undirboð og spákaupmennska séu útilokuð. Væri frumvarp þetta samþykkt, yrði þungum bagga létt af framleiðslunni. Sala á afurðunum mundi ganga betur og útflytjendur fengju sanngjarna aðstöðu til að ráða yfir innflutningi og losna við nokkuð af milliliðagróða heildsala.

Flestar viðskiptaþjóðir okkar setja það skilyrði fyrir kaupum á fiskafurðum héðan, að við jafnframt kaupum í staðinn vörur frá þeim. Slík viðskipti geta verið hagstæð, og reynslan hefur sannað í ýmsum tilfellum, að þannig höfum við fengið hagstæðust viðskipti. Vöruskipti geta auðvitað líka verið óhagstæð, og sumir þeir samningar, sem ríkisstjórnin hefur gert þannig, hafa verið óheppilegir. En nú er svo komið, að þýðingarlaust er með öllu að ætla sér að selja allar fiskafurðir landsins fyrir harðan gjaldeyri og nota svo þann gjaldeyri til vörukaupa hjá annarri þjóð. Þannig er ekki hægt að selja fiskframleiðslu okkar nú í dag, nema með óþolandi óhagstæðu verðlagi. Þrátt fyrir þessar staðreyndir þykist ríkisstjórnin hafa mikinn hluta innflutningsins frjálsan, þ. e., heildsalar og aðrir innflytjendur geta þá fengið gjaldeyri keyptan í bönkunum og keypt vörur þar, sem þeim sýnist.

Alþingi, 12. des. 1952.

Einar Olgeirsson.

Ed. 451. Frumvarp til laga [164. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Guðrún Guðmundsdóttir, barnfóstra á Akureyri, fædd 12. desember 1919 á Íslandi.
2. Jansen, Johannes Adrianus Maria, garðyrkjumaður á Laugalandi í Stafholtstungum í Mýrasýslu, fæddur 30. ágúst 1912 í Hollandi.
3. Kyvik, Harald, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 12. nóvember 1929 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
4. Kyvik, Lloyd Martin, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 13. október 1931 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
5. Olsen, Samuel John Frits, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 8. febrúar 1924 í Færeyjum.
6. Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, Lambastöðum í Garði, Gullbringusýslu. fædd þar 9. maí 1926.
7. Schäfer, Maria, reglusystir, Hafnarfirði, fædd 10. marz 1912 í Þýzkalandi.
8. Zachariasen, Jens Elias Karl, skósmiður í Reykjavík, fæddur 19. febrúar 1921 í Færeyjum.
9. Vorovka, Karel Václav Alexius, stud. theol., Reykjavík, fæddur 17. júlí 1911 í Tékkóslóvakíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 452. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til laga um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Á eftir 1. málsgr. 1. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. málsgr.
2. Á eftir 1. gr. komi svo hljóðandi ný gr. (og breytist greinatalan samkv. því):
   Dómsmálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um takmörkun samkv. 1. gr.

Ed. 453. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til laga um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

a. (6. gr.) Ríkisstjórnin felur milliþinganefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun skattalaganna, að athuga, hvaða áhrif það hefði á fjárhagskerfi landsins, atvinnuvegina og ríkissjóðinn, ef lög um tekju- og eignarskatt, stríðsgróðaskatt og tekjuskattsviðauka yrðu afnumin frá 1. jan. 1954, enda sé tekið fullt tillit til niðurstöðu þeirrar athugunar, þegar gerðar eru tillögur um heildarlöggjöf um skattamál.
b. (7. gr.) Ríkisstjórnin lætur hraða svo endurskoðun skattalaganna, að tillögur um heildarlöggjöf um skattamál liggi fyrir, er næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Ed. 454. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Fimmti tölul. 21. gr. orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu.

4. gr.

36. gr. orðist svo:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1/1952 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsætis- og félagsmálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess. Einn nm. (HG) tekur fram, að hann muni flytja brtt.

Frv. fylgdi svo hljóðandi grg. frá félagsmálaráðherra:

Síðan almannatryggingalögin komu til framkvæmda hefur fylgt þeim bráðabirgðaákvæði, sem mælir svo fyrir, að ákveðnar lífeyrisgreiðslur skuli skertar, ef sá, sem við þeim á að taka, hefur verulegar tekjur aðrar en lífeyrinn, og falla niður að öllu, ef hann hefur þrefaldar lífeyristekjur. Þessi ákvæði ná til ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. almannatryggingalaganna. Bráðabirgðaákvæði þetta átti að falla úr gildi 31. des. 1951, en var framlengt til ársloka 1952 með lögum nr. 119/1951.

Við umræður um breytingar á almannatryggingalögunum á síðasta Alþingi lá fyrir lausleg athugun á því, hvað það mundi kosta Tryggingastofnun ríkisins, ef skerðingarákvæði þessi yrðu afnumin, og var gert ráð fyrir, að það muni nema 5—6 millj., miðað við vísitölu 123 stig. Var talið, að ekki væri kleift að leggja þessi auknu útgjöld á Tryggingastofnunina né á þá aðila, sem bera tryggingarnar uppi, í sömu hlutföllum og aðrar tekjur stofnunarinnar. Var þá horfið að því ráði að framlengja skerðingarákvæðin óbreytt til ársloka 1952 í því trausti, að á þessum tíma yrði hægt að finna frambúðarlausn á máli þessu, sem allir gætu sætt sig við.

Félagsmálaráðherra fól því skrifstofustjórunum í félagsmálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu ásamt forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að gera tillögur um, hvaða leiðir gætu komið til greina í sambandi við niðurfellingu á þessum skerðingarákvæðum almannatryggingalaganna. Þeir töldu eftirfarandi leiðir geta komið til álita:

1. Afnám skerðingar.

Fella bráðabirgðaákvæði laganna úr gildi um næstu áramót og greiða öllum, sem orðnir eru 67 ára og ekki hafa tryggt sig í sérstökum lífeyrissjóðum, fullan lífeyri, án tillits til tekna eða eigna, eins og lögin gera nú ráð fyrir.

Áætluð útgjaldaaukning ca. 10 millj. (vísitala 155), og mundi það þýða um 12% hækkun iðgjalda og framlaga. Er þá meðtalinn kostnaður við tilsvarandi breytingu á 2. mgr. 13. gr. um þá, sem nú njóta eftirlauna af opinberu fé. Fella mætti skerðinguna niður t. d. í þremur áföngum, 1953, 1954 og 1955, og mundi þá útgjaldaaukningin nema frá ca. 3.5 millj. til ca. 2.9 millj. kr. hvert þessara þriggja ára.

Verði þetta gert, yrði lagt á iðgjaldagreiðendur nú að greiða iðgjaldahækkun vegna lífeyris til manna með lífvænlegar tekjur, sem lítið eða alls ekkert hafa greitt til tryggingarinnar.

2. Hækkun skerðingarmarks.

Skerðingarmarkið er nú hið sama og lífeyrisupphæð, þ. e. kr. 6120.00 á ári fyrir einstakling á fyrsta verðlagssvæði, það þýðir, að maður, sem hefur 12240.00 kr. í tekjur að meðtöldum lífeyri, missir einskis í af lífeyri sínum. Fari tekjurnar fram úr þessari upphæð, lækkar lífeyririnn um eina krónu fyrir hverjar tvær, sem umframtekjurnar nema, þannig, að einhleypur maður, sem hefur 12240.00 króna aðrar tekjur, fær hálfan lífeyri, en hafi maður ca. 18 360 króna tekjur, fellur öll lífeyrisgreiðsla til hans niður. Hækkun skerðingarmarksins upp í t. d. tvöfaldan lífeyri, þ. e. ca. 12240.00 krónur fyrir einstakling á fyrsta verðlagssvæði, mundi kosta ca. 3.5 millj. króna, ef tilsvarandi breyting er gerð á 13. gr. (ákvæðin um frádrátt vegna eftirlauna úr opinberum sjóðum). Þessa leið mætti einnig fara t. d. í þrem áföngum (1953, 1954, 1955) og kostar þá ca. 1.2 millj. króna árlega.

3. Skerðing takmörkuð við lágmarkslífeyri, er miðist við iðgjaldagreiðslutíma.

Samkv. lögum er iðgjaldagreiðslutíminn 51 ár, frá 16 ára til 67 ára aldurs. Hvert ár, sem iðgjald er greitt fyrir, svarar því til ca. 2% af fullri lífeyrisupphæð. Sé greiðslutíminn tekinn frá 1936, er Lífeyrissjóður Íslands var stofnaður samkv. alþýðutryggingarlögunum, eiga 67 ára menn að hafa greitt iðgjöld í 17 ár í lok ársins 1952, eða sem svarar fyrir einn þriðja fulls greiðslutíma. Sá, sem orðinn er 77 ára, hefur hins vegar ekkert greitt. Sé miðað við greiðslutíma almannatryggingalaganna frá 1946, hefur enginn greitt til tryggingasjóðsins, sem orðinn er 73 ára 1952. Sé miðað við mann, sem orðinn er 67 ára 1952, og greiðslutíminn tekinn frá 1936, yrði hlutfallslegur lífeyrir ca. ⅓ fulls lífeyris, eða um kr. 2000.00 fyrir einstakling á fyrsta verðlagssvæði. Þeir, sem eldri eru, fengju minna, og þeir, sem orðnir eru 77 ára, fengju ekkert, hvort tveggja að því tilskildu, að tekjur þeirra séu svo háar, að þær útiloki lífeyri samkv. skerðingarákvæðum. Þyki ekki gerlegt að fella lífeyrinn með öllu niður til þeirra, sem ekkert eða mjög lítið hafa greitt og útilokast vegna skerðingarákvæða, mætti ákveða 10% eða 20% lágmarkslífeyri til allra án tillits til iðgjaldagreiðslna. Líklegt er, að þetta mundi kosta ca. 5 millj. króna nú, en hækka á þrjátíu árum upp í fullt (10 millj.) samkv. áætlun 1. liðar.

4. Breyting á 13. gr. tryggingalaganna.

Til álita gæti einnig komið að fella bráðabirgðaákvæðið niður og breyta skilyrðum 13. gr. fyrir ellilífeyrisgreiðslum með því að hætta að miða eingöngu við aldur, heldur miða jafnframt við það, að viðkomandi hafi „látið af störfum“. Jafnframt þyrfti þá að skilgreina í lögunum hugtakið „að láta af störfum“, t. d. með tekjuviðmiðun. Þetta væri hægt að gera með breytingu á 13. gr. laganna, sem þá mætti orða á þessa leið:

„Rétt til ellilífeyris eiga allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sem eru orðnir 67 ára, látið hafa af störfum og ekki hafa tryggt sér lífeyri í sérstökum lífeyrissjóðum, sem viðurkenndir eru samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur 67 ára maður, eða eldri, tekjur, er nema 60% fyrir einstakling og 80% fyrir hjón eða meira af „normaltekjum“, og telst hann þá ekki hafa látið af störfum. (Normaltekjur mætti t. d. láta Hagstofuna ákveða eftir verðlagssvæðum). Rétt á fullum lífeyri eiga allir þeir, sem ekki hafa hærri tekjur en lífeyri samkv. .. gr.

að viðbættum 50% (eða 100%). Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn hlutfallslega þannig, að hann fellur niður þegar 60% af normaltekjum er náð. Nánari reglur um skerðinguna skulu settar af Tryggingastofnun ríkisins og staðfestar af ráðherra.“

Væri fyrri hluta 13. gr. breytt eins og að framan greinir, yrði að teljast eðlilegt að breyta 2. málsgr. tilsvarandi, t. d. á þá leið að miða við lífeyri, að viðbættum 50% (eða 100%), í stað þess að miða skerðinguna við einfaldan lífeyri. Ekki hefur verið reiknað út, hvað þetta mundi kosta, en það fer mikið eftir því, hvar skerðingarmarkið yrði sett.

Eins og álit þetta ber með sér, kostar það ekki 5—6 millj. króna að afnema skerðingarákvæðin með öllu nú þegar, heldur 10 milljónir króna, miðað við 155 stiga vísitölu og að tilsvarandi breyting sé gerð á greiðslum til eftirlaunamanna samkv. 13. gr. Fyrir ríkissjóð mundi það því þýða rúmlega 3 millj. króna útgjaldaaukningu árlega og fyrir sveitarfélögin rúmlega 2 millj. króna viðbótarútgjöld árlega, en 12% hækkun á iðgjöldum hinna tryggðu og atvinnurekenda.

Að fengnum þessum upplýsingum ritaði ráðuneytið tryggingaráði eftirfarandi bréf:

„Samkvæmt gildandi lagaákvæðum falla niður nú um áramótin skerðingarákvæði almannatryggingalaganna. Að tilmælum félagsmálaráðherra hafa skrifstofustjórarnir í fjármála- og félagsmálaráðuneytinu ásamt forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins athugað nú að undanförnu, hvaða leiðir væru tiltækilegastar til endanlegrar lausnar á því máli, og hafa í því efni orðið sammála um að benda á fjórar leiðir og látið ráðherra í té greinargerð þar um.

Ríkisstjórnin hefur nú um sinn haft tillögur þessar til athugunar og óskar nú, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um það, hver leið skuli valin, eða hvort leita skuli enn annarra úrlausna, að fá álit tryggingaráðs um málið.

Samkvæmt því sendir ráðuneytið hér með Tryggingastofnun ríkisins ofannefndar tillögur í afriti og beiðist þess, að mál þetta verði lagt fyrir fund í tryggingaráði sem allra fyrst og eigi síðar en 19. þ. m., og er þess beiðzt, að tryggingaráð láti í ljós, hvaða leið það, eða meiri hluti þess, telur réttast að farin verði, eða bendi á nýjar leiðir, sem þá mundu athugaðar í ríkisstjórn.

Jafnframt þessu vill ráðuneytið taka fram, að ríkisstjórnin telur, að hvaða leið sem valin verður til lausnar málinu að þessu sinni, komi ekki til greina að ræða neina breytingu á fjárhagsgrundvelli trygginganna frá því sem nú er.“

Bréfi þessu svaraði tryggingaráð 24. nóv. s. l., og segir þar á þessa leið:

Á fundi ráðsins hinn 20. þ. m. er fært til bókar það, sem hér fer á eftir:

„Tryggingaráð tekur fram, að þar sem svo er fyrir mælt í bréfi ráðuneytisins, „að ekki komi til greina að ræða neina breytingu á fjárhagsgrundvelli trygginganna,“ telji ráðið útilokað að mæla með uppástungu 1. í fylgiskjalinu. Að henni frágenginni mælir ráðið með uppástungu 4., þó þannig, að tekjumark það, sem niðurfelling lífeyris miðast við, verði ákveðið ferföld lífeyrisupphæð fyrir einstakling og fimmfaldur einstaklingslífeyrir fyrir hjón. Tilsvarandi breyting verði gerð á 2. málsgr. 13. gr., þannig að fyllt verði upp í allt að tvöfaldri lífeyrisupphæð.

Brynjólfur Stefánsson og Helgi Jónasson taka fram, að þeir telji rétt að miða tekjumarkið við þrefaldan og fjórfaldan einstaklingslífeyri. Brynjólfur Stefánsson tekur enn fremur fram, að hann telji rétt, að hækkun vegna frestunar á lífeyristöku, sbr. 16. gr., verði einnig látin ná til þeirra, sem njóta skerts lífeyris.

Forstjóra var falið í samráði við formann að gera ráðuneytinu grein fyrir, hve mikið megi ætla að þurfi að hækka iðgjöld og framlög vegna þessara breytinga.“

Málið lá þá þannig fyrir, að tryggingaráð taldi útilokað, að fallizt yrði á að afnema skerðinguna með öllu samkvæmt uppástungu nr. 1. — jafnvel þótt það

yrði gert í áföngum —, ef kostnaðaraukinn við þá breytingu ætti að leggjast á þá aðila, sem nú bera kostnaðinn við tryggingarnar, í sömu hlutföllum og nú er. Hins vegar aðhyllist tryggingaráð helzt þá leið að breyta skilyrðum 13. gr. fyrir ellilífeyrisgreiðslum. Til þess að að því ráði verði horfið, þarf að fara fram mjög ýtarleg rannsókn á tryggingakerfinu öllu, og þar sem fyrir liggur að endurskoða almannatryggingalögin fyrir árslok 1954, þótti rétt að framlengja núgildandi skerðingarákvæði óbreytt til þess tíma, og er það lagt til í 4. gr. frumvarps þessa.

Um frumvarpsgreinarnar þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Með 8. gr. laga nr. 51/1951 eignaðist Tryggingastofnun ríkisins að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, hafi hún greitt barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna og sé um vanskil af hálfu barnsföður að ræða.

Þar sem orka hefur þótt tvímælis, hvort Tryggingastofnunin hefði rétt til að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður á sama hátt og dvalarsveit barnsmóður hefur samkv. 76 gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, þykir rétt að taka hér af allan vafa í því efni.

Um 2. gr.

Ein af afleiðingum þess, að erlendur her dvaldi hér á landi um alllangt skeið, var sú, að margar íslenzkar konur gengu að eiga erlenda hermenn og fluttu búferlum til útlanda.

Nokkrar af konum þessum hafa svo horfið aftur hingað til lands með börn sín, slyppar og snauðar, oft fyrir atbeina og á kostnað hinna íslenzku sendiráða, sem þær hafa snúið sér til erlendis. Þegar hingað er komið, hafa konur þessar brátt orðið þess vísar, að erfiðlega hefur gengið að fá lífeyri greiddan með börnum þeirra. Tryggingastofnunin neitar réttilega að greiða barnalífeyrinn, þar sem hér er um erlenda ríkisborgara að ræða. Sveitarsjóðir hafa að vísu gert mæðrunum einhverja úrlausn í þessu efni, en viðkomandi sveitarstjórnir hafa jafnframt tekið skýrt fram, að aðeins sé um bráðabirgðaúrlausn að ræða.

Eins og fyrr getur, er hér aðallega um að ræða íslenzkar konur, sem gifzt hafa erlendum hermönnum, er hér dvöldu á ófriðarárunum, og hafa af áðurnefndum orsökum slitið samvistum við þá og flutzt hingað til lands með fleiri eða færri börn, er hjónin hafa saman átt. Ef konan hefur ekki öðlazt ríkisfang manns síns við giftinguna, heldur hún sínu íslenzka ríkisfangi. Börn þau, er hjónin hafa átt saman, eru tvímælalaust erlendir ríkisborgarar, þ. e. þau eiga ríkisfang föður síns.

Nú er vitað, að ekki allfáar íslenzkar konur hafa gengið að eiga erlenda ríkisborgara hér, en aldrei flutzt af landi burt og halda því sínu ísl. ríkisfangi. Börn þau, sem fædd eru í slíkum hjónaböndum, fá hins vegar við fæðingu ríkisfang föður síns. Margir af eiginmönnum þessum hafa síðar skilið við konur sínar eða slitið samvistum við þær og horfið af landi brott, bæði af fúsum vilja og fyrir valdboð, svo sem við brottflutning þýzkra manna héðan, sem framkvæmdur var af erlendum hernaðaryfirvöldum á ófriðarárunum. Eiginkonur þeirra sitja hér eftir, sumar hverjar með fleiri eða færri börn, er þær hafa átt með mönnum sínum. Samkvæmt íslenzkum lögum halda konur þessar sínu íslenzka ríkisfangi, en ósjálfráða börn hjónanna halda ríkisfangi föðurins. Af því leiðir, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki lífeyri með börnum þessum. Er því augljóst, að konur þessar eru alveg jafnilla settar, hvað snertir greiðslu lífeyris með börnum þeirra, og þær konur, sem flutzt hafa af landi burt með erlendum mönnum sínum, en síðan snúið aftur hingað með börn sín, en aðstöðu þeirra hefur verið lýst hér að framan.

Samkvæmt framfærslulögum, nr. 80/1947, ákvæðum til bráðabirgða, 3. tölulið, og bráðabirgðaákvæði laga nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, var konum, sem höfðu átt óskilgetin börn með erlendum mönnum, sem verið höfðu

hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, veittur skilyrtur réttur til, að valdsmaður úrskurði þeim lífeyri og kostnað með börnum þeirra á hendur Tryggingastofnun ríkisins, sem síðan greiðir út lífeyrinn mánaðarlega.

Að óbreyttri löggjöf eru því konur þær, sem átt hafa óskilgetin börn með hinum erlendu hermönnum, betur settar hvað snertir greiðslu lífeyris með börnum sínum en þær, sem gifzt hafa hermönnum og átt með þeim börn í lögmætu hjónabandi. Svo augljóst er, að slíkt misrétti má ekki viðgangast, að óþarfi er að orðlengja um það, en frumvarpi þessu er ætlað að ráða bót á því.

Þar sem feður umræddra barna eiga ekki framfærslusveit hér á landi, leiðir af sjálfu sér, að útilokað er að gera sveitarsjóðum að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins hinn útlagða barnalífeyri, og verður því ríkissjóður að annast endurgreiðsluna, eins og gert er þegar ógiftar mæður, sem átt hafa barn með erlendum hermönnum, eiga í hlut.

Um 3. gr.

Eins og kunnugt er, hafa daggjöld sjúkrahúsa hækkað stórkostlega tvö síðustu ár. Þannig hafa daggjöld fyrir sjúklinga á landsspítalanum, sem voru kr. 41.00 fyrri hluta ársins 1951, hækkað upp í kr. 60.00 á þessu ári, og eiga samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að hækka um ca. 16% upp í kr. 70.00 í byrjun næsta árs. Hafa þau því hækkað um meir en 70% á tæpum tveim árum, eða því nær þrefalt meira en kaupgjaldsvísitalan hefur hækkað á sama tíma. Afleiðing þessarar miklu hækkunar er sú, að hámark það, sem lögin ákveða á framlagi ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga, kr. 62.00 pr. samlagsmann á ári, er nú þegar fjarri því að nema þriðjungi af iðgjöldum hinna stærri samlaga, og frekari hækkanir munu því lenda á samlagsmönnum eingöngu, án þátttöku áðurnefndra aðila, að hámarksákvæðum óbreyttum. Þykir því óhjákvæmilegt að hækka framlagsupphæðina a. m. k. sem svarar fyrirhugaðri daggjaldahækkun, þ. e. um ca. 16%, upp í kr. 72.00 á ári. Framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga er í fjárlagafrumvarpinu áætlað kr. 8.5 millj. Verði frumvarp þetta að lögum, þarf að hækka þá upphæð um ca. 1.1 millj. króna samkvæmt áætlun Tryggingastofnunarinnar.

Aðrar greinar frumvarpsins þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ed. 455. Frumvarp til laga [187. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Setja skal á stofn eftirlit með opinberum rekstri.

Hlutverk þess er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila.
2. Að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald.
3. Að gera tillögur til ríkisstjórnar og Alþingis um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, eftir því sem við verður komið, þar á meðal niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

2. gr.

Á 2. fundi fjárveitinganefndar Alþingis, sem haldinn er að afstöðnum almennum alþingiskosningum, kýs nefndin eftirlitsmann með rekstri ríkisins og ríkis-

stofnana. Til starfans má aðeins velja þingmann, sem kosinn hefur verið lögmætri kosningu og tekið hefur sæti á Alþingi. Skal kjör hans gilda allt kjörtímabilið, og tekur hann sömu laun og skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. Nú hafa atkvæði nefndarmanna fallið þannig, að enginn hefur hlotið meiri hluta atkvæða nefndarmanna, og skal þá fara fram bundin atkvæðagreiðsla á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hafa fengið. Verði atkvæðatala þeirra jöfn, sker formaður nefndarinnar úr um það, hvor kjörinn verður.

3. gr.

Fjárveitinganefnd ákveður eftirlitsmanni nauðsynlegt starfslið og skrifstofukostnað.

4. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, endurskoðendur og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera eftirlitsmanni til ráðgjafar í störfum hans, og getur hann kvatt þá einn eða alla til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni.

5. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita eftirlitsmanni hverjar þær upplýsingar, sem hann þarfnast vegna starfa síns. Ber þeim að hafa fullt samstarf við hann um hvað eina, sem mætti verða til þess, að rekstur inn gæti orðið sem hagkvæmastur fyrir ríkissjóð.

6. gr.

Fjárveitinganefnd skal láta eftirlitsmanni í té allar þær upplýsingar um rekstur ríkis og ríkisstofnana, er til hennar berast á hverjum tíma, og leyfa honum aðgang að öllum gögnum þar að lútandi. Skal eftirlitsmaður vera nefndinni til aðstoðar um öll þau mál, er lúta að sparnaði í rekstri ríkis og ríkisstofnana, og sitja fundi nefndarinnar, þegar hún óskar þess. Hann skal enn fremur vera ríkisstjórninni til aðstoðar við samningu fjárlagafrumvarps ár hvert.

7. gr.

Nú telur eftirlitsmaður, að embætti eða ríkisstofnun mætti starfrækja með meiri hagsýni en gert er, eða honum þykir rétt að sameina embætti eða stofnanir eða leggja niður, og skal hann þá ræða þessi mál við viðkomandi aðila og leita eftir samkomulagi við þá um breytta starfstilhögun til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Takist ekki samkomulag við aðila um bætt rekstrarfyrirkomulag, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar ráðuneytanna um að koma á umbótum. Beri það hins vegar engan árangur, skal eftirlitsmaður leggja málið fyrir fjárveitinganefnd ásamt skýrslu um gang þess og tillögum sínum til umbóta.

Eftirlitsmaður getur einnig hvenær sem er gert tillögur beint til fjárveitinganefndar, þegar þing situr, um endurbætur á rekstri einstakra embætta eða stofnana ríkisins.

8. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Áður en það er gert, skal leita umsagnar og tillagna eftirlitsmanns. Sama gildir, ef stofna skal nýtt embætti eða fjölga skal starfsmönnum í embætti eða stofnunum ríkisins.

9. gr.

Ef eftirlitsmaður er eigi endurkjörinn, skulu honum þó greidd full laun í 6 mánuði frá því að nýr maður hefur hlotið kosningu og tekið við starfi hans. Hins vegar skal hann á þeim tíma vera hinum nýkjörna eftirlitsmanni til aðstoðar við eftirlitið.

10. gr.

Fjármálaráðherra gefur eftirlitsmanni erindisbréf og kveður nánar á með reglugerð um starfssvið hans.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1948 bar þáverandi fjármálaráðherra, Jóhann Þ. Jósefsson, fram stjórnarfrv. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana (138. mál, þskj. 358). Náði frv. þetta samþykki efri deildar og komst auk þess til 3. umr. í neðri deild, en fékk þar ekki endanlega afgreiðslu. Í meginatriðum hafði frv. ekki tekið öðrum breytingum í meðferð þingsins en þeirri, að samkv. 2. gr. frv. eftir 2. umr. í Nd. (sjá þskj. 727) skyldi fjármálaráðherra setja mann til forstöðu fyrir eftirlitsdeild til reynslu í eitt ár, eftir þann tíma gat forseti Íslands skipað hann, en þó því aðeins að allir ráðherrar væru sammála um að leggja til, að svo yrði gert, í stað þess að gert var ráð fyrir því í frv. upphaflega, að forseti Íslands skipaði manninn strax eftir að lögin tækju gildi. Á þessa breytingu gat þáverandi ráðherra ekki fallizt, og náði frv. því aldrei fram að ganga.

Árið áður en framangreint frv. var borið fram, hafði sparnaðarnefnd, er skipuð var til að athuga, á hvern hátt koma mætti við sparnaði í rekstri ríkisins og ríkisstofnana, bent á, að nauðsynlegt væri að koma á víðtækum sparnaði í rekstrinum, en frumskilyrði fyrir því, að svo mætti verða, væri það, að komið yrði á stofnun, er hefði því hlutverki að sinna, er frv. ætlaðist til. Um þetta atriði varð heldur enginn ágreiningur, heldur um hitt, hvernig velja skyldi þann mann, sem hafa skyldi forustu í þessum málum og vald til að koma umbótum á.

Síðan frv. það, sem að framan greinir, var fram borið, hafa mörg rök hnigið að því, að nauðsyn beri til þess að koma á því eftirliti með rekstri ríkis og ríkisstofnana, sem þá var einróma álit þingmanna, að koma ætti á. Svo að segja daglega er upplýst um ný og ný atriði, sem viðkomandi aðilar eru gagnrýndir fyrir, ýmist í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, í fyrirspurnatímum í Sþ. eða í umræðum um einstök mál, og nú síðast eru gefnar upp í nefndaráliti meiri hl. fjárveitinganefndar margvíslegar tölur, sem sýna, hversu það er orðið afar aðkallandi, að hér sé haft á meira eftirlit en unnt er að koma við með óbreyttu fyrirkomulagi. Þá má einnig benda á athugasemdir endurskoðenda ríkisreikninganna, sem árlega benda á ýmsar misfellur í rekstri ríkis og ríkisstofnana, sem áreiðanlega mætti mjög draga úr með meira eftirliti. Þjóðin gerir sí og æ háværari kröfur um samvizkusamlegan og gætinn fjármálarekstur ríkisins og trúir því ekki, eftir að hafa hlustað á oft og tíðum réttláta og sanna gagnrýni á meðferð ríkisfjár, að ekki sé unnt að koma við endurbótum og sparnaði í rekstri ríkis og ríkisstofnana. Af margra ára starfi mínu í fjárveitinganefnd er ég þess fullviss, að eftirlit með rekstri ríkis og ríkisstofnana á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, mundi marka nýja og holla stefnu í sambandi við meðferð ríkisfjár og verða til þess að koma á stórfelldum umbótum í rekstrinum til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

Það er nú að verða öllum ljóst, að kapphlaupið um hærri laun og minni vinnu leiðir þjóðina ekki út úr þeim erfiðleikum, sem að henni steðja nú á öllum sviðum, og í sambandi við lausn þeirra vandamála er bent á réttilega, að ríkissjóði beri að hafa forustu um, að snúið sé við á þeirri braut, sem farið hefur verið lengra og lengra inn á, að hækka laun eftir ýmsum leiðum langt fram úr því, sem lög heimila, og gera á þann hátt allan rekstur ríkis og ríkisstofnana margfalt dýrari en ella. Þess er því vænzt, að þingmenn sjái, hversu óhjákvæmilegt það er að hefja hér nýja sókn til umbóta á þessum málum, en ein leiðin til þess er að samþykkja frv. það, sem hér um ræðir.

Ég skal að öðru leyti gera hér nokkra grein fyrir einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 1. gr. frv. frá 1948, eins og gengið var frá henni eftir 5 umræður í þinginu. Verður því að telja, að efnislega sé enginn ágreiningur um innihald hennar.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að fjárveitinganefnd Alþingis kjósi eftirlitsmanninn á 2. fundi sínum eftir að fyrsta þing kemur saman að undangengnum almennum kosningum og að kjörtímabil hans sé sama og kjörtímabil þingmanna. Eins og getið er um hér að framan, náði frv. frá 1948 ekki fram að ganga vegna þess, að ekkert samkomulag náðist um skipun eftirlitsmannsins. Hér er til þess ætlazt, að þingmeirihluti geti á hverjum tíma valið manninn, enda verður starf hans að vera svo nátengt starfi fjárveitinganefndar, að langeðlilegast er, að hún velji hann. Það er líka trygging fyrir því, að hægt er að breyta um, ef nefndin lítur svo á, að maðurinn hafi ekki rækt starf sitt sem skyldi. Þá er einnig eðlilegt, að aðeins þingmaður komi til greina, er velja skal manninn, þar sem slíkur maður hefur að jafnaði miklu meiri möguleika til þess að beita sér fyrir umbótum en annar, sem ekki á sæti á Alþingi.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um, að fjárveitinganefnd skuli ákveða nauðsynlegt starfslið og skrifstofukostnað fyrir eftirlitsstarfið. Er langeðlilegast, að nefndin ákveði þetta, þar sem hún á ávallt að geta haft mesta vitneskju um þörf eftirlitsins á hverjum tíma.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar eru að mestu leyti samhljóða ákvæðum frv. frá 1948.

Um 6. gr.

Hér er til þess ætlazt, að fjárveitinganefndin láti eftirlitsmanni einnig í té allar upplýsingar um rekstur ríkis og ríkisstofnana. Hjá nefndinni er samankomið árlega svo yfirgripsmikið safn af upplýsingum um þessi atriði, að sjálfsagt er, að eftirlitsmaður hafi aðgang að því. Þá er hér einnig ákveðið, að samstarf skuli vera milli eftirlitsmanns og fjvn. um þessi mál, og er það meginskilyrði fyrir árangri, að svo verði.

Um 7. gr.

Hér er tekið fram, á hvern hátt eftirlitsmaður skuli fara að, ef hann vill koma fram ákveðnum umbótum á rekstrinum. Er eðlilegast, að fyrst sé reynt samkomulag við viðkomandi aðila, sem daglega stjórna, síðan við ráðuneytin, ef ekki tekst samkomulag við forstjóra stofnananna, og að síðustu sé málunum skotið til fjárveitinganefndar, ef ekki tekst að koma umbótum á. Getur hún því, ef henni þykir ástæða til, knúið umbæturnar fram á Alþingi eða að minnsta kosti látið málið fá þar eðlilega meðferð.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða fyrirmælum frv. frá 1948.

Um 9. gr.

Ef eftirlitsmaður er ekki endurkjörinn af einhverjum ástæðum, er eðlilegt, að honum séu greidd sex mánaða laun, og enda nauðsynlegt, að hann aðstoði nýjan mann þann tíma við ýmsar framkvæmdir í sambandi við eftirlitið.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.

Ed. 456. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Eysturoy, Grímur Norski, kafari, Reykjavík, fæddur 28. júlí 1919 í Færeyjum.
2. Heinicke, Alfred Franz, bakari á Siglufirði, fæddur 23. janúar 1913 í Þýzkalandi.
3. Hinz, Elisabeth, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
4. Mikkelsen, Poul Hagbard, garðyrkjumaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 11. desember 1921 í Danmörku.
5. Österö, Svenn Karsten Símonarson, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 22. október 1925 í Færeyjum.

Nd. 457. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við 1. gr. bætist:

Ríkisstjórnin skal þó láta sitja fyrir að útvega eftirgreind lán:

Lán, sem þarf til þess að ljúka byggingu áburðarverksmiðjunnar og rafstöðvanna við Sog og Laxá, sem nú eru í smíðum.

Lán handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, samkvæmt lögum, er samþykkt voru á Alþingi 2. des. 1952.

Lán til smáíbúðabygginga, samkvæmt lögum, er samþykkt voru á Alþingi 11. des. 1952.

Lán til byggingar sementsverksmiðju.

Ed. 458. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við bætist í stafrófsröð:

1. Dyrö, Håkon Jensen, bóndi að Bæ í Hrútafirði, fæddur 20. febrúar 1912 í Noregi.
2. Felzmann, Ingibjörg Unnur, húsmóðir í Reykjavík, fædd 9. júlí 1917 í Reykjavík.
3. Felzmann, Jósef Jóhann, hljóðfæraleikari í Reykjavík, fæddur 20. febrúar 1910 í Austurríki.
4. Jacobsen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1911 í Noregi.
5. Lambrecht, Fridtjof Johannes, sjómaður í Kópavogshreppi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
6. Paulsen, Olaf Martin Aarskog, vélstjóri í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Nd. 459. Frumvarp til laga [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, þar á meðal að koma eignunum í aðrar arðbærar eignir, og getur þá forseti staðfest breytinguna, enda hafi eftirlitsmenn opinberra sjóða mælt með breytingunni.

Sama gildir um óskir þær, er fram kunna að koma um þetta efni frá stjórn þeirrar sveitar, er fasteign liggur í, eða stjórnum þeirra sveitar- eða sýslufélaga, er tekna sjóðsins eiga að njóta.

Breytingar á eignum sjóða, eða ávöxtun þeirra, og skipulagsskrám má þó því aðeins gera, að knýjandi nauðsyn sé til breytinganna vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa.

b. (8. gr.) Allar breytingar á skipulagsskrá sjóða eftir lögum þessum skulu staðfestar af dómsmálaráðherra í umboði forseta Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 460. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (JG og JörB) tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Eiríkur Þorsteinsson.

Jón Sigurðsson. Áki Jakobsson.

Sþ. 461. Nefndarálit [119. mál]

um till til þál. um að fella varahluta til bifreiða niður af skrá um bátagjaldeyrisvörur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna. Henni eru ljósir erfiðleikar atvinnubifreiðarstjóra og annarra, sem bifreiðar þurfa við atvinnurekstur sinn, vegna bátagjald-

eyrisálagsins á varahluta til bifreiða. Nefndin telur þó einnig ljóst, að bifreiðaeign sé í mörgum tilfellum lítt nauðsynleg, og því telur nefndin ekki rétt að mæla með því að fella bifreiðavarahluta almennt undan bátagjaldeyrisálaginu, meðan sá skattur er lagður á ýmsar aðrar vörur, sem eigi síður mega teljast nauðsynjavörur.

Þar sem nefndin hefur ekki getað fundið viðunandi ráð til þess að hafa mismunandi álagningu á bifreiðavarahluta eftir notkun bifreiðanna, telur nefndin sér ekki fært að mæla með samþykkt tillögunnar. Hins vegar telur nefndin rétt að taka þetta mál til nánari athugunar og leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Áki Jakobsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Jón Sigurðsson.
	Jörundur Brynjólfsson.	

Ed. 462. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, sent vegamálastjóra það til umsagnar og fengið svar frá honum.

Með frv. þessu er lagt til að hækka hámark vegaskatts til sýsluvegasjóða úr 12 af þúsundi fasteignamats í 36 af þúsundi. Nefndin er á einu máli um, að nauðsyn sé að auka tekjur sýsluvegasjóða, en vill ekki leggja til, að vegaskatturinn sé hækkaður eins og frv. gerir ráð fyrir, og er það í samræmi við álit vegamálastjóra, sem bendir á þá leið, að sýslunefndum verði heimilað að innheimta álagðan vegaskatt með allt að 50% álagi fyrir eitt ár í senn og að tillag ríkissjóðs verði hækkað í sama hlutfalli. Ef allar sýslur, þar sem nú eru vegasjóðir, notuðu heimild þessa að fullu, mundi vegaskatturinn hækka um allt að 300 þús. kr., en framlag ríkisins um allt að 500 þús. kr., samkv. umsögn vegamálastjóra.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

Alþingi, 15. des. 1952.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm.	Karl Kristjánsson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 463. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um lausn ítaka af jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þetta frv. er komið frá Ed. Gerði hún á því aðeins smábreytingar. — Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið og athugað það og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1952.

Ásg. Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Gíslason, frsm.
Jón Pálmason. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 464. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Orðið „benzín“ í 1., 2. og 3. gr. frv. falli niður.
   5. gr. frv. falli niður.
   Úr fyrirsögn frv. falli niður orðin: og benzíni.
2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Árið 1953 skal olíuverzlunum óheimilt að hækka útsöluverð á olíum vegna greiðslu verðjöfnunargjalds samkv. lögum þessum.

Nd. 465. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „hið sama“ komi: og nú er í Reykjavík.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Verð það, sem ákveðið er með 1. gr., má því aðeins hækka, að verðlagseftirlitið leyfi.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Nú álítur verðlagseftirlitið mögulegt að lækka útsöluverð á olíum og benzíni, og skal það þá fyrirskipa olíufélögunum að gera það.
4. Við 4. og 5. gr. Greinarnar falla niður.

Nd. 466. Frumvarp til laga [40. mál]

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

2. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið fyrir missiri í senn, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu olíufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins ársfjórðungslega.

3. gr.

Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

4. gr.

Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir öllum gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

5. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 467. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum úti um land og er á hverjum tíma útsöluverð í Reykjavík.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Verðlagseftirlitið skal á hverjum tíma ákveða útsöluverðið í Reykjavík. Þó má verðið, er þessi verðákvörðun kemur fyrst til framkvæmda, ekki hækka frá því, sem það er í Reykjavík við samþykkt þessara laga.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Frjálst skal að flytja inn til landsins allar nefndar olíutegundir og efni til geyma fyrir þær, og skulu bankarnir skyldir að láta gjaldeyri til greiðslu þeirra.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nú selja sumir innflytjendur nefndra olíutegunda þær að staðaldri ódýrar í Reykjavík en aðrir, og skal þá verðlagseftirlitið ákveða útsöluverðið á olíum og benzíni um land allt í samræmi við hið lægsta söluverð.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Brot gegn ákvæðum þessara laga og verðlagsákvæðum gagnvart þeim skulu sæta sömu viðurlögum og brot gegn lögum um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.
6. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

Ed. 468. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 4. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað ákvæða 2. málsgr. 13. gr. almannatryggingalaganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda til ársloka 1954:
   Þeir, sem njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, er sé að minnsta kosti jafnmikill og hálfur annar lífeyrir samkvæmt 15. gr., eiga ekki rétt á ellilífeyri. Ef lífeyririnn eða eftirlaunin ná eigi þeirri fjárhæð, á hlutaðeigandi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði það, sem á vantar, þó aldrei meira en fullan lífeyri, enda hafi hann náð tilskildum aldri.
2. Á eftir 2. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar. Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

   1. Til mæðra með 2 börn:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 1360.00
      Á 2. — ..... — 1020.00
   2. Til mæðra með 3 börn:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 2720.00
      Á 2. — ..... — 2040.00
   3. Til mæðra með 4 börn eða fleiri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 4080.00
      Á 2. — ..... — 3060.00

   Tryggingaráð ákveður mæðralaun með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.
   Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift sé.
3. Á eftir 3. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:
   24. gr. laganna orðist svo:
   Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir til ársloka 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 410.00
      Á 2. — ..... — 325.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 365.00
      Á 2. — ..... — 295.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 275.00
      Á 2. — ..... — 225.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 4.90 á viku.
   Á 2. — ..... — 3.70 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   11.3 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   18.3 millj. kr.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   36. gr. laganna orðist svo:
   Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmarkanir á lífeyrisgreiðslum, orðist svo:
   Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. eru til ársloka 1954 háðar þeim takmörkunum sem hér segir:
   Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr hálfum öðrum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyrir hjóna um tvo þriðju og einstaklings um helming þess, sem umframtekjurnar nema, þannig að lífeyrir hjóna falli niður, þegar aðrar tekjur nema þreföldum hjónalífeyri, og lífeyrir einstaklings, þegar aðrar tekjur hans nema fullum lífeyri, að viðbættum 250%.
   Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.
   Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gildi rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

Ed. 469. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er að meginefni um það að hækka framlag ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga vegna hækkunar á daggjöldum sjúkrahúsa og að framlengja óbreytt um næstu tvö ár bráðabirgðaákvæði laganna um takmörkun á lífeyrisgreiðslum vegna tekna.

Einn nm. (HG) bar fram í n. tillögur um að hækka tekjumarkið, sem skerðing lífeyris er miðuð við, um 50% frá því, sem nú er, og að gera tilsvarandi breytingar

á lífeyrisgreiðslum til eftirlaunamanna. Áætlaði hann, að til þess að mæta þessum hækkunum þyrfti að hækka iðgjöld og framlög til trygginganna um ca. 3% og yrði hlutur ríkissjóðs af þessari hækkun um 900 þús. kr.

Enn fremur lagði hann til, að tekið yrði inn í frv. ákvæði um mæðralaun, efnislega í samræmi við frv. það, sem nú liggur fyrir í Nd. Áætlaði hann, að kostnaðarauki vegna mæðralauna mundi nema um 2% á tekjuliðum stofnunarinnar og hluti ríkissjóðs af því um 600 þús. kr. Heildarhækkun vegna þessara breytinga mundi því nema um 5% á iðgjöldum og framlögum til trygginganna og hluti ríkissjóðs af því um 1.5 millj. kr.

Með því að gert er ráð fyrir, að heildarendurskoðun á tryggingalögunum verði látin fara fram fyrir árslok 1954, þykir öðrum nm. rétt að fresta þessum breytingum, þar til sú endurskoðun hefur farið fram, og leggja þeir því til, að frv. verði samþ. óbreytt. HG tekur fram, að hann muni flytja brtt. þær, sem hann gerði grein fyrir, í deildinni.

Tveir nm., þeir FRV og LJóh voru fjarstaddir, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 15. des. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	H. Guðmundsson, með fyrirvara.	Gísli Jónsson.

Ed. 470. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Haraldi Guðmundssyni.

4. gr. orðist svo:

Hagstofa Íslands skal reikna út vísitölu, er sýni þá breytingu á almennu kaupgjaldi, er orðið hefur síðan 1941. Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna á sama hátt og gert hefur verið, með hliðsjón af ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miða við vísitölu þá, sem nefnd er í 1. málsl. greinar þessarar.

Ed. 471. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til l. um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2. gr. hljóði þannig:

   Þegar eignarnám hefur farið fram samkv. 1. gr., skal leita umsagnar nýbýlanefndar um, á hvern hátt jörðin verði bezt nýtt, og er ríkisstjórninni heimilt að selja eða ráðstafa jörðinni á annan hátt í samræmi við tillögur nýbýlanefndar, en þó skal Kelduneshreppur ávallt hafa forkaupsrétt að þeim hluta jarðarinnar, er telja verður afréttarland. Um söluverð jarðarinnar eða hluta hennar skal fara eftir mati dómkvaddra manna.
2. 3. gr. falli niður.

Ed. 472. Breytingartillaga [66. mál]

við brtt. á þskj. 452 [Leigubifreiðar í kaupstöðum].

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Fyrir orðin „að fengnu“ í efnismálsl. 1. tölul. kemur: að fengnum tillögum stéttarfélaga bifreiðarstjóra og.

Ed. 473. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Leggur minni hlutinn (BrB) til, að frv. verði fellt. Frv. er framlenging á gildi laga, er gilt hafa undanfarin ár. Telur meiri hlutinn, að ríkissjóður geti ekki misst þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að það verði samþ. Einstakir nm. hafa þó áskilið sér óbundið atkv. um brtt., og mun einn nm. (GJ) bera fram brtt. við frv.

Alþingi, 16. des. 1952.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Þorsteinn Þorsteinsson.

Karl Kristjánsson.

Ed. 474. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. Orðin „en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu“ í meginmálsgreininni falli niður.

Til vara:

Aftan við 1. efnismálslið greinarinnar bætist: Þegar verksmiðja selur framleiðsluvörur í heildsölu, skal eigi lagður 3% söluskattur á þann hluta framleiðslunnar, sem 7,7% gjaldið hefur áður verið lagt á.

Nd. 475. Breytingartillaga [118. mál]

við frv. til l. um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr. Fyrir „20 króna“ komi: 15 króna, og fyrir „200 kr.“ komi 150 kr.

Nd. **476. Frumvarp til laga** **[188. mál]**

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Réttindi í síldveiðideild eiga þau skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót, hringnót, reknetjum eða svipuðum veiðarfærum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Um frumvarp þetta vísast til bréfs stjórnar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins, dags. 11. þ. m., sem er prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

HLUTATRYGGINGASJÓÐUR BÁTAÚTVEGSINS
stofnaður samkv. lögum 48/1949.

Reykjavík, 11. des. 1952.

Í 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 48/1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, er ákvæði um, hverjir hafi réttindi í síldveiðideild sjóðsins, en það eru öll íslenzk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða svipuðum veiðarfærum.

Samkvæmt þessu hefur stjórn sjóðsins litið þannig á, að einungis þau skip, sem síldveiðar stunduðu með herpinót eða hringnót, gætu notið réttinda í síldveiðideildinni, en ekki þau skip, sem stunda veiðar með reknetjum. Hefur þessi skoðun einnig verið studd af þeim öðrum aðilum, sem fjallað hafa um reglugerðir sjóðsins.

Á síðastliðnu sumri varð sú breyting á síldveiðunum norðan- og austanlands, að teknar voru upp reknetjaveiðar á hafinu austur og norðaustur af Íslandi jafnhliða herpinótaveiðinni. Má gera fastlega ráð fyrir, að á næstu sumarsíldarvertíð og í framtíðinni verði slíkar veiðar stundaðar af enn meira kappi.

Einnig eru nú reknetjaveiðar annars staðar við landið, aðallega sunnan- og vestanlands, orðnar svo stór þáttur í útgerðinni, að þess vegna væri ástæða til að breyta ákvæðum laganna.

Með tilliti til þessa eru það tilmæli sjóðsstjórnarinnar til hins háa ráðuneytis, að gerðar verði ráðstafanir til þess á yfirstandandi Alþingi, að bætt verði við fyrrnefnda 2. málsgr. 3. gr. laganna orðunum „svo og reknetjum“.

Í þessu sambandi skal þess einnig getið, að óskir hafa komið um breytingu í þessa átt frá samtökum útvegsmanna.

Virðingarfyllst,
Davíð Ólafsson.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ed. 477. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frv., en gat ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (BrB) leggur til, að það verði fellt, og gefur hann því út sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 16. des. 1952.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorsteinn Þorsteinsson.

Ed. 478. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi: 2.—4. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.

Nd. 479. Frumvarp til laga [161. mál]

um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jörðina Svínadal í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Þegar eignarnám hefur farið fram samkv. 1. gr., skal leita umsagnar nýbýlanefndar um, á hvern hátt jörðin verði bezt nýtt, og er ríkisstjórninni heimilt að selja eða ráðstafa jörðinni á annan hátt í samræmi við tillögur nýbýlanefndar, en þó skal Kelduneshreppur ávallt hafa forkaupsrétt að þeim hluta jarðarinnar, er telja verður afréttarland. Um söluverð jarðarinnar eða hluta hennar skal fara eftir mati dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 480. Breytingartillaga [118. mál]

við frv. til l. um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr. Fyrir „sullamengað“ kemur: sollið.

Nd. 481. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „Landsbanki Íslands“ í 1. málslið kemur: (seðlabankinn).

Ed. 482. Frumvarp til laga [174. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands (seðlabankinn) kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

2. gr.

Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 483. Nefndarálit [103. mál]

um till. til þál. um endurskoðun reglugerðar um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar stjórnar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins um málið. Samkvæmt þeirri umsögn hefur sjóðstjórnin nú tekið upp endurskoðun á reglugerðinni í því skyni að koma fram breytingu á henni. Með tilliti til þess leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin sjái svo um, að stjórn hlutatryggingasjóðs haldi áfram og ljúki sem fyrst endurskoðun þeirri, sem nú er hafin á reglugerð hinnar

almennu deildar sjóðsins, og að við þá endurskoðun verði sérstaklega höfð hliðsjón af tillögum á þskj. 134, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Magnús Jónsson.	Jón Sigurðsson.
	Áki Jakobsson.	

Ed. 484. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir til Menningarsjóðs framlag eftir því sem árlega er ákveðið í fjárlögum, enda sé það miðað við, að Menningarsjóður geti jafnan haldið áfram eðlilegri starfsemi.

Ed. 485. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um hitaveitur utan Reykjavíkur.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „250 kw.“ komi: 50 kw.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:

   Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 1.—3. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkv. fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 85% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

Sþ. 486. Þingsályktun [94. mál]

um samræmingu á leturborðum ritvéla.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 116.

Sþ. 487. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Frá utanríkismálanefnd.

Þessi till. til þál. er flutt af hæstv. ríkisstjórn, sem leitar með henni eftir heimild hins háa Alþingis til þess að gerast aðili fyrir Íslands hönd að samningi þeim, er um getur í fyrirsögn tillögunnar.

Á fundi utanríkismálanefndar, sem haldinn var í dag, var á það fallizt einróma að mæla með því, að till. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna, Finnbogi R. Valdimarsson, var fjarstaddur sökum veikinda. Annar nefndarmanna, Gunnar Thoroddsen, boðaði forföll.

Alþingi, 17. des. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. 488. Þingsályktun [112. mál]

um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 151.

Sþ. 489. Þingsályktun [152. mál]

um verðmiða á vörum í sýningargluggum verzlana.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 242.

Nd. 490. Frumvarp til laga [189. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953.

Frá fjárhagsnefnd

1. gr.

Til 1. febrúar 1953 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1952, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Greinargerð.

Þar sem augljóst er, að ekki verður hægt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1953 fyrir næstu áramót, ber nauðsyn til að veita ríkisstjórninni heimild þá, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar, og hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara um afstöðu til málsins.

Nd. 491. Frumvarp til laga [190. mál]

um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtekjum, skattfríðindi o. fl.

Flm.: Jóhann Hafstein, Magnús Jónsson.

1. gr.

Við álagningu tekjuskatts á einstaklinga, sbr. 1. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skal fylgja ákvæðum laga þessara, meðan heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar, sbr. ályktun Alþingis frá 16. jan. 1952, er ekki lögfest.

2. gr.

Skattskyldum tekjum hjóna skal skipta til helminga og skattur reiknaður af hvorum helming um sig.

3. gr.

Við álagningu tekjuskatts skal persónufrádráttur vera:

Fyrir hjón	11 300 kr.
— hvert barn	6 600 —
— einhleyping	8 500 —

4. gr.

Skattur hjóna með tvö börn á framfæri og með hreinar tekjur samanlagt kr. 30 000.00 eða lægri skal falla niður. Sama gildir um skatt annarra gjaldenda, sem greiða ættu jafnháan skatt eða lægri.

5. gr.

Við ákvörðun skattskyldra tekna skal draga frá tekjum kostnað vegna heimilisaðstoðar. Skal sá kostnaður miðast við persónufrádrátt og reiknast þannig:

A. Ef gift kona vinnur utan heimilis, hækkar persónufrádráttur hjónanna upp í sama og persónufrádráttur tveggja einhleypinga. Persónufrádráttur barna innan 16 ára hækki þá um 50%.

B. Einstæðum mæðrum eða feðrum með börn innan 16 ára aldurs á framfæri skal veitast viðbótarpersónufrádráttur, fyrir eitt barn samsvarandi persónufrádrætti einhleypings, en fyrir hvert barn þar umfram reiknast tvöfaldur persónufrádráttur.

6. gr

Kostnaður við stofnun heimilis er frádráttarhæfur við ákvörðun skattskyldra tekna, þannig að reikna skal hjónunum tvöfaldan persónufrádrátt, miðað við persónufrádrátt tveggja einhleypinga, á því skattári, sem stofnað er til hjúskapar.

7. gr.

Tekjuskattur þeirra, sem lög þessi taka til, reiknast samkvæmt eftirfarandi skattstiga af hinum skattskylda hluta teknanna:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 4500 kr., greiðist af honum 1%.

Af	4500—	9000	krónum	greiðast	45	kr. af	4500	krónum og	2% af afgangi.
—	9000—	17000	—	—	135	— —	9000	—	— 7% — —
—	17000—	23000	—	—	695	— —	17000	—	— 8% — —
—	23000—	28500	—	—	1175	— —	23000	—	— 9% — —
—	28500—	34000	—	—	1670	— —	28500	—	— 10% — —
—	34000—	39500	—	—	2220	— —	34000	—	— 12% — —
—	39500—	51000	—	—	2880	— —	39500	—	— 16% — —
—	51000—	62500	—	—	4720	— —	51000	—	— 20% — —
—	62500—	102500	—	—	7020	— —	62500	—	— 30% — —
—	102500—	142500	—	—	19020	— —	102500	—	— 33% — —
—	142500 kr. og þar yfir			—	32220	— —	142500	—	— 35% — —

Hreinar tekjur og tekjuskattur gjaldenda samkvæmt þessum lögum umreiknast ekki eftir 14. gr. laga nr. 20 1942.

8. gr.

Hvorki tekjuskattsviðauki né stríðsgróðaskattur reiknast við skattálagningu á tekjur gjaldenda þeirra, sem lög þessi ná til.

9. gr.

Takmörk þau á útsvarsálagningu á tekjur umfram 200 þús. kr., sem sett eru í 4. gr. laga nr. 21 1942, um stríðsgróðaskatt, gilda ekki um þá gjaldendur, sem lög þessi ná til.

10. gr.

Upphæð persónufrádráttar samkv. 3. gr., upphæð skattfrjálsra tekna samkv. 4. gr. og tekjubil og skattupphæðir samkv. 7. gr. er miðað við meðalkaupgjaldsvísitölu ársins 1952, en skal breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við árlegar breytingar á meðalkaupgjaldsvísitölu.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eldri löggjafarákvæði, sem samrýmast ekki ákvæðum laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1953, miðað við tekjur ársins 1952.

Greinargerð.

Með frv. þessu er að því stefnt, að á tekjuskattslöggjöfinni verði nú gerðar breytingar, sem aðeins snerta einstaklinga — ekki félög og stofnanir — og miði að því að létta skatta á hjónum og barnafjölskyldum, afnema skatta af lágtekjum, veita viss skattfríðindi í sérstæðum tilfellum — heimilisaðstoðarfrádráttur og frádráttur við stofnun heimilis — og að gera skattaálagninguna einfaldari og sanngjarnari, — umreikningur á tekjum falli niður samfara nýjum skattstiga.

Á síðasta Alþingi var þ. 16. jan. 1952 samþ. þingsályktunartillaga frá Jóhanni Hafstein og Jónasi Rafnar um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna,

sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt.

Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstjórnin leggi frv. til laga um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Ríkisstjórnin skipaði þ. 13. febr. s. l. 5 manna nefnd til þess að framkvæma þá endurskoðun, sem ályktun Alþingis ráðgerir. Hins vegar hefur málinu ekki verið hraðað svo, að ríkisstjórnin muni leggja frumvörp um málið í heild fyrir yfirstandandi þing.

Eftir að sýnt þótti, að málinu yrði ekki gerð heildarskil á þessu þingi, hafa flutningsmenn þessa frv. haft áhuga á því, að lögfestar yrðu á þessu þingi breytingar á skattalöggjöfinni, sem að vísu mætti telja til bráðabirgða, meðan heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar er ekki lögfest, en væru þess efnis að mæta þeirri brýnu þörf, sem fyrir hendi er nú þegar, að létta skattabyrðina á almenningi og þá sérstaklega fjölskyldufólki, og er vissulega sá þáttur þessara mála, sem auðveldast ætti að vera að ná samkomulagi um í þinginu.

Við þetta er efni og form þessa frv. miðað.

Til frekari skýringa á frv. þessu vísast til meðfylgjandi greinargerðar annars fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í skattamálanefndinni, hr. Sigurbjörns Þorbjörnssonar, um þá þætti skattamálanna, sem frv. tekur sérstaklega til.

Um einstakar greinar athugist:

Um 1. gr.

Greinin takmarkar ákvæði frv. við álagningu tekjuskatts á einstaklinga með vísun til 1. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, sem er svo hljóðandi: „Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóðs af tekjum sínum“ o. s. frv.

Ákvæði þessa frv. taka m. ö. o. ekki til þeirra, sem skattskyldir eru samkv. 3. gr. fyrrnefndra laga, þ. e. hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög, önnur félög, sjóðir og stofnanir o. s. frv.

Þessi aðskilnaður er við það eitt miðaður, að samkomulag mætti fremur takast á þinginu um fyrri þátt málsins.

Um 2. gr.

Skattlagning hjóna hefur orðið umdeilt atriði síðari árin, og þykir rétt að fallast á það grundvallarsjónarmið að skipta skattskyldum tekjum hjóna til helminga og reikna skattinn síðan af hvorum helming um sig. Skattur hjónanna verður þá samanlagðir skattar, þannig reiknaðir.

Um 3. gr.

Vísast til fskj.

Um 4. gr.

Þessi grein ákveður, að lágtekjur innan tilskilins takmarks séu alveg skattfrjálsar. Með þessu ákvæði verður mikill fjöldi núverandi skattgreiðenda alveg skattfrjáls, og mikil fyrirhöfn sparast um leið við álagningu og innheimtu mjög lágra skattupphæða (sbr. fskj.).

Um 5. gr.

Þessi grein heimilar sérstök skattfríðindi, þegar gift kona vinnur utan heimilis, eða hjá einstæðum mæðrum eða feðrum með börn innan 16 ára aldurs á framfæri, vegna þess kostnaðar, sem hinar sérstæðu heimilisaðstæður hafa að jafnaði í för með sér. Eru hvoru tveggja gerð nánari skil í fskj.

Um 6. gr.

Þessi grein er fyrst og fremst við það miðuð að gera ungu fólki auðveldara en nú er að stofna heimili og jafnframt að örva almennt til heimilismyndunar.

Um 7. gr.

Um áhrif tekjuskattsstigans samkvæmt þessari grein vísast til fskj.

Umreikningur tekna er alveg felldur niður, og gerir það skattlagninguna í senn einfaldari og sanngjarnari.

Um 8. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 9. gr.

Leiðir m. a. af 8. gr., en yrði til þess, að bæjar- og sveitarfélög hefðu að þessu leyti ekki bundnar hendur eins og áður með útsvarsálagninu á tekjur umfram 200 þús. kr.

Um 10. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er í gildi svonefndur umreikningur tekna vegna breytinga á kaupgjaldsvísitölu, og er sá umreikningur allflókinn og erfiður í framkvæmd. Með ákvörðun þessarar greinar yrði náð sama tilgangi og áður, en á einfaldari og réttlátari hátt.

Um 11. og 12. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Fylgiskjal.

Greinargerð Sigurbjörns Þorbjörnssonar um skattamál.

Álagðir skattar — tekjuskattur, tekjuskattsviðauki, stríðsgróðaskattur og eignarskattur — á árinu 1952 nema kr. 67 432 958.00. Frá þessi upphæð fellur til bæjar- og sveitarfélaga ½ hl. stríðsgróðaskatts, sem nemur við upphaflega álagningu kr. 3 857 099.00. Tilfallið til ríkissjóðs verður því upphafleg álagning að upphæð kr. 63 573 859.00. Þessar upphæðir rýrna um lækkanir undirskattanefnda og skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, en aukast um hækkanir þessara nefnda á einstökum skattgreiðendum, svo og um gjaldársskatta (skatta á útlendingum og Íslendingum, sem flytja af landi burt), sem ekki eru innifaldir í þessum upphæðum.

Í öllum þeim upphæðum, sem hér eftir verða settar fram, er aðeins hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti innifalinn, og hann ásamt tekjuskattinum og tekjuskattsviðauka verður nefnt einu nafni **tekjuskattar.**

Skipting á álögðum sköttum milli tekjuskatta og eignarskatts, svo og einstaklinga og félaga, er kunn í Reykjavík, en liggur eigi fyrir utan Reykjavíkur. Einnig er þegar kunnugt um lækkanir skattstjórans í Reykjavík og yfirskattanefndar Reykjavíkur á álögðum sköttum í Reykjavík, en liggur eigi fyrir utan Reykjavíkur.

Úrskurðir ríkisskattanefndar til lækkunar liggja eigi fyrir, svo og eigi hækkanir skatta vegna gjaldársgjalda og ýmissa hækkana á einstökum skattgreiðendum.

Reykjavík:

Með þegar kunnum breytingum á álögðum sköttum og með hliðsjón af áhrifum ríkisskattanefndar og gjaldársskatta undanfarin 4 ár er ekki ósennilegt, að raunverulega álagðir skattar í Reykjavík verði þannig árið 1952 (var upphaflega 41 740 639.00):

Félög — tekjuskattar	kr.	7 689 000.00
— — eignarskattur	—	736 000.00
Einstaklingar — eignarskattur	—	2 537 000.00
— — tekjuskattar	—	27 515 000.00
	Kr.	38 477 000.00

Utan Reykjavíkur:

Með hliðsjón af skiptingu heildarskatta milli tekjuskattanna og eignarskatts og milli einstaklinga og félaga, svo og með hliðsjón af breytingum allra nefnda undanfarin 4 ár, er ekki ósennilegt, að raunverulega álagðir skattar utan Reykjavíkur verði þannig (var upphaflega 21 833 220.00):

Félög — tekjuskattar	kr.	1 680 000.00
— — eignarskattur	—	420 000.00
Einstaklingar — eignarskattur	—	2 945 000.00
— — tekjuskattar	—	16 519 000.00
	Kr.	21 564 000.00

Samanlagt:

Félög — tekjuskattar	kr.	9 369 000.00
— — eignarskattur	—	1 156 000.00
Einstaklingar — eignarskattur	—	5 482 000.00
— — tekjuskattar	—	44 034 000.00
	Kr.	60 041 000.00

Að óbreyttum núgildandi skattalögum og framlengingu tekjuskattsviðaukalaganna má ætla, að tekju- og eignarskattar álagðir 1953 muni nema a. m. k. um 68 milljónum, sem áætla mætti, að skiptist þannig:

Félög — tekjuskattar (20% álag)	kr.	11 242 800.00
Félög — eignarskattur (15% álag)	—	1 329 400.00
Einstaklingar — eignarskattur (10% álag)	—	6 030 200.00
Einstaklingar — tekjuskattar (12.5% álag)	—	49 538 250.00
	Samtals kr.	68 140 650.00

Samkvæmt frumvarpi um fjárlög fyrir árið 1953 er áætlað, að þessi tekjuliður gefi aðeins 54 millj. króna. Með hliðsjón af þeirri áætlun er hægt að gera bráðabirgðabreytingu á skattalöggjöfinni á Alþingi því, sem nú situr, og miða hana við, að til falli 54 millj. kr. af tekju- og eignarskattslögunum, eins og áætlað er í fjárlögum, eða með öðrum orðum létta af skattþegnunum þeim 14 millj. kr., sem áætla má, að til falli umfram fjárlög að óbreyttri skattalöggjöfinni.

Fyrsta spurningin verður því: Á hvorum á að lækka til bráðabirgða, þar til heildarskipan er komin á skattamálin? Eiga það að vera einstaklingar eða félög? Með hliðsjón af hinum gífurlegu óbeinu sköttum, sem nú leggjast aðallega á einstaklinga, mætti álítast réttast að lækka byrðar einstaklinga í þetta sinn og þá tekjuskatta þeirra, en blanda ekki þar inn í eignarskatti.

En þá kemur að spurningu númer tvö: Hvar og hvernig á að létta skattabyrðina á einstaklingum, eða með öðrum orðum, hverjir ættu fyrst og fremst að njóta þeirra lækkana, sem hægt væri að veita nú þegar? Þeirri spurningu verður bezt svarað með athugun á því, hjá hverjum hinn **raunverulegi** skattþungi hefur aukizt frá árinu 1942 til 1952.

Lengra verður eigi haldið án skýringa á því, hvað átt er við með **raunverulegur skattþungi.** Í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem dýrtíðin hefur ávallt farið sívaxandi, er ekki hægt að álíta það raunverulega aukningu skattþunga, þótt skattupphæðin aukist ár frá ári, ef hún helzt í sama hlutfalli og dýrtíðin og tekjur skattgreiðandans hafa hækkað í krónutölu í sama hlutfalli og dýrtíðin. Skattgreiðandinn verður að gera sér grein fyrir því, að t. d. 50% aukning tekna í krónutali milli ára hlýtur að leiða af sér 50% aukningu í krónutali skattupphæðarinnar, eða m. ö. o., hafi hann greitt t.d. árið 1942 kr. 610.00 af tekjum ársins 1941 í skatta, þá er það eigi raunveruleg aukning á skattþunga, þótt hann greiði kr. 2476.00 árið 1952 af tekjum ársins 1951,

bæði árin greiddi hann 6,1% af tekjum sínum. Einnig verður að taka það fram, að í öllum athugunum á skattþunganum árið 1942 (af tekjum 1941) hefur verið bætt inn til hækkunar áhrifunum af tekjuskattsviðaukalögunum árið 1945, en sá grundvöllur dregur vitanlega úr hinni raunverulegu skattaaukningu, sem átt hefur sér stað frá 1942 til 1952. Nema annað sé fram tekið, felur orðið tekjuskattur í sér núverandi tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og hluta ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti. Enn fremur, að í öllum samanburði á tekjuupphæðum milli áranna 1941 (skattlagning 1942) og 1951 (skattlagning 1952) er stuðzt við skattvísitölu, sem hefur ekki fylgt nákvæmlega kaupgjaldsvísitölu frá árinu 1948 (skattlagningu 1949), heldur verið 15 stigum hærri 1948—1950 (skattlagning 1949—1951) og 13 stigum hærri 1951 (skattlagning 1952).

Áhrif tekjuskattsstiganna til aukningar.

Allt frá árinu 1942 hefur einstaklingum verið skipt í tvo flokka gagnvart tekjuskattsstigunum, annars vegar þeir, sem njóta umreiknings, og hins vegar þeir, sem ekki njóta þeirra hlunninda. Allir þeir skattgreiðendur, sem hafa í grunnlaun 15000 kr. (miðað við grunnlaun fyrir síðustu gengisbreytingu) og lægri grunnlaun, njóta svonefnds umreiknings á tekjum. Á árinu 1941 (skattlagning 1942) námu hæstu tekjur, sem nutu þessara hlunninda, 24000 kr. (vísitala 160 stig), en á árinu 1951 (skattlagning 1952) voru það 60900 kr. (vísitala 406 stig). Þeir skattgreiðendur, sem höfðu hærri grunntekjur en þessu nam, eru skattlagðir án umreiknings á tekjum umfram 15000 kr. grunnlaun.

Með hliðsjón af tekjuskattsstigunum sjálfum hefur engin raunveruleg aukning á skattþunga frá árinu 1942 (af tekjum 1941) til árins 1952 (af tekjum 1951) átt sér stað hjá þeim, sem njóta umreiknings á tekjum. Allt öðru máli skiptir hins vegar með þá, sem ekki njóta umreiknings. Eftir því, sem dýrtíðin vex, eykst hinn raunverulegi skattþungi þeirra. Hægt er að sýna fram á þetta á tvennan hátt: Annars vegar með því að setja fram hliðstæð tekjubil 1941 og 1951, miðað við vísitölu (sömu grunnlaun bæði árin), og sýna, hver skattstigaprósentan var af þessum tekjubilum við skattlagningu árin 1942 og 1952 (incl. tekjuskattsviðaukaprósenta með tölum 1942). Hins vegar með því að setja fram hliðstæða tekjuupphæð 1941 og 1951, miðað við vísitölu (sömu grunnlaun bæði árin), og sýna, hver meðaltalsskattprósenta var af þessum tekjum við skattlagningu árin 1942 og 1952 (incl. tekjuskattsviðaukaprósenta með tölum 1942), og er þetta hvort tveggja sett fram í eftirfarandi töflum, og mun það nægja til að sýna fram á, hvernig óbreyttir skattstigar og vaxandi dýrtíð hafa aukið raunverulega skattbyrði þeirra aðila, sem ekki njóta umreiknings á tekjum, en þeir, sem njóta umreiknings, hafa staðið í stað.

a.

Tekjubil 1941 Skattskyldar tekjur	Skattstigaprósenta, hluti ríkissjóðs		Skattstigaprósenta með hluta bæjar- og sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti		**Samsvarandi tekjubil 1951** Skattskyldar tekjur
	1942	1952	1942	1952	
24 000— 25 000	27	37	27	40	60 900— 63 400
25 000— 30 000	29	37 39	29	40 44	63 400— 75 000 75 000— 76 100
30 000— 40 000	31	39 42	31	44 52	76 100—100 000 100 000—101 500
40 000— 45 000	33	42	33	52	101 500—114 150
45 000— 50 000	34½	42 44	36	52 59	114 150—125 000 125 000—126 850
50 000— 60 000	35½	44 48	37	59 69	126 850—150 000 150 000—152 250

Tekjubil 1941 Skattskyldar tekjur	Skattstigaprósenta, hluti ríkissjóðs		Skattstigaprósenta með hluta bæjar- og sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti		Samsvarandi tekjubil 1951 Skattskyldar tekjur
	1942	1952	1942	1952	
60 000— 75 000	37	48 54½	40	69 82	152 250—175 000 175 000—190 300
75 000—100 000	39	54½ 56	44	82 90	190 300—200 000 200 000—257 750
100 000—125 000	42	56	52	90	257 750—317 150
125 000—150 000	44	56	59	90	317 150—380 600
150 000—175 000	48	56	69	90	380 600—444 050
175 000—200 000	54½	56	82	90	444 050—507 500
Yfir 200 000	56	56	90	90	Yfir 507 500

b.

Tekjuupphæð 1941 Skattskyldar tekjur	Tekjuskattar voru í % af tekjum		Tekjuskattar með hluta bæjar- og sveitarfélaga voru í % af tekjum		Samsvarandi tekjuupphæð 1951
	1942	1952	1942	1952	
24 000	9.95	9.86	9.95	10.28	60 900
25 000	10.64	10.94	10.64	11.45	63 400
30 000	13.70	15.31	13.70	16.27	76 100
40 000	19.46	21.28	19.46	23.33	101 500
45 000	19.69	23.58	19.69	26.51	114 150
50 000	21.17	25.45	21.32	29.16	126 850
60 000	23.36	28.61	23.93	34 29	152 250
75 000	26.25	33.01	27.15	42.27	190 300
100 000	29.43	38.97	31.36	54.46	257 750
125 000	31.95	42.16	35.49	61.12	317 150
150 000	33.96	44.47	39.41	65.93	380 600
175 000	35.96	46.11	43.63	69.37	444 050
200 000	38.28	47.35	48.43	71.95	507 500

Persónufrádrátturinn og áhrif hans.

Á sama tíma og tekjur hafa umreiknazt, hefur og persónufrádrátturinn raunverulega umreiknazt — hækkað um vísitölu — hjá þeim, sem njóta umreiknings, og að vissu marki hjá þeim, sem ekki njóta hans.

Ef breytingarnar í kaupgjalds- og efnahagsmálunum hefðu eingöngu snúizt um kaupgjaldsvísitölu, en ekki væri einnig um að ræða **almennar** grunnkaupshækkanir, hefði þessi umreikningur persónufrádráttar haldið jafnvægi, miðað við efnahagsástandið.

Eftirfarandi dæmi um athugun á því, hvað persónufrádráttur nam 1942, við skattlagningu af tekjum 1941, hjá Dagsbrúnarverkamanni og ætti að nema 1953, við skattlagningu af tekjum 1952, miðað við grunnlaun bæði árin, leiðir í ljós, að persónufrádrátturinn hefur rýrnað um meir en helming á þessu árabili.

Tekjur 1941, skattar 1942:

Kauptaxti Dagsbrúnarverkamenns kr. 1.45 pr. klst., miðað við 2400 vinnustundir á ári, verða grunnlaun kr. 3480.00.

Persónufrádráttur í Reykjavík í grunn:

Einhleypur ..... 900 kr. eða 25.86 % af grunn-árslaunum.
Hjón ..... 1800 — — 51.72 — — ——

Tekjur 1952, skattar 1953:

Kauptaxti skv. nýju kaupgjaldsvísitölunni í grunn kr. 9.24 pr. klst., eða skv. gömlu kaupgjaldsvísitölunni kr. 3.08 pr. klst. Grunnlaun, miðað við 2400 vinnustundir á ári, verða skv. nýju kaupgjaldsvísitölunni kr. 22176.00, en skv. gömlu kaupgjaldsvísitölunni kr. 7392.00.

Persónufrádráttur í Reykjavík í grunn, miðað við gömlu kaupgjaldsvísitöluna:

Einhleypur ..... 900 kr. eða 12.175 % af grunn-árslaunum.
Hjón ..... 1800 — — 24.35 — — ——

Ef persónufrádrátturinn ætti að halda jafnvægi við tekjur 1941, ætti hann að vera við skattlagningu 1953, af tekjum ársins 1952:

Einhleypur ..... kr. 1911.57 í grunn
Hjón ..... — 3823.14 - —

og er það miðað við grunnlaun skv. gömlu kaupsgjaldsvísitölunni, og skv. kaupgjaldsvísitölu ársins 1952 ætti persónufrádráttur að vera:

Fyrir einhleypan ..... kr. 8530.38
— hjón ..... — 17060.76

Eftir sömu hlutföllum ætti persónufrádráttur ómaga, miðað við Reykjavík, að nema í grunn kr. 1486.90, eða samkv. kaupgjaldsvísitölu ársins 1952 kr. 6635.00.

(Í þessum útreikningum er reiknað með vísitölu 446.25 stig, sem er þreföld meðaltalskaupgjaldsvísitala ársins 1952, sem var 148.75 stig).

Þessi rýrnun persónufrádráttar hefur komið hlutfallslega þyngst niður á hjónum og öðrum aðilum með ómaga á framfæri, næstþyngst á hjónum án ómaga á framfæri, en léttast á einhleypum. Hægt er að sýna samanburð á Dagsbrúnarverkamanni og sköttum hans 1952 (af tekjum 1951), miðað við persónufrádrátt eins og hann er og eins og hann ætti að vera, ef hann hefði ekki rýrnað frá árinu 1942 til ársins 1952, og sýna það bæði hjá einhleypum og hjónum.

Einhleypur:

Tekjur 29050 kr., skattur álagður 1952 923 kr., eða 3.177% af tekjum. Ef persónufrádráttur hefði verið tvöfaldaður, hefði skatturinn orðið 694 kr., eða 2.389% af tekjum. Skatturinn er því 32.98% hærri vegna rýrnunar persónufrádráttar hjá einhleypum Dagsbrúnarverkamanni.

Hjón:

Tekjur 29050 kr., skattur álagður 1952 694 kr., eða 2.389% af tekjum. Ef persónufrádráttur hefði verið tvöfaldur, hefði skatturinn orðið 332 kr., eða 1.142% af tekjum. Skatturinn er því 109.19% hærri vegna rýrnunar persónufrádráttar hjá giftum Dagsbrúnarverkamanni.

Ef tekin væru einhleypur og hjón með 50 000 kr. tekjur 1952, kemur það í ljós, að rýrnun persónufrádráttar leiðir af sér 21.41% hærri skatta hjá einhleypum og 58.54% hjá hjónum.

Af þessu og öðrum dæmum sést, **að hlutfallslega minnst aukning á skattabyrðinni hefur orðið hjá einhleypingum vegna rýrnunar á persónufrádrætti, en hlutfallslega mest hjá þeim, sem hafa ómaga á framfæri, hjón án ómaga verða þar á milli.**

Af þessu, áhrifum skattstiganna og persónufrádráttar, væri augljóst, hvar ætti að létta á skattabyrðinni. Aukning skattabyrðarinnar hefur orðið mest hjá þeim, sem **ekki njóta umreiknings tekna,** og innan þess flokks mest **hjá hjónum með ómaga,** en minnst hjá einhleypum, og er það vegna þess, að hvorki skattstigar né persónufrádráttur hafa haldið jafnvægi við efnahagsástandið hjá þessum flokki skattgreiðenda. Hins vegar hefur aukning skattbyrðarinnar verið minni hjá þeim, sem njóta umreiknings tekna, þar sem aðeins rýrnun persónufrádráttar hefur haft áhrif.

Áhrif frumvarpsins.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið hér að framan, væri auðvelt að gera upp við sig, hvaða breytingar þyrfti með, ef aðeins væri um að ræða að sækja í sama horfið og 1942. En nú gerir frumvarp Jóhanns Hafsteins og Magnúsar Jónssonar ráð fyrir mikilvægri grundvallarbreytingu, sbr. 2. gr. þess, um skattlagningu hjóna, auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir í 4., 5. og 6. gr. frekari ívilnun til lágtekjufólks og vegna kostnaðar við heimilisaðstoð og kostnaðar við stofnun heimilis en nú er í gildandi skattalöggjöf eða hægt væri að ná með einhliða breytingum á skattstigum og persónufrádrætti. Þessi grundvallarbreyting samkvæmt 2. gr. frumvarpsins hlýtur að hafa í för með sér mikilvæg áhrif á ákvörðun nýs persónufrádráttar og uppbyggingu nýs skattstiga.

Skattlagning hjóna, persónufrádrátturinn og tekjuskattsstigi einstaklinga verða ávallt þrír sérstæðir flokkar innan hverrar skattalöggjafar, sem þó eru svo nátengdir og samtvinnaðir hver öðrum, að ógerningur er að leysa eitt atriðið án mikilla áhrifa á hin tvö. Það verður því að taka heilsteypta og samræmda ákvörðun um alla þrjá málaflokkana á sama tíma.

Áður en einstakir liðir frumvarpsins verða skýrðir nánar, verður að taka það fram, að í öllum tilvitnunum til núgildandi skattalaga og hverjir skattar yrðu af tekjum ársins 1952, álagðir 1953, samkv. þeim lögum, eru innifalin ákvæði frumvarps hæstv. fjármálaráðherra um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl., þar sem fram kemur tekjuskattsviðaukastigi, ákvæði um lækkun skatts af lágtekjum og ákvæði um umreikning tekjuskatts og tekjuskattsviðauka og hver umreikningstala skuli vera.

Skattlagning hjóna:

Hvort sem eiginmaður eða eiginkona eða bæði færa heim peningatekjur til heimilisins, þá afla þau lífsgæða sér til handa beint eða óbeint í sameiningu og að mínu áliti fyllilega að jöfnu, og í flestum tilfellum njóta þau þess að jöfnu. Og hitt er jafnvíst, að tveir eru aðilarnir í þessu tilfelli, miðað við aðeins einn aðila, ef einhleypingur aflar teknanna og nýtur. Skipting á tekjum hjóna til helminga til skattlagningar er því réttlætismál á þeim grundvelli, að tveir afla teknanna, beint eða óbeint, og tveir njóta. Að mínu áliti er hér því ekki um að ræða neinn „afslátt“ til handa hjónum, heldur réttláta skattlagningu þeirra sem tveggja einstaklinga, og kemur því ekki til mála að takmarka slíka skiptingu við neitt sérstakt mark, lágtekju- og hátekjuhjón eru hér saman í bát. Greinarmunur á skattgreiðslu af lágtekjum og hátekjum hefur verið framkvæmanlegur með svonefndum „progressive“ skattstigum og mun verða það áfram, þótt eigi sé mismunað á milli hjóna að öðru leyti.

Persónufrádrátturinn:

Við breytingu persónufrádráttar í lögunum frá 1942, sem kom til framkvæmda við skattlagningu 1942 af tekjum ársins 1941, komst hlutfallið milli árstekna Dagsbrúnarverkamanns og persónufrádráttar hærra en áður hafði þekkzt, og nam persónufrádráttur einhleypings 25.86% árslaunanna. Eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan í athugasemdum um „Persónufrádráttur og áhrif hans“, ætti persónufrádrátturinn við skattlagningu 1953 að nema: kr. 8530.38 fyrir einhleyping, kr. 6635.00 fyrir barn og kr. 17060.76 fyrir hjón, miðað við samsköttun hjóna, og er það miðað við tekjur ársins 1952 og fullt tillit tekið til almennra grunnkaupshækkana, sem átt hafa sér stað.

Frumvarpið felur í sér þessar upphæðir persónufrádráttar sem grundvöll, og er þar lagt til, að persónufrádrátturinn verði sem hér segir:

Fyrir hjón	.....	11300 kr.
— hvert barn	.....	6600 —
— einhleyping	.....	8500 —

Persónufrádráttur hjóna, miðað við skiptingu tekna þeirra í milli, er hlutfallslega lægri sem nemur ⅓ en persónufrádráttur tveggja einhleypinga. Ástæðan fyrir því, að þetta er álitið sanngjarnt, er sem hér segir:

Í skattstiganum verður tekið fullt tillit til hjóna sem tveggja einstaklinga (ásamt ómögum). Á hinn bóginn er það ófrávíkjanleg staðreynd, að tveir einstaklingar — hjón —, sem samvistum búa, eru hlutfallslega í betri aðstöðu hvað viðvíkur framfærslukostnaði heldur en tveir einhleypingar, og kemur þar fyrst og fremst til greina vinna konunnar á heimilinu. Erfitt er að meta slíkt starf réttlátlega til tekna, en sé það metið í sambandi við persónufrádrátt, sem er meira eða minna mat á skattfrjálsum þurftartekjum, þá væri ekki fjarri lagi, að hjón, sem samvistum búa, hafi aðstöðu til að komast af með ⅓ lægri þurftartekjur en tveir einhleypingar, og er það svipað hlutfall og er á milli elli- og örorkulífeyrisgreiðslu til hjóna annars vegar og einhleypinga hins vegar. Að veita hjónum tvöfaldan persónufrádrátt á við einhleyping, eftir að tekjum hjóna væri skipt til helminga, hefði þá afleiðingu að íþyngja óþarflega mikið einhleypingum frá því, sem nú er, eða að færa það óréttlæti, sem hjón eiga nú við að búa, að öllu leyti yfir á einhleypinga. Um áhrif persónufrádráttar á skattupphæðir vísast til síðari athugana um tekjuskattsstigann.

Skattfrelsi á lágtekjum:

Það er hægt að færa margvísleg rök fyrir því, að skattur af lágum tekjum verði algerlega felldur niður, eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu, og af mörgum rökum er tvennt þó veigamest:

1. Þrátt fyrir hækkun persónufrádráttar verða ávallt skattskyldar tekjur, sem varla er unnt að ætla sem skattstofn vegna þess, hversu lágar þær eru. Vegna áhrifanna, sem enn hærri persónufrádráttur hefði á tekjur, sem mættu teljast hærri en lágtekjur, er ekki unnt að hækka persónufrádráttinn. Í þess stað er felldur niður skattur af þessum lágtekjum skv. sérstakri grein í frumvarpinu, og hefur slíkt engin áhrif á skattlagningu hærri tekna.

2. Kostnaður ríkissjóðs við framkvæmd á álagningu og innheimtu skatta af lágtekjum fer tvímælalaust fram úr þeim tekjum, sem af þeim leiðir. Sérstök lækkun á lágum sköttum, eins og tíðkazt hefur hér á landi undanfarin ár, hefur engan sparnað í för með sér og er því raunverulega kostnaðarsamari fyrir ríkissjóð en hrein niðurfelling.

Hægt er að sýna fram á með nokkrum dæmum, hvað tekjuupphæðir mega fara hæst hjá mismunandi stórum fjölskyldum til þess að njóta skattfrelsis:

Skattur	einhleypings	af 13500 kr.	tekjum	fellur	niður
—	hjóna, án ómaga	— 16800 —	—	—	—
—	hjóna, með 1 ómaga	— 23400 —	—	—	—
—	hjóna, með 2 ómaga	— 30000 —	—	—	—

Þeir aðilar, sem hafa sömu heimilisástæður og lægri tekjur en hér eru taldar, verða sömuleiðis skattfrjálsir. Hjá þeim aðilum, sem hafa fleiri ómaga á framfæri, mega tekjurnar hækka um 6600 kr. fyrir hvern ómaga, og skattar falla niður. T. d. hjón með 3 ómaga á framfæri mega hafa í tekjur 36600 kr. og verða skattfrjáls. Til samanburðar má geta þess, að samkv. framkomnu frumvarpi um framlengingu á ákvæðunum um lækkun skatts af lágtekjum fengju eftirtaldir ⅓ hl. eftirgefinn af skatti:

Skattur	einhleypings	af 12 750 kr.	tekjum	yrði	lækkaður	um	⅓	hluta
—	hjóna, án ómaga	— 16 900 —	—	—	—	—	⅓	—
—	hjóna, með 1 ómaga ..	— 20 000 —	—	—	—	—	⅓	—
—	hjóna, með 2 ómaga ..	— 23 300 —	—	—	—	—	⅓	—

Kostnaður vegna heimilisaðstoðar:

Það munu allir sammála um, að réttlátt sé að veita frádrátt vegna heimilisaðstoðar, þar sem konan vinnur utan heimilis eða einstæðar mæður eða feður hafa börn innan 16 ára aldurs á framfæri. En menn greinir á um það, hver upphæð skuli leyfð til frádráttar.

Rökin fyrir ákvörðun 5. gr. má segja að séu þessi:

Ef gift kona, sem er samvistum við mann sinn, stundar atvinnu utan heimilis, má segja, að sá aðstöðumunur, sem hjón höfðu vegna vinnu konu á heimilinu, sé burt fallinn, og það hvort sem greidd eru laun til ráðskonu eða kostnaðarauki verði beinlínis með öðru móti (meira keypt þjónusta á ýmsum sviðum). En við skiptingu tekna á milli hjóna eru skattar af skattskyldum tekjum þeirra reiknaðir eins og tveggja einhleypinga, að fráteknum mismun í persónufrádrætti, en annar er munurinn ekki. Ef nú, við atvinnu konu, aðstöðumunur hjóna fellur niður, ættu hjón í sambandi við persónufrádrátt að skoðast sem tveir einhleypingar, en meiri ívilnun til hjóna án ómaga, vegna atvinnu konu, er ekki réttlátt að veita. Sá kostnaður, sem um fram verður, er hliðstæður við annan framfærslukostnað, sem einhleypingar verða að bera án skattívilnunar. Ef þessi frádráttur vegna atvinnu konu þykir lítill, er það vegna þess, að vinna konunnar á heimilinu er ekki fyllilega metin í persónufrádrætti, sem er miðaður við þurftartekjur, en ekki annan framfærslukostnað. Þegar konan er orðin sama og sjálfstæður gjaldþegn, er ekki um að ræða meiri kostnað við að afla tekna en leyfður yrði hverjum og einum einhleypingi til skatts, þ. e. persónufrádráttur. Ef tekið yrði meira tillit til heimiliskostnaðar en þessu næmi, eftir að búið er að skipta tekjum, mundi rökrétt leiða af sér, að einhleypingar, sem hefðu aðstöðu til að halda ráðskonu, ættu heimtingu á frádrætti, sem næmi sama og a. m. k. ½ hluta þess, sem hjón nytu.

Hækkun á persónufrádrætti barna er hlutfallslega sú sama og hjónanna.

Einstæðar mæður og feður með börn á framfæri hafa ólíkt erfiðari aðstæður við framfærslu barna sinna en þar sem bæði foreldrin sjá um framfærslu. Að leyfa, auk þess persónufrádráttar, sem leyfður er fyrir ómagann, aukafrádrátt, sem nemur fullum persónufrádrætti einhleypings fyrir eitt barn, er miðað við, að allur aukalegur framfærslukostnaður sé sambærilegur við persónufrádrátt maka, og viðbótarpersónufrádráttur fyrir hvert barn á framfæri þar umfram telst eigi ofætlaður tvöfaldur á við aukapersónufrádrátt, sem hjón fá fyrir ómaga sína, ef konan vinnur utan heimilis.

Einnig virðist sanngjarnt, að þessi frádráttur verði veittur, hvort sem um er að ræða beina aðkeypta heimilisaðstoð (ráðskonu) eða ekki.

Tekjuskattsstiginn:

Í öllum umræðum um tekjuskattsstiga verður að hafa ríkt í huga, að stiginn er miðaður við skattskyldar tekjur, þ. e. hreinar tekjur gjaldanda að frádregnum persónufrádrætti. Skattskyldar tekjur er því hinn raunverulegi mælikvarði, sem leiðir í ljós tekjuskattsþol skattþegnanna.

Þær breytingar á skattlagningu hjóna, sem fram koma í 2. gr., eru alger grundvallarbreyting á ákvörðun skattskyldra tekna hjá meginþorra gjaldenda og leiðir af sér, að ógerningur er að nota óbreytta skattstiga samkvæmt gildandi lögum.

Slík breyting án breytts skattstiga mundi leiða af sér svo geigvænlega lækkun á tekjusköttum einstaklinga, að óverjandi væri að halda því fram. Hins vegar hefur verið sýnt fram á hér að framan, að hægt væri að lækka heildarupphæð skatta frá því, sem óbreytt löggjöf mundi skila, um 14 milljónir króna við skattlagningu 1953, eða um 28,5% lækkun, og ná þó tekjuáætlun fjárlaga 1953 af umræddum sköttum. Það verður því að gera upp við sig, hvernig sú lækkun á heildarsköttum, sem til greina kemur, skuli skiptast til áhrifa milli mismunandi flokka skattgreiðenda.

Hinn nýi skattstigi, sem er í 7. gr. frumvarpsins, miðar fyrst og fremst að

lækkun skatta á fjölskyldufólki (auk ákvæðanna um skattfrelsi lágtekna, sem um ræðir í 4. gr. og hefur mest áhrif til skattfrelsis á fjölskyldufólki). Einnig er gert ráð fyrir lækkun skattstiga frá núgildandi lögum á tekjum yfir 68 600.00 kr. Þessi lækkun á hærri tekjum er ekki annað en formsatriði, þar sem fellt er niður úr skattstiga sem svarar rúmlega ½ hluta núgildandi stríðsgróðaskattsstiga, en sá hluti skattsins rennur nú til bæjar- og sveitarfélaga. En í þess stað eru ákvæðin um takmörkun á álagningu útsvara á þessar tekjur numin úr gildi, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í stað þess, að þessir skattgreiðendur séu taldir greiða skatt til ríkissjóðs, sem síðan er greiddur yfir til bæjar- og sveitarfélaga, er með þessari breytingu öllum veg og vanda af álagningu og innheimtu velt yfir á bæjar- og sveitarfélögin, en ekki um að ræða neina raunverulega lækkun á heildarsköttum af þessum tekjum, þegar tekjuútsvör eru tekin með í reikninginn.

Til þess að hægt sé að lækka, svo að einhverju nemi, á fjölskyldufólki, er óhjákvæmilegt, að einhleypingar með tekjur fyrir ofan visst mark, taki á sig örlitlar hækkanir í sköttum, og er slík hækkun á einhleypingum með forsvaranlegar tekjur til framfærslu, til frekari lækkunar á fjölskyldufólki, ekki ósanngjörn, því að sú staðreynd er óhrekjanleg, að skattþunginn hefur hvílt hlutfallslega léttara á einhleypingum undanfarin ár.

Nú væri ekki úr vegi að sýna fram á með nokkrum dæmum heildaráhrif frumvarpsins við skattlagningu 1953, miðað við mismunandi tekjur á árinu 1952 og fjölskylduástæður, og til samanburðar skattana eins og þeir yrðu að óbreyttum skattalögum.

Einhleypingar:

Með hækkun persónufrádráttar og breyttum skattstiga eru þurrkaðir út skattar einhleypra af tekjum frá kr. 4650.00 til 8600.00, sem yrðu skattlagðar að óbreyttum lögum.

Með sérstökum ákvæðum um skattfrelsi af lágtekjum falla niður skattar af tekjum einhleypra, sem ekki ná kr. 13 550.00. Áður hefur verið bent á, hvað skattar lækki á lágtekjum samkvæmt núgildandi lögum.

Tekjur frá kr. 13 550.00 að og með kr. 17 600.00 njóta fyllilega áhrifa af tvöföldun persónufrádráttar, og tekjur allt að kr. 21 600.00 njóta hluta af hækkun persónufrádráttar. Einhleypingur með kr. 21 600.00 til og með kr. 68 550.00 í tekjur hækkar í skatti frá kr. 2.00 upp í kr. 398.00 hæst.

Eftirfarandi tafla sýnir bezt áhrifin:

	Tekjuskattar	
Tekjur einhleypings	skv. frumvarpinu	skv. núgildandi skattalögum
4 650.00	0	2.00
8 500.00	0	28.00
12 750.00	falli niður	81.00
13 500.00	falli niður	143.00
13 550.00	56.00	143.00
17 600.00	142.00	267.00
21 550.00	418.00	420.00
21 600.00	422.00	420.00
32 950.00	1 305.00	1 055.00
34 000.00	1 400.00	1 119.00
68 550.00	6 530.00	6 132.00

Hjón:

Hjón með 16 800 kr. tekjur verða skattfrjáls vegna sérstakrar niðurfellingar skatts af lágtekjum. Að óbreyttum skattalögum verða hjón með 8700 kr. tekjur skattlögð, en skattur af þeim tekjum hjóna og af tekjum að og með kr. 16 900.00 er lækkaður um ⅓ hluta.

Hjón með 18 400 kr. tekjur greiða helmingi lægri skatt (kr. 71.00) en einhleypir af 17 600 kr. tekjum. Að óbreyttum skattalögum hefði skatturinn orðið kr. 164.00.

Hjón með 29 500 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 605.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 284.00.

Hjón með 32 950 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 795.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 524.00.

Hjón með 36 600 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 1023.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 781.00.

Hjón með 1 barn á framfæri:

Hjón með 1 barn á framfæri með 23 400 kr. tekjur verða skattfrjáls vegna niðurfellingar skatts af lágtekjum. Að óbreyttum skattalögum verða hjón með 1 barn á framfæri og með 11 900 kr. tekjur skattlögð, en skattur af þeim tekjum að og með kr. 20 000.00 er lækkaður um ⅓ hluta.

Hjón með 1 barn á framfæri og 29 500 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 447.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 142.00.

Hjón með 1 barn á framfæri og 32 950 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 616.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 211.00.

Hjón með 1 barn á framfæri og 36 600 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 822.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 319.00.

Hjón með 2 börn á framfæri:

Hjón með tvö börn á framfæri með 30 000 kr. tekjur verða skattfrjáls vegna niðurfellingar skatts af lágtekjum. Að óbreyttum skattalögum verða þessir aðilar að greiða skatt af tekjum frá kr. 15 100.00, en skattur af þeim tekjum og með 23 300 kr. eru lækkaðir um ⅓ hluta.

Hjón með 2 börn á framfæri og 32 950 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 457.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 84.00.

Hjón með 2 börn á framfæri og 36 600 kr. tekjur: Skattur að óbreyttum lögum yrði kr. 639.00; samkvæmt frumvarpinu kr. 152.00.

Ed. 492. Frumvarp til laga [118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) í aprílmánuði ár hvert.

3. gr.

Af hundum búenda og annarra, er búfé eiga, skal greiða 15 króna skatt árlega, en af öðrum hundum 150 kr. skatt árlega.

Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.

4. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

5. gr.

Bæjarstjórnir, eða hreppsnefndir undir umsjón sýslunefnda, skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi.

Kostnaður greiðist úr bæjar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð sulla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

8. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Ed. 493. Lög [178. mál]

um breyting á lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskimat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 375.

Ed. 494. Lög [166. mál]

um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 299.

Nd. 495. Lög [161. mál]

um eignarnám jarðarinnar Svínadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 479.

Nd. 496. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og l. nr. 39/1946, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Í frumvarpinu er lagt til, að heimild fiskveiðasjóðs til útgáfu handhafavaxtabréfa sé hækkuð úr 4 millj. kr. upp í 20 millj. kr. Jafnframt er lagt til, að hámark lána til fiskiðjufyrirtækja verði hækkað. Nefndin lítur svo á, að nauðsyn beri til að auka starfsfé sjóðsins. Í því sambandi skal þess getið, að útlán hans fyrstu 10 mánuði þessa árs voru 8,9 millj. kr. og lágu þá fyrir umsóknir um 6,7 millj. kr. til viðbótar. Nefndinni er að vísu ljóst, að örðugt er um útvegun lána, jafnvel þótt ríkisábyrgð sé í boði, en gert er ráð fyrir því, að ríkisstjórnin veiti sjóðnum þá aðstoð við lánsútvegun, sem tök eru á.

Þá hefur nefndin til athugunar fleiri breytingar á lögunum, þar á meðal í sambandi við bátabyggingar innanlands.

Alþingi, 17. des. 1952.

Pétur Ottesen, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Sig. Ágústsson.	

Nd. 497. Frumvarp til laga [191. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1953 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi grg. frá menntamálaráðherra:

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um skemmtanaskatt. En þar sem eigi er útlit fyrir, að það nái fram að ganga fyrir áramót, er nauðsynlegt að veita ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta skemmtanaskatt með sama álagi árið 1953 og að undanförnu.

Ed. 498. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. Aftan við 1. málsl. komi nýr málsliður, er orðist svo:

Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er nemur 2% af bókfærðu andvirði varanna.

Til vara:

Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er reiknaður sé af bókfærðu andvirði varanna.

Nd. 499. Frumvarp til laga [192. mál]

um afnám laga nr. 38 1948, um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Lög nr. 38 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fiskveiðasjóður Íslands, þ. e. sjóður með því nafni, hefur nú verið starfandi nál. hálfa öld, en lög um hann voru fyrst sett á Alþingi 1905. Var honum í öndverðu ætlaður þriðjungur sektarfjár vegna landhelgisbrota, auk lítils háttar árlegs framlags úr landssjóði. Safnaðist sjóðnum þannig nokkurt fé, er verja skyldi til stuðnings sjávarútveginum, en fé hans var í umsjá landsstjórnarinnar. Starfsemi hans var þá með öðrum hætti en nú og lausari í sniðum. Með stofnun landhelgissjóðs árið 1920 féllu niður tekjur fiskveiðasjóðs af sektafé, og dró það að sjálfsögðu mjög úr vexti hans.

Árið 1930 voru sett ný lög um Fiskveiðasjóð Íslands, þar sem honum var ætlað að annast almenn 1. veðréttar stofnlán til fiskibáta, enda var honum þá jafnframt fenginn nýr tekjustofn, sérstakt útflutningsgjald af sjávarafurðum, svonefnt fiskveiðasjóðsgjald, sem lagt var á í því skyni. Voru eignir sjóðsins þá rúmlega ½ millj. kr., sem bundin var í lánum, að nokkru hjá bátaútveginum, en þó einkum vegna hafnarframkvæmda, t. d. í Reykjavík. Síðar voru, á árunum 1938—43, gerðar allmiklar breytingar á lögunum, en með þeim var starfssvið sjóðsins mjög aukið, starfssvið hans stækkað og lánskjör bætt. Var sjóðnum þá afhent að fullu hið almenna útflutningsgjald af sjávarafurðum, er áður hafði runnið í ríkissjóð. Hingað til hefur sjóðurinn að mestu starfað með eigin fé. Hann hefur verið í umsjá Útvegsbanka Íslands, síðan sá banki var stofnaður.

Þegar þess er gætt, að fiskveiðasjóður er nú og hefur lengst af verið eina stofn-

unin í landinu, sem veitir 1. veðréttar lán til vélbáta og fiskiðjuvera þeirra, sem starfa að hagnýtingu bátaaflans, liggur í augum uppi, að sjóðurinn hefur minna starfsfé en hann þyrfti að hafa. Tvær leiðir eru til að auka starfsféð. Önnur leiðin er að auka heimild sjóðsins til lántöku, en sú heimild er nú takmörkuð við 4 millj. kr. Það er þó enn óvíst, hvernig sjóðnum tækist að útvega slík lán. Hin leiðin er að auka þær tekjur, sem sjóðurinn nú hefur að lögum.

Í frv. þessu er lagt til, að sjóðurinn fái sama útflutningsgjald af saltfiski og hann nú hefur af öðrum sjávarafurðum almennt. Er lagt til, að þessu verði komið í kring með því að afnema lög nr. 38 1948, en með þeim lögum var saltfiskur undanþeginn gjaldi þessu. Slík undanþága hafði áður verið í lögum um tíma, en var þá gerð vegna þess, að mjög erfitt var um saltfisksölu, og var svo raunar enn 1948, er undanþágan var leidd í lög á ný. Í seinni tíð hefur sú breyting orðið á, að sala saltfisks hefur stóraukizt og verð á honum hefur verið fyllilega sambærilegt við verð á freðfiski. En jafnframt því, sem saltfiskframleiðslan hefur aukizt, hefur framleiðsla freðfisks og ísfisks að sjálfsögðu minnkað hlutfallslega og þá einnig tekjur fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu, miðað við það, sem þær ella hefðu orðið. Undanþágan er því til mikils tjóns fyrir þá, sem þurfa á lánum að halda úr fiskveiðasjóði, og þar sem ekki verða nú lengur færð fyrir henni þau rök, sem til staðar voru við lögfestingu hennar, þykir eðlilegt að afnema hana. Þess má geta, að önnur útflutningsgjöld, t. d. fiskimálasjóðsgjald og gjöld til félagsstarfsemi útvegsmanna, eru nú greidd af saltfiski eins og öðrum sjávarvörum. Undanþágan er eingöngu í gildi varðandi útflutningsgjald fiskveiðasjóðs, og sýnir það m. a., hve óeðlileg hún er.

Um það verður ekki deilt, að þörf vélbátaútvegsins og fiskiðjuvera hans til stofnlána er mjög brýn. Um það bera gleggst vitni umsóknir þær, er fyrir liggja í fiskveiðasjóði um slík lán. Úr þessari þörf verður að bæta eftir því, sem föng eru á, og virðist einsætt að gera það fyrst og fremst með því að efla hina gömlu lánastofnun bátaútvegsins, Fiskveiðasjóð Íslands, enda hafa störf hans þótt gefast vel, og á hans vegum hefur um áratugi verið aflað mikillar reynslu um framkvæmd þessara mála.

Um það geta verið skiptar skoðanir, hvort rétt hafi verið að fara þá leið að afla fiskveiðasjóði starfsfjár með útflutningsgjaldi á sjávarafurðir. Þess er þó að geta, að mikill hluti þessa fjár rann áður í ríkissjóð til almannaþarfa, en hefur nú verið fengið sjávarútveginum aftur, þótt það sé notað í hans þágu með sérstökum hætti. Gagnsemi fjárins, svo sem það nú er notað, er almennt viðurkennd. Fáir eða engir virðast þess fýsandi að taka fyrir kverkar fiskveiðasjóði með því að svipta hann með öllu tekjum sínum af útflutningsgjaldinu. Má þá líka telja réttmætt að samræma gjaldið eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Árið 1950 fór stjórn fiskveiðasjóðs þess bréflega á leit við sjávarútvegsnefnd Nd., að hún beitti sér fyrir því, að undanþágan frá 1948 yrði afnumin. Voru þá af hálfu sjóðsins færð skýr rök fyrir málaleitun þessari. Nefndin taldi sér þá ekki fært að flytja málið. Var það þó eigi að síður flutt á þingi 1950, en náði ekki samþykki. En nú hefur meiri hluti nefndarinnar (EirÞ, SÁ og GG) ákveðið að flytja frv. þetta.

Á árunum 1930—40 veitti fiskveiðasjóður lán að upphæð samtals 3,6 millj. kr. Síðan hefur hann á árunum 1941—52 (til 31. okt.) veitt lán að upphæð samtals 50,8 millj. kr. Alls nema þá lánveitingar síðan 1930 54,4 millj. kr. Frá ársbyrjun 1943 til 31. okt. 1952 skiptast útlán sjóðsins þannig:

Til skipa	29 736 960 kr.
— hraðfrystihúsa	7 925 000 —
— fiskimjölsverksmiðja	4 342 900 —
— fiskþurrkunarhúsa o. fl.	4 469 000 —
— annarra fyrirtækja	2 096 550 —

Á fyrstu 10 mánuðum ársins 1952 veitti sjóðurinn lán samtals að upphæð nál. 9 millj. kr.

Í byrjun nóvembermánaðar s. l. lágu auk þess fyrir eftirfarandi lánbeiðnir, sem nauðsyn ber til að afgreiða á næstu mánuðum:

Til skipa	765 000 kr.
— nýrra véla í skip	2 000 000 —
— hraðfrystihúsa	1 830 000 —
— fiskimjölsverksmiðja	1 300 000 —
— fiskþurrkunarhúsa	680 000 —
— dráttarbrauta	160 000 —
Samtals	6 735 000 kr.

Af þessum tölum má nokkuð ráða um lánaþörfina og þar með starfsfjárþörf sjóðsins.

Samtals hafa verið veitt úr fiskveiðasjóði frá öndverðu til 31. okt. s. l. 1040 lán. Skipalánin eru að sjálfsögðu langflest, en eins og sundurliðaða skýrslan hér að framan ber vitni um, hefur sjóðurinn í seinni tíð einnig veitt mikið af lánum til fiskiðjuvera og annarra framkvæmda í verstöðvunum í þágu sjávarútvegsins.

Ed. 500. Lög [11. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 396.

Ed. 501. Lög [167. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 300.

Nd. 502. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Þrír nefndarmenn (GÞG, JÁ og KS) taka fram, að þeir hefðu kosið að gera meiri breytingar á lögunum um almannatryggingar en í frv. þessu felast. En með tilliti til þess, að síðar á þessu þingi mun verða flutt annað frv. um breyt. á almannatryggingalögunum, falla þeir frá að flytja nú brtt. um mæðralaun o. fl. Þessir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt. við eina grein þessa frv.

Einn nefndarmanna (HelgJ) var fjarstaddur sökum veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 19. des. 1952.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Kristín Sigurðardóttir, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Jónas Árnason.	

Ed. 503. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv., og leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt, með því að hún lítur svo á, að óhjákvæmilegt sé að veita slíka heimild vegna framleiðslu landsins til útflutnings.

Alþingi, 19. des. 1952.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Brynj. Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 504. Lög [132. mál]

um lausn ítaka af jörðum.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 239.

Nd. 505. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Kristínu Sigurðardóttur, Gylfa Þ. Gíslasyni og Jónasi Árnasyni.

2. gr. frv. orðist svo:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1947. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

Nd. 506. Lög [186. mál]

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 454.

Ed. **507. Lög** [189. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 490.

Ed. **508. Lög** [13. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 13.

Ed. **509. Lög** [174. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 482.

Ed. **510. Lög** [191. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 497.

Sþ. **511. Nefndarálit** [157. mál]

um till. til þál. um smíði 10 fiskibáta innanlands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með breytingu. JS var ekki á fundi, er málið var afgreitt. — Á undanförnum árum hefur fiskibátafloti landsmanna rýrnað nokkuð, þar sem árlega falla úr nokkrir bátar með ýmsu móti, en hins vegar hafa ekki verið smíðaðir bátar innanlands upp á síðkastið. — Nefndin er enn fremur sammála um, að æskilegra sé að fylla þau skörð, sem falla í fiskibátaflotann, með nýsmíði innanlands heldur en með nýbyggingu erlendis eða kaupum á gömlum erlendum bátum. Falla að því mörg rök að smíða bátana innanlands, en m. a. skal á það bent, að bátar byggðir innanlands hafa reynzt traustari og hentugri en erlendir bátar, auk þess sem nokkur nýsmíði báta er mjög eðlileg til að tryggja eðlilegan rekstur skipasmíðastöðva í landinu, sem erfitt er að reka með skipaviðgerðir eingöngu að verkefni.

Með tilvísun til framanritaðs hefur nefndin orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hve mikið fiskibátafloti landsmanna hefur rýrnað á síðustu þrem árum, og athuga jafnframt möguleika á því að láta smíða hentuga fiskibáta í íslenzkum skipasmíðastöðvum.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Till. til þál. um smíði fiskibáta innanlands.

Alþingi, 18. des. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Áki Jakobsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Magnús Jónsson.

Sþ. 512. Þingályktun [14. mál]

um aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.)

Samhljóða þskj. 14.

Ed. 513. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

3. gr. laga nr. 68/1934 orðist svo:

Útvarpsráð ræður útvarpsstjóra og segir honum upp. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður útvarpsins í samráði við útvarpsráð, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er útvarpsráð setur, en ráðherra staðfestir.

Útvarpsráð ræður starfsmenn útvarpsins að fengnum tillögum útvarpsstjóra og segir þeim upp.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráð skipa þrír menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Ráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

3. gr.

2. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Alþingi ákveður árlega í fjárlögum upphæð afnotagjaldsins.

4. gr.

Útvarpsráð og útvarpsstjóri semja sameiginlega ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur ríkisútvarpsins, og skal hún send ráðuneytinu í tæka tíð við undirbúning fjárlaga.

5. gr.

1. málsl. 12. gr. laganna orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að láta reka einkasölu á viðtækjum.

6. gr.

2. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:
Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 64 31. des. 1939 og lög nr. 25 18. febr. 1943, um breyt. á lögum um útvarpsrekstur ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kjósa skal í útvarpsráð samkvæmt lögum þessum á þingi því, er samþykkir þau, og fellur þá niður umboð núverandi útvarpsráðsmanna.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur stjórnin á Ríkisútvarpinu verið á þann hátt á undanförnum árum, að þangað hefur vægast sagt ekki verið unnt að sækja neina fyrirmynd um rekstur ríkisstofnana. Um langt tímabil voru bæði útvarpsstjóri og skrifstofustjóri útvarpsráðs leystir frá störfum með fullum launum, á meðan mál þeirra voru í athugun, og þótt báðir hafi á ný tekið aftur við störfum sínum hjá stofnuninni, verður þess ekki vart, að nein skipulagsbreyting hafi verið gerð á rekstri hennar eða nokkur breyting fyrirhuguð á þessu ári til sparnaðar í rekstri eða til öryggis því, að mistök, sem áður hafi komið fyrir, endurtaki sig ekki. Að vísu er þegar ákveðið að skipta um útvarpsstjóra fyrir 1. n. m., án þess þó að breyta fyrirkomulagi á stjórn stofnunarinnar, sem þó hefur reynzt þannig, að full ástæða hefði verið að gera það, einmitt nú þegar skipta á hvort eð er um forstjóra hennar.

Samkvæmt gildandi lögum um rekstur Ríkisútvarpsins er stjórn þess raunverulega tvíþætt. Útvarpsráð, sem skipað er fimm mönnum, tekur ákvörðun um dagskrá og leggur fullnaðarsamþykkt á hana, áður en hún kemur til framkvæmda. Það ræður því án íhlutunar útvarpsstjóra, hvernig því fé er varið, sem ákveðið er í fjárlögum hvert sinn til að mæta kostnaði við útvarpsefni, án þess þó að hafa nokkurt vald til þess að tryggja það, að hagsýni sé gætt í rekstri stofnunarinnar að öðru leyti. Ráðið setur einnig reglur um fréttaflutning útvarpsins, en hefur hins vegar ekkert um það að segja, hvernig fréttanna er aflað, né heldur nokkurt vald til þess að tryggja það, að reglum, sem það hefur sett, sé hlýtt. Þótt útvarpsráð verði vart við margvíslega galla á rekstri stofnunarinnar, er það ekki á valdi þess að fá þar neinu breytt til batnaðar. Hinn daglegi rekstur stofnunarinnar, þ. e. framkvæmdin á dagskránni, er útvarpsráði algerlega óviðkomandi, og þó er hér um að ræða meginhluta af útgjöldum stofnunarinnar og framkvæmdin frumskilyrði fyrir því, að þjóðin fái full not af dagskránni, sem ráðið ræður eitt yfir.

Þessi tvískipting á stjórn stofnunarinnar er meginorsök þeirrar vanstjórnar, sem ríkt hefur þar og valdið þeim óróa og þeirri sundrungu, sem þar hefur átt sér stað og alþjóð er kunnugt um. Þessi skipting á ábyrgðinni á einnig sinn mikla þátt í því, að ekki hefur tekizt að reka stofnunina með þeirri hagsýni, sem iðgjaldagreiðendur eiga kröfu á. Í stað þess að umskipuleggja rekstur stofnunarinnar til þess á þann hátt að draga úr rekstrarhalla, er gripið til þess að hækka afnotagjöldin og á þann hátt lagður nýr skattur á fólkið.

Það er ljóst, að með því að breyta stjórnarfyrirkomulagi í stofnuninni á þann veg, sem frumvarp þetta kveður á um, gefst tækifæri til þess að koma á miklu hagkvæmara og öruggara rekstrarfyrirkomulagi og miklu meira aðhaldi en verið hefur, og sýnist á því full þörf. Er þess því vænzt, að frv. þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Ed. 514. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 69/1941, um sparisjóði.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

2. málsgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 69 27. júní 1941 orðist svo:

Ráðherra felur Landsbanka Íslands að fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, skal ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum. Með því að vitað er, að eftirlitið yrði bezt rækt með því að fela það Landsbanka Íslands, sem vegna viðskipta við sparisjóðina hefur langmesta þekkingu á rekstri þeirra og efnahag, þykir eðlilegt, að ráðherra feli þeirri stofnun eftirlitið, í stað þess að fela það einstaklingi, eins og nú er gert. Gæti ríkissjóður sparað sér þennan kostnað, sem nú er áætlaður rúmlega 40 þús. krónur, því að líklegt má telja, að Landsbankinn vildi annast þessi störf ríkissjóði að kostnaðarlausu vegna viðskipta bæði við ríkissjóð og sparisjóðina, auk þess sem eftirlitið mundi á þennan hátt verða miklu öruggara.

Ed. 515. Frumvarp til laga [195. mál]

um samningaumleitanir við Eimskipafélag Íslands h/f um strandferðir.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita eftir samningum við Eimskipafélag Íslands h/f um, að félagið taki að sér allar strandferðir umhverfis landið, þar með taldar allar flóabátaferðir, sem nú njóta styrks úr ríkissjóði, og haldi þeim uppi á sinn kostnað, með þeim styrk úr ríkissjóði, er samið kann að verða um, enda taki Eimskipafélagið við öllum þeim strandferðaskipum, sem ríkissjóður er nú eigandi að. Skulu samningaumleitanir þessar hafnar svo fljótt sem verða má og samningum komið á, ef unnt er, eigi síðar en á síðara missiri ársins 1953.

2. gr.

Takist samningar þeir, sem um er rætt í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að afhenda og afsala Eimskipafélagi Íslands h/f öll þau strandferðaskip, sem nú eru

í eigu ríkissjóðs, þar með talið olíuflutningaskipið „Þyrill“, svo og allar aðrar eignir hans á sjó og landi, sem Skipaútgerð ríkisins hefur yfir að ráða, þar með taldar allar kröfur og réttindi Skipaútgerðarinnar, enn fremur alla hlutaeign, er ríkissjóður kann að eiga í flóabátafélögum þeim, er nú njóta styrks úr ríkissjóði, allt án annars endurgjalds en þess, að félagið skuldbindi sig til að halda uppi strandferðunum á sinn kostnað í næstu 25 ár. Skal styrkur samkvæmt 1. gr. ákveðinn með tilliti til þess, að eignir eru afhentar félaginu samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar. Þegar eignayfirfærsla hefur farið fram samkvæmt þessari grein, skal Skipaútgerðin lögð niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nærri hálfan fjórða tug ára hefur ríkissjóður haldið uppi á sinn kostnað strandferðum umhverfis Ísland, fyrst með eimskipinu „Sterling“, síðan með eimskipinu „Esju“, þar næst með eimskipinu „Súðinni“ og nú hin síðari árin með fjórum nýjum vel útbúnum dieselmótorskipum, sem annast bæði farþega- og vöruflutninga umhverfis landið, auk þess sem ríkissjóður hefur jafnan haft alls konar mismunandi og æði ótryggar fleytur í strandferðunum, sem á engan hátt hafa uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru til strandsiglinga.

Framan af var Eimskipafélagi Íslands h/f falin útgerðarstjórn á strandferðaskipunum, eða allt til ársins 1929, að stofnsett var Skipaútgerð ríkisins, sem annazt hefur útgerðarstjórnina alla tíð síðan.

Á því leikur enginn vafi, að það var almenn ósk Íslendinga, að Eimskipafélagið annaðist allar siglingar með ströndum fram og landa á milli, að því er snerti flutninga á farþegum og vörum fyrir Ísland, enda langeðlilegast, að þetta væri allt í höndum aðila, sem tekið hafði að sér að annast slíkar samgöngur og öll þjóðin stóð að því að koma á fót. Var það beinlínis vegna fjárskorts fyrstu árin og vegna þess, að félagið missti annað af hinum nýju skipum sínum á fyrsta starfsári, að ríkissjóður varð að hlaupa undir bagga og kaupa skip til strandferðanna. Það var ekki heldur óeðlilegt að nota vátryggingarfé þess skips, eftir að það strandaði, til þess að kaupa fyrir það nýtt skip í ferðirnar, þótt hins vegar þá hefði átt að taka upp þá samninga við Eimskipafélagið, að það annaðist ferðirnar á sinn kostnað, gegn hæfilegu framlagi frá ríkissjóði. Þetta fór þó því miður annan veg, eins og kunnugt er.

Fyrsta áratuginn, sem Skipaútgerð ríkisins starfaði, urðu slík mistök á rekstrinum, að sýnilegt var, að ríkissjóður átti ekki að hafa slíkan rekstur með höndum. Einkum kom þetta þó fram í vali skipa til strandferðanna, eins og kunnugt er, þegar gamalt og úrelt skip, sem aðrar þjóðir gátu ekki lengur notað, var keypt til þess að annast hér ferðir, sem höfuðskilyrði var, að valin væru í ný, hentug og sparneytin skip, enda fór svo að lokum, að ekki þótti lengur stætt á því að bjóða landsmönnum slíkan farkost til flutninga nema í neyð, og var því horfið að því að kaupa nýtt og hentugt skip í strandferðirnar. Kom skip þetta til landsins rétt í byrjun síðasta ófriðar. Allan þennan tíma var mönnum það ljóst, að nauðsynlegt væri, að strandsiglingarnar væru á einni hendi, ef vel átti að sjá fyrir þörfum fólksins, og helzt á hendi þess sama aðila sem flutti að og frá landinu meginhluta farþega og farma. Af þessum ástæðum gerði Skipaútgerðin ítrekaðar tilraunir til þess að fá einkaaðstöðu til flutninga á ströndinni, þótt það tækist aldrei.

Eftir að ófriðurinn skall á, færðust samgöngurnar í það horf, að Eimskipafélagið notaði meira og meira skipakost sinn til flutninga á milli landa, en lét Skipaútgerðinni eftir meira og meira flutninga á ströndinni, þótt það hins vegar sleppti aldrei að fullu hendinni af þeim flutningum. Kom þá fljótt í ljós, að með þeim skipakosti, sem Skipaútgerðin hafði yfir að ráða, var engan veginn unnt að halda

uppi ferðunum, svo að viðunandi væru, og þá ekki heldur að láta þær bera sig fjárhagslega, einkum ekki þann farkostinn, sem orðinn var ellihrumur og uppfyllti á engan hátt kröfur nútímans. Því var það, að Alþingi skipaði milliþinganefnd árið 1943 til þess að athuga fyrirkomulag strandferðanna og gera tillögur um nýja skipun strandsiglinga, einkum fyrirkomulag flóabáta og hvernig bezt megi samræma ferðir þeirra við siglingar strandferða og millilandaskipa.

Nefndin lagði mikla vinnu í að athuga þessi mál öll og skilaði ýtarlegum álitum í júní 1945 ásamt tillögum, er síðar var allt sent Alþingi og birt sem þskj. 94 1945. Voru nefndarálitin þrjú: eitt frá formanni nefndarinnar, Pálma Loftssyni framkvæmdastjóra Skipaútgerðarinnar, eitt frá Jóni A. Péturssyni og Arnfinni Jónssyni og eitt frá Gísla Jónssyni, en allir þessir aðilar áttu sæti í nefndinni. Í nál. P. L. er því mjög haldið fram, að rekstrarhalli ríkissjóðs af strandferðum stafi af því, að hvorki strandferðir né millilandaferðir séu skipulagðar sem skyldi, enda erfitt að framkvæma slíka skipulagningu, á meðan öðrum aðilum er heimilt að sigla með flutninga á betri hafnir landsins, en hins vegar skipakostur ríkisins í strandferðum óhentugur. Er þetta í samræmi við þær skoðanir, sem hann hélt fram í nefndinni. Hann lagði því til, að komið yrði upp nokkrum innflutningshöfnum umhverfis landið, og skyldi síðan flytja vörur til þeirra og frá þeim, ýmist til útlanda eða á hinar smærri hafnir innanlands. Þótt hann jafnframt legði ekki til í nál., að banna skyldi öðrum aðilum en Skipaútgerðinni strandsiglingar, þá hélt hann því mjög fast fram í nefndinni og taldi, að að því bæri að vinna, þegar útgerðin hefði öðlazt nægilegan skipakost til þess að annast ein alla flutningana. Hér kom fram skoðun manns, sem árum saman hafði starfað að þessum málum og stjórnað þeim. Mun hún enn ríkjandi hjá Skipaútgerðinni, enda jafnan talin meginorsök rekstrarhalla útgerðarinnar, að henni hefur ekki verið gefið sérleyfi til strandferða. En eigi að koma slíku sérleyfi á og þannig útiloka rekstrartap án þess að leggja nýja byrði á neytendur, þá verður það margfalt auðveldara með því að afhenda ferðirnar fjársterku félagi, sem þegar er vel búið skipakosti, en að láta ríkissjóðinn annast ferðirnir í samkeppni við þann aðila, sem þá yrði að útiloka frá strandsiglingum til stórtjóns fyrir allan landslýð. Þeir Jón A. Pétursson og Arnfinnur Jónsson töldu það vera meginatriði fyrir rekstri strandferðanna í framtíðinni, að þær yrðu allar á einni hendi, og ég tók það þá skýrt fram, að ég áliti það höfuðnauðsyn að taka upp þá þegar samvinnu við Eimskipafélagið um skipulagningu strandsiglinga og millilandasiglinga. Um þetta atriði var enginn ágreiningur, heldur um hitt, að ég vildi þá, að allar strandsiglingar yrðu afhentar Eimskipafélaginu, eins og ég einnig tel heppilegast enn, en á þetta vildu aðrir nefndarmenn ekki fallast.

Það er ávallt að koma betur og betur í ljós, að nauðsynlegt er að koma þessum málum undir eina stjórn og einn aðila, eins og það er líka ljóst, að það er enginn aðili til í landinu, sem hefur jafnmikla möguleika til þess að leysa þetta af hendi, svo að vel fari, eins og Eimskipafélagið. Má t. d. benda á, að um langt árabil hefur Skipaútgerðina skort vörugeymsluhús hér í Reykjavík, sem kosta mundi margar milljónir króna að reisa, auk margvíslegra annarra fjárfestingarþarfa. Allt þetta má spara, ef frv. þetta verður að lögum.

Þá þykir mér rétt að benda á, að árið 1945 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að láta smíða þrjú ný strandsiglingaskip. Hafði forstjóri skipaútgerðarinnar áður gert yfirlit yfir rekstur þeirra og sýnt þar fram á, að bæði stærri skipin, „Esja“ og „Hekla“, gætu haft nægar tekjur á móti útgjöldum, en 300 smál. bátunum var áætlaður um 200 þús. kr. styrkur hvorum um sig. Á þessum gæsilega útreikningi byggði Alþingi heimild sína til byggingar skipanna. Skip þessi voru ekki komin öll til landsins fyrr en á miðju ári 1948. Það ár er rekstrarhalli á strandferðunum um 4.5 millj. kr., en við það má þó ekki miða, þar sem skipin voru ekki öll komin til starfa í ársbyrjun. Hins vegar mátti ætla, að rekstur skipanna 1949 nálgaðist nokkuð það, sem gert hafði verið ráð fyrir, en það ár er hallinn um 4 millj. kr., eða um 3.2 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í áætlun forstjórans 1947. Stafar þetta langsamlega mest

af því, að skipin höfðu ekki nægilegan flutning, enda hefur „Hekla“ jafnan verið tekin til millilandasiglinga skemmri eða lengri tíma á hverju ári síðan. Ber allt að sama brunni, að heppilegra verði að siglingarnar verði allar færðar á eina hendi, eins og raunverulega hefur ávallt verið talið af öllum fyrrnefndum nefndarmönnum, sem athuguðu þessi mál.

Að síðustu skal bent á, að auk strandsiglinganna annaðist ríkissjóður um alllangt tímabil sérleyfisferðir á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og Akureyrar, með þeim árangri, að milljónum var varið í hallarekstur, unz ferðirnar voru afhentar öðrum aðilum. Síðan það var gert, hafa orðið mjög miklar umbætur á ferðunum, og mundi nú enginn vilja, að ríkissjóður tæki þær upp á ný. Samtímis var létt milljónabyrði af ríkissjóði. Það er fullvíst, að sama mundi gerast, ef Skipaútgerðin yrði lögð niður og ferðirnar afhentar Eimskipafélaginu. Fólkið fengi betri þjónustu, fleiri og meiri umbætur, og ríkissjóður sparaði árlega stórar fjárfúlgur, og það veitir sannarlega ekki af, að að því verði horfið að spara í rekstri ríkisins, hvar sem unnt er, og einkum þar, sem sparnaðurinn hefði það jafnframt í för með sér, að þjónustan yrði mun betri.

Ed. 516. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Aftan við c-lið 3. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir svo hljóðandi:

d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

2. gr.

Annar tölulíður 3. gr. laganna orðist svo:

2. Að endurgreiða verzlunum aðflutningsgjöld af birgðum, er þær áttu 22. des. s. l. af vörum þeim, sem taldar eru í d- og e-lið hér á undan. Fjármálaráðherra setur reglur um hvernig haga skuli endurgreiðslunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðal þeirra ráðstafana, er ríkisstjórnin beitti sér fyrir við lausn vinnudeilunnar í des. s. l. var lækkun verðs á sykri og kaffi. Var sú verðlækkun gerð á þeirri forsendu að felld yrði niður aðflutningsgjöld, þ. e. vörumagns- og verðtollur af vörutegundum þessum. Nauðsynlegt var að verðlækkunin kæmi þegar í stað til framkvæmda, er samningar höfðu tekizt, og varð til þess að svo gæti orðið, að leita heimildar til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af birgðum verzlana af áðurgreindum vörum, enda væri birgðatalning staðfest af hreppstjóra eða trúnaðarmanni verðgæzlunnar.

Til þess að ríkissjórnin geti staðið við gefin heit er henni nauðsynlegt að fá heimildir þær, er felast í þessu frv.

Nd. 517. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Athugasemdin aftan við nr. 11 í 19. kafla falli niður.			
2.	Aftan við nr. 3 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: **Aths.** Ráðuneytinu er heimilt að færa kolsýru niður í 8% verðtoll.			
3.	Aftan við nr. 51 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	51a — Frostlögur og bremsuvökvi	1 kg	7	30
4.	Í stað nr. 2 í 30. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: **Litarextrakt úr jurtaríkinu:**			
	2 — barkarlitur	—	2	2
	2a — annar	—	7	8
5.	Í stað fyrirsagnarinnar að 33. kafla „Ostaefni (kasein), albúmín, gelatín, lím og steiningarefni (appretúrefni)“ komi: Eggjahvituefni og efni leidd af þeim, lím og steiningarefni.			
6.	Aftan við nr. 3 í 33. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	3a Peptón, petónöt, protein, ót. a., og efni leidd af þeim	—	7	8
7.	Í stað nr. 6 í 33. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	6 — dextrín	—	7	8
	6a — annað	—	7	30
8.	Aftan við nr. 19a í 39. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	19b Björgunarbátar og önnur björgunartæki	—	2	2
9.	Aftan við nr. 7 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: **Aths.** Ráðuneytinu er heimilt að lækka eða fella niður verðtoll af ósöguðum trjáviði í fisktrönur.			
10.	Nr. 11 í 40. kafla orðist svo:			
	11 — askur og álmur	—	10	8
11.	Við nr. 61 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: **Aths.** Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af túrbínupípum niður í 8%.			
12.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir	—	7	5
13.	Nr. 5 og 5a í 46. kafla B orðist svo:			
	5 — netjagarn, einlitt	—	2	
	5a — annað	—	7	5
14.	Nr. 1 í 46. kafla C orðist svo:			
	1 Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tvinnaður með málmþræði	—	20	50
15.	Nr. 5 í 49. kafla orðist svo:			
	5 — netjagarn	—	2	
16.	Nr. 35 í 50. kafla orðist svo:			
	35 — annars	—	20	15
17.	Í stað nr. 10 í 52. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	— — baðmull:			
	— — — nærfatnaður:			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	10 — — — — „manchettskyrtur“	kg	20	50
	10a — — — — annar	—	20	25
18.	Nr. 34 í 52. kafla orðist svo:			
	34 Segl og bárufleygar	—	2	8
19.	Nr. 42 í 63. kafla falli niður.			
20.	Aftan við athugasemdina við nr. 66 í 63. kafla bætist: Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka verðtoll af rúmum fyrir sjúkrahús niður í 8%.			
21.	Aftan við nr. 97 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	97a — önnur	—	7	8
22.	Nr. 25 í 71. kafla orðist svo:			
	25 — með áletrun, sem ber með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar landbúnaðar- og sjávar-afurðir eða aðrar íslenzkar afurðir til útflutnings	—		2
23.	Nr. 15 í 75. kafla orðist svo:			
	15 Hestvagnar, heygrindur fyrir dráttarvélar og aðrir áþekkir vagnar og vagnhlutar, ót. a.	—	2	8
24.	Nr. 4 í 77. kafla orðist svo:			
	4 Smásjár og smásjárhlutar	—	7	8
25.	Í stað fyrirsagnarinnar að 79. kafla „Hljóðfæri og hljóð-færahlutar“ komi: Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra.			
26.	Í stað nr. 8 í 79. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	8 Harmoníkur	—	7	50
	8a Hlutar til harmoníka	—	7	30
27.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi fimm nr., svo hljóðandi:			
	8 — umbúðablöð, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings	—		2
	— plötur, stengur, þynnur o. þ. h.:			
	9 — — einlitar og ómunstraðar	—	7	15
	9a — — aðrar í ströngum eða lengjum	—	7	20
	9b — duft og deig, ót. a.	—	7	8
	9c — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
28.	Aftan við nr. 6 í 85. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	7 Bandprjónar, heklunálar, prjónavélanálar, saumavéla-nálar, saumnálar, seglsaumsnálar, striganálar, stoppu-nálar og aðrar þess háttar nálar	—	7	10

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. i-liður 3. gr. orðist svo:
   i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar, og af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum umbúðum.
2. j-liður 3. gr. orðist svo:
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar framleiðslu- og iðnaðarvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, enda sé hægt að ganga úr skugga um magn og verð hinna erlendu efnivara, eða að greiða hinum innlendu framleiðendum útflutningsendurgreiðslur, sem

svari sem næst til þeirra aðflutningsgjalda, sem ætla má að greiddar hafi verið af efnivörunum.

3. Á eftir y-lið 3. gr. komi tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   z. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði íslenzkra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.
   þ. Að heimta aðeins verðtoll af leigu tækja, sem eru send hingað til notkunar um stuttan tíma og þegar eru endursend að notkun lokinni.
   æ. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til netjagerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir 17. liður laga nr. 49/1950 og 11. og 21. liður 1. gr. laga nr. 108/1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flestar þær breytingar á tollum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru vegna iðnaðarins, aðallega ætlaðar til þess að lagfæra tolla á hráefnum og vörum til iðnaðarins og í einstökum tilfellum til þess að auka vernd iðnaðarins með hækkun aðflutningsgjalda.

Við undirbúning málsins hafa verið tekin til ýtarlegrar athugunar öll erindi um breytingar á tollum, sem borizt hafa frá iðnaðarfyrirtækjum og samtökum iðnaðarins og iðnaðarmanna. Enn fremur hefur verið athugað gaumgæfilega bráðabirgðanefndarálit það, sem borizt hefur frá milliþinganefnd í iðnaðarmálum, og í samráði við iðnaðarmálaráðherra haft sérstaklega samband við Félag ísl. iðnrekenda um það, hvaða atriði mest áherzla væri lögð á í þessu sambandi.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem fer hér á eftir.

Um 1. gr.

1. Breyting þessi er gerð vegna iðnfyrirtækja, sem framleiða tilteknar innlendar tollvörutegundir.

Samkvæmt lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, eru gjaldskyldar með kr. 13.86 af kg kókosbollur, „negrakossar“ og rjómalengjur. Eftir að kex og aðrar brauðvörur komu á bátalista hafa alls konar vörur af því tagi verið fluttar inn og þar á meðal sams konar vörur og nefndar voru og gjaldskyldar eru eftir lögum nr. 60/1939. En þrátt fyrir bátagjaldeyrinn er hærra tollvörugjald af hinum innlendu vörum en af hinum erlendu innfluttu, en til þess að hinar erlendu af sama tagi og hinar innlendu geti talizt til 18. kafla með sömu aðflutningsgjöldum og aðrar kakaóvörur, sem eru með innlendu tollvörugjaldi, og til þess að hinar erlendu vörur verði í hærri gjöldum en hinar innlendu, verður að fella úr gildi ákvæðin í athugasemdinni við nr. 11 í 19. kafla, en í kókosbollum, „negrakossum“ og rjómalengjum er minna en 50% af kakaói og súkkulaði.

2. Með 3. lið 1. gr. laga nr. 71/1947 var hækkaður verðtollur á kolsýru úr 8% í 30%, og var það gert til verndar kolsýrugerð innlends fyrirtækis. Fyrirtæki þetta er nú hætt störfum, en fyrirtæki, sem nota kolsýru, kvarta yfir of háum tolli af þessari vöru og fara fram á, að heimilt verði að lækka verðtollinn að nýju í það, sem hann var áður. Þar eð sanngjarnt þykir að verða við þessari beiðni nefndra iðnfyrirtækja, er borin fram breytingartillaga sú, sem hér um ræðir.

3. Frostlögur telst nú ýmist til nr. 52 og 54 í 28. kafla tollskrár með 8% verðtolli eða til nr. 61 í sama kafla með 30% verðtolli, og hefur mest af frostleginum undanfarið komið í þann verðtoll. Það er óeðlilegt, að sams konar vörur komi í

fleiri tollskrárnúmer og séu með misháum tolli, og til að bæta úr því, er lagt til, að allur frostlögur komi í eitt og sama númer, en þetta verður því aðeins gert, að tekið verði upp nýtt númer í 28. kafla, eins og gert er ráð fyrir í þessum tölulið frumvarpsins. Þá er ætlazt til, að allur bremsuvökvi, sem er vara skyld frostlegi, komi í sama númer.

4. Netjagerðir fara fram á lækkun á tolli af extröktum til að lita með net. Af venjulegum netjum eru aðeins 2 aurar af kg í vörumagnstoll og 2% verðtollur, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár, og þykir ekki sanngjarnt, að af netjalitum séu hærri tollar.

5. og 6. Ölgerðin h.f. Egill Skallagrímsson hefur farið fram á það, að eggjahvítuefnið pepton, sem hún ætlar að nota til ölframleiðslu sinnar, verði sett í 8% verðtoll eins og önnur hráefni til iðnaðar. Sanngjarnt þykir að verða við þessari beiðni iðnfyrirtækisins, en um leið þykir rétt, að sams konar efni, þ. e. eggjahvítuefnið protein og efnið petónat, sem er leitt af því, verði sett í sama númer, en efni þessi eru notuð til iðnaðar. Hið nýja númer er tekið eftir frumvarpi tollmálaskrifstofunnar í Brüssel og eins fyrirsögnin að 33. kafla, sem er einnig stytt frá því, sem nú er, og færð til samræmis við þær vörur, sem taldar eru í kaflanum, þar á meðal hið nýja númer.

7. Er ákvæðin um lím og steiningarefni í 33. kafla voru gerð einfaldari með lögum nr. 108/1951, var hækkaður úr 8% í 30% verðtollur af dextríni og byggt á því, að hægt væri að framleiða vöru þessa hér á landi. Nú hefur hins vegar málningarverksmiðjan h.f. Harpa farið þess á leit, að verðtollurinn af dextríni verði aftur lækkaður í 8%, þar eð hún flytji þessa vöru inn og noti hana sem hráefni í gólfdúkalím, og vegna þess, að ekki er enn hafin framleiðsla á vöru þessari hér á landi, þykir sanngjarnt að verða við þessari beiðni iðnfyrirtækisins til stuðnings innlendri límframleiðslu.

8. Undanfarið hafa verið fluttir inn gúmmíbjörgunarbátar til notkunar í hinum smærri fiskiskipum, sem ekki hafa rúm fyrir venjulega björgunarbáta, en gúmmíbátarnir eru blásnir upp með þar til gerðum tækjum á örskömmum tíma og óútblásnir taka þeir lítið rúm í skipinu. Það þykir sanngjarnt, að þessi öryggistæki hinna smærri skipa séu tolluð á sama hátt og önnur björgunartæki, sbr. 41. kafla nr. 4, og því er borin fram tillaga sú, sem felst í þessum lið.

9. Útgerðarmenn og fiskútflytjendur hafa farið þess á leit, að lækkuð séu aðflutningsgjöld af fisktrönum. Þar eð sanngjarnt þykir að styðja útflytjendur herts fisks, er lagt til, að ráðuneytinu heimilist að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af ósöguðum trjávið í fisktrönur. Ekki þykir fært að breyta ákvæðunum í 40. kafla með öðrum hætti en hér er gert, þar eð erfitt er að greina efnið í trönurnar frá öðrum staurum og spírum.

10. Undanfarið og lengst af hefur asktré verið notað í pílára í vagnhjól, en erfiðleikar hafa verið á að fá útflutningsleyfi erlendis fyrir þeirri viðartegund. Hins vegar hafa fengizt útflutningsleyfi fyrir álmi, og er einnig hægt að nota hann í pílára, en af álmi er 15% verðtollur, en af aski aðeins 8%. Nú fara vagnasmiðir fram á það, að verðtollurinn af álmi sé lækkaður til samræmis við verðtollinn af aski, og þar eð hér er um hliðstæðar viðartegundir að ræða, þykir sanngjarnt að verða við beiðni iðngreinar þessarar.

11. 30% verðtollur þykir of hár verðtollur af túrbínupípum og hefur þráfaldlega verið kvartað yfir honum. Til þess að bæta úr þessu, er lagt til, að ráðuneytinu heimilist að færa verðtollinn niður í 8%.

12. og 13. Spunaverksmiðjur hafa flutt inn gervisilkiþræði til framleiðslu sinnar. Hafi þræðirnir verið spunnir eða á þeim verið snúður, hafa þeir talizt til nr. 5a í 46. kafla B með 20 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli, en hafi enginn snúður verið á þræðinum, hafa þeir talizt til nr. 1 í sama kafla með 2 aurum af kg og 2% verðtolli. Það er hvort tveggja, að hér er algerlega óeðlilegur munur á tolli og eins hitt, að oft er mjög erfitt að skera úr því, til hvors tollskrárnúmersins þræð-

irnir eiga að teljast. Hefur afleiðingin af því orðið sú, að sams konar vörur hafa verið tollaðar með tvennu móti, þó að þær væru notaðar í sömu vöru.

Er hér um að ræða lagfæringu til hagsbóta iðnaðinum með verulegri lækkun á tolli eftir nr. 5a, en lítils háttar hækkun á tolli eftir nr. 1, en sú hækkun er aðeins til að samræma tollana eftir þessum tveimur númerum og auðvelda þar með framkvæmdina og eins til að samræma tollana eftir þessum liðum tollunum á baðmullargarni í nr. 7 í 48. kafla.

13. og 15. Þessi breyting er gerð vegna óska frá netja- og seglagerðum. Einnig þykir eðlilegt, að sömu tollar séu á netjagarni úr gerviefnum og úr hör og af netjagarni úr baðmull. Lagt er því til, að verðtollurinn eftir nr. 5 í 46. kafla B og eftir nr. 5 í 49. kafla sé felldur niður. Netjagarn úr nylon, sem er meir og meir að ryðja sér til rúms, er oft litað, og er því lagt til, að í stað orðsins „ólitað“ í nr. 5 í 46. kafla B komi „einlitt“.

14. Saumastofur kvarta yfir því, að sami tollur sé á vefnaðarþræði vöfðum eða tvinnuðum málmþræði og kjólum og öðrum flíkum úr sama efni og njóti saumastofurnar því engrar verndar á þessari framleiðslu sinni. Til að bæta úr þessu er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir, og er gert ráð fyrir í henni, að verðtollurinn eftir nr. 1 í 46. kafla C lækki úr 80% í 50% og vörumagnstollurinn úr 120 í 20 aura innlendum saumastofum og fatnaðargerðum til verndar.

16. Sjóklæðagerðir búa nú til sjóklæði úr íbornum dúk, sem telst til nr. 35 í 50. kafla með 20 aurum af kg í vörumagnstoll og 30% verðtolli, en sjóklæði teljast til nr. 3 í 52. kafla með 2 aurum af kg í vörumagnstoll og 25% verðtoll. Er þannig hærri tollur af efninu en af tilbúnu vörunni, og þykir sanngjarnt, að þetta sé leiðrétt og verðtollurinn lækkaður í 15%, eins og farið er fram á.

17. Iðnfyrirtæki, er búa til manchettskyrtur, kvarta yfir of lítilli vernd, en af slíkum skyrtum úr baðmullarvefnaði, en úr þess konar vefnaði eru þær aðallega gerðar, eru 20 aurar af kg í vörumagnstoll og 25% verðtollur, sbr. nr. 10 í 52. kafla, en af aðalefninu í skyrturnar eru 20 aurar af kg í vörumagnstoll og 20% verðtollur, sbr. nr. 18 í 48. kafla. Er hér um minni tollvernd að ræða en fatnaðargerðir njóta yfirleitt, og er því lagt til, að verðtollurinn af manchettskyrtum sé hækkaður úr 25% í 50%, eins og farið er fram á.

18. Sanngjarnt þykir, að bárufleygar (flotakkeri) séu ekki í hærri tolli en segl. Bárufleygar eru aðallega úr segldúk og teljast því til 52. kafla, og þar eð þeir eru ekki taldir sérstaklega upp í þeim kafla, eiga þeir að teljast til nr. 43 í þeim kafla með 20 aura vörumagnstolli af kg og 50% í verðtoll. Er engin sanngirni í því, að þessar skipsnauðsynjar komi í þann toll.

19. og 28. Bandprjónar og nálar geta verið úr fleiri efnum en stáli, og oft eru þessar vörur saman í sendingum, þó að þær séu ekki allar úr sama efni. Hefur það þótt óeðlilegt, að vörur þessar kæmu þannig í fleiri tollskrárnúmer, og til þess að bæta úr þessu, er lagt til, að allar þær vörur, sem taldar eru upp í nr. 42 í 63. kafla, komi í sama númer í 85. kafla, og nr. 42 falli niður.

20. Á sjúkrahúsum eru mestmegnis notuð stálrúm, en af slíkum rúmum er ýmist 30% eða 50% verðtollur. Er mjög kvartað yfir þessum tollum, og þykir sanngjarnt, að heimilt sé að færa verðtollinn af þeim niður í 8%, eins og er af skurðarborðum, sem teljast til nr. 35 í 77. kafla með þeim verðtolli, en ekki hefur þótt fært að telja sjúkrarúm til þess númers, þar eð ekki er gerlegt að gera greinarmun á sjúkrarúmum og öðrum rúmum sams konar.

21. Tollskoðunarmenn hafa oft kvartað yfir því, að ekki væri til almennur liður í áframhaldi af nr. 94—97 í 63. kafla, og hefur oft þurft að heimfæra ýmis tæki til skipanna til annarra númera en þau eiga beinlínis undir, t. d. hafa allir veiðarfæralásar og aðrir þess konar lásar til notkunar um borð verið taldir til botnvörpuhluta í nr. 92 í 63. kafla, þó að þeir væru almennt ekki notaðir við það veiðitæki.

22. Til nr. 25 í 71. kafla teljast alúmíníumþynnur og aðrar málmþynnur því aðeins, að þær séu með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan

um íslenzkar afurðir til útflutnings, þ. e. að þær séu með áletrun á útlendu máli. Eru það aðallega fiskumbúðir, sem hafa komið undir þetta tollskrárnúmer. Nú er farið fram á, að alúmíníumþynnur utan um ost og smjör komi hér einnig undir, og er lagt til, að nr. 25 verði breytt þannig.

23. Inn hafa verið fluttar heygrindur fyrir dráttarvélar, og með breytingunni á nr. 15 í 75. kafla er lagt til, að þessi vara komi einnig undir númerið og tollist á sama hátt og hestvagnar.

24. Smásjár eru fyrst og fremst tæki til vísindarannsókna og algerlega setjandi á bekk með tækjum þeim, sem teljast til nr. 16 í 77. kafla. Lagt er því til, að sömu tollar verði eftir nr. 4 og 16 í 77. kafla.

25. Hljóðritunartæki eru ekki hljóðfæri, en fyrst þau eru talin upp í 79. kafla, þykir rétt, að þau séu einnig talin upp í fyrirsögninni.

26. Ráðuneytinu hefur borizt beiðni um lækkun á verðtolli á hlutum í harmonikur, en iðnaðarmaður sá, sem beiðnin er komin frá, hefur búið til harmonikur, og fer hann fram á sams konar vernd fyrir iðn sína og þeir hafa, sem gera við píanó og orgel, sbr. nr. 2 og 4 í 79. kafla. Lagt er til, að beiðnin sé tekin til greina og verðtollur lækkaður úr 50% í 30%.

27. Er nr. 8 í 82. kafla var skipt með 21. lið laga nr. 105/1951 kom eftir breytinguna meira undir hinn lága toll eftir nr. 8 en til var ætlazt. Tilætlunin var, að nr. 8 í 82. kafla kæmi aðeins í stað nr. 21a í 44. kafla, sem aðeins tók til sellófanpappírs, en hinn lági tollur, aðeins 2% verðtollur, sem settur var á sellófanpappír með 11. lið laga nr. 49/1950, varð til vegna notkunar pappírsins utan um frystan fisk til útflutnings. Eftir frumvarpinu koma nú aðeins undir hinn lága toll í nr. 8 ólituð umbúðablöð eða m. ö. o. þess háttar blöð, sem notuð eru utan um útflutningsfiskinn. Aðrar þynnur koma undir nr. 9 og 9a. Einlitar og ómunstraðar undir nr. 9 í 15% verðtoll, eins og fyrir gildistöku 21. liðs laga nr. 108/1951 (þynnur voru þá taldar með plötum), en munstraðar og mislitar í nr. 9a, en verðtollurinn eftir þessu númeri er ákveðinn í samræmi við mislitan og munstraðan baðmullardúk eftir nr. 18 í 48. kafla. Duft og deig er sett í 8% verðtoll, þar eð hér er um hráefni til iðnaðar að ræða, og meginhlutinn af hráefninu í plastvörurnar kemur allt að einu í þann verðtoll, þar eð efni leidd af sellulósa teljast til nr. 60b í 28. kafla með 8% verðtolli. Nr. 9c er samhljóða nr. 9 í 82. kafla, eins og það númer er nú.

Um 2. gr.

i. Heimildin í i-lið 3. gr. tekur nú aðeins til efnis í umbúðir. Nú er ætlazt til, að sá liður taki einnig til umbúðanna fulltilbúinna, en fyrri hluti j-liðs 3. gr. tekur nú til umbúðanna. Er þetta gert til þess, að j-liður eigi aðeins við efnivörurnar.

Þá er enn til stuðnings þessum umbúðaiðnaði lagt til með síðasta málsliðnum, sem er nýmæli, að endurgreiðsluheimildin taki einnig til véla, sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á umbúðum um innlendar framleiðsluvörur til útflutnings, og er hér um sams konar ákvæði að ræða og felst í frumvarpi iðnaðarnefndar neðri deildar á þskj. 412.

j. Ákvæðin í j-lið eru nú við það miðuð, að þau taki til sykurs til notkunar við verkun síldar og hrogna til útflutnings og krydds og annarra bragðbætandi og rotverjandi efna við síldarverkun og niðursuðu íslenzkra framleiðsluvara til útflutnings. Með breytingunni er ætlazt til, að heimildin taki til allra íslenzkra framleiðslu- og iðnaðarvara, sem seldar eru til útlanda. Þá er gert ráð fyrir því, að sé ekki hægt með góðu móti að finna út þau aðflutningsgjöld, sem raunverulega hafa verið greidd af efnivörunum — en slíkt getur oft verið erfitt og stundum næstum ókleift —, að þá megi ætlast á um útflutningsendurgreiðslurnar eftir því, sem næst verður komizt um aðflutinngsgjöldin af efnivörunum.

z. Það getur komið fyrir, að tiltekinn þáttur í framleiðslu vöru þurfi að fara fram erlendis, þó að meginþáttur framleiðslunnar fari fram hér á landi, t. d. hefur innlent lýsi verið sent til útlanda til herzlu og lýsið hert svo verið notað í sykur-

feiti, sem framleidd hefur verið hér og hún síðan seld til útlanda. Heimildin á við þess háttar tilvik.

þ. Erlendar plastverksmiðjur hafa leigt hérlendum plastverksmiðjum til notkunar um stuttan tíma mót og stimpla í framleiðsluvélar verksmiðjanna. Að notkun lokinni hafa svo mót þessi og stimplar verið endursend. Heimildin á við slík tilvik og önnur sams konar.

æ. Innlend netjagerð nýtur mjög lítillar tollverndar. Þykir því rétt að verða við óskum hlutaðeigandi iðnrekenda og veita nokkurn stuðning með því að heimila endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélum til þessa iðnaðar.

Nd. 518. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 105/1951 komi:

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Á tímabilinu 20. des. 1952 til 28. febr. 1953 skal greiða verðlagsuppbót á kaup opinberra starfsmanna þannig, að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði greiðist uppbót samkvæmt vísitölu 158 stig. Á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við vísitölu 153 stig. Kaup, sem reiknað er samkvæmt 2. málslið þessarar málsgreinar, skal þó aldrei vera lægra en hæsta kaup samkvæmt 1. málslið.

Verðlagsuppbót skal greiða samkvæmt næstu málsgrein hér á undan á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 2200 kr. á mánuði. Á þann hluta launa, sem umfram er 2200 kr. á mánuði, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 123 stig.

Hinn 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953 skal verðlagsuppbót breytast þannig, að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal greiða uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu, reiknaðri eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 10 stigum, en á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við kaupgjaldsvísitölu, reiknaða eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 5 stigum. Að öðru leyti gilda um ákvörðun verðlagsuppbótarinnar ákvæði næstu tveggja málsgreina hér á undan.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 70/1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningum þeim, sem gerðir voru 19. des. s. l. milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda, var breytt gildandi ákvæðum um verðlagsuppbætur á kaup þeirra launþega, sem samningarnir ná til.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að verðlagsuppbætur á kaup opinberra starfsmanna breytist frá 20. des. s. l. til samræmis við ofangreinda samninga.

Breytingar þær, sem í frumvarpinu felast eru þessar:

Í stað þess að nú eru verðlagsuppbætur reiknaðar eftir kaupgjaldsvísitölu, skal samkvæmt frumvarpinu reikna þær eftir kaupgjaldsvísitölu, að viðbættum 5 stigum, ef kaup er hærra en 1830 kr. á mánuði, en að viðbættum 10 stigum, ef kaup er 1830 kr. á mánuði eða lægra. Enn fremur skal samkvæmt frumvarpinu greiða fullar verðlagsuppbætur samkvæmt því, sem áður segir, á 2200 kr. mánaðarkaup, en samkvæmt núgildandi lögum eru fullar verðlagsuppbætur aðeins greiddar á 1830 kr. mánaðarkaup.

Vegna verðlagsráðstafana þeirra, sem gerðar voru í sambandi við ofangreinda samninga, er talið, að kaupgjaldsvísitalan fyrir tímabilið 20. des. 1952 til 28. febr. 1953 lækki um 5 stig. Hinni opinberu vísitölu hefur hins vegar ekki verið breytt, og þykir því rétt, að ákveða beinlínis í lögum vísitöluupphæð þá, sem kaup skuli reiknað eftir, þar til kaupgjaldsvísitala verður reiknuð út að nýju.

Ed. 519. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breying á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá og með 1. jan. 1953 skal auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.
Á 2. verðlagssvæði með 2. barni kr. 300.00, með 3. barni kr. 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur og ógiftar mæður, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri sínu, skulu, auk barnalífeyris, eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Þegar svo stendur á, sem í 3. málsgr. 40. gr. og 2. málsgr. 53. gr. laganna segir, skal eigi greiða hærri fjölskyldubætur með dagpeningum en svo, að fullum fjölskyldubótum nemi samkvæmt 30. gr. laganna.

4. gr.

5. tölul. 21. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.

5. gr.

24. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árin 1953 og 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 455.00
      Á 2. — ..... — 365.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 410.00
      Á 2. — ..... — 330.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 305.00
      Á 2. — ..... — 245.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 5.45 á viku.
      Á 2. — ..... — 4.10 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   12.6 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   20.4 millj. kr.

6. gr.

25. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

7. gr.

36. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febr. 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1 1952 og gefa þau út svo breytt. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 112/1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desembermánuði s. l. stóð yfir hér á landi umfangsmikil vinnudeila, svo sem kunnugt er. Samtökum atvinnurekenda og verkamanna reyndist ókleift að ná samkomulagi um ágreiningsefni sín, og vinnudeila þessi leystist þá fyrst, er að tilhlutun ríkisstjórnarinnar voru bornar fram ákveðnar tillögur til lausnar henni. Í tillögum ríkisstjórnarinnar var eitt mikilvægasta ákvæðið það, að ríkisstjórnin skyldi, ef sættir tækjust, beita sér fyrir því, að fjölskyldubætur yrðu auknar frá því, sem þær eru nú, þannig að nokkrar bætur yrðu greiddar þegar með öðru barni í fjölskyldu, en nú hefjast fjölskyldubætur fyrst með fjórða barni í fjölskyldu. Þá var og fallizt á, að fjölskyldubætur skyldu eftirleiðis ná til ekkna og einstæðra mæðra, þannig, að þær skyldu njóta sömu fjölskyldubóta og hjón njóta vegna barna sinna, og eru slíkar bætur nefndar mæðralaun í frumvarpi þessu.

Þar sem samningar tókust í vinnudeilunni, m. a. fyrir þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, ber nú nauðsyn til þess, að bornar séu á ný fram breytingar og viðaukatillögur við almannatryggingalögin. Að athuguðu máli þykir fyrir margra hluta sakir hagkvæmara að sameina í ein lög breytingar þær, sem nú verða gerðar, og breytingar þær, sem gerðar voru á almannatryggingalögunum á Alþingi 19. desember 1952, nú lög nr. 112 frá 29. des. 1952. Eru ákvæði þeirra laga tekin upp í frumvarp þetta og gert ráð fyrir því, að ef það verði lögfest, verði lög nr. 112/1952 úr gildi numin. Ákvæði laga nr. 112/1952 felast í 1., 2., 4. og 7. gr. frumvarps þessa og er þar aðeins ein breyting. Hún er við 4. gr. frumvarpsins og er varðandi vísitölu þá, sem verðlagsuppbót er reiknuð eftir, og þarfnast það atriði ekki sérstakra skýringa.

Nýmæli í frumvarpi þessu eru í 3., 5. og 6. grein frumvarpsins, og er gerð hér á eftir nokkur grein fyrir efni þeirra og hvern kostnað samþykkt þeirra mun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, sveitarsjóði og einstaklinga, og er ekki ástæða til að taka fleira fram um þau efni en þar er gert.

Að lokum er svo í 8. grein frumvarpsins lagt til, að fella meginmál þessa frv., ef að lögum verður, inn í lög nr. 1/1952 og gefa þau út svo breytt.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 3. gr.

Fjölskyldubætur eru nú aðeins greiddar þeim foreldrum, sem hafa fjögur börn eða fleiri undir 16 ára aldri á framfæri og ekki njóta barnalífeyris. Nema þær kr. 1860.00 á ári á fyrsta verðlagssvæði og kr. 1395.00 á öðru verðlagssvæði fyrir hvert barn umfram þrjú í fjölskyldu, hvort tveggja miðað við 155 stiga vísitölu. Bætur þessar greiðast án tillits til efnahags eða tekna.

Í þessari grein er lagt til, að fjölskyldubætur verði einnig greiddar með öðru og þriðja barni. Nema viðbótarfjölskyldubætur þessar fyrir annað barn þriðjungi og fyrir þriðja barn helmingi af fullum fjölskyldubótum, eða kr. 620.00 fyrir annað barn og kr. 930.00 fyrir þriðja barn á fyrsta verðlagssvæði, og tilsvarandi á öðru verðlagssvæði.

Allir þeir, sem nú njóta fjölskyldubóta, eiga samkv. greininni að fá viðbótarfjölskyldubætur með tveimur börnum. Auk þess bætast við fjölskyldubætur til

þeirra, sem eiga tvö börn eða þrjú og engra fjölskyldubóta hafa notið til þessa. Tryggingastofnunin hefur nákvæmar skrár yfir allar þær fjölskyldur, þar sem börnin eru fjögur eða fleiri, og tölu þeirra barna, sem þar bætast við. Hins vegar liggja ekki fyrir skýrslur um tölu fjölskyldna með tvö og þrjú börn, og eru því áætlanir um tölu barna í þeim fjölskyldum eingöngu byggðar á líkum. Nú njóta um 3000 fjölskyldur fjölskyldubóta, og bætast því við hjá þeim um 6000 börn, þ. e. annað og þriðja barn í hverri þeirri fjölskyldu. Fjölskyldur með þrjú börn eru áætlaðar um 3700 og með tvö börn um 5500. Fjöldi barna, sem viðbótarfjölskyldubætur greiðast fyrir, verður því alls um 19000. Áætluð meðalgreiðsla vegna hvers barns er um kr. 660.00 á ári, miðað við vísitölu 155, og verður þá útgjaldaaukningin um 12.5 milljónir króna.

Þá er einnig svo fyrir mælt í greininni, að ekkjum og ógiftum mæðrum, sem hafa tvö börn eða fleiri á framfæri, skuli greiða mæðralaun auk barnalífeyris. Eiga mæðralaunin að nema sömu upphæð og fjölskyldubætur til hjóna með sama barnafjölda.

Samkv. þessu verða árleg mæðralaun ekkna og ógiftra kvenna, sem hér segir:

Þegar börnin eru:

tvö	kr. 620.00	á 1. verðlagssvæði,	kr. 465.00	á 2. verðlagssvæði.	
þrjú	— 1550.00	– 1. —	— 1160.00	– 2.	—
fjögur	— 3410.00	– 1. —	— 2555.00	– 2.	—

Séu börnin fleiri, hækka bæturnar um kr. 1860.00 á fyrsta verðlagssvæði og um kr. 1395.00 á öðru verðlagssvæði fyrir hvert barn, sem er umfram fjögur, allt miðað við vísitölu 155.

Samkvæmt skýrslum um einstæðar mæður, sem njóta barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni, er barnafjöldi þeirra, að frádregnu fyrsta barni, um 1800, og áætluð mæðralaun vegna þeirra um 1.5 millj. króna. Mæðralaun og viðbótarfjölskyldubætur samkvæmt greininni má því áætla samtals a. m. k. 14 millj. króna á ári, miðað við 155 stiga vísitölu.

Um 5. gr.

Til þess að mæta útgjaldaaukningu þeirri, sem ákvæði 3. gr. hafa í för með sér og áætluð hefur verið 14 millj. kr. á ári, miðað við vísitölu 155, er hér gert ráð fyrir jafnri hækkun á aðra tekjustofna en iðgjald samkvæmt 113. gr. laganna (slysatryggingariðgjald). Er hér um að ræða iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr., iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr., framlag sveitarfélaga samkvæmt 114 gr. og framlag ríkissjóðs samkvæmt 116. gr. laganna.

Áætlað var, að þessir tekjustofnar, að óbreyttum lögum, næmu um 82 millj. kr. árið 1953, miðað við vísitölu 155, og þarf hækkun þessi því að nema 17%, til þess að hún geti staðið undir útgjaldaaukningunni. Samkvæmt því er hér gert ráð fyrir, að grunnupphæðir iðgjalda þessara og framlaga samkvæmt 24. gr. laga nr. 1 1952 hækki sem því svarar. Hækkar þá t. d. grunniðgjald kvænts karls á 1. verðlagssvæði úr kr. 390.00 í kr. 455.00. Iðgjald þetta var árið 1952 með vísitöluálagi marzmánaðar það ár kr. 577.00 og hefði orðið árið 1953, miðað við vísitölu desembermánaðar s. l. (153 stig), kr. 597.00. Miðað við vísitölu 158 og hið hækkaða grunniðgjald, verður iðgjaldið 1953 kr. 719.00. Iðgjaldahækkun frá 1952 verður því kr. 142.00, þar af vegna samninganna við verkalýðsfélögin kr. 122.00. Önnur iðgjöld hækka tilsvarandi. Grunnframlag ríkissjóðs hækkar um kr. 3.0 millj. og verður, miðað við vísitölu 158, ca. 33.4 millj. kr., eða um 6.4 millj. kr. hærra en á árinu 1952. Framlög sveitarfélaga í heild hækka á sama hátt í ca. 19.9 millj., eða um ca. 4 millj. kr.

Um 6. gr.

Í 25. gr. laga nr. 1 1952 var ákveðið, að grunnupphæðir bóta skuli hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun, og iðgjöld og framlög innheimt með álagi samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. Reglur þær, sem laun

eru greidd eftir, eru nú orðnar svo margbrotnar, að ekki verður hjá því komizt að taka af öll tvímæli um, hvernig bætur og iðgjöld skuli ákveðin. Þar sem bætur eru alltaf lægri en kr. 1830.00 í grunn á mánuði, verða þær greiddar með sömu vísitöluuppbót og greidd er á laun, sem ekki eru hærri en því nemur. Sú vísitöluuppbót þarf ekki að vera í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, og er því aðeins lagt til að orðunum „vísitölu framfærslukostnaðar“ verði breytt í vísitölu.

Um iðgjöld og framlög gegnir öðru máli. Þarf því að ákveða, svo að ekki verði um villzt, við hvaða vísitölu álagið á þau skuli miðað ár hvert. Þykir sjálfsagt, að álagið á tekjustofnana sé hið sama og vísitöluuppbótin á bæturnar þann mánuð, sem við er miðað. Er því lagt til, að iðgjöld og framlög verði innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem kaupgjald láglaunafólks er miðað við.

Nd. 520. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að stofnaðir verði atvinnuleysissjóðir á vegum verkalýðsfélaga og að sjóðirnir gegni því hlutverki að veita styrki til þeirra, sem verða atvinnulausir.

Samkvæmt frv. má þó ekki greiða atvinnuleysisstyrk til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til, né til þeirra, er misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu.

Fjár til atvinnuleysissjóða á samkvæmt frv. að afla þannig:

1. Þriggja milljón króna stofnfé, sem er í vörzlu Tryggingastofnunar ríkisins, á að skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið fyrir 1. jan. 1954.
2. Atvinnurekendur skulu greiða árlega til atvinnuleysissjóðs — aukreitis við kaupgjaldið — fjóra af hundraði af heildarfjárhæð allra vinnulaunanna.
3. Ríkissjóði skal gert að skyldu að leggja árlega fram kr. 150.00 að viðbættri verðlagsuppbót fyrir hvern félagsmann, sem atvinnuleysissjóður nær til.
4. Bæjarfélög skulu leggja fram helming á móti framlögum ríkissjóðs.
5. Heimilt skal að ákveða í samþykkt, að sjóðfélagar greiði iðgjöld til atvinnuleysissjóðs.

Skoðanir eru skiptar um fjárhagsgrundvöll atvinnuleysistrygginga og um það, hvernig framkvæmd þeirra skuli hagað.

Frumvörp samhljóða því frv., sem hér liggur fyrir, hafa áður verið flutt á háttv. Alþingi. Í sambandi við þau frv. hefur heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um málið. Tryggingaráð hefur ekki staðið saman um afstöðu til málsins. Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur mælt með frv., en framkvæmdanefnd Vinnuveitendasambands Íslands hefur lýst sig andvíga því. Í áliti Vinnuveitendasambands Íslands segir svo:

„Framkvæmdanefndin lítur þannig á, að með tilliti til erfiðleika þeirra, sem íslenzkt atvinnulíf á nú við að etja, sé alls kostar óverjandi að leggja þann gífurlega skatt á vinnuveitendur, er frumvarpið gerir ráð fyrir, að þeir greiði í sjóði verkalýðsfélaganna. Enn fremur leyfir framkvæmdanefndin sér að benda á hinn mikla kostnað, sem frumvarpið, ef að lögum yrði, mundi baka ríki og bæjarfélögum.“

Fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um atvinnuleysistryggingar, þar sem lagt er til að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að semja nýtt frv. um at-

vinnuleysistryggingar. Flutningsmaður tillögunnar er Haraldur Guðmundsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Í greinargerð tillögunnar kemst flm. hennar þannig að orði:

„Í fyrri umræðum um atvinnuleysistryggingar hefur gætt nokkurs skoðanamunar um, hversu þeim skuli hagað. Hafa sumir talið heppilegast, að ein stofnun, t. d. Atvinnustofnun ríkisins, hefði þær með höndum. Aðrir telja, að réttara sé að styrkja atvinnuleysissjóði einstakra stéttarfélaga. Varðandi fjárhagsgrundvöll slíkra trygginga kemur og margt til greina, m. a. það, hversu skipta skuli kostnaði við þær á þá aðila sem eðlilegast verður að telja, að leggi fram fé til þeirra ....

Með skipun nefndar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu, ætti að vera tryggt, að hin mismunandi sjónarmið verði rækilega athuguð, þannig að hægt verði að þeirri athugun lokinni að gera sér grein fyrir því, hvernig slíkum tryggingum yrði bezt fyrirkomið."

Þeir háttv. þm., sem standa að áliti minni hl. n. um þetta mál, eru ekki alls kostar sammála um ákvæði þessa frv. Annar þeirra (JÁ) er fylgjandi þeim hætti við framkvæmd málsins, sem gert er ráð fyrir í frv., en hinn (GÞG) tekur fram, að hann telur margt mæla með því, að einum sjóði eða einni stofnun yrði falin framkæmd atvinnuleysistrygginga um land allt, þannig að auðveldara yrði að koma til hjálpar þeim stöðum, þar sem um sérstaka atvinnuerfiðleika er að ræða.

Afstaða minni hl. n. er sú, að hann vill að sönnu samþykkja þetta frv., en ákveða jafnframt, að málið skuli tekið til endurskoðunar í ársbyrjun 1954.

Meiri hl. n. telur, að mál þetta þurfi í heild nánari athugunar við, áður en sett er löggjöf um atvinnuleysistryggingar, og leggur til, að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. jan. 1953.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Kristín Sigurðardóttir, fundaskr.	Helgi Jónasson.

Sþ. 521. Fyrirspurn [200. mál]

til raforkumálaráðherra um niðurstöðu rannsóknar á virkjunarskilyrðum á Vestfjörðum.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Eiríki Þorsteinssyni.

Hver varð niðurstaða rannsóknar þeirrar á virkjunarskilyrðum á Vestfjörðum, sem síðasta Alþingi samþykkti, að fram skyldi fara?

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að leysa vandræði þessa landshluta í raforkumálum?

Nd. 522. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 1944, um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin gat ekki staðið saman um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað 1. og 2. gr. komi ein grein, svo hljóðandi:
   Aftan við lagagreinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Í Egilsstaðahérað skal skipa aukalækni, er sé sjálfstæður, starfandi læknir, sitji í Egilsstaðaþorpi og hafi sömu launakjör og skyldur til að gegna sjúklingum sem héraðslæknir, enda taki hann ekki hærri gjöld fyrir störf sín en heimilt er samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.
2. Orðin „Síðasti málsliður“ í 3. gr. falli niður.
3. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Bráðabirgðaákvæði falli niður.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyt. á l. nr. 52 1942, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Alþingi, 13. jan. 1953.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. | Kristín Sigurðardóttir, fundaskr. | Jónas Árnason.

Helgi Jónasson.

Nd. 523. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd er mjög ósammála um afgreiðslu þessa máls. Undirritaður minni hl. (JóhH og EmJ) er andvígur samþykkt frv. Einnig er á það að líta, að einn nefndarmanna (ÁkJ) skrifar með fyrirvara undir nefndarálit meiri hl. og hefur flutt tillögur um gagngerðar breytingar á frv., svo að ekki verður að því athuguðu talið, að neinn meiri hl. sé í nefndinni fyrir samþykkt þess.

Við undirritaðir nefndarmenn gerum eftirfarandi grein fyrir afstöðu okkar:

Við erum sammála ÁkJ, og er þá meiri hl. fyrir því í allshn., að óskynsamlegt sé að taka upp frekari verðjöfnun á benzíni en þegar er framkvæmd. Föllumst við á sjónarmið olíufélaganna, sem fram kemur í fylgiskjali með áliti meiri hl. nefndarinnar, að „jöfnunarverðið (þ. e. á benzíni) mundi (því) hafa í för með sér aukinn óþarfaflutningskostnað, sem að sjálfsögðu mundi hækka útsöluverðið“. Þegar litið er á, hversu mikill hluti benzínmagnsins er notaður í Reykjavík og *næsta nágrenni* (sbr. t. d. rekstur strætisvagna, Hafnarfjarðarleiðina og mjólkurflutninga úr Árnessýslu og öðru nágrenni), er meira en hæpið að hækka benzínið á þessu svæði með verðjöfnunarreglum, sem einnig mundu leiða af sér almenna hækkun á útsöluverði á benzíni.

Við meðferð málsins hefur einnig verið meira rætt um verðjöfnun á olíunni — og þar lögð af talsmönnum verðjöfnunar sérstök áherzla á nauðsyn útgerðarinnar utan Faxaflóa til lækkunar á olíukostnaðinum.

Við föllumst vissulega á það sjónarmið, að útgerðinni utan Faxaflóa sé hin brýnasta nauðsyn að lækka rekstrarkostnaðinn með einu eða öðru móti. En við getum ekki fallizt á, að réttlætanlegt sé að framkvæma slíka lækkun með því að hækka rekstrarkostnaðinn á útgerðinni við Faxaflóa. Við teljum hvorki, að tog-

araútgerðin þar megi nú við slíku, þegar mikil tvísýna ríkir um afkomu hennar, m. a. vegna landhelgisdeilunnar við Breta, né að réttlætanlegt sé að auka með þessum hætti útgerðarkostnað bátanna á vetrarvertíðinni, einmitt nú þegar verið er að reyna að tryggja rekstur þeirra með viðræðum milli Landssambands ísl. útvegsmanna, frystihúsaeigenda og ríkisstjórnarinnar. En þar er lagður til grundvallar rekstrarkostnaður að óbreyttu olíuverði, sem upphaflega var reiknaður af ríkisskipaðri nefnd árið 1945, sem þeir áttu sæti í Pétur Magnússon fyrrv. ráðh., Klemenz Tryggvason hagstofustj. og Gylfi Þ. Gíslason prófessor. — Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, mundi verðhækkunin af verðjöfnuninni geta numið á útgerð hvers þessara báta um 1000.00 kr. á vertíðinni. En aukinn kostnaður togaranna mundi verða 50—100 þús. kr. á ári. — Einnig er á það að líta, að bátar við Faxaflóa bera margir hverjir, þrátt fyrir hagstæðara olíuverð, miklu meiri olíukostnað en bátar, sem gerðir eru út annars staðar og eiga miklu skemmra að sækja á miðin og nota þar af leiðandi miklu minna olíumagn.

ÁkJ, sem skrifar undir álit meiri hl. með fyrirvara, lítur einnig svo á, að slík verðhækkun eigi ekki að leggjast á útgerðina við Faxaflóa, þar sem hann hefur flutt tillögu um það, að olíuverzlunum skuli óheimilt að hækka útsöluverð á olíum vegna greiðslu verðjöfnunargjalds. Að þessu leyti er þá ekki heldur meiri hl. í allsherjarnefnd fyrir ákvæðum frv. um verðjöfnun á olíunni.

Okkur sýnist að öllu athuguðu skynsamlegra að greiða fram úr örðugleikum útgerðarinnar utan Faxaflóa með öðrum ráðum, t. d. að greiða beinlínis úr ríkissjóði til togara utan Faxaflóa tilsvarandi upphæð og þeir mundu hagnast á verðjöfnunarákvæðum frv.

Við látum fylgja hér með álitsgerð frá stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna um frv., en hún leggst eindregið gegn samþykkt þess. Kemur og fram af þeirri álitsgerð, að lítill áhugi er á þessu máli hjá bátaútvegsmönnum, en leitað var álits allra sambandsfélaga og einstakra meðlima L. Í. Ú.

Loks er á það að líta, að af samþykkt þessa frv. mundi leiða töluvert hækkaðan hitunarkostnað húsa í Reykjavík og Hafnarfirði og nágrenni, hjá þeim, sem hita hús sín með olíu. Einn liður í því samkomulagi, sem gert var til að leysa allsherjarverkfallið í s. l. mánuði, var að lækka olíuverð um 4 aura og lækka þannig framfærslukostnaðinn og þar með dýrtíðarvísitöluna. Yrði þessu kippt til baka með verðjöfnun, sem hefði í för með sér, að olía til hitunar hækkaði svipað aftur.

Einnig var samið um verðlækkun á benzíni, sem aftur hækkaði.

Fyrir liggja upplýsingar um, að verðjöfnunin mundi auka rekstrarkostnað varastöðvarinnar við Elliðaár um ½—1 millj. króna.

Hefur verðjöfnunin þannig mikil áhrif á rekstur rafmagnsstöðvar, bæjarútgerðar og strætisvagna í Reykjavík með breytingum á olíuverði og benzínverði frá því, sem ákveðið var í desember, en bæjarstjórn Reykjavíkur lagði hins vegar sinn drjúga skerf til lausnar verkfallinu. Fallizt var á að hækka persónufrádrátt við álagningu útsvara í Reykjavík á árinu 1953 um 50%, að lágmark nettótekna til útsvars verði kr. 15000.00 í stað kr. 7000.00 áður, svo og að útsvör af tekjum frá kr. 15000.00 til kr. 30000.00 lækki verulega frá því, sem áður var.

Að öllu athuguðu leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér verulega röskun á því samkomulagi, sem náðist hinn 19. desember s. l. milli ríkisstjórnarinnar og atvinnurekenda og launþega til lausnar allsherjarverkfallinu, sem þá hafði staðið nærri þrjár vikur, og þar sem samþykkt þess mundi enn fremur hafa veruleg áhrif til röskunar á rekstrarkostnaði bátaútvegsins, sem lagður er til grundvallar í viðræðum L. Í. Ú., frystihúsaeigenda og ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja útgerð bátaflotans á vetrarvertíðinni, og þar sem loksins er fullvíst, að togaraútgerðin við Faxaflóa er þess allsendis óviðbúin, eins og nú standa sakir, að taka á sig þann aukna

rekstrarkostnað, sem samþykkt frv. mundi orsaka, telur deildin ekki tímabært að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. jan. 1953.

Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Emil Jónsson.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 18. desember 1952.

Í tilefni af frv. til laga um verðjöfnun á olíum og benzíni, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, og með tilliti til framkomins álits meiri hl. hv. allsherjarnefndar Nd., dags. 8. des. s. l., um nefnt frv., leyfir stjórn L. Í. Ú. sér að taka fram og benda á eftirfarandi:

Vér hefðum getað vænzt þess, að hv. nefnd leitaði álits vors um mál þetta, svo miklu sem það varðar hag sjávarútvegsins. Þótt þetta væri eigi gert, leyfum vér oss að senda yður álit vort á málinu.

Það er kunnugt, að máli þessu hefur verið hreyft á hv. Alþingi á undanförnum þremur þingum. Þegar er málið kom fyrir hv. Alþingi í formi þáltill., sem flutt var af Sigurði Ágústssyni o. fl. 1950, lét aðalfundur Landssambandsins það til sín taka. Á fundinum var flutt till. svo hljóðandi:

„Aðalfundur L. Í. Ú. 1950 lýsir fylgi við þingsályktunartillögu þeirra alþingismanna Sigurðar Ágústssonar, Finns Jónssonar, Halldórs Ásgrímssonar og Lúðvíks Jósefssonar um jafnt söluverð á brennsluolíum á þeim stöðum á landinu, þar sem olíur eru losaðar á geyma beint frá olíuflutningaskipum."

Tillaga þessi fékk ekki byr á fundinum og var felld með 111.5:68.5 atkv.

Á aðalfundi L. Í. Ú. í nóvember 1951 kom mál þetta enn til meðferðar. Á þeim fundi voru fluttar þrjár tillögur varðandi það. Ein tillagan fól í sér mótmæli gegn frekari verðjöfnun á olíum en þá þegar væri komin til framkvæmdar. Tvær gengu í þá átt, að verð á olíu frá aðalbirgðastöðvum í nokkrum helztu höfnum landsins ætti alls staðar að vera hið sama, hvar sem var á landinu.

Málið var mjög umdeilt á fundinum. En ljóst var, að ef til atkvæðagreiðslu kæmi, mundi mikill meiri hluti atkvæða ganga gegn verðjöfnun.

Með tilliti til þess, að málið var mjög umdeilt, og þar sem ástæða þótti til að afla upplýsinga um afstöðu sem flestra sambandsmeðlima til þess að fá upplýsingar um framkvæmd þessara mála í nágrannalöndum vorum, og loks með tilliti til þess, að sýnt þótti, að málið yrði eigi afgreitt á síðasta þingi, fól fundurinn sambandsstjórninni að beita sér fyrir skoðanakönnun um málið í öllum sambandsfélögum og að afla upplýsinga um framkvæmd þess í nágrannalöndunum. Skyldi stjórnin síðan leggja niðurstöðurnar af rannsóknum sínum fyrir aðalfund 1952.

Í desember 1951 var öllum sambandsfélögum og einstökum meðlimum skrifað bréf og óskað álits þeirra á málinu. Enn fremur var sendiráðum Íslands í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Englandi og aðalræðismannsskrifstofunni í Hamborg í Þýzkalandi skrifað og óskað upplýsinga um sölufyrirkomulag á olíum í þessum löndum.

Áhugi á verðjöfnun virtist vera lítill, því að aðeins þrjú útvegsmannafélög létu í ljós álit sitt á málinu. Félögin, sem lýstu áliti sínu, voru: Útvegsmannafélag Reykjavíkur, Útvegsmannafélag Keflavíkur og Útvegsmannafélag Ísfirðinga.

Álit ofanritaðara félaga eru á þessa leið:

I. „Fundur í Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, haldinn 18. des. 1951, lýsir sig andvígan verðjöfnun á olíu vegna mismunandi flutningskostnaðar. Telur fundurinn slíka verðjöfnun ósanngjarna og enn fremur, að hún muni skapa mjög varhugavert fordæmi og verða til þess að auka flutningskostnað á olíunni stórkost-

lega, þar sem augljóst er, að ekki verður gætt sömu hagsýni við flutninga til fjærliggjandi staða, ef þeir, sem þar kaupa olíu, gætu velt flutningskostaðinum að mestu yfir á aðra.“ — Tillagan var samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.

II. „Almennur fundur útgerðarmanna í Keflavík 2. nóv. mótmælir eindregið frv. því á Alþingi, sem nú er komið fram, um að verðjafna alla olíu á landinu. Jafnframt bendir fundurinn á þá lausn að koma upp olíugeymslustöðvum á 3 stöðum utan Faxaflóa, þannig að flutningurinn á olíunni frá þeim stöðvum til hafna umhverfis olíustöðvarnar verði sem jafnastur.“

III. „Útdráttur úr fundargerð Útvegsmanna Ísfirðinga 11. des. 1951.

Fyrir var tekið:

I. Bréf frá L. Í. Ú. nr. 7, dags. 3/12 1951, þar sem óskað er eftir áliti félagsmanna á verðjöfnun á olíu yfirleitt.

Allir félagsmenn voru sammála um, að verðjafna beri olíur og benzín þannig, að útsöluverð á hverri tegund um sig verði hið sama frá olíubirgðastöð, hvar sem er á landinu. Var ritara falið að tilkynna L. Í. Ú. þessa ályktun.“

Samkvæmt upplýsingum sendiráðs Íslands, sem áður er getið, og aðalræðismannsskrifstofunnar í Hamborg hagar þessum málum svo í nágrannalöndunum:

England, Þýzkaland: Engin verðjöfnun á olíum.

Svíþjóð: Sama verð á olíum í Stokkhólmi og Gautaborg. Að öðru leyti er ekki um verðjöfnun að ræða.

Noregur: Sama verð til strandferðaskipa og fiskiskipa um land allt. Að öðru leyti ekki um verðjöfnun að ræða.

Danmörk: Sama verð á olíum hvar sem er í landinu.

Í ljósi ofanritaðra upplýsinga var málið síðan lagt fyrir aðalfund L. Í. Ú. í nóv. s. l. Með tilliti til þess, hve upplýsingar þær, er afla skyldi, voru ófullnægjandi, var málinu á ný vísað til stjórnarinnar og henni falið að fylgjast sem bezt með öllum aðgerðum í því. Stjórnin skipaði þegar nefnd í málið, og eru þessar athugasemdir gerðar samkvæmt athugunum og ábendingum þeirrar nefndar.

Vér höfum kynnt oss nefndarálit meiri hl. hv. allsherjarnefndar á þskj. 413 ásamt meðfylgjandi álitsgerð olíufélaganna á málinu.

Vér fáum ekki betur séð en að í álitsgerð olíufélaganna séu færð fram svo sterk rök gegn almennri verðjöfnun á olíum og benzíni, að þau verði vart hrakin, og vér teljum, að athugasemdir þær, sem meiri hl. hv. allsherjarnefndar hefur gert við álitsgerð olíufélaganna, séu ekki á rökum reistar.

Enn fremur ber að líta á það, að á því svæði, sem um verulega verðhækkun á olíum yrði að ræða vegna verðjöfnunar, mun olíunotkunin vera mest, og sýnist oss því, með tilliti til verðbreytinga á olíum samkvæmt útreikningum olíufélaganna, sem ekki hafa verið hraktir, að notendur á þessu svæði muni þurfa að fórna óeðlilega miklu til þess að bæta hag annarra notenda tiltölulega lítið.

Varðandi sjávarútveginn sérstaklega viljum vér taka fram eftirfarandi:

Rekstraráætlun bátaflotans, sem við eru miðaðar aðgerðir ríkisvaldsins til þess að fleyta áfram bátaútveginum, miðast við útgerð vélbáta við Faxaflóa. Ef hækka ætti olíuverð í Faxaflóa um 2—3 aura pr. lítra vegna verðjöfnunar á olíum, mundi grundvöllur þessi raskast, og yrði þá að því leyti að grípa til frekari aðgerða til þess að skapa grundvöll undir rekstur bátaflotans.

Við Faxaflóa og í nágrenni eru fleiri og stærri bátar en á öðru jafnstóru svæði hér á landi. Verðjöfnun á gasolíu umfram það, sem nú er, mundi því gera hag bátaflotans í heild verri en hann er nú.

Sömu eða svipaða sögu er að segja af togaraflotanum, nema hvað togarar eru aðalnotendur brennsluolíu (fuelolíu) og engin verðjöfnun á sér stað á henni. Þess skal getið, að verðjöfnun á brennsluolíum mundi við núverandi aðstæður auka olíukostnað hvers togara við Faxaflóa um ca. 70—100 þús. krónur á ári eftir því, hvaða veiðar eru stundaðar. Og í sambandi við togarana tökum vér fram, að vér erum sammála ábendingum olíufélaganna um það, hvernig notkun hinna ýmsu

brennsluolíutegunda mundi breytast til óhags fyrir togarana í heild og gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, ef um verðjöfnun á brennsluolíum yrði að ræða.

Með tilvísun til ofanritaðs leyfir stjórn L. Í. Ú. sér að mótmæla öllum frekari aðgerðum í þá átt að jafna verð á olíum og hvetur hv. Alþingi til að fella allar tillögur þess efnis.

Virðingarfyllst,

stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sverrir Júlíusson.	Sveinn Benediktsson.	Loftur Bjarnason.
Hafsteinn Bergþórsson.	Jón Halldórsson.	Ólafur H. Jónsson.
Finnbogi Guðmundsson.	Ólafur Tr. Einarsson.	Baldur Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Ed. 524. Frumvarp til laga [201. mál]

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, enda náist ekki samkomulag við hlutaðeigandi prest, að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu samkv. lögum um ættaróðal og erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru heppilegar til nýbýlastofnunar og prestur nytjar ekki að öllu leyti eða þarf til búrekstrar sjálfur.

2. gr.

Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá úttektarmenn meta afgjald af býli því eða býlum, sem frá jörðinni eru skilin. Renna afgjöld til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í Kirkjujarðasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alþjóð kunnugt, að prestssetursjarðirnar voru með betri jörðum hver í sinni sveit. Með breyttum búskaparháttum og þeim umbótum, sem orðið hafa á jörðum hin síðari ár, hefur þetta breytzt nokkuð. Á mörgum prestssetrum hafa engar eða sáralitlar umbætur verið gerðar, og við það hafa þau dregizt aftur úr. Jafnframt hefur viðhorf presta til búskapar breytzt, svo að margir þeirra kæra sig ekki um að reka búskap. Þeir hafa þá byggt öðrum prestssetursjarðirnar, sumir fyrir margfalt hærra eftirgjald en þeim er gert að greiða eftir brauðamatinu 1919—20, en síðan hafa heimatekjur presta ekki verið metnar þrátt fyrir lög nr. 46/1907. Það þykir því rétt að skapa möguleika fyrir því, að hægt sé að taka þann hluta af prestssetursjörðunum, sem prestar þurfa ekki eða kæra sig ekki um að nota, og byggja öðrum, og er frumvarpið flutt í því skyni.

Sþ. **525. Breytingartillaga** [157. mál]

við brtt. á þskj. 511 [Bátasmíð innanlands].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. tölul. bætist: eða flytja þá inn.

Nd. **526. Nefndarálit** [181. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

Tölum frumvarpsins og ríkisreikningsins ber saman, og mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. jan. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhann Hafstein.

Nd. **527. Nefndarálit** [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. jan. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhann Hafstein.

Nd. **528. Frumvarp til laga** [202. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja þjóðjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi núverandi ábúanda.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja þjóðjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu núverandi ábúanda jarðarinnar við því verði og með þeim greiðsluskilmálum, sem um semst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1950 var Hreiðari Eiríkssyni að Laugabrekku í Eyjafirði leigð þjóðjörðin Grísará, sem þá var í eyði. Var honum þá leigð jörðin með því skilyrði, að hann hefði innan sjö ára byggt á henni íbúðarhús og gripahús.

Á þeim árum byggingartímans, sem liðin eru, hefur Hreiðar unnið að ýmsum umbótum á jörðinni. Hann hefur ræst fram engi, girt tún jarðarinnar, byggt kartöflugeymslu fyrir um 100 tn. af kartöflum, brotið einn ha. af óræktuðu landi og komið í fulla rækt og einn ha. túnþýfis til kartöfluræktar. Hefur hann lagt aðaláherzlu á kartöfluræktina, og hefur hún heppnazt vel. Hreiðar telur hins vegar mjög litla von til þess, að hann geti komið upp í tæka tíð þeim húsakosti, sem byggingarbréfið áskilur, og segist enda hikandi við að leggja í slíkar framkvæmdir, nema hann fái jörðina keypta.

Hreiðar er ungur og dugandi maður og ólíklegt er, að umrædd jörð sé betur komin í annarra höndum. Þar sem hann býr ekki enn þá nema að nokkru leyti á jörðinni, mun þurfa að leita sérstakrar lagaheimildar til að selja honum jörðina.

Fylgiskjal.

Þar sem hreppsnefndinni í Hrafnagilshreppi er kunnugt um, að ábúandi ríkisjarðarinnar Grísarár hér í hreppi, hr. Hreiðar Eiríksson, óskar eftir að fá nefnda jörð keypta af ríkinu, vill hreppsnefndin mæla eindregið með og fyrir sitt leyti stuðla að því, að nefndum Hreiðari Eiríkssyni verði seld jörðin Grísará.

Litla-Hvammi í Hrafnagilshreppi, 10. des. 1952.

F. h. hreppsnefndar,

Oddvitinn í Hrafnagilshreppi,

Halldór Guðlaugsson.

Ed. 529. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa einni eða í samvinnu við aðra a. m. k. tvær klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2.5 millj. laxaseiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi grg. frá landbúnaðarráðherra:

Um frumvarp þetta vísast til bréfs veiðimálanefndar, dags. 24. des. s. l., og bréfs veiðimálastjóra, dags. sama dag, sem prentuð eru hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

VEIÐIMÁLANEFND

Reykjavík, 24. des. 1952.

Landbúnaðarráðuneytið, Reykjavík.

Veiðimálanefnd hefur á fundi sínum þ. 20. þ. m. samþykkt að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það hlutist til um, að lagðar verði fram breytingartillögur við 3. grein laga nr. 36/1937, um klaksjóð, fyrir Alþingi það, er nú situr, er gangi í þá átt að heimila ríkisstjórninni að láta fara fram seiðaeldi í klakstöðvum þeim, sem reistar kynnu að verða samkvæmt nefndum lögum, svo og að ríkisstjórnin megi reisa slíkar stöðvar í samvinnu við aðra. Í því sambandi vill nefndin leggja til, að inn í umgetna grein verði bætt orðunum „einni eða í samvinnu við aðra“ á eftir orðinu „reisa“ og á undan skammstöfuninni „a. m. k.“ — og orðunum „eða klak- og eldisstöðvar“ á eftir orðinu „klakstöðvar“ og á undan orðunum „og skal“. Með þessum viðbótum hljóðar fyrri hluti 3. greinar svo: „Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa einni eða í samvinnu við aðra a. m. k. tvær klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2.5 millj. laxaseiða. Skal ....“

Með sérstakri virðingu,

f. h. veiðimálanefndar,

Þór Guðjónsson.

Fylgiskjal II.

VEIÐIMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 24. des. 1952.

Landbúnaðarráðuneytið, Reykjavík.

Með tilvísun til umræðna, sem fram hafa farið að undanförnu milli hins háa ráðuneytis og undirritaðs um þátttöku ríkisins í að reisa og reka klak- og eldisstöð með Rafmagnsveitu Reykjavíkur og fleirum, vil ég leyfa mér að leggja til við hið háa ráðuneyti, að það hlutist til um, að lagðar verði fram breytingartillögur þær við lög nr. 36/1937, um klaksjóð, fyrir Alþingi, sem fram koma í bréfi veiðimálanefndar til ráðuneytisins, dags. í dag.

Skal hér í nokkru gerð grein fyrir nauðsyn á að fá umræddar breytingar á lögum um klaksjóð. Síðan lög um klaksjóð gengu í gildi 1937, hafa orðið miklar breytingar á skoðunum manna á klakinu. Komið hefur í ljós við rannsóknir, að gildi klaksins er mjög takmarkað, og því ekki ástæða til að leggja á það áherzlu, nema sérstaklega standi á. En hins vegar hefur það sýnt sig að vera hagfellt undir vissum kringumstæðum að ala seiðin í tjörnum um lengri eða skemmri tíma, áður en þeim er sleppt í ár og vötn. Með tilliti til þessa er ástæða til að færa út starfsemi klakstöðva og taka upp eldi lax og silungs við þær. Eldið leiðir af sér aukinn kostnað, og þar sem fjárframlög til klaksjóðs eru lítil, virðist eðlilegt að leita samvinnu við fjársterka aðila um að reisa og reka klak- og eldisstöðvar í anda umræddra laga, enda mundu fjármunir og áhugi þeirra, sem koma vilja upp slíkum stöðvum, nýtast bezt með því móti, þar sem stöðvarnar þurfa að vera allstórar, til þess að rekstur þeirra verði hagkvæmur. Það er vonað, að Alþingi sjái sér fært að samþykkja umræddar breytingar, sem verða ættu fiskiræktinni í landinu til mikils gagns.

Með sérstakri virðingu,

Þór Guðjónsson.

Nd. 530. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt. — ÁkJ var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Emil Jónsson.

Nd. 531. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. er komið frá Ed. Allsherjarnefnd mælir með því, að frv. verði samþykkt. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja að fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.
Emil Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 532. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Emil Jónsson. Áki Jakobsson.

Ed. 533. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á fundi sínum í dag. Vildu undirritaðir nefndarmenn ekki bregða fæti fyrir frv. í þetta sinn, en treysta því, að svo verði frá máli þessu gengið á næstunni, að ekki þurfi á slíkri heimild sem í frv. felst að halda lengra fram en næsta skólaár, og leggja því til, að frv. verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (BrB) var ekki viðstaddur. PZ lýsti yfir, að hann tæki ekki afstöðu til frv.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. H. Guðmundsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 534. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur á fundi sínum í dag athugað frv. þetta og ástæður fyrir því, að það nú er komið fram. Var nefndin sammála um að leggja til, að deildin samþykkti það óbreytt.

Alþingi, 14. jan. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 535. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **536. Frumvarp til laga** [88. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum — eða samtökum þeirra — einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa. Einkaleyfi þessi skulu þó ekki ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 250 kw.

2. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 1. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

3. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 1. og 2. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að þar til fengnu áliti sérfræðinga, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflunarlaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 1.—3. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 85% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

5. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati.

6. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

7. gr.

Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 1. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn sérfræðinga, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 1. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

8. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 2. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

9. gr.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almenningsog annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri.

Rétt á bæjar- eða sveitarstjórn að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 5. apríl 1948, um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Nd. 537. Frumvarp til laga [164. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Eysturoy, Grímur Norski, kafari, Reykjavík, fæddur 28. júlí 1919 í Færeyjum.
2. Felzmann, Ingibjörg Unnur, húsmóðir í Reykjavík, fædd 9. júlí 1917 í Reykjavík.
3. Guðrún Guðmundsdóttir, barnfóstra á Akureyri, fædd 12. desember 1919 á Íslandi.
4. Heinicke, Alfred Franz, bakari á Siglufirði, fæddur 23. janúar 1913 í Þýzkalandi.
5. Hinz, Elisabeth, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
6. Jansen, Johannes Adrianus Maria, garðyrkjumaður á Laugalandi í Stafholtstungum í Mýrasýslu, fæddur 30. ágúst 1912 í Hollandi.
7. Kyvik, Harald, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 12. nóvember 1929 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

8. Kyvik, Lloyd Martin, landbúnaðarverkamður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 13. október 1931 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
9. Mikkelsen, Poul Hagbard, garðyrkjumaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 11. desember 1921 í Danmörku.
10. Olsen, Samuel John Frits, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 8. febrúar 1924 í Færeyjum.
11. Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, Lambastöðum í Garði, Gullbringusýslu, fædd þar 9. maí 1926.
12. Schäfer, Maria, reglusystir, Hafnarfirði, fædd 10. marz 1912 í Þýzkalandi.
13. Zachariasen, Jens Elias Karl, skósmiður í Reykjavík, fæddur 19. febrúar 1921 í Færeyjum.
14. Vorovka, Karel Václav Alexius, stud. theol., Reykjavík, fæddur 17. júlí 1911 í Tékkóslóvakíu.
15. Österö, Svenn Karsten Simonarson, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 22. október 1925 í Færeyjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 538. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Gísli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum.

Að slíkum undirbúningi loknum skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu þær stefna að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar.

Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu vera ríkisstjórninni til aðstoðar við starf þetta.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þótt framfarir hafi á síðustu áratugum orðið miklar í þessu landi, fer því víðs fjarri, að aðstaða allra landsmanna hafi verið bætt jafnmikið í starfi þeirra og lífsbaráttu. Leiðir það m. a. af því, að þjóðin hefur haft yfir mjög takmörkuðu fjármagni að ráða. Ómögulegt hefur verið að bæta í senn úr þörf allra landsmanna fyrir margvíslegar umbætur. En önnur veigamikil ástæða þess er einnig sú, að oft hefur brostið mjög á heildaryfirsýn yfir þarfir þjóðarinnar. Framkvæmdir hennar hafa því stundum orðið handahófskenndar um of. Þess hefur ekki verið gætt nægilega, að í þessu stóra og strjálbýla landi verður að ríkja nokkurt jafnvægi milli byggðarinnar í hinum einstöku landshlutum. Af því hefur svo leitt stórfelldari fólksflutninga, fyrst og fremst frá sveitum til sjávarsíðu, en einnig frá kauptúnum og smærri kaupstöðum til höfuðborgarinnar, heldur en þjóðfélaginu hefur verið hollt. Hið unga þéttbýli hefur ekki heldur getað snúizt nægilega greiðlega við nauðsynlegum framkvæmdum til þess að geta fullnægt þörfum þess fólksfjölda, sem þangað hefur leitað. Verður það ekki sízt

ljóst af hinum tilfinnanlega húsnæðisskorti, sem ríkt hefur í höfuðborginni mörg undanfarin ár. Skortur á sjúkrahúsum, skólum og fleiri menningar- og heilbrigðisstofnunum sannar þetta einnig greinilega, ásamt árstíðabundnu atvinnuleysi, sem árlega verður vart.

Fram hjá þessari staðreynd má ekki líta, enda þótt mikil atvinna á vegum erlendra herja á stríðsárunum og verulegar framkvæmdir á vegum erlends varnarliðs, eftir að heimsstyrjöldinni lauk, hafi tryggt afkomu fjölda fólks.

En atvinnuöryggi og framtíð íslenzku þjóðarinnar getur aldrei byggzt á slíkum atvinnubótum. Hún verður sjálf að eiga atvinnutæki, sem skapa henni næga atvinnu og góð lífskjör, hvar sem hún býr í landi sínu.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, annaðhvort vegna slæmra samgangna eða skorts á raforku og atvinnutækjum eða af þessum ástæðum öllum. Eins og kunnugt er, hafa ríkisstjórnir undanfarinna ára haft forustu um stórframkvæmdir í þágu þéttbýlustu hluta landsins. Ræðir þar fyrst og fremst um byggingu glæsilegra raforkuvera, sem skapa munu öllu athafnalífi stórbætta aðstöðu í þessum landshlutum. Jafnframt mun hin aukna raforka skapa því fólki, sem þá byggir, aukin lífsþægindi.

Fyllsta ástæða er til að fagna þessum mikilvægu framfarasporum. En engum getur dulizt, að ef ekki verður nú þegar hafizt handa um undirbúning svipaðra framkvæmda í þeim landshlutum, sem útundan hafa orðið fram til þessa, mun það hafa í för með sér stórfellda fólksflutninga og enn aukið jafnvægisleysi í þjóðlífinu. Þeim fólksflutningum er höfuðborgin og nágrenni hennar engan veginn viðbúið. Sú þróun er ekki heldur æskileg, nema síður sé, að meginhluti þjóðarinnar safnist saman á einn stað.

Til þess ber þess vegna brýnni nauðsyn nú en nokkru sinni fyrr, að skjótar ráðstafanir verði gerðar af heildaryfirsýn til þess að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þess vegna er lagt til í þessari þingsályktunartillögu, að nú þegar verði hafizt handa um undirbúning heildarframkvæmdaáætlunar í þessu skyni og til þess að tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar. Er eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi forustu um það starf og njóti við það aðstoðar heildarsamtaka aðalatvinnuvega landsmanna.

Í þessu sambandi má geta þess, að ein frændþjóð okkar, Norðmenn, hefur talið nauðsynlegt að hafa svipaðan hátt á og hér hefur verið lagt til, að upp yrði tekinn hér. Hin mikla framkvæmdaáætlun í Norður-Noregi, sem er strjálbýlasti hluti þess lands, byggist á nákvæmlega sömu hugmynd og hér er sett fram.

Nd. 539. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag rætt frumvarpið og samþykkt samhljóða að mæla með því.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 540. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar alllengi, og var því vísað til hennar 12. f. m., enda hefur hún haldið um það allmarga fundi. Nefndin sendi frv. öllum bönkunum til umsagnar og fjárhagsráði. Hafa svör borizt frá þessum aðilum. Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn h/f leggja ekkert til málsins, en Landsbanki Íslands er því fremur meðmæltur, þó hafa Jón Árnason bankastjóri og Baldvin Jónsson bankaráðsmaður sérstöðu í málinu. Fjárhagsráð leggur ekki á móti frumvarpinu.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. 4 nm. leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, en einn nm. (BrB) mun gera sérstaka grein fyrir sínu áliti.

Aðdragandi málsins er eftirfarandi, samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja:

Hinn 3. ágúst 1951 skipaði bankamálaráðherra nefnd til þess „að gera tillögur um almenna bankalöggjöf". Í erindisbréfi var nefndinni sérstaklega falið:

a. „Að endurskoða þá skipun, sem nú er á yfirstjórn peningamálanna, þ. e. skipulag seðlaútgáfunnar. Í því sambandi er þess óskað, að endurskoðuð sé einnig gildandi löggjöf um banka og sparisjóði, eftir því sem nefndinni þykir þurfa.
b. Að gera athugun og tillögur um myndun lánastofnunar, er veiti fé til fjárfestingar í sambandi við atvinnuvegina ..."

Bæði hér á landi og annars staðar hefur það tíðkazt að fela milliþinganefndum undirbúning meiri háttar breytinga eða nýmæla í bankalöggjöf eða almenna endurskoðun slíkrar löggjafar, er nauðsyn þykir til bera. T. d. voru gildandi lög um Landsbanka Íslands undirbúin í milliþinganefnd, sem tók til starfa árið 1925. En með þeim lögum var Landsbankanum fengin seðlaútgáfan og um hana búið svo sem þá þótti henta. Önnur milliþinganefnd tók til starfa árið 1937, og voru frumvörp frá henni lögð fyrir Alþingi á sínum tíma.

Bankamálanefnd sú, er skipuð var 1951, hefur enn eigi lokið störfum, og liggur því ekki fyrir almenn álitsgerð um bankamálin af hennar hálfu. Hún mun hafa aflað sér upplýsinga og tillagna frá bönkum og bankasérfræðingum innanlands og utan, svo og frá ýmsum öðrum aðilum innlendum, er ætla mátti, að eitthvað vildu til þessara mála leggja. Gögn þessi munu hafa verið rædd í bankamálanefndinni, en síðan að því horfið að ljúka fyrst því verkefni, sem henni var falið samkv. b-lið erindisbréfsins. Hinn 30. okt. síðastliðinn afhenti bankamálanefndin ríkisstjórninni frumvarp um Framkvæmdabanka Íslands, og var það í meginatriðum sama efnis og samhljóða stjórnarfrumvarpi því, er hér liggur fyrir.

Eftir upplýsingum, sem meiri hluti fjárhagsnefndar hefur aflað sér hjá bankamálanefndinni, er tillaga hennar um stofnun sérstaks banka samkvæmt frumvarpinu byggð á tveim meginástæðum:

1. Hagkvæmast þótti að skipuleggja á þennan hátt öflun þess fjármagns innanlands og utan, sem nauðsyn ber til að lána til langs tíma (stofnlán), svo og sjálf útlánin.

2. Óhjákvæmilegt þótti að kveða nánar á en nú er gert um meðferð hins svo kallaða mótvirðisfjár á komandi árum. M. a. er með frv. þessu, ef að lögum verður, sett ákvæði um framkvæmd ályktunar Alþingis frá 17. jan. 1952, um „ráðstöfun á mótvirðissjóði".

Hér á landi eru enn uppi áform um miklar framkvæmdir á næstu árum, auk þeirra stórframkvæmda, sem þegar eru vel á veg komnar og öllum eru kunnar. Almennur áhugi er fyrir því að nota meir auðlindir landsins en gert hefur verið

til þessa svo og að auka þá framleiðslu, sem til þess er fallin að efla til frambúðar fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þessar framkvæmdir er því aðeins hægt að gera, að til þeirra fáist stofnfé. Stofnfjárins verður að afla innanlands, eftir því sem auðið er, og á annan hátt en gert er með venjulegri viðtöku sparifjár, eins og nú tíðkast í bönkum og sparisjóðum. Sparifé, sem taka má út fyrirvaralaust eða með skömmum fyrirvara, ber fyrst og fremst að verja til rekstrarlána. Getur verið hætta á ferðum, ef langt er í því gengið að lána það til langs tíma, þótt tíðkazt hafi hér á landi beint eða óbeint. Framkvæmdabankanum er hins vegar ætlað að binda með skuldabréfasölu það af lausu fjármagni í landinu, sem eigendur vilja ávaxta til langs tíma, og lána það síðan út aftur með því að kaupa skuldabréf þeirra, sem framkvæmdir hafa með höndum. Á þennan hátt fæst eðlileg aðgreining fjármagnsins og um leið eðlileg kjör framkvæmdalána, sem nú eru stundum í formi „frosinna“ rekstrarlána, með óvissum lánstíma og framlengingarvöxtum. Jafnframt er þess að vænta, að Framkvæmdabankanum takist, er hann einbeitir sér að hinu sérstaka verkefni sínu, að auka sparifjármyndun til langs tíma með eðlilegum hætti og skapa heilbrigðan markað skuldabréfa innanlands í stað hins misjafna ástands, sem nú er í þeim efnum, en það verkefni er raunar óskylt hinni almennu bankastarfsemi hér á landi. Ákvæði frv. um hlutabréfaviðskipti bankans miða í sömu átt, þar sem ætlazt er til, að bankinn geti tekið að sér að ábyrgjast sölu — þ. e. yfirtekið, ef nauðsyn reynist — hlutabréfa fyrirtækja, er hann telur arðbær, og tryggt þeim þannig fé til framkvæmdanna. Að sjálfsögðu er ekki ætlazt til, að bankinn liggi með slík hlutabréf, heldur selji þau sem fyrst á sannvirði og geti þá notað peningana til annars. Í rauninni er bankanum aðeins ætlað að hafa hér milligöngu til fyrirgreiðslu gegn hæfilegri þóknun.

Þrátt fyrir það, sem gert kann að verða til að auka sparifjármyndun innanlands til langs tíma, verður að gera ráð fyrir því, að þjóðin þurfi á erlendum framkvæmdalánum að halda, ef fáanleg eru, þótt að sjálfsögðu verði að gæta fullrar varúðar í því efni. Allmörg slík lán hafa verið tekin fyrr og síðar. Þarf þá fyrst og fremst að gæta þess, að slíkum lánum sé varið til þeirra hluta, sem eru þjóðinni gagnlegastir og auka fjárhagsgetu hennar beint eða óbeint, og er gert ráð fyrir, að þetta meginsjónarmið verði bezt tryggt í höndum slíkrar stofnunar sem Framkvæmdabankanum er ætlað að vera samkvæmt frumvarpi þessu. Það hefur og komið í ljós við lántökur erlendis síðustu árin, og þá einkum hjá Alþjóðabankanum, sem nú veitir framkvæmdalán til margra landa, að þá þykir bezt að slíkum lántökum unnið, ef við sérstaka bankastofnun sé að eiga, er eingöngu hafi framkvæmdalán með höndum og fulla yfirsýn um framkvæmdalánastarfsemi í landinu í heild, afkomumöguleika einstakra framkvæmda og þýðingu þeirra fyrir þjóðarbúskapinn. Er þetta og vel skiljanlegt, þegar þess er gætt, hvílík áherzla nú er lögð um heim allan á verkaskiptingu, sérfræðilega þekkingu og það öryggi, er þetta þykir veita á öllum sviðum athafnalífsins og þá ekki sízt í efnahagsmálum. Aðeins örfáar þjóðir hafa fjármagn aflögu, en fjármagnsþörf gífurleg um allan heim. Þeir, sem veita lán, vilja því tryggja, að fjármagnið notist sem bezt.

Mótvirðissjóðurinn er sem kunnugt er stofnaður af fé því, er veitt hefur verið hingað sem óafturkræf framlög í sambandi við efnahagssamvinnu vestrænna þjóða. Samkvæmt samningunum um efnahagssamvinnu, er mótvirðisfénu bæði hér á landi og annars staðar haldið utan við hina venjulegu útlánastarfsemi til að draga úr verðbólgu og verðbólguhættu, en varið eftir því sem fært þykir á hverjum tíma, með samkomulagi milli þeirra, sem aðstoðina fá og veita, til framkvæmda í þágu þjóðarbúskaparins eða greiðslu ríkisskulda.

Alls hafa runnið í mótvirðissjóð til þessa tíma um 315 milljónir króna. Allmikið af þessu fé hefur þegar verið lánað úr mótvirðissjóði til virkjana við Sog og Laxá, svo og til Áburðarverksmiðjunnar, og verður það, þ. e. skuldabréf lánanna, eign Framkvæmdabankans við stofnun hans. Það, sem þá er eftir í mótvirðissjóði eða renna kann í hann síðar, yrði fengið bankanum til umsjár og til fullra umráða jafn-

óðum og það verður flutt af hinum bundna reikningi í Landsbankanum á næstu 25 árum samkv. 4. gr. frv. og varið til útlána á vegum Framkvæmdabankans. Af mótvirðisfénu í heild hefur Alþingi gert ráð fyrir, að 50 millj. kr. yrði varið til greiðslu ríkisskulda. En með þann hluta mótvirðisfjár, sem raunar er mestur hluti þess, bæði það, sem nú er í skuldabréfum, og það, sem síðar verður lánað, verður farið samkv. fyrrnefndri ályktun Alþingis frá 17. jan. 1952, þ. e. helmingurinn lánaður til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og helmingur til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún.

Samkvæmt 3. gr. frv. er ætlazt til, að Framkvæmdabankanum verði, um leið og hann tekur til starfa, fengið til eignar stofnfé að upphæð rúmlega 100 millj. kr. Meginhluti þessa fjár (afgangurinn hlutabréf) eru skuldabréf virkjananna og áburðarverksmiðjunnar, sem endurgreiðast smám saman samkvæmt samningi með 5½% vöxtum. Afborganir og vextir af skuldabréfum þessum verða þá jafnóðum handbært starfsfé bankans. Sama er að segja um það mótvirðisfé, sem nú á næstunni mun verða lánað sömu fyrirtækjum samkv. heimildarlögum, er nú gilda, svo og það, er síðar kann að verða lánað þeim. Annað mótvirðisfé, sem Framkvæmdabankinn á að taka við samkv. frv., — að undanteknum 50 millj. kr. á skuldagreiðslureikningi — verður geymt á bundnum reikningi í Landsbankanum, og greiðir Landsbankinn af því þá vexti, sem um semst, en sjálf innstæða reikningsins verður flutt í viðskiptareikning smám saman á næstu 25 árum, eins og fyrr var að vikið. Enn verður ekki um það sagt, hve mikið það mótvirðisfé kunni að verða, er þannig verður farið með. Veltur það annars vegar á því, hve mikið endanlega verður lánað til virkjananna og áburðarverksmiðjunnar, og hins vegar á því, hve stór mótvirðissjóður verður að lokum.

Þegar mótvirðisfé sleppir, er ætlazt til, að bankinn afli sér fjár með lántökum, þ. e. sölu eigin skuldabréfa fyrst og fremst innanlands, en þó einnig erlendis, ef tök eru á og ráðlegt þykir. Samkv. 9. gr. ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum bankans innanlands, og er sú ábyrgð hliðstæð þeirri ábyrgð, sem ríkið nú ber að lögum á hinum almennu sparifjárinnlögum bankanna. Um þau lán, sem bankinn kann að taka erlendis, er svo ákveðið, að fjármálaráðherra sé heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgð á slíkum lánum, þó ekki hærri upphæð samtals en 100 millj. kr., en svo sem síðar segir, leggur þó meiri hlutinn til að lækka þá upphæð nokkuð. Með þessu ákvæði frv. er m. ö. o. veitt heimild til ríkisábyrgðar á erlendum lánum allt að 100 millj. kr. samkv. frv., en 80 millj. eftir till. meiri hl., og má samkvæmt þeirri heimild ábyrgjast nýtt lán í stað þess, sem endurgreitt hefur verið, ef ekki er með því farið fram úr heimildarupphæðinni. Heimildarupphæðin miðast við gengisskráningu þá, sem í gildi er, þegar lán er tekið.

Samkv. 11. gr. frv. tekur Framkvæmdabankinn við umsjá nokkurra tiltekinna lána, er ríkið hefur tekið erlendis og endurlánað innanlands á árunum 1948—52. Lán þessi, samtals að upphæð kringum 213 millj. kr., eru tekin hjá Efnahagssamvinnustofnuninni (E.C.A.) og Gagnkvæmu öryggisstofnuninni (M.S.A.) í Washington, Alþjóðabankanum og Hambros Bank, en innanlands hefur fé verið lánað til virkjananna við Sog og Laxá, áburðarverksmiðjunnar, sjóða Búnaðarbankans, togarakaupa og nokkurra síldar- og fiskimjölsverksmiðja. Er ætlazt til, að bankinn innheimti vexti og afborganir af lánum þessum og inni jafnframt af höndum fyrir ríkið samningsbundnar greiðslur til hinna erlendu lánardrottna. Umsjá þessara lána er nú hjá fjármálaráðuneytinu. Enn fremur er heimilt að fela bankanum umsjá annarra lána, sem ríkissjóður hefur veitt. Hér er því um að ræða, að bankinn taki að sér allmikil störf, sem nú eru unnin í fjármálaráðuneytinu og telja má til bankastarfsemi.

Ýmsir kunna að gera þá athugasemd við frumvarp þetta, að bankar séu þegar nógu margir eða of margir í landinu. Rétt er þó að benda á það, að vafasamt má telja að láta þá þróun, sem orðið hefur í bankamálum, verða því til hindrunar, að komið verði á fót starfsemi, sem þjóðinni má að gagni verða og talin er nauðsyn

af þeim, er málið hafa rannsakað af hálfu ríkisstjórnarinnar, svo og af ríkisstjórninni, sem flytur málið. Einhverja þarf til að vinna það verk, sem Framkvæmdabankanum er ætlað, hvort sem stofnun sú, er þeir vinna við kallast sérstakur banki eða hluti af öðrum banka, en mestu máli skiptir, að verkið beri þann árangur, sem til er ætlazt. Venjuleg afgreiðslustörf munu verða unnin án verulegs aukakostnaðar í Landsbankanum. En á það vill meiri hl. n. leggja áherzlu, að Framkvæmdabankinn verði rekinn með svo litlum tilkostnaði, sem fært þykir, og væntir þess jafnframt, að bankamálanefndin athugi til hlítar, hvaða möguleikar kunna að vera til sparnaðar í rekstri þeirra banka, sem fyrir eru.

Meiri hl. nefndarinnar þykir ekki taka því að afhenda bankanum hlutabréf í Raftækjaverzluninni h.f. og er því mótfallinn að afhenda honum hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands. Þá telur meiri hl. rétt að kveða skýrt á um það, að það fé Mótvirðissjóðs, sem nú er í honum eða kemur í hann vegna efnahagsaðstoðar, sem þegar hefur verið látin í té, sé aðeins afhent bankanum, en ekki gert ráð fyrir nýrri efnahagsaðstoð í lögunum. Skoðanir voru nokkuð skiptar í nefndinni um það, hvort rétt væri að veita bankanum heimild til 100 millj. kr. lántöku á hverjum tíma með ábyrgð ríkissjóðs. Samkomulag var gert um að lækka þessa upphæð nokkuð, eða í 80 millj. kr. Nokkur ágreiningur var meðal meiri hl. um það, hvernig stjórn bankans skyldi skipuð, og náðist samkomulag um nokkra breytingu í því efni. Einn undirritaðra nm. (GJ) mun ef til vill bera fram frekari brtt. við frv. og skrifar því undir nál. með fyrirvara.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr
   a. Fyrir „101 150 000 króna“ komi: 101 000 000 króna.
   b. 2. tölul. orðist svo: Hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f. 6 000 000 króna. Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþingis.
2. Við 4. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Framkvæmdabankanum skal falin varzla þess fjár, sem nú er í Mótvirðissjóði eða í hann kemur vegna efnahagsaðstoðar, sem þegar hefur verið látin í té. Um ráðstöfun þess fjár gilda eftirgreind ákvæði:
   b. Orðin „eða í hann kann að koma“ í 3. málsgr. falli niður.
3. Við 7. gr. Í stað „stuðning“ í 8. tölul. komi: fyrirgreiðslu.
4. Við 9. gr. Í stað „100 milljónir“ komi: 80 milljónir.
5. Við 14. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. („Fulltrúi seðlabankans .... þriggja ára“) falli niður.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Gísli Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorst. Þorsteinsson.
	Karl Kristjánsson.	

Ed. 541. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „eina krónu“ í 1. málsgr. 1. gr. laganna kemur: þrjár krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir meir en áratug var ákveðið í lögum um eyðingu svartbaks, að greiða bæri eina krónu fyrir hvern unnin svartbak. Nú er talið, að hvert skot kosti hátt á aðra krónu, en engar nytjar eru af eldri svartbökum síðan refaeldi hvarf úr sögunni. Það leiðir því af sjálfu sér, að ekki verður svartbaksdráp með skotvopnum neinn atvinnuvegur, nema verðlaunin séu stórhækkuð, og er hækkun sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, síður en svo meiri en orðið hefur umrætt tímabil á öðrum sambærilegum greiðslum. Hækkun gjalda ríkissjóðs vegna breytingar þessarar má gera ráð fyrir að verði 4—5 þús. kr., því að árið 1950 greiddi ríkissjóður fyrir skotna svartbaka kr. 1806.00, en 1951 kr. 2496.25.

Landbúnaðarnefnd flytur frv. þetta í samráði við landbúnaðarráðherra.

Ed. 542. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

Ísland hefur verið aðili að Greiðslubandalagi Evrópu frá því að það var stofnað í september 1950, en bandalagið er einn þáttur í efnahagssamvinnu Evrópuríkja, sem hófst með Marshall-aðstoðinni 1948.

Greiðslubandalagið tryggir í stórum stíl alhliða gjaldeyrisviðskipti milli aðildarríkjanna með yfirfærslum, sem það annast. Augljóst er, að sú starfsemi er til mikilla hagsbóta fyrir Ísland. Fyrir þessa starfsemi er Ísland ekki skuldbundið til að kaupa vörur frá markaðslöndum sínum, t. d. Ítalíu og Grikklandi, út á andvirði afurðasölunnar til þeirra.

Í öðru lagi gerir Greiðslubandalagið Íslandi kleift að fá bráðabirgðalán til greiðslu á nauðsynlegum vörum í löndum bandalagsins á þeim árstíma, sem gjaldeyristekjur og gjaldeyrisforði hrökkva ekki fyrir óhjákvæmilegum innkaupum. Þessi bráðabirgða- eða yfirdráttarlán hafa komið sér mjög vel fyrir landið. Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til slíkrar lántöku í fyrsta sinn með lögum nr. 50 1951. Nam sú heimild 4 millj. dollara. Frumvarp þetta er um framlengingu þeirrar heimildar, þannig að hún gildi áfram fyrir fjárhagsár Greiðslubandlagsins 1952—53 og 1953—54.

Fjárhagsnefnd telur rétt, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimildina, og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (BrB) tók þó ekki afstöðu til málsins og skrifar þar af leiðandi ekki undir þetta nefndarálit.

Alþingi, 15. jan. 1953.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. **543. Nefndarálit** **[184. mál]**

um frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um afstöðuna til frv. þessa. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, en ég legg til, að því verði vísað frá.

Með frv. þessu er lagt til, að komið verði á fót nýju, miklu skrifstofubákni til að annast verkefni, sem til þessa hafa verið í höndum Landsbankans og fjárhagsráðs. Fjárhagsráð heldur þó áfram starfsemi sinni sem hingað til.

Tilgangur frv. er augljós af greinargerð þess. Efni þess er í meginatriðum samið af gjaldkera Alþjóðabankans. Með tilhögun þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir, er til þess ætlazt, að yfirstjórn erlends fjármálavalds yfir íslenzkum fjármálum og efnahagslífi verði betur tryggð en áður.

Nefndin kallaði formann bankamálanefndar, dr. Benjamín Eiríksson, á sinn fund og lagði fyrir hann nokkrar spurningar. Þá sendi nefndin bönkunum og fjárhagsráði frv. til umsagnar, en samkv. ákvörðun meiri hlutans var þessum aðilum aðeins gefinn eins dags frestur til að senda svör sín. Svör bárust frá Landsbankanum, Búnaðarbankanum, Útvegsbankanum og fjárhagsráði. Allir þessir aðilar voru á einu máli um það, að engir möguleikar væru á viðhlítandi athugun á svo umfangsmiklu máli á svo skömmum tíma, og á svörum Búnaðarbankans sérstaklega má sjá, að hann undrast það mjög, að allir bankarnir skyldu ekki hafa verið í ráðum, áður en frv. var lagt fyrir Alþingi. Fer ekki á milli mála, að bæði Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn líta svo á, að ekki hafi verið til þess ætlazt, að þeim gæfist kostur á að láta álit sitt í ljós. Hins vegar var Landsbankanum gefinn kostur á að athuga frv. áður en það var lagt fyrir Alþingi, og hefur hann gert athugasemdir við ýmis veigamestu atriði þess og lýst sig andvígan þeim. Auk þess hefur einn bankastjórinn, Jón Árnason, sent sérálit og sömuleiðis bankaráðsmaðurinn Baldvin Jónsson, og eru umsagnir þeirra hinar athyglisverðustu. Af áliti Jóns Árnasonar er ljóst, að hann er algerlega andvígur frv. í heild. — Umsögn Landsbankans og sérálit Jóns Árnasonar eru prentuð hér sem fylgiskjöl.

Ein af þeim spurningum, sem nefndin lagði fyrir dr. Benjamín Eiríksson, var sú, hvaða tilgang það hefði, að ríkissjóður legði Framkvæmdabankanum til sem „stofnfé“ hlutabréf sín í Áburðarverksmiðjunni, Raftækjaverksmiðjunni og Eimskipafélagi Íslands. Dr. Benjamín svaraði, að hann hugsaði sér, að hlutabréf þessi yrðu seld síðar. Fer þá að verða skiljanlegra það kapp, sem á það var lagt að breyta áburðarverksmiðjunni í hlutafélag.

Samkvæmt þessu virðast vera uppi ráðagerðir um að afhenda áburðarverksmiðjuna, sem ríkið lætur reisa og ver til á annað hundrað milljónum króna, einstökum mönnum til eignar fyrir nokkrar milljónir króna.

Með tilvísun til þess, sem áður er sagt, legg ég til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Framkvæmdabanka Íslands eru ætluð verkefni, sem nú eru í höndum annarra stofnana, og ekki liggja nein gild rök til þess, að verkefni þessi verði betur af hendi leyst með þeirri tilhögun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1953.

Brynj. Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Hæstvirtur viðskiptamálaráðherra hefur sent Landsbanka Íslands til umsagnar uppkast að frumvarpi til laga um Framkvæmdabanka Íslands.

Afstaða hefur ekki verið tekin innan bankastjórnarinnar um nauðsyn þessarar stofnunar, en hér á eftir verða gerðar athugasemdir við frumvarpið, eins og það liggur fyrir:

4. gr.

Þau ákvæði, sem beinast snerta Landsbanka Íslands, eru ákvæði 4. gr.

Þó að það skipti ef til vill ekki miklu máli, virðist það þó einkennilegt og ekki í samræmi við eðli málsins að geyma þær 50 millj. kr., sem ákveðið hefur verið að verja til greiðslu á skuldum ríkissjóðs, í Framkvæmdabankanum. Eðlilegast virðist, að ríkissjóður geymi þá upphæð í Landsbankanum.

Varhugaverðasta ákvæði þessarar greinar er þó það, að Seðlabankinn sé skyldaður til að greiða ákveðna háa vexti af þeirri innstæðu Framkvæmdabankans, sem bundin er á hverjum tíma. Það er ekki óþekkt, að seðlabönkum sé heimilað að greiða vexti af innstæðufé, eftir því sem rétt þykir og samrýmzt getur hlutverki þeirra. Hinu verður Landsbankinn að mótmæla, enda mun það vera fordæmislaust, að hann sé skyldaður með lögum til að greiða ákveðna vexti af innstæðum, eins og hann ávallt hefur verið andvígur sérhverri lögbindingu á vöxtum. Vill hann því mæla með, að 4. grein frv. verði orðuð svo sem Klemens Tryggvason og Gylfi Þ. Gíslason leggja til.

Vera má, að hægt sé að reiða Mótvirðissjóðinn á þennan hátt af höndum, án þess að til verulegra verðbólguáhrifa komi. Hæpin er þó sú forsenda athugasemdanna við frumvarpið, eins og nú árar hjá útflutningsatvinnuvegunum, að hægt verði að draga verulega úr endurkaupum á útflutningsafurðavíxlum.

Um hæð vaxtanna er kveðið svo á í tillögu meiri hlutans, að Seðlabankinn skuli af hinu bundna innstæðufé greiða vexti, sem eru ½% hærri en vextir þeir, sem á hverjum tíma eru greiddir af almennu sparifé. Mundi það með núverandi vaxtakjörum verða 5½%. Af lánum til stofnlánadeildarinnar voru hins vegar með lögum ákveðnir 2½% vextir. Hins vegar eru endurkaup á afurðavíxlum, sem er aðalútlánagrein Seðlabankans, gerð á 4½%. Eru það lægri vextir en aðrir vextir bankans og eru að vísu ákveðnir af stjórn bankans án þvingunar, en þó í samráði við ríkisstjórnina.

Enn fremur má geta þess, að samkvæmt lögum nr. 22 1950 bera skuldabréf þau, sem eftir 12. gr. sömu laga eru lögmæt greiðsla upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbankann, upp að vissu marki, 4% vexti.

Það verður að krefjast mjög sterks rökstuðnings, til þess að hægt sé að skylda lánsstofnun til þess að taka á móti fé með hærri vöxtum en hún lánar út, og hefur sá rökstuðningur ekki verið færður. Afleiðingin af slíkri lagasetningu yrði líka vafalaust, að endurskoða yrði útlánsvexti Seðlabankans. Þess ber og að gæta, að aðrar lánsstofnanir hafa fyrr og síðar átt innstæður í Seðlabankanum, og hefur jafnan orðið samkomulag um vexti af slíkum innstæðum. Hugsanlegt væri og, að horfið yrði að því ráði að lögbinda innstæður annarra lánsstofnana í Landsbankanum meira en gert hefur verið hingað til. Væri þá hér skapað óþægilegt fordæmi.

Geta má þess, að eftir forsendum laganna fellur niður vaxtajöfnuður sá, sem veittur hefur verið á skuldum ríkissjóðs móti innstæðu Mótvirðissjóðs.

Vér teljum ekki neinum vafa bundið, að það mundi mjög veikja lánstraust Landsbankans erlendis, ef lögbundnir yrðu vextir, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. En Landsbankinn er eina peningastofnun landsins, sem um langt árabil hefur getað fengið óhjákvæmileg rekstrarlán erlendis, en án slíkra lána mundu atvinnuvegir landsmanna stöðvast nokkra mánuði ár hvert, að minnsta kosti eins og nú er ástatt í viðskiptamálum.

7. gr.

3. liður. Vér leggjum til, að þessi liður verði felldur niður. Byggist það á því, að óvanalegt er, að bankar kaupi hlutabréf, og það er meðal annars bannað í lögum um Landsbanka Íslands, enda virðist tæplega eðlilegt, að Alþingi gefi í eitt skipti fyrir öll stofnun, sem rekin er á ábyrgð ríkisins, ótakmarkað umboð til hlutabréfakaupa.

4. og 7. liðir þessarar greinar breytast þá samkvæmt þessu. Um annað efni 7. liðs þessarar greinar verður rætt í athugasemdum við 9. gr.

9. gr.

Samkvæmt þessari grein er fjármálaráðherra gefin heimild til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans fyrir allt að 100 millj. kr. á hverjum tíma. Þar sem hér er um löng lán að ræða, virðist þessi heimild mjög vafasöm, enda brýtur þetta í bága við þær venjur, sem tíðkazt hafa, að Alþingi ákveði hverju sinni um erlendar lántökur til langs tíma, bæði fyrir ríkissjóð sjálfan og lán með ríkisábyrgð, og ætti því að breyta ákvæði þessarar greinar í samræmi við það.

Niðurlag 2. málsgreinar virðist ekki nógu ljóst orðað, en sé það meiningin, að bankinn megi taka bráðabirgðalán erlendis, þá viljum vér benda á, að það samrýmist ekki hlutverki bankans sem fjárfestingarstofnunar og getur auk þess spillt fyrir útvegun erlendra viðskiptalána annarra banka, sem er lífsnauðsyn fyrir atvinnulífið. Er því lagt til, að niðurlag málsgreinarinnar „eða þegar stofnað var til skuldar án formlegs lánssamnings“ verði fellt niður.

12. gr.

Lagt er til, að niðurlag síðari málsgreinarinnar orðist svo: er nemur allt að 1% af lánsupphæðinni.

14. gr.

Bankastjórnin álítur, að það skipulag, sem þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir, sé eðlilegt, og tekur það fram, að hún telur sjálfsagt, að Seðlabankinn eigi fulltrúa í bankaráði Framkvæmdabankans.

16. gr.

Orðið „hlutabréf“ í fyrstu málsgrein falli niður.

20. gr.

Það virðist mjög eðlilegt, að Seðlabankanum sé falið að annast dagleg störf fyrir Framkvæmdabankann, þar sem það mundi ekki kosta Landsbankann verulega aukið mannahald og yrði því ódýrt í framkvæmd. Bankastjórnin hefur því ekkert við þetta ákvæði að athuga, en vill hins vegar vekja athygli á því, að einmitt ákvæði þessarar greinar virðast gera æði margt af verkefnum Framkvæmdabankans, sem upp eru talin í frumvarpinu, næsta þýðingarlítið. Nægir í því efni að benda á, að Framkvæmdabankinn mun að líkindum afhenda Seðlabankanum öll verðbréf, sem upp eru talin í 3. og 11. grein frumvarpsins, ásamt skuldabréfum fyrir þeim lánum, sem bankinn sjálfur veitir. Er þetta óhjákvæmilegt, ef Landsbankinn á að annast útborgun lána fyrir Framkvæmdabankann og enn fremur innheimtu vaxta og afborgana af skuldabréfum hans. Þá virðist það næsta tilgangslítið að ætla Framkvæmdabankanum að „geyma“ þær 50 millj. kr. af Mótvirðissjóði, sem ætlaðar eru til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbankann, í stað þess að láta þær standa í reikinngi í Landsbankanum á nafni ríkissjóðs, eins og fram er tekið í athugasemdum um 4. gr.

Athugasemdir við þessa grein eru settar hér fram til glöggvunar fyrir þá, sem síðar fjalla um frumvarpið, en ekki sem ábending um breytingu á 20. gr. frv.

22. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að verja megi fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdabankans. Þó að bankastjórnin geri ekki tillögu um breytingar á þessari grein, vill hún benda á, að sams konar ákvæði er í lögum annarra peningastofnana, og þyrfti því að setja nánari ákvæði, annaðhvort í lögum um Framkvæmdabankann, í reglugerð hans eða í sérstökum lögum, eftir hvaða reglum fé ómyndugra og opinberra sjóða og stofnana skuli varið til ávöxtunar.

Fylgiskjal II.

Athugasemdir um fyrirhugaða stofnun Framkvæmdabanka Íslands.

Hæstvirtur viðskiptamálaráðherra hefur sent Landsbanka Íslands til umsagnar frumvarp til laga um Framkvæmdabanka Íslands. Þótt ég sé samþykkur athugasemdum bankastjórnar Landsbanka Íslands við frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir og það sem þær ná, læt ég fylgja sérstaka umsögn um stofnun fyrirhugaðs Framkvæmdabanka, eins og það mál lítur út frá mínu sjónarmiði.

Þegar á mál þetta er litið frá almennu sjónarmiði, verður að vekja athygli á því, að hér á landi eru nú starfandi 3 bankar, sem allir eru eign ríkisins. Vaknar þá eðlilega sú spurning, hvort þörf sé á að stofna nýjan banka.

Við athugun frumvarpsins ber þá fyrst og fremst á það að líta, hvaða hlutverk hinum nýja banka er ætlað að inna af hendi. Er því lýst með almennum orðum í 2. gr. frumvarpsins. Eftir orðalagi þeirrar greinar verður ekki séð, að hér sé nein nýjung á ferðinni. Öllum bönkum landsins er ætlað að efla atvinnulíf og velmegun þjóðarinnar og beita sér fyrir framkvæmdum. Í 1. málsgrein nefndrar greinar er sagt, að bankinn skuli beita sér fyrir „auknum afköstum framleiðslunnar". Ef einhver meining felst í þessum orðum, hlýtur öllum bönkum að vera skylt að gera það sama, og er þá heldur ekki um neina nýjung að ræða.

Í 7. gr. er hlutverk bankans skýrt nánar í tíu liðum. Enginn dómur skal lagður á efni 1. liðs þessarar greinar, en ekki virðist þörf á að stofna nýjan banka, til þess að ríkisstjórnin geti öðlazt ráðunaut í fjárfestingarmálum. Á meðan fjárhagsráð starfar, er ekki óeðlilegt, að það inni þetta hlutverk af hendi hér eftir sem hingað til. Í 2. lið greinarinnar er ákvæði um, að bankinn veiti löng lán til ýmissa framkvæmda, og er það vitanlega aðalefni frumvarpsins, og mun nánar vikið að því síðar. Í 3. lið er gert ráð fyrir, að bankinn kaupi hlutabréf í fyrirtækjum. Þetta ákvæði er nýjung, en ólíklegt verður að telja, að Alþingi vilji afhenda peningastofnun í landinu fullt og óskorað umboð til þess að kaupa hlutabréf á ábyrgð bankans í hvaða nýju fyrirtæki sem bankastjórnin ákveður. Í 7. lið er gert ráð fyrir, að bankinn afli lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang bankans. Í 9. gr. frumvarpsins er hámark þessara lánsheimilda ákveðið 100 millj. kr. á hverjum tíma, og þarf ekki annað en samþykki fjármálaráðherra, til þess að bankinn getið tekið slíkt lán. Verður að telja það með ólíkindum, að Alþingi afsali sér afskiptum af slíku stórmáli, enda brýtur þetta í bága við þær venjur, sem hingað til hafa gilt, að Alþingi taki hverju sinni ákvörðun um erlendar lántökur til langs tíma, bæði um lán ríkissjóðs sjálfs og um lán með ríkisábyrgð. Á það skal einnig bent, að í niðurlagi 2. málsgreinar 9. gr. frumvarpsins virðist gert ráð fyrir, að bankanum sé heimilt að taka bráðabirgðalán erlendis. En það samræmist ekki hlutverki bankans sem fjárfestingarstofnunar og getur auk þess spillt fyrir útvegun venjulegra erlendra viðskiptalána, sem eru lífsnauðsyn fyrir atvinnulíf landsmanna.

Um önnur atriði 7. gr. frumvarpsins þarf ekki að fjölyrða, en aðeins geta þess, að 8., 9. og 10. liðir virðast lítt framkvæmanlegir, nema bankinn hafi í þjónustu sinni marga sérfræðinga, en það verður ekki séð af öðrum greinum frumvarpsins, að til

þess sé ætlazt, enda mundi það verða örðugt, bæði vegna kostnaðar og vegna þess, að vandfundnir væru sérfræðingar, sem ekki væru þá bundnir við önnur störf.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins á bankinn enn fremur að annast innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkið hefur veitt, ef fjármálaráðherra óskar þess.

Í 20. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að Landsbanki Íslands skuli annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann. Afleiðingin af þessu ákvæði er vitanlega sú, að Framkvæmdabankinn yrði að afhenda Landsbankanum öll skuldabréf, sem um er rætt í 11. gr., til útborgunar og innheimtu og enn fremur öll skuldabréf fyrir þeim lánum, sem bankinn kann að veita. Þetta ákvæði er út af fyrir sig mjög eðlilegt. Það mundi ekki kosta Landsbankann verulega aukið mannahald að annast þetta og yrði því ódýrt í framkvæmd. Ef Framkvæmdabankinn ætti hins vegar að framkvæma þetta, þyrfti hann marga starfsmenn umfram það, sem frv. virðist gera ráð fyrir, en þá leiðir það líka af sjálfu sér, að stofnun Framkvæmdabanka vegna þessa máls er þarflaus, því að ríkisstjórnin getur falið Landsbanka Íslands að inna þessi störf af hendi milliliðalaust.

Þótt hér sé stiklað á stóru og ekki fleiri atriði í frumvarpinu tekin til athugunar, þá er það augljóst, að hlutverk Framkvæmdabankans verður einungis það að taka á móti Mótvirðissjóði og nokkrum hlutabréfum, sem ríkið á og kann að eignast, og taka ákvörðun um lánveitingar, að svo miklu leyti sem Alþingi ákveður það ekki fyrir fram. En samkvæmt þingsályktunartillögu 17. jan. 1952 er ákveðið, að helmingi Mótvirðissjóðs skuli varið til framkvæmda í þágu landbúnaðarins.

Að þessu athuguðu virðist því starfssvið Framkvæmdabankans vera orðið næsta lítið, þar sem stjórn hans þarf ekki að ákveða um útlán á öðru en helming Mótvirðissjóðs og því fé, sem ríkisstjórnin kann að leggja honum að auki. En ólíklegt er, eins og ástandið er nú í peningamálum þjóðarinnar, að um mikil fjárframlög frá ríkinu geti orðið að ræða í því skyni að minnsta kosti fyrst um sinn.

Til viðbótar má minna á það, að ríkið hefur hleypt sér í skuldir við Landsbanka Íslands vegna fjárfestinga og rekstrarhalla ríkissjóðs undanfarin ár. Nema lausaskuldir nú um 100 millj. kr. auk fastra lána. Það er því með öllu ófullnægjandi að ætla aðeins 50 millj. kr. af Mótvirðissjóði til að mæta þessari fjárfestingu. Þyrfti að greiða skuldina að fullu til þess að koma í veg fyrir aukna verðbólgu, sem hlýtur að leiða af nýjum útlánum úr Mótvirðissjóði.

Samkvæmt því, sem að framan segir, verð ég að telja stofnun Framkvæmdabankans með öllu þarflausa.

Mótvirðissjóður.

Hinn svokallaði Mótvirðissjóður hefur orðið til vegna óafturkræfra framlaga frá stjórn Bandaríkjanna í samræmi við samning um efnahagssamvinnu Evrópu 16. apríl 1948.

Þessi sjóður er nú að fjárhæð um 310 millj. kr., að meðtöldum þeim skuldabréfum, sem keypt hafa verið fyrir fé Mótvirðissjóðs. Ekki má veita fé úr sjóðnum, hvorki sem lán né til neins annars, án samþykkis Bandaríkjastjórnar, og virðist það í rauninni eðlilegt. En af því leiðir, að slíkar leyfisveitingar um meðferð Mótvirðissjóðs hljóta að hafa í för með sér meiri eða minni afskipti af fjármálalífi landsins í heild. Nú liggur það ekki fyrir, svo að mér sé kunnugt, að komið hafi bein krafa frá stjórn Bandaríkjanna um það, að stofnaður skuli sérstakur banki til þess að hafa með höndum fjárreiður Mótvirðissjóðs, og þá heldur ekki, hvort afskipti Bandaríkjastjórnar af meðferð sjóðsins mundu hverfa, þegar búið væri að afhenda hann Framkvæmdabankanum. En ef afskipti Bandaríkjastjórnar halda áfram, eftir að Framkvæmdabankanum hefur verið afhentur Mótvirðissjóðurinn, álít ég, að ekki sé um nema tvær leiðir að ræða:

1. Að leita samninga við stjórn Bandaríkjanna um endurgreiðslu Mótvirðissjóðsins.

Þessa leið álít ég æskilega og sjálfsagða, hvort sem um nokkur utanaðkomandi afskipti af fjárreiðum Framkvæmdabankans verður að ræða eða ekki, enda takist að ná samningum um það langan greiðslutíma, að þjóðinni verði ekki um megn að inna greiðsluna af hendi.

2. Ef þessi leið reynist ekki fær, að þá verði sett á laggirnar stofnun, sem eingöngu hafi með höndum vörzlu Mótvirðissjóðsins og ráðstöfun á honum í samræmi við þau skilyrði, sem Bandaríkjastjórn kann að setja um meðferð hans.

Þá leið tel ég eftir atvikum viðunandi. Slík stofnun þyrfti ekki að vera kostnaðarsöm, og með því væri þá fullkomlega skilið á milli Mótvirðissjóðsins og annarra fjármála á Íslandi, og það álít ég alveg óhjákvæmilegt. Að sjálfsögðu þarf lagasetningu um slíka stofnun. En ég fæ ekki betur séð en notast megi við frv. það, sem hér liggur fyrir, sem grundvöll slíkrar lagasetningar, ef til kemur.

Reykjavík, 3. des. 1952.

Jón Árnason.

Til viðskiptamálaráðherrans, Reykjavík.

Sþ. 544. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Alþingi ályktar að kjósa á hverju reglulegu Alþingi — í fyrsta sinn nú þegar — úr hópi þingmanna 5 fulltrúa og 5 varafulltrúa í Norðurlandaráð, og skal efri deild kjósa 2 fulltrúa, en neðri deild 3 ásamt jafnmörgum varafulltrúum. Gildir kosning hverju sinni þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Hinn 10. desember s. l. var samþykkt á Alþingi þingsályktun um, að Ísland gerðist aðili að stofnun Norðurlandaráðs. Samkvæmt 2. gr. starfsreglna ráðsins, sem prentaðar eru sem fylgiskjal með ályktuninni, skal Alþingi kjósa 5 fulltrúa úr hópi þingmanna ásamt nægilegri tölu varamanna til setu í ráðinu.

„Kjörið fer fram á þeim tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður í hverju landi," segir enn fremur í sömu grein. Að öðru leyti eru ekki gefnar reglur um kjör fulltrúanna, en ætlazt er til, að þingin hafi á því þá skipan, sem þau álíta hagkvæmasta.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að deildir Alþingis kjósi fulltrúa í ráðið og sé þess þá að jafnaði gætt, að fulltrúi eigi sæti í þeirri deild, sem kýs hann. Með þessu ætti að fást trygging fyrir því, að þingmenn beggja deilda væru jafnvel settir til þess að taka þátt í og fylgjast með störfum ráðsins.

Boðað hefur verið til stofnfundar Norðurlandaráðs 13. febrúar n. k., og er því þörf á að hraða kjöri fulltrúa.

Nd. 545. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Við 1. gr.			
a. Á eftir 4. lið frv. komi nýr liður, svo hljóðandi (og breytist liðatalan samkvæmt því):			
5. Aftan við nr. 13a í 31. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
13b — ilmefni til sápugerðar	1 kg	7	8
Aths. Ilmefni til sápugerðar teljast því aðeins til nr. 13b, að viðtakandi vörunnar reki sápugerð og þess sé getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði einungis notuð til framleiðslunnar.			
b. Á eftir 11. lið frv., sem verður 12. liður, komi nýr liður, svo hljóðandi (og breytist liðatalan samkvæmt því):			
12. Aftan við nr. 12 í 44. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
12a Filterpappír til olíuhreinsunar	—		2
2. Við 3. gr. „11. og“ í 2. málsgr. 3. gr. frv. falli niður.			

Nd. 546. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fyrrum prestssetursjarðir Kollafjarðarnes og Stað í Steingrímsfirði ásamt Ásmundareyjum í Kaldrananeshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv., sem er komið frá Ed., og leggur til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, að jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður verði seldar með því skilyrði, að þær verði gerðar að ættaróðulum, og að veitt verði heimild til sölu eyðijarðarinnar Kolgrafarsels.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar fasteignir:

a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðarness og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem taldar eru í stafliðunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem taldar eru í a—c-lið 1. málsgr., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

2. Fyrirsögn frv. orðist þannig: Frumvarp til laga um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

Alþingi, 17. jan. 1953.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Jón Gíslason. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 547. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

a. 1. gr. orðist svo:
Í stað 1. málsl. 3. gr. laganna komi tveir málsl., svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 3 millj. lax- og silungsseiða. Ef hentara þykir, má ríkisstjórnin reisa stöðvar þessar í samvinnu við aðra aðila.

b. Á eftir 1. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi:
Fyrir orðin „eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í þá á, sem seiðin eru ætluð í“ í 1. málsl. 7. gr. laganna kemur: kostnaðarverð.

Ed. 548. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum og talað um það við veiðimálastjóra og leggur til, að það sé samþykkt með breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. — FRV var ekki á fundi.

Alþingi, 19. jan. 1953.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 549. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það á fundi og formaður nefndarinnar að auki við Pálma Einarsson landnámsstjóra, og leggur nefndin til, að þeirri athugun lokinni, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað „Kirkjujarðasjóð“ síðast í greininni komi: fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs.

FRV var ekki á fundi.

Alþingi, 19. jan. 1953.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 550. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr.

a. Fyrir orðin „tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr.“ í upphafi greinarinnar komi: þrjár nýjar greinar, sem verða 7., 8. og 9. gr.
b. Aftan við gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
c. (9. gr.) Nú er með breytingu á skipulagsskrá, sem gerð er samkvæmt heimild í lögum þessum, heimilað að selja fasteign, sem gefin hefur verið sjóði eða stofnun, er starfar í þágu almennings, og setja andvirði fasteignarinnar á vöxtu, og ber ríkissjóður þá ábyrgð á, að þessi höfuðstóll rýrni ekki að verðgildi, eftir að salan fer fram. Nú rýrnar höfuðstóllinn að verðgildi samkvæmt mati hagstofustjóra, og skal ríkissjóður þá bæta tjónið.

Nd. 551. Frumvarp til laga [207. mál]

um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, sem eigi á sjálfur íbúð, sem hæf sé til íbúðar, á rétt á því að byggja sér íbúðarhús með einni íbúð, eða stærra hús, ef hann byggir

með öðrum. Á hann kröfu á að fá til þess þá aðstoð frá því opinbera, sem nánar er kveðið á um í þessum lögum. Réttur þessi miðast við stærð íbúða, sem fyrir er mælt um í 3. lið 7. gr. þessara laga.

Skylt er byggingarnefnd hvers kaupstaðar eða kauptúns að leyfa slíkar byggingar, ef þær samrýmast kröfum til heilsusamlegra íbúða, og mæla út lóð handa mönnum til byggingar slíkra íbúðarhúsa eða gefa mönnum kost á að byggja á sömu lóð allt að þriggja hæða hús. Eigi þarf að sækja um önnur leyfi en til byggingarnefndar viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns til slíkra bygginga. Öll ákvæði, sem takmarka slíkar byggingar við veitingu fjárfestingarleyfa, eru úr gildi numin.

Rétt eiga menn að mynda samtök um að nota þennan rétt og fela þeim framkvæmd slíkra bygginga, og njóta þau þá sama réttar, enda breytist eigi eignarréttur aðilans við það öðruvísi en ráð er fyrir gert í lögum þessum.

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

2. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, sem greinir í 4. lið 7. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

3. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

4. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 3. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 12 krónum og ekki meira en 18 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs, sbr. 3. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn helminginn af tekjuafgangi ríkisins af einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 3. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á uphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs, þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

5. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 7. gr. þessara laga. Í Reykjavík mega þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skulu félög þau, sem nú starfa þar, öðlast viðurkenningu og njóta réttinda samkv. lögum þessum.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A.-flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt, og er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

6. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

7. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 5. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 24000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 3500 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 5. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.

7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllunum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

8. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 9. lið 7. gr., um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 4. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 7. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að

stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

10. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

11. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um byggingarsamvinnufélög.

13. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 16. gr.) og reka lánastarfsemi.

14. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 25 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum, og skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

17. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 16. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 75% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 75% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

18. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

19. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 16. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum eða því sem næst með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

20. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 15. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 7. gr. svo og ákvæði 8. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

21. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

22. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 21. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

23. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

24. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á

kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

25. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

26. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

III. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

28. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

29. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

30. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

31. gr.

Skýrslur þær og áætlanir, sem um getur í 30. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

32. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 30. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim

sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.

33. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til lánin eru að fullu greidd.

34. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður

35. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það, í hverri röð menn fái íbúðirnar.

36. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

37. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

38. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI
Um lánadeild smáíbúðarhúsa.

39. gr.

Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela skal Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar, þar með úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur.

40. gr.

Ríkissjóður leggur fram 30 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

41. gr.

Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 4 af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáíbúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 90 þúsund krónur.

Lánin endurgreiðast lánadeildinni og notast til frekari útlána úr lánadeildinni.

42. gr.

Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

43. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

V. KAFLI
Um rétt einstaklinga til veðlána.

44. gr.

Þeir einstaklingar, sem eigi njóta aðstoðar samkvæmt I.—IV. kafla þessara laga, en byggja sér íbúð samkvæmt skilyrðum 1. gr., skulu eiga rétt á láni úr veðdeild Landsbanka Íslands svo sem hér segir:

1. Veðdeildin skal starfrækt svo, að hún fullnægi skilyrðum þessarar greinar.
2. Ákvæðin í 7. gr. laga nr. 1 12. jan. 1900, um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, skulu gilda með þeirri breytingu á síðasta málslið, að í stað „helmingi af virðingarverði“ komi „þriðjungi af brunabótamati“ — og 8. gr. sömu laga skal eigi gilda gagnvart þessum aðilum.
3. Skylt er seðlabankanum að kaupa þau bankavaxtabréf, er veðdeildin lætur þessum mönnum í té.

45. gr.

Hver sá íslenzkur ríkisborgari, sem á íbúð samsvarandi þeim, sem um getur í 1. gr., og býr í henni sjálfur, á kröfu á því að fá lán út á 1. veðrétt í veðdeild Landsbanka Íslands samkvæmt ákvæðum 44. gr.

VI. KAFLI

Um innflutning byggingarefnis o. fl.

46. gr.

Innflutningur á byggingarefni skal vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkrum vörum er frjáls.

47. gr.

Nú eru höft á öllum innflutningi og erfiðleikar á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, og skal þá fjárhagsráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til þess að lög þessi nái tilgangi sínum.

48. gr.

Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

49. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

50. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

51. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi, þar með lög um frestun á framkvæmd III. kafla laganna.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning stjórnar byggingarsjóðs samkv. 9. gr. og endurskoðenda samkv. 10. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1956.

Greinargerð.

Sósialistaflokkurinn hefur flutt á þessu þingi frv. um að gefa byggingu íbúðarhúsa frjálsa, þegar um er að ræða íbúðir fjögurra herbergja eða minni, eins og lögin um verkamannabústaði gera ráð fyrir. Þau lög hafa nú verið felld — eða það, sem kemur í sama stað: vísað til stjórnarinnar. En samkvæmt því frv. hefði öllum orðið frjálst að byggja hús, eins til að selja eða leigja.

Með því frv., sem hér er lagt fram, er hins vegar verið að tryggja rétt þeirra manna, sem ekki eiga íbúð sjálfir, til þess að byggja yfir sig. Eftir að húsaleigulögin eru afnumin, er engin vörn til fyrir því ástandi, að hægt sé að segja fjölskyldu upp húsnæði og setja hana á götuna, en lögin banni henni að byggja yfir sig. Þetta frv. fjallar um rétt manna til að byggja og skyldu ríkisins til að aðstoða þá.

Enn fremur er með þessu frv. verið að tryggja rétt manna, sem búa í eigin íbúð, til þess að fá lán út á hana. Nú, þegar verið er óðum að svipta þá verkamenn og þær millistéttir, sem eignuðust eigin íbúð á nýsköpunarárunum, þessum íbúðum sakir þess, hvernig lífskjör þeirra hafa verið rýrð, er nauðsynlegt að setja ákvæði um útlánsskyldu bankanna þessu fólki til handa.

Í þessu frumvarpi eru felld saman með nokkrum breytingum lög þau, sem nú gilda um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupsöðum og kauptúnum, og ný ákvæði til þess að tryggja rétt manna til þess að bæta úr húsnæðisleysi sínu og upphefja þar með það réttleysi, sem einstaklingarnir nú verða að búa við í þessum efnum.

Skal farið nokkrum orðum um hinar einstöku greinar og kafla þessa frv.

Um 1. gr.

Með henni er ákveðinn réttur hvers íslenzks borgara til þess að fá að byggja, ef hann treystir sér til þess og á ekki sjálfur hæfa íbúð. Er með þessari grein afnumið vald fjárhagsráðs til að geta neitað mönnum um fjárfestingarleyfi fyrir íbúðum, fjögurra herbergja eða minni.

Um I. kafla.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar úr lagakaflanum um verkamannabústaði, nema 4. gr. Henni er breytt í sama horf og var, er lögin um tóbakseinkasölu voru sett 1931. Þá var ákveðið, að helmingur af tekjum Tóbakseinkasölu ríkisins skyldi renna til Byggingarsjóðs verkamannabústaðanna. Helmingurinn af tekjum þessum er nú númar 14 millj. kr., svo að nokkuð yrði séð fyrir þörfum byggingarsjóðsins með þeim, enda verður að telja byggingu verkamannabústaðanna einhverja skynsamlegustu aðferðina til lausnar húsnæðisvandamálsins.

Um 5.—12. gr.

Greinarnar eru óbreyttar, nema 5. og 7. gr.

Með breytingunni á 5. gr. er ákveðið, að þau tvö byggingarfélög verkamanna, sem nú starfa í Reykjavík, skuli mega starfa og hafa sama rétt. Væri þar með þeim samtökum, er braut ruddu í byggingu verkamannabústaða, Byggingarfélagi alþýðu í Reykjavík, leyft að starfa áfram að byggingu verkamannabústaða.

Með breytingunni á 7. gr. er ákveðið, að öll stjórn byggingarfélags skuli kosin af meðlimum þess. Er það lýðræðislegra en núverandi fyrirkomulag.

Um II. kafla.

Um 13.—27. gr.

Þessi ákvæði um byggingarsamvinnufélögin eru alveg óbreytt.

Um III. kafla.

Um 28.—38. gr.

Þessum kafla er breytt í sitt gamla horf, eins og hann var, er lögin voru sett 1946 af nýsköpunarstjórninni.

Það er eftirtektarvert tákn um áhrif ríkisstjórna þeirra, er Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Alþýðuflokkurinn hafa myndað saman, jafnt 1939—41 sem 1947—49, að þær hafa alltaf rýrt eða eyðilagt fyrri lagasetningar um þessi nauðsynjamál, hvort heldur þær voru frá 1931 eða 1946. — Það eru því stórfelldar endurbætur að leggja til að færa ákvæði þessara laga í sitt gamla horf.

Um IV. kafla.

Um 39.—43. gr.

Kafli þessi er að mestu óbreyttur tekinn úr núgildandi lögum um lánadeild smáíbúðarhúsa. Þó eru þar á þessar breytingar:

Í 39. gr. er svo mælt fyrir, að ráðherra skuli fela lánsstofnun eigi aðeins stjórn lánadeildar, heldur og úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur. Við þá einu úthlutun lána, er fram hefur farið, hefur ekki verið farið eftir neinum reglum, lánað af handahófi og eftir geðþótta eða pólitískri fylgispekt, enda settu stjórnarflokkarnir hvor sinn mann í úthlutunina, er skiptu á milli sín að úthluta lánunum. Slíkt hneykslí má ekki endurtaka sig. Er Landsbanka Íslands eða hvaða annarri lánsstofnun, sem ráðherra semur við, hins vegar fyllilega treystandi til að framfylgja óhlutdrægt þeirri reglugerð, er ráðuneytið setti samkvæmt lögunum.

Á 40. gr. er gerð sú breyting, að ákveðið er, að 30 millj. kr. skuli vera stofnfé deildarinnar. En það voru 4 millj. kr., er deildin var stofnuð, og nú liggur fyrir Alþingi stjfrv. um að bæta 16 milljónum við. Hins vegar er nauðsyn á meira fé, og því er hér lagt til, að stofnféð verði 10 millj. kr. hærra, eða alls 30 milljónir. Er það m. a. gert með hliðsjón af því, að erfitt kynni að verða að fá framlög í þessa lánadeild á næstu þingum eftir kosningar, ef núverandi stjórnarflokkar skyldu halda meiri hluta á þingi, og því sé bezt að fá stofnféð ákveðið þetta hærra nú.

Á 41. gr. er gerð sú breyting, að útlánsvextir eru lækkaðir úr 5½% í 4%. Enn fremur er ákveðið, að lánin skuli endurgreiðast til lánadeildarinnar og féð síðan notast til frekari útlána í lánadeildinni. Um þetta voru engin ákvæði áður.

Um V. kafla.

Um 44.—45. gr.

Þessar greinar miða að því að tryggja þeim mönnum, sem eigi verða aðnjótandi aðstoðar samkv. I.—IV. kafla, að þeir hafi aðgang að veðdeild Landsbankans, þannig að þeim yrði veruleg hjálp í þeim. Hins vegar er engin hæta á, að bankanum yrði um megn að inna þessar skyldur af hendi.

Með 45. gr. er ákveðinn réttur þeirra manna, er hús eiga, til að geta þó að minnsta kosti fengið lán út á 1. veðrétt í húsinu eða íbúðinni, og tryggt, að þeir geti selt bankanum bankavaxtabréf affallalaust. Ástandið, sem nú ríkir í þessum málum, er algerlega óviðunandi. Það er ekki hægt fyrir menn, sem eiga íbúðir, að fá lán út á 1. veðrétt, þótt mikið liggi við. Slíkt er þó talinn sjálfsagður hlutur í öllum löndum. En hér hefur verið komið á slíkri einokun á lánsfjárveitingum, að jafngildir féflettingu og eignaráni, því að vitanlega er það sama og að ræna eign manns, ef ríkið og bankar hindra mann, sem á góða eign skuldlausa, að geta fengið 1. veðréttar lán út á hana, t. d. til þess að borga skatt til ríkisins.

Um VI. kafla.

Um 46.—53. gr.

Í 46. gr. er ákveðið, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, ef nokkur innflutningur er frjáls. Væri þar með afnumin sú óhæfa, að innflutningur

óþarfa, eins og amerískra kerta, sé frjáls, en Íslendingum óheimill frjáls innflutningur byggingarefnis til þess að byggja nauðsynleg íbúðarhús og spara þar með fyrir þjóðina og framtíðina og byggja upp landið.

Séu höft á öllum innflutningi, skulu gömlu ákvæðin haldast.

Ed. 552. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1.	Athugasemdin aftan við nr. 11 í 19. kafla falli niður.			
2.	Aftan við nr. 3 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að færa kolsýru niður í 8% verðtoll.			
3.	Aftan við nr. 51 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	51a — Frostlögur og bremsuvökvi	1 kg	7	30
4.	Í stað nr. 2 í 30. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Litarextrakt úr jurtaríkinu:			
	2 — barkarlitur	—	2	2
	2a — annar	—	7	8
5.	Aftan við nr. 13a í 31. kafla komi nýr liður svo hljóðandi:			
	13b — ilmefni til sápugerðar	—	7	8
	Aths. Ilmefni til sápugerðar teljast því aðeins til nr. 13b, að viðtakandi vörunnar reki sápugerð og þess sé getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði einungis notuð til framleiðslunnar.			
6.	Í stað fyrirsagnarinnar að 33. kafla „Ostaefni (kasein), albúmín, gelatín, lím og steiningarefni (appretúrefni)“ komi: Eggjahvituefni og efni leidd af þeim, lím og steiningarefni.			
7.	Aftan við nr. 3 í 33. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	3a Peptón, petónöt, protein, ót. a., og efni leidd af þeim	—	7	8
8.	Í stað nr. 6 í 33. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	6 — dextrín	—	7	8
	6a — annað	—	7	30
9.	Aftan við nr. 19a í 39. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	19b Björgunarbátar og önnur björgunartæki	—	2	2
10.	Aftan við nr. 7 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka eða fella niður verðtoll af ósöguðum trjáviði í fisktrönur.			
11.	Nr. 11 í 40. kafla orðist svo:			
	11 — askur og álmur	—	10	8
12.	Við nr. 61 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af túrbínupípum niður í 8%.			
13.	Aftan við nr. 12 í 44. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	12a Filterpappír til olíuhreinsunar	—		2
14.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir	—	7	5
15.	Nr. 5 og 5a í 46. kafla B orðist svo:			
	5 — netjagarn, einlitt	—	2	
	5a — annað	—	7	5

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
16.	Nr. 1 í 46. kafla C orðist svo:			
	1 Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tvinnaður með málmþræði	1 kg	20	50
17.	Nr. 5 í 49. kafla orðist svo:			
	5 — netjagarn	—	2	
18.	Nr. 35 í 50. kafla orðist svo:			
	35 — annars	—	20	15
19.	Í stað nr. 10 í 52. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	— — baðmull:			
	— — — nærfatnaður:			
	10 — — — — „manchettskyrtur“	—	20	50
	10a — — — — annar	—	20	25
20.	Nr. 34 í 52. kafla orðist svo:			
	34 Segl og bárufleygar	—	2	8
21.	Nr. 42 í 63. kafla falli niður.			
22.	Aftan við athugasemdina við nr. 66 í 63. kafla bætist: Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka verðtoll af rúmum fyrir sjúkrahús niður í 8%.			
23.	Aftan við nr. 97 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	97a — önnur	—	7	8
24.	Nr. 25 í 71. kafla orðist svo:			
	25 — með áletrun, sem ber með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar landbúnaðar- og sjávarafurðir eða aðrar íslenzkar afurðir til útflutnings	—		2
25.	Nr. 15 í 75. kafla orðist svo:			
	15 Hestvagnar, heygrindur fyrir dráttarvélar og aðrir áþekkir vagnar og vagnhlutar, ót. a.	—	2	8
26.	Nr. 4 í 77. kafla orðist svo:			
	4 Smásjár og smásjárhlutar	—	7	8
27.	Í stað fyrirsagnarinnar að 79. kafla „Hljóðfæri og hljóðfærahlutar“ komi: Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra.			
28.	Í stað nr. 8 í 79. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	8 Harmoníkur	—	7	50
	8a Hlutar til harmoníka	—	7	30
29.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi fimm nr., svo hljóðandi:			
	8 — umbúðablöð, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings	—		2
	— plötur, stengur, þynnur o. þ. h.:			
	9 — — einlitar og ómunstraðar	—	7	15
	9a — — aðrar í ströngum eða lengjum	—	7	20
	9b — duft og deig, ót. a.	—	7	8
	9c — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
30.	Aftan við nr. 6 í 85. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	7 Bandprjónar, heklunálar, prjónavélanálar, saumavélanálar, saumnálar, seglsaumsnálar, striganálar, stoppunálar og aðrar þess háttar nálar	—	7	10

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. i-liður 3. gr. orðist svo:

i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til

sölu þar, og af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum umbúðum.

2. j-liður 3. gr. orðist svo:
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar framleiðslu- og iðnaðarvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, enda sé hægt að ganga úr skugga um magn og verð hinna erlendu efnivara, eða að greiða hinum innlendu framleiðendum útflutningsendurgreiðslur, sem svari sem næst til þeirra aðflutningsgjalda, sem ætla má að greiddar hafi verið af efnivörunum.
3. Á eftir y-lið 3. gr. komi tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   z. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði íslenzkra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.
   þ. Að heimta aðeins verðtoll af leigu tækja, sem eru send hingað til notkunar um stuttan tíma og þegar eru endursend að notkun lokinni.
   æ. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til netjagerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir 17. liður laga nr. 49/1950 og 21. liður 1. gr. laga nr. 108/1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Nd. 553. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Í Egilsstaðalæknishéraði eru um 1750 manns. Er það ekki meira en gengur og gerist í læknishéruðum, þar sem fólksfjöldi þykir hæfilegur. Ýmis þeirra eru drjúgum fólksfleiri, svo sem Sauðárkróks-, Blönduós- og Húsavíkurhéruð. Önnur eru ámóta fjölmenn, svo sem Laugarás-, Borgarnes- og Patreksfjarðarhéruð. Egilsstaðahérað verður og engan veginn talið meðal þeirra, sem erfiðust eru yfirferðar, enda er þar um enga fjallvegi að fara. Eigi að stofna embætti aukalæknis og fjölga þannig í raun og veru héraðslæknum, er því hæpið, að helzt væri þörf á að staðsetja hann í Egilsstaðahéraði og allra sízt í þorpi, þar sem annar læknir er fyrir. Eðlilegra væri þá, að athugun færi fram á því, hvar á landinu helzt væri þörf fyrir nýjan lækni. En verði þetta frv. samþykkt, má búast við hliðstæðum málaleitunum frá mörgum héruðum, sem eins stendur á um.

Hins vegar hefur það verið stefna ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á þessu þingi að forðast stofnun nýrra embætta með tilliti til fjárhags ríkissjóðs. Með þeim rökum a. m. k. var nýlega fellt stjórnarfrumvarp um að skipta einu af kennaraembættunum við læknadeild háskólans, þótt ómótmælt væri, að eins og á stendur er of mikil kennsluskylda lögð á þann mann, sem embættinu gegnir. Deildin hefur og nýlega vísað frá öðru frv. um stofnun embættis með þessum ummælum: „Rekstrarútgjöld ríkisins eru þegar orðin mjög há, og ástæða er til að gæta fyllstu varfærni um fjölgun embætta.“

Sé ég ekki ástæðu til þess að ætla, að háttv. deild muni vilja víkja frá þessari sparnaðarstefnu, og legg því til, að málinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð samþykkt frv. þessa hefði tvímælalaust í för með sér tillögur um stofnun allmargra nýrra læknisembætta, en deildin hefur nýlega samþykkt, að með tilliti til hárra rekstarútgjalda ríkisins sé „ástæða .... til að gæta fyllstu varfærni um fjölgun embætta", sér deildin ekki ástæðu til þess að samþykkja frv. þetta og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. jan. 1953.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 554. Breytingartillaga [40. mál]

við brtt. á þskj. 464 [Verðjöfnun á olíu og benzíni].

Frá Áka Jakobssyni.

Við 2. tölulið. Á eftir orðunum „útsöluverð á olíum" komi: og benzíni.

Ed. 555. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 24. gr. Fyrir „1. janúar 1953" komi: 15. febrúar 1953.

Ed. 556. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Fyrir „101 150 000 króna" kemur 95 000 000 króna.
   b. 2. töluliður (Eftirtalin .... Alþingis) fellur niður.
2. Við 8. gr. Greinin fellur niður.

Nd. 557. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft málið til athugunar og sent það til umsagnar vitamálastjóra.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmenn, þm. Borgf. og þm. Snæf., munu gera grein fyrir sinni afstöðu sérstaklega.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að rétt sé að samþykkja frumvarpið.

Umsögn vitamálastjóra er prentuð hér með.

Alþingi, 19. jan. 1953.

Lúðvík Jósefsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. desember 1952.

Með bréfi, dags. 17. þ. m., hefur sjávarútvegsnefnd neðri deildar óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um landshöfn í Höfn í Hornafirði, sem fram hefur verið borið á þingskjali 330. Út af þessu skal ég leyfa mér að taka fram:

Frumvarp til laga um landshöfn í Höfn í Hornafirði hefur áður verið borið fram, en ekki náð fram að ganga. Það er rétt, sem segir í greinargerð með frv., að þessi staður er sá eini, sem kemur til greina á allstóru svæði að gera höfn á, og að í grennd við þennan stað eru fiskimið góð. Staðurinn hefur því mikla þýðingu sem verstöð fyrir vélbátaflota, bæði heimabáta og aðkomuskip. Það hefur hins vegar háð útgerð frá þessum stað, að afgreiðsluskilyrði í höfninni hafa ekki verið góð og móttökuskilyrði fyrir afla í landi hafa ekki verið fullnægjandi, t. d. hefur til skamms tíma ekki verið hægt að leggja fisk á land þar til frystingar. Nokkuð hefur verið úr þessu bætt á síðustu árum. Bátaafgreiðslan, sem áður fyrr var úti í eyjum, bæði Mikley og Álaugarey, hefur færzt inn í Höfn. Bryggjupláss þar hefur verið bætt, renna grafin frá Standey inn að Höfn, fyrirstöðugarðar byggðir frá Heppu í Standey og vestan við hafnarsvæðið fyrir innan Höfn. Frystihús hefur einnig verið reist, vatnsveita lögð og fleira gert til aukins hagræðis, svo sem innsiglingarljós á Suðurfjörur og við ósinn, sem komið var fyrir s. l. sumar.

Það, sem nú liggur fyrir að gera í hafnarmálum Hafnarkauptúns, er að grafa nýjan, skipgengan skurð úr aðalálnum inn að Höfn og síðar að stækka og auka bryggjuplássið. Áætlun hefur nýlega verið gerð um skurðinn, og er áætlað, að hann muni kosta um 1 millj. kr., og þó ef til vill eitthvað minna, ef heppilegt sanddæluskip fengist. Er þá reiknað með 4 m dýpi í skurðinum.

Um það, hvort heppilegra sé eða réttara að breyta nú til um rekstur hafnarinnar, þannig að ríkið taki eitt við framkvæmdum og höfnin verði gerð að landshöfn, eða sami háttur verði hafður á og áður, að hafnarnefnd staðarins annist þetta, skal ég ekki dæma. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvaða ákvörðun hæstvirt Alþingi tekur um það mál, en ég vil þó leyfa mér að benda á nokkur atriði til íhugunar, áður en sú ákvörðun verður tekin.

1. Ef Höfn í Hornafirði verður gerð að landshöfn, má gera ráð fyrir, að þó nokkrar fleiri hafnir geri með engu minni rétti kröfu um það sama.
2. Ríkissjóður á nú í byggingu tvær landshafnir, sem erfiðlega hefur gengið að útvega fé til. Ætla má, að ef landshöfnum fjölgaði, yrði það ekki til að flýta fyrir hafnargerð á þessum stöðum, heldur þvert á móti.
3. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir um landshöfn, er gert ráð fyrir, að rekstur hafnarinnar standi undir ⅔ af byggingarkostnaði, eða 66⅔%, en samkvæmt núgildandi lögum, sem höfnin býr við nú, er aðeins gert ráð fyrir, að höfnin sjálf standi undir 60% af byggingarkostnaði, þannig að hlutur hafnarinnar verður ekki betri, heldur lakari, þó að litlu muni, en áður var, ef breytingin verður gerð.
4. Það er sjálfsagt erfitt fyrir lítið hreppsfélag að standa í þeim stórræðum, sem hafnargerð óneitanlega er, auk annarra aðkallandi hluta. Skuldir hafnarinnar vegna hafnarmannvirkja, sem þegar hafa verið gerð, munu nú nema um ½ millj. kr. rúmlega, eftir þeim gögnum, sem ég hef í höndum. Viðbótarlán vegna þeirra framkvæmda, sem næst liggja fram undan, þurfa væntanlega að verða samkvæmt ofanrituðu um 600 þús. kr., og vildi ég mega ætla, að með aukinni útgerð, sem væntanlega fylgdi í kjölfarið, að takast mætti fyrir hafnarsjóð að standa undir þeirri upphæð.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 558. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta í íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft mál þetta til athugunar í alllangan tíma. Frumvarpið var sent til umsagnar Alþýðusambands Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.

Alþýðusambandið mælir með samþykkt frumvarpsins, en Félag botnvörpuskipaeigenda er andvígt því.

Sjávarútvegsnefnd hefur klofnað um afgreiðslu málsins. Fjórir nefndarmenn eru andvígir frumvarpinu, en ég mæli með samþykkt þess.

Aðalefni frumvarpsins er að lögfesta 12 klukkustunda hvíld á sólarhring fyrir háseta á íslenzkum togurum. Þessi hvíldartími hefur þegar verið ákveðinn í samningum á milli togarasjómanna og togaraeigenda. Hins vegar er enn í lögum ákvæði um 8 klukkustunda lágmarkshvíldartíma togarasjómanna.

Þar sem fyrir liggur, að togarasjómenn leggja áherzlu á, að ákvæði þetta verði lögfest, þykir mér sjálfsagt, að Alþingi verði við óskum þeirra. Mál þetta er nú komið út af fyrri grundvelli, sem var deila togaraeigenda og sjómanna. Nú hafa þessir aðilar gert kjarasamning um málið, en Alþingi á eftir að breyta lögunum um hvíldartíma á togurum til samræmis við kjarasamningana.

Ég legg því eindregið til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1953.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 559. Frumvarp til laga [201. mál]

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, enda náist ekki samkomulag við hlutaðeigandi prest, að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu samkv. lögum um ættaróðal og erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru heppilegar til nýbýlastofnunar og prestur nytjar ekki að öllu leyti eða þarf til búrekstrar sjálfur.

2. gr.

Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá úttektarmenn meta afgjald af býli því eða býlum, sem frá jörðinni eru skilin. Renna afgjöld til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 560. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 3. gr. laganna komi tveir málsl., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 3 millj. lax- og silungsseiða. Ef hentara þykir, má ríkisstjórnin reisa stöðvar þessar í samvinnu við aðra aðila.

2. gr.

Fyrir orðin „eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í þá á, sem seiðin eru ætluð í“ í 1. málsl. 7. gr. laganna kemur: kostnaðarverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 561. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr.

1. Við a-lið (7. gr.) Liðurinn orðist svo:
   Nú óska forráðamenn sjóðs eða stofnunar, er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, að fá leyfi til breytinga á skipulagsskrá, og skulu þeir þá gera dómsmálaráðuneytinu skriflega grein fyrir nauðsyni þeirri, er á því sé að breyta skipulagsskánni. Skulu þeir leggja fram tillögur um, á hvern hátt bezt verði séð fyrir tilgangi sjóðsins eða stofnunarinnar, ef breyting verði gerð á skipulagsskránni.
2. Við b-lið (8. gr.) Liðurinn orðist svo:
   Tillögur forráðamanna sjóðs skulu af dómsmálaráðuneytinu lagðar undir eftirlitsmenn opinberra sjóða og álit þeirra fengið. Verði forráðamenn sjóðs, eftirlitsmenn opinberra sjóða og dómsmálaráðuneytið sammála um, hvernig breyta skuli skipulagsskrá, skal dómsmálaráðuneytið leggja fyrir Alþingi frumvar til laga um slíka breytingu á skipulagsskrá viðkomandi sjóðs eða stofnunar.

Ed. 562. Lög [118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 20. jan.)

Samhljóða þskj. 492.

Ed. 563. Frumvarp til laga [184. mál]

um Framkvæmdabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Framkvæmdabanki Íslands. Á ensku er heiti bankans Iceland Bank of Development. Bankinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt 13. gr. laga þessara. Heimili og varnarþing bankans er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu.

Til þess að gera Framkvæmdabankanum kleift að leysa af hendi þetta hlutverk sitt, skal honum lagt til fé það, sem um getur í 3. og 4. grein.

3. gr.

Ríkissjóður leggur Framkvæmdabankanum til stofnfé, samtals að upphæð 101 000 000 króna, sem hér segir:

1. Skuldabréf fyrir lánum úr Mótvirðissjóði:
   Tvö skuldabréf Sogsvirkjunarinnar, dags. 18. febrúar 1952, að upphæð samtals 54 000 000 króna.
   Tvö skuldabréf Laxárvirkjunarinnar, dags. 29. febrúar 1952, að upphæð samtals 21 000 000 króna.
   Skuldabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, dags. 9. apríl 1952, að upphæð 20 000 000 króna.
2. Hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h/f 6 000 000 króna. Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþingis.

Ríkissjóður leggur bankanum enn fremur til stofnfé til viðbótar, eftir því sem Alþingi kann að ákveða hverju sinni.

4. gr.

Framkvæmdabankanum skal falin varzla þess fjár, sem nú er í Mótvirðissjóði eða í hann kemur vegna efnahagsaðstoðar, sem þegar hefur verið látin í té. Um ráðstöfun þess fjár gilda eftirgreind ákvæði:

Af fé Mótvirðissjóðs skal Framkvæmdabankinn geyma 50 milljónir króna á sérstökum reikningi í seðlabankanum (skuldagreiðslureikningi), ef til kemur að því fé verði varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1951.

Fé það, sem er í Mótvirðissjóði, annað en það, sem notað hefur verið eða notað verður hér eftir til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h/f eða til skuldagreiðslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankinn skal þó flytja árlega á viðskiptareikning sinn hjá seðlabankanum hluta þessarar innstæðu. Skal sá hluti ákveðinn þannig, að í fyrsta sinn skal Framkvæmdabankinn flytja $\frac{1}{25}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1952, eftir að dregin hefur verið frá innstæðunni á sérreikningnum sú upphæð, sem ríkisstjórnin áætlar að notuð verði síðar til kaupa á skuldabréfum virkjananna tveggja og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Í ársbyrjun 1954 skal með sama hætti fluttur $\frac{1}{24}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1953,

í ársbyrjun 1955 ½₃ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1954, o. s. frv. unz þessi innstæða er tæmd.

Frá og með 1. janúar 1953 skal seðlabankinn af hinu bundna innstæðufé greiða vexti eftir samningi, sem bankarnir gera með sér.

Vextir þeir, sem seðlabankinn greiðir af hinni bundnu innstæðu, svo og vextir og afborganir af lánum úr Mótvirðissjóði, skal fært á viðskiptareikning Framkvæmdabankans.

Innstæðu sína á viðskiptareikningnum má Framkvæmdabankinn nota til starfsemi sinnar samkvæmt 7. grein.

Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdabankans.

5. gr.

Tekjuafgang bankans skal leggja við höfuðstól eða í varasjóð samkvæmt ákvörðun bankaráðs, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.

6. gr.

Handbært fé Framkvæmdabankans skal geymt í viðskiptareikningi í seðlabankanum. Óheimilt er Framkvæmdabankanum að taka lán hjá seðlabankanum.

7. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum.
2. Að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og að dómi bankastjórnarinnar nægilega arðbær til þess að geta greitt af rekstrartekjum vexti og afborganir af skuldum sínum. Enn fremur að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama hátt.
3. Að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.
4. Að verzla með verðbréf þau, sem nefnd eru í 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Að gefa út og selja eigin skuldabréf.
6. Að efla sparifjársöfnun og verðbréfaviðskipti og stuðla að öðru leyti að þróun heilbrigðs markaðs innanlands fyrir lánsfé til langs tíma.
7. Að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar, enda er Framkvæmdabankinn undanþeginn ákvæði 4. greinar laga nr. 105 21. desember 1945.
8. Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu.
9. Að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna.
10. Að greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri.

8. gr.

Fé það úr Mótvirðissjóði, er bankinn fær til eignar samkvæmt 1. tölulið 3. gr., svo og fé það, er hann fær til ráðstöfunar samkvæmt 4. gr., skal bankinn lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært, ásamt vaxtatekjum af því, en að frádregnum hlutfallslegum kostnaði við rekstur bankans. Skulu skilmálar þessara lána vera hinir sömu og gilda á sama tíma um hliðstæðar lánveitingar Framkvæmdabankans.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó

má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 80 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Nú tekur bankinn fé að láni erlendis og lánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdabankinn skal, ef fjármálaráðherra óskar þess, annast fyrir hönd ríkissjóðs innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkið hefur veitt, og enn fremur sjá um greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Ríkissjóður greiðir bankanum hæfilega þóknun fyrir þessi störf, og bætir honum hvert það tjón, sem hann kann að verða fyrir vegna þessara lána.

Ríkissjóður afhendir bankanum til vörzlu og innheimtu skuldabréf lántakenda fyrir lánum þeim, sem ríkið hefur veitt innanlands af eftirtöldum erlendum lánum:

1. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1948, til síldarverksmiðja o. fl.
2. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1949, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
3. Lán hjá Hambros Bank Ltd., London, 1949, til togarakaupa.
4. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
5. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til landbúnaðar.
6. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.
7. Lán hjá Gagnkvæmu Öryggisstofnuninni í Washington, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.

12. gr.

Bankinn starfar á almennum viðskiptagrundvelli. Vextir af þeim lánum, sem bankinn veitir, skulu fela í sér hæfilega áhættuþóknun til bankans.

Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð.

13. gr.

Stjórn bankans er í höndum bankaráðs og bankastjóra.

14. gr.

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn:

1. Skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.
2. Einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans.
3. Þrír menn kosnir hlutfallskosningu af Alþingi.

Fjórir hinir síðasttöldu skulu valdir til sex ára í senn.

Fjármálaráðherra skipar varamann fyrir skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Aðrir varamenn skulu valdir af sömu aðilum og aðalmenn og til sama tíma.

Bankaráð kýs sér formann og varaformann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

15. gr.

Bankaráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess.

16. gr.

Bankaráð hefur umsjón með starfsemi bankans. Það tekur, að fengnum tillögum bankastjóra, ákvörðun um lánveitingar og lántökur, svo og um kaup og sölu skuldabréfa og hlutabréfa. Bankaráð getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir. Bankaráð ákveður útlánsvexti og önnur lánskjör, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankastjóri semur rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár og leggur hana fyrir bankaráð til samþykktar.

Bankastjóri semur árlega skýrslu um starfsemi bankans, eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs, og skal hún send ríkisstjórninni, er bankaráð hefur fallizt á hana.

17. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og ákveður laun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera sex mánuðir. Þó getur bankaráð sagt bankastjóra upp starfi fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd ein mánaðarlaun fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem hann hefur gegnt störfum, nema hann hafi brotið af sér í starfi sínu. Greiðsla þessi skal þó aldrei vera lægri en sem svarar sex mánaða launum, né hærri en sem svarar eins árs launum. Nú víkur bankastjóri úr starfi vegna uppsagnar, og skal þá greinargerð fylgja uppsögninni.

Bankastjóri skal hafa þá reynslu og þekkingu á fjármálum og atvinnumálum, sem geri hann sérstaklega hæfan til starfsins.

18. gr.

Bankastjóri sér um daglegan rekstur bankans og stjórnar honum, nema að því leyti sem stjórnin er sérstaklega falin bankaráði samkvæmt 16. grein. Hann ræður starfsfólk bankans í samræmi við rekstraráætlun þá, sem gera ber samkvæmt sömu grein.

Bankastjóri skal láta bankaráði mánaðarlega í té skýrslu um starfsemi bankans. Tillögur, sem bankastjóri leggur fyrir bankaráð, skulu rökstuddar skriflega.

19. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skipuðum af fjármálaráðherra. Endurskoðandi skilar skýrslu sinni til ráðherra og bankaráðs.

Ársreikningur bankans, með áritun endurskoðanda, skal birtur í ársskýrslu bankans ásamt skýringum.

20. gr.

Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun.

21. gr.

Framkvæmdabankinn skal í starfsemi sinni hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila aðra, sem hafa fjárfestingarmál með höndum.

22. gr.

Framkvæmdabankinn nýtur þeirra sérréttinda, sem Landsbanka Íslands eru veitt í 53.—57. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, svo og í 58. gr. 2. málsgr. sömu laga.

Verja má fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdabankans.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum bankaráðs, að gefa út reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi bankans.

24. gr.

Framkvæmdabankinn tekur til starfa 15. febrúar 1953.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 564. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Aftan við frv. bætist svo látandi

Bráðabirgðaákvæði.

Kjörtími fyrstu aðalmanna og varamanna í bankaráð Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölul. 14. gr. skal vera til ársloka 1958, og kýs Alþingi í fyrsta sinn þrjá aðalmenn og þrjá varamenn á þingi því, er samþykkir þessi lög.

Ed. 565. Lög [127. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 20. jan.)

Samhljóða þskj. 394.

Ed. 566. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 4. gr. Fyrir „1. janúar“ í 4. málsgr. kemur: 15. febrúar.

Sþ. 567. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 3. gr.	A. Eignabreyt. landssímans VI. (Notendasímar í sveitum). Fyrir „1 740 000“ kemur	2 000 000
2.	— 10. —	II. b. (Hagstofan, aukaaðstoð). Fyrir „40 000“ kemur	130 000

3.	Við 11. gr.	A. 5. (Lögreglustjóraembættið í Rvík).		
		a. Við b. (Aukavinna). Fyrir „38 000“ kemur		71 000
		b. Við c. (Ljós, hiti o. fl.). Fyrir „145 000“ kemur		186 600
4.	— 12. —	IV. H. Nýr liður:		
		Til rekstrar blóðbanka		100 000
5.	— 13. —	A. II. a. 1. Nýr liður:		
		Reykjavegur		40 000
6.	— 13. —	C. IX. 24. Nýir liðir:		
		a. Hauganes		10 000
		b. Hellnar		15 000
7.	— 13. —	C. IX. 56. Nýr liður:		
		Til lendingarbóta fyrir eftirfarandi staði við Ísafjarðardjúp, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:		
		a. Melgraseyri		20 000
		b. Skálavík		10 000
		c. Vatnsfjörður		30 000
8.	— 13. —	C. X. (Hafnarbótasjóður).		
		Fyrir „1 430 000“ kemur		1 660 000
9.	— 14. —	B. II. Liðurinn orðist svo:		
		Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis		1 575 000
		Við úthlutun námsstyrkja ber að taka tillit til mismunandi náms- og dvalarkostnaðar í löndum, þar sem námsmenn dvelja.		
		Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, inni af hendi að loknu námi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.		
		Af fjárveitingunni skulu 300 þús. kr. veittar námsmönnum sem lán með hagkvæmum kjörum samkv. reglum, er menntamálaráðuneytið setur.		
10.	— 14. —	B. IV. g. (Bókasafnið Íþaka).		
		Fyrir „2 000“ kemur		5 000
11.	— 14. —	B. IX. f. Liðurinn orðist svo:		
		Til námskeiða utan Reykjavíkur og vegna yfirmanna á varðskipum ríkisins		59 000
12.	— 14. —	B. XII. 1. h. (Bændaskólinn á Hólum). Nýr liður:		
		Til viðhalds á leikfimishúsi		75 000
13.	— 14. —	B. XVII. 2. (Bygging húsmæðraskóla).		
		a. Fyrir „440 000“ kemur		740 000
		b. Nýir liðir:		
		1. Til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur á Löngumýri		25 000
		2. Til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur		15 000
14.	— 14. —	B. XVII. 3. c. (Húsmæðrakennaraskólinn, annar kostnaður).		
		Fyrir „50 000“ kemur		60 000
15.	— 15. —	A. IX. 9. (Rímnafélagið).		
		Fyrir „10 000“ kemur		15 000
16.	— 15. —	A. IX. 21. Nýr liður:		
		Til útgáfu á Ættum Austfirðinga		10 000
17.	— 15. —	A. IX. 24. Í stað liðarins komi tveir liðir:		
		a. Til greiðslu kostnaðar við norrænu menningarmálanefndina		8 000
		b. Vegna þátttöku Íslands í útgáfu safnrita um menningarsögu Norðurlanda til 1950		12 000

18. Við 15. gr. A. XXIV. 9. Nýr liður:
Til Lúðrasveitar Stykkishólms, til hljóðfærakaupa 5 000
19. — 15. — A. XXIV. 14. Nýr (rómv.) liður:
Til Árna Jónssonar til söngnáms á Ítalíu 8 000
20. — 16. — A. 11. b. (Jarðræktartilraunir, stofnkostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 375 000
21. — 16. — A. 17. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu í Laxá í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu 35 000
22. — 16. — A. 18. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs í Gerðum 50 000
23. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „1 285 000“ kemur 1 444 000
24. — 16. — C. 2. Liðurinn orðist svo:
Til eflingar upplýsingastarfsemi og skýrslusöfnunar fyrir iðju- og iðnrekstur í landinu samkv. ákvörðun ráðherra 250 000
25. — 16. — D. XI. Nýr liður:
Til jarðborana vegna kolarannsókna á Skarðsströnd, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 150 000
enda séu borunarframkvæmdir gerðar undir eftirliti og í samráði við rannsóknaráð ríkisins.
26. — 17. — 2. a. 2. (Almannatryggingar).
Fyrir „8 500 000“ kemur 9 500 000
27. — 17. — 21. Nýr liður:
Til dvalarheimilis aldraðra sjómanna, byggingarstyrkur 100 000
28. — 20. — Út. XII. 5. Nýr (rómv.) liður:
Til byggingar Kennaraskóla Íslands 300 000
29. — 20. — Út. XIII. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „950 000“ kemur 1 350 000
30. — 20. — Út. XVIII. (Bygging lögreglustöðvar á Keflavíkurflugv.).
Fyrir „150 000“ kemur 350 000
31. — 20. — Út. XXI. (Dieselrafstöðvar).
Fyrir „500 000“ kemur 650 000
32. — 20. — Út. XXIII. (Dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn).
Fyrir „150 000“ kemur 300 000
33. — 22. — XIII. Nýir liðir:
a. Að endurlána Búnaðarbanka Íslands fjárhæð, sem svarar vöxtum og afborgunum árin 1951, 1952 og 1953 af lánum til Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs Búnaðarbankans af gengishagnaði 1950 og tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 og láni til Ræktunarsjóðs frá 30. apríl 1951 og láni til veðdeildar bankans 1951. Lánskjörin séu hin sömu og á framangreindum lánum.
b. Að ábyrgjast fyrir Samband ísl. berklasjúklinga allt að 3 millj. kr. lán til byggingar vinnuskála að Reykjalundi gegn tryggingu, er ríkissjóður metur gilda.
c. Að ábyrgjast lán allt að 500 þús. kr., er hreppsnefnd Hveragerðishrepps hyggst að taka til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 85% af heildarkostnaði.
d. Að fella niður leyfisgjald samkv. b-lið 30. gr. laga nr. 100/1948 af fólksbifreiðum, sem fjárhagsráð lýsir yfir, að inn séu fluttar fyrir atvinnubifreiðarstjóra.

Sþ. 568. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um rannsókn á hveraleir, hveragufu og hveravatni til lækninga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að rannsaka notkun á leir, gufu og heitu vatni í Hvergagerði og þar í grennd til lækninga. Nefndin geri og tillögur og áætlanir um það helzta, er gera þarf í Hveragerði og nágrenni, svo að unnt sé að hefja þar starfsemi í þessum tilgangi, svo sem um lagningu leiðslna, er varða hollustuhætti í þorpinu (skolp-, vatns- og hitaleiðslna) og lagningu gatna. Enn fremur sé athugað skipulag þorpsins í samráði við skipulagsstjóra.

Nefndin skal þannig skipuð, að hreppsnefnd Hveragerðishrepps tilnefnir einn mann í nefndina, en heilbrigðismálaráðherra skipar tvo og sé annar þeirra formaður nefndarinnar.

Nefndin skili áliti sínu til heilbrigðismálaráðherra fyrir árslok 1953.

Greinargerð.

Um það hefur oft verið rætt og ritað, að nota ætti hverahitann, gufuna, vatnið og leirinn, sem víða er fyrir hendi hér á landi, til lækninga á ýmsan hátt. Var fyrir nokkrum árum hafinn vísir að slíku í Hveragerði, og var að tilhlutun Jóhanns Sæmundssonar prófessors komið upp byrgi yfir leirböðin, en þangað sækja árlega margir og telja sig hafa gott af.

Á s. l. ári fékk Gísli Sigurbjörnsson forstjóri Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar hingað til lands sérfræðing á sviði baðlækninga, próf. dr. med. H. Lampert, til þess að athuga að nokkru möguleika á notkun hverahitans í lækningaskyni. Próf. Lampert taldi, að í Hveragerði væru alveg sérstaklega góð skilyrði til slíkrar starfsemi, og gerir hann grein fyrir þessu í álitsgerð til heilbrigðismálaráðherra, en álitsgerðin er prentuð hér á eftir í íslenzkri þýðingu.

Í sambandi við Elli- og dvalarheimili Árnesinga, sem tók til starfa á s. l. ári, er fyrirhugað að koma upp sérstakri baðdeild að fyrirlagi próf. Lamperts, fyrir gigtveikt og lamað fólk, eftir því sem ástæður leyfa. Telur Gísli Sigurbjörnsson, sem sér um rekstur Elli- og dvalarheimilisins í Hveragerði, að nauðsynlegt sé, að gerð verði áætlun um, á hvern hátt sé hægt að nota hverahitann í lækningaskyni, og þá um leið að athuga og gera tillögur um, hvað gera þarf í Hveragerði eða nágrenni til þess að hægt verði að hefja þar rekstur baðlækningastöðvar í stærri stíl. Af þessum ástæðum er þingsályktunartillaga þessi fram komin, þar sem telja verður slíka athugun frumskilyrði frekari framkvæmda.

Fylgiskjal.

Þýðing.

ELLI- OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ GRUND

Reykjavík, 8. sept. 1952.

Til herra heilbrigðismálaráðherra Steingríms Steinþórssonar,
Reykjavík.

Hæstvirti herra ráðherra.

Áður en ég hverf aftur frá Íslandi, þykir mér viðeigandi að gefa yður stutta skýrslu um tilgang minn með dvöl minni og niðurstöður þær, sem ég hef komizt að, meðan á henni stóð, því að þær liggja innan verkahrings yðar.

Herra forstjóri Gísli Sigurbjörnsson hafði skorað á mig að rannsaka hinar heitu uppsprettur og hina heitu leðju á suðvestanverðu Íslandi með tilliti til þess, hvort þau væru nothæf fyrir lækna sem læknisdómar.

Af rannsóknum, viðræðum og eftirgrennslunum kom í ljós, að þér hafið yfir eftirfarandi jarðauðæfum til baðaðgerða í ríkum mæli að ráða:

1. Heitar uppsprettur:

Þær ætti að nota með yfirhitunarbaðshætti við gigt og fyrst og fremst til varnar gegn og meðferðar á mænuveiki, eins og ég ýtarlega hef lýst því í riti mínu „Yfirhitun sem læknisdómur".

2. Heit leðja:

Hana má nota með frá 35 til 36 stiga hita C. sem alleðjubað. Sparlegra, hagrænna og nytsamlegra er þó að nota hana sem mjög heitar umbúðir að nokkru leyti, eins og Fango (ítalska heitið á leðju G. J.) er notað hjá okkur í Þýzkalandi.

3. Heit gufa:

Hana er hægt að nota staðbundið, t. d. við lendagigt (lumbago) og einnig við gigt. Samt má einnig nota hana til þess að hita upp kalt vatn, eins og gert er í Krýsuvík, ef heitar uppsprettur vantar.

4. Drykkjarlindir.

Uppspretturnar á láglendingu eru í öllu verulegu lútarsaltsuppsprettur (alkalískar uppsprettur) og hafa að geyma kísilsýru og brennistein og koma fyrst og fremst til greina til baðnota. Uppspretturnar á fjöllum eru hins vegar súrar ölkeldur og mjög lagaðar til drykkjarnota. Eina slíka uppsprettu fundum við í Henglinum í rannsóknarreiðtúr.

Til notkunar sem heilsubótarstaðir koma að minni hyggju tveir staðir til greina:

Hveragerði og Krýsuvík.

Af þessum tveim stöðum er Hveragerði hentugast vegna þess, að því er betur í sveit komið með tilliti til samgangna vegna hinna heitu uppsprettna þar, sem ekki þarf að hita fyrst eins og í Krýsuvík, svo að þær hafa þess vegna samsetningu, sem hefur heppileg áhrif á húðina. Það ætti fyrst og fremst að hafa augastað á því sem fyrsta heilsubótarstað Íslands. Eftir tillögu minni hefur herra forstjóri Gísli Sigurbjörnsson með réttu í hyggju að koma upp lítilli baðstöð til eðlisfræðilegra lækninga í Hveragerði. Ég mun sjálfur láta honum eftir eina af bezt menntuðu hjálparkonum mínum til þess að standa fyrir mænuveikislækningunum.

Að því er framtíð Krýsuvíkur viðvíkur með tilliti til hinna baðfræðilegu rannsókna minna, virðist mér hún fyrst og fremst vera fólgin í stofnun rafstöðvar, sem möguleg er vegna gufu þeirrar, sem er til umráða. Fyrst eftir það mun, með því að byggja á reynslunni frá Hveragerði, verða gengið að því að stofna heilsubótarhæli við Kleifarvatn, en hið heita vatn þess (hælisins) verður að framleiða með því að blanda gufu með köldum sjó.

Þar eð í Krýsuvík sem og á Laugarvatni er nóg gufa til umráða, bæri einnig að athuga, hvort stofna ætti gufubað, sem ynni með hætti yfirhitunar

En það er alveg mjög svo sérstaklega áríðandi, að allar yfirhitunarlækningarnar, eins og ég hugsa mér þær á Íslandi og eins og ég samkvæmt áskorun ætla að koma þeim á laggirnar að ári í Chile, séu undir stjórn og eftirliti lækna. Af þessari ástæðu flutti ég 4. sept. 1952 samsvarandi erindi fyrir læknana í Landsspítalanum í Reykjavík, og það gladdi mig mjög, ekki einungis að það hófust fjörugar umræður, heldur einnig að menn voru hlynntir öllu yfirhitunarmálinu og notkun hennar til lækninga, sérstaklega við mænuveiki.

Ég vona, að á þennan hátt verði með þessari fyrstu heimsókn minni á Íslandi lagður hornsteinn að framtíðarheilsuhæli fyrir mænuveikislækningar hér á Íslandi, er einnig komi umheiminum að notum.

Ég fullvissa yður um það, hæstvirti ráðherra, að ég mun nær sem er og fúslega stöðugt vera viljugur til vika fyrir yður og alla læknastéttina hér á Íslandi með öllu þreki mínu og með hinni eðlisfræðilækningalegu, baðfræðilegu og veðurfarslegu þekkingu minni.

Virðingarfyllst

(Undirr.) H. Lampert

(Próf. dr. Lampert).

Nd. 569. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
   Verðgæzlustjóri skal á 3 mánaða fresti birta skýrslu um útsöluverð á öllum helztu nauðsynjavörum og aðaltegundum byggingarefnis í heildsölu og smásölu í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal hann afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á öllum helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum.
2. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Fyrir orðin „óhóflegri álagningu“ komi: óhóflegu útsöluverði.
3. Við 3. gr. Greinin fellur burt.

Nd. 570. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr.

1. a-liður orðist svo:
   (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.
2. b-liður orðist svo:
   (8. gr.) Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir

áðurnefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda ekki skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna.

Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða.

Heimild til sölu á jörðum samkvæmt þessari grein fellur úr gildi við árslok 1954.

Nd. 571. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um hitaveitur utan Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Fyrir „85%“ komi: 80%.
2. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 572. Breytingartillaga [206. mál]

við till. til þál. um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Frá Einari Olgeirssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, að kjósa skuli á hverju reglulegu Alþingi, í fyrsta sinn nú þegar, 5 menn og 5 varamenn í Norðurlandaráð. Skulu þeir kosnir á fundi í sameinuðu þingi. Fyrir fundinn skulu formenn allra flokkanna leitast við að ná samkomulagi um kosningu þessa, er tryggi, að allir flokkar þingsins eigi fulltrúa í ráðinu. Náist slíkt samkomulag ekki, skal kosið að viðhafðri hlutfallskosningu.

Sþ. 573. Þingsályktun [157. mál]

um smíði fiskibáta innanlands.

(Afgreidd frá Sþ. 21. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hve mikið fiskibátafloti landsmanna hefur rýrnað á síðustu þrem árum, og athuga jafnframt möguleika á því að láta smíða hentuga fiskibáta í íslenzkum skipasmíðastöðvum.

Nd. **574. Frumvarp til laga** [184. mál]

um Framkvæmdabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Framkvæmdabanki Íslands. Á ensku er heiti bankans Iceland Bank of Development. Bankinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt 13. gr. laga þessara. Heimili og varnarþing bankans er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu, og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu.

Til þess að gera Framkvæmdabankanum kleift að leysa af hendi þetta hlutverk sitt, skal honum lagt til fé það, sem um getur í 3. og 4. grein.

3. gr.

Ríkissjóður leggur Framkvæmdabankanum til stofnfé, samtals að upphæð 101 000 000 króna, sem hér segir:

1. Skuldabréf fyrir lánum úr Mótvirðissjóði:
   Tvö skuldabréf Sogsvirkjunarinnar, dags. 18. febrúar 1952, að upphæð samtals 54 000 000 króna.
   Tvö skuldabréf Laxárvirkjunarinnar, dags. 29. febrúar 1952, að upphæð samtals 21 000 000 króna.
   Skuldabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, dags. 9. apríl 1952, að upphæð 20 000 000 króna.
2. Hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h/f 6 000 000 króna. Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþingis.

Ríkissjóður leggur bankanum enn fremur til stofnfé til viðbótar, eftir því sem Alþingi kann að ákveða hverju sinni.

4. gr.

Framkvæmdabankanum skal falin varzla þess fjár, sem nú er í Mótvirðissjóði eða í hann kemur vegna efnahagsaðstoðar, sem þegar hefur verið látin í té. Um ráðstöfun þess fjár gilda eftirgreind ákvæði:

Af fé Mótvirðissjóðs skal Framkvæmdabankinn geyma 50 milljónir króna á sérstökum reikningi í seðlabankanum (skuldagreiðslureikningi), ef til kemur að því fé verði varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1951.

Fé það, sem er í Mótvirðissjóði, annað en það, sem notað hefur verið eða notað verður hér eftir til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h/f eða til skuldagreiðslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankinn skal þó flytja árlega á viðskiptareikning sinn hjá seðlabankanum hluta þessarar innstæðu. Skal sá hluti ákveðinn þannig, að í fyrsta sinn skal Framkvæmdabankinn flytja $\frac{1}{25}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1952, eftir að dregin hefur verið frá innstæðunni á sérreikningnum sú upphæð, sem ríkisstjórnin áætlar að notuð verði síðar til kaupa á skuldabréfum virkjananna tveggja og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Í ársbyrjun 1954 skal með sama hætti fluttur $\frac{1}{24}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1953,

í ársbyrjun 1955 1/23 þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1954, o. s. frv., unz þessi innstæða er tæmd.

Frá og með 15. febrúar 1953 skal seðlabankinn af hinu bundna innstæðufé greiða vexti eftir samningi, sem bankarnir gera með sér.

Vextir þeir, sem seðlabankinn greiðir af hinni bundnu innstæðu, svo og vextir og afborganir af lánum úr Mótvirðissjóði, skal fært á viðskiptareikning Framkvæmdabankans.

Innstæðu sína á viðskiptareikningnum má Framkvæmdabankinn nota til starfsemi sinnar samkvæmt 7. grein.

Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdabankans.

5. gr.

Tekjuafgang bankans skal leggja við höfuðstól eða í varasjóð samkvæmt ákvörðun bankaráðs, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.

6. gr.

Handbært fé Framkvæmdabankans skal geymt í viðskiptareikningi í seðlabankanum. Óheimilt er Framkvæmdabankanum að taka lán hjá seðlabankanum.

7. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum.
2. Að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og að dómi bankastjórnarinnar nægilega arðbær til þess að geta greitt af rekstrartekjum vexti og afborganir af skuldum sínum. Enn fremur að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama hátt.
3. Að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.
4. Að verzla með verðbréf þau, sem nefnd eru í 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Að gefa út og selja eigin skuldabréf.
6. Að efla sparifjársöfnun og verðbréfaviðskipti og stuðla að öðru leyti að þróun heilbrigðs markaðs innanlands fyrir lánsfé til langs tíma.
7. Að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar, enda er Framkvæmdabankinn undanþeginn ákvæði 4. greinar laga nr. 105 21. desember 1945.
8. Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu.
9. Að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna.
10. Að greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri.

8. gr.

Fé það úr Mótvirðissjóði, er bankinn fær til eignar samkvæmt 1. tölulið 3. gr., svo og fé það, er hann fær til ráðstöfunar samkvæmt 4. gr., skal bankinn lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært, ásamt vaxtatekjum af því, en að frádregnum hlutfallslegum kostnaði við rekstur bankans. Skulu skilmálar þessara lána vera hinir sömu og gilda á sama tíma um hliðstæðar lánveitingar Framkvæmdabankans.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 80 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi, þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Nú tekur bankinn fé að láni erlendis og lánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig, að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdabankinn skal, ef fjármálaráðherra óskar þess, annast fyrir hönd ríkissjóðs innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkið hefur veitt, og enn fremur sjá um greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Ríkissjóður greiðir bankanum hæfilega þóknun fyrir þessi störf og bætir honum hvert það tjón, sem hann kann að verða fyrir vegna þessara lána.

Ríkissjóður afhendir bankanum til vörzlu og innheimtu skuldabréf lántakenda fyrir lánum þeim, sem ríkið hefur veitt innanlands af eftirtöldum erlendum lánum:

1. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1948, til síldarverksmiðja o. fl.
2. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1949, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
3. Lán hjá Hambros Bank Ltd., London, 1949, til togarakaupa.
4. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
5. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til landbúnaðar.
6. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.
7. Lán hjá Gagnkvæmu Öryggistofnuninni í Washington, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.

12. gr.

Bankinn starfar á almennum viðskiptagrundvelli. Vextir af þeim lánum, sem bankinn veitir, skulu fela í sér hæfilega áhættuþóknun til bankans.

Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð.

13. gr.

Stjórn bankans er í höndum bankaráðs og bankastjóra.

14. gr.

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn:

1. Skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins.
2. Einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans.
3. Þrír menn kosnir hlutfallskosningu af Alþingi.

Fjórir hinir síðasttöldu skulu valdir til sex ára í senn.

Fjármálaráðherra skipar varamann fyrir skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Aðrir varamenn skulu valdir af sömu aðilum og aðalmenn og til sama tíma.

Bankaráð kýs sér formann og varaformann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

15. gr.

Bankaráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess.

16. gr.

Bankaráð hefur umsjón með starfsemi bankans. Það tekur, að fengnum tillögum bankastjóra, ákvörðun um lánveitingar og lántökur, svo og um kaup og sölu skuldabréfa og hlutabréfa. Bankaráð getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir. Bankaráð ákveður útlánsvexti og önnur lánskjör, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankastjóri semur rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár og leggur hana fyrir bankaráð til samþykktar.

Bankastjóri semur árlega skýrslu um starfsemi bankans, eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs, og skal hún send ríkisstjórninni, er bankaráð hefur fallizt á hana.

17. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og ákveður laun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera sex mánuðir. Þó getur bankaráð sagt bankastjóra upp starfi fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd ein mánaðarlaun fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem hann hefur gegnt störfum, nema hann hafi brotið af sér í starfi sínu. Greiðsla þessi skal þó aldrei vera lægri en sem svarar sex mánaða launum, né hærri en sem svarar eins árs launum. Nú víkur bankastjóri úr starfi vegna uppsagnar, og skal þá greinargerð fylgja uppsögninni.

Bankastjóri skal hafa þá reynslu og þekkingu á fjármálum og atvinnumálum, sem geri hann sérstaklega hæfan til starfsins.

18. gr.

Bankastjóri sér um daglegan rekstur bankans og stjórnar honum, nema að því leyti sem stjórnin er sérstaklega falin bankaráði samkvæmt 16. grein. Hann ræður starfsfólk bankans í samræmi við rekstraráætlun þá, sem gera ber samkvæmt sömu grein.

Bankastjóri skal láta bankaráði mánaðarlega í té skýrslu um starfsemi bankans. Tillögur, sem bankastjóri leggur fyrir bankaráð, skulu rökstuddar skriflega.

19. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skipuðum af fjármálaráðherra. Endurskoðandi skilar skýrslu sinni til ráðherra og bankaráðs.

Ársreikningur bankans, með áritun endurskoðanda, skal birtur í ársskýrslu bankans ásamt skýringum.

20. gr.

Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun.

21. gr.

Framkvæmdabankinn skal í starfsemi sinni hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila aðra, sem hafa fjárfestingarmál með höndum.

22. gr.

Framkvæmdabankinn nýtur þeirra sérréttinda, sem Landsbanka Íslands eru veitt í 53.—57. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, svo og í 58. gr. 2. málsgr. sömu laga.

Verja má fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdabankans.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum bankaráðs, að gefa út reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi bankans.

24. gr.

Framkvæmdabankinn tekur til starfa 15. febrúar 1953.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kjörtími fyrstu aðalmanna og varamanna í bankaráð Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölul. 14. gr. skal vera til ársloka 1958, og kýs Alþingi í fyrsta sinn þrjá aðalmenn og þrjá varamenn á þingi því, er samþykkir þessi lög.

Ed. 575. Lög [177. mál]

um framlenginu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

(Afgreidd frá Ed. 21. jan.)

Samhljóða þskj. 366.

Nd. 576. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nm. (LJós) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 21. jan. 1953.

Sigurðar Bjarnason, form.	Ásg. Bjarnason, frsm.	Jón Gíslason, fundaskr.

Magnús Jónsson.

Sþ. 577. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Eins og undanfarin ár hefur nefndin annazt undirbúning tillagna um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Hefur hún og að vanda aflað sér upplýsinga og skýrslna um rekstur og afkomu þessara samgöngufyrirtækja og notið þar aðstoðar skrifstofustjóra Skipaútgerðar ríkisins í veikindaforföllum forstjóra hennar.

Um rekstrarafkomu flóabátanna árið 1952 má segja mjög svipað og á árinu 1951. Hún hefur yfirleitt orðið mjög bágborin. Valda þar um sömu ástæður og áður: veruleg hækkun á kaupgjaldi og olíum. Þannig hefur meðalverð á gasolíu til fiskibáta í Reykjavík hækkað úr 754 kr. smálestin, sem það var árið 1951, í 925 kr. í nóv. s. l. árs. Meðalkaupvísitala ársins 1951 var 131 stig, en í nóv. s. l. var kaupgjaldsvísitalan komin upp í 153 stig. Af þessu er auðsætt, að rekstrarkostnaður flóabátanna hefur hlotið að hækka verulega. Aðeins örfáir þeirra hafa hins vegar getað aukið tekjur sínar með hækkuðum far- og farmgjöldum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndinni hafa borizt, hefur orðið verulegur rekstrarhalli hjá mörgum bátanna. Verður því engan veginn hjá því komizt að hækka styrk til þeirra, ef komast á hjá stöðvun þessara samgangna, en það hlyti að verða til stórkostlegs óhagræðis fyrir þau byggðarlög, er þeirra njóta og mörg eru mjög illa sett um aðrar samgöngur.

Fyrir tveimur árum beindi samvinnunefnd samgöngumála þeirri ósk til ríkisstjórnarinnar, að hún léti fram fara rannsókn á flóabátasamgöngunum, til þess að úr því fengist skorið, hvor unnt væri að fella þær niður eða spara mjög verulega á þessum útgjaldalið. Fór slík rannsókn fram, eins og getið var um í áliti nefndarinnar á síðasta þingi. En niðurstaðan varð sú, að ekki þótti fært að breyta um skipulag þessarar þjónustu, svo að neinu næmi. Á undanförnum árum hefur þeim bátum þó fækkað nokkuð, sem styrks hafa notið. Ástæða þess er fyrst og fremst sú, að akvegasamband hefur skapazt milli sumra þeirra byggðarlaga, sem nutu flóabátasamgangna. Má gera ráð fyrir, að á næstu árum gangi þróunin einnig í þessa átt. En meðan unnið er að vegabótum á landi, er óhjákvæmilegt að halda áfram að styrkja samgöngur á sjó innan nokkurra héraða.

Að þessu sinni skal þetta tekið fram um rekstur einstakra flóabáta og ferðir þeirra:

Breiðafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts hækki um 5 þús. kr. Hefur orðið verulegur halli á rekstri hans á þessu ári. Vegna kostnaðar við vélaviðgerðir á bátnum hefur nefndin einnig lagt til, að hann fái 10 þús. kr. vélastyrk.

Rekstur Stykkishólmsbáts hefur hins vegar gengið allsæmilega, og er lagt til, að styrkur hans verði óbreyttur. Óskir hafa komið fram um það, að hann fjölgi ferðum sínum til Búðardals og komi einnig við á Salthólmavík, þegar sérstaka nauðsyn ber til. Telur nefndin rétt að beina þeim tilmælum til stjórnar bátsins, að hann komi til móts við þessar óskir.

Þá er lagt til, að styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts hækki um 2 þús. kr.

Ísafjarðarsamgöngur:

M/s Fagranes hefur eins og áður annazt þær samgöngur, sem stöðugt hafa orðið tekjurýrari með hverju árinu sem líður. Veldur því fyrst og fremst fólksfækkun, sem orðið hefur á svæði því, sem báturinn annast flutninga fyrir. Undanfarin ár hefur, þrátt fyrir mjög háan rekstrarstyrk, orðið mjög mikill rekstrarhalli,

eins og skýrt er greinilega frá í álitsgerð skrifstofustjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Útgerð bátsins varð fyrir því óhappi á s. l. sumri, að ljósavél skipsins ónýttist og varð að kaupa nýja í hennar stað, en til þess hefur fyrirtækið ekkert bolmagn. Hefur nefndin því orðið að leggja til, að það fengi 40 þús. kr. vélastyrk. En vegna skulda, sem hlaðizt hafa upp hjá fyrirtækinu undanfarin ár, hefur einnig orðið að leggja til, að rekstrarstyrkur þess verði hækkaður um 50 þús. kr.

Segja má, að flóabátur þessi hafi nokkra sérstöðu. Sveitir Ísafjarðardjúps mega heita gersamlega veglausar. Allir afurðaflutningar þeirra, ásamt aðdráttum bænda, verða að fara fram sjóleiðina. Ísafjarðarkaupstaður fær mestan hluta landbúnaðarafurða sinna frá þessum veglausu sveitum. Jafnframt verður báturinn að annast mjólkurflutninga að vetrarlagi frá sveitunum í Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem þá eru vegasambandslausar við Ísafjörð. Fara þeir flutningar einkum fram frá Flateyri. Má því segja, að báðar Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður eigi ríkra hagsmuna að gæta í rekstri þessa flóabáts.

Norðurlandssamgöngur:

Þar er lagt til, að styrkur til Húnaflóa- og Strandabáts hækki um 30 þús. kr. Minni styrkhækkun telur nefndin ekki nægja, til þess að unnt verði að halda ferðum hans uppi þann tíma, sem hann gengur.

Norðurlandsbátur fékk á þessu ári samtals 290 þús. kr. styrk vegna rekstrar og viðgerðar, sem á honum var gerð. Hefur útgerðarmaður hans nú óskað verulegrar styrkhækkunar, ef hann eigi að geta haldið ferðunum uppi á þessu ári. Nefndin áleit óhjákvæmilegt að koma nokkuð til móts við beiðni hans og leggur til, að styrkur hans hækki um 20 þús. kr. Samkvæmt óskum þm. Skagfirðinga leggur hún einnig til, að Haganesvíkurbátur fái nú 6 þús. kr. styrk.

Þá er lagt til, að Hríseyjarbátur fái sama heildarstyrk og honum var veittur á s. l. ári vegna rekstrar og viðgerðar. Einnig er lagt til, að Flateyjarbátur á Skjálfanda fái 2 þús. kr. styrkhækkun.

Austfjarðasamgöngur:

Gert er ráð fyrir, að ferðir smábátanna, sem annast flutninga á vörum og farþegum milli fjarða á Austurlandi, verði með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Hefur ekki orðið hjá því komizt að hækka styrki til flestra þeirra lítillega.

Lagt er til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts hækki um 2 þús. kr., enda fari hann þá a. m. k. fjórar aukaferðir árlega til Húsavíkur sunnan Borgarfjarðar. Þá er lagt til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 2 þús. kr. Heildarstyrkur til Eskifjarðarbáts lækkar hins vegar um 4 þús. kr., en hann fékk á s. l. ári 5 þús. kr. styrk vegna vélakaupa. Styrkur til Berufjarðarbáts hækkar um 1 þús. kr.

Suðurlandsskip:

Eins og kunnugt er, hefur í áratugi verið veittur nokkur styrkur á 13. gr. fjárlaga til þess að greiða niður flutningskostnað á hinni löngu leið frá Reykjavík til Víkurkauptúns í Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur þar með verið viðurkennd sérstaða þessara algerlega hafnlausu byggðarlaga, sem engra samgangna njóta á sjó.

Flutningskostnaður á hvert tonn þeirra nauðsynja, sem styrks njóta, mun nú vera um 500 kr. austan Mýrdalssands, en nokkru lægri vestan hans. Hefur þessi kostnaður hækkað verulega á s. l. ári. Nefndin hefur því ekki komizt hjá að hækka styrk til þessara flutninga lítillega. Leggur hún til, að hann hækki um 15 þús. kr.

Hins vegar er gert ráð fyrir, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa í Austur-Skaftafellssýslu verði óbreyttur.

Enn fremur er lagt til, að styrkur til Stokkseyrar—Vestmannaeyjabáts verði óbreyttur.

Faxaflóasamgöngur:

Þær samgöngur urðu í janúar f. á. fyrir því hrapallega áfalli, að skip h/f Skallagríms, m/s Laxfoss, strandaði, og gerónýttist. Hefur verið unnið að því af kappi að fá nýtt skip í stað þess, en á meðan hefur félagið orðið að nota dýr leiguskip til hinna nauðsynlegu samgangna milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness.

Á s. l. ári lagði nefndin til, að þessar samgöngur fengju 100 þús. kr. rekstrarstyrk. Enn fremur, að ríkisstjórninni heimilaðist að greiða h/f Skallagrími 100 þús. kr. vegna vélaviðgerða á m/s Laxfossi árið 1951.

Vegna óhapps félagsins, er það missti skip sitt, hefur ríkissjóður orðið að hlaupa undir bagga með því og veita því allmiklu meiri aðstoð en nefndin gerði ráð fyrir í tillögum sínum á síðasta þingi. Mun styrkur til þess á s. l. ári samtals nema nokkuð á fjórða hundrað þúsund króna.

Félagið hefur sótt til nefndarinnar um 360 þús. kr. rekstrarstyrk á þessu ári. Er augljóst, að ekki verður komizt hjá að veita því allverulega aðstoð vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem skapazt hafa með strandi Laxfoss. Nefndin hefur þó ekki talið sér fært að leggja til, að félagið fái nema 200 þús. kr. styrk. Hins vegar telur hún ekki óeðlilegt, að ríkisvaldið hlaupi undir bagga með því, ef brýna nauðsyn bæri til í því millibilsástandi, sem ríkir, þar til það eignast nýtt skip til ferðanna.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar áætlar hún styrk til flóabátaferða og vöruflutninga á þessu ári samtals 1 604 000 kr. Er það 281 þús. kr. hærra en í fjárlögum s. l. árs. Raunveruleg hækkun á 13. gr. er þó aðeins 181 þús. kr., þar sem helmingur styrks til h/f Skallagríms í Borgarnesi var á síðasta árs fjárlögum veittur sem heimild til ríkisstjórnarinnar á 22. gr. fjárlaga.

Hækkun styrks til þeirrar nauðsynlegustu þjónustu, sem flóabátarnir veita, er því samkvæmt tillögum nefndarinnar nokkru minni en nemur hækkun olíuverðs og kaupgjalds á síðasta rekstrarári þeirra. Ef þessir kostnaðarliðir hækka verulega á næsta ári, má gera ráð fyrir, að þessir styrkir nægi alls ekki til þess að halda flóabátaferðunum uppi með svipuðum hætti og verið hefur.

Vegna þess, hve heildarupphæð flóabátastyrkja er há orðin, hefur nefndin samþykkt að leggja til við samgöngumálaráðuneytið, að það krefjist framvegis ársfjórðungslegs yfirlits um rekstur allra flóabáta, er styrks njóta. Enn fremur að nákvæmt eftirlit verði haft með þessum rekstri af hálfu ráðuneytisins.

Nefndin leggur til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	390 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	40 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	—	130 000.00
Norðurlandsbátur	—	310 000.00
Haganesvíkurbátur	—	6 000.00
Hríseyjarbátur	—	10 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	14 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	12 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	18 000.00
Eskifjarðarbátur	—	19 000.00
Berufjarðarbátur	—	5 000.00
Suðurlandsskip	—	145 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	2 500.00
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir	—	35 000.00
Sami, vikulegar ferðir Flatey— Brjánslækur—Kinnarstaðir	—	35 000.00
Sami, styrkur vegna vélaviðgerða	—	10 000.00
Stykkishólmsbátur	—	85 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur	—	13 000.00

Patreksfjarðarbátur	—	2 500.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	42 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	—	80 000.00
Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	—	200 000.00
	Samtals kr.	1 604 000.00

Alþingi, 16. jan. 1953.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, form. Ed.-nefndar. Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.
Karl Kristjánsson, fundaskr. Ed.-nefndar. Magnús Jónsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Ásgeir Bjarnason. Þorsteinn Þorsteinsson. Steingr. Aðalsteinsson.
Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 26. nóv. 1952.

Samkvæmt ósk háttvirtrar samvinnunefndar samgöngumála í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir 1953 leyfum vér oss hér með að leggja fram eftirfarandi yfirlitsgreinargerð varðandi rekstur flóabáta:

Djúpbáturinn:

Á yfirstandandi ári hefur h/f Djúpbáturinn á Ísafirði eins og áður annazt ferðir um Ísafjarðardjúp og nágrenni með bát sínum Fagranesi, sem er 70 tonn að stærð með 240 ha. aðalvél. Samkv. reikningum og skýrslum, sem útgerðarstjóri bátsins hefur lagt fram, hefur orðið töluvert tap á rekstri bátsins á árunum 1948—1951 og þó aðallega á árinu 1951. Er beinn greiðsluhalli á þessum tíma talinn 100 þús. kr., og er útgerð bátsins illa stödd af þessum ástæðum, enda þótt rekstrarútkoman á yfirstandandi ári virðist ætla að verða sæmileg. Útgerðarstjóri upplýsir, að ljósavél bátsins hafi eyðilagzt á síðastl. sumri og hafi því orðið að panta aðra, sem muni kosta í kringum 42 þús. kr. Vanti félagið algerlega fé og lánstraust til þess að greiða þetta.

Ríkisstyrkurinn til umræddS báts hefur verið sem hér greinir á undanförnum árum: 1950 230 þús. kr., 1951 240 þús. kr. og 1952 340 þús. kr. Sést af þessu, að styrkurinn var hækkaður mjög mikið fyrir yfirstandandi ár, og virðist sú hækkun ásamt hækkun flutningsgjalda nægja til þess, að reksturinn fái staðizt. En ekki virðist afgangur til þess að greiða hinn gamla greiðsluhalla. En líklegt er, að útgerð bátsins geti án aðstoðar keypt hina nýju ljósavél, ef hún fær nefndan greiðsluhalla bættan. Eigin tekjur Djúpbátsins á árinu 1951 voru taldar 386 þús. og á 9 mánuðum yfirstandandi árs 336 þús. kr., hvort tveggja auk tekna fyrir upp- og útskipun, sem varla hafa nægt á móti beinum gjöldum við þá starfrækslu.

Strandabátur:

M/b Harpa (29 br.tonn með 115 ha. aðalvél), eign Sigurðar Péturssonar, Djúpavík, hóf á þessu ári áætlunarferðir um Strandahafnir á milli Ingólfsfjarðar og Hólmavíkur í byrjun júnímánaðar og hélt þeim áfram þar til 2. okt. Farin var ein áætlunarferð vikulega frá byrjun júní til miðs júlí, tvær ferðir vikulega frá miðjum júlí til 2. sept. og ein ferð vikulega eftir það fram til 2. okt. Voru þannig farnar 28 áætlunarferðir, og viðkomur bátsins í þeim á venjulegum höfnum voru 392, en við bætast eftirgreindar viðkomur:

Drangar	12
Ófeigsfjörður	8
Kaldbaksvík	8
Veiðileysa	4
Hvammstangi	3
	35

Síldarverksmiðjan á Ingólfsfirði var ekkert starftækt á síðastl. sumri, og verksmiðjan á Djúpavík var sama sem ekkert starfrækt. Útkoman á rekstri umrædds báts var því með allakasta móti, og telur útgerðarmaður eigin tekjur bátsins aðeins 18 þús. kr. og hreint rekstrartap fyrir 1952 nærri 27 þús. kr., en 1951 taldi hann slíkt tap 24 þús. kr. Fer útgerðarmaður bátsins fram á, að Alþingi veiti honum á næsta ári 150 þús. kr. styrk, þar af 35 þús. kr. til greiðslu upp í áðurnefndan halla, enda geri hann þá ekki frekari kröfur í því sambandi.

Langt er komið lagningu vegar yfir Bjarnarfjarðarháls, en þegar hann er fullgerður, sem varla verður þó á næsta sumri, á að myndast vegarsamband milli Hólmavíkur og Kaldrananess. Annar vegur er í byggingu á milli Kaldrananess og Drangsness, en hann á þó lengra í land, sennilega nokkur ár, og sama er að segja um fyrirhugaðan veg á milli Djúpavíkur, Árness og Gjögurs. Þegar vegir þessir hafa verið fullgerðir, má væntanlega breyta siglingatilhögun umrædds báts til sparnaðar, en ekki er hægt að reikna með breytingu af þessum ástæðum á næsta sumri, 1953.

Norðurlandsbátur:

Bátur þessi siglir eftir fastri áætlun, og er aðalsiglingasvæði hans Eyjafjörður og Skagafjörður og höfuðstöð Akureyri. Hefur Steindór Jónsson útgerðarmaður á Akureyri í mörg ár annazt þessar strandferðir með m/b Drang, sem er 74 br.tonn með 200 ha. aðalvél.

Á tímabilinu frá 1. jan. til 30. september á yfirstandandi ári hafa eigin tekjur bátsins reynzt í kringum 414 þús. kr. samkvæmt skýrslu útgerðarmanns, sem segir, að þetta séu óvenjumiklar tekjur, vegna þess að fjallvegir voru, svo sem kunnugt er, mjög lengi lokaðir af snjó vorið 1952. Telur útgerðarmaðurinn samt ekki útlit fyrir, að hann geri betur en rétt sleppa við halla á þessu ári, og ekkert telur hann verða afgangs til að greiða 20 þús. kr. greiðsluhalla á árinu 1951.

Fer nú útgerðarmaður nefnds báts fram á það, ef hann eigi að annast umræddar strandferðir á næsta ári með sama fyrirkomulagi og áður, að þá verði ríkissjóðsstyrkurinn hækkaður upp í 310 þús. og auk þess bættur greiðsluhallinn, 20 þús. kr., frá 1951. Teljum vér sanngjarnt að koma að verulegu leyti til móts við nefndar óskir.

Þess skal getið, að samkv. skýrslu útgerðarmanns m/b Drangs hafði báturinn á árinu 1951 969 viðkomur á höfnum utan Akureyrar og flutti 3728 póstsendingar. Eigin tekjur bátsins námu þá samtals 451 þús. kr.

Hríseyjarbátur:

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands árið um kring. Hefur 5 tonna trillubátur, Sævar, annazt þessar ferðir undir eftirliti oddvita Hríseyjarhrepps. Farnar eru áætlunarferðir sem hér greinir:

2	vikulega	í janúar.
4	—	- febrúar/marz.
7	—	- apríl/september.
4	—	- október/nóvember.
2	—	- desember.

Báturinn fer stundum aukaferðir, svo sem til Dalvíkur og inn til Akureyrar. Eigin tekjur bátsins á tímabilinu 1. jan. til 30. sept. 1952 eru taldar 28 þús. kr. Á yfirstandandi ári hefur báturinn styrk úr sýslusjóði, kr. 3000.00, og ríkissjóðsstyrkurinn er 7 + 3 þús. kr., en dugi ekki þessir styrkir, þá greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag mismuninn, og virðist hér vera um að ræða heppilegt fyrirkomulag til þess að tryggja hagsýna notkun bátsins. Væri efalaust heppilegt að hafa víða sams konar fyrirkomulag og þetta.

Farið er fram á hækkun styrks fyrir þennan bát upp í allt að 10 þús. kr., ef Alþingi sér sér fært.

Flateyjarbátur á Skjálfanda:

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur árið um kring, og eru ferðirnar að forfallalausu farnar 1. og 15. hvers mánaðar. M/b Hrönn, 15 br.tonn með 60—72 ha. aðalvél, hefur annazt ferðir þessar undir eftirliti oddvita Flateyjarhrepps. Ekki liggur fyrir rekstrarreikningur fyrir bát þennan á yfirstandandi ári, en beðið er um áframhaldandi styrk með hækkun í samræmi við aukna dýrtíð.

Loðmundarfjarðarbátur:

Bátur þessi er í förum á milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, og er það m/b Njörður, 10 br.tonn með 48 ha. aðalvél, sem annazt hefur ferðirnar undir eftirliti Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði. Venjulega eru farnar 2 áætlunarferðir á mánuði yfir sumarið, maí—okt., og aukaferðir, þegar þess gerist þörf. Verkefni bátsins hafa minnkað, vegna þess að nokkur býli hafa að undanförnu lagzt í eyði í Loðmundarfirði, og er oss nú tjáð, að þar séu aðeins eftir 5 bújarðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Kaupfélagi Austfjarða hinn 20. þ. m. voru eigin tekjur nefnds báts fram til þess tíma í ár orðnar aðeins 3 til 4 þús. kr. og hafði báturinn flutt 62 tonn af vörum og 35 farþega í 21 ferð. 2 aukaferðir hafði báturinn farið vegna sjúklinga og 3 aukaferðir til Húsavíkur, og er nauðsynlegt að tryggja, að farnar verði þangað framvegis 3 til 4 ferðir árlega.

Evald Jónsson útgerðarmaður m/b Njarðar, sem annazt hefur umræddar ferðir, er ófús að skuldbinda sig til að halda þeim áfram, og stafar það væntanlega af því, að útkoman á rekstrinum sé óhagstæð, en erfitt er að gera tillögu um mikla hækkun ríkissjóðsstyrksins, þegar litið er á hin minnkandi verkefni bátsins, og teljum vér heppilegast að sameina þennan bát og Mjóafjarðarbát. Má væntanlega spara eitthvað á þeirri ráðstöfun.

Mjóafjarðarbátur:

Bátur þessi gengur vikulega mestan hluta ársins á milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar, og aukaferðir fer hann þess á milli eftir þörfum og ástæðum. Hefur m/b Marscelie, 7 br.tonn með 32 ha. aðalvél, annazt ferðir þessar að undanförnu.

Nýr rekstrarreikningur fyrir bátinn liggur ekki fyrir, en á tímabilinu 30. maí 1951 til 4. febr. 1952 var gefið upp, að eigin tekjur bátsins hefðu numið rúmlega 9 þús. kr. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur haft umsjón með ferðum bátsins og samið um 50 áætlunarferðir fyrir styrkinn 1952, en farið er fram á 2 þús. kr. hækkun styrksins á næsta ári. Eins og fram er tekið í sambandi við Loðmundarfjarðarbát, er líklegt, að sameina mætti rekstur þess báts og Mjóafjarðarbáts og spara með því ríkisframlag.

Reyðarfjarðarbátur:

Bátur þessi hefur ýmist verið kallaður Reyðarfjarðar- eða Eskifjarðarbátur, en fyrra nafnið virðist réttara, og er það því notað hér. Báturinn (Hekla 10 br.tonn með 55 ha. aðalvél) hefur að undanförnu gengið á milli Búðareyrar og Hafraness í Reyð-

arfirði með viðkomu í Eskifirði og ferðirnar verið miðaðar við það að koma Fáskrúðsfjarðarbyggð í bifreiðasamband við aðra staði á Austur- og Norðurlandi. Á síðastl. sumri hófust ferðirnar seint í júní og var lokið seint í september. Voru farnar 2 ferðir vikulega á þessum tíma. Í júlílok hætti báturinn að sigla til Hafraness, en fór eftir það aðeins til Beruness, vegna þess að þá var kominn nýr akvegur þangað. Styttist siglingaleið bátsins um ca. þriðjung við þetta.

Á árinu 1951 taldi útgerðarmaður nefnds báts eigin tekjur hans aðeins rúmlega 6 þús. kr., og segir útgerðarmaðurinn, að tekjurnar muni verða enn rýrari á yfirstandandi ári, þrátt fyrir hækkun fargjalds úr 12 í 15 kr.

Vonazt er til, að akvegasamband fáist alla leið inn fyrir Reyðarfjörð áður en langt um líður, og fellur þá niður af sjálfu sér styrkur til nefnds báts, en þó mun þurfa að reikna með honum á árinu 1953. Styrkur veittur til nefnds báts mun hafa enzt sæmilega til þess að standa undir rekstri hans fram til þessa, og með því að siglingaleið bátsins hefur stytzt, virðist eiga að nægja svipaður styrkur og áður.

Berufjarðarbátur:

Bátur þessi gengur á milli Djúpavogs og Þiljuvalla yfir sumarið í sambandi við áætlunarferðir bifreiða. Hefur m/b Bjarmi (5 br.tonn með 16 ha. aðalvél) annazt ferðir þessar að undanförnu undir eftirliti oddvita Búlandshrepps. Báturinn fór 30 ferðir á síðastl. sumri. Nauðsynlegt mun vera að veita styrk til nefnds báts á næsta ári, en eftir það mun styrkveiting geta fallið niður, þar eð vegarsamband mun þá verða komið inn fyrir Berufjörð.

Mýrabátur í Faxaflóa:

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa bændur á Mýrum, sem hafa trillubáta, séð um ferðirnar og styrknum verið skipt á milli þeirra, með milligöngu alþingismanns kjördæmisins.

Stykkishólmsbátur:

Bátur þessi fer áætlunarferðir um Breiðafjörð árið um kring og hefur aðalaðsetur í Stykkishólmi. Er það m/b Baldur (45 br.tonn með 132 ha. vél), sem annast þessar ferðir. Á árinu 1951 var báturinn lengdur um 7 fet og stjórnklefi stækkaður, en við þetta breyttist brúttómæling bátsins úr 38 tonnum í 45 tonn, og virðist stækkunin að öllu leyti hafa orðið til ávinnings varðandi hæfni bátsins til strandferða. Hefur báturinn farið tíðar aukaferðir um Breiðafjörð og suður til Reykjavíkur og aukið tekjur sínar og nytsemi með þessu. Á árinu 1951 var greiðslujöfnuður hjá útgerð bátsins, en ekki tekjuafgangur fyrir afskrift. Nú á þessu ári er útkoman betri og því aðeins farið fram á óbreyttan ríkissjóðsstyrk, 85 þús. kr., fyrir næsta ár.

Flateyjarbátur á Breiðafirði:

Bátur þessi heldur uppi áætlunarferðum um norðanverðan Breiðafjörð með aðalstöð í Flatey. Er það m/b Konráð (18 br.tonn með 66 ha. aðalvél), eign h/f Norðra í Flatey, sem annazt hefur ferðir þessar. Farnar eru vikulegar áætlunarferðir frá byrjun júní þar til seint í september, en yfir sláturtíðina í sept./október er báturinn ekki í föstum áætlunarferðum vegna fjárflutninga og annarra flutninga. Eftir það og til maíloka fer báturinn yfirleitt áætlunarferðir hálfsmánaðarlega. Aukaferðir eru farnar eftir þörfum.

Á árinu 1951 eru eigin tekjur bátsins taldar 55 þús. kr. Þá var ríkissjóðsstyrkur til bátsins 55 + 10 = 65 þús. kr., en rekstrarhalli var samt nærri 12 þús. kr. Skal þess þó getið, að þar í er útsvar, kr. 2500.00, en óviðfelldið má teljast að leggja útsvar á bátinn.

Á yfirstandandi ári virðast eigin tekjur bátsins heldur minni en áður, og er talið, að hallinn verði nú um 19 þús. kr., þar í útsvar 4 þús. kr.

Nú hefur flóabáturinn Baldur tíðar ferðir til Flateyjar og Barðastrandar, og álíta því ýmsir, að hækka beri styrkinn til þess báts og láta hann auka siglingar um norðanverðan Breiðafjörð, en hætta að styrkja m/b Konráð. Ef þessi breyting yrði framkvæmd, má samt búast við, að eitthvað mundi skorta á þá þjónustu, sem báðir umræddir bátar nú veita, og er því ekki líklegt, að breytingin komist á að sinni.

Eigendur m/b Konráðs fara nú fram á 75 þús. kr. ríkissjóðsstyrk til ferðanna á næsta ári.

Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur:

Bátur þessi heldur uppi áætlunarferðum á milli Stykkishólms annars vegar og Langeyjarness og Skógarstrandar hins vegar árið um kring, eftir því sem ástæður leyfa. Eggert Björnsson í Stykkishólmi annast nú ferðir þessar með 5—6 smál trillubát, er hann á. Hafði báturinn á tímabilinu frá 1. jan. til 31. okt. þ. á. farið 22 ferðir til Langeyjarness og 17 ferðir til Skógarstrandar. Námu tekjur bátsins af far- og farmgjöldum á þessum tíma rúmlega 5 þús. kr., og er því rýr rekstrarútkoma á bátnum, einkum með tilliti til þess, að siglingin er erfið. Sæta verður sjávarföllum, og á vetrum er hætt við, að ís torveldi siglingu.

Fyrir nokkrum árum var það venja, að báturinn færi í Skógarstrandarferðum sínum alla leið inn á svo kallaða Inn-Strönd, en vegna þess að býli á þessu svæði lögðust í eyði, hætti báturinn siglingum þangað. Nú hefur byggð aftur aukizt á nefndu svæði, og hafa því bændur þar, t. d. bóndinn á Keisbakka, óskað þess, að báturinn hefji aftur siglingar inn á Inn-Strönd og fari þangað nokkrar ferðir á ári eftir nánara samkomulagi við hlutaðeigandi bændur, enda dragi þeir þá saman verkefni handa bátnum. Er fallizt á nauðsyn þessa og í því sambandi lagt til að hækka ríkissjóðsstyrk til nefnds báts á næsta ári um 2 þús. kr.

Patreksfjarðarbátur:

Hér er um að ræða ca. 3 tonna trillubát, sem hafður er í förum árið um kring, aðallega til mjólkurflutninga, yfir Patreksfjörð til Vatneyrar. Fer báturinn venjulega annan daginn frá Vatneyri til Gjögra í Örlygshöfn og til baka aftur og hinn daginn frá Vatneyri til Hvalskers og til baka aftur. Mólkurflutningarnir eru á vegum Kaupfélags Patreksfjarðar, en styrkur hefur verið veittur nefndum bát vegna þeirrar þjónustu, er hann innir af hendi. Upplýsir oddviti, að ferðir bátsins hafi verið í góðu lagi fram til þessa.

Stokkseyrar- og Vestmannaeyjabátur.

M.b. Gísli Johnsen (32 br. tonn með 100/110 ha. aðalvél) hefur að undanförnu annazt ferðir þessar. Hófust ferðirnar á þessu ári um miðjan maí og enduðu í sept.-lok. Útgerðarstjóri hefur lagt fram rekstrarreikning fyrir nefndan tíma, og hefur báturinn samkvæmt reikningnum haft eigin tekjur að upphæð 46 þús. kr., þar af fargjöld 41 þús. kr. Farnar voru 47 ferðir og fluttir ca. 1042 farþegar, 18 tonn ýmsar vörur, 8 tonn fiskur, 4 stórgripir, 9 bílar og 20 tonn vikur. Er þetta mun meiri farþegaflutningur heldur en á fyrra ári, 1951 (þegar fluttir voru aðeins ca. 700 farþegar), en hins vegar eru vöruflutningar minni, enda voru þá flutt 80 tonn af vikri. Meðalfargjald virðist hafa verið kr. 34.85 1951 og kr. 39.55 1952. Nú flutti báturinn mun fleiri farþega en áður, og varð því rekstrarútkoman heldur betri en fyrr. Virðist hafa orðið afgangs í kringum 18 þús. kr. upp í leigu fyrir bátinn, að frádregnum beinlínis útlögðum kostnaði á umræddum tíma.

Það er augljóst, að aðalstarf nefnds báts er það að flytja farþega til og frá Vestmannaeyjum, en vegna annarra samgangna, svo sem tíðra flugferða til og frá Vestmannaeyjum, hefur því oft verið hreyft af ýmsum aðilum, að þarflaust væri að greiða ríkisstyrk til bátsins. Hafa þeir aðilar, sem á þetta benda, auðvitað mikið til síns máls, en þar sem farþegaflutningar bátsins hafa aukizt svo sem að ofan

greinir, verður þó væntanlega haldið áfram að styrkja rekstur hans á næsta ári með álíka háu ríkisframlagi og áður.

Svo sem sjá má af framanritaðri greinargerð, er rekstrarafkoma umræddra flóabáta yfirleitt heldur slæm, og veldur því mest hin vaxandi dýrtíð. Þá er mjög mikill munur á hlutfallinu á milli eigin tekna og ríkisframlags til hinna einstöku báta, en við gagnrýni á því verður auðvitað að taka tillit til mikillar einangrunar sumra byggðarlaga. Kemur samt til álita, hversu langt skal ganga í því að leggja fram ríkisstyrk, án þess að verulegar flutningsgjaldatekjur komi á móti eða framlög frá hlutaðeigandi sýslu- eða sveitarsjóðum. En heppilegt kynni að vera, að þessir aðilar hefðu meira en áður beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við rekstur flóabátanna, því að eftirlit er auðveldara á heimastöðvum.

Til glöggvunar fyrir háttvirta nefnd viljum vér að lokum benda á eftirgreindar breytingar á kaupgjaldi og verðlagi:

Verð á gasolíu til fiskibáta í Reykjavík:

Meðalverð á tonni 1951 kr. 754.00
Meðalverð á tonni 1952 kr. 879.00. Hækkun frá síðasta meðaltali 16.58%
Núverandi verð á tonni, í nóv. kr. 925.00. Hækkun frá síðasta meðaltali 5.23%

Verðhækkun á gasolíu utan Rvíkur er heldur minni að hundraðshluta, af því að flutningsgjöldin hafa ekki hækkað jafnmikið og ofannefnt verð olíunnar.

Kaupgjaldsvísitalan:

Meðaltal 1951 131 stig
Meðaltal 1952 148.75 stig. Hækkun frá síðasta meðaltali 13.55%
Núverandi vísitala, í nóv. 1952, 153 stig. Hækkun frá síðasta meðaltali 2.86%

Óþarft er í þessu sambandi að benda á það, að langmestur hluti af rekstrarkostnaði hvers Flóabáts er fólginn í launum skipshafnar og launum inniföldum í viðhaldi og alls konar þjónustu. En yfirleitt er gasolían næstmesti gjaldaliðurinn.

Virðingarfyllst.

Skipaútgerð ríkisins.

Guðjón F. Teitsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála, Alþingi, Reykjavík

Ed. 578. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin klofnaði á síðustu stundu og óvænt um þetta mál. Mér og ýmsum öðrum virtist rétt að setja einhver takmörk við því, að hátekjumönnum séu greiddar fjölskyldubætur með 2. og 3. barni, en í frv. eru engar slíkar takmarkanir og ætlazt til, að menn með hæstu tekjur hljóti bætur þegar með 2. barni.

Þótti okkur réttara, að því fé, sem sparaðist að frv. breyttu í þá átt, að færri hátekjumenn fengju styrk af almannafé til þess að koma upp 2. barni sínu, yrði varið til þess að bæta nokkuð hlut gamalmenna og öryrkja frá því, sem nú er. Töldum við það meira í anda þess samkomulags, sem varð í lok hinnar miklu vinnudeilu

í desember, að létta nokkuð afkomu þeirra, sem við naumust kjör búa, áður en tryggingakerfið yrði teygt til hinna, sem búa við góð laun eða beinlínis hátekjur, í þeim tilgangi að færa þeim fjárhagsaðstoð til uppeldis barna sinna.

Leit um skeið út fyrir, að nefndin öll, eða a. m. k. meiri hl. hennar, gæti orðið sammála um að flytja brtt. við frv. í þessa átt. En þá komu þeir til skjalanna, sem telja slíka tilfærslu á tekjuauka þeim eða bótum greiddum af almannafé, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, frá hinum hálaunuðu eða jafnvel ríku til gamalmenna og snauðra öryrkja ekki í samræmi við samkomulagið í vinnudeilunum í desember.

Hvað sem um það er, hef ég kosið að standa við þann samkomulagsgrundvöll, sem útlit var fyrir, að nefndarmenn gætu mætzt á, og er sú brtt., sem ég flyt við frv., mótuð af því.

Alþingi, 21. jan. 1953.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 579. Breytingartillaga [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

Við 3. gr. Í stað tveggja síðustu málsgr. komi:

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 44000 kr. miðað við vísitölu 155.

Til sama tíma skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkv. 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón.

Nú reynist hækkun fjölskyldubóta, mæðralauna og elli- og örorkulífeyris samkvæmt þessari grein nema meiru en 14 millj. kr. á ári miðað við vísitölu 155, og skal þá ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins það, sem umfram er.

Nd. 580. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 52 1942, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í Egilsstaðahéraði skal skipa aukalækni, er sé sjálfstæður, starfandi læknir, sitji í Egilsstaðaþorpi og hafi sömu launakjör og skyldur til að gegna sjúklingum

sem héraðslæknir, enda taki hann ekki hærri gjöld fyrir störf sín en heimilt er samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

2. gr.

7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 581. Frumvarp til laga [131. mál]

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar fasteignir:

a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðarness og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem taldar eru í stafliðunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem taldar eru í a—c-lið 1. málsgr., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 582. Frumvarp til laga [88. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum — eða samtökum þeirra — einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa. Einkaleyfi þessi skulu þó ekki ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 250 kw.

2. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 1. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

3. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 1. og 2. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að þar til fengnu áliti sérfræðinga, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflunarlaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 1.—3. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 80% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

5. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati.

6. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

7. gr.

Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 1. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn sérfræðinga, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 1. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

8. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 2. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfis-

tíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

9. gr.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almenningsog annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri.

Rétt á bæjar- eða sveitarstjórn að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 5. apríl 1948, um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 583. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. nefndarinnar gat ekki fallizt á að samþ. frumvarpið og styðst þar meðal annars við umsögn vitamálastjóra um frv., sem prentuð er með nefndaráliti meiri hl. á þskj. 557, en þar er haldið fram, að samþykkt frumvarpsins mundi ekki verða til þess að flýta fyrir framkvæmdum við framhald hafnargerðarinnar.

Alþingi, 22. jan. 1953.

Pétur Ottesen, form. Sigurður Ágústsson, frsm.

Ed. 584. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það á nokkrum fundum, en ekki getað orðið alls kostar sammála um nýmæli þau, er í frv. felast. Hefur þessi ágreiningur leitt til þess, að nefndin hefur klofnað, og munu 1. og 2. minni hluti, þeir GJ og FRV, gefa út sérstök nefndarálit.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni vegna yfirlýsingar, er hún gaf í sambandi við lausn vinnudeilu þeirrar, er stóð yfir í desembermánuði s. l. Samkvæmt yfirlýsingunni lofaði ríkisstjórnin m. a. auknum fjölskyldubótum og mæðralaunum

á grundvelli tryggingalaganna. Í nefndinni var mikið rætt um það að miða greiðslur fjölskyldubóta með öðru og þriðja barni við ákveðið tekjuhámark og að verja þeirri upphæð, sem þannig sparaðist, til hækkunar elli- og örorkulífeyris um ákveðinn hundraðshluta, og munu þeir GJ og FRV bera fram brtt. í þessa átt.

Tveir nm., sem skrifa undir þetta nál., þau HG og RÞ, taka það fram, að þau mundu hafa óskað þess, að greiðslum hefði að einhverju leyti verið hagað á þennan hátt. Telur RÞ þó, að hér sé um að ræða bindandi loforð, sem ríkisstjórnin hafi gefið deiluaðilum, og að eftir að félög þau, sem að samkomulaginu stóðu, hafi með atkvæðagreiðslu samþ. tillögur þær, sem um var rætt, sé enginn aðili til, sem formlega geti gert breytingar á samningnum fyrir þeirra hönd. Telur hún ekki rétt, að Alþingi geri ráðstafanir, sem geti talizt brigð á þeim samningi, sem gerður var.

HG hefur óskað þess, að ríkisstjórnin leitaði álits sáttanefndar og samninganefndar í vinnudeilunni um það, hvort þessar nefndir gætu fyrir sitt leyti fallizt á, að breytingar þess efnis, að dregið verði úr fjölskyldubótum og mæðralaunum eftir tekjum og fé því, sem þannig sparaðist, varið til aukningar á elli- og örorkubótum, raski ekki því samkomulagi, sem gert var. Áskilur hann sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. í þá átt.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, sem allir nefndarmenn munu vera sammála um:

BREYTINGARTILLAGA:

Tvær síðustu málsgr. 3. gr. orðist svo:

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

Alþingi, 22. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson.

Ed. 585. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið á þskj. 519, um breytingar á tryggingalöggjöfinni, er borið fram af ríkisstjórninni til staðfestingar á samkomulagi, er hún hafði beitt sér fyrir, að gert yrði til lausnar víðtækri vinnudeilu, er stóð yfir hér í landinu um nærri 3 vikna skeið skömmu fyrir síðustu áramót og valdið hafði víðtækri truflun í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Höfðu vinnuveitendur ekki getað fallizt á þær kröfur, sem verkalýðsfélögin gerðu um kauphækkanir eða fríðindi, sem miðuðu til aukinna útgjalda fyrir atvinnuvegina, enda viðurkennt af verkalýðsfélögunum, að engir fjárhagsmöguleikar væru fyrir hendi hjá atvinnurekendum til að mæta slíkum útgjöldum sem hér um ræðir. Væri það og ljóst, að mjög vafasamur hagnaður yrði af því fyrir launastéttir landsins að knýja fram hækkuð laun undir þessum kringumstæðum, sem beinlínis hefðu í för með sér hækkað verðlag og aukna dýrtíð í landinu.

Þegar sýnilegt var, að ekki var unnt að koma á samkomulagi á milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna í kaupdeilunni, og vitað var, að með hverjum degi, sem verkfallið stóð óleyst, var kastað á glæ tugum og hundruðum þúsunda í verðmætum fyrir þjóðarheildina, beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að deilan yrði leyst á þann hátt, að breytt yrði ýmsum gildandi lagafyrirmælum á þann veg, að lífskjör launþega í landinu yrðu bætt, svo að ekki þyrfti að koma til kauphækkunar og þar af leiðandi áframhaldandi verðbólgu. Voru síðan gerðir um þetta samningar á milli ríkisstjórnarinnar, fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa verkalýðsfélaganna. Eitt af þeim málum, sem samið var um þar, var, að tryggingalöggjöfinni skyldi breytt á þann hátt, sem farið er fram á í frv. því, sem hér um ræðir. Telur ríkisstjórnin sig vera svo skuldbundna við sérhvert atriði samningsins, að hér megi engu breyta, og krefst því skilyrðislaust samþykktar á frv. óbreyttu.

Eftir að samkomulag hafði náðst á milli ríkisstjórnarinnar og fulltrúa þeirra aðila, sem að framan greinir, voru samningsatriðin borin undir atkvæði stéttarsambanda vinnuveitenda og vinnuþiggjenda til samþykktar eða synjunar, með þeim árangri, að þessir aðilar gengu að tillögunni, og var verkfallið þar með leyst. Hins vegar notaði ríkisstjórnin ekki þennan frest til þess að bera samningsatriðin undir fulltrúa annarra aðila í landinu, sem málið snerti, þ. e. alþingismennina, sem þó sátu hér að störfum á þessum tíma, til þess að þá þegar að fá vitneskju um afstöðu þeirra til málsins, heldur valdi ríkisstjórnin þann kostinn að semja um þessi mál upp á sitt eindæmi og beita síðan valdi sínu til þess að knýja málið fram óbreytt gegnum þingið, þvert ofan í vilja margra þingmanna, sem eiga að velja á milli þess að falla frá sannfæringu sinni við atkvæðagreiðslu um málið eða eiga það á hættu, að ríkisstjórnin verði að leita stuðnings stjórnarandstöðunnar til þess að koma málinu fram. Skal ekki hér rætt frekar, hversu óheppilegt það hefur verið að tefla þýðingarmiklu máli í slíka aðstöðu að þarflausu, þar sem ég tel víst, að auðvelt hefði verið að fá ýmis þau atriði löguð í því samkomulagi, sem aðilar virðast nú sammála um, að betur hefðu mátt fara og sjálfsagt hefði verið að breyta, ef um það hefðu komið fram óskir áður en gengið var endanlega frá samkomulaginu, sem nú virðist ekki mega hrófla við. En hitt get ég ekki látið vera, að benda á, að með þessari aðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, hafa almannatryggingarnar verið dregnar inn í einhverjar þær harðskeyttustu vinnudeilur, sem komið hafa upp í landinu, og það með þeim árangri, að tryggingabæturnar eru notaðar til að mæta kröfum verkalýðsfélaganna á hendur atvinnurekendum, sem viðurkennt er að hafa ekki bolmagn til að mæta þeim. Hér er um svo alvarlegt tilræði að ræða gegn tryggingamálum þjóðarinnar, að mér er ómögulegt að fylgja því, að slíkt verði lögfest. Eigi það framvegis að verða hlutverk trygginganna að sinna þessum verkefnum, er sýnilegt, að grundvöllurinn, sem þær eru byggðar á, hrynur fyrr en varir og fólkið, sem byggt hefur afkomu sína á bótunum, stendur uppi með loforð ein, en engar efndir.

Þegar tryggingalögin voru rædd og afgreidd á Alþingi 1946, voru meginátökin um það eitt, hversu viðtækar tryggingarnar skyldu vera. Ég, sem frá upphafi vann að þessum málum í heilbr.- og félmn. Ed. fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, setti það að meginskilyrði fyrir fylgi við málið, að ekki yrði gengið lengra í lögbindingu bóta en svo, að öruggt yrði, að stofnunin gæti jafnan greitt bæturnar, svo að ekki þyrfti til þess að koma að draga úr þeim síðar eða fella þær að fullu niður. Varð þessi stefna ofan á við afgreiðslu málsins í þinginu. Svo að segja á hverju ári síðan hafa verið bornar fram breytingar á tryggingalöggjöfinni, sem allar hafa miðað að því að auka bæturnar, þótt eigi hafi tryggingunum jafnframt verið séð fyrir öruggum tekjum á móti, en þess hefur þó jafnan verið gætt af þinginu að ganga ekki lengra en svo í samþykkt þeirra tillagna, að eigi raskaðist sú regla, sem tekin var í upphafi um öruggan rekstur stofnunarinnar. Skerðingarákvæðum um greiðslu elli- og örorkubóta, sem sett voru á sínum tíma og falla áttu burt í árslok 1951, en voru framlengd fyrst til ársloka 1952 og síðar til ársloka 1954,

var beinlínis haldið vegna þess, að tryggingarnar voru enn ekki nægilega fjársterkar til þess að geta greitt öllum gamalmennum og öryrkjum fullan lífeyri án tillits til efnahags nema með því að leggja þá mjög þunga aukna skatta á þjóðina til þess að mæta þeim útgjöldum. Stofnunin hafði að vísu safnað um 30 millj. króna í tryggingasjóði, en jafnskjótt og það var vitað, voru af núverandi fjármálaráðherra gerðar margendurteknar tilraunir til þess að rýra þessa upphæð með því að draga úr nauðsynlegum framlögum til tryggingganna, til þess að þær gætu mætt öllum lögbundnum greiðslum og jafnframt safnað eðlilegum ágóða. Tókst að vísu að stöðva þessa óheillasókn á hendur stofnuninni, en þó ekki fyrr en of mikið hafði verið að gert og um þriðjungi af þessu fé verið eytt. Meðal annars af þessum ástæðum var ekki unnt að auka elli- og örorkubætur svo sem þörf var á, þótt vitað væri, að þetta voru hinar mest aðkallandi umbætur á löggjöfinni. Þegar ríkisstjórnin hefur því nú ákveðið og samið um að hækka greiðslur vegna fjölskyldubóta um 19 millj. króna, þykir mér illa farið, að þær bæturnar, sem frekar en allt annað þurftu að hækka, skuli óbreyttar standa. Ég gerði því tilraun til þess að fá um það samkomulag í nefndinni og við ráðherra að setja inn ákvæði um skerðingu á fjölskyldubótum, þannig að menn með 44 þús. kr. tekjur á 1. verðlagssvæði og með 33 þús. kr. tekjur á 2. verðlagssvæði, fengju engar fjölskyldubætur með 2. og 3. barni, en að sú upphæð, sem líklegt þætti, að við það mundi sparast, yrði notuð til þess að hækka elli- og örorkubætur. Er sýnilegt, að ekki var hér einasta um að ræða réttláta breytingu, heldur mundi þetta í langflestum tilfellum koma sér betur fyrir hin efnaminni heimili, sem auk barna hafa oftast einnig fyrir einhverjum gamalmennum eða öryrkjum að sjá. Um þessar tillögur náðist ekki samkomulag, og þar sem ég lít svo á, að miklu meiri nauðsyn sé á því að auka elli- og örorkulífeyrinn en að greiða fjölskyldubætur með 2. og 3. barni hátekjumanna, kaus ég að bera fram um þetta sérstakar tillögur í trausti þess, að unnt yrði að koma þeim fram í þinginu.

Skömmu fyrir áramótin var samþykkt hér á þinginu að fresta niðurfellingu á skerðingarákvæði vegna greiðslu elli- og örorkubóta til ársloka 1954. Er sýnilegt, að verði fjölskyldubætur þær, sem frv. ákveður, samþykktar breytingalaust, þá ber brýna nauðsyn til þess að stytta skerðingarfrestinn til loka þessa árs.

Ég legg því til, að auk þeirra breytinga, sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á frv. og ég er samþykkur, þá verði það samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við brtt. á þskj. 579. Tillagan orðist svo:
   Við 3. gr. Aftan við greinina bætist 2 nýjar málsgr., er orðist svo:
   Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 44000 kr. miðað við vísitölu 155.
   Til ársloka 1954 skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkv. 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón.
2. Við 7. gr. frv. Í stað orðanna „til ársloka 1954“ komi: til ársloka 1953.

Alþingi, 22. jan. 1953.

Gísli Jónsson.

Ed. 586. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og á l. nr. 70/1952.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er klofin um mál þetta. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Minni hlutinn (GJ) telur sig ekki geta samþykkt frv. án breytinga og skilar séráliti.

Alþingi, 22. jan. 1953.

Bernharð Stefánsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Brynjólfur Bjarnason.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Ed. 587. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti n. vildi láta samþykkja frv. óbreytt, en á það gat ég ekki fallizt af eftirtöldum ástæðum.

Mörg undanfarin þing hafa staðið um það allharðar deilur, hvort greiða skuli fulla kaupgjaldsvísitölu á grunnlaun starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana eða hvort fylgja skuli í launagreiðslum til þeirra sömu skerðingarákvæðum, sem samið hefur verið um á milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda í hinum ýmsu stéttarfélögum. Hefur niðurstaðan jafnan verið sú, að þrátt fyrir skýlaus ákvæði launalaganna hefur meiri hluti Alþingis talið rétt, að hverjar þær kjarabætur, sem verkalýðsfélögin hafa öðlazt með samningum, skuli einnig látnar í té starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana, alveg án tillits til tekna eða efnahags.

Eins og þegar er kunnugt, fengu launþegar allverulegar kjarabætur að ýmsum leiðum við síðustu samninga á milli vinnuveitenda og vinnþiggjenda, m. a. mjög verulega auknar fjölskyldubætur, lækkun á ýmsum neyzluvörum og hækkun á skerðingarmarki á vísitöluálagi frá 1830 kr. á mánuði uppi í 2200 kr. Veldur þessi röskun á skerðingarmarkinu því, að allir launþegar, sem hafa meira en 1830 kr. á mánuði, hækka um þúsund krónur í launum á ári. Frv. það, sem hér um ræðir, er m. a. lagt fram til þess að gera þetta ákvæði einnig gildandi fyrir alla starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana, og þykir það nauðsynlegt til þess að raska ekki launahlutföllunum, sem áður giltu á milli hinna ýmsu stétta í þjóðfélaginu. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um heildargreiðslur launa til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, má áætla, að þessi hækkun ein út af fyrir sig nemi yfir 2 millj. króna fyrir ríkissjóð. Menn þeir, sem hér um ræðir, njóta allir sömu kjarabóta og hinir lægst launuðu menn þjóðfélagsins fengu með síðustu samningum, svo sem meiri fjölskyldubóta og lægra vöruverðs á ýmsum nauðsynjum, en eiga auk þessa að njóta þeirra launahækkana, sem hér um ræðir.

Vitað er, að útgjöld ríkissjóðs eru slík, að full þörf er á því, að hafizt sé handa um raunverulegan sparnað á öllum sviðum, og þá fyrst og fremst á þeim liðum, sem standa í beinu sambandi við launagreiðslur, sem oft eru í engu hlutfalli við það starf, sem af hendi er leyst, eða þann starfstíma, sem í té er látinn. Launaskýrslur starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana sýna ljósast, að ótrúlega stór hópur þessara manna hefur umfram hin föstu laun alls konar viðaukatekjur og fríðindi, sem margoft nema hálfum launum og oft miklu meira, stundum jafnvel fullum launum og vel það, og hefur hvað eftir annað verið sýnt fram á þetta með óhrekjandi rökum í umræðum um þessi mál á Alþingi og hvað eftir annað verið gerðar kröfur til ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir því, að á þessu fengist lagfæring. Voru m. a. á síðasta þingi samþykkt um það lög, að ríkisstjórnin skyldi láta gera fullkomna skýrslu yfir allar slíkar aukagreiðslur og yfir heildarlaun þessara manna frá ríki og ríkisstofnunum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem þeir láta í té fyrir launin, og gera síðan tillögur til Alþingis um ákveðið kaupgjaldsvísitöluálag byggt á þessum upplýsingum. Þrátt fyrir þessi skýlausu lagafyrirmæli og þrátt fyrir margendurteknar óskir fjárveitinganefndar til fjármálaráðherra hafa þessar upplýsingar ekki fengizt enn, og meginástæðan fyrir drætti málsins er talin sú, að starfsmennirnir sjálfir og stofnanirnar, sem þeir vinna við, fáist ekki til þess að upplýsa málið sem skyldi og skattstofan hins vegar ekki skyldug til þess að gefa þessar upplýsingar úr skattskýrslum eða hafi jafnvel ekki heimild til þess, þótt til ráðuneytisins sé.

Til viðbótar því, að starfsmaður ríkis og ríkisstofanana stendur hér miklu betur að vígi með að auka tekjur sínar á ýmsan hátt, skal bent á það öryggi, sem hann hefur í því að hafa fast starf, gagnstætt verkamanni eða öðrum launþegum, sem segja má upp fyrirvaralítið, auk þeirra geysilegu fríðinda, sem starfsmenn ríkis og ríkisstofnana hafa í því eftirlaunakerfi, sem komið hefur verið á og enginn möguleiki sýnist vera á að fá breytt, svo að nokkurt vit sé í, þar sem sjálfsagt þykir, að starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana sé tryggt ævilangt að hafa miklu hærri laun en verkamaður, þótt ekkert starf sé af hendi leyst fyrir það fé.

Allt þetta gerir það að verkum, að brýna nauðsyn ber til þess, að mál þessi öll séu athuguð eins og lög mæla fyrir um, og þá fyrst, er það hefur verið gert, kemur til mála að ákveða kauplagsvísitölu þeirra stétta, sem hér um ræðir.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., er orðist svo:

Þar til fyrir liggja fullkomnar upplýsingar um launagreiðslur til starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og þær vinnustundir, sem þeir láta í té fyrir greidd laun, hvort heldur er fyrir föst störf eða aukastörf, allt eins og fyrir er mælt í bráðabirgðaákvæði laga nr. 105 frá 1951, skal, þrátt fyrir framangreind ákvæði, greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 123 stig á grunnlaun, sem eru hærri en 1830 krónur á mánuði, en úr því greiðist verðlagsuppbót á launin samkvæmt vísitölu, er ríkisstjórnin kemur sér saman um, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þá liggja fyrir, enda skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeim greiðslum, er það kemur saman að afstöðnum kosningum á þessu ári.

Alþingi, 23. jan. 1953.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Nd. 588. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 1942, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Jóni Pálmasyni.

a. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laga nr. 44 1932 verði tveir liðir, svo hljóðandi:
25. **Blönduóshérað:** Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.
Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis Höfðahéraðs.
26. **Höfðahérað:** Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.
b. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyt. á þeim lögum.

Ed. 589. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki dómsmálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Nd. 590. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.
1. Á eftir staflið d. komi nýr stafliður, þannig:
e. Jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.
2. Á eftir síðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Jörðin Grísará seljist ábúanda hennar fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta, enda verði hún jafnframt gerð að ættaróðali kaupanda. Við matið sé tillit tekið til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölunni.

Ed. 591. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til laga um ættleiðingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum. Í Nd. hafa verið gerðar þrjár breytingar á frv. frá því, sem það var, er ríkisstjórnin lagði það fyrir Alþingi.

Eina af þessum breytingum, á 8. gr., um að leitað sé umsagnar sóknarprests, áður en ættleiðing er leyfð, telur nefndin til bóta.

Hinar tvær breytingarnar vill nefndin fella niður og færa frv. að því leyti í sinn upprunalega búning.

Önnur þeirra breytinga er í 2. og 3. málslið 1. málsgr. 1. gr. Hefur allsherjarnefnd Nd. bætt þar inn ákvæðum, þar sem einstaklingi eldri en 65 ára og hjónum, sem bæði eru eldri en 65 ára, er bannað að ættleiða barn innan 16 ára aldurs. Þar sem leyfi dómsmálaráðherra þarf til ættleiðingar og það verður að sjálfsögðu ekki veitt, nema hún sé í samræmi við hagsmuni þess, sem ættleiddur er, ætti takmörkun þessi að vera óþörf og getur auk þess í einstaka tilfellum leitt til ranglætis. Nefndin leggur því til, að þessi ákvæði verði felld niður.

Í upphaflega frv. var svo ákveðið í 19. gr., að ef kjörforeldri og kjörbarn gangi í hjónaband, sem ekkert er til fyrirstöðu að lögum, ef skyldleiki eða aðrar hömlur eru ekki á, falli ættleiðing niður. Þessa grein hefur Nd. fellt niður úr frv. Það er þó auðsætt, ef þetta sjaldgæfa tilvik kemur fyrir, að ýmis vandaatriði geta risið í sambandi við skipti eftir það hjóna, sem fyrr deyr. Þykir því rétt að taka fyrir fram af allan efa um þetta atriði.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. og 3. málsl. fyrri málsgr. greinarinnar falli niður.
2. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ef kjörforeldri og kjörbarn eigast, fellur ættleiðing niður.

Alþingi, 19. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. — Páll Zóphóníasson.
Steingr. Aðalsteinsson. — Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 592. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild, og hefur nefndin tekið það til athugunar á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. jan. 1953.

Ásgeir Bjarnason, form. — Jón Gíslason, frsm. — Jón Sigurðsson, fundaskr.
Ásmundur Sigurðsson. — Jón Pálmason.

Ed. 593. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 594. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [192. mál]

í málinu: Frv. til l. um afnám l. nr. 38 1948, um breyt. á l. nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Þar sem deildin telur ekki fært að hækka útflutningsgjald af saltfiski, eins og högum útgerðarinnar er nú háttað, m. a. vegna lokunar brezka markaðarins, og í trausti þess, að ríkisstjórnin reyni að finna leiðir til eflingar fiskveiðasjóði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 595. Lög [88. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 582.

Nd. 596. Breytingartillaga [42. mál]

við brtt. á þskj. 569 [Verðlag].

Frá Jóhanni Hafstein.

Fyrir orðin „skýrslu um“ í tölul. 1 kemur: skýrslu, er sýni hæsta og lægsta ...

Ed. 597. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt, en leggur jafnframt áherzlu á, að lagfærð verði þau atriði, sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna telja með réttu ábótavant í sambandi við reikninginn.

Alþingi, 23. jan. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 598. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta ýtarlega og fengið um það umsögn hæstaréttar og lagadeildar háskólans, sem prentaðar eru sem fylgiskjöl með nál. þessu. Er nefndin sammála um, að ekki komi til mála að fella algerlega niður próf hæstaréttarmálaflutningsmanna. Með því mundi rétturinn sviptur sjálfsagðri íhlutun um, hverja telja megi hæfa til starfans, hæstaréttarlögmönnum fjölga algerlega um hóf fram og menn, sem aldrei hafa nálægt málfærslu komið, geta orðið hæstaréttarlögmenn.

Í því landi, sem okkur er skyldast um löggjöf, Danmörku, eru sett enn þrengri skilyrði en hér til þess að geta orðið hæstaréttarlögmaður. Í Danmörku voru hæstaréttarlögmenn lengi um 40, en hefur nú fjölgað upp í 68 vegna hins mikla málafjölda, sem reis út af hernáminu, enda vinnur hæstiréttur þar nú í 2 vökum. Íbúar Danmerkur munu nú vera um 30 sinnum fleiri en Íslendingar.

Á Íslandi eru nú starfandi 25 hæstaréttarlögmenn og 5 að auki, sem rétt hafa til málflutnings í hæstarétti, þótt nú skipi þeir aðra starfa. Auk þessa hafa 5 menn tekið eitt eða fleiri prófmál.

Ef litið er á árgang 1951 af hæstaréttardómum, sést, að aðeins 9 hæstaréttarlögmenn hafa flutt frá 10—14 mál á árinu, hinir allir færri mál. Er það vafasamt, hvort sá málfærslumaður getur talizt vera í „æfingu", sem flytur innan við 10 mál á ári.

Ef frv. yrði samþykkt eins og það kom úr hv. Nd., gætu 68 menn orðið hæstaréttarlögmenn til viðbótar án prófs, og er þá sleppt 24 embættismönnum, sem starfað hafa 3—8 ár og bráðlega mundu bætast í hópinn. Auk þess hafa 60 héraðsdómslögmenn tekið próf í Reykjavík og á Akureyri, og eru 10 af þeim orðnir hæstaréttarlögmenn. Yrði þá fjölgun þeirra bókstaflega hlægileg í augum erlendra manna.

Við flest störf, þar á meðal í flestum iðngreinum, er alltaf verið að gera strangari og strangari kröfur til manna til að öðlast atvinnuréttindi. Málfærslumannastéttin á samkvæmt frv. þessu að vera eina undantekningin, og er þó ekki síður mikilsvert, að þá stétt skipi vel menntaðir menn, sem hafa æfingu í starfinu, en aðrar stéttir þjóðfélagsins, svo mikið ábyrgðarstarf hvílir á herðum hennar. Væri því sönnu nær að koma í veg fyrir, að stétt hæstaréttarlögmanna yrði svo fjölmenn,

að þeir, sem það starf legðu fyrir sig, gætu ekki lifað við sæmilega atvinnu, en að fjölga stéttinni algerlega úr hófi fram.

Það hefur viljað við brenna, að sumir hæstaréttarlögmenn hafi málflutninginn að algeru aukastarfi, en hafi aðaltekjur sínar af öðrum, föstum störfum. Er það vandamál, sem stéttin verður að leysa.

Óskum þeirra manna, sem með frv. þessu vilja ná sér í starfsheiti, sem nýtur mikillar virðingar erlendis og þar mestrar, sem strangastar kröfur eru gerðar til starfsins, sér nefndin enga ástæðu til að fullnægja. Hins vegar eru ýmsir ungir menn, sem ætla að gera sér málfærslu að aðalatvinnu, en telja, að erfitt sé fyrir sig að fá hæfileg prófmál, sem hæstiréttur tekur gild, ef þeir geta ekki fylgt málum sínum eftir til hæstaréttar, einkanlega eftir að rétturinn setti það skilyrði, að þeir hefðu flutt málin frá upphafi. Sanngjarnar óskir þessara manna vill nefndin taka til greina á líkan hátt og gert er í Danmörku.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

9. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 3 mála, og sé eitt af þeim opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera hæstaréttarlögmaður. Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framangreindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Héraðsdómslögmönnum, sem starfað hafa að málflutningi ekki skemur en 5 ár og hafa á þeim tíma flutt fyrir héraðsdómi a. m. k. 40 mál munnlega, er heimilt að flytja fyrir hæstarétti opinber mál og einkamál, sem þeir sjálfir eða löggiltir fulltrúar þeirra hafa flutt fyrir héraðsdómi. Skulu þeir, ef þeir óska að nota heimild þessa, senda beiðni um það til hæstaréttar ásamt vottorði um, að þeir uppfylli skilyrði 1.—5. tölul. greinar þessarar. Heimild þessi fellur niður, ef hæstiréttur telur eftir málflutning í hæstarétti eða af öðrum ástæðum hlutaðeigandi héraðsdómslögmann óhæfan til að flytja mál fyrir hæstarétti. Framangreindan rétt geta menn þó öðlazt aftur eftir ákvörðun dómsins.

Alþingi, 23. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.

Guðm. Í. Guðmundsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

HÆSTIRÉTTUR

Reykjavík, 9. desember 1952.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi 29. f. m. sent hæstarétti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Þegar sett eru lög um það efni, sem frumvarpið fjallar um, verður að hafa í huga, að það er almannanauðsyn, að málflutning fyrir hæstarétti annist hinir hæfustu menn, sem hafi reynslu og æfingu í málflutningi. Ber margt til þess.

Hæstaréttarlögmenn eru aðiljum m. a. til ráðuneytis um áfrýjun mála, sem dæmd hafa verið í héraði. Við það starf er nauðsyn glöggskyggni og haldgóðrar þekkingar í lögum. Áfrýjun mála er mjög kostnaðarsöm, veldur jafnan miklum drætti á lyktum máls og þar með óvissu aðila um hagsmuni sína. Hæstaréttarlögmönnum er því rétt og skylt að ráða frá áfrýjun, þegar líkur eru ekki til þess, að úrlausn héraðsdóms verði breytt í æðra dómi um atriði, sem máli skipta fjárhagslega eða siðferðislega. Sama gildir og, þegar mál eru mjög smávægileg, miðað við kostnað þann, sem af áfrýjun leiðir. Aðilar verða að geta treyst því, að lögfræðingar, sem fengið hafa heimild til málflutnings fyrir hæstarétti, hafi þekkingu og reynslu til að geta ráðið þeim heilt í þessu efni. En því fleiri sem hæstaréttarlögmenn eru og reynsluminni, því meiri hætta er á, að málum sé áfrýjað að ófyrirsynju með ærnum kostnaði málsaðila og hljótist af því tafir á framgangi mikilvægari mála.

Þá er á það að líta, að hæstiréttur er úrslitadómstóll landsins í opinberum málum og einkamálum. Það er nauðsynlegt og sjálfsagt að vanda eftir föngum til málsmeðferðar fyrir hvaða dómi sem er. En allar þjóðir leitast þó sérstaklega við að tryggja borgurum sínum örugga meðferð mála, þar á meðal málflutning, þegar mál eru sótt og varin til úrslita. Lögmönnum, sem flytja mál fyrir hæstarétti, er jafnan mikill vandi á höndum, og reynir þá mjög á lagaþekkingu þeirra, samvizkusemi og lífsreynslu.

Í 9. gr. laga nr. 61/1942 eru talin skilyrði þau, sem hver sá, er öðlast vill leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, verður að fullnægja. Er þau ákvæði voru sett, voru höfð til hliðsjónar sjónarmið þau, sem að framan eru rakin, og við þau miðað.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að breyta þessum ákvæðum, afnema prófraun hæstaréttarlögmanna og rýmka til stórra muna heimild til málflutnings fyrir hæstarétti.

Skal nú vikið stuttlega að þeirri skipan, er frumvarpið gerir ráð fyrir:

Ákvæði 1.—5. töluliðs 9. gr. laga nr. 61/1942 eru tekin óbreytt í frumvarpið. En í stað 6. og 7. töluliðs lagagreinarinnar, sem fjalla um starfsaldur og prófraun, kemur 6. töluliður 1. gr. frumvarpsins, þar sem ekki er krafizt prófraunar fyrir hæstarétti.

Skilyrðum samkvæmt upphafsákvæði 6. töluliðs frumvarpsgreinarinnar fullnægir hver sá, sem „er héraðsdómslögmaður og hefur enn fremur samtals 10 ár gegnt föstu dómaraembætti eða opinberu starfi, sem þarf til þess að verða skipaður í fast dómarasæti.“ Nánari athugunar er þörf, til þess að ljóst sé, til hverra ákvæði þetta tekur. Samkvæmt 7. tölulið 32. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 100/1950, má, ef öðrum skilyrðum er fullnægt, skipa í fast dómarasæti hvern þann, sem verið hefur samtals 3 ár 1) alþingismaður, 2) skrifstofustjóri Alþingis, 3) fulltrúi í skrifstofu Alþingis, 4) skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, 5) fulltrúi í stjórnarráðinu, 6) fulltrúi héraðsdómara, 7) fulltrúi lögreglustjóra í Reykjavík, 8) lögreglustjóri, 9) bæjarstjóri, 10) ritari forseta Íslands, 11) bankastjóri, 12) sendiherra, 13) fulltrúi sendiherra, 14) lagakennari í Háskóla Íslands, 15) málflutningsmaður að staðaldri, 16) settur héraðsdómari eða 17) opinber starfsmaður, sem lagaprófs eða hagfræðiprófs er krafizt af. Nú eru lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið eða skipa má í fast

dómarasæti, sbr. 1—17 hér að framan, undanþegnir málflutningsprófraun fyrir héraðsdómi samkvæmt síðustu mgr. 14. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1943.

Lögfræðingur, sem verið hefur 3 ár í einhverju fyrrgreindra embætta eða 3 ár samtals í tveimur þeirra eða fleiri, getur því án prófraunar fengið leyfi til málflutnings í héraði. Og sé starfstími hans orðinn 10 ár, mundi hann samkvæmt frumvarpinu síðan öðlast rétt til málflutnings fyrir hæstarétti án nokkurs málflutningsprófs og alveg án tillits til þess, hvort hann hefði nokkru sinni flutt mál fyrir dómi eða haft önnur afskipti af dómsmálum.

Samkvæmt síðari hluta 6. tl. 1. gr. frumvarpsins er til þess ætlazt, að lögfræðingur, sem hefur „verið héraðsdómslögmaður eigi skemur en fimm ár og flutt eigi færri en 30 mál fyrir dómstólum, þar af séu að minnsta kosti 20 munnlega flutt," geti án sérstakrar prófraunar orðið hæstaréttarlögmaður. Hér er þó gert ráð fyrir nokkurri reynslu í málflutningi, en ekki til þess litið, hvernig mál hafi verið flutt.

Svo sem rakið var í upphafi bréfs þessa, verður að telja allveigamikil rök hníga að því, að málflutningsmenn þreyti prófraun fyrir hæstarétti, en álitamál er, hversu mörg prófmálin skuli vera. Gæti komið til mála að fækka þeim, þó svo, að þau verði ekki færri en tvö, einkamál og opinbert mál.

Ef Alþingi hins vegar hverfur að því ráði að nema með öllu úr lögum prófraun fyrir hæstarétti, er varhugavert og reyndar fráleitt að lögfesta svo víðtæka heimild til málflutnings fyrir hæstarétti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Jónatan Hallvarðsson. Árni Tryggvason. Gizur Bergsteinsson.
Jón Ásbjörnsson. Þórður Eyjólfsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 10. des. 1952.

Með bréfi, dags. 29. nóv. s. l., hefur allsherjarnefnd Alþingis farið þess á leit við lagadeild, að hún léti í té umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 61 frá 4. júlí 1942, um málflytjendur.

Í nefndu frumvarpi felst breyting á 9. gr. málflytjendalaganna. Samkvæmt 6. og 7. tölul. 9. gr. þeirra laga er það skilyrði fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, að aðili hafi verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til, og að hann hafi auk þess sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfir til þess að vera hæstaréttarlögmaður. Frá prófraun þessari getur þó hæstiréttur veitt undanþágu að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum þess, er í hlut á, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti. Eftir frumvarpinu á prófraun alveg að falla niður. Þar er þess aðeins krafizt, að maður sé héraðsdómslögmaður og hafi enn fremur samtals 10 ár gegnt föstu dómaraembætti eða opinberu starfi, sem þarf til þess að verða skipaður í fast dómarasæti, sbr. 7. tölul. 32. gr. l. 85 frá 1936, eða verið héraðsdómslögmaður eigi skemur en fimm ár og flutt eigi færri en 30 mál fyrir dómstólum, þar af séu að minnsta kosti 20 munnlega flutt. Frá skilyrðum um starfstíma getur hæstiréttur veitt manni undanþágu, ef dóminum er það kunnugt, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Eins og sjá má af framansögðu gerir frumvarpið ráð fyrir allverulegri breytingu í þessu efni. Samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum yrði, gætu menn hæglega orðið hæstaréttarlögmenn án þess að hafa nokkru sinni flutt mál fyrir dómstólum. Ýmis

þau störf, sem greind eru í 7. tölul. 32. gr. l. 85/1936, sbr. breytingar þær, sem síðar hafa verið gerðar á því ákvæði, eru það óskyld lögmannsstörfum, að reynsla við þau veitir enga tryggingu fyrir hæfni til málflutnings. Eftir frumvarpinu fær hæstiréttur engu ráðið um það, hverjir verða málflytjendur fyrir dóminum. Sýnist óeðlilegt, að hæstiréttur hafi þar ekkert um að segja. Ef frumvarpið yrði að lögum, mundi hæstaréttarlögmönnum fjölga mjög mikið. Er því hætt við, að málflutningsstörf yrðu alger aukastörf hjá mörgum þeirra.

Framangreind atriði valda því, að lagadeildin telur frumvarp þetta eigi til bóta. Getur deildin því eigi mælt með samþykkt frumvarps þessa í þeirri mynd, sem það nú er í.

Jafnframt leyfir deildin sér að benda á, að óeðlilegt virðist að fella niður prófraun lögmannsefna við hæstarétt, en hagga eigi í neinu við prófraun héraðdómslögmanna, sbr. 6. tölul. 14. gr. málflytjendalaganna.

Virðingarfyllst,

f. h. lagadeildar Háskóla Íslands,

Ólafur Jóhannesson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 599. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá og með 1. jan. 1953 skal auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.

Á 2. verðlagssvæði með 2. barni kr. 300.00, með 3. barni kr. 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

4. gr.

5. tölul. 21. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.

5. gr.

24. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árin 1953 og 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 455.00
      Á 2. — ..... — 365.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 410.00
      Á 2. — ..... — 330.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 305.00
      Á 2. — ..... — 245.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 5.45 á viku.
      Á 2. — ..... — 4.10 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
      12.6 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
      20.4 millj. kr.

6. gr.

25. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marz-

mánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

7. gr.

36. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Fyrsti tölulíður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febr. 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1 1952 og gefa þau út svo breytt. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 112/1952.

Sþ. 600. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr.	B. 7. a. (Fiskmat).		
		a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „307 746“ kemur		335 124
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „145 462“ kemur .		158 786
		c. Við 6. (Ferðakostnaður). Fyrir „150 000“ kemur ...		160 000
2.	— 12. —	IV. H. Nýr liður:		
		Til fávitahælis í Skálatúni, byggingarstyrkur		60 000
3.	— 14. —	B. XVIII. 8. Nýr liður:		
		Til leiðbeiningar í starfsíþróttum á vegum Ungmennafélags Íslands samkvæmt fyrirmælum ráðherra		15 000
4.	— 15. —	A. IX. 2. (Þjóðvinafélagið).		
		Fyrir „5 000“ kemur		10 000
5.	— 15. —	A. XXIV. 14. Nýr (rómv.) liður:		
		Til Elsu Sigfúss söngkonu		8 000
6.	— 18. —	II. a.		
		a. Árni Pálsson, fyrrv. prófessor.		
		Liðurinn fellur niður.		
		b. Við bætast í stafrófsröð:		
		Davíð Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður		2 240.00
		Eiður Albertsson, fyrrv. barnaskólastjóri		3 500.00
		c. Eftirfarandi liðir falla niður:		
		Guðmundur Pálmason, fyrrv. vitavörður.		
		Ingivaldur Nikulásson, fyrrv. barnakennari.		
		Jónas Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður.		
		Kristján A. Bjarnason, fyrrv. póstur.		
		Kristján Ingimundarson, fyrrv. fiskmatsmaður.		
		d. Lárus Sigurjónsson, skáld.		
		Fyrir „8 418.00“ kemur		12 000.00
		e. Við bætast í stafrófsröð:		
		Magnús Andrésson, fyrrv. fiskmatsmaður		2 240.00
		Ólafur Ólafsson, fyrrv. sóknarprestur		7 500.00
		Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir		1 800.00
		Ragnheiður Pétursdóttir, fyrrv. ráðuneytisbókari ...		8 650.00

f. Sigurjón Rögnvaldsson, fyrrv. kennari.
Liðurinn fellur niður.
g. Við bætast í stafrófsröð:
Vernharður Þorsteinsson, fyrrv. menntaskólakennari 7 500.00
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsmaður 1 690.00

7. Við 18. gr. II. b.
a. Anna Þorgrímsdóttir.
Fyrir „3 363.75“ kemur 4 000.00
b. Anna Þorkelsdóttir.
Fyrir „2 484.00“ kemur 3 484.00
c. Við bætist í stafrófsröð:
Finnbjörg Kristófersdóttir 7 000.00
d. Guðrún Oddsdóttir.
Fyrir „5 606.25“ kemur 6 500.00
e. Guðrún Þorvarðsson.
Fyrir „6 500.00“ kemur 8 500.00
f. Við bætast í stafrófsröð:
Ingibjörg Björnsdóttir 3 000.00
Kristín Sigurðardóttir 3 000.00
g. Lára Bjarnadóttir (ekkja G. L.).
Fyrir „2 242.50“ kemur 4 242.50
h. Margrét Árnadóttir.
Fyrir „3 363.75“ kemur 4 863.75
i. Oddný Vigfúsdóttir.
Liðurinn fellur niður.
j. Við bætast í stafrófsröð:
Oktavía Sigurðardóttir 4 500.00
Ólafía Einarsdóttir 6 000.00
Sigríður Bjarnason 9 000.00
Sylvía N. Guðmundsdóttir 5 300.00
Vilhelmína Ingimundardóttir 3 650.00
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir 3 500.00

8. — 22. — XIV. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 2 millj. kr. til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.
b. Að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 6 millj. kr. lán til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
c. Að ábyrgjast lán að upphæð 200 þús. kr., er Vikurfélagið h/f kann að taka, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.
d. Að ábyrgjast lán að upphæð 150 þús. kr., er Glersteypan h/f kann að taka, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.
e. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1952 nái 360 þús. kr.
f. Að leggja fram það mikið nýtt hlutafé í Skallagrím h/f í Borgarnesi, að hlutafé ríkissjóðs verði jafnan ⅓ af heildarhlutafjárhæð félagsins, þó ekki yfir 200 þús. kr.
g. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3,6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins.

h. Að verja allt að 2½ millj. kr. til að styrkja bátaútvegsmenn, er undanfarin ár hafa stundað dragnóta- og togveiðar, til kaupa á nýjum veiðarfærum til annarra veiðiaðferða. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrkjanna.
i. Að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélanna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
j. Að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld, þar með talinn söluskattur, af efni í skip og báta, er þær smíða. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja smálest, sem næst því, er ætla má að svari til þeirra aðflutningsgjalda og og söluskatts, er greidd hafa verið af efni til smíðanna.
k. Að ábyrgjast lán að upphæð 150 þús. kr., er Skúli Pálsson, Laxalóni í Mosfellssveit, kann að taka til ræktunar regnbogasilungs, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Sþ. 601. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Jóhanni Hafstein* og *Jóni Gíslasyni.*
Við 13. gr. A. X. Nýr liður:
Til Brands Stefánssonar í Vík í Mýrdal, til kaupa á snjóbíl 20 000

2. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. XI. (Styrkur til gististaðahalds).
Fyrir „32 000“ kemur 52 000

3. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 604 000

4. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. IX. 42. (Skagaströnd).
Fyrir „70 000“ kemur 150 000

5. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 42. Nýr liður:
Skarðstöð 15 000

6. Frá *Andrési Eyjólfssyni.*
Við 14. gr. A. IV. Nýr liður:
Kirkjubyggingarstyrkir:
a. Til Norðtungukirkju 50 000
Til vara 35 000
b. Til Stafholtskirkju 50 000
Til vara 35 000

7. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til byggingar kirkju á Selfossi 50 000

8. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Einari Olgeirssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 700 000

9. Frá *menntamálaráðherra.*
Við 15. gr. A. IX. 14. (Nýyrði).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000

10. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Jónasi Árnasyni, Sigurði Guðnasyni* og *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 16. gr. D. V. (Raforkuframkvæmdir).
Fyrir „1 860 000“ kemur 3 500 000
2. Við 16. gr. D. IX. (Raforkusjóður).
Fyrir „2 000 000“ kemur 5 000 000

11. Frá *Áka Jakobssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 17. gr. 6. b. Liðurinn orðist svo:
Til gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 15 000 kr. til hvers 120 000

12. Frá *Áka Jakobssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 17. gr. 9. (Sumardvalarheimili o. fl.).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

13. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 17. gr. 28. Nýr liður:
Til atvinnu- og framleiðsluaukningar 8 000 000
Til vara:
Til atvinnubótasjóðs (stofnframlag) 4 000 000

14. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Jörundi Brynjólfssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja 12 þús. kr. til þess að kaupa Þingvallamynd frú Þórdísar Egilsdóttur á Ísafirði, listsaumaða með íslenzku bandi jurtalituðu.

15. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Bernharð Stefánssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að verja allt að 140 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungarvíkurvegi sumarið 1951.

16. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Eiríki Þorsteinssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að verja allt að 600 þús. kr. til rekstrar dieselrafstöðva í kaupstöðum og kauptúnum, að fengnum tillögum raforkuráðs.

17. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir skipasmíðastöð Marzelíusar Bernharðssonar á Ísafirði, vegna byggingar dráttarbrautar á Ísafirði, allt að 2 millj. kr. lán.

18. Frá *Rannveigu Þorsteinsdóttur, Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að greiða Svavari Guðnasyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk.

19. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Jóni Gíslasyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Jóhanni Hafstein, Steingrími Aðalsteinssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að greiða Jóni Björnssyni rithöfundi 20 þús. kr. byggingarstyrk.

Sþ. 602. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

1. Við 11. gr. B. 12. Nýr liður:
Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum:
Laun og annar kostnaður 2 500 000
÷ Tekjur af leyfisgjöldum 6 000 000
Mismunur, færður á 3. gr. A. 3 500 000
2. — 13. — C. VII. (Áhaldakaup).
Fyrir „550 000“ kemur 750 000
3. — 20. — Út. XII. 5. Nýr liður:
Til byggingar kennaraskóla 750 000
Til vara 500 000
4. — 22. — XI. Nýr liður:
Að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem ríkissjóður hefur veitt Búnaðarbanka Íslands, ásamt ógreiddum vöxtum af þessum lánum:
1. Lán veitt Ræktunarsjóði Íslands:
a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6 874 946.51
b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7 500 000.00
2. Lán veitt Byggingarsjóði Búnaðarbankans:
a. Af gengishagnaði 1950 ..... — 6 874 946.51
b. Af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7 500 000.00
3. Lán veitt veðdeild Búnaðarbankans:
Af greiðsluhagnaði ríkissjóðs 1951 ..... — 1 000 000.00

Sþ. 603. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 14. gr. A. IV. Nýr liður:
Til endurbyggingar Búðakirkju á Snæfellsnesi 30 000
Til vara 20 000

2. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 14. gr. A. IV. Nýr liður:
Til Garðskirkju í Kelduhverfi, byggingarstyrkur 30 000

3. Frá *Haraldi Guðmundssyni* og *Stefáni Jóh. Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. XXVIII. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

4. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. XXII. 1. (Leikfélag Reykjavíkur).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000

5. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XXIV. 9. Nýr liður:
Til lúðrasveitar Hafnarfjarðar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 20 000
Til vara 10 000

6. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. XXIV. 9. Nýr liður:
Til lúðrasveitar Stykkishólms, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000

7. Frá *Emil Jónssyni.*
a. Við 16. gr. C. 1. (Landssamband iðnaðarmanna).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
b. Við 20. gr. Út X. (Vitar og vitavarðabústaðir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 300 000

8. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 20. gr. Út. XI. Liðurinn orðist svo:
Til flugvallagerða 1 820 000
Þar af til stækkunar og endurbóta flugvallar í Vestmannaeyjum 500 þús. kr.

9. Frá *Emil Jónssyni* og *Helga Jónassyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að greiða Guðmundi Thoroddsen prófessor viðbótareftirlaun, er nemi mismun á núverandi eftirlaunum hans og fullum prófessorslaunum.

10. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Ingólfi Jónssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni, Helga Jónassyni* og *Jóni Gíslasyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú.

Nd. 604. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndarmenn eru ósammála um afgreiðslu málsins. EOl er andvígur frv. og mun skila sérstöku áliti. StJSt skilar einnig séráliti um frv., en undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 7. gr. bætist nýr töluliður, þannig:

11. Að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu.

Alþingi, 24. jan. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 605. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. — Einn nefndarm. (StJSt) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. jan. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Sþ. 606. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá fjármálaráðherra.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „52 000 000“ kemur	56 500 000
2.	—	2. —	2. (Stríðsgróðaskattur).	
			a. Fyrir „4 000 000“ kemur	6 800 000
			b. Fyrir „2 000 000“ kemur	3 400 000
3.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „22 500 000“ kemur	24 000 000
4.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „105 000 000“ kemur	109 000 000

5. Við 2. gr. 16. (Söluskattur).
Fyrir „83 000 000“ kemur 89 000 000
6. — 3. — A. Sundurliðun 3. (Áfengisverzlun).
a. Við I. (Tekjur).
Fyrir „60 467 326“ kemur 59 467 326
b. Við II. (Gjöld).
Aftan við liðinn kemur aths.: Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 9. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.
7. — 3. — A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur).
Fyrir „35 790 582“ kemur 38 790 582
8. — 5. — (Óvissar tekjur).
Fyrir „3 000 000“ kemur 4 100 000
9. — 17. — 2. a. 1. (Almannatryggingar).
Fyrir „26 970 000“ kemur 32 000 000
10. — 19. — 1. (Dýrtíðarráðstafanir).
a. Fyrir „28 000 000“ kemur 36 800 000
b. Nýr liður:
Vegna vantalinnar verðlagsuppbótar 2 500 000

Sþ. 607. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Steingrimi Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. X. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „500 000“ kemur 800 000

2. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 12. gr. X. Nýr liður:
Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði 125 000

3. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 12. gr. XI. (Heilbrigðisstofnanir í Reykjavík).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000

4. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 41. (Siglufjörður).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000

5. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 6. (Bygging barnaskóla).
Fyrir „2 100 000“ kemur 3 000 000

6. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 8. Nýr liður:
Til byggingar æskulýðshallar í Reykjavík 200 000
Til vara 100 000

7. Frá *Jónasi Árnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 15. gr. A. X. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „630 000“ kemur 1 000 000
Til vara 800 000

8. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 15. gr. B. I. 2. b. Nýr stafliður:
Til rannsókna á göngum síldarinnar í hafinu umhverfis landið og til síldarleitar 400 000

9. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Jóhanni Jósefssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 15. gr. B. VII. Nýr liður:
Til Jóhannesar Áskelssonar jarðfræðings, til rannsókna á plöntusteingervingum við Brjánslæk á Barðaströnd og víðar 8 000

10. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Kristínu Sigurðardóttur, Páli Þorsteinssyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 17. gr. 14. d. Nýr liður:
Til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 15 000

11. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 17. gr. 27. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 750 000

12. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni, Lúðvík Jósefssyni, Steingrími Aðalsteinssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem ríkissjóður hefur veitt byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa, ásamt ógreiddum vöxtum af þessum lánum:
1. Lán veitt byggingarsjóði verkamanna:
a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6 874 946.51
b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 4 000 000.00
2. Lán veitt lánadeild smáíbúðarhúsa:
Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 4 000 000.00

13. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlag ríkissjóðs samkv. lögum

14. Frá *Áka Jakobssyni, Jónasi Árnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að lána togaraútgerðum utan Reykjavíkur, sem eiga við fjárhagsörðugleika að stríða, með hagkvæmum kjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, allt að 5 millj. kr.

Sþ. 608. Nefndarálit [159. mál]

um till. til þál. um aðstoð til hafnarsjóðs Ísafjarðar vegna skemmda og tafa á framkvæmd hafnarmannvirkja þar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar til vitamálastjóra. Er umsögn hans birt hér með sem fylgiskjal. Í þáltill., ef samþykkt yrði óbreytt, felst heimild handa ríkisstjórninni til þess að greiða hafnarsjóði Ísafjarðar allt að 400 þús. kr. án mótframlags vegna skemmda, sem orðið hafa á hafnarmannvirkjum á Ísafirði, og mikilla tafa við framkvæmd verksins. Í greinargerð fyrir tillögunni er tekið fram, að hafnarstjórn hafi í einu og öllu farið eftir tillögum vitamálastjórnarinnar um framkvæmdir verksins, en vitamálastjórnin hafði séð um allan tæknilegan undirbúning framkvæmdanna, og þar sem hér sé um að ræða ríkisstofnun, þá sé eðlilegt, að ríkissjóður beri einn allan kostnað, sem hafnarsjóður annars kæmi til að hafa vegna þeirra mistaka, sem hér hafa á orðið og talið er að stafi af því, að sú tæknilega aðstoð, sem í té var látin og framkvæmdir byggðar á, hafi ekki verið nægilega ábyggileg.

Þótt ýmislegt það komi fram í greinargerð fyrir þáltill. og fylgiskjölum, sem með henni eru birt, er bendi til þess, að svo geti verið, að skemmdirnar stafi af ónógum tæknilegum undirbúningi, og að hægt hefði verið að koma í veg fyrir þær, ef meiri rannsókn á aðstæðum öllum hefði verið beitt, þá er þó hér aðeins um að ræða einhliða frásögn þess aðila, sem hefur hagsmuna að gæta í málinu. Einnig liggur ekkert ákveðið fyrir um það, hvað mikið fé það kostar sérstaklega að bæta þær skemmdir, sem hér hafa orðið af þessum ástæðum, né heldur hversu miklu meira það kynni að hafa kostað að framkvæma verkið upphaflega að öðrum og tryggari leiðum, en allt þetta er nauðsynlegt að fá upplýst, áður en tekin verður efnisleg afstaða til málsins.

Samkvæmt umsögn vitamálastjóra, er hér með fylgir, eru tæknilegar framkvæmdir gerðar samkvæmt ósk hafnarnefndar, sem jafnframt gat valið um aðra gerð, er vitamálastjórnin hafi einnig gert tillögu um, en ekkert liggur fyrir um það, hvort sú gerð hefði orðið kostnaðarsamari en hin, sem valin var, eða hvort hún hefði reynzt traustari, né hitt, hvers vegna hún var ekki valin. Þá segir vitamálastjóri enn fremur, að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu af tæknilegum ástæðum að ljúka við framkvæmdir á nyrðri hluta hafnarbakkans, en það verk hafi dregizt, sennilega vegna fjárskorts. Er því óupplýst, hvort ekki hefði einnig dregizt af sömu ástæðum að fullgera þann hluta, sem fyrir skemmdum varð, þótt þær hefðu ekki komið fyrir, svo að kostnaðarauki og tafir hefðu þá einnig átt sér stað vegna fjárskorts, þótt skemmdir hefðu engar orðið, og séu þeim því algerlega óviðkomandi. Þá er enn fremur alveg óupplýst, hvort skemmdirnar kunna að hafa stafað að einhverju leyti eða að öllu leyti af óviðráðanlegum orsökum, svo sem röskun á botnlagi, eftir að áætlanir voru gerðar, eða öðrum óviðráðanlegum náttúrufyrirbrigðum, svo sem sandburði, jakaburði o. fl., eða hvort fullyrða má, að skemmdirnar stafi eingöngu af mistökum í undirbúningi, og hvort slíkt er þá einvörðungu að kenna tæknilegri veilu eða að til þess liggi einhverjar aðrar orsakir.

Eins og kunnugt er, þá er fordæmi fyrir því, að ríkissjóður hafi greitt að fullu án mótframlags skemmdir á hafnarmannvirkjum, sem beinlínis hafa orðið vegna sjávargangs, sandburðar eða annarra óviðráðanlegra atvika, einkum þó þar sem hafnarsjóðirnir hafa á engan hátt haft bolmagn til þess að bera hluta af slíkum kostnaði. Hins vegar hefur þetta ekki verið aðalregla, heldur undantekning. Um það, hvort hafnarsjóður Ísafjarðar gæti vænzt þess að njóta hliðstæðrar aðstoðar vegna þeirra skemmda, sem hér um ræðir, vill nefndin ekkert segja á þessu stigi málsins. Aftur á móti þykir henni rétt og skylt, að rannsakað verði ýtarlega, hverjar

raunverulegar ástæður liggja til þess, að skemmdirnar hafa orðið, hversu víðtækar þær kunna að vera og hversu miklu tjóni hafnarsjóðurinn hafi orðið fyrir beinlínis vegna þess, að farið hafi verið eftir tillögum vitamálastjórnarinnar um framkvæmdir verksins. Þykir eðlilegt, að valdir séu tveir óvilhallir menn til þess að athuga þetta og semja um það skýrslu til ráðuneytisins og að jafnframt sé hafnarnefnd Ísafjarðar og vitamálastjórninni gefinn kostur á því að hafa fulltrúa við, er athugunin fer fram, til þess að gæta þar hagsmuna sinna.

Eðlilegt þykir, að kostnaður allur af athugun þessari greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa tvo óvilhalla menn, sem þekkingu hafa á gerð hafnarmannvirkja, til þess að athuga skemmdir, sem orðið hafa á hafnarmannvirkjum á Ísafirði, á þann veg, að hluti hafnarbakkans hefur sigið. Skulu þessir menn einkum athuga og gefa skýrslu um eftirfarandi:

a. Hvort sigið stafi að þeirra áliti af tæknilegum mistökum, er vitamálastjórninni verði gefin sök á, eða af óviðráðanlegum orsökum, og þá hvers eðlis þær hafi verið.
b. Hve víðtækar skemmdirnar eru og á hvern hátt þær verði bættar að fullu.
c. Hvað ætla má, að endurbæturnar muni kosta.
d. Hvort meira hefði kostað að framkvæma hafnargerðina samkvæmt öðrum tillögum, er vitamálastjórnin gerði, og þá hversu miklu meira fé sú aðferð hefði kostað, hvort hún hefði mátt teljast öruggari og hvers vegna hún hafi ekki verið valin.
e. Hvort líklegt sé, að framkvæmdir hefðu ekki tafizt vegna fjárskorts, þótt engar skemmdir hefðu orðið á hafnarmannvirkjunum, og ef svo er, þá hve langan tíma.

Skoðunarmenn skulu gefa hafnarnefnd Ísafjarðar og vitamálastjórninni tækifæri til þess að hafa fulltrúa við, er athugunin fer fram til þess að koma þar fram athugasemdum og upplýsingum um framkvæmdir verksins og undirbúning.

Skýrsla skoðunarmanna skal send ráðuneytinu fyrir 1. júlí n. k.

Kostnaðurinn við skoðunina greiðist úr ríkissjóði.

2. Fyrirsögn till. orðist svo: Tillaga til þál. um athugun skemmda á hafnarmannvirkjum á Ísafirði.

Alþingi, 24. jan. 1953.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
Karl Kristjánsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.
Hannibal Valdimarsson.	Ingólfur Jónsson.	Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 7. janúar 1953.

Með bréfi, dags. 13. des. s. l., hefur fjárveitinganefnd óskað umsagnar minnar um „tillögu til þingsályktunar um aðstoð til hafnarsjóðs Ísafjarðar vegna skemmda og tafa á framkvæmd hafnarmannvirkja þar", sem flutt er á þingskjali 261.

Út af þessu skal ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Þegar tilrætt varð um það í upphafi, hvernig bregðast skyldi við hinu ótrausta botnlagi við Neðstakaupstaðarbryggju á suðurhluta svæðis þess, er fylla skyldi,

komu tvær leiðir til álita: 1) að færa járnþilið 60 m norðar og losna þannig alveg við hið lausa botnlag, eða 2) að grafa burt hið ótrausta lag og fylla í staðinn með traustara malarlagi. Hafnarnefnd valdi síðari leiðina og óskaði eftir, að þilið yrði ekki flutt og freistað yrði heldur að treysta botninn.

Þetta var síðan gert og dýpkunarskipið Grettir fengið til að grafa burt lausa lagið, sem það gerði og lauk við eins og það náði vegna dýpis (aðallega innan þils) og vegna verkpalla á nokkrum hluta lengdarinnar. Síðan var fyllt yfir þetta svæði með traustara malarlagi, og virðast eftir þeim upplýsingum, sem fram koma í grg. till., rúmar 10 þús. m³ hafa verið látnir á svæðið í stað 1100 m³, sem teknir voru af lausa efninu. Hér við er svo því aðeins að bæta, að í okt. 1951, þegar dýpkunarskipið Grettir gróf frá norðurenda þilsins, voru enn um 7000 m³ af góðu efni látnir utan við suðurenda þilsins til þess að treysta botninn.

Úr því að horfið var að því ráði, samkvæmt ósk hafnarnefndar, að fara þá leið, sem farin var, sé ég ekki, að hægt hafi verið að beita við framkvæmd verksins annarri aðferð en notuð var, að nema í burt ónýta lagið og fylla í staðinn með betra efni. Get ég því ekki séð, að við vitamálaskrifstofuna eða verkfræðinga hennar sé að sakast í þessu efni.

Hitt er svo rétt, að nokkurt sig hefur átt sér stað þrátt fyrir þessar aðgerðir, og treystist ég ekki til að segja með fullri vissu, hverjar orsakir liggi til þess, þar sem ég ekki hef haft með framkvæmd verksins að gera fyrr en rúmum 3 árum eftir að það var unnið, haustið 1947. Sennilegast þykir mér, að ekki hafi tekizt að fjarlægja að fullu hið ótrausta lag með þeim tækjum, sem fáanleg voru, og ekki verið unnt að gera það. Sigið nemur allt frá nokkrum sentímetrum upp í rúman metra, og er ekki annað að gera en hækka fyllinguna sem því svarar.

Um tafir þær, sem orðið hafa á að fullgera verkið, skal þetta tekið fram: Nyrðri hluti bakkans, eða rúmir 100 metrar, hefur ekkert haggazt, og var því ekkert til fyrirstöðu af tekniskum ástæðum að fullgera hann. Þó var það ekki gert fyrr en í sumar, sennilega vegna fjárskorts. Syðsta hlutann, þessa metra, sem sigið hafa, teldi ég hins vegar rétt að bíða með að ganga frá, þar til séð er fyrir, hvort sigið stöðvast ekki að fullu.

Um sérstakar bætur úr ríkissjóði vegna þessa vil ég segja eftirfarandi:

Mér er ekki kunnugt um, að mannvirki hafi sigið vegna ótrausts botns nema á einum stað öðrum en Ísafirði, en það er í Hafnarfirði, þar sem allur botninn í miðhluta fjarðarins er mjög burðarþolslítill og ótraustur í 10—15 metra þykkt og ógerlegt að treysta hann, svo að sig sé útilokað, nema með svo ærnum kostnaði, að ekki þótti tiltækilegt. Báðir hafnargarðarnir þar hafa því sigið nokkuð, en úr því hefur verið bætt með því að hækka þá eftir sigið, og virðist nú jafnvægi hafa náðst. Kostnaður við þessar aðgerðir í Hafnarfirði hefur aldrei verið greiddur sérstaklega úr ríkissjóði, öðruvísi en venjulegt lögbundið hlutfallsframlag, 40%. Tel ég því hæpið, að ríkissjóður verði í þessu tilfelli látinn greiða einn þann aukakostnað, sem af siginu hefur leitt, nema því aðeins að það verði tekið upp sem almenn regla.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 609. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „52 000 000“ kemur	55 000 000
2.	—	2. —	2. (Stríðsgróðaskattur).	
			a. Fyrir „4 000 000“ kemur	6 000 000
			b. Fyrir „2 000 000“ kemur	3 000 000
3.	—	2. —	3 (Vörumagnstollur). Fyrir „22 500 000“ kemur	24 500 000
4.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „105 000 000“ kemur	112 000 000
5.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „9 200 000“ kemur	9 500 000
6.	—	2. —	10. (Aukatekjur). Fyrir „3 500 000“ kemur	3 800 000
7.	—	2. —	16. (Söluskattur). Fyrir „83 000 000“ kemur	94 000 000
8.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „35 790 582“ kemur	37 790 582
9.	—	5. —	(Óvissar tekjur). Fyrir „3 000 000“ kemur	4 000 000
10.	—	11. —	A. 10. c. (Vinnuhæli að Kvíabryggju). Liðurinn fellur niður.	
11.	—	17. —	30. (Kostnaður vegna ófriðarhættu). Liðurinn fellur niður.	
12.	—	18. —	II. a. Við bætast í stafrófsröð:	
			Anna Björnsdóttir, fyrrv. kennari	6 000.00
			Jónas Tómasson, tónskáld	10 350.00
13.	—	22. —	XIV. Nýir liðir:	
			1. Að lána allt að 10 millj. kr. til byggingar verkamannabústaða og smáíbúða í kaupstöðum og kauptúnum.	
			2. Að verja allt að 6 millj. kr. til atvinnuaukningar og aðstoðar við atvinnuvegina.	
			3. Að verja allt að 2 millj. kr. til byggingar barnaspítala og umbóta á landsspítalanum.	

Sþ. 610. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Ásmundi Sigurðssyni* og *Páli Þorsteinssyni*.
Við 16. gr. A. 17. Nýir liðir:

a. Til fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni	200 000
Til vara	100 000
b. Til fyrirhleðslu í Steinavötn í Austur-Skaftafellssýslu	100 000
Til vara	60 000

2. Frá *Ásmundi Sigurðssyni, Lúðvík Jósefssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Eiríki Þorsteinssyni.*

Við 22. gr. XIV. Nýr liður:

Að verja allt að 100 þús. kr., ef þörf gerist, til að ná samningum við flugfélögin um póstflutninga til staða úti á landi.

Ed. 611. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Gísla Jónssyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist 3 nýjar málsgr., er orðist svo:

Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 44 þús. kr. á 1. verðlagssvæði og 33 þús. kr. á 2. verðlagssvæði miðað við vísitölu 155.

Til ársloka 1954 skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkvæmt 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón.

Nú reynist hækkun fjölskyldubóta, mæðralauna og elli- og örorkulífeyris samkvæmt þessari grein nema meiru en 14 millj. kr. á ári miðað við vísitölu 155, og skal þá ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins það, sem umfram er.

2. Við 7. gr. Í stað orðanna „til ársloka 1954“ komi: til ársloka 1953.

Sþ. 612. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um bætt flugskilyrði á Vestmannaeyjaflugvelli.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Á undanförnum árum hafa miklar framfarir orðið á sviði flugmálanna hér á landi. Flutningar loftleiðis hafa stórum aukizt frá ári til árs. Af þessari þróun leiðir það m. a., að gera þarf nýja flugvelli og bæta lendingarskilyrði víða um land.

Tillaga þessi fjallar um það, að hraðað verði eftir föngum framkvæmdum þeim við flugvöll Vestmannaeyja, sem aðkallandi eru til þess að bæta lendingarskilyrði. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með tillögunni þannig breyttri, að jafnframt sé skorað á ríkisstjórnina að hraða framkvæmdum við Akureyrarflugvöll, en á síðastliðnu ári var byrjað á nýjum flugvelli við Akureyri. — Nánar í framsögu.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

a. Fyrir orðin „flugvöll Vestmannaeyja“ í tillgr. kemur: flugvellina í Vestmannaeyjum og við Akureyri.

b. Fyrir orðið „Vestmannaeyjaflugvelli“ í fyrirsögn kemur: Vestmannaeyja- og Akureyrarflugvöllum.

Alþingi, 26. jan. 1953.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Karl Kristjánsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Hannibal Valdimarsson.
Pétur Ottesen.	Ingólfur Jónsson.	Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 613. Breytingartillaga [206. mál]

við till. til þál. um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Upphaf tillgr. skal orða svo:
Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu á hverju o. s. frv.

Nd. 614. Frumvarp til laga [209. mál]

um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin komi ný grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er þeir eiga eða eignast kunna, og gengur veð bankans eða sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetningu fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

Heimilt er og að veðsetja sömu aðilum í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsetjandi á þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefur verið þinglesið, og heldur bankinn eða sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá landbúnaðarráðherra.

Af breyttum búskaparháttum bænda hér á landi á síðari árum hefur leitt, að þeir þurfa nú á meira lánsfé að halda en áður og þá sérstaklega stuttum rekstrarlánum auk fastra, langra lána til húsabóta og ræktunar. Til að auðvelda bændum

lántöku í þessu skyni þykir rétt að veita þeim heimild til að veðsetja bönkum og sparisjóðum tiltekna flokka búfjár og búsgögn innan húss og utan, en til annarra aðila nær þessi heimild til veðsetningar ekki samkvæmt þessum lögum. Áður hafa verið í lögum svipuð ákvæði um lántökur bænda og veð til tryggingar þeim, og má þar til nefna lög nr. 31/1930, gr. 14, lög nr. 17/1934, lög nr. 38/1937, gr. 21, og lög nr. 31/1929, gr. 51. Þá voru og með lögum nr. 34/1927 sett sérákvæði um lántökur útgerðarmanna og veðsetningu afla til tryggingar lánum til útgerðarinnar.

Nd. 615. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þar sem nú er starfandi milliþinganefnd til þess að endurskoða alla bankalöggjöf landsins, hefði ég búizt við því, að ekki kæmi fram sérstakt frumvarp um stofnun Framkvæmdabanka Íslands, án þess að til lykta væri ráðið, hvort stofna ætti sérstakan seðlabanka með öðru skipulagi en nú er eða á annan hátt setja á laggirnar nýjan höfuðbanka (central-banka), er framkvæmdi og væri með í ráðum um þá aðalstefnu, er ríkisstjórn landsins markaði í fjármálum landsins á hverjum tíma. En þessi hefur ekki orðið raunin. Þó að ég hefði talið þetta eðlilegast, sé ég ekki ástæðu til þess að leggjast beinlínis gegn því, að frumvarpið verði samþykkt. Hins vegar sé ég ástæðu til að bera fram við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.
   a. Fyrir „101 000 000 króna“ kemur: 95 000 000 króna.
   b. 2. töluliður (Hlutabréf ... Alþingis) fellur niður.
2. Við 8. gr. Greinin fellur niður.

Alþingi, 26. jan. 1953.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. 616. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *kirkjumálaráðherra.*
   Við 22. gr. III. Nýr liður:
   Að verja allt að 24 þús. kr. til þess að greiða prestum þeim húsaleigustyrk, er eigi hafa afnot embættisbústaða.

2. Frá *Gunnari Thoroddsen, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Emil Jónssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
   Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
   Að ábyrgjast fyrir Iðnaðarbanka Íslands h/f allt að 15 millj. kr. lán, er bankinn tekur vegna starfsemi sinnar.

Ed. 617. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til laga um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir leggja til, að það sé samþykkt óbreytt. RÞ og GÍG vilja láta vísa því frá í einhverri mynd, en StgrA var ekki á fundi, þegar nefndin afgreiddi málið, og er ekki vitað um afstöðu hans til þess.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að olíur og benzín verði selt með sama verði um land allt. Með því verður sá liður í rekstrarútgjöldum fyrirtækja, sem nota olíur og benzín, jafn hvar sem þau eru á landinu, en ekki eins og nú stórum lægri, ef þau eru í Reykjavík, en ef þau eru á Akureyri, Siglufirði eða einhvers staðar annars staðar. Við sjáum ekki betur en að þetta frumvarp geti átt sinn þátt í því, að atvinnutæki geti haldizt utan Reykjavíkur og fólkið þurfi ekki að elta þau þangað, eins og hefur viljað brenna við áður.

Þetta frumvarp er því einn þáttur í þeim aðgerðum, sem gera þarf, til þess að atvinnulífið sveigist ekki allt til Reykjavíkur og næsta nágrennis, enda þótt fleiri líkar aðgerðir þurfi að koma á eftir og jafna aðstöðumuninn, sem nú er bæði til atvinnurekstrar og lífsþæginda.

Alþingi, 26. jan. 1953.

Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.

Sþ. 618. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Jónasi Rafnar* og *Halldóri Ásgrímssyni.*
   Við 15. gr. A. XXII. 2. (Leikfélag Akureyrar).
   Fyrir „9 000“ kemur 15 000

2. Frá *fjárveitinganefnd.*
   a. Við 18. gr. II. b.
      Við bætist í stafrófsröð:
      Magnea Magnúsdóttir 8 500
   b. Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
      Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 200 þús. kr., er Íslenzka brennisteinsvinnslan h/f kann að taka til að koma upp vélum til hreinsunar á brennisteini, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

3. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
   Við 22. gr. XI. Nýr liður:
   Að undirbúa nýja vegagerð á Þingvöllum, svo að vegurinn verði fluttur úr Almannagjá.

4. Frá *Bjarna Benediktssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
   Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
   Að greiða Sveinbirni Kristjánssyni allt að 120 þús. kr. til bóta á þeim hluta af tapi hans við byggingar á Keldum, er stafar af lækkun samningsupphæðar fyrir fram og af óljósum samningsákvæðum um verðlagsvísitölu.

Sþ. 619. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. XXII. 17. Nýr liður:
Til leikflokks Gunnars Hansens 15 000

2. Frá *Jóni Pálmasyni, Bernharð Stefánssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:
Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

Sþ. 620. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.
2. Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast lán vegna togaraútgerðar fyrir bæjarfélögin á Akranesi, Siglufirði, Seyðisfirði, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum, ef óhjákvæmilegt þykir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur togaranna á þessum stöðum, þó eigi hærri lánsábyrgð en sem nemur 500 þús. kr. fyrir hvert skip, eða samtals 4½ millj. kr., enda séu þær tryggingar settar fyrir ábyrgðunum, er ríkisstjórnin metur gildar, og uppfyllt þau skilyrði, er ríkisstjórnin setur.

Sþ. 621. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Við 13. gr. C. IX. 8. (Borgarnes).
Fyrir „45 000“ kemur 84 000

Sþ. 622. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 603 [Fjárlög 1953].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við tölul. 8. Aftan við till. bætist:
Til vara:
Til flugvallagerða 1 720 000

Sþ. 623. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 603 [Fjárlög 1953].

Frá Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein.

Við tölul. 4. Till. orðist svo:
Við 15. gr. A. XXII. 1. (Leikfélag Reykjavíkur).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000
Til vara 50 000

Sþ. 624. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá Gunnari Thoroddsen, Lúðvík Jósefssyni og Emil Jónssyni.

Við 15. gr. A. IX. 24. Nýr liður:
Til útgáfu bókarinnar „Verkleg sjóvinna“ 30 000

Sþ. 625. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953 og við brtt. á þskj. 567.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við brtt. 567, 9. (Við 14. gr. B. II. — Til styrktar ísl. námsmönnum erlendis).
   Fyrir 1 575 000“ kemur 1 875 000
2. Við 15. gr. A. X. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
   Fyrir „630 000“ kemur 830 000
3. Við 20. gr. Út. XII. 4. Nýr liður:
   Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann í Reykjavík .. 1 000 000

Sþ. 626. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 606 [Fjárlög 1953].

Frá fjármálaráðherra.

Við tölul. 5. Till. orðist svo:
Við 2. gr. 16. (Söluskattur).
Fyrir „83 000 000“ kemur 89 500 000

Sþ. 627. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Jónasi Árnasyni.*
   Við 15. gr. A. IX. 17. Liðurinn orðist svo:
   Til Norræna félagsins 15 000
   Þar af 7 þús. kr. vegna móttöku norrænna kennara sumarið 1953.

2. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
   Við 15. A. XL. Nýr liður:
   Til Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti, vegna brunatjóns og í viðurkenningarskyni 10 000

3. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
   Við 17. gr. 9. (Sumardvalarheimili).
   Fyrir „100 000“ kemur 250 000

Ed. 628. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til laga um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur tvíklofnað um þetta frumvarp. Tveir nefndarmanna (PZ og LJóh) leggja til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt. Aðrir tveir (RÞ og GÍG) vilja vísa því frá með dagskrártillögu, en ég vil, að frumvarpið verði samþ. með breytingu, sem ég tel töluverðu máli skipta.

Ég er alveg samþykkur hugmyndinni um það, að olía og benzín sé selt á sama verði um land allt, enda hef ég á þessu þingi flutt frumvarp um, að ríkið gerist þátttakandi í innflutningi þessara vörutegunda í því skyni að lækka verðið á þeim og að þær yrðu þá seldar á sama verði í heildsölu alls staðar þar, sem olíuskip gætu landað í olíugeyma. Þetta frumvarp mitt byggðist á sannfæringu minni um það, að núverandi verðlag á þessum vörum væri meira miðað við hið alkunna gróðasjónarmið olíuhringanna heldur en þarfir og hagsmuni notendanna.

Í fullu samræmi við þetta lít ég svo á, að þá verðjöfnun, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eigi að framkvæma á kostnað olíufélaganna, þannig að olíu- og benzínverðið hækki ekki frá því, sem það nú er lægst í útsölu, þ. e. hér í Reykjavík.

Til stuðnings þeirri staðhæfingu minni, að álagning olíufélaganna sé hærri en nauðsyn ber til, vil ég minna á það, að á s. l. ári hækkuðu olíufélögin útsöluverð sitt um 10%, að því er virtist alveg að tilefnislausu. Einnig er mér kunnugt um, að olíuverð hér í Reykjavík er allmiklu hærra en í nágrannalöndunum, án þess þó að um hærri flutningskostnað hingað sé að ræða. Skal ég t. d. nefna, að hinn 18. nóv. s. l. var verð á brennsluolíu (fuelolíu) í Englandi kr. 369.03 pr. tonn, þegar sams konar olía kostaði hér í Reykjavík kr. 455.00 tonnið — þ. e. kr. 86.00 hærra. Ofan á þetta Reykjavíkurverð bæta svo olíufélögin allt að því hálfu öðru hundraði króna, þegar til Norður- og Austurlandsins kemur.

Nú er hins vegar sýnt af meðferð málsins í neðri deild og undirtektum allsherjarnefndar þessarar deildar, að ekki fæst þingvilji fyrir þeirri lækkun á álagningu olíufélaganna, sem felst í því að láta þau bera kostnaðinn af verðjöfnuninni. Ég vil þess vegna reyna meðalveg um afgreiðslu málsins, þannig að olíufélögin

séu látin bera nokurn hluta verðjöfnunargjaldsins — án þess að olíuverð megi hækka — en að ríkissjóður greiði hinn hlutann. Tel ég þá haganlegast skipt þannig, að olíufélögin greiði verðjöfnunargjaldið af allri olíu, sem lögin taka til, en ríkissjóður greiði verðjöfnunargjald af seldu benzíni.

Um getu olíufélaganna til greiðslu verðjöfnunargjaldsins — án verðhækkunar — þarf ég ekki að ræða frekar en orðið er. En til stuðnings því, að ríkissjóður greiði verðjöfnunargjald af benzíninu, minni ég á það, að ekki minna en 40% af útsöluverði benzíns hér í Reykjavík renna beint í ríkissjóðinn sem innflutningsgjöld og söluskattur. Ef alþingismenn utan af landi hafa áhuga á því, að umbjóðendur þeirra fái keypt benzín á viðskiptasvæðum sínum við sama verði og Reykvíkingar, ætti þeim ekki að vaxa í augum, þótt ríkissjóður þyrfti að fórna í því skyni um það bil 16. hluta þeirra tolla, sem hann tekur af benzíninu.

Samkvæmt þessu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.

a. Fyrir orðin „skulu olíufélögin (innflytjendur)“ komi: skal.
b. Við greinina bætist:

Innflytjendur þeirra olíutegunda, sem lög þessi taka til, greiða verðjöfnunargjaldið af olíu, en ríkissjóður greiðir verðjöfnunargjaldið af benzíni.

Ekki má hækka útsöluverð á olíu eða benzíni vegna verðjöfnunarinnar.

Alþingi, 26. jan. 1953.

Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 629. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *meiri hluta fjárveitinganefndar.*

Við 15. gr. A. X. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).

Fyrir „4 manna nefnd“ kemur: 3 manna nefnd.

2. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Nd. 630. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um íslenzk vegabréf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja og fylgja breytingartillögum. — ÁkJ var ekki á fundi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. jan. 1953.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Emil Jónsson.

Jónas G. Rafnar.

Sþ. 631. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá *Einari Olgeirssyni, Lárusi Jóhannessyni, Ásgeiri Bjarnasyni* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*

Við 15. gr. A. XV. Nýr liður:

Til Magnúsar Guðnasonar til varðveizlu á tækjum, sem hann hefur fundið upp 5 000

Ed. 632. Frumvarp til laga [42. mál]

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Verðgæzlustjóri skal á 3 mánaða fresti birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á öllum helztu nauðsynjavörum og aðaltegundum byggingarefnis í heildsölu og smásölu í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal hann afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á öllum helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum.

3. gr.

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

4. gr.

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á.

5. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

6. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 633. Frumvarp til laga [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

b. (8. gr.) Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir áðurnefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda ekki skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna.

Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða.

Heimild til sölu á jörðum samkvæmt þessari grein fellur úr gildi við árslok 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 634. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laga nr. 44 1932 verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. **Blönduóshérað:** Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis Höfðahéraðs.

26. **Höfðahérað:** Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.

2. gr.

Aftan við meginmál laga nr. 52 1942 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í Egilsstaðahéraði skal skipa aukalækni, er sé sjálfstæður, starfandi læknir, sitji í Egilsstaðaþorpi og hafi sömu launakjör og skyldur til að gegna sjúklingum sem héraðslæknir, enda taki hann ekki hærri gjöld fyrir störf sín en heimilt er samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

3. gr.

7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 635. Frumvarp til laga [131. mál]

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar fasteignir:

a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.
e. Jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðarness og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem taldar eru í stafliðunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem taldar eru í a—c lið 1. málsgr., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

Jörðin Grísará seljist ábúanda hennar fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta, enda verði hún jafnframt gerð að ættaróðali kaupanda. Við matið sé tillit tekið til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 636. Lög [109. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 27. jan.)

Samhljóða þskj. 535.

Nd. 637. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild. Sumir þeirra manna, er á frv. eru, hafa dvalið hér öllu skemur en aðalreglan hefur verið um þá, er veittur hefur verið íslenzkur ríkisborgararéttur, og ekki verður séð, að farið hafi verið eftir neinni fastri reglu um afgreiðslu þeirra umsókna, er fyrir lágu. Þá hefur þess og ekki verið gætt við afgreiðslu málsins af hálfu nefndarinnar, að þrjár konur þeirra manna, er lagt er til að fái íslenzkan ríkisborgararétt, eiga hann ekki. Samkvæmt hinum nýju lögum um íslenzkan ríkisborgararétt hefur eiginkona sjálfstæðan ríkisborgararétt, og nægir henni þess vegna ekki til þess að öðlast ríkisborgararétt, ef hún á hann ekki, að manni hennar sé veittur ríkisborgararéttur. Þess vegna þarf að veita konum hann sérstaklega. Nefndin leggur því til, að þessum þrem konum verði veittur ríkisborgararéttur.

Þá leggur nefndin enn fremur til, að nokkrum öðrum mönnum verði veittur ríkisborgararéttur, og flytur nefndin tillögur um það.

Loks leggur nefndin til, að sett verði sams konar skilyrði og gert var í fyrra, að menn, er öðlast vilja íslenzkan ríkisborgararétt, taki sér íslenzkt heiti. Álítur nefndin, að ekki sé heppilegt að hafa eitthvert millispor um það efni, er ríkisborgararétturinn er veittur.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

I. Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
   1. Bates, John, iðnaðarverkamaður í Hafnarfirði, fæddur 25. febrúar 1920 í Englandi.
   2. Bethke, Heimbert Paul Willy, verkstjóri á Siglufirði, fæddur 31. desember 1909 í Þýzkalandi.
   3. Bethke, Svava, húsmóðir á Siglufirði, fædd 3. maí 1911 á Íslandi.
   4. Dyrö, Håkon Jensen, bóndi að bæ í Hrútafirði, fæddur 20. febrúar 1912 í Noregi.
   5. Eysturoy, Ingibjörg Soffía, húsmóðir í Reykjavík, fædd 16. október 1920 í Færeyjum.
   6. Felzmann, Josef Johann, hljóðfæraleikari í Reykjavík, fæddur 20. febrúar 1910 í Austurríki.
   7. Heinicke, Caecilie Hildegard, húsmóðir á Siglufirði, fædd 2. apríl 1921 í Þýzkalandi.
   8. Zachariasen, Frida, húsmóðir í Reykjavík, fædd 5. nóvember 1927 í Færeyjum.

II. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

Nefndin áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. málsins, ef henni sýnist svo.

ÁkJ var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. jan. 1953.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Emil Jónsson.

Jónas G. Rafnar.

Ed. 638. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til laga um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er ekki á einu máli um afgreiðslu frv. Meiri hluti nefndarinnar vill stuðla að framgangi málsins, en undirritaður minni hluti (RÞ og GÍG) getur ekki á það fallizt.

Frumvarpið ákveður, að söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skuli vera hið sama um land allt. Vegna mismikils flutningskostnaðar til hinna ýmsu staða á landinu verður þessu ekki við komið nema með verðjöfnun. Til þess að koma verðjöfnuninni við, ákveður frumvarpið sérstakan nýjan innflutningstoll á olíu og benzín, sem frumvarpið nefnir verðjöfnunargjald. Skal verja þessum nýja tolli til niðurgreiðslu á flutningskostnaði þess, svo sem með þarf til þess að einu verði sé náð um land allt. Mundi þetta leiða til þess, ef frv. næði fram að ganga, að verð á olíum og benzíni hækkaði mjög verulega í Reykjavík og við Faxaflóa, en lækkaði nokkuð á öðrum stöðum. Er talið, að útsöluverð á benzíni mundi hækka í Reykjavík og nágrenni um ca. 4.5 aura pr. lítra við verðjöfnunina, en lækka um ca. 2.5 aura í birgðastöðvum úti á landi og frá öðrum benzíndælum um allt að 6.5 aura á lítra. Á sama hátt er talið, að verð á brennsluolíum mundi hækka um ca. 48 kr. pr. tonn í Reykjavík og við Faxaflóa, en lækka um ca. 52 kr. pr. tonn á öðrum stöðum í landinu. Gasolía mundi hækka í Reykjavík um 3 aura pr. lítra og um 2 aura á Faxaflóahöfnum.

Leitað hefur verið umsagna L. Í. Ú. og olíufélaganna um frv., og eru umsagnir þessara aðila birtar á þskj. 413 og 523. Kemur greinilega fram í umsögnum þessum, að þessir aðilar eru andvígir frv., og færa þeir sterk rök fyrir máli sínu. Er ekki ástæða til að rekja þessar umsagnir hér, en þó skal á það bent, að L. Í. Ú. leitaði umsagna allra meðlima sambandsins um verðjöfnunina, eftir að aðalfundur þess hafði lýst sig andvígan henni með miklum meiri hluta atkvæða, og varð aðeins eitt sambandsfélaganna til að mæla með henni. Útvegsmannafélögin í Reykjavík og Keflavík mótmæltu verðjöfnuninni mjög eindregið og tóku þannig afstöðu með ákvörðun aðalfundar L. Í. Ú. Bendir þessi niðurstaða til þess, að á meðal útvegsmanna finnist fáir, er áhuga hafa á verðjöfnun, en margir, er séu henni gersamlega andvígir. Það er og athyglisvert, að olíufélögin leiða að því sterk rök, að verðjöfnunin muni hækka heildarflutningskostnað á olíum og benzíni, þar eð færri muni leggja sig fram um að taka benzín og olíur þar, sem flutningskostnaður er lægstur, eftir að eitt útsöluverð er komið á um land allt.

Að sjálfsögðu ber að stuðla að því að halda niðri verði á benzíni og olíum svo sem frekast eru tök á og létta undir með þeim, sem við dýrastan flutningskostnað eiga að búa. Slíkt ber að gera með beinni aðstoð hins opinbera og framlögum úr ríkissjóði, en ekki með álögum á þá eina, sem starfa og búa í Reykjavík eða við

Faxaflóa. Útgerðin við Faxaflóa er þess alls ekki umkomin að taka á sig slíkar álögur, enda er ekki gert ráð fyrir þeirri verðhækkun á olíum, sem leiða mundi af samþykkt frv., í þeim útreikningum, sem lagðir voru til grundvallar í viðræðum L. Í. Ú., frystihúsaeigenda og ríkisstjórnarinnar um rekstrarafkomu bátaflotans.

Síðan frv. þetta var borið fram, hefur hæstv. ríkisstj. tekið að sér að tryggja 4 aura lækkun á olíuverði til lausnar á vinnudeilunni, sem leystist 19. des. s. l. Þetta loforð ríkisstj. var ákvörðunarástæða atvinnurekenda og verkamanna ásamt öðru fleira, er þeir samþykktu miðlunartillögu sáttanefndarinnar. Samþykkt þessa frv. nú og sú verðhækkun á olíu, sem af því leiddi á þeim stöðum, sem verkfallið var víðtækast, væri ótvíræð vanefnd á þessu loforði ríkisstjórnarinnar.

Að öllu þessu athuguðu leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér verulega röskun á því samkomulagi, sem leiddi til lausnar vinnudeilunnar 19. des. s. l., og þar sem samþykkt þess mundi raska verulega kostnaðaráætlunum þeim, sem lagðar eru til grundvallar í viðræðum L. Í. Ú., frystihúsaeigenda og ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja útgerð bátaflotans á vetrarvertíðinni, og þar sem fullvíst er, að hvorki bátaútvegurinn né togaraútgerðin við Faxaflóa geta tekið á sig þann aukna rekstrarkostnað, sem af samþykkt frv. mundi leiða, telur deildin ekki rétt að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Nd. 639. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá Magnúsi Jónssyni og Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Aftan við a-lið greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar Böggvisstöðum skal þó heimilt að selja jarðir sjóðsins, og enn fremur er forráðamanni kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akraneshreppi heimilt að selja þá jörð, enda verði andvirði jarða þessara varið í samræmi við ákvæði gjafabréfa fyrir þeim. Sala er þó því aðeins heimil, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með henni.

Nd. 640. Frumvarp til laga [210. mál]

um leigunámsheimild á landsvæði úr afréttarlandi jarðarinnar Garða á Álftanesi.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka úr leigu og afhenda Reykjavíkurbæ endurgjaldslaust um 220 ha landsvæði úr afréttarlandi Garða á Álftanesi sunnan Heiðmerkurgirðingar. Landsvæði þetta takmarkast þannig: að suðaustan af 500 metra línu í beinu áframhaldi af núverandi girðingu á suðausturhlið Heiðmerkur; að suðvestan af beinni línu úr endadepli suðausturmarkalínunnar í Gjáarrétt við landa-

merki Vífilsstaða og Garða; að norðvestan af landamerkjum Vífilsstaða og Garða að núverandi vesturhlið Heiðmerkur; að austan af núverandi Heiðmerkurgirðingu að vestan.

Landspildan leggist til Heiðmerkur.

2. gr.

Um framkvæmd leigunámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Garðar er ríkiseign, en er nú í ábúð margra bænda. Garðar eiga frá fornu fari allstórt afréttarland, og er þetta nyrzti hluti þess. Þótt stærð þessa lands sé um 220 ha, er mikið af landinu blásið, og er þar vart meira en sumarbeit 50 kinda.

Skógræktarfélag Reykjavíkur telur, að nauðsyn beri til að leggja landspildu þessa undir Heiðmörk og nota eins og hana til skógræktar. Landið er mjög vel fallið til slíkra nota, bæði vegna jarðvegs og skjóla. Ráðgert er að leggja hluta úr Vífilsstaðalandi til Heiðmerkur, og þegar það hefur verið gert, mundi þetta land mynda geira inn á milli núverandi Heiðmerkurlands og lands þess, er taka á úr landi Vífilsstaða. Skógræktarfélagið telur mikilsvert til að fá samfellt friðað land, að spilda þessi fáist.

Frv. þetta er flutt í samráði við hæstv. landbúnaðarráðherra.

Fylgiskjal I.

SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 16. janúar 1953.

Með tilvísun til samtals Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra og Einars G. E. Sæmundsen í dag við hæstvirtan landbúnaðarráðherra vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um, hvort hið háa ráðuneyti vilji fyrir sitt leyti samþykkja, að ca. 220 ha landsvæði úr afréttarlandi Garða á Álftanesi sunnan Heiðmerkurgirðingar (sem markað er á meðfylgjandi uppdrátt) verði lagt til Heiðmerkur, ef Alþingi veitir heimild til eignar- eða leigunáms.

Til skýringar má taka fram: Jörðin Garðar er ríkiseign, en er nú í ábúð margra bænda. Garðar eiga frá fornu fari allstórt afréttarland, og er þetta nyrzti hluti þess. Nokkrir sjálfseignarbændur í nágrenni Garða telja sig einnig eiga upprekstur í þennan afrétt. Alls munu það vera 15 ábúendur, sem mega nota afréttinn.

Þótt stærð þessa lands sé um 220 ha, er mikið af landinu blásið, og er þar vart meira en sumarbeit 50 kinda. Þess má einnig geta, að fyrrverandi ráðherra, Bjarni Ásgeirsson, gaf á sínum tíma munnlegt samþykki sitt til, að eignarnám færi fram, ef ekki næðist samkomulag við ábúendur.

Var reynt að ná samkomulagi, og um skeið stóðu vonir til, að það tækist, en Guðmann Magnússon hreppstjóri á Dysjum telur slíkt nú ókleift, og mun hann væntanlega staðfesta það með bréfi.

Að fengnu samþykki ráðuneytisins munu þingmenn Reykjavíkur taka málið upp á Alþingi.

Virðingarfyllst,

f. h. Skógræktarfélags Reykjavíkur,
Guðmundur Marteinsson.

Einar G. E. Sæmundsen.

Til atvinnumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

ATVINNUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. janúar 1953.

Með skírskotun til bréfs Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 16. þ. m., vill ráðuneytið taka það fram, að það samþykkir fyrir sitt leyti, að tekið verði eignar- eða leigunámi og lagt til Heiðmerkur um 220 ha landsvæði úr afréttarlandi Garða á Álftanesi sunnan Heiðmerkurgirðingar, sem merkt er á uppdrætti þeim, sem fylgir bréfinu, ef Alþingi veitir heimild til eignar- eða leigunáms.

Hermann Jónasson.

Til Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Ed. 641. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt við tollstjóra og skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins á fundi sínum, og að fengnum upplýsingum þeirra var nefndin sammála um að leggja til, að eftirtaldar breytingar væru gerðar á frv., en þó lýsti einn nefndarmanna (GJ) yfir, að hann mundi flytja sérstaklega breytingartillögur við frumvarpið.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr., 19. tölulið („manchettskyrtur"). Í stað „50" komi: 40.
2. Við 2. gr., 3. tölulið. Í stað orðanna „tveir nýir stafliðir" komi: þrír nýir stafliðir.

Alþingi, 28. jan. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Brynj. Bjarnason. Karl Kristjánsson.

Nd. 642. Lög [196. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 516.

Nd. 643. Lög [205. mál]

um breyting á lögum nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 541.

Nd. **644. Lög** [30. mál]

um íslenzk vegabréf.

(Afgreidd frá Nd. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 30.

Ed. **645. Lög** [179. mál]

um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.

(Afgreidd frá Ed. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 404.

Nd. **646. Frumvarp til laga** [66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki dómsmálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **647. Frumvarp til laga** [32. mál]

um ættleiðingu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn.

Nú ættleiða hjón barn, og nægir þá, að annað þeirra sé orðið 25 ára.

2. gr.

Eigi má veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til ættleiðingar, nema hann ættleiði ásamt lögráða maka og fái samþykki lögráðamanns. Þó er heimilt að veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til að ættleiða barn maka síns, enda komi leyfi lögráðamanns til.

3. gr.

Öðru hjóna má því aðeins veita leyfi til ættleiðingar, að hitt sé horfið, geðveikt eða fáviti. Þó getur annað hjóna með samþykki hins ættleitt barn þess eða kjörbarn.

4. gr.

Ekki er öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman.

Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans.

5. gr.

Eigi má ættleiða þann, sem er 12 ára eða eldri, án samþykkis hans.

6. gr.

Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns þeirra yngra en 21 árs. Ef annað foreldra er horfið, geðveikt eða fáviti, eða fer eigi með foreldravald, er samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns.

Áður en ákvörðun er tekin, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu. Ef sérstakur lögráðamaður er skipaður, skal leita umsagnar hans.

Ef sá, sem ættleiða á, er í hjónabandi, þarf samþykki maka.

7. gr.

Ef maður er sviptur lögræði, má eigi ættleiða hann án samþykkis lögráðamanns.

8. gr.

Leyfi til ættleiðingar verður því aðeins veitt, að ætla megi ættleiðinguna kjörbarninu heppilega, og ætlun kjörforeldra er að ala það upp, það hefur verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Dómsmálaráðuneytið skal, áður en ákvörðun um ættleiðingarleyfi er tekin, afla sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegs kjörforeldris og kjörbarns. Einnig skal leita umsagnar sóknarprests og barnaverndarnefndar.

Ef barn er ættleitt, skal ættleiðandi vera þeim kostum búinn, að hann geti veitt því sæmilegt uppeldi. Hann skal hafa óflekkað mannorð og eigi háður siðferðilegum, heilbrigðislegum eða fjárhagslegum annmörkum.

Ef ættleiðandi á arfgenga niðja, verður leyfi til ættleiðingar eigi veitt nema sérstaklega standi á.

9. gr.

Leyfi til ættleiðingar má ekki veita, eigi ættleiðandi að inna af hendi sérstaka greiðslu fyrir hana.

Ef foreldri greiðir með kjörbarni vegna ættleiðingar, má binda leyfi því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess.

10. gr.

Í ættleiðingarleyfi má ákveða, að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris.

Tilkynna skal viðkomandi presti um ættleiðingu og nafnbreytingu kjörbarns. Skal hann geta þessa í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

11. gr.

Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast við ættleiðingu til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess.

Um erfðir kjörbarns, foreldra þess og kjörforeldra fer að erfðalögum.

12. gr.

Kjörbarn, ættleitt af hjónum, hefur sömu réttarstöðu gagnvart þeim og sameiginleg börn þeirra. Sama er um réttarstöðu barns, er annar maki ættleiðir kjörbarn eða eigið barn hins.

Nú skilja hjón og skipa skal forráðum kjörbarns, og náið samband var milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu, og skal þá að jafnaði veita því forræði barnsins.

13. gr.

Ekki skapast að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar kjörforeldris, og eigi heldur milli kjörbarna innbyrðis.

14. gr.

Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef annar aðili er sviptur lögráðum, þarf einnig samþykki lögráðamanns. Ef kjörbarn er ólögráða, verður ættleiðing ekki felld niður samkvæmt þessu ákvæði.

15. gr.

Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, ef telja verður það varða kjörbarn miklu, einkum ef kjörforeldri brýtur verulega af sér gegn kjörbarni eða vanrækir verulega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, tekur hættulegan sóttnæman sjúkdóm eða geðveiki, hneigist til drykkjuskapar eða annarra lasta. Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörbarn gera. Ef kjörbarn er ólögráða, geðveikt eða fáviti, getur lögráðamaður þess, foreldri eða hlutaðeigandi yfirvald gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar.

16. gr.

Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, brjóti kjörbarn verulega af sér gagnvart kjörforeldri með ofbeldi eða illmælum, það hneigist til afbrota eða annarra lasta.

Ef kjörbarn reynist haldið geðveiki, vera fáviti, haldið öðrum verulegum andlegum eða líkamlegum annmarka, alvarlegum og langvarandi sjúkdómi, og ætla megi, að það hafi verið haldið annmarka þessum eða sjúkdómi fyrir ættleiðingu, og jafnframt að kjörforeldri hafi þá ekki verið um þetta kunnugt, þá má krefjast þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi. Slík krafa skal að jafnaði gerð innan 5 ára frá dagsetningu ættleiðingarleyfis.

Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörforeldri gera. Ef kjörforeldri er geðveikt, fáviti eða svipt lögræði, getur lögráðamaður þess gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar.

17. gr.

Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda þarf þá samþykki beggja hjóna og kjörbarns, sbr. 14. gr. — Annað hjóna getur þó, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi, krafizt niðurfellingar ættleiðingar, þó að hitt vilji sæta brotum eða annmörkum kjörbarns, þeim er í 1. málsgrein 16. gr. getur. Svo má og fella niður ættleiðingu samkvæmt 15. gr., þó að þær aðstæður, er þar greinir, varði aðeins annað kjörforeldri. Krefjast má, að ættleiðing verði felld niður samkvæmt 2. málsgr. 16. gr., þó að öðru kjörforeldri hafi verið kunnugt um annmarka á barninu, en þó ekki eftir kröfum þess kjörforeldris eins.

18. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt 15. og 16. gr., skal dómari, ef unnt er, fá umsögn þeirra aðila, sem veita þurftu samþykki til ættleiðingar eða rétt áttu á að láta álit sitt í ljós um ættleiðingu samkvæmt ákvæðum laga.

19. gr.
Ef kjörforeldri og kjörbarn eigast, fellur ættleiðing niður.

20. gr.
Er ættleiðing fellur niður, lýkur lögskiptum vegna ættleiðingar milli kjörforeldris og kjörbarns. Þó er kjörbarni heimilt að kenna sig til kjörforeldris, leyfi dómsmálaráðherra það eða viðkomandi dómari. Annars takast aftur lögskipti kjörbarns og foreldra.

21. gr.
Ákveða má, með samningi við erlent ríki, að ríkisborgarar þess geti eingöngu ættleitt eða orðið ættleiddir hér á landi samkvæmt ákveðnum samningsbundnum skilyrðum.
Samsvarandi ákvarðanir má gera um niðurfellingu ættleiðingar, þegar kjörbarn er erlendur ríkisborgari.

22. gr.
Ákveða má með reglugerð, að því er tiltekin erlend ríki varðar, að íslenzkir ríkisborgarar megi eingöngu ættleiða þar eða þeir verði aðeins ættleiddir þar samkvæmt ákveðnum skilyrðum.
Á sama hátt má ákveða, að ættleiðingu verði ekki slitið samkvæmt íslenzkum lögum í erlendu ríki, ef kjörbarn er íslenzkur ríkisborgari.

23. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 648. Frumvarp til laga [211. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.
Reglulegt Alþingi 1953 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði ekki annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1953 koma saman 15. febrúar n. k. Þótt því þingi, sem nú situr, verði væntanlega lokið fyrir þann tíma, gefst að sjálfsögðu lítið sem ekkert tóm til að undirbúa og leggja fyrir hið nýja þing í febrúarmánuði frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1954. Á sumri komanda fara fram almennar kosningar til Alþingis. Er því eðlilegast, að afgreiðsla fjárlaga fyrir næsta ár bíði hins nýkjörna þings. Leggur ríkisstjórnin til, að reglulegt þing 1953 komi saman næsta haust, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir 1. október sem samkomudegi, hafi þingið eigi verið kvatt saman fyrr á árinu.

Nd. 649. Breytingartillaga [164. mál]

við brtt. á þskj. 637 [Veiting ríkisborgararéttar].

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Efnismálsgrein tölul. II orðist svo:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn. Sama skal gilda um barn, sem fær ríkisfang samkvæmt lögum þessum með foreldri sínu, en kenna skal það sig við föður, móður eða kjörföður samkvæmt lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laga þessara, skulu á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður.

Ed. 650. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Á eftir 22. tölulið 1. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Aftan við textann í nr. 85 í 63. kafla bætist: svo og hálfunnar blikkdósir undir niðursuðuvörur.
2. Aftan við 3. tölulið 2. gr. komi nýr stafliður, er orðist svo:
   ö. Að endurgreiða verðtoll af hálfunnum dósum, sem fluttar hafa verið inn eftir 1. jan. 1952, að svo miklu leyti sem hann er hærri en ákveðið er í lögum þessum.

Ed. 651. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta, en hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (GJ) vill ekki láta samþykkja það.

Frv. er um það að bæta einu sjúkrahúsi við þau þrjú, sem samkv. lögum nr. 30 1933 eru ákveðin sem fjórðungssjúkrahús. Ætlunin er, að þrjár sýslur Suðurlandsundirlendisins, Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla, standi saman að byggingu sjúkrahúss þessa, og er þar farið inn á nýja og æskilega braut um byggingu sjúkrahúsa, gagnstætt því, sem á sér stað um þau sjúkrahús, sem fyrir eru og eru eign viðkomandi bæjarfélags, þótt ætlazt sé til, að þau séu til afnota fyrir nálæg héruð.

Samkvæmt lögum eru sjúkrahúsabyggingar nú styrktar með þrennum hætti, og eru styrkveitingarnar framkvæmdar þannig, að læknisbústaðir og sjúkraskýli í sveitum fá greitt ⅔ kostnaðar, sjúkrahús í kaupstöðum ⅖, nema þar sem um fjórðungssjúkrahús er að ræða, þá er styrkurinn ⅗ kostnaðar.

Telur meiri hluti nefndarinnar eðlilegt, að sameiginlegt sjúkrahús fyrir Suðurlandsundirlendið verði styrkt með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. sem fjórðungssjúkrahús.

Alþingi, 28. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson.

F. R. Valdimarsson.

Ed. **652. Frumvarp til laga** [212. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500000.00 á ári í næstu 20 ár. Biskup landsins hefur á hendi stjórn og reikningshald Kirkjubyggingasjóðs, og skulu reikningar hans árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í kirkjuhúsinu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með 2% á ári í 50 ár.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar ¼ kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við herra biskupinn yfir Íslandi. Skrá um kirkjur og áætlun um kirkjubyggingar er gerð á skrifstofu biskups.

Árið 1944 bar þáverandi þm. V-Sk., Gísli Sveinsson, fram frv. á Alþingi um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa. Er þar lagt til, að ríkissjóður greiði ¾ hluta af byggingarkostnaði kirkjuhúsa þjóðkirkjunnar. Í ýtarlegri greinargerð, sem frv. fylgdi, færir flm. glögg rök að tvennu:

1. Að ríkisvaldinu, sem samkv. stjórnarskránni ber að vernda og styðja þjóðkirkju landsins og launa presta hennar, beri í raun og veru að kosta byggingu kirkna.
2. Að söfnuðir landsins geti eigi undir því risið fjárhagslega að byggja sómasamlegar kirkjur, án verulegrar aðstoðar af hálfu hins opinbera.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga, en hin glöggu rök, sem flm. færði fyrir máli sínu, hafa ekki verið hrakin og eiga ekki síður við nú en þá.

Haldið hefur verið áfram á þeirri braut að styrkja ríflega af ríkisfé byggingar í þágu menningar-, mannúðar- og félagsmála, svo sem skóla, sjúkrahús og önnur hæli fyrir sjúka menn og örkumla, íþróttahús, sundlaugar og félagsheimili fyrir æskulýð landsins. Án þess að vilja á nokkurn hátt gera tilraun til þess að draga úr menningargildi og nauðsyn þeirra bygginga, sem ríkið styrkir fjárhagslega og nú hafa nokkur verið nefnd, þá verður því ekki neitað, að þjóðkirkjan, ein elzta menningarstofnun landsins og höfuðvígi trúar og siðgæðis þjóðarinnar um aldir,

sem auk þess hefur orðið að láta af hendi til ríkisvaldsins á liðnum öldum eignir, sem nema tugum milljóna króna, eigi að minnsta kosti ekki minni kröfu til ríkisvaldsins um framlög til byggingar sómasamlegra húsa til guðsþjónustuhalds í söknum landsins heldur en þær ýmsu byggingar, sem ríkið styrkir nú lögum samkvæmt með beinum, óafturkræfum styrkjum.

Í annan stað er það, að á síðari árum hefur sú breyting á orðið, að söfnuðum er orðið enn þá örðugra en áður að standast kostnað við nýjar kirkjubyggingar í sóknunum. Ber þar tvennt til:

a. Að allur byggingarkostnaður hefur aukizt gífurlega.
b. Að kröfur til þess, er kalla mætti sómasamlegt kirkjuhús, hafa stórum vaxið á síðari árum.

Í frv. því, sem hér er flutt, er farið fram á ákveðna, en mjög hóflega upphæð frá ríkinu árlega næstu 20 árin til styrktar kirkjubyggingum í landinu, enda ekki gert ráð fyrir, að þetta framlag nemi meiru en ⅕—⅖ af byggingarkostnaði kirkjuhúsanna. Hér er ekki heldur um beinan styrk að ræða, heldur vaxtalaus lán, sem söfnuðirnir endurgreiða að fullu í hinn sameiginlega kirkjubyggingasjóð, og kemur þannig hið sama fé til nota nýbyggingum kirkna, eftir því sem söfnuðirnir, þar sem kirkjur hafa verið reistar, endurgreiða Kirkjubyggingasjóði lánin.

Þannig mun á næstu 20 árum verða unnt að veita úr sjóðnum lán til kirkjubygginga, er nema fyllilega 12.2 millj. kr., enda þótt framlag ríkisins á þessu tímabili verði ekki nema 10 millj., eða 500 þús. kr. á ári. Að þessum 20 árum liðnum má gera ráð fyrir, eins og síðar mun sýnt, að meginátakinu í kirkjubyggingarmálunum verði lokið. Þá munu söfnuðir landsins endurgreiða Kirkjubyggingasjóði árlega um 200 þús. kr. af byggingarlánunum, og yrði það jafnframt handbært fé til lána til þeirra kirkna, sem þá kynni enn að vera þörf á að reisa.

Auk þess höfuðmarkmiðs þessa frv. að styðja að nýbyggingum kirkna hefur það einnig inni að halda ákvæði um stuðning við kirkjur, sem viðgerða eða varanlegra endurbóta þarfnast. Er gert ráð fyrir að lána í því skyni vaxtalaust til 20 ára ¼ af kostnaði við endurbætur eldri kirkna, ef nefnd sú, sem samþykkir kirkjuteikningar, telur endurbótina réttmæta og heppilega. Er þetta ákvæði sett til þess, að söfnuðir láti fremur fara fram endurbót á eldri kirkju, þar sem það telst hagfellt, heldur en að krefjast endurbyggingar kirkjunnar að öllu leyti. En á slíku væri jafnan nokkur hætta, ef til endurbygginga fengjust hagkvæm lán, en engin til endurbóta eldri kirkjuhúsa.

Þá er í frv. þessu ætlazt til, að hlaupið sé undir bagga með þeim söfnuðum, sem síðan dýrtíð tók að vaxa fyrir alvöru hafa tekið lán til byggingar kirkna eða varanlegra endurbóta á eldri kirkjuhúsum. Þykir sanngjarnt, að Kirkjubyggingasjóður greiði fyrir slíka söfnuði vexti af lánum þessum.

Samkv. gildandi lögum um skipun prestakalla eru nú í landinu 286 kirkjusóknir. Þar af eru 10 sóknir án sóknarkirkju: 5 í Reykjavík, Hnífsdalssókn, Hólmavíkursókn, Drangsnessókn, Hofsóssókn og Úthlíðarsókn. Af hinum 276 sóknarkirkjum eru 72 steinkirkjur, en hinar úr timbri eða torfi.

Samkvæmt skrám frá próföstum um kirkjur eru 169 byggðar fyrir síðustu aldamót, en 107, er byggðar hafa verið á síðustu 52 árum, eða ríflega 2 kirkjur á ári til jafnaðar. En margar hinna eldri kirkna hafa hlotið miklar aðgerðir, svo að þær mega nú kallast stæðileg hús, sem eigi virðast þurfa endurbyggingar í náinni framtíð.

Um byggingarþörfina á næstu 20 árum er erfitt að segja. En samkvæmt lauslegum athugunum, sem fram hafa farið á því máli, virðist aðkallandi þörf á að byggja á næstu 20 árum kirkjur, sem hér segir:

A. 130 kirkjur í sóknum með innan við 300 íbúa.
B. 25 kirkjur í sóknum utan Reykjavíkur, sem hafa yfir 300 íbúa.
C. 5 kirkjur í sóknum í Reykjavík.

Fólkstala samtals í þessum sóknum, miðað við 31. des. 1950, var sem hér segir:
A. Sóknir með undir 300 íbúum 15590.
B. Sóknir með yfir 300 íbúum 16043 (utan Reykjavíkur).
C. Sóknir með yfir 300 íbúum ca. 30000 (í Reykjavík).

Ef gert er ráð fyrir, að í A (sóknum með undir 300 íbúum) þyrftu kirkjurnar að rúma í sæti helming sóknarmanna, í B (sóknum yfir 300) þriðjung til fjórðung og í C (Reykjavík) yrði gert ráð fyrir, að hver hinna 5 nýju kirkna rúmaði 400 manns í sæti, þá þarf samanlagður sætafjöldi í hinum nýju kirkjum að vera:
A. 7795 sæti.
B. 5000 —
C. 2000 —

Við athugun á teikningum á kirkjum, sem byggðar hafa verið hér á landi, kemur í ljós, að í hinum minnstu kirkjum kemur á hvern fermetra gólfflatar 1.3 sæti, en þetta breytist eftir því sem kirkjurnar stækka, þannig að í hinum stærstu kirkjum nægir ekki fermetri í gólffleti fyrir eitt sæti.

Mið hliðsjón af þessu má ætla, að gólfflötur kirknanna verði:
A. Um 6500 fermetrar.
B. Um 5000 —
C. Um 2200 —

Enn fremur hefur það komið í ljós við athugun kirkjuteikninganna, að rúmmetratala verður að sjálfsögðu hærri, miðað við gólfflöt, því stærri sem kirkjan er. Mun ekki vera fjarri lagi, að gólfflötinn þurfi að margfalda með 3—6 til þess að fá rúmmetratal kirkjunnar.

Samkvæmt því mundi ekki fjarri lagi, að rúmmetratal þeirra 160 kirkna, er byggja þyrfti á næstu 20 árum, yrði sem hér segir:
A. 130 kirkjur samtals 6500 ferm. að gólffleti: Rúmmál 22000 m^3.
B. 25 kirkjur samtals 5000 ferm. að gólffleti: Rúmmál 22000 m^3.
C. 5 kirkjur samtals 2200 ferm. að gólffleti: Rúmmál 13200 m^3.

Sé gert ráð fyrir, að byggingarkostnaður sé um kr. 500.00—550.00 á teningsmetra, verður heildarkostnaður sem hér segir:

A.	130 kirkjur (22000 rúmm.)	11	millj. kr.
B.	25 kirkjur (22000 rúmm.)	12.10	— —
C.	5 kirkjur (13200 rúmm.)	7.26	— —
	Alls	30.36	millj. kr.

Miðað við þessar áætlanir mundi framlag ríkisins á vaxtalausum lánum til kirkjubygginganna verða:

A.	130 kirkjur, 22 þús. rúmm., 200 kr. á rúmmetra	4.4	millj. kr.
B.	25 kirkjur, 22 þús. rúmm., 200 kr. á rúmmetra	4.4	— —
C.	5 kirkjur, 2200 ferm. að gólffleti, 1000 kr. á ferm.	2.2	— —
		11.0	millj. kr.

Er það sem næst ⅓ hluti byggingarkostnaðar að meðaltali.
Af kirkjum í A eru:
50 í sóknum með innan við 100 íbúa.
65 í sóknum með 100—200 íbúa.
15 í sóknum með 200—300 íbúa.

Til þess að gefa hugmynd um kostnað við byggingu hinna smærri kirkna og hve mikill hluti þess kostnaðar yrði lán samkv. ákvæðum frv., skulu nefnd nokkur dæmi:

I. Sóknarmenn 100. Kirkja, sem tæki ríflega helming sóknarmanna í sæti, verður um 50 fermetrar að gólffleti og um 150 rúmmetrar að stærð.

Byggingarkostnaður um 500 kr. á rúmmetra verður kr. 75000.00.
Þar af verður lán úr sjóðnum 200 kr. á rúmmetra — 30000.00.

Þetta er að vísu ekki mikil hjálp og bersýnilega örðugleikum bundið fyrir 100 manna söfnuð að leggja fram sjálfur um 45 þús. kr. til byggingarinnar. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess, að sumar þessara kirkna eiga ofur litla sjóði, að framlög til byggingarinnar gætu að töluverðu leyti orðið í vinnu við kirkjusmíðina, sem mundi koma betur við en beinar peningagreiðslur, og að eitthvert lán ætti að fást til byggingarinnar úr Hinum almenna kirkjusjóði, þótt vart megi þar gera ráð fyrir hærri upphæð en 10—15 þús. kr.

II. Sóknarmenn um 150. Kirkja, er tæki 75 í sæti, yrði um 65 ferm. að gólffleti og um 227 rúmmetrar.

Byggingarkostnaður ..... kr. 113500.00.
Þar af lán úr sjóðnum ..... — 45400.00.

Framlag safnaðar kr. 68000.00, eða um 450 kr. á mann. Er það sama upphæð og í 100 manna sókninni.

III. Sóknarmenn 600. Kirkja, er tæki 200 manns í sæti, verður um 200 metrar að gólffleti og um 1000 rúmmetrar.

Byggingarkostnaður 550 kr. á rúmm. ..... kr. 550000.00.
Lán úr sjóðnum ..... — 200000.00.

Þurfa þá safnaðarmenn að leggja fram 350 þús. kr., eða um 600 kr. á mann.

IV. Kirkja í Reykjavík. Sóknarmenn 5 þúsund. Kirkja tekur 400 menn í sæti, gólfflötur 440 fermetrar. Rúmm. $6 \times 440 = 2640$.

Byggingarkostnaður 2640×550 ..... 1452000 kr.
Lán úr sjóðnum 1000 kr. á ferm. gólfflatar ..... 440000 —

Mismunur 1012000 kr.

er safnaðarmenn standa straum af að öllu leyti, eða 202 kr. á mann.

Af dæmum þessum virðist sýnt, að enda þótt hér sé ekki farið fram á nema lítinn hluta af byggingarkostnaði kirknanna, þá verði þetta eigi að síður nokkurn veginn nægileg hjálp til þess að söfnuðir landsins muni á næstu árum sjá sér fært að hefja kirkjubyggingar í allstórum stíl, en á því er bæði trúarleg og menningarleg nauðsyn og svo augljós, að eigi þarf um að ræða.

Loks er að minna á, að öllu fé skila kirkjurnar aftur í sjóðinn, að frádregnu því litla, sem fer í greiðslu vaxta af eldri kirkjubyggingarlánum og áður er að vikið. Verður þannig hið sama fé stöðugt lyftistöng nýrra kirkjubygginga í landinu.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Lánin verða aðeins veitt þjóðkirkjusöfnuðum. Þar sem annar en söfnuður er eigandi kirkju, verður því söfnuður að taka við kirkjunni, ef lán eiga að fást til endurbyggingar hennar. Ætti þetta ákvæði að greiða og flýta fyrir því, að allar kirkjur á landinu komist í eigu safnaðanna sjálfra, enda er það tvímælalaust heppilegast.

Um 2. gr.

Eðlilegast þykir, að biskup hafi á hendi stjórn og reikningshald Kirkjubyggingasjóðs.

Um 3. gr.

Rétt þykir að miða lánin við stærð kirkju, en eigi við vissan hluta byggingarkostnaðar. Er þá bæði, að ríkið veit þegar í upphafi, hve miklu lánið nemur, og söfnuðirnir hafa enn ríkari ástæðu til þess að sýna fulla ráðdeild og hagsýni við

bygginguna. Hins vegar er ætlazt til, að nefnd sú, er um getur í þessari grein, sjái um, að hinar nýju kirkjur verði smekklegar og hentugar að stíl og gerð, og að hún annist jafnframt um, að kirkjubygging verði vandlega og traustlega af hendi leyst. Sama gildir um endurbætur eldri kirkna. Er og auðvelt að binda lánin þeim skilyrðum, að byggingin sé vönduð og traust að dómi trúnaðarmanna sjóðsins.

Bráðabirgðaákvæði.

Mikill meiri hluti af lánum, sem veitt hafa verið til kirkjubygginga síðan 1945, er í Hinum almenna kirkjusjóði. Samtals munu lánin þar nema um 700 þús. kr. Alls ættu þessi lán engan veginn að vera yfir 900 þús. kr.

Vaxtagreiðsla sjóðsins vegna þeirra verður þá um 45 þús. kr. á ári, er mundi lækka um 2—3 þús. kr. á ári og vera horfin úr sögunni eftir 15—20 ár.

Nd. 653. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Tilgangur þessa frv. virðist vera sá að tryggja áhrif og ítök amerísks auðmagns í íslenzku atvinnulífi.

Frv. er samkvæmt því, sem ríkisstjórnin segir í greinargerðinni, samið af erlendum sérfræðingi Alþjóðabankans og yfirlýstur tilgangur þess að vera Alþjóðabankanum til aðstoðar við framkvæmd stefnu hans gagnvart viðkomandi landi. Auðséð er, að Alþjóðabankanum þykja íslenzku ríkisbankarnir, sem fyrir eru, of bundnir þjóðlegum hagsmunum og þjóðlegum sjónarmiðum. En Framkvæmdabankinn á að geta „rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda", eins og ríkisstjórnin orðar það.

Framkvæmdabankinn á að verða sú stofnun, sem Alþjóðabankinn og aðrir amerískir bankar lána fé, og þessi banki á að sjá um, að skilyrðum þeirra verði fullnægt.

Til þess að hinir amerísku bankar geti komið auðmagni sínu inn í atvinnulíf landsins gegnum Framkvæmdabankann, eru honum veitt einkaréttindi, sem engir íslenzkir bankar hafa haft fram að þessu, og auk þess réttindi, sem Landsbankinn einn hefur haft.

Framkvæmdabankinn á að geta keypt hlutabréf í fyrirtækjum, tekið lán erlendis án þess að fá leyfi ríkisstjórnar, keypt skuldabréf fyrirtækja, og þar að auki á hann að geta fengið ríkisábyrgð allt að 80 milljónum króna, án þess að Alþingi viti, til hvers konar lántöku. Svo skal hann fyrst og fremst hafa samband við „einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir".

Það er auðséð á öllu, að þessi banki á að vera milliliður amerísks einkaauðmagns og örfárra íslenzkra „einkaaðila", eða m. ö. o. tæki amerísks auðvalds til þess með aðstoð íslenzkra leppa að raka gróða úr beztu auðlindum Íslands, fossunum, og af vinnuafli íslenzks verkalýðs við stóriðju í eigu „einkaaðila", — stóriðju amerísks auðvalds á Íslandi.

Þetta er eitt höfuðverkefnið, sem banka þessum er ætlað. Sé farið að veita amerísku auðmagni inn í íslenzkt atvinnulíf, þá er á skömmum tíma búið að eyðileggja efnahagslegt sjálfstæði íslenzks atvinnulífs. Ameríska einkaauðvald gleypir það. Það er líka eftirtektarvert, að þessi banki á ekki að styðja ríkisrekstur né framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga á Íslandi, heldur aðeins einkaaðila. Hingað til hefur íslenzk þjóð fyrst og fremst hugsað sér stóriðju á Íslandi sem eign ríkisins. En með

þessu frv. er stefnt að því að gera stóriðjuna að eign örfárra einkaaðila og auka þannig vald fámennrar auðstéttar í landinu yfir vinnandi stéttum landsins.

Fyrsta sporið í þeirri framkvæmd Framkvæmdabankans á að vera að koma áburðarverksmiðjunni í eigu nokkurra einkaaðila. Þess vegna var í þessu frv. ríkisstjórnarinnar ákveðið að afhenda Framkvæmdabankanum allt hlutafé ríkisins í Áburðarverksmiðjunni h/f, 6 millj. kr., sem stofnfé. Lýsti dr. Benjamín Eiríksson því yfir við fjárhagsnefnd Ed., að hann hugsaði sér að selja þessi hlutabréf ríkisins. Þar með væru öll hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar, 10 millj. kr., komin í hendur „einkaaðila". En ríkisstjórnin hefur áður lýst því yfir, að hún líti á þetta hlutafélag sem eiganda áburðarverksmiðjunnar, þvert ofan í 3. gr. laganna um áburðarverksmiðju, sem mælir svo fyrir, að áburðarverksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun. En ríkið mun alls lána áburðarverksmiðjunni yfir 100 millj. kr., svo að yfirráð yfir hlutafé hennar þýðir yfirráð yfir 110—120 millj. kr. fjármagni og stærsta stóriðjufyrirtæki landsins.

Það er eitt af þeim hlutverkum, sem Framkvæmdabankinn auðsjáanlega á að annast, að koma áburðarverksmiðjunni og öðrum stórfyrirtækjum í eigu einkaaðila.

En sökum þess að upp komst um fyrirætlanir dr. Benjamíns Eiríkssonar, formanns bankamálanefndar og tilvonandi bankastjóra Framkvæmdabankans, og þær voru gerðar alþjóð kunnar með birtingu álits minni hluta fjárhagsnefndar Ed. (Brynjólfs Bjarnasonar), þá hefur nú ríkisstjórnin heykzt á því að afhenda Framkvæmdabankanum hlutabréfin í Áburðarverksmiðjunni h/f fyrir kosningar. Þar sem fyrirætlun um sölu þessara hlutabréfa er af amerískum rótum runnin — er ein af tillögum trúnaðarmanna Alþjóðabankans —, þá er því miður lítill vafi á, að þótt 2. liður 3. gr. (um afhendingu nefndra hlutabréfa) sé nú felldur niður, þá mun ameríska auðvaldið láta stjórnarflokkana taka það mál aftur upp eftir kosningar, ef fólkið er ekki á verði.

Fyrirætlunin um að ræna áburðarverksmiðjunni frá íslenzka ríkinu er dregin til baka sakir mótmælanna nú fyrir kosningarnar 1953, alveg eins og sú herstöðvakrafa, sem amerískt hervald setti fram 1. okt. 1945, var dregin til baka fyrir kosningarnar 1946, en tekin svo upp aftur eftir kosningar og knúin fram í áföngum 1947—1951.

Framkvæmdabankinn er hugsaður sem innrás og árás amerísks hringaauðvalds á íslenzkt atvinnulíf, til þess að leggja undir það og leppa þess íslenzkar auðlindir og vinnuafl íslenzkrar alþýðu. Alþingi á að fella þennan banka, og felli Alþingi hann ekki, þá á þjóðin að fella þá flokka, sem styðja hann.

Þá er þáttur mótvirðissjóðs einnig einn veigamesti þátturinn í sambandi við stofnun þessa banka. Gegnum þann sjóð ætlar ríkisvald Bandaríkjanna að hafa bein, sívaxandi áhrif á íslenzkt efnahagslíf. En fyrir þessu máli og hættunni, sem af því stafar, eru gerð svo glögg skil í áliti minni hl. fjhn. Ed. um þetta mál og í fylgiskjölum, er því fylgja, að ég læt hér nægja að vísa til þess.

Einstakar greinar frv. mun ég ekki ræða frekar en orðið er í þessu nál., en mun ræða þær í framsögu.

Ég legg til, að frv. verði felld, en nái það samþykki við 2. umr., mun ég ef til vill reyna með einhverjar brtt. við 3. umræðu.

Alþingi, 28. jan. 1953.

Einar Olgeirsson.

Nd. 654. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Wilberg, Nils Petter Andreas, verkamaður á Ísafirði, fæddur 20. okt. 1916 í Noregi.
2. Wilberg, Ólöf, húsmóðir á Ísafirði, fædd 23. júlí 1919 á Íslandi.

Sþ. 655. Þingsályktun [168. mál]

um bætt flugskilyrði á Vestmannaeyja- og Akureyrarflugvöllum.

(Afgreidd frá Sþ. 29. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ekki niður falla, heldur hraða svo sem unnt er framkvæmdum þeim við flugvellina í Vestmannaeyjum og við Akureyri, sem aðkallandi eru, til þess að bæta lendingarskilyrði og annað, er að öryggi flugsamgangnanna lýtur.

Sþ. 656. Þingsályktun [206. mál]

um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

(Afgreidd frá Sþ. 29. jan.)

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu á hverju reglulegu Alþingi — í fyrsta sinn nú þegar — úr hópi þingmanna 5 fulltrúa og 5 varafulltrúa í Norðurlandaráð, og skal efri deild kjósa 2 fulltrúa, en neðri deild 3 ásamt jafnmörgum varafulltrúum. Gildir kosning hverju sinni þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Nd. 657. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Jónasi Rafnar og Emil Jónssyni.

Fyrir orðið „Reykjavík“ í 1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. kemur: kaupstöðum.

Ed. **658. Frumvarp til laga** [197. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1.	Athugasemdin aftan við nr. 11 í 19. kafla falli niður.			
2.	Aftan við nr. 3 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að færa kolsýru niður í 8% verðtoll.			
3.	Aftan við nr. 51 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	51a — Frostlögur og bremsuvökvi	1 kg	7	30
4.	Í stað nr. 2 í 30. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	Litarextrakt úr jurtaríkinu:			
	2 — barkarlitur	—	2	2
	2a — annar	—	7	8
5.	Aftan við nr. 13a í 31. kafla komi nýr liður svo hljóðandi:			
	13b — ilmefni til sápugerðar	—	7	8
	Aths. Ilmefni til sápugerðar teljast því aðeins til nr. 13b, að viðtakandi vörunnar reki sápugerð og þess sé getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði einungis notuð til framleiðslunnar.			
6.	Í stað fyrirsagnarinnar að 33. kafla „Ostaefni (kasein), albúmín, gelatín, lím og steiningarefni (appretúrefni)“ komi: Eggjahvítuefni og efni leidd af þeim, lím og steiningarefni.			
7.	Aftan við nr. 3 í 33. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	3a Peptón, petónöt, protein, ót. a., og efni leidd af þeim	—	7	8
8.	Í stað nr. 6 í 33. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	6 — dextrín	—	7	8
	6a — annað	—	7	30
9.	Aftan við nr. 19a í 39. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	19b Björgunarbátar og önnur björgunartæki	—	2	2
10.	Aftan við nr. 7 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka eða fella niður verðtoll af ósöguðum trjáviði í fisktrönur.			
11.	Nr. 11 í 40. kafla orðist svo:			
	11 — askur og álmur	—	10	8
12.	Við nr. 61 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af túrbínupípum niður í 8%.			
13.	Aftan við nr. 12 í 44. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	12a Filterpappír til olíuhreinsunar	—		2
14.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir	—	7	5
15.	Nr. 5 og 5a í 46. kafla B orðist svo:			
	5 — netjagarn, einlitt	—	2	
	5a — annað	—	7	5
16.	Nr. 1 í 46. kafla C orðist svo:			
	1 Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tvinnaður með málmþræði	—	20	50
17.	Nr. 5 í 49. kafla orðist svo:			
	5 — netjagarn	—	2	

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
18.	Nr. 35 í 50. kafla orðist svo:			
	35 — annars	1 kg	20	15
19.	Í stað nr. 10 í 52. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	— — baðmull:			
	— — — nærfatnaður:			
	10 — — — — „manchettskyrtur“	—	20	50
	10a — — — — annar	—	20	25
20.	Nr. 34 í 52. kafla orðist svo:			
	34 Segl og bárufleygar	—	2	8
21.	Nr. 42 í 63. kafla falli niður.			
22.	Aftan við athugasemdina við nr. 66 í 63. kafla bætist:			
	Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka verðtoll af rúmum fyrir sjúkrahús niður í 8%.			
23.	Aftan við nr. 97 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	97a — önnur	—	7	8
24.	Nr. 25 í 71. kafla orðist svo:			
	25 — með áletrun, sem ber með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar landbúnaðar- og sjávar-afurðir eða aðrar íslenzkar afurðir til útflutnings	—		2
25.	Nr. 15 í 75. kafla orðist svo:			
	15 Hestvagnar, heygrindur fyrir dráttarvélar og aðrir áþekkir vagnar og vagnhlutar, ót. a.	—	2	8
26.	Nr. 4 í 77. kafla orðist svo:			
	4 Smásjár og smásjárhlutar	—	7	8
27.	Í stað fyrirsagnarinnar að 79. kafla „Hljóðfæri og hljóð-færahlutar“ komi: Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra.			
28.	Í stað nr. 8 í 79. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
	8 Harmoníkur	—	7	50
	8a Hlutar til harmoníka	—	7	30
29.	Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi fimm nr., svo hljóðandi:			
	8 — umbúðablöð, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings	—		2
	— plötur, stengur, þynnur o. þ. h.:			
	9 — — einlitar og ómunstraðar	—	7	15
	9a — — aðrar í ströngum eða lengjum	—	7	20
	9b — duft og deig, ót. a.	—	7	8
	9c — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
30.	Aftan við nr. 6 í 85. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	7 Bandprjónar, heklunálar, prjónavélanálar, saumavéla-nálar, saumnálar, seglsaumsnálar, striganálar, stoppu-nálar og aðrar þess háttar nálar	—	7	10

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. i-liður 3. gr. orðist svo:

i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar, og af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum umbúðum.

2. j-liður 3. gr. orðist svo:
   j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar framleiðslu- og iðnaðarvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, enda sé hægt að ganga úr skugga um magn og verð hinna erlendu efnivara, eða að greiða hinum innlendu framleiðendum útflutningsendurgreiðslur, sem svari sem næst til þeirra aðflutningsgjalda, sem ætla má að greiddar hafi verið af efnivörunum.
3. Á eftir y-lið 3. gr. komi þrír nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   z. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði íslenzkra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.
   þ. Að heimta aðeins verðtoll af leigu tækja, sem eru send hingað til notkunar um stuttan tíma og þegar eru endursend að notkun lokinni.
   æ. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til netjagerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir 17. liður laga nr. 49/1950 og 21. liður 1. gr. laga nr. 108/1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Ed. 659. Lög [198. mál]

um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952.

(Afgreidd frá Ed. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 518.

Ed. 660. Lög [181. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950.

(Afgreidd frá Ed. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 417.

Ed. 661. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. hefur verið rætt á mörgum fundum í nefndinni. Var það sent til umsagnar endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og til yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, og eru umsagnir þessara aðila birtar hér með sem fylgiskjöl.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hl. leggja til, að frv. verði samþykkt, en geymir sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja tillögum, sem fram kynnu að koma. Minni hl. leit hins vegar svo á, að þótt hann efnislega sé samþykkur frv. með einhverjum breytingum á einstökum atriðum, þá muni ekki vinnast tími til að fá málið samþykkt á þessu þingi og því sé

heppilegra að afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Mun hann því gefa út sérstakt nál.

Það er ávallt að koma betur og betur í ljós, hve mikil nauðsyn er á því að koma upp eftirliti með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Er þessi skoðun ekki einasta að ryðja sér til rúms hér á landi, heldur og í öllum þingræðislöndum yfirleitt, og vísast um þetta atriði til ályktunar Alþjóðaþingmannasambandsins á 41. þingi þess, sem haldið var í Bern dagana 28. ágúst til 2. sept. s. l., en þar segir svo:

„Í þingræðisskipulagi er það ákaflega mikilsvert, að eftirlit sé haft með fjármunum þeim, sem þingið veitir, enda er það ein af höfuðskyldum þess að sjá um, að ríkisstjórnin verji slíku fé í fullu samræmi við lög og beinlínis í því skyni, sem það er veitt til.

Það er augljóst, að af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess glundroða, sem tvær heimsstyrjaldir hafa valdið, dregst endurskoðun lokareikningsskila lengi í sumum löndum, og hefur eftirlit þinganna af þeim sökum orðið áhrifalítið.

Þegar svo stendur á sem nú, ber meiri nauðsyn til þess en nokkru sinni að ítreka þær ályktanir, sem þingmannasambandið hefur áður gert, einkum ályktunina, sem gerð var á þinginu í Búdapest 1936 um eftirlit með fjármálum hins opinbera, og ályktunina frá þinginu í Osló 1939 um fjárhagsárið. Var lögð áherzla á það, að yfirendurskoðun þjóðþinganna á reikningum ríkisins skyldi fara fram svo skjótt sem auðið væri að loknu fjárhagsárinu.

Fyrir því samþykkir XLI. þing Þingmannasambandsins þessar meginreglur:

1. Það er skylda þjóðþingsins að hafa sjálft á hendi eftirlit með gjöldum ríkisins, enda er lokareikningur ríkissjóðs háður samþykki þess.

2. Frumvarp eða skýrslu frá hlutaðeigandi fjármálanefnd ber að leggja fyrir þjóðþingið í síðasta lagi tveim árum eftir lok fjárhagsársins, og ber að ræða það mál í heyranda hljóði.

3. Lokareikning ber að leggja fram í sama formi og fjárlög þau, er hann svarar til, í því skyni að gera virkt eftirlit auðveldara.

4. Nú kveður þjóðþingið sérfræðinga sér til aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins, svo sem ráðsmann ríkisins, aðalendurskoðanda eða aðra, og skulu þeir vera óháðir framkvæmdavaldinu og hafa þá aðstöðu, að þeir geti leyst skyldur sínar af hendi algerlega hlutdrægnislaust.

5. Ráðherrar þeir, sem hlut eiga að máli, skulu bera ábyrgð á öllum misfellum, er slíkt eftirlit kann að leiða í ljós, og ber þeim skylda til að gefa þinginu nauðsynlegar skýringar.

6. Á fjárhagsári því, sem fjárlögin gilda, gæti þingið, eftir því sem unnt væri, komið á eftirliti þingsins með því að hlutast til um, að framkvæmdavaldið fylgist jafnharðan með ríkisgreiðslum, og með kosningu þingnefndar til þess að hafa gætur á, hvernig áætlun fjárlaganna er fylgt.

XLI. þing Þingmannasambandsins lætur þá von í ljós, að bráðlega verði til umræðu tekin þau vandamál, sem sífellt fer fjölgandi og varða rétt þjóðþinganna til eftirlits með fjármálum stofnana og fyrirtækja, sem rekin eru á ábyrgð hins opinbera eða eiga rétt á, að ríkið hlaupi undir bagga með þeim."

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að það sé engu minni þörf á því hér en annars staðar að koma á slíku eftirliti og að það muni spara ríkissjóði margvísleg útgjöld, ef því yrði komið á undir stjórn manns, sem til þess væri kjörinn vegna hæfileika sinna og sérþekkingar. Hitt er ljóst, að árangurinn fer að sjálfsögðu eftir því, hversu vel eða illa tekst til með val á slíkum manni.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði gert að lögum þegar á þessu þingi.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Gísli Jónsson, **fundaskr.**, frsm.	Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.	Brynj. Bjarnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 20. jan. 1953.

Háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefur leitað álits okkar yfirskoðunarmanna um frv. til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana, þskj. 455.

Eins og athugasemdir yfirskoðunarmanna við ríkisreikningana á undanförnum árum bera með sér, hefur yfirskoðunarmönnum þótt í ýmsu áfátt hjá sumum stofnunum þess opinbera, reikningsskil og umboðsleg endurskoðun um skeið gengið allt of seint o. s. frv.

Fyrir allmörgum árum var skipaður sérstakur maður í fjármálaráðuneytinu til að hafa eftirlit og yfirumsjón með umboðslegu endurskoðuninni og reikningsskilum hjá embættis- og sýslunarmönnum. Honum er meðal annars ætlað að hafa gát á, hvernig háttað er um vinnubrögð og fyrirkomulag vinnunnar í hinum ýmsu stofnunum.

Það er ef til vill tæpast von til þess, að einum manni vinnist tími til að sinna svo víðtæku verkefni, að allir þættir þess geti verið ræktir til fulls. Honum er ætlað að sjá um, að umboðslega endurskoðunin fari fram í tæka tíð, að reikningsskil og fjárgreiðslur til ríkisins séu skilvíslega inntar af hendi o. fl., o. fl.

Við álítum, að talsvert hafi áunnizt í seinni tíð í þessum efnum, en þess er ekki að vænta, hvað sparnað áhrærir, t. d. fækkun starfsmanna í stofnunum, að það geti orðið allt í einu, sízt svo að nokkru nemi. Þess konar ráðstafanir hljóta að taka nokkurn tíma.

Þegar launalögin voru sett, var ráðgert að setja lög um réttindi og skyldur embættismanna mjög fljótlega, en ógert er það enn. Við setningu slíkra laga mundi vera haft í huga og tekið tillit til ýmissa þeirra atriða, er frv. á þskj. 455 fjallar um, sem vissulega er ástæða til, að þeim sé gaumur gefinn. Það er engum vafa bundið, að föst skipan og öruggt eftirlit með öllu starfi í stofnunum hins opinbera hefur afar mikla þýðingu. Virðist réttmætt, að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði sett ákvæði í hana, er tryggi það.

Meðal erlendra menningarþjóða eru ýmisleg lagafyrirmæli um opinberar stofnanir, vinnu í þeim, mannaráðningar o. fl., o. fl. Það er vafalaust ekki síður ástæða til þess hér hjá okkur, að sett séu lagafyrirmæli um slíkt efni, eins og þingið hefur áður ætlazt til, um lagasetningu um réttindi og skyldur embættis- og sýslunarmanna. Við álítum, að aukið eftirlit mundi gagnlegt, ef til slíkra starfa velst heppilegur maður, og teljum við, að heppilegra mundi, að tryggilegar væri búið um ráðningu hans en ákvæði 2. gr. frv. benda til.

Viðvíkjandi því atriði, er drepið er á í bréfi háttv. fjárhagsnefndar Ed., hvort ekki mundi heppilegt, að eftirlitsmaðurinn væri jafnframt einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, þá álítum við ekki þá skipan æskilega.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmason. Jörundur Brynjólfsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 19. jan. 1953.

Með bréfi, dags. 16. þ. m., hefur nefndin óskað umsagnar endurskoðunardeildarinnar um frumvarp til laga á þskj. 455, 187. mál, um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Sérstaklega er óskað umsagnar um það, hvort ekki væri eðlilegt,

að eftirlitsmaðurinn yrði jafnframt kjörinn af þinginu til þess að vera einn af yfirskoðendum ríkisreikninganna.

Það, sem rekið hefur til þess, að frumvarp til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana var lagt fyrir Alþingi árið 1949 og þetta frumvarp er nú lagt fyrir, virðist vera þetta:

1) Kostnaður við framkvæmdastjórn ríkisins er mjög hár, og menn trúa því, að hann gæti verið töluvert minni, ef vel er á haldið.
2) Ýmis kostnaður virðist óþarfur, og víða virðist lítt gæta eðlilegs sparnaðar.
3) Skipulagsleysi er víða auðséð í ríkisrekstrinum.

Endurskoðunardeildin telur það vera í verkahring sínum að koma í veg fyrir óþarfan kostnað og óhóflega eyðslu ríkisstofnana og jafnframt að koma á samræmi í kostnaðarliðum ríkisstofnana á eðlilegu sparnaðarstigi. Hún vinnur að þessu smám saman, án þess að á beri, og bætir stöðugt árangurinn af starfi sínu, eftir því sem henni vinnst tími til að gefa fleiri stofnunum sérstakan gaum í því skyni að koma þessu samræmi á. Hins vegar er það utan hennar verksviðs að vinna að skipulagningu í rekstri ríkisins, enda hefur hún ekki bolmagn til þess, en það er einmitt gagnger athugun á öllum rekstri ríkisins og endurskipulagning hans, sem til mikils sparnaðar virðist horfa.

Þegar stjórnin var flutt inn í landið fyrir tæpri hálfri öld, mun framkvæmdastjórn landsins hafa verið sniðin eftir fyrirkomulagi í Danmörku.

Ríkisreksturinn hefur vaxið gífurlega síðan, en engin skipulagning hefur farið fram á honum, og eins og kunnugt er, hefur handahóf oft ráðið tengslum nýs þáttar í rekstri við þann rekstur, sem fyrir var, bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki var vandað til löggjafar um, vegna þess að tjalda átti til einnar nætur, hafa orðið til langframa, og hjá löggjafanum hafa oft ráðið önnur sjónarmið en þau, sem horfðu til sparnaðar í rekstri og samræmis. Verkefnin eru því ærin fyrir þann, sem falin verður endurskipulagningin.

Endurskipulagningin á rekstri ríkisins hlýtur að verða aðalstarf eftirlitsmannsins. Án hennar verða allar sparnaðartilraunir kák eitt, en til þess að hún geti átt sér stað, verður að vera samvinna milli löggjafans og þess, sem skipulagninguna hefur með höndum.

Nauðsynlegt er, að eftirlitsmaðurinn sé gagnkunnugur opinberum rekstri og hafi sérþekkingu í skipulagningu slíks rekstrar, en þeirrar sérþekkingar má nú afla sér víða erlendis. Maður, sem skipaður er til eftirlitsins, verður að mega treysta því, að hann fái að halda stöðu sinni, ef hann gegnir henni óaðfinnanlega. Að öðrum kosti er hæpið, að völ sé á hæfum manni í stöðuna. Því virðist óheppilegt það ákvæði frumvarpsins, að eftirlitsmanninn skuli kjósa til eins kjörtímabils í einu.

Ekki verður séð, að þingmenn séu betur fallnir til þessa starfa en aðrir. Líklegra virðist, að vænta megi betri árangurs af manni, sem ekki gefur sig opinberlega að stjórnmálum.

Til þess að tryggja það sem bezt, að hæfur maður fáist til eftirlitsstarfans, virðist ákvæði 2. gr. frumvarpsins frá 1949 um það, að forseti Íslands skipi hann, heppilegt, og til þess að gera hann sem óháðastan einstökum ráðherrum virðist heppilegast, að sú skipun sé gerð á ábyrgð forsætisráðherra, en skrifstofa eftirlitsmannsins verði einn hluti stjórnarráðsins, hliðstæð öðrum ráðuneytisskrifstofum. Fé til þeirrar skrifstofu yrði þá ákveðið í fjárlögum á sama hátt og til annarra ráðuneytisskrifstofa, enda virðist eðlilegra, að ríkisstjórnin, sem hefur með höndum framkvæmdastjórn ríkisins, ákveði starfslið og leggi til fjárveitingu til eftirlitsins í fjárlagafrumvarpi, fremur en að þingnefnd taki að sér þann þátt í framkvæmdastjórninni.

Upplýsingar um rekstur ríkis og ríkisstofnana eru nærtækastar í ráðuneytunum og endurskoðunardeildinni.

Það er án efa heppilegast, að eftirlitsmaðurinn sé sem mest hafður í ráðum hjá þingnefndum, ekki eingöngu fjárveitinganefnd, heldur einnig hjá öðrum þingnefndum, sem fjalla um frumvörp, sem rekstur ríkisins varða, til þess að hann geti verið

til ráðgjafar um það, sem að sparnaði í rekstri og samræmingu lýtur. Hins vegar er vafasamt, að nauðsynlegt sé að lögbjóða það, að hann aðstoði við samningu fjárlagafrumvarpsins.

Tillögur sínar tel ég heppilegra að eftirlitsmaðurinn leggi fyrir ríkisstjórnina en fjárveitinganefnd, og yrðu þær þá ræddar á ráðherrafundi, en ríkisstjórnin tæki ákvörðun um framkvæmd þeirra. Virðist ástæðulaust að fela þingnefnd þennan þátt framkvæmdastjórnarinnar, eins og áður segir, enda situr sú nefnd ekki að störfum nema meðan Alþingi situr og hefur þá nægum störfum að sinna í þágu löggjafarinnar.

Ef gert er ráð fyrir því, að eftirlitsmaðurinn yrði kosinn á þann hátt, sem í frumvarpinu segir, virðist ekki óeðlilegt, að hann verði jafnframt einn af yfirskoðendum ríkisreikninganna, en jafnvel þótt hann yrði skipaður af ríkisstjórninni til eftirlitsstarfans, virðist að ýmsu leyti heppilegt, að hann yrði sjálfkjörinn einn af yfirskoðunarmönnunum.

Það mundi styrkja aðstöðu hans gagnvart báðum aðilum, Alþingi og ríkisstjórn, og auðvelda samstarfið við þingnefndirnar, sem svo mjög ríður á.

Virðingarfyllst,

Einar Bjarnason
aðalendurskoðandi.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 662. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69/1941, um sparisjóði.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði. Meiri hl. vill, að frv. verði samþ. Við undirritaðir teljum hins vegar ekki viðeigandi að fela einum banka landsins eftirlit með öðrum lánsstofnunum, þótt minni séu, því að sjálfsögðu eru þessar stofnanir allar keppinautar um viðskipti.

Aftur á móti teljum við, að athuga beri, hvort ekki sé eðlilegt, að ríkið láti fram fara eftirlit frá einni hendi með öllum opinberum lánsstofnunum í landinu — bæði bönkum og sparisjóðum —, svo sem milliþinganefnd, er Alþingi kaus árið 1937, lagði til.

Lítum við svo á, að ekki sé ráðrúm til þess að leiða þetta eftirlitsmál með nægilegri athugun til lykta á þessu þingi og þar af leiðandi sé rétt að vísa því til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar, enda vill svo vel til, að ríkisstjórnin hefur starfandi bankamálanefnd, sem hún getur lagt málið fyrir.

Leggjum við þess vegna til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki til athugunar, hvernig bezt verði fyrir komið og hagfelldast eftirliti með opinberum lánsstofnunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Bernh. Stefánsson, form.
Karl Kristjánsson, frsm.

Ed. 663. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð í öllum kaupstöðum landsins á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni á sömu stöðum hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis. Jafnframt skal verðgæzlustjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu öðrum verzlunarstöðum landsins og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Ed. 664. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á frumvarpinu hafa verið gerðar nokkrar breytingar í hv. neðri deild, og eru þessar helztar:

1. Að sett sé það skilyrði fyrir sölu Kollafjarðarness og Staðar, að jarðir þær séu gerðar að ættaróðali, en þó seldar eftir mati, en ekki við fasteignamatsverði, eins og annars er gert með þær jarðir, sem gerðar eru að ættaróðulum. Nefndin er ekki á móti þessari breytingu, en er þó ljóst, að með því fæst lægra verð fyrir jarðirnar.

2. Að selja Kolgrafarsel í Eyrarsveit á Snæfellsnesi ábúanda Kolgrafa. Kolgrafarsel er búið að vera í eyði lengi, en hefur verið í ábúð Kristjáns Þorleifssonar, er lengi bjó á Grund og var hreppstjóri í Eyrarsveit. Hann mun hafa látið Ingvar bónda á Kolgröfum fá jörðina til nytja og Ingvar hafa raunverulega notað hana nú um nokkurra ára skeið, þótt Kristján sé hinn löglegi notandi gagnvart ríkissjóði. Hreppsnefnd Eyrarsveitar mælir með sölunni, og talið er, að Kristján, sem að lögum hefur forkaupsrétt, kæri sig ekki um hana. — Nefndin mælir með sölunni, þar sem Kolgrafarsel er af landnámsstjóra talið of lítið til að vera sjálfstætt býli, og notast land jarðarinnar bezt frá Kolgröfum. Hins vegar væntir nefndin þess, að þess verði gætt, að ekki séu sniðgengnir þeir aðilar, er forkaupsrétt hafa að lögum, þegar heimild laganna til sölu verður notuð.

3. Þá hefur verið bætt við jörðinni Grísará í Hrafnagilshreppi og heimilað að selja hana eftir mati, enda sé hún gerð að ættaróðali. Jörðin Grísará hefur um langt skeið verið nytjuð af ábúandanum á Kroppi, enda liggja lönd jarðanna saman. Hús eru þar fallin fyrir mörgum árum. 1948 var jörðin Grísará, ásamt hluta af engjum jarðarinnar Kropps, byggð manni, sem hefur reist hús, sem kallað er Laugarbrekka, nálægt Reykhúsum. Bygging hans var til 7 ára og tekið fram, að fyrir þann tíma skyldi hann hafa hafið byggingu á Grísará. Bæði bóndinn á Grísará, þ. e. sá, er hefur hana á leigu nú ásamt hluta af engjum Kropps, og bóndinn á Kroppi óska eftir kaupum á jörðunum, sem þeir nú hafa byggingu fyrir, eða eins og þeir nú nytja þær. — Nefndin telur, eftir þeim upplýsingum, sem hún hefur getað aflað sér, að Grísará sé of lítil ein sér og þurfi að styðjast við engjar frá Kroppi. Fyrir því telur hún réttast, að landnámsstjóri sé látinn athuga, hvernig heppilegast sé að skipta engjum Kropps og ef til vill meira af landi þeirrar jarðar, þannig að tvær jarðir

verði úr Kroppi og Grísará, og að því búnu séu jarðirnar seldar eftir lögum um ættaróðal og erfðaábúð. Fyrir því telur nefndin rétt að fella niður heimild til að selja Grísará og leggur til, að frumvarpið sé samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. e-liður falli niður.
b. Síðasta málsgr. 1. gr. falli niður.

FRV og VH voru ekki á fundi, er ákvörðun var tekin í málinu.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 665. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1950.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „31 022 671.25“ kemur: 24 233 911.88.
   b. Fyrir „41 700 186.66“ kemur: 34 911 427.29.
   c. Fyrir „88 445 134.40“ kemur: 87 875 134.40.
2. Við 2. gr.
   a. Við 2. (Síminn).
      Fyrir orðin „umfram fjárlagaáætlun“ kemur: tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   b. Við 6. (Ríkisprentsmiðjan Gutenberg).
      Fyrir orðin „af kr. 2 436 454.82 brúttótekjum“ kemur: en tekjur fóru kr. 361 454.82 fram úr fjárlagaáætlun.
   c. Við 9. (Landssmiðjan).
      Fyrir orðin „af kr. 1 674 270.93 brúttótekjum“ kemur: en tekjur fóru kr. 378 770.93 fram úr fjárlagaáætlun.
3. Við 5. gr.
   Fyrir niðurstöðutölu „kr. 2 930 032.04“ kemur: kr. 5 661 917.98.
4. Við 8. gr.
   a. Við B. XVI. 1. (Íþróttakennaraskóli ríkisins).
      Fyrir „14 202.00“ kemur: 14 202.40.
   b. Fyrir niðurstöðutölu í B-lið „2 205 607.15“ kemur: 6 684 961.78.
   c. Fyrir niðurstöðutölu „2 845 568.12“ kemur: 7 324 922.75.
5. Við 11. gr. 13. (Upptökuheimili í Elliðahvammi).
   Fyrir „23 154.00“ kemur: 23 154.06.
6. Við samtölu 3.—13. gr.
   a. Fyrir „31 022 671.25“ kemur: 38 233 911.88.
   b. Við bætist: Frá dragast launahækkanir, sbr. 19. gr. 2. fjárl. 1950 kr. 14 000 000.00.
   c. Fyrir „41 700 186.66“ kemur: 34 911 427.29.

7. Við 14. gr.
   a. Fyrir „36 417 506.00“ kemur: 36 987 506.00.
   b. Fyrir „88 445 134.40“ kemur: 87 875 134.40.
   c. Fyrir „130 145 321.06“ kemur: 122 786 561.69.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Jónas G. Rafnar.	Karl Kristjánsson.
Ásmundur Sigurðsson.	Pétur Ottesen.	Ingólfur Jónsson.

Ed. 666. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðgæzlustjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Nd. 667. Frumvarp til laga [184. mál]

um Framkvæmdabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal banka, er nefnist Framkvæmdabanki Íslands. Á ensku er heiti bankans Iceland Bank of Development. Bankinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt 13. gr. laga þessara. Heimili og varnarþing bankans er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bankans er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu, og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu.

Til þess að gera Framkvæmdabankanum kleift að leysa af hendi þetta hlutverk sitt, skal honum lagt til fé það, sem um getur í 3. og 4. grein.

3. gr.

Ríkissjóður leggur Framkvæmdabankanum til stofnfé, samtals að upphæð 95 000 000 króna, sem hér segir:

Skuldabréf fyrir lánum úr Mótvirðissjóði:

Tvö skuldabréf Sogsvirkjunarinnar, dags. 18. febrúar 1952, að upphæð samtals 54 000 000 króna.

Tvö skuldabréf Laxárvirkjunarinnar, dags. 29. febrúar 1952, að upphæð samtals 21 000 000 króna.

Skuldabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, dags. 9. apríl 1952, að upphæð 20 000 000 króna.

Ríkissjóður leggur bankanum enn fremur til stofnfé til viðbótar, eftir því sem Alþingi kann að ákveða hverju sinni.

4. gr.

Framkvæmdabankanum skal falin varzla þess fjár, sem nú er í Mótvirðissjóði eða í hann kemur vegna efnahagsaðstoðar, sem þegar hefur verið látin í té. Um ráðstöfun þess fjár gilda eftirgreind ákvæði:

Af fé Mótvirðissjóðs skal Framkvæmdabankinn geyma 50 milljónir króna á sérstökum reikningi í seðlabankanum (skuldagreiðslureikningi), ef til kemur að því fé verði varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1951.

Fé það, sem er í Mótvirðissjóði, annað en það, sem notað hefur verið eða notað verður hér eftir til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h/f eða til skuldagreiðslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankinn skal þó flytja árlega á viðskiptareikning sinn hjá seðlabankanum hluta þessarar innstæðu. Skal sá hluti ákveðinn þannig, að í fyrsta sinn skal Framkvæmdabankinn flytja $\frac{1}{25}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1952, eftir að dregin hefur verið frá innstæðunni á sérreikningnum sú upphæð, sem ríkisstjórnin áætlar að notuð verði síðar til kaupa á skuldabréfum virkjananna tveggja og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Í ársbyrjun 1954 skal með sama hætti fluttur $\frac{1}{24}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1953, í ársbyrjun 1955 $\frac{1}{23}$ þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1954, o. s. frv. unz þessi innstæða er tæmd.

Frá og með 15. febrúar 1953 skal seðlabankinn af hinu bundna innstæðufé greiða vexti eftir samningi, sem bankarnir gera með sér.

Vextir þeir, sem seðlabankinn greiðir af hinni bundnu innstæðu, svo og vextir og afborganir af lánum úr Mótvirðissjóði, skal fært á viðskiptareikning Framkvæmdabankans.

Innstæðu sína á viðskiptareikningnum má Framkvæmdabankinn nota til starfsemi sinnar samkvæmt 7. grein.

Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdabankans.

5. gr.

Tekjuafgang bankans skal leggja við höfuðstól eða í varasjóð samkvæmt ákvörðun bankaráðs, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.

6. gr.

Handbært fé Framkvæmdabankans skal geymt í viðskiptareikningi í seðlabankanum. Óheimilt er Framkvæmdabankanum að taka lán hjá seðlabankanum.

7. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum.
2. Að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og að dómi bankastjórnarinnar nægilega arð-

bær til þess að geta greitt af rekstrartekjum vexti og afborganir af skuldum sínum. Enn fremur að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama hátt.

3. Að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.

4. Að verzla með verðbréf þau, sem nefnd eru í 2. og 3. lið þessarar greinar.

5. Að gefa út og selja eigin skuldabréf.

6. Að efla sparifjársöfnun og verðbréfaviðskipti og stuðla að öðru leyti að þróun heilbrigðs markaðs innanlands fyrir lánsfé til langs tíma.

7. Að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar, enda er Framkvæmdabankinn undanþeginn ákvæði 4. greinar laga nr. 105 21. desember 1945.

8. Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim fyrirgreiðslu.

9. Að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna.

10. Að greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri.

11. Að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu.

8. gr.

Fé það úr Mótvirðissjóði, er bankinn fær til eignar samkvæmt 3. grein, svo og fé það, er hann fær til ráðstöfunar samkvæmt 4. gr., skal bankinn lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært, ásamt vaxtatekjum af því, en að frádregnum hlutfallslegum kostnaði við rekstur bankans. Skulu skilmálar þessara lána vera hinir sömu og gilda á sama tíma um hliðstæðar lánveitingar Framkvæmdabankans.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 80 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi þegar lánssamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánssamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Nú tekur bankinn fé að láni erlendis og lánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdabankinn skal, ef fjármálaráðherra óskar þess, annast fyrir hönd ríkissjóðs innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkið hefur veitt, og enn fremur sjá um greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Ríkissjóður greiðir bankanum hæfilega þóknun fyrir þessi störf og bætir honum hvert það tjón, sem hann kann að verða fyrir vegna þessara lána.

Ríkissjóður afhendir bankanum til vörzlu og innheimtu skuldabréf lántakenda fyrir lánum þeim, sem ríkið hefur veitt innanlands af eftirtöldum erlendum lánum:

1. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1948, til síldarverksmiðja o. fl.

2. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1949, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
3. Lán hjá Hambros Bank Ltd., London, 1949, til togarakaupa.
4. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
5. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til landbúnaðar.
6. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.
7. Lán hjá Gagnkvæmu Öryggisstofnuninni í Washington, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.

12. gr.

Bankinn starfar á almennum viðskiptagrundvelli. Vextir af þeim lánum, sem bankinn veitir, skulu fela í sér hæfilega áhættuþóknun til bankans.

Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð.

13. gr.

Stjórn bankans er í höndum bankaráðs og bankastjóra.

14. gr.

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn:

1. Skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.
2. Einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans.
3. Þrír menn kosnir hlutfallskosningu af Alþingi.

Fjórir hinir síðasttöldu skulu valdir til sex ára í senn.

Fjármálaráðherra skipar varamann fyrir skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Aðrir varamenn skulu valdir af sömu aðilum og aðalmenn og til sama tíma.

Bankaráð kýs sér formann og varaformann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

15. gr.

Bankaráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess.

16. gr.

Bankaráð hefur umsjón með starfsemi bankans. Það tekur, að fengnum tillögum bankastjóra, ákvörðun um lánveitingar og lántökur, svo og um kaup og sölu skuldabréfa og hlutabréfa. Bankaráð getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir. Bankaráð ákveður útlánsvexti og önnur lánskjör, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankastjóri semur rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár og leggur hana fyrir bankaráð til samþykktar.

Bankastjóri semur árlega skýrslu um starfsemi bankans, eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs, og skal hún send ríkisstjórninni, er bankaráð hefur fallizt á hana.

17. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og ákveður laun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera sex mánuðir. Þó getur bankaráð sagt bankastjóra upp starfi fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd ein mánaðarlaun fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem hann hefur gegnt störfum, nema hann hafi brotið af sér í starfi sínu. Greiðsla þessi skal þó aldrei vera lægri en sem svarar sex mánaða launum, né hærri en sem svarar eins árs launum. Nú víkur bankastjóri úr starfi vegna uppsagnar, og skal þá greinargerð fylgja uppsögninni.

Bankastjóri skal hafa þá reynslu og þekkingu á fjármálum og atvinnumálum, sem geri hann sérstaklega hæfan til starfsins.

18. gr.

Bankastjóri sér um daglegan rekstur bankans og stjórnar honum, nema að því leyti sem stjórnin er sérstaklega falin bankaráði samkvæmt 16. grein. Hann ræður starfsfólk bankans í samræmi við rekstraráætlun þá, sem gera ber samkvæmt sömu grein.

Bankastjóri skal láta bankaráði mánaðarlega í té skýrslu um starfsemi bankans. Tillögur, sem bankastjóri leggur fyrir bankaráð, skulu rökstuddar skriflega.

19. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skipuðum af fjármálaráðherra. Endurskoðandi skilar skýrslu sinni til ráðherra og bankaráðs.

Ársreikningur bankans, með áritun endurskoðanda, skal birtur í ársskýrslu bankans ásamt skýringum.

20. gr.

Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun.

21. gr.

Framkvæmdabankinn skal í starfsemi sinni hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila aðra, sem hafa fjárfestingarmál með höndum.

22. gr.

Framkvæmdabankinn nýtur þeirra sérréttinda, sem Landsbanka Íslands eru veitt í 53.—57. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, svo og í 58. gr. 2. málsgr. sömu laga.

Verja má fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdabankans.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum bankaráðs, að gefa út reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi bankans.

24. gr.

Framkvæmdabankinn tekur til starfa 15. febrúar 1953.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kjörtími fyrstu aðalmanna og varamanna í bankaráð Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölul. 14. gr. skal vera til ársloka 1958, og kýs Alþingi í fyrsta sinn þrjá aðalmenn og þrjá varamenn á þingi því, er samþykkir þessi lög.

Nd. 668. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Ásmundi Sigurðssyni.

Við 7. gr. Á eftir 2. tölul. komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Að vinna að því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins með því að lána fé til framkvæmda þar sem þess er þörf, til þess að tryggja atvinnu og örugga lífsafkomu manna.
b. Að veita bæjar- og sveitarfélögum lán til framkvæmda, sem gagnlegar eru þjóðarbúskapnum og efla atvinnulífið í viðkomandi héraði.

Ed. 669. Frumvarp til laga [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar Böggvisstöðum skal þó heimilt að selja jarðir sjóðsins, og enn fremur er forráðamanni kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akraneshreppi heimilt að selja þá jörð, enda verði andvirði jarða þessara varið í samræmi við ákvæði gjafabréfa fyrir þeim. Sala er þó því aðeins heimil, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með henni.

b. (8. gr.) Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir áðurnefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda ekki skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna.

Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða.

Heimild til sölu á jörðum samkvæmt þessari grein fellur úr gildi við árslok 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 670. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga og um viðauka við l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og eru nefndarmenn sammála um, að brýna nauðsyni beri til að greiða úr þeim örðugleikum, sem á því eru, að menn geti fengið

lánsfé til íbúðabygginga með eðlilegum hætti og hagstæðum kjörum hjá þeirri lánastofnun, veðdeild Landsbankans, sem hefur það hlutverk að veita lán til íbúðabygginga.

Í viðræðum nefndarmanna við ríkisstjórnina hefur hún látið í ljós áhuga á því að greiða úr þessu máli. En með því að nú er komið fast að þingslitum, hafa nefndarmenn orðið ásáttir um að leggja til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar,** í trausti þess, að hún beiti sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum varðandi það mál, sem frv. fjallar um.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Skúli Guðmundsson, form.	Sigurður Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
Stefán Jóh. Stefánsson, með fyrirvara.	Einar Olgeirsson, með fyrirvara.	

Nd. 671. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið, og varð ég í minni hluta. Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. jan. 1953.

Einar Olgeirsson.

Nd. 672. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi sparifjár.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið hefur verið sent Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f, Búnaðarbanka Íslands og Skattstofu Reykjavíkur til umsagnar.

Frumvarpið og umsagnir ofangreindra aðila hafa verið ræddar á fundi nefndarinnar, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að frumvarpið verði samþykkt, en áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.	Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 10. janúar 1953.

Háttvirt fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 29. des. f. á., leitað umsagnar Landsbanka Íslands um frumvarp til laga um skattfrelsi sparifjár. Fer hér á eftir álit vort um málið:

Eðlilegasta og raunar eina leiðin til aukinnar sparifjársöfnunar hefur jafnan verið sú að greiða eins háa vexti af sparifé og aðstæður hafa leyft á hverjum tíma.

í því augnamiði hækkaði Landsbankinn sparisjóðsvexti sína þann 2. apríl f. á. um 1½—2¾% (útlánsvextir voru samtímis hækkaðir um 1%), og fylgdu aðrir bankar og sparisjóðir þessu fordæmi. Vafalaust hafði þessi vaxtahækkun góð áhrif, einkum fyrstu mánuðina, en síðan í septemberbyrjun hefur spariféð heldur lækkað. Skýrslur um þetta efni er að finna í Hagtíðindunum. Virðist koma í ljós, að vaxtahækkunin, sem gerð var í aprílbyrjun 1952, ætli ekki að reynast einhlít til þess að framkalla viðunandi sparifjársöfnun, og ekki verður hægt að hækka innlánsvexti af sparifé frekar en gert hefur verið, nema útlánsvextir hækki jafnmikið. En hækkun sú, sem gerð var á síðasta ári, varð mörgum sparisjóðanna erfið, svo að þeir þola ekki, að lengra sé gengið á þeirri braut að hækka innlánsvexti meira en útlánsvexti.

Stjórn Landsbanka Íslands hefur látið í ljós álit sitt um skattfrelsi sparifjár með bréfi til háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 11. jan. 1952, og bréfi Jóns Árnasonar til sömu nefndar, dags. 14. des. 1951, og var þar mælt með, að skattfrelsi sparifjár yrði lögfest.

Stjórn bankans (bankaráð og bankastjórn) hefur athugað frumvarp það um skattfrelsi sparifjár, sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi, og hvetur eindregið til, að það verði samþykkt á þessu þingi. Er nokkuð að því vikið hér að ofan, að bankastjórnin óttist, að draga muni úr sparifjársöfnun, ef ekkert er að gert. En afleiðing þess hlýtur óhjákvæmilega að verða aukin eyðsla almennings, en samtímis samdráttur á útlánum. Það má að vísu benda á fleiri leiðir, sem fara mætti í því augnamiði að tryggja aukna sparifjársöfnun, svo sem verðtryggingu sparifjár og skyldusparnað. Skyldusparnaðarleiðin hefur verið reynd með góðum árangri t. d. í Danmörku og Kanada, en ekki beinlínis til almennrar sparifjáraukningar, heldur til að taka peninga úr umferð til að vinna gegn verðbólgu.

Ekki vitum vér til, að verðtrygging sparifjár hafi nokkurs staðar verið lögfest, en málið hefur víða verið rætt síðustu árin, en fengið einna ýtarlegasta athugun í Finnlandi, án þess þó að nokkuð hafi orðið úr framkvæmdum.

Finnar lögleiddu skattfrelsi sparifjár 1943 til 4 ára. Síðan hafa þessi lög tvisvar verið framlengd og gilda nú til ársloka 1955. Við síðustu framlengingu laganna var framtalsskyldu sparifjár aflétt að fullu. Það er eftirtektarvert, að árið 1950 hækkaði innlánsfé í Finnlandi um 17000 millj. FM, en árið 1951, eftir að framtalsskyldunni var aflétt, hækkaði innlánsféð um 59500 millj. FM.

Vér teljum mikilsvert, að haldið verði fast við ákvæði 3. gr. frv. um niðurfellingu á framtalsskyldu sparifjár. Er það álit vort, og sama máli gegnir um þá forstöðumenn sparisjóða, sem vér höfum rætt við, að niðurfelling framtalsskyldunnar muni hafa engu minni áhrif en sjálft skattfrelsið.

Virðingarfyllst,

Jón G. Maríasson. Gunnar Viðar. Jón Árnason.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 15. janúar 1953.

Þér hafið sent oss til umsagnar frumvarp til laga um skattfrelsi sparifjár.

Vér mælum eindregið með meginefni frumvarpsins, að gera spariféð skattfrjálst.

Hins vegar teljum vér, að gera þyrfti breytingar á einstökum greinum frumvarpsins í samræmi við eftirfarandi athugasemdir:

Að undanskildum 10 ára bókum, sem litlu máli munu skipta í þessu sambandi,

er lengsti uppsagnarfrestur á innstæðum sex mánuðir, og því yrði að miða við þann tíma í 2. gr., ef lögin eiga að koma að gagni nú þegar, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr.

4. gr. ætti að falla í burt, eða að minnsta kosti ætti að heimila mönnum að veðsetja innstæður sínar fyrir upphæðum, sem lægri eru en innstæðan, án þess að burt falli skattfrelsi á mismun skuldar og innstæðu.

Vér teljum algerlega ófær þau ákvæði 6. gr., að innstæðueigandi geti hafið fé án framvísunar sparisjóðsbókar eða skírteinis.

Virðingarfyllst,

Helgi Guðmundsson. Valtýr Blöndal. Jóhann Hafstein.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 21. janúar 1953.

Með bréfi háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis barst bankanum frumvarp til laga um skattfrelsi sparifjár, og óskar nefndin eftir umsögn hans um frumvarpið.

Fullu fylgi skal hér lýst við frumvarp þetta. Nauðsynlegt er þó, að þær breytingar verði á því gerðar, að í stað orðanna eitt ár í a)-lið 2. gr. komi hálft ár og í stað orðanna eitt ár í b)-lið sömu greinar komi hálft ár.

Öllum, sem um þetta mál vilja hugsa af sanngirni og án barnalegrar tortryggni, er það ljóst, hvílíkt nauðsynja- og réttlætismál er um að ræða.

Ágæt greinargerð, sem frumvarpinu fylgir, tekur í rauninni fram meginatriði málsins. Þó skal til viðbótar á það bent, að eins og nú er háttað, er um mikið ósamræmi að ræða í framtölum sparifjár til skatta. Verulegur hluti þess er ekki talinn fram og verður ekki, enda þótt skattskylt sé að lögum. Og engum heilvita manni kemur til hugar að hefja eltingarleik til að fá það fram talið.

Fjöldi manna, einkum úr sveitum, kvarta sáran undan framtalsskyldunni á sparifé, ekki sér í lagi af því, að það sé skattskylt, heldur miklu fremur af því, að jafnskjótt og það er komið á skattskrá, er ekki stundlegur friður fyrir lánbeiðnum, en um það er, eins og gefur að skilja, flestum lítið gefið. Meðal annars af þessu liggur fólk oft með peninga, svo að um munar, heima hjá sér, í stað þess að geyma þá og ávaxta í bönkum eða sparisjóðum landsins.

Sumir virðast standa í þeirri trú, að það séu fyrst og fremst ríkisbubbarnir, sem eigi spariféð. En hér er um fullkominn misskilning að ræða. Þeir, sem mestan kunnugleika hafa á þessum málum, vita, að stórefnamenn eiga sjaldan fé í bönkum eða sparisjóðum. Spariféð er svo að segja allt í smærri upphæðum. Það eru ekki hinir ríku, sem eiga það að jafnaði. Það er fjöldinn, sem á það. Það er hinn almenni borgari til sveita og sjávar, það er alþýðan, en ekki neinir fáir auðjöfrar. Það eru mjög oft börn og gamalmenni. Það er langoftast nægjusamasti hlutinn af fólkinu, iðjusamasti og sparneytnasti. Það er þetta fólk, sem endalaust er rúið og aftur rúið, þvert ofan í fyrirheit um hið gagnstæða og ítrekaðar áskoranir um meiri sparnað.

Mál þetta ætti að vera tiltölulega vel ljóst fyrir hinu háa Alþingi. Það hefur verið víða rætt. Það er því óþarft að hafa um það langt mál hér. Saga þess er raunasaga, sem hingað til hefur verið rakin fyrir daufum eyrum. Það er í rauninni saga um mikil óhöpp og mistök. Vonandi fer nú að líða að lokum hennar, og mættu

þau teljast, eins og komið er, næsta góð, ef frumvarp þetta næði fram að ganga á því löggjafarþingi, er nú situr, með þeim breytingum þó, sem hér að framan er bent á.

Virðingarfyllst,

Búnaðarbanki Íslands,

Hilmar Stefánsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

SKATTSTOFA REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 14. janúar 1953.

Hæstvirt fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp til laga um skattfrelsi sparifjár, þingskjal nr. 426.

Tilgangur frumvarpsins virðist sá að undanþiggja sparifé eignarskatti og arð af því tekjuskatti. Um tilganginn er því ef til vill ekkert nema gott að segja, en benda má á, að óréttlæti það, sem flutningsmenn frumvarpsins telja að sparifjáreigendur séu beittir í sköttum, stafi af því, að núgildandi eignarskattsstigi er settur árið 1935. Síðan hefur verðgildi peninga breytzt stórlega, en sama mat á fasteignum gildir enn nær óbreytt, þ. e. a. s. hlutfallið milli verðgildis peninga og eignar í fríðu hefur breytzt sparifjáreigendum í óhag, án þess að skattalögunum hafi verið breytt í samræmi við breyttar aðstæður. Þetta óréttlæti mætti því leiðrétta með hækkuðu mati á eignum í fríðu, um leið og eignarskattsstiginn yrði lækkaður, þannig að hámark skattfrjálsrar eignar yrði hækkað úr kr. 10000, eins og það er nú, í t. d. kr. 50000.

En hvað sem þessu atriði líður, tel ég ýmis ákvæði frumvarpsins, ef að lögum yrði, torvelda mjög allt eftirlit með framtölum manna, og það svo, að skattyfirvöld misstu úr hendi sér einn þeirra helztu möguleika, sem nú eru fyrir hendi til að sannreyna gildi skattframtala. Í 3. grein frumvarpsins er sem sé gert ráð fyrir, að sparifjáreigendur verði undanþegnir skyldu til að telja fram sparifjáreign, sem fullnægi skilyrðum 2. gr., auk þess sem skattyfirvöldum yrði eigi heimilað að krefja lánsstofnanir um upplýsingar um innistæður þessar, samkv. núgildandi heimild í 33. gr. laga nr. 6 frá 1935.

Af þessu ákvæði 3. gr. frumvarpsins virðist mega ráða, að sparifjáreigandi, einstaklingur eða félag, þyrfti ekki að gera skattyfirvöldunum grein fyrir því, hvernig tekna hafi verið aflað til að mynda sparifjáreign, sem félli undir ákvæði 2. gr. frumvarpsins. Sem dæmi má nefna: Jón Jónsson kaupir fasteign á kr. 300 000.00. Samkvæmt síðasta framtali á hann í reiðu fé kr. 100 000.00, og framtaldar tekjur hans á árinu hafa rétt nægt honum til framfærslu. Samkvæmt núgildandi ákvæðum skattlaganna verður hann að gera skattyfirvöldunum grein fyrir, á hvern hátt hann hefur aflað sér mismunarins, kr. 200 000.00; ef hann gerði það ekki, yrði talið, að hér væri um undandrátt tekna að ræða, og tekjur hans hækkaðar.

Þetta veitir skattþegnunum aðhald og beinlínis knýr þá til að telja réttar fram en ella tekjur sínar og skuldir, en ef ákvæði 3. gr. frv. yrði að lögum, gæti Jón Jónsson afgreitt fyrirspurnir skattyfirvalda á þann þægilega hátt að segjast hafa átt skattfrjálst sparifé, sem hann gæti hafa aflað sér án þess að gjalda af því nokkra skatta. Við þá skýringu yrðu skattyfirvöldin að una og gætu nú ekki einu sinni sannreynt, samkv. 33. gr. laga nr. 6 frá 1935, hvort Jón Jónsson hefði átt umrætt sparifé eða ekki.

Viðurlögin við misnotkun skattfrelsis sparifjár, sem sett eru í 4. gr. frumvarpsins, virðast mér gagnslítil eða jafnvel alveg gagnslaus, þar sem ekkert raunhæft eftirlit er hægt að hafa með skattfrjálsu sparifé, sbr. það, sem áður segir um ákvæði seinni málsgreinar 3. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Halldór Sigfússon.

Til fjárhagsnefndar Alþingis.

Nd. 673. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um skattfrelsi sparifjár.

Frá Jóhanni Hafstein og Sigurði Ágústssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „eitt ár“ í niðurlagi a-liðar komi: hálft ár.
   b. Í stað orðanna „eitt ár“ í niðurlagi b-liðar komi: hálft ár.
2. 4. gr. falli niður.
3. 6. gr. orðist svo:
   Ráðherra skal með reglugerð ákveða nánar um framkvæmd laga þessara.

Nd. 674. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt í nefndinni. Þar sem þingi lýkur brátt, eru síðustu forvöð, að það komist til umræðu í neðri deild.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 28. jan. 1953.

Einar Olgeirsson.

Ed. 675. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Á eftir 7. gr. frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Birting nafna samkvæmt 3. gr. skal miðuð við vörusendingar, sem tollafgreiddar eru eftir gildistöku laga þessara.

Ed. 676. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 1. töluliður 1. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:
      Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.
   b. (2. gr.) Á eftir 1. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
      Kópavogshérað: Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.
   c. (3. gr.) Orðin „Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár“ í 3. gr. laga nr. 17 1945 (Álafosshérað) falli niður.
2. Fyrir orðið „fellur“ í 3. gr. kemur: og 4. gr. laga nr. 17 1945 falla.
3. Við fyrirsögn frv. Aftan við orðin „l. nr. 52 1942“ bætist: og l. nr. 17 1945.

Ed. 677. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin er ekki sammála um þetta frv. Ég undirrituð vil samþykkja það eins og það var eftir 2. umr. í Nd., þ. e. án þeirrar breytingar á læknaskipuninni, sem 1. gr. frv. felur í sér. LJóh vill samþykkja frv. óbreytt, og HG vill samþykkja 1. gr. frv., en er mótfallinn 2. gr. FRV hefur ekki tekið afstöðu til málsins, en GJ er algerlega andvígur frv. og mun gefa út sérstakt nefndarálit.

Á síðasta þingi var til meðferðar í þessari deild frv., sem var að nokkru leyti samhljóða þessu frv., þ. e. a. s. að í því frv. var gert ráð fyrir skiptingu Blönduóshéraðs, eins og nú er gert, en jafnframt var gert ráð fyrir skiptingu Egilsstaðahéraðs. Deildin afgreiddi það mál með rökstuddri dagskrá, þar sem hún taldi, að það hefði ekki hlotið nauðsynlegan undirbúning og að þær skiptingar læknishéraða, sem farið var fram á, væru allviðurhlutamiklar, nema að mjög vel athuguðu máli.

Ég er enn á sömu skoðun og ég var á síðasta þingi, að því er varðar skipun læknishéraða almennt, en tel hins vegar, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., geti ekki haft áhrif á heildarskipun þessara mála.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 1942, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
form.

Nd. 678. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 7. gr.
   a. Á eftir 1. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Að stuðla að því, að upp sé komið stóriðju í ríkiseign.
   b. 3. töluliður falli burt.
   c. Í stað orðsins „einkaaðila“ í 8. tölulið komi: opinbera aðila, jafnt ríkisstofnanir sem bæjar- og sveitarfélög, svo og samvinnufélög, hlutafélög og einstaklinga.
2. Við 9. gr. Greinin falli niður.
3. Við 10. gr. Greinin falli niður.

Nd. 679. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Við 7. gr.

Á eftir 7. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Að stuðla að framkvæmdum, er horfa til almenningsheilla og reknar eru á samvinnugrundvelli.

Ed. 680. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi þetta mál allýtarlega, og voru nefndarmenn sammála um, að það væri athyglisvert. Hins vegar varð ágreiningur um afgreiðslu málsins. Þrír nefndarmenn vildu mæla með samþykkt frumvarpsins á þessu þingi, en við tveir viljum vísa því til ríkisstjórnarinnar og tryggja málinu þar með meiri athugun.

Enginn ágreiningur var í nefndinni um það, að eftirlit með rekstri ríkisins og rekstri stofnana þess sé nauðsynlegt. Með þeirri skoðun er engu vantrausti lýst á ríkisstjórn, heldur viðurkennd sú staðreynd, að rekstur ríkisins og stofnana þess er orðinn svo margþættur og umfangsmikill, að hver ríkisstjórn þarf að hafa starfandi sér til ráðuneytis öruggt eftirlit — og miklu meira nú en fyrr á tíð. En vel þarf samt að athuga, hvort ekki er þó hægt að komast af án þess að setja á stofn nýtt embætti, sem kostar fyrst og fremst skrifstofustjóralaun (sbr. 2. gr. frv.) og þar að auki laun annars starfsliðs og skrifstofukostnað (sbr. 3. gr. frv.). Vel mætti vera, að hægt væri með rækilegri gaumgæfni að skipa þannig verkum, að ekki þurfi svo mikils með.

Alþingi kýs þrjá yfirskoðunarmenn ríkisreikninga og reikninga ríkisstofnana. Þessir yfirskoðunarmenn eiga ekki aðeins að endurskoða reikninga, heldur líka að gagnrýna meðferð fjár. Ef til vill væri rétt að leggja þeim á herðar aukið starf til eftirlits og ráðsmennsku.

Í endurskoðunardeild ríkisins starfar margt manna. Ef til vill væri hægt að

skipa þar þannig verkum, að meira eftirlit með rekstri væri innt af höndum af endurskoðunardeildinni heldur en nú er, og það án stóraukins kostnaðar.

Fjárveitinganefnd vinnur mikið að athugun á rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Hins vegar er þingtíminn hverju sinni of stuttur til þess, að nefndin geti sinnt þeim verkefnum svo sem nauðsynlegt væri. Við lítum svo á, að rökrétt væri, að hún kysi fulltrúa til þess að vinna milli þinga að rannsókn og eftirliti í samræmi við ályktanir sínar. En vafasamt er, að rétt sé að gera þann fulltrúa fastan starfsmann (að vísu kosinn á fjögurra ára fresti) hafandi sérstaka skrifstofu og þjónalið, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Líklegt má telja, að nægja mundi, að fjárveitinganefnd hefði slíkan fulltrúa starfandi við og við, en þyrfti þess alls ekki árlega, ekki sízt ef starfssvið yfirskoðunarmanna væri eitthvað aukið og endurskoðunardeildin gæti gegnt eftirlitsstörfum á fullkomnari hátt en nú er.

Af framangreindum ástæðum teljum við, að málið þurfi miklu meiri athugun en gerð hefur verið, og leggjum til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin láti taka til rækilegrar athugunar, hvernig eftirliti með rekstri ríkisins og stofnana þess verði á fullkomnastan hátt og hagkvæmastan fyrir komið, og leggi niðurstöður af þeirri athugun fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Bernharð Stefánsson, form. — Karl Kristjánsson, frsm.

Nd. 681. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Inn í greinina bætist í stafrófsröð:
Jacobssen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1911 í Noregi.

Nd. 682. Lög [32. mál]

um ættleiðingu.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 647.

Sþ. 683. Nefndarálit [208. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hveraleir, hveragufu og hveravatni til lækninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. — Jón Gíslason, fundaskr. — Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Magnús Jónsson. — Jón Sigurðsson. — Eiríkur Þorsteinsson.
Áki Jakobsson.

Sþ. 684. Nefndarálit [204. mál]

um till. til þál. um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Jón Sigurðsson.	Eiríkur Þorsteinsson.
	Áki Jakobsson.	

Sþ. 685. Nefndarálit [114. mál]

um till. til þál. um hafrannsóknaskip.

Frá fjárveitinganefnd.

Til fjárveitinganefndar hefur verið vísað þremur tillögum til þingsályktunar, sem fjalla um skyld efni. Þær eru: Tillaga um hafrannsóknaskip, á þskj. 158, tillaga um fiskileitarskip á djúpmiðum, á þskj. 182, og loks tillaga um síldarleit fyrir Norður- og Norðausturlandi, á þskj. 71. Nefndin sendi tillögur þessar til Fiskifélags Íslands, fiskideildar atvinnudeildar háskólans og forstjóra íslenzku landhelgisgæzlunnar og óskaði umsagnar þessara aðila um tillögurnar. Hafa nefndinni borizt svör frá þessum aðilum. Svörin hníga öll að því, að hér sé gripið á þýðingarmiklum atriðum á sviði sjávarútvegsins og æskilegt væri að geta hrundið tillögum í þessa átt sem fyrst í framkvæmd. Hins vegar falla tillögur þessara aðila til úrlausnar málsins engan veginn á eina lund, þannig að sitt sýnist hverjum um sum atriði varðandi lausn málsins. Það kom og fram við umræður, sem fram fóru í nefndinni um tillögur þessar, að orkað gæti tvímælis, hvaða leiðir fara skyldi til lausnar málsins. Af þessu er auðsætt, að nauðsynlegt er, að gaumgæfileg rannsókn verði látin fram fara á öllum þáttum þessa máls og að ríkisstjórnin kveðji sér þar til aðstoðar sérfróða menn á þessu sviði.

Fjárveitinganefnd leggur eindregið til, að athugun á þessu máli verði hraðað, svo að því takmarki verði sem fyrst náð, sem stefnt er að með þessum tillögum.

Það er að því vikið í upphafi þessa nefndarálits, að tillögur þessar fjalli allar um skyld efni. Í samræmi við það hefur orðið um það samkomulag í nefndinni að sameina efni tillagnanna í eina tillögu, og leggur nefndin því til, að tillögunni á þskj. 158 verði breytt samkvæmt því.

Tillagan um síldarleit á þskj. 71 er einskorðuð við síldarsvæðið fyrir Norður- og Norðausturlandi. En samkvæmt tillögu fjárveitinganefndar ber að miða undirbúning síldarleitar og framkvæmdir við það, að síldar sé leitað hvarvetna við strendur landsins og á djúpmiðum, eftir því sem vonir standa til, að leitt geti til úrlausnar og árangurs. Það er t. d. vitað, að fyrir Suður- og Suðausturlandi er mikil síldargengd á vissum tímum, og er það hugboð sumra manna, að þar sé á sumum svæðum mikið síldarmagn árið um kring. Hér bíður því sem víðar mikið úrlausnarefni um rannsókn á síldarmagni og síldargöngum á þessu svæði og að finna leiðir til hagnýtingar á þeirri gnægð síldar, sem stutt er sterkum líkum, að þarna sé að staðaldri.

Samkvæmt framansögðu leggur fjárveitinganefnd til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna. Jafnframt fari fram á því rækileg athugun, á hvern hátt verði bezt hagað fiskileit á djúpmiðum og við strendur landsins. Að því er tekur til síldarleitar, skal sérstök áherzla á það lögð að komast að niðurstöðum um það, á hverjum tímum árs hún sé vænlegust til góðs árangurs.
   Um þau atriði, sem í ályktun þessari greinir, skal ríkisstjórnin kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum málum.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um hafrannsóknaskip og fiskileit.

Alþingi, 29. jan. 1953.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Karl Kristjánsson.	Ingólfur Jónsson.
Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson,	Jónas G. Rafnar.

Sþ. 686. Nefndarálit [146. mál]

um till. til þál. um verðtryggingu sparifjár.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sendi bönkunum tillöguna til umsagnar. Landsbankinn einn svaraði. Er svarbréf hans birt með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Samkomulag varð í nefndinni um að mæla með því, að Alþingi afgreiði málið í formi svofelldrar

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun — svo ýtarlega sem við verður komið — á því, hvort og með hverju móti takast mætti á hagfelldan hátt að tryggja verðgildi þess fjár, sem bankar og sparisjóðir taka til geymslu og ávöxtunar.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Ingólfur Jónsson.	Ásmundur Sigurðsson.
Jónas G. Rafnar.	Hannibal Valdimarsson.	Halldór Ásgrímsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 17. des. 1952.

Háttvirt fjárveitinganefnd hefur sent oss til umsagnar tillögu til þingsályktunar á þingskjali 227, um verðtryggingu sparifjár. Spyrst nefndin sérstaklega fyrir um eftirfarandi atriði:

a. „Hvort þetta fyrirkomulag komi til með að örva sparifjársöfnun."

Bankastjórnin lítur svo á, að það muni alveg vafalaust auka sparifjársöfnun í landinu, ef hægt væri að tryggja sparifé gegn verðfalli.

b. „Hvort það komi til með að hafa áhrif á verðlagsvísitölu."

Þótt bankastjórnin geti ekkert um þetta fullyrt, þá virðist í fljótu bragði ekki líklegt, að svo þurfi að verða.

c. „Hvaða áhrif þér teljið, að þetta fyrirkomulag, ef tekið verður upp, komi til með að hafa á atvinnuvegi landsmanna, t. d. hvort nauðsynlegt verði að hækka útlánsvexti almennt, ef regla sú, sem í tillögunni felst, yrði lögfest."

Það virðist augljóst, að ekki verður hægt að tryggja sparifé gegn verðfalli eftir ákveðinni vísitölu, nema útlán peningastofnana breytist á sama hátt. Að hve miklu leyti þetta kann að hafa áhrif á atvinnulífið í landinu, er ekki auðvelt að svara með neinum rökum án undangenginnar rannsóknar. Það virðist þó liggja í augum uppi, að aukin sparifjársöfnun mundi geta dregið úr verðbólgu, sem er mjög skaðleg fyrir heilbrigðan atvinnurekstur.

Þetta mál hefur mikið verið rætt meðal fjármálamanna víða um lönd undanfarin ár, án þess að nokkurs staðar hafi verið komizt að ákveðinni niðurstöðu um leiðir til þess að tryggja sparifé gegn verðfalli. Ótti almennings við verðfall peninga víða um lönd hefur orðið þess valdandi, að örðugra verður með ári hverju að selja skuldabréf, sem gilda til langs tíma. Hefur því lítið eitt verið byrjað á að bjóða út lán með verðfallstryggingu. Fyrsta lánið, sem vér vitum um, að boðið var út með þeim hætti, var 100 millj. kr. sænskt lán, sem Samvinnuheildsalan í Svíþjóð bauð út fyrir tveim árum. Síðastliðið vor var franska stjórnin að undirbúa útboð á láni með verðfallstryggingu, og í s. l. októbermánuði ráðgerði Finnlandsbanki að bjóða út lán með 50% gengistryggingu gagnvart sterlingspundi. Sýna þessi dæmi, að nokkur hreyfing er komin á málið. Hvergi hefur það þó verið meira athugað en í Finnlandi, enda hafa Finnar átt við að stríða lítt viðráðanlega verðbólgu. Fylgir hér með afrit af bréfi ásamt skýrslu Finnlandsbanka um athugun á þessu máli. Ritgerðir þær og skýrslur, sem um getur í bréfi Finnlandsbanka, getum vér lánað, ef þess verður óskað.

Bankastjórnin lítur svo á, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða, að fullkomin ástæða sé til að láta fara fram athugun þá, sem felst í þingsályktunartillögunni.

Virðingarfyllst,

LANDSBANKI ÍSLANDS,

Jón Árnason. Jón G. Maríasson. Gunnar Viðar.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Ath. Afrit af bréfi og skýrslu Finnlandsbanka þykir ekki ástæða til að birta með nefndarálitinu.

Ed. 687. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um að leggja til, að frv. verði samþykkt. Mál þetta lá fyrir síðasta Alþingi og var þá afgreitt af öllum sömu nefndarmönnum með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, á hvern hátt bezt verði séð fyrir læknisþjónustu í Blönduóshéraði og Egilsstaðahéraði, og leggi fram frv. um það, ef nauðsyn þykir, fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Síðan þetta mál var afgreitt þannig, hefur ríkisstjórnin, svo að vitað sé, ekkert látið frá sér heyra um nauðsyn á breytingu í þá átt, sem farið er fram á í frv. Verður að líta svo á, að hún telji þessa eða aðrar breytingar á læknaskipun í landinu ekki aðkallandi mál. Því verður á engan hátt mótmælt, að við stofnun nýrra læknishéraða skapast ýmis vandamál, svo sem aukinn kostnaður vegna launa nýrra lækna og byggingar nýrra læknisbústaða, en þörfin fyrir þá er þegar svo mikil, að ríkissjóður telur sig ekki geta lagt fram fé til þess að mæta margendurteknum kröfum frá héruðunum í því efni, og enn fremur það, hvort rétt sé að skipta sí og æ héruðum, þótt fólksfjölgun komi til, í stað þess að koma þar upp betri og stærri heilsugæzlustöðvum, sem annast heilsugæzluna á stærri svæðum, eins og nú er verið að gera m. a. í Austur-Húnavatnssýslu, en öll slík skipting sem hér er ætlazt til að verði hlýtur að torvelda góðan árangur af slíkri stofnun. Um þetta voru allir nefndarmenn sammála, þegar fyrrnefnd dagskrá var samin, og féllst meiri hluti deildarinnar þá á þá skoðun. Síðan hefur ekkert nýtt komið fram í málinu, er hrindi þeirri skoðun, sem þá var uppi í nefndinni um þetta mál. Miklu fremur er nú ljóst, að ef marka á hér þá stefnu að kljúfa sem mest í sundur læknishéruðin, þá verður ekki stöðvazt við þá staði, sem hér um ræðir, sbr. breytingartillögu, sem fram er komin um að stofna nýtt læknishérað í Kópavogi. Að mínu áliti ættu slíkar breytingar á læknaskipuninni því aðeins að samþykkjast, að heilbrigðisstjórn sé þess fullviss, að á annan hátt sé ekki unnt að gefa fólkinu betri og traustari læknisþjónustu með tilliti til þess kostnaðar, sem eðlilegt er, að hún hafi í för með sér.

Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ríkisstjórnin hefur ekki séð ástæðu til að leggja fram frv. um breytingar á læknaskipun landsins á þessu þingi, þrátt fyrir þá rökstuddu dagskrá, sem samþykkt var á síðasta þingi, sbr. þskj. 661, lítur deildin svo á, að ekki sé aðkallandi að stofna ný læknisembætti á þessu ári, með þeim aukakostnaði, sem þau hljóta að hafa í för með sér, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga það fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, á hvern hátt bezt verður fyrir komið læknisþjónustu í héruðum þeim, sem hér um ræðir, og geri síðan tillögur um þá skipan málanna fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Gísli Jónsson.

Sþ. 688. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um heyforðabúr.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu og orðið sammála um að mæla með henni með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, fara fram athugun á, hvort hagkvæmt sé vegna öryggis landbúnaðarins að koma upp nokkrum stórum heyforðabúrum við hafnir landsins í beztu heyskaparhéruðunum til tryggingar búfénaði í harðindaárum. Jafnframt verði látin fara fram endurskoðun á lögum um heyforðabúr í samræmi við niðurstöður þessarar athugunar.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.
Jón Sigurðsson. Áki Jakobsson. Eiríkur Þorsteinsson.
Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 689. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 3 mála, og sé eitt af þeim opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera hæstaréttarlögmaður. Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framangreindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Héraðsdómslögmönnum, sem starfað hafa að málflutningi ekki skemur en 5 ár og hafa á þeim tíma flutt fyrir héraðsdómi a. m. k. 40 mál munnlega, er heimilt að flytja fyrir hæstarétti opinber mál og einkamál, sem þeir sjálfir eða löggiltir fulltrúar þeirra hafa flutt fyrir héraðsdómi. Skulu þeir, ef þeir óska að nota heimild

þessa, senda beiðni um það til hæstaréttar ásamt vottorði um, að þeir uppfylli skilyrði 1.—5. tölul. greinar þessarar. Heimild þessi fellur niður, ef hæstiréttur telur, eftir málflutning í hæstarétti eða af öðrum ástæðum, hlutaðeigandi héraðsdómslögmann óhæfan til að flytja mál fyrir hæstarétti. Framangreindan rétt geta menn þó öðlazt aftur eftir ákvörðun dómsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 690. Frumvarp til laga [131. mál]

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar fasteignir:

a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðarness og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem taldar eru í stafliðunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem taldar eru í a—c-lið 1. málsgr., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 691. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við a-lið 1. gr. (7. gr.).
   a. Á eftir orðunum „heimilt að selja þá jörð“ í síðari málsgr. bætist: svo og hreppsnefnd Fljótsdalshrepps að selja kristfjárjarðir hreppsins.
   b. Aftan við greinina bætist: og samþykkt söluverð jarðanna.
2. Við b-lið 1. gr. (8. gr.). Á eftir orðunum „í skipulagsskrá eða gjafabréfi“ komi: enda samþykki eftirlitsmenn opinberra sjóða söluverðið.

Nd. **692. Frumvarp til laga** [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar Böggvisstöðum skal þó heimilt að selja jarðir sjóðsins, og enn fremur er forráðamanni kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akraneshreppi heimilt að selja þá jörð, svo og hreppsnefnd Fljótsdalshrepps að selja kristfjárjarðir hreppsins, enda verði andvirði jarða þessara varið í samræmi við ákvæði gjafabréfa fyrir þeim. Sala er þó því aðeins heimil, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með henni og samþykkt söluverð jarðanna.

b. (8. gr.) Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir áðurnefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi, enda samþykki eftirlitsmenn opinberra sjóða söluverðið. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda ekki skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna.

Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða.

Heimild til sölu á jörðum samkvæmt þessari grein fellur úr gildi við árslok 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 693. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um rannsókn á náttúruauði landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Fyrir orðin „náttúruauði, sem ætla má, að mikilvægur sé“ í 1. málsl. tillgr. kemur: atriðum, sem ætla má, að mikilvæg séu.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Magnús Jónsson.	Jörundur Brynjólfsson.
	Áki Jakobsson.	

Sþ. 694. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um rannsókn á jarðhita og undirbúning almennrar löggjafar um hagnýtingu hans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað álits jarðboranadeildar raforkumálaskrifstofunnar um málið. Mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „að láta fram fara víðtæka rannsókn“ í fyrri málsgr. tillgr. komi: að láta hraða sem mest rannsókn.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Jörundur Brynjólfsson.	Eiríkur Þorsteinsson.
	Áki Jakobsson.	

Ed. 695. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Framan við 1. gr. bætist stafliður, svo hljóðandi:

a. Aftan við 1. efnismálsgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsl.:
Í kostnaði við að reisa sjúkrahús eða sjúkraskýli er innifalið andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja.

Ed. **696. Nefndarálit** **[194. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69/1941, um sparisjóði.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum hjá nefndinni. Gat hún ekki komið sér saman um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn (BSt og KK) vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

Frumvarpið var sent til umsagnar endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins og um það spurt, hvort stofnunin gæti innt þetta starf af hendi án aukins kostnaðar. Svar stofnunarinnar, sem birt er hér með sem fylgiskjal I, var neitandi. Þá var frumvarpið einnig sent stjórn Landsbanka Íslands og spurt um það, hvort bankinn mundi vilja taka að sér eftirlitið, og ef svo væri, þá með hvaða skilyrðum. Svar Landsbankans er einnig birt hér sem fylgiskjal II. Eins og bréf bankans ber með sér, býðst hann til að taka eftirlitið að sér án nokkurrar greiðslu. Ber að þakka bankastjórninni fyrir undirtektir hennar í þessu máli. Með því að meiri hlutinn lítur svo á, að eftirlitinu sé borgið á þann hátt að fela það Landsbankanum og að sjálfsagt sé fyrir ríkissjóðinn að spara þá upphæð, rúml. 42 þús. kr., sem eftirlitsstarfið kostar hann nú á þessu ári, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Fylgiskjal I.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 19. janúar 1953.

Með bréfi, dags. 16. þ. m., er með tilvísun til frumv. á þskj. nr. 514, 194. mál, um breyting á lögum nr. 69/1941, um sparisjóði, spurt, hvort ríkisendurskoðunin sjái sér fært að taka að sér eftirlit það með sparisjóðum, sem um ræðir í frumvarpinu, án nokkurs eða aukins kostnaðar fyrir endurskoðunardeildina.

Í lögum nr. 69 27. júní 1941 er gert ráð fyrir eftirliti með sparisjóðum, og í bráðabirgðaákvæði þeirra laga er svo fyrir mælt, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, og aðstoðarmenn hans, sem hann kveður til, skuli hafa á höndum eftirlitið, þar til er lög verði sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum. Í lögum þessum er ekki skýrt frá því sagt, hvert er verkefni sparisjóðaeftirlitsins, og mun hafa verið gert ráð fyrir því, þegar þau voru samþykkt, að í kjölfar þeirra kæmu lög um eftirlitið. Þau lög hafa þó ekki verið sett enn.

Lögin nr. 69/1941 gera ráð fyrir þessum verkefnum eftirlitsins:

1) Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar þeirrar, sem féhirðir sparisjóðs setur fyrir fé því, sem hann hefur vörzlu á, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar (8. gr.).
2) Endurskoðendur sparisjóða eiga að tilkynna sparisjóðseftirlitinu tafarlaust, ef stjórn sparisjóðs bætir ekki úr því, sem þeir telja miður fara (9. gr. 2. mgr.).
3) Sparisjóðseftirlitið semur tillögur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða, og setur ráðherra reglur samkvæmt þeim tillögum (9. gr. 3. mgr.).
4) Ef sparisjóðsstjóri neyðist til að grípa til þess tíunda hluta af innlánsfé, sem um ræðir í 1. mgr. 16. gr., og ekki er hægt að endurgreiða það fé innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna það sparisjóðseftirlitinu, sem ákveður í samráði við sparisjóðsstjórnina, hvenær fé þetta skuli greitt í síðasta lagi (16. gr. 2. mgr.).

5) Sparisjóðseftirlitið skal á hverjum tíma ákveða, hvaða verðbréf megi kaupa samkvæmt 13. gr. og 16. gr. (16. gr. 3. mgr.).
6) Sparisjóðseftirlitið semur fyrirmynd að reikningum sparisjóða (23. gr.).
7) Ef sparisjóður verður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi ekki til að bæta það, og fé komi ekki á annan hátt til þess að mæta tjóninu, skal tafarlaust tilkynna það eftirlitinu, sem verður að gera sér grein fyrir tjóninu og gera þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar. Ef ekki tekst að bæta úr þessu innan hæfilegs tíma, skal eftirlitið stöðva rekstur sjóðsins (24. gr. 1. og 2. mgr.).

Hér eru hvergi nærri tæmandi talin verkefni sparisjóðseftirlitsins, og verður að hafa til hliðsjónar við ákvörðun þeirra 5. gr. laga nr. 83 1935. Verður að gera ráð fyrir því, að stöðugt eftirlit með rekstri sparisjóðanna sé aðalþátturinn í starfi sparisjóðseftirlitsins, jafnt eftir að lög nr. 83 1935 voru úr gildi numin sem áður, og verður það starf jafnframt kostnaðarmest, með því að það krefst ferðalaga eftirlitsmanns til allra sparisjóða með hæfilegu millibili. Sparisjóðir á landinu eru nú alls milli 60 og 70. Nýlega hefur viðskiptamálaráðherra ákveðið, að sparisjóðir allir skuli athugaðir á að minnsta kosti 4 ára fresti, og virðist slíkt vera hæfilegt, en án efa er réttara að láta skemmri tíma líða á milli athugana á stærstu sparisjóðunum. Lætur þá nærri, að árlega þurfi að líta eftir 20 sparisjóðum til jafnaðar.

Ferðalög starfsmanna endurskoðunardeildarinnar eru mestmegnis vegna endurskoðunar hjá sýslumönnum og bæjarfógetum. Þau ferðalög eru flest farin á sumrin, af eðlilegum ástæðum, og vill sá tími, sem heppilegastur er til ferðalaga, oft verða naumur til þess að ljúka þeirri endurskoðun, bæði vegna þess, að sumarfrí starfsmanna eru á sama tíma, og þess, að enn hefur endurskoðunardeildin takmörkuðu liði á að skipa til sjálfstæðrar endurskoðunar.

Eins og nú háttar, verður því starfi að líta eftir 20 sparisjóðum árlega ekki bætt á þá starfsmenn, sem ferðast til endurskoðunar hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, og á öðrum sviðum hefur endurskoðunardeildin meira en nóg að starfa. Verður því að svara fyrirspurnum nefndarinnar á þá leið, að eins og á stendur sjái ríkisendurskoðunin ekki fært að bæta sparisjóðseftirlitinu við störf sín án verulegs kostnaðarauka.

Virðingarfyllst,

Einar Bjarnason,
aðalendurskoðandi.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 23. janúar 1953.

Með bréfi, dags. 16. þ. m., spyrst háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis fyrir um það, hvort Landsbankinn sjái sér fært að taka að sér eftirlit það með sparisjóðum, sem ákveðið er með lögum 69/1941, um sparisjóði.

Út af þessu skal það fram tekið, að þegar starfi þessu verður ráðstafað á ný, erum vér reiðubúnir til þess að taka þetta eftirlit að oss og að rækja það ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands,

Jón G. Maríasson. Jón Árnason. Gunnar Viðar.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 697. Breytingartillaga [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Kristínu Sigurðardóttur, Gylfa Þ. Gíslasyni og Jónasi Árnasyni.

Meginmál 2. gr. orðist svo:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

Ed. 698. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Aftan við lögin komi ný grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum sem sjálfsvörzluveð einu nafni tiltekna flokka búfjár síns og hæfilegan fóðurforða handa því, svo og tilteknar búsafurðir sínar til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa svo og afurða þeirra.

Alþingi, 31. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Steingr. Aðalsteinsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 699. Breytingartillaga [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan í gildi eru kaup- og kjarasamningar þeir, sem byggjast á miðlunartillögu sáttanefndar í vinnudeilum frá 19. des. 1952, skal verð á olíu og benzíni

ekki hækka vegna framkvæmda þessara laga. Jafnframt frestast um sama tíma innheimta verðjöfnunargjalds. Allur kostnaður vegna framkvæmda laganna greiðist úr ríkissjóði, þar til verðjöfnunargjaldið verður innheimt.

Nd. 700. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um útvegun stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Vill meiri hlutinn vísa því frá með rökstuddri dagskrá, en ég vil hins vegar láta samþykkja frumvarpið.

Í sambandi við þetta mál, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um lánsfjármál Búnaðarbankans og meðferð þeirra á Alþingi.

Í Búnaðarbankanum starfa nú þrjár stofnlánadeildir: Byggingarsjóður, er lögum samkvæmt hefur það hlutverk að veita stofnlán til byggingar íbúðarhúsa, bæði á nýbýlum og til endurbyggingar á eldri býlum. Enn fremur var honum ætlað að veita lán til útihúsabygginga á nýbýlum. Þetta atriði hefur þó aldrei verið hægt að framkvæma vegna fjárskorts í sjóðnum. Ræktunarsjóður hefur aftur á móti það hlutverk að veita lán til jarðræktar, peningshúsa, geymsluhúsa og hvers konar annarra mannvirkja við landbúnað, þar með taldar þær stofnanir, sem taka landbúnaðarvörur til vinnslu, viðgerðarstöðvar landbúnaðarvéla, rafstöðvar o. fl. Veðdeildin er hin þriðja lánsstofnun bankans og er ætlað það hlutverk fyrst og fremst að veita veðlán út á fasteignir og önnur veð, sem fulltrygg þykja. Hefur hún t. d. verið eina lánsstofnunin, er lánað hefur bændum fé til kaupa á jörðum, þótt í smáum stíl hafi verið sökum fjárskorts deildarinnar.

Fyrstu árin eftir að lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum komu til framkvæmda, svo og lögin um Ræktunarsjóð, var ekki skortur á lánsfé, hvorki í Byggingarsjóði né Ræktunarsjóði. Bæði var verðlag allt svo miklu lægra en nú, að lánsþörfin var minni, og auk þess gerði framlag ríkissjóðs, sem fyrirhugað var til að greiða vaxtamismun, meira en að gegna því hlutverki og var því notað til nokkurrar útlánastarfsemi jafnframt. Hin síðari ár hefur þetta breytzt svo, að um alvarlegan skort á lánsfé er að ræða.

Við síðustu áramót var hagur þessara þriggja útlánadeilda þannig, að Ræktunarsjóður var kominn í skuld við sparisjóðsdeild bankans að upphæð 2.5 millj. kr. og veðdeildin sömuleiðis í skuld við sparisjóðsdeildina um 1 millj. kr. Í Byggingarsjóði munu þá hafa verið um 0.6 millj. kr. Er þá ókomin í hendur bankans aðeins ein milljón af því 16 millj. kr. láni, sem Alþingi hafði áður heimilað að taka í Alþjóðabankanum. Verður niðurstaðan af þessu sú, að skuldir lánadeildanna verða 1.9 millj. kr. hærri en handbært fé þeirra, þótt áður umrædd ein milljón alþjóðabankalánsins sé meðtalin.

Nú er enn fremur vitað, að miklar framkvæmdir eru í smíðum, en ófullgerðar. Má þar nefna t. d. nálega allar þær byggingar, sem byrjað var á á síðasta ári, og án efa nokkuð af eldri byggingum, svo og ræktunarframkvæmdir ýmiss konar. Er því sýnilegt, að allmikið fé muni þurfa nú á yfirstandandi ári til að fullnægja þessari þörf eingöngu. Þar við bætast svo allar þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru. Umsóknir um heimild til stofnunar nýbýla eru nú með langflesta móti, og svo mun einnig vera um fyrirhugaðar framkvæmdir á ýmsum öðrum sviðum. Er því auðséð, að mjög óvænlega horfir með framkvæmdir allar, ef ekki verður greitt úr lánsfjármálinu, betur en nú er útlit fyrir að gert verði.

Rétt er þó að taka það fram, að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni erlenda lántöku, 20 millj. kr., handa Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði. En allt mun vera

í fyllstu óvissu um framkvæmdir í þeim efnum. Og þótt í bili tækist að greiða eitthvað úr fjárþröng sjóðanna á þennan hátt, þá er veðdeildin jafnþurrausin eftir sem áður. Er slíkt ástand mjög alvarlegt, þar sem óstarfhæfni hennar gerir ómögulegt að útvega lán til jarðakaupa, bústofnskaupa og ýmislegs annars, sem sjóðirnir geta ekki annað. Horfurnar í þeim málum að útvega lánsfé til framkvæmda í landbúnaðinum á þessu ári eru því hinar alvarlegustu, ef Alþingi hættir nú störfum án þess að gera aðrar og meiri ráðstafanir til úrbóta í þessu máli en enn þá hefur verið gert.

Háttvirtum alþingismönnum virtist líka vera þetta mjög ljóst, a. m. k. í byrjun þings. Snemma á þessu þingi voru lögð fram þrjú frumvörp í neðri deild, er öll fóru fram á aukið lánsfé til Búnaðarbankans eftir ýmsum leiðum.

Á þskj. 86 fluttu tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins frumvarp um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Er þar gert ráð fyrir stofnun nýrrar deildar og ríkissjóði gert að leggja henni í upphafi 5 millj. kr. Enn fremur skyldi henni heimilt að auka fé sitt með því að taka á móti sparifjárinnlögum, og skyldi það sparifé vera skattfrjálst. Skyldi hlutverk þessarar deildar eingöngu vera það að gera efnalitlum mönnum fært að hefja búskap með því að lána frumbýlingum til jarðakaupa, búfjárkaupa og verkfærakaupa.

Þá er og á þskj. 82 frumvarp um breytingu á lögum um veðdeild Búnaðarbankans, flutt af fjórum þingmönnum Framsóknarflokksins. Er þar gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi til deildarinnar 4 millj. kr. árið 1953 og síðan 2 millj. kr. árlega í næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1954. Skyldi fé þessu haldið aðgreindu frá öðru stofnfé deildarinnar og nefnast frumbýlafé. Hlutverk deildarinnar með þessu fé átti að vera svo að segja nákvæmlega hið sama og stofnlánadeildar þeirrar, er Sjálfstæðisflokksþingmennirnir vildu stofna með sínu frv., þ. e. „veita efnalitlum mönnum, er byrja búskap, lán til að koma upp bústofni og kaupa verkfæri og vélar".

Þá er frumvarp það, sem hér um ræðir, flutt af undirrituðum, á þskj. 123. Er hér lagt til, að ríkissjóður skuli taka að láni 60 millj. kr. hjá seðladeild Landsbankans, og leggja stofnlánadeildum Búnaðarbankans sem óafturkræft framlag, er skiptist milli deildanna þannig, að Byggingarsjóður fái 25 millj., Ræktunarsjóður 23 millj. og veðdeildin 12 millj. Hins vegar skuli ríkissjóður greiða Landsbankanum lánið á 40 árum og veðsetja bankanum þann hluta af jarðeignum ríkisins, sem liggur utan kaupstaða og kauptúna, til tryggingar lánum. Enn fremur er svo gert ráð fyrir í 5. gr., að lánum þeim, er Búnaðarbankinn hefur fengið samkvæmt lögum um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 og gengishagnaði bankanna 1950 skuli breytt í fast óafturkræft framlag.

Það, sem hér er nánast farið fram á, er það, að reynt sé að leysa lánavandamál Búnaðarbankans og þar með landbúnaðarins með því, að ríkið taki lán út á þær fasteignir, sem það á í sveitum landsins, og leggi það aftur til sem stofnlánafé í bankann til þess að byggja landbúnaðinn upp. Þannig sé reynt meira en til bráðabirgða að greiða úr því sífellda stríði, sem nú er staðið í árlega við að finna einhverja lausn, er enzt geti fram á næsta ár.

Þá má enn fremur geta þess, að ákvæði 5. gr. í þessu frv., þ. e. breyting á fyrrgreindum lánum ríkissjóðs í föst framlög, voru síðar flutt í Ed. í formi sérstaks frumvarps. Var það frv. flutt af þremur þingmönnum Framsóknarflokksins í þeirri deild.

Hafa þannig einstakir þingmenn flutt fjögur frumvörp á þinginu um þessi mál. Samtals eru flutningsmenn þessara frumvarpa 10 að tölu, eða nærri því ⅕ hluti þingsins, og allir nema einn úr stjórnarflokkunum. Verður því tæpast annað sagt en að vel sé unnið að flutningi frumvarpa til framgangs þessu máli. Hið sama verður tæpast sagt um afgreiðsluna, því að ekkert af þessum frumvörpum þingmanna stjórnarflokkanna hefur verið afgreitt úr nefnd. Er það mjög leitt, þegar áhugi og framkvæmdir birtast í svo öfugum hlutföllum.

Þessu frumvarpi og báðum þeim fyrrnefndu, er flutt voru í neðri deild, var

vísað til landbúnaðarnefndar deildarinnar. Þótt þau bentu á allólíkar leiðir, þá stefndu þau þó öll að sama marki, þ. e. að leysa á einhvern hátt úr þessum lánsfjárskorti, að vísu að mjög misjafnlega miklu leyti. Fjórir af fimm nefndarmönnum í landbúnaðarnefnd eru flutningsmenn þessara þriggja frumvarpa, og höfðu þeir því hina ákjósanlegustu aðstöðu til að afgreiða málin. Að vísu lá ljóst fyrir, að erfitt mundi að ná samkomulagi um þau öll, og hefði því verið eðlilegast, að nefndin hefði samið nýtt frumvarp, þar sem tillit var tekið til hinna ýmsu sjónarmiða, eftir því sem samkomulag gat náðst um, en einstakir flutningsmenn flutt sem breytingartillögur þau atriði, sem ekki gat náðst samkomulag um, en þeir vildu hins vegar ekki falla frá, og hefði atkvæðagreiðsla þá skorið úr þeim ágreiningi.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, eftir að málin voru öll komin fram, stakk ég upp á því, að nefndin hagaði störfum sínum í málinu á þennan hátt, og hef oft minnzt á það á fundum nefndarinnar síðan. Þannig hefði mátt vænta, að eitthvað hefði náð samþykki, sem landbúnaðinum hefði komið að gagni. Í sjálfu sér var þessari hugmynd tekið vel, þegar um hana var rætt, en hins vegar hefur aldrei orðið neitt úr framkvæmdum. Ég hef dregið að skila sérálíti um þetta frv. þangað til ég var orðinn úrkula vonar um, að nokkur jákvæð meirihlutaafgreiðsla fengist frá nefndinni. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að gera grein fyrir gangi málsins í nefndaráliti. Og þar sem mér þykir nú sýnt, að ákveðið muni vera af ríkisstjórninni og hennar stuðningsflokkum að láta ekkert af þessum umræddu lánsfjárfrumvörpum landbúnaðarins ná samþykki á þessu þingi, og ekkert samkomulag hefur náðst um afgreiðslu í því formi, sem fyrr er minnzt á, þá hef ég ákveðið að skila um það minnihlutaáliti, fremur en að láta það daga uppi óafgreitt hjá nefndinni. Þykir mér það mjög miður farið, að ekki skuli takast að ná samkomulagi um viðunandi lausn þessara mála, svo aðkallandi sem hún þó óumdeilanlega er orðin.

Alþingi, 31. jan. 1953.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 701. Nefndarálit [123. mál]

um till. til þál. um lækkun farmgjalda olíuskipsins Þyrils.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn vísa tillögunni frá með rökstuddri dagskrá, en ég tel, að Alþingi eigi að samþykkja hana.

Eins og kunnugt er, hefur flutningskostnaður á olíu frá Reykjavík út um land verið mjög hár og m. a. stuðlað mjög að hækkuðu olíuverði. Svo sem oft hefur verið upplýst, þá hefur árlegur hagnaður af rekstri skipsins að jafnaði numið um og yfir eina millj. kr. hin síðari ár. Þannig nam hagnaður af rekstri skipsins 940 þús. kr. árið 1949, 762 þús. kr. árið 1950 og 1110 þús. kr. árið 1951. Þannig hefur sameiginlegur gróði þessara ára numið nærri 3 millj. kr. Tel ég rangt að leggja slíkt álag á olíuverðið til þeirra aðila, sem við þá aðstöðu búa að þurfa að kosta langa flutninga.

Þá má enn fremur geta þess, að aðrir aðilar, sem annast olíuflutninga, miða sín farmgjöld við farmgjöld Þyrils, og verður því afleiðing þessa sú, að ríkið heldur raunverulega uppi farmgjöldum hjá þessum aðilum líka, í stað þess að hlutverk þess ætti fremur að vera það að halda flutningskostnaðinum og þar með verðinu niðri. Má í því tilfelli segja hið fornkveðna, að „heggur sá, er hlífa skyldi“, þegar hið opinbera gerist beinlínis til þess að halda uppi óþarflega háu verði á slíkri

nauðsynjavöru sem olían er bæði fyrir fjölda einstaklinga og framleiðslustarfsemina í landinu. Tel ég, að Alþingi geti ekki lengur látið slíkt afskiptalaust, og legg því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 31. jan. 1953.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 702. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um opinbera aðstoð við barnafjölskyldur til mjólkurkaupa.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er búið að liggja lengi hjá nefndinni, og hefur hún ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn hefur ekki getað fallizt á að samþykkja frv., en ég tel sjálfsagt, að það nái samþykki Alþingis.

Tilgangurinn með flutningi frv. þessa má teljast tvíþættur: Annars vegar að auka möguleika þeirra fjölskyldna, er flest börn hafa á framfæri sínu, til kaupa á mjólk og hins vegar að auka mjólkursöluna og bæta þannig úr þeirri sölutregðu á mjólk og mjólkurafurðum, sem borið hefur mjög á undanfarið.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá þarf enginn að efast um þörfina fyrir fjölda af barnafjölskyldum til þess að fá þessa lækkun á mjólkurverðinu. Reynslan mun einmitt ótvírætt vera sú, að þessar fjölskyldur, sem vegna uppeldis yngstu kynslóðarinnar mega sízt draga við sig mjólkurkaup, neyðast allra aðila fyrst til að beita þeirri aðferð í baráttunni fyrir því að láta tekjur heimilisins hrökkva fyrir útgjöldum. Afleiðing þessa hefur orðið sú, að fjöldi barna hefur orðið að búa við vaxandi skort á þessari nauðsynlegu fæðutegund, sem telja má beztu undirstöðu fullkominnar hreysti og heilbrigði yngstu kynslóðarinnar í þessu landi.

Þá er hinn þátturinn, hin óhjákvæmilega nauðsyn á að örva söluna, sem algerlega fer saman við þá hagsmuni neytendanna, sem hér er lýst. Fyrir nokkru birtust í opinberu blaði mjög merkilegar upplýsingar um ástand og horfur í þeim málum frá formanni Stéttarsambands bænda. Í þessari grein upplýsir formaður Stéttarsambandsins, að mjólkurframleiðslan hafi verið 15% meiri á 11 fyrstu mánuðum ársins 1952 en á sömu mánuðum 1951, m. ö. o. að innvegið mjólkurmagn mjólkurbúanna hafi numið rúmum 5 millj. lítrum meira á þessum tíma síðara árið heldur en hið fyrra. Á sama tíma óx sala aðeins um 3%. Má áreiðanlega fullyrða, að sú söluaukning svarar ekki til hins aukna fjölda neytenda, sem orðið hefur á árinu, bæði vegna fólksflutninga á neyzlusvæðin utan frá og venjulegrar fólksfjölgunar, svo að raunverulega sé hér um samdrátt að ræða. En þetta þýðir þá a. m. k. það, að 12% aukning þarf að fara í vinnsluvörur. Getur hver maður séð, að slík þróun getur ekki gengið til lengdar, að sífellt fari meiri hluti nýmjólkurframleiðslunnar inn á vinnsluvörumarkaðinn, nema sala vinnsluvaranna sé trygg fyrir viðunandi verð. Reynslan hefur aftur á móti verið sú, að sölutregðan á vinnsluvörunum hefur einnig farið vaxandi, og er því ljóst, að verð þeirra er fyrir ofan það mark, sem getur tryggt vaxandi sölu eftir þörfum. Ágætt dæmi þessa er það, að á síðasta ári tók framleiðsluráð landbúnaðarins þá ákvörðun að lækka nokkuð verðið á hinu heimagerða bögglasmjöri. Þessi ráðstöfun hafði þau áhrif, að salan jókst og uppsafnaðar birgðir fóru minnkandi síðari hluta ársins.

Það er því alveg ljóst, að ýtrustu ráðstafanir verður að gera til að halda hinni almennu kaupgetu í sem mestu samræmi við framleiðslumagnið, ef mál þessi öll eiga ekki að reyrast í óleysanlegan hnút. Þótt nokkuð hafi verið gert í þessa átt í

sambandi við lausn síðustu vinnudeilu, er leyst var fyrir jólin, tel ég frumvarp þetta halda sínu fulla gildi og legg því til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. febr. 1953.

Einar Olgeirsson.

Nd. 703. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við veiðimálastjóra. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild á þskj. 560.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Gíslason, frsm.
Jón Pálmason. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 704. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr.

a. Fyrir orðið „dómsmálaráðuneytisins“ í 1. málsl. 2. málsgr. komi: samgöngumálaráðuneytisins.
b. Fyrir orðið „Dómsmálaráðuneytið“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi: Samgöngumálaráðuneytið.

Nd. 705. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum. Hafa þar mætt til viðræðu um frv. biskupinn yfir Íslandi, stjórn Prestafélags Íslands, biskupsritari og landnámsstjóri. Af viðræðum við þessa aðila varð nefndinni ljóst, að biskupinn og meiri hl. þeirrar nefndar, sem undirbjó lögin frá 1952 um skipun prestakalla, lítur svo á, að óheimilt sé að skipta þeim prestssetrum, sem þar eru ákveðin, nema ný lagafyrirmæli komi til. Það var enn fremur upplýst, að verið er að undirbúa skiptingu á 3 prestssetursjörðum með fullu samþykki þeirra aðila, er um það eiga að fjalla. Loks viðurkenndu nokkrir þessara aðila, að enn væru nokkrar prests-

setursjarðir, sem ástæða gæti verið til að skipta og að skaðlausu fyrir búrekstur á þeim prestssetrum, miðað við núverandi búskaparhætti hér á landi.

Á grundvelli þessara upplýsinga og með sérstöku tilliti til þeirra staðhæfinga, að skipting prestssetursjarða sé nú óheimil að óbreyttum lögum, þá telur meiri hluti landbúnaðarnefndar, án þess að kveða þó upp nokkurn dóm um það atriði, ríka ástæðu til að setja nú þegar lagafyrirmæli, sem taki af öll tvímæli um, að umrædd skipting sé heimil.

Af þessum ástæðum og þar sem meiri hluti landbúnaðarnefndar er fylgjandi hóflegri skiptingu stórra prestssetursjarða, leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist þannig:

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, að skipta prestssetursjörðum og enn fremur að taka leigunámi, ef með þarf, og byggja á erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru hafa það mikið landrými, að tilskilið land fáist til nýbýlastofnunar, enda sé þess ávallt gætt, að landrými viðkomandi prestsseturs verði þrátt fyrir skiptinguna það mikið, að þar megi eftir sem áður reka allstórt bú.

Alþingi, 1. febr. 1953.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Ásmundur Sigurðsson.

Jón Gíslason.

Ed. 706. Breytingartillögur [187. mál]

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Alþingi kýs eftirlitsmann með rekstri ríkisstofnana, er það kemur saman að afloknum alþingiskosningum, og gildir kjör hans allt kjörtímabilið. Hann tekur sömu laun og skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Síðasti málsl. fyrri málsgr. og síðari málsgr. greinarinnar falli niður.

Nd. 707. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta er stjórnarfrv. komið frá efri deild. — Skömmu fyrir jól voru samþykktar á Alþingi nokkrar breytingar á lögunum um almannatryggingar, sem hér eru teknar upp í þetta frv. Enn fremur eru í frv. þessu nokkur nýmæli um auknar bætur á grundvelli tryggingalaganna, er ríkisstjórnin lýsti yfir, að hún mundi beita

sér fyrir, ef sættir næðust í vinnudeilu þeirri, er hér var í desember s. l. Þær breytingar er aðallega að finna í 3., 5. og 6. gr. frv. og fjalla um auknar fjölskyldubætur og mæðralaun (3. gr.) og um hækkun iðgjalda til að mæta hinum auknu bótagreiðslum (5. og 6. gr.).

Nefndin athugaði frv. á einum fundi á laugardaginn, og kom þá í ljós, að nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna (JÁ) kvaðst ekki geta fylgt frv. óbreyttu, og mundi hann skila sérstöku nefndaráliti. Aðrir nefndarmenn munu fylgja frv. óbreyttu, en þó áskilja 2 nefndarmenn (GÞG og KS) sér rétt til þess að bera fram breytingartill. eða fylgja breytingartill., er fram kunna að koma.

Það kom greinilega fram í nefndinni, að nefndarmenn líta svo á, að meðan Alþingi telur ekki fært að afnema skerðingarákvæði það, sem enn gildir um greiðslu á ellilífeyri, þá væri ekki heldur eðlilegt að greiða fullar fjölskyldubætur til allra án nokkurrar tekjuviðmiðunar, en þar sem yfirlýst er og vitað, að nefnd sú, er um þetta fjallaði í vinnudeilu þeirri, er áður getur, lítur svo á, að skerðing á fjölskyldubótum væri brot á þeim samningum, er gerðir voru, taldi meiri hluti nefndarinnar ekki gerlegt að leggja til, að þessu ákvæði væri breytt að þessu sinni, en vill taka það fram, að bæði vegna þeirra breytinga, er nú eru gerðar á lögunum samkvæmt þessu frv., og af fleiri ástæðum sé brýn nauðsyn að hraða sem mest endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Páll Þorsteinsson, form.	Kristín Sigurðardóttir, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 708. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hefði kosið nokkrar breytingar á frv. þessu, en er sammála um að veita heimild til ríkisábyrgðar fyrir hina tvo tilgreindu kaupstaði á Norðurlandi til togarakaupa og tel mjög mikilsvert að veita þessum kaupstöðum aðstoð til þess að hrinda í framkvæmd togaraútgerð á þessum stöðum. En þar sem mjög er liðið á þingtíma, vil ég ekki flytja breytingartillögur við frv., en legg eindregið til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 709. Lög [131. mál]

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

(Afgreidd frá Nd. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 690.

Nd. 710. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Jónasi Árnasyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina kemur:
   Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að hreinar árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 50000 kr. miðað við vísitölu 155.
   Til sama tíma skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkv. 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón.
   Nú reynist hækkun fjölskyldubóta, mæðralauna og elli- og örorkulífeyris samkvæmt þessari grein nema meiru en 14 millj. kr. á ári miðað við vísitölu 155, og skal þá ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins það, sem umfram er.
2. Á eftir 7. gr. kemur svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Á meðan samningar þeir um kaup og kjör ýmissa verkalýðsfélaga, sem gerðir voru 19. des. s. l., eru í gildi, skulu fjölskyldubætur samkvæmt reglum 3. gr. einnig greiddir þeim, er hafa yfir 50 þús. kr. hreinar tekjur, enda greiði ríkissjóður Tryggingastofnun ríkisins upphæð þá, er til þess þarf.

Nd. 711. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þetta mál hefur verið rætt allýtarlega í landbúnaðarnefnd, og hef ég undirritaður eigi getað á það fallizt að samþykkja þetta frumvarp. Öll nefndin er að vísu sammála um það, að eigi komi til mála að samþykkja frumvarpið í þeirri mynd, sem það er í eftir afgreiðslu í Ed., enda er helzt svo að skilja, að því aðeins sé heimilt að skipta prestssetursjörð, að það sé gert gegn vilja viðkomandi prests.

Ég er þeirrar skoðunar, að mikla nauðsyn beri til að setja löggjöf um mörg önnur atriði varðandi þau réttindi og þær skyldur, sem sóknarprestar hafa sem umráðamenn prestssetursjarða og embættisbústaða. Ég tel það ekkert nauðsynjamál að skipta niður prestssetursjörðunum, enda þótt það geti á einstaka stað komið til greina. Hitt er aðalatriði, að tryggja það betur en nú er, að prestssetursjarðirnar séu vel setnar, sem þýðir það, að þær séu að húsum, þægindum og ræktun svo endurbættar, að það sé aðgengilegt fyrir prestana að búa myndarlegu búi, eins og margir þeirra hafa gert fyrr og síðar. Þótt svo sé, að sumir prestar hafi að undanförnu eigi haft þann áhuga og manndóm, sem til þess þarf að stunda búskap á myndarlegan hátt, þá verður að fara varlega í það að parta prestssetursjarðirnar mjög niður þess vegna. Þar sem víðar verður að hafa víðtækari framtíðarsjónarmið fyrir augum.

Um rétt og skyldu prestanna gagnvart jörðunum, ef þeir búa eigi sjálfir, þarf líka að setja lagaákvæði, önnur en þau að skipta jörðunum sundur.

Þessa vegna legg ég til, að þetta frumvarp verði nú afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Neðri deild Alþingis lítur svo á, að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um réttindi og skyldur presta, einkum varðandi prestssetursjarðir og embættisbústaði. Þar sem skipting og leigunám prestssetursjarða er ekki nema einn þáttur þessa máls, þar sem ekki er aðkallandi að setja lög um það eitt út af fyrir sig og þar sem deildin treystir því, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing undirbúa löggjöf um málið í heild í samráði við forustumenn þeirra aðila, er hlut eiga að máli, þá tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Jón Pálmason.

Nd. 712. Frumvarp til laga [164. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bates, John, iðnaðarverkamaður í Hafnarfirði, fæddur 25. febrúar 1920 í Englandi.
2. Bethke, Heimbert Paul Willy, verkstjóri á Siglufirði, fæddur 31. desember 1909 í Þýzkalandi.
3. Bethke, Svava, húsmóðir á Siglufirði, fædd 3. maí 1911 á Íslandi.
4. Dyrö, Håkon Jensen, bóndi að Bæ í Hrútafirði, fæddur 20. febrúar 1912 í Noregi.
5. Eysturoy, Grímur Norski, kafari, Reykjavík, fæddur 28. júlí 1919 í Færeyjum.
6. Eysturoy, Ingibjörg Soffía, húsmóðir í Reykjavík, fædd 16. október 1920 í Færeyjum.
7. Felzmann, Ingibjörg Unnur, húsmóðir í Reykjavík, fædd 9. júlí 1917 í Reykjavík.
8. Felzmann, Josef Johann, hljóðfæraleikari í Reykjavík, fæddur 20. febrúar 1910 í Austurríki.
9. Guðrún Guðmundsdóttir, barnfóstra á Akureyri, fædd 12. desember 1919 á Íslandi.
10. Heinicke, Alfred Franz, bakari á Siglufirði, fæddur 23. janúar 1913 í Þýzkalandi.
11. Heinicke, Caecilie Hildegard, húsmóðir á Siglufirði, fædd 2. apríl 1921 í Þýzkalandi.
12. Hinz, Elisabeth, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
13. Jansen, Johannes Adrianus Maria, garðyrkjumaður á Laugalandi í Stafholtstungum í Mýrasýslu, fæddur 30. ágúst 1912 í Hollandi.
14. Kyvik, Harald, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 12. nóvember 1929 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
15. Kyvik, Lloyd Martin, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 13. október 1931 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
16. Mikkelsen, Poul Hagbard, garðyrkjumaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 11. desember 1921 í Danmörku.
17. Olsen, Samuel John Fritz, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 8. febrúar 1924 í Færeyjum.
18. Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, Lambastöðum í Garði, Gullbringusýslu, fædd þar 9. maí 1926.

19. Schäfer, Maria, reglusystir, Hafnarfirði, fædd 10. marz 1912 í Þýzkalandi.
20. Vorovka, Karel Václav Alexius, stud. theol., Reykjavík, fæddur 17. júlí 1911 í Tékkóslóvakíu.
21. Zachariasen, Frida, húsmóðir í Reykjavík, fædd 5. nóvember 1927 í Færeyjum.
22. Zachariasen, Jens Elias Karl, skósmiður í Reykjavík, fæddur 19. febrúar 1921 í Færeyjum.
23. Österö, Svenn Karsten Símonarson, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 22. október 1925 í Færeyjum.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 713. Frumvarp til laga [40. mál]

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

2. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið fyrir missiri í senn, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu olíufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins ársfjórðungslega.

3. gr.

Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

4. gr.

Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir öllum gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

5. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan í gildi eru kaup- og kjarasamningar þeir, sem byggjast á miðlunartillögu sáttanefndar í vinnudeilum frá 19. des. 1952, skal verð á olíu og benzíni ekki hækka vegna framkvæmda þessara laga. Jafnframt frestast um sama tíma innheimta verðjöfnunargjalds. Allur kostnaður vegna framkvæmda laganna greiðist úr ríkissjóði, þar til verðjöfnunargjaldið verður innheimt.

Nd. 714. Lög [171. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Afgreidd frá Nd. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 692.

Nd. 715. Frumvarp til laga [42. mál]

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu.

2. gr.

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.

3. gr.

Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðgæzlustjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

4. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

5. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **716. Lög** [184. mál]

um Framkvæmdabanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 667.

Nd. **717. Breytingartillaga** [66. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Önnur málsgr. falli burt.

Ed. **718. Frumvarp til laga** [66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir eina umr. Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki samgöngumálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Samgöngumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **719. Frumvarp til laga** [209. mál]

um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við lögin komi ný grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum sem sjálfsvörzluveð einu nafni tiltekna flokka búfjár síns og hæfilegan fóðurforða handa því, svo og tilteknar búsafurðir sínar til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa svo og afurða þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 720. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
Á eftir 24. tölul. 1. gr. kemur nýr tölul., svo hljóðandi:			
Nr. 32 í 72. kafla orðist svo:			
Gufuvélar og hlutar til þeirra, nema katlar	1 kg	2	2

Ed. 721. Lög [211. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1953.

(Afgreidd frá Ed. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 648.

Sþ. 722. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um Flóa- og Skeiðaáveiturnar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þáltill. á nokkrum fundum og sent hana til umsagnar til Búnaðarfélags Íslands. Hefur búnaðarmálastjóri sent umsögn um þáltill., og er hún birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndin telur, að áður en framkvæmdir verði hafnar að nýju til umbóta á áveitunum, sé rétt að endurskoða gildandi lög um þessi mannvirki með tilliti til margvíslega breyttra aðstæðna og löggjafar um ræktun í landinu, og jafnframt sé nauðsynlegt að fá heildaryfirlit yfir ásigkomulag áveitnanna. Nefndin leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 3 manna nefnd til þess að athuga gildandi lagaákvæði um Flóa- og Skeiðaáveiturnar og gera tillögur til breytinga á þeim, ef nauðsynlegt þykir, til tryggingar því, að mannvirki þessi komi að fullum notum, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa síðan lögin voru sett, enda fari samtímis fram athugun á öllu ásigkomulagi áveitnanna. Skal nefndin skipuð þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tillögu frá stjórnum áveitnanna, einn samkvæmt tillögu frá Búnaðarfélagi Íslands og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. sept. n. k.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Ingólfur Jónsson. Pétur Ottesen.
Hannibal Valdimarsson. Ásmundur Sigurðsson. Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson. Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 16. des. 1952.

Skurðakerfi Flóaáveitunnar var gert á árunum 1922 til 1928. Frá áveituskurðakerfinu var þannig gengið, að allar jarðir áveitufélagsins nutu svipaðrar aðstöðu til áveitu. Þurrkskurðakerfinu var þannig háttað, að hver einstakur bóndi fékk aðstöðu til að losna við vatnið í sínum landamörkum, og til frekari jöfnunar voru stærstu löndin auk þess skorin í sundur með þurrkskurðum. Fullnaðarþurrkun átti síðan hver einstakur aðili að annast í sínu landi, eftir því sem reynslan kenndi að þörf var fyrir á hverjum stað. Enn fremur átti hver einstakur aðili að annast byggingu flóðgarða á sínu landi.

Hér skal ekki rætt um það, hvort þessi verkaskipting var heppileg eða ekki, en hún var hrein, og hlutverk Flóaáveitufélagsins var vel af hendi leyst. Öðru máli gegnir um hlut jarðeiganda eða bænda. Nokkrir bændur hafa sýnt áveitunni verðskuldaðan sóma og uppskorið góðan hlut. Fjöldi bænda hefur að vísu hlaðið meira eða minna af flóðgörðum, en fáir þeirra þurrkað landið fram yfir það, sem misjafnlega gerðir flóðgarðsskurðir orkuðu. Þó munu vera til bændur, sem hafa fullkomlega vanrækt áveituna. — Að hlutur bænda hefur þannig orðið eftir, þeim til mikils tjóns, hefur að sjálfsögðu sínar orsakir. Í fyrstu munu fjárhagsörðugleikar einkum hafa tafið fyrir, en síðar mun áhuginn hafa minnkað fyrir áveitunni, þegar ýmsir, sem margir tóku mark á, tóku að bannfæra allar áveitur og prédika, að túnrækt sé hin eina rétta leið til heyöflunar, án tillits til staðhátta.

Á allra síðustu árum hefur aftur skapazt nýtt viðhorf hjá ýmsum, sem nú hafa séð, að áveitur geta verið nokkurs virði. Tvö síðustu ár hafa áveiturnar í Árnessýslu bjargað héraðinu frá stórum niðurskurði á kúm.

Þessi staðreynd mun hafa vakið nýjan áhuga Flóamanna fyrir hinni niðurníddu áveitu sinni, og þá á að knýja á ríkið um hjálp til framkvæmda.

Á sínum tíma kostaði ríkið skurðakerfi, stíflur, flóðgáttir og brýr Flóaáveitunnar að ¾ hlutum, sem er stærra framlag en tíðkazt hefur til jarðræktarframkvæmda hér á landi. Þá hafa bændur á áveitusvæðinu notið ríkisframlags til flóðgarða og skurðagerðar eins og lög hafa staðið til, og enn eiga þeir og áveitufélagið sinn óskerta rétt til ríkisframlags út á hvers konar skurðagerð, flóðgarða eða önnur mannvirki til umbóta á áveitusvæðinu til jafns við aðra bændur landsins, eftir því sem lög standa til.

Loks skal þess getið, að þó að Flóaáveitunni hafi ekki verið sýndur verðugur sómi, svo að hún hefur sennilega ekki gefið nema brot af þeim arði, sem hún hefði getað gefið, og þó að til séu bændur á áveitusvæðinu, sem ef til vill hafa skaðazt á fyrirtækinu vegna eigin vanrækslu, þá mun Flóaáveitan sem heild þegar vera búin að borga sig upp, og sennilega oftar en einu sinni. Það verður því ekki séð, að bændur á Flóaáveitusvæðinu eigi sérstakan rétt til aðstoðar ríkisins vegna áveitunnar fram yfir aðra bændur landsins.

Ef Flóamenn vilja gera einhverjar áætlanir um endurbætur eða breytingar á Flóaáveitunni, þá hafa þeir góðum manni á að skipa (framkvæmdarstjóra áveitunnar), en þurfi hann aðstoðar með, þá mun Búnaðarfélag Íslands að sjálfsögðu veita sína aðstoð, eftir því sem það getur, eins og lög standa til og það hefur ávallt gert.

Páll Zóphóníasson.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Sþ. 723. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um Grænlandsmál.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera nú þegar fram við ríkisstjórn Danmerkur kröfu um, að hún viðurkenni full yfirráð Íslendinga yfir Grænlandi. Ef danska stjórnin fellst ekki á þá kröfu, lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, að leitað verði um málið úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag.

Greinargerð.

Það hefur nú um meira en hálfrar aldar skeið verið um það rætt af Íslendingum, að vér ættum rétt til Grænlands og að oss bæri að hefja baráttu fyrir endurheimt þessa réttar. Hefur margt um mál þetta verið ritað. Meðal annars ritaði skáldið og hugsjónamaðurinn Einar Benediktsson fjölda þróttmikilla og rökfastra blaðagreina um rétt vorn til Grænlands.

Fram til ársins 1918 var Íslendingum óhægt um vik í þessu efni. Stöðu Íslands var svo háttað til þess tíma, að vér Íslendingar þurftum fyrst að leita réttar sjálfra vor til fullra yfirráða í landi voru. Eftir 1918 fær málið byr undir báða vængi og er þá tekið upp á nýjum grundvelli, með tilliti til þeirrar breytingar, sem þá var orðin á stöðu Íslands til sóknar í málinu. Árið 1924 gengust stúdentar fyrir því, að haldinn var borgarafundur um mál þetta í Rvík. Meðal ræðumanna á fundi þessum voru Einar skáld Benediktsson, sem var frummælandi, Benedikt Sveinsson, fyrrv. forseti Alþingis, og Bjarni Jónsson frá Vogi. Var á fundi þessum gerð ályktun um málið, þar sem skorað var á stjórnina að láta ekkert ógert til þess að halda uppi réttmætum kröfum vorum til Grænlands, hinnar fornu nýlendu Íslendinga. Árið eftir kom Grænlandsmálið til kasta Alþingis. Var þar kosin þriggja manna nefnd, er falin skyldi athugun á Grænlandsmálinu. Síðari hluta ársins 1926 voru haldnir tveir fundir í Stúdentafélagi Reykjavíkur um Grænlandsmálið. Voru þar gerðar ályktanir um málið, er gengu mjög í sömu átt og ályktun sú, sem getið er um hér að framan.

Árið 1931 var svo komið deilu þeirri, sem upp hafði risið milli Norðmanna og Dana út af yfirráðum á Austur-Grænlandi, að Danir höfðu skotið ágreiningsmáli þessu til alþjóðadómstólsins í Haag. Í tilefni af þessum viðburðum flutti Jón Þorlákssson svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur um réttindi til yfirráða á Grænlandi.“

Var tillaga þessi rökstudd með því, að Íslendingar hefðu réttar og hagsmuna að gæta á Grænlandi, og að Íslendingar telji sig hafa rétt umfram aðrar þjóðir til landsnytja á þessu landi. Endar Jón Þorlákssson greinargerð sína fyrir tillögunni með þessum orðum: „Ég hef fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að vænta annars en að Íslendingar geti í þessu efni haft góða aðstöðu til þess að halda öllum sínum rétti.“

Þessari tillögu Jóns Þorlákssonar var vísað til utanríkismálanefndar, sem mælti einróma með samþykkt hennar. Í nefndinni áttu þá sæti: Ásgeir Ásgeirsson, Jón Þorláksson, Bjarni Ásgeirsson, Magnús Torfason, Ólafur Thors, Jónas Þorbergsson og Einar Arnórsson. Tillagan var svo afgreidd frá Alþingi með samhljóða atkvæðum.

Þá er og þess að geta, að sjómenn og útgerðarmenn hafa þrásinnis samþ. skorinorðar ályktanir, þar sem því er beint til ríkisstjórnar og Alþingis, að einskis sé látið ófreistað til þess að réttur vor til atvinnurekstrar á Grænlandi og yfirráða

þar verði viðurkenndur. Hefur fiskiþing samþykkt mjög ákveðnar tillögur í þessa átt, sömuleiðis Farmanna- og fiskimannasambandið. Enn fremur hafa ýmis önnur félagssamtök gert samþykktir, sem ganga í sömu átt.

Þá er enn ótalinn sá þáttur þessa máls, sem ekki er ómerkastur, en það er fræðirit þau um sögulegan rétt Íslands til Grænlands, sem hinn kunni mennta- og fræðimaður Jón Dúason, dr. phil., hefur ritað og nú er verið að gefa út. Hefur Jón Dúason varið til þessa verks miklum hluta af ævistarfi sínu. Hefur Alþingi, svo sem verðugt er, viðurkennt þetta merka starf með því að veita nú um nokkurt árabil fé á fjárlögum til útgáfu þessara rita. Enn fremur hefur Alþingi veitt fé til þess að þýða rit þessi á enska tungu. Er það fátítt á síðari tímum, að fræðimenn vorir inni af hendi í svo ríkum mæli jafnóeigingjarnt starf sem Jón Dúason hefur hér gert. Sýnir það gleggst áhuga hans á þessu máli og trú hans á þýðingu og gagnsemi þessa einstæða afreks fyrir þjóð vora.

Annar fræðimaður, Benedikt Sveinsson, fyrrverandi forseti Alþingis, var um langt skeið mjög framarla í flokki þeirra manna hérlendra, er gerðu kröfu til, að gangskör yrði að því gerð, að krafizt yrði réttar vors til yfirráða á Grænlandi. Þannig flutti hann á Alþingi 1925 skarplega og rökfasta ræðu um sögulegan rétt Íslands til Grænlands.

Hinn kunni sænski þjóðréttarfræðingur Ragnar Lundborg hefur skýrt og skorinort tekið í strenginn með Íslendingum um sögulegan rétt þeirra til Grænlands, og heldur hann því óhikað fram, að ekkert hafi það gerzt á síðari öldum, þjóðréttarlega séð, er raskað hafi þessum rétti vorum. Ragnar Lundborg er Íslendingum að góðu kunnur fyrir drengilegt liðsinni hans við málstað Íslendinga, er þeir háðu lokaþáttinn í baráttu sinni fyrir því, að Danir viðurkenndu sjálfstæði vort og fullveldi.

Ég hef hér í stuttu máli drepið á nokkra þætti þessa máls og þar á meðal meðferð Alþingis á því fram til þess tíma, að lýðveldið var stofnað. Árið eftir að gengið var frá lýðveldisstofnuninni, flutti ég á Alþingi 1945 þingsályktunartillögu um Grænlandsmálið, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að réttur Íslendinga til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi yrði viðurkenndur. Ég endurtók svo flutning þingsályktunartillagna um þetta efni á þingunum 1947 og 1948, án þess að mál þetta fengi nokkurn tíma endanlega afgreiðslu. Var tillögunum í öll skiptin vísað til utanríkismálanefndar, sem hliðraði sér jafnan hjá að skila áliti um málið. Á árinu 1948 tilkynnti utanríkisráðherra, að hann hefði skipað þriggja manna nefnd, er skyldi rannsaka réttarstöðu vora að þessu leyti. Átti hæstiréttur að tilnefna einn nefndarmanna, lagadeild háskólans annan, en þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins. Nokkur dráttur mun hafa orðið á því, að nefndin tæki til starfa. Er ég á þingunum 1949 og 1950 spurðist fyrir um það, hvað liði störfum nefndarinnar, fékk ég þau svör hjá utanríkisráðherra, að ekkert væri um það vitað, hvenær vonast mætti eftir, að fyrir lægi álit hennar. Þar sem búið var af utanríkisráðherra að tengja aðgerðir í Grænlandsmálinu við starf þessarar nefndar og ég leit svo á, að tómlæti það, sem ríkt hafði um, að hafin yrði sókn og aðgerðir í málinu, væri oss til ófyrirsjáanlegs tjóns og vanvirðu, þá flutti ég á þinginu 1950 þingsályktunartillögu, sem meðal annars miðaði að því að greiða fyrir nefndarmönnum um rannsókn málsins. Lagði ég þar til, að létt skyldi af þeim skyldustörfum þeirra, meðan á rannsókninni stæði. Var því meiri ástæða til þess, að þetta væri gert, þar sem nefndarmenn voru allir bundnir embættisstörfum, sumir afar tímafrekum. Þessu var ekki sinnt. Er því sízt að undra, þótt verk þetta gengi seint, auk þess sem hætta gat verið á, að eigi ynnist tóm til að kryfja mál þetta til mergjar, ef að því var unnið á hlaupum sem algeru aukastarfi. Hér gat verið mikið í húfi. Enn hafa ekki verið lagðar fram opinberlega neinar niðurstöður af starfi þessarar nefndar.

Eins og að er vikið hér að framan, lít ég svo á, að dráttur á því að láta til skarar skríða um réttarkröfur vorar til Grænlands, sé orðinn óhæfilega langur. Tjón

það, sem af því getur hlotizt, eykst og margfaldast með hverju árinu, sem líður. Mikill hluti hins trausta og góða fiskibátaflota Íslendinga hefur verið óvirkur tímunum saman, m. a. sökum þess, að eigi var fyrir hendi aðstaða til hagnýtingar hans til veiða við Grænlandsstrendur. Þá hefði og mátt margfalda veiðiafköst togaraflota vors við Grænland, ef Danir sætu þar ekki yfir rétti vorum. Og svona mætti lengi telja. En meðan ekkert er aðhafzt, situr allt í sama farinu. Tjónið, sem vér bíðum af þessum sökum, verður oss í vaxandi mæli fjötur um fót og manndómsleysi vort hvað þetta snertir æ berara og berara.

Ég hef verið að vonast eftir því, að ríkisstjórnin hefði, áður en þingi lyki, frumkvæði að því að bera fram tillögur um aðgerðir í máli þessu, svo sem hún hefur gert um ýmis önnur óleyst vandamál þings og þjóðar. En svo er ekki enn sem komið er. Þess vegna er það, að ég freista þess enn á ný að koma hreyfingu á málið, þótt seint sé. Eru tillögur mínar í þessu máli hinar sömu og áður: að krafizt sé viðurkenningar dönsku stjórnarinnar á fullum yfirráðarétti Íslendinga yfir Grænlandi, og ef dönsk stjórnarvöld vilja eigi á kröfu vora fallast, þá verði leitað um málið úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag.

Það er í rauninni óþarft að taka það fram, að það er gersamlega ósamræmanlegt þessum kröfum vorum, að Íslendingar, meðan ekki er gert út um þetta mál, færu að hefja samninga um einhver réttindi á Grænlandi sér til handa, nema þá því aðeins, að skýrt væri fram tekið, að þeir hefðu þann fyrirvara, að þeir afsöluðu sér á engan hátt með samningnum sögulegum og þjóðréttarlegum eignarrétti til Grænlands.

Ed. 724. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Gísla Jónssyni og Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við 1. gr. bætist stafliður, svo hljóðandi:

a. Aftan við 1. efnismálsgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsl.: Enn fremur greiðir ríkissjóður 40% af andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja til sjúkrahúsa eða sjúkraskýla.

Ed. 725. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni, Gísli Jónssyni og Páli Zóphóníassyni.

a. 6. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1953.
b. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Nd. 726. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið alls kostar sammála um frv. Tveir nefndarmenn (StJSt og EOl) vilja samþykkja það óbreytt. SkG mun skila séráliti. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. verði sérstök málsgr., er orðist svo:
      Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán:
      1. Fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað — eða fyrir hlutafélög, sem kaupstaðirnir, báðir eða hvor um sig, eru þátttakendur í — til kaupa á einum togara fyrir báða eða sínum togara fyrir hvorn.
      2. Fyrir h/f Ísfirðing á Ísafirði — eða fyrir samtök, sem kynnu að verða mynduð af Ísfirðingum og útgerðarmönnum í Bolungavík, Hnífsdal og Súðavík — til kaupa á einum togara og fyrir samtök útvegsmanna í Bolungavík til kaupa á 200 tonna togveiðibát.
      3. Fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps — eða fyrir samtök, sem hún gengst fyrir og á hlut í — til kaupa á einum togara.
   b. Fyrir orðið „togaranna“ í 2. málsl. sömu málsgr. (verður 2. málsgr.) kemur: skipanna.
   c. Fyrir orðið „togurunum“ í 3. málsl. sömu málsgr. kemur: skipunum.
2. Fyrirsögn orðist svo: Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togurum og togveiðibát.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Nd. 727. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Frá 4. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed.

Upphaflega var efni þess heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupstað, eða hlutafélag, sem kaupstaðurinn er þátttakandi í, lán til kaupa á einum togara. En sú breyting var gerð á frv. í Ed., að einnig skyldi heimilt að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað í sama skyni.

Í Ed. var einnig gerð önnur breyting á frv., þess efnis, að ef framangreindir kaupstaðir óskuðu ríkisábyrgðar vegna kaupa á togurum, sem gerðir eru út frá öðrum stöðum hér á landi, þá skyldi ríkisstjórnin, áður en slík ábyrgð yrði veitt, leita eftir því, hvort sveitarfélög á þeim stöðum eða félög, sem þau taka þátt í, vildu gera skipin út þaðan, og átti þá að vera skylt að gefa þeim kost á sams konar ábyrgðaraðstoð vegna kaupanna. Þetta ákvæði er í 2. málsgr. 1. gr.

Ég lít svo á, að þýðingarlaust sé að samþykkja frv. óbreytt. Ákvæði 2. mgr. 1. gr., sem bætt var inn í frv. í Ed. og að framan er lýst, hindrar það, að ríkisstjórnin geti notað ábyrgðarheimildina samkv. 1. málsgr. greinarinnar. Ríkisstjórninni er ekki frjálst, samkv. frv. eins og það er nú, að veita Húsvíkingum eða Ólafsfirðingum ábyrgð fyrir láni, þó að þeir ættu kost á því að kaupa skip innanlands og stjórnin vildi veita þeim slíka aðstoð. Aðrir aðilar gætu hindrað þetta og þá jafnframt lagt þá skyldu á ríkisstjórnina að ábyrgjast togarakaupalán fyrir sig, í stað þess að greiða fyrir þeim stöðum, sem frv. var upphaflega ætlað að styðja.

Þeir kaupstaðir, sem nefndir eru í frv., hafa mikla þörf fyrir atvinnutæki til viðbótar þeim, sem þar eru fyrir, til aukinnar atvinnu og framleiðslu. En því aðeins er von um það, að samþykkt frv., sem hér liggur fyrir, geti orðið til að greiða fyrir útvegun togara til þessara staða, að 2. málsgr. 1. gr. verði felld úr frv.

Það er því tillaga mín, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgr. falli niður.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Skúli Guðmundsson,
form.

Nd. 728. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þegar frv. þetta var til afgreiðslu í efri deild, fluttu tveir hv. þm. (FRV og GJ) till. um, að fjölskyldubætur með 2. og 3. barni skyldu vera háðar þeim takmörkunum, að hreinar árstekjur hlutaðeiganda færu ekki fram úr 44 þús. kr. miðað við vísitölu 155, en því fé, sem við þetta sparaðist, yrði varið til að bæta nokkuð hlut gamalmenna og öryrkja. Tók FRV það fram í umr., að hann teldi ýmislegt mæla með því, að haft yrði nokkru hærra launatakmarkið um fjölskyldubæturnar, en þessi upphæð, 44 þús., varð fyrir valinu vegna þess, að í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar höfðu einstakir nefndarmenn lýst sig mjög líklega til samkomulags einmitt um hana. Það samkomulag fór þó út um þúfur, þegar til sögunnar kom það sjónarmið ríkisstjórnarinnar, að hún teldi það brot á samningum þeim, sem gerðir voru til lausnar vinnudeilunum í des. s. l., ef sett yrði launatakmark á fjölskyldubætur með 2. og 3. barni, og meiri hluti nefndarinnar fylgdi frv. óbreyttu, áleit það ábyrgðarleysi að neyða ríkisstjórnina til að svíkja loforð, er hún taldi sig bundna af í samningum. Og fylgdi deildin síðan þessari afstöðu við afgreiðslu frumvarpsins.

Hér skal ekki rætt um eðli þeirrar ábyrgðartilfinningar, sem lýsir sér í því, að menn beita sér gegn till. um, að hátekjumönnum og auðkýfingum sé ekki veittur styrkur til að ala upp börn sín, en þeim peningum varið til að bæta hlut þeirra, sem einna verst eru settir í þjóðfélaginu, öryrkja og gamalmenna. En þessi afstaða var einnig ráðandi í heilbr.- og félagsmálan. neðri deildar. Meiri hl. lýsti sig að sönnu andvígan því, að greiddar væru fjölskyldubætur til allra án nokkurrar tekjuviðmiðunar, á meðan Alþingi telur ekki fært að afnema skerðingarákvæðið um greiðslu á ellilífeyri, en ábyrgð þá, sem ríkisstjórnin telur sig bera á uppeldisstyrk til hálaunafólks, yrði að virða, og fylgir meiri hl. frv. óbreyttu. Ég sé mér hins vegar

ekki fært að gera það og kýs í þessum efnum heldur að láta kalla mig ábyrgðarlausan mann.

Ég tel það mjög varhugavert að færa tryggingakerfið, eins og gert yrði með frv. óbreyttu, yfir í það horf að borga ríku fólki peninga, á meðan kerfið sér ekki betur fyrir þeim, sem verst eru settir, heldur en raunin sannar. Auk þess sem þetta miðar bókstaflega að því að gera kerfið hlægilegt, mundi það stofna því í hættu, veikja það fyrir árásum þeirra, sem kynnu að vilja vinna því tjón, en því miður er ekki örgrannt um, að einhvers staðar leynist óskir um slíkt.

Ég tel þó tilgangslaust að taka upp óbreyttar till. þær til breyt. á frv., sem fluttar voru á efri deild. Í till. minni hef ég hækkað nokkuð launatakmarkið um rétt til fjölskyldubóta með 2. og 3. barni, sett það við 50 þús. kr.; en úr því að ríkisstjórnin telur sig svo mjög bundna af loforði um uppeldisstyrki handa hátekjufólki og auðkýfingum, þá skuli fjölskyldubæturnar einnig greiddar þeim, sem hafa tekjur fyrir ofan þetta takmark, aðeins ber ríkissjóði að leggja fram þá fjárhæð, er til þess þarf. Með þessu er tryggingakerfinu forðað frá þeim ömurlegu afdrifum að verða styrktarstofnun auðmanna, en hitt aftur á móti lagt beint í hendurnar á ríkisstjórninni að efna margumtalað loforð sitt til handa hálaunafólki.

Hvað snertir hækkunina á elli- og örorkulífeyri er till. mín alveg óbreytt frá till., sem flutt var í efri deild. Flyt ég það mál í von um, að sú ábyrgðartilfinning, sem hér hefur reynzt svo traust og haldgóð gagnvart hátekjumönnum og rétti þeim, sem þeir eru taldir hafa til að láta borga sér af almannafé nokkur hundruð krónur til að kosta uppeldi barna sinna, bregðist nú ekki, þegar um er að ræða kjarabætur handa þeim, sem einna bágast eiga allra þegna þjóðfélagsins.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Jónas Árnason.

Nd. 729. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Pétri Ottesen.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

Aldén, Gunnar Bertil, vélamaður í hvalveiðistöðinni í Hvalfirði, fæddur 31. janúar 1920 í Svíþjóð.

Nd. 730. Frumvarp til laga [214. mál]

um viðauka við lög nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Stofnlánadeildin skal, ef nauðsyn krefur og ríkisstjórnin óskar þess, veita bátaútvegsmönnum gjaldfrest á afborgunum þeim af stofnlánum vélbáta, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1952, um eins árs skeið, og lengist lánstíminn í samræmi við það.

Verði gjaldfrestur veittur samkv. 1. mgr., frestast endurgreiðslur stofnlánadeildarinnar samkv. 6. gr. laganna til seðlabankans sem því svarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk atvinnumálaráðuneytisins, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Sem kunnugt er varð nær alger aflabrestur á síldveiðunum s. l. sumar, og mun tjón útvegsmanna nema nær 20 millj. kr., þegar frá hafa verið dregnar bætur úr hlutatryggingasjóði. Af þessum sökum hefur flestum bátaútvegsmönnum reynzt ókleift að greiða umsamdar greiðslur af lánum sínum úr fiskveiðasjóði, skuldaskilasjóði og stofnlánadeild Landsbankans, er féllu í gjalddaga s. l. haust.

Ríkisstjórnin mun gera ráðstafanir til að fresta innheimtu á eins árs afborgunum af skuldaskilasjóðslánum og fiskveiðasjóðslánum, en vegna ákvæða 6. gr. laga nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, þarf lagaheimild til þess, að hægt sé að veita sams konar frest til greiðslu afborgana af stofnlánadeildarlánum. Framangreindu frumvarpi er ætlað að veita nauðsynlega heimild í þessu efni.

Sþ. 731. Nefndarálit [136. mál]

um till. til þál. um strandferðir m/s Herðubreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar óbreyttrar. Það er mikið áhugamál Austfirðinga, að samgöngur verði auknar við Austurland, og viljum við í því sambandi vísa til þeirrar samþykktar, sem við birtum hér sem fylgiskjal.

JG var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Áki Jakobsson, frsm.	Jón Sigurðsson, með fyrirvara.
Jörundur Brynjólfsson, með fyrirvara.	Eiríkur Þorsteinsson, með fyrirvara.	Magnús Jónsson.

Fylgiskjal.

Fulltrúafundur bænda í Austur-Skaftafellssýslu, haldinn að Hrollaugsstöðum í Suðursveit 23.—25 jan. 1953, vill hér með mjög eindregið beina þeirri ósk til hins háa Alþingis, að það samþykki framkomna tillögu um, að strandferðaskipið Herðubreið verði eftirleiðis látið sigla einungis austur um land til Siglufjarðar eða Akureyrar, en að með öðrum hætti verði séð fyrir þeim flutningum vestur um land, sem áðurnefnt skip er nú látið anna ásamt með ferðunum austur.

Gunnar Snjólfsson (fundarstjóri).	Hjalti Jónsson (fundarritari).

Til skrifstofu Alþingis, Reykjavík.

Ed. 732. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá Bjarna Benediktssyni.

a. 1. gr. orðist svo:
Söluverð á gasolíu og brennsluolíu skal vera hið sama á öllum stöðum á landinu, þar sem tankskip geta landað olíunni í birgðageyma. Enn fremur skal það verð gilda fyrir fiskiskip í þeim verstöðvum, sem hafa ekki enn aðstöðu til að taka á móti olíu úr tankskipi.

b. 2. gr. orðist svo:
Greiða skal verðjöfnunargjald af gasolíu og brennsluolíu, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið, og sé upphæð þess miðuð við það, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni, sem flytja þarf frá innflutningsstöðum til annarra sölustaða samkv. 1. gr., eftir þörfum. Verðjöfnunargjaldið reiknast af innfluttu magni af gasolíu og brennsluolíu, og skulu innflytjendur greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins eftir á samkvæmt sölu.

c. 3. gr. orðist svo:
Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á gasolíu og brennsluolíu frá innflutningsstöðum til útsölustaða samkv. 1. gr. Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð. Fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

d. 5. gr. orðist svo:
Ríkisstjórnin skal tafarlaust láta rannsaka kostnað útvegsmanna í öllum verstöðvum landsins vegna nota þeirra af húsum og öðrum mannvirkjum í þágu útgerðarinnar. Ef það sannast, að kostnaður þessi sé ójafn að tiltölu, skal viðskiptamálaráðuneytið setja ákvæði um jöfnun hans, og skulu þau byggð á sömu meginreglum og settar eru í 1.—4. gr. laga þessara.

e. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um verðjöfnun á gasolíu, brennsluolíu o. fl.

Ed. 733. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá allsherjarnefnd.

Meginmál 1. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.

Nd. 734. Frumvarp til laga [209. mál]

um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við lögin komi ný grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 735. Lög [151. mál]

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

(Afgreidd frá Nd. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 689.

Nd. 736. Lög [203. mál]

um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

(Afgreidd frá Nd. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 560.

Nd. 737. Frumvarp til laga [201. mál]

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, að skipta prestssetursjörðum og enn fremur að taka leigunámi, ef með þarf, og byggja á erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru hafa það mikið landrými, að tilskilið land fáist til nýbýlastofnunar, enda sé þess ávallt gætt, að landrými viðkomandi prestsseturs verði þrátt fyrir skiptinguna það mikið, að þar megi eftir sem áður reka allstórt bú.

2. gr.

Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá úttektarmenn meta afgjald af býli því eða býlum, sem frá

jörðinni eru skilin. Renna afgjöld til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 738. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar nú um alllangan tíma og hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Sveitar- og bæjarfélög hafa mikil útgjöld vegna drykkjusjúkra manna, bæði bein og óbein, svo að ekki virðist sanngjarnt, að þau beri einnig kostnað við stofnun og starfrækslu drykkjumannahæla. Ríkissjóður hefur hins vegar árlega tugmilljónatekjur af áfengissölu, svo að ekki væri til of mikils ætlazt, þótt eitthvað af þeim gróða yrði látið renna til líknar þeim mönnum, sem hafa orðið áfengisbölinu að bráð.

Virðist mér og eðlilegt, að sama gildi um drykkjumannahæli og t. d. berkla-, geðveikra- og fávitahæli, að það sé ríkið, sem reki þau á sinn kostnað. Í slík hæli koma sjúklingar alls staðar að af landinu, og á ekki eitt sveitarfélag að bera kostnað af þeim. Á það má og benda, að Reykjavíkurbær hefur nú komið á fót lækningastöð fyrir drykkjusjúklinga, sem kosta mun mikið fé, og er ekki líklegt, að bærinn leggi í meiri kostnað að sinni vegna þessara manna. Vantar þá enn hæli fyrir þá, sem verst eru komnir, og er þó tæplega ágreiningur um, að slíks sé þörf.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Kristín Sigurðardóttir,
fundaskr.

Ed. 739. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 175.

Ed. 740. Lög [66. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 718.

Nd. 741. Lög [42. mál]

um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Afgreidd frá Nd. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 715.

Nd. 742. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá og með 1. jan. 1953 skal auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.
Á 2. verðlagssvæði með 2. barni kr. 300.00, með 3. barni kr. 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án

tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

4. gr.

5. tölul. 21. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.

5. gr.

24. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árin 1953 og 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 455.00
      Á 2. — ..... — 365.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 410.00
      Á 2. — ..... — 330.00
   c. Ógiftar konur:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 305.00
      Á 2. — ..... — 245.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 5.45 á viku.
   Á 2. — ..... — 4.10 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   12.6 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   20.4 millj. kr.

6. gr.

25. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

7. gr.

36. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Fyrsti tölulíður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febr. 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1 1952 og gefa þau út svo breytt. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 112/1952.

Nd. 743. Breytingartillaga [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 8. gr. Fyrir „1. febr." komi: 15. febr.

Nd. 744. Breytingartillaga [69. mál]

við brtt. á þskj. 726 [Togarakaup Húsavíkur- og Ólafsfjarðarkaupstaða].

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. a. Aftan við 2. tölul. bætist nýr tölul., svo hljóðandi:
Fyrir Akraneskaupstað vegna kaupa á togaranum Akurey.

Ed. 745. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til laga um að breyta ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna og lánadeildar smáíbúðarhúsa í óafturkræf framlög.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir einhuga með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Aftan við 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Þær kr. 4 000 000.00, sem lánaðar hafa verið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44/1946, skal ríkisstjórnin, jafnóðum og þær endurgreiðast, lána að nýju til sams konar framkvæmda. Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessu fé.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smáíbúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 746. Nefndarálit [126. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 747. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá viðskiptamálaráðherra.

a. 2. gr. orðist svo:
Til þess að framkvæma ákvæði 1. gr. er innflytjendum heimilt að leggja verðjöfnunargjald á olíu og benzín, sem keypt er til landsins, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni, sem flytja þarf frá innflutningsstöðum til annarra sölustaða á landinu. Gjaldið skal greitt í sjóð, er sé í vörzlu innflytjenda. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um framkvæmd verðjöfnunarinnar og meðferð verðjöfnunarsjóðs.
b. 3. gr. fellur niður.
c. 4. gr. fellur niður.

Ed. 748. Frumvarp til laga [164. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Aldén, Gunnar Bertil, vélamaður í hvalveiðistöðinni í Hvalfirði, fæddur 31. janúar 1920 í Svíþjóð.
2. Bates, John, iðnaðarverkamaður í Hafnarfirði, fæddur 25. febrúar 1920 í Englandi.
3. Bethke, Heimbert Paul Willy, verkstjóri á Siglufirði, fæddur 31. desember 1909 í Þýzkalandi.
4. Bethke, Svava, húsmóðir á Siglufirði, fædd 3. maí 1911 á Íslandi.
5. Dyrö, Håkon Jensen, bóndi að Bæ í Hrútafirði, fæddur 20. febrúar 1912 í Noregi.
6. Eysturoy, Grímur Norski, kafari, Reykjavík, fæddur 28. júlí 1919 í Færeyjum.
7. Eysturoy, Ingibjörg Soffía, húsmóðir í Reykjavík, fædd 16. október 1920 í Færeyjum.
8. Felzmann, Ingibjörg Unnur, húsmóðir í Reykjavík, fædd 9. júlí 1917 í Reykjavík.
9. Felzmann, Josef Johann, hljóðfæraleikari í Reykjavík, fæddur 20. febrúar 1910 í Austurríki.

10. Guðrún Guðmundsdóttir, barnfóstra á Akureyri, fædd 12. desember 1919 á Íslandi.
11. Heinicke, Alfred Franz, bakari á Siglufirði, fæddur 23. janúar 1913 í Þýzkalandi.
12. Heinicke, Caecilie Hildegard, húsmóðir á Siglufirði, fædd 2. apríl 1921 í Þýzkalandi.
13. Hinz, Elisabeth, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
14. Jakobssen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1911 í Noregi.
15. Jansen, Johannes Adrianus Maria, garðyrkjumaður á Laugalandi í Stafholtstungum í Mýrasýslu, fæddur 30. ágúst 1912 í Hollandi.
16. Kyvik, Harald, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 12. nóvember 1929 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
17. Kyvik, Lloyd Martin, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnessýslu, fæddur 13. október 1931 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
18. Mikkelsen, Poul Hagbard, garðyrkjumaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 11. desember 1921 í Danmörku.
19. Olsen, Samuel John Fritz, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 8. febrúar 1924 í Færeyjum.
20. Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, Lambastöðum í Garði, Gullbringusýslu, fædd þar 9. maí 1926.
21. Schäfer, Maria, reglusystir, Hafnarfirði, fædd 10. marz 1912 í Þýzkalandi.
22. Vorovka, Karel Václav Alexius, stud. theol., Reykjavík, fæddur 17. júlí 1911 í Tékkóslóvakíu.
23. Wilberg, Nils Petter Andreas, verkamaður á Ísafirði, fæddur 20. október 1916 í Noregi.
24. Wilberg, Ólöf, húsmóðir á Ísafirði, fædd 23. júlí 1919 á Íslandi.
25. Zachariasen, Frida, húsmóðir í Reykjavík, fædd 5. nóvember 1927 í Færeyjum.
26. Zachariasen, Jens Elias Karl, skósmiður í Reykjavík, fæddur 19. febrúar 1921 í Færeyjum.
27. Österö, Svenn Karsten Símonarson, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 22. október 1925 í Færeyjum.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 749. Frumvarp til laga [40. mál]

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

2. gr.

Til þess að framkvæma ákvæði 1. gr. er innflytjendum heimilt að leggja verðjöfnunargjald á olíu og benzín, sem keypt er til landsins, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni, sem flytja þarf frá innflutningsstöðum til annarra sölustaða á landinu. Gjaldið skal greitt í

sjóð, er sé í vörzlu innflytjenda. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um framkvæmd verðjöfnunarinnar og meðferð verðjöfnunarsjóðs.

3. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan í gildi eru kaup- og kjarasamningar þeir, sem byggjast á miðlunartillögu sáttanefndar í vinnudeilum frá 19. des. 1952, skal verð á olíu og benzíni ekki hækka vegna framkvæmda þessara laga. Jafnframt frestast um sama tíma innheimta verðjöfnunargjalds. Allur kostnaður vegna framkvæmda laganna greiðist úr ríkissjóði, þar til verðjöfnunargjaldið verður innheimt.

Nd. 750. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr.

1. Eftir orðunum „féllu í gjalddaga“ komi: 1. nóv. 1951 og.
2. Í stað orðanna „um eins árs skeið“ komi: til 1. nóv. 1953.

Ed. 751. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

2. gr. orðist svo:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn. Sama skal gilda um barn, sem fær ríkisfang samkvæmt lögum þessum með foreldri sínu, en kenna skal það sig við föður, móður eða kjörföður samkvæmt lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laga þessara, skulu á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður.

Ed. 752. Lög [201. mál]

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 737.

Ed. 753. Frumvarp til laga [98. mál]

um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smáíbúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Eftirtalin lán, sem ríkissjóður hefur veitt Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smáíbúðarhúsa, skulu vera óafturkræf framlög:

1. Lán veitt Ræktunarsjóði Íslands:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6874946.51
   b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7500000.00
2. Lán veitt byggingarsjóði Búnaðarbankans:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... — 6874946.51
   b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7500000.00
3. Lán veitt veðdeild Búnaðarbankans:
   Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 1000000.00
4. Lán veitt byggingarsjóði verkamanna:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... — 6874946.51
   b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 4000000.00
5. Lán veitt lánadeild smáíbúðarhúsa:
   Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 4000000.00

Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessum lánum.

2. gr.

Þær kr. 4 000 000.00, sem lánaðar hafa verið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44/1946, skal ríkisstjórnin, jafnóðum og þær endurgreiðast, lána að nýju til sams konar framkvæmda. Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessu fé.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 754. Breytingartillaga [214. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Pétri Ottesen.

1. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Stofnlánadeildin skal, ef nauðsyn krefur og ríkisstjórnin óskar þess, veita útvegsmönnum gjaldfrest um eins árs skeið á afborgunum þeim af stofnlánum til vélbáta- eða togarakaupa, sem féllu í gjalddaga 1. nóv. 1952, og lengist lánstíminn í samræmi við það.

Ed. 755. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar útvarpsráðs og útvarpsstjóra, er hvort tveggja hafa mælt gegn því, og eru umsagnir þeirra prentaðar hér sem fylgiskjöl.

Nefndin fyrir sitt leyti treystist ekki til að mæla með frv. þessu og telur það, eins og nú er högum háttað, ekki til bóta, en margs þarf að gæta hjá stofnuninni og ráða bót á eftir föngum, en þar verður áður að fara fram margbrotin athugun, sem nefndin hefur ekki aðstöðu til að gera.

Nefndin er því sammála um að leggja til við deildina, að hún **vísi frv. til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. febr. 1953.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. H. Guðmundsson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Brynj. Bjarnason, með fyrirvara um að fella frv.

Fylgiskjal I.

ÚTVARPSRÁÐIÐ

Reykjavík, 21. janúar 1953.

Bréf menntamálanefndar Ed., dags. 15. þ. m., ásamt frumvarpi Gísla Jónssonar (þskj. 513), hefur legið fyrir fundi útvarpsráðs til athugunar.

Útvarpsráð getur ekki mælt með frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Allir útvarpsráðsmenn eru andvígir því, að fækkað verði í útvarpsráði, og svo því að taka hagnað viðtækjaverzlunar undan útvarpinu.

Sumir útvarpsráðsmanna álíta rétt eða telja geta komið til athugunar að gera breytingu á yfirstjórn útvarpsins, en líta svo á, að slíka endurskoðun á lögum þess yrði vel að athuga og í náinni samvinnu við útvarpsráð og útvarpsstjóra. Aðrir útvarpsráðsmenn telja ekki brýna ástæðu til að breyta lögunum og eru andvígir frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Ólafur Jóhannesson,
formaður.

Helgi Hjörvar,
skrifstofustj.

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ÚTVARPSSTJÓRINN

Reykjavík, 19. jan. 1953.

Háttv. menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi 15. þ. m. sent mér til umsagnar frumvarp Gísla Jónssonar, þingskjal nr. 513, um breytingar á útvarpslögunum.

Háttv. flutningsmaður telur ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi vera í fyrsta lagi þá, að fjárstjórn útvarpsins hafi verið í ólestri, og í öðru lagi þá, að tvískipting starfa og valds hér í stofnuninni sé óheppileg og valdi mistökum í fjárstjórninni.

Um fjárstjórn útvarpsins tala staðreyndirnar öðru máli. Þegar ég árið 1930 tókst á hendur að stofna ríkisútvarpið og stýra því, voru aðeins 450 útvarpsnotendur í landinu og afnotagjaldið var ákveðið kr. 30.00. Að 10 árum liðnum voru útvarpsnotendur orðnir yfir 18 þús., og að 20 árum liðnum var Ísland komið í fremstu röð þjóða um útvarpsnot. Hófst þó útvarpsrekstur hér á landi 10 árum síðar en í nágrannalöndunum.

Ríkið lagði fram til útvarpsrekstrarins 16 kw. sendistöð á Vatnsendahæð, og ríkissjóður lagði fram fyrstu árin nokkurt rekstrarfé, sem síðar var endurgreitt.

Í ársbyrjun 1950 átti útvarpið í sjóði 6 millj. kr., og þá hafði útvarpsstöðin tví-

vegis hlotið miklar endurbætur. Árið 1938 var hún stækkuð upp í 100 kw. Árið 1951 var hún enn endurbætt og settur þar niður sendir, nýr sendir settur upp á Eiðum og sá eldri fluttur í Hornafjörð. Á s. l. ári var byggt nýtt stöðvarhús og sett upp ný endurvarpsstöð norðanlands, en gamla endurvarpsstöðin sett upp á Hornafirði. Allar þessar framkvæmdir hefur ríkisútvarpið annazt af eigin aflafé og ágóða þeim, sem því til féll af rekstri viðtækjaverzlunarinnar, unz sá ágóði var, fyrir ötula forgöngu Gísla Jónssonar, tekinn af ríkisútvarpinu og varið til þess að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins. Voru útvarpsnotendur í landinu, sem sannarlega greiða af höndum tekjuafgang viðtækjaverzlunarinnar, þannig sérstaklega skattlagðir vegna þjóðleikhússins í Reykjavík. Mun það vera einsdæmi um réttláta og viturlega fjármálastjórn, sem Gísli Jónsson alþm. beitti sér þar fyrir.

Á þessu sama ári, 1950, hækkuðu allar hliðstæðar stofnanir þjónustugjöld sín um 50% og síðar allt að 80%. Má þar nefna póst & síma, hitaveitu, rafveitu o. s. frv. Útvarpsstjóri og útvarpsráð lögðu þá á það mikla áherzlu að fá að hækka afnotagjöldin um 50%, eða upp í kr. 150.00, en var þverlega synjað um það af menntamálaráðherra. Af þessum ástæðum reyndist stofnuninni ómegnugt að mæta þeim miklu framkvæmdum, sem ákveðnar höfðu verið og framkvæmdar voru á s. l. tveim árum, og hefur því stofnunin verið rekin með tekjuhalla þessi ár og sjóðurinn rýrnað að sama skapi.

Þessu til viðbótar vil ég benda á þá staðreynd, að ríkisútvarpið hefur frá öndverðu búið við hin verstu húsnæðisskilyrði, sem hugsazt getur, og reksturinn af þeim sökum orðið kostnaðarmeiri en hann hefði orðið að öðrum kosti.

Um tvískiptingu valdsins hér í stofnuninni vil ég segja þetta:

Ríkisútvarpið er byggt upp og stjórnað eftir sömu meginreglum og gilda um aðrar ríkisstofnanir. Útvarpsstjóri stendur beint undir ráðherra og leitar til ráðuneytisins um allar heimildir, þegar um óvenjulegar framkvæmdir er að ræða eða fjáreyðslu, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum.

Útvarpsráð er hin andlega forsjón stofnunarinnar, og því er í fjárlögum ætluð ákveðin fúlga til að standast kostnað af útvarpsefni. Það er eðlilegur og réttlátur framkvæmdaháttur, að útvarpsráð, sem velur og leggur mat á útvarpsefnið, ráði einnig því, hvað fyrir það er greitt. Um framkvæmd dagskrár er það að segja, að hún er mjög í föstum skorðum og án mistaka. Útvarpsráð samþykkir val allra þeirra manna, er vinna að undirbúningi dagskrár í skrifstofu dagskrárinnar. Það samþykkir og val þula. Þessi regla hefur ekki einungis skapazt við þróun og samstarf, heldur er hún ákveðin í sjálfum útvarpslögunum. Samstarf útvarpsstjóra og útvarpsráðs hefur, með litlum undantekningum, verið hið ákjósanlegasta. Einkum hefur samstarf þetta verið ánægjulegt síðan þeir Magnús Jónsson próf. og síðar þeir Jakob Benediktsson magister og Ólafur Jóhannesson próf. tóku við formennsku í útvarpsráði. Allt, sem háttv. flutningsmaður gasprar um í greinargerð sinni um misfellur í samstarfi yfirstjórnar stofnunarinnar, er staðlaus vitleysa, enda ber hann engin kennsl á stofnunina og hefur aldrei gert sér far um að kynnast henni nema í gegnum tölur.

Um tillögur flutningsmanns væri margt hægt að ræða, en ég mun láta nægja að benda á fáein meginatriði.

Flutningsmaður gerir ráð fyrir, að útvarpsráðsmönnum verði fækkað úr 5 í 3. Er það bersýnilega gert til þess að útiloka þá stjórnmálaflokka, sem eiga fáa fulltrúa á Alþingi, og svipta þá allri íhlutun um stjórn útvarpsins. Slík tillaga brýtur í bág við höfuðboðorð ríkisútvarpsins, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

Þá gerir hann í öðru lagi ráð fyrir, að stofnunin verði með öllu tekin undan valdi ríkisstjórnarinnar og henni framvegis alfarið stjórnað af Alþingi sjálfu. Alþingi á samkv. tillögum hans að velja útvarpsráð, útvarpsráð á að velja útvarpsstjóra, Alþingi á að ákveða afnotagjöldin o. s. frv. Hér er gerð tilraun til að ganga

enn lengra inn á þá braut, að Alþingi taki í sínar hendur framkvæmdastjórnina í landinu úr höndum ríkisstjórnarinnar, og mættu háttv. flutningmaður og aðrir alþingismenn fremur stinga höndum í eigin barm og athuga, hvort sú tviskipting valdsins í landinu, sem þeir vinna að og auka frá ári til árs, kunni ekki að vera athugaverð og fremur til óheilla heldur en áðurnefnd tviskipting valdsins í ríkisútvarpinu, sem er eðlileg vegna ólíkra starfssviða og auk þess bundin föstum skorðum í fjárlögum ríkisins frá ári til árs.

